

Stjórnartíðindi

2002 - B-deild - 3. hluti

Útgáfa 2.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar gallar á bls. 1962, 1964, 2000, 2069, 2147, og 2166.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI B 88 – 2002

29. júlí 2002

1581

Nr. 580

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 450/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á hvítkálí í 2. gr. reglugerðarinnar:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Tollnúmer:</i> 0704.9001 Hvítkál	05.08.-11.08.02	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. júlí 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Hákon Sigurgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 89 – 2002

Nr. 581

1582

1. ágúst 2002

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Danmörku vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að komið hefur upp Newcastle-veiki í Danmörku er bannað að flytja til landsins, lifandi fugla, frjóegg og hvers konar afurðir alifugla frá Danmörku.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin er tilkynnt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 98/34/EB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsing þessi öðlast gildi 6. ágúst nk. og gildir til 6. september 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. ágúst 2002.

F. h. r.

Níels Árni Lund.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Skagafjarðar nr. 344/2002.

53. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Nefndir, ráð og stjórnir. Tilnefningar og kosningar.

Sveitarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert.

1. *Forseti sveitarstjórnar* skv. 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Fyrsti varaforseti sveitarstjórnar.*
3. *Annar varaforseti sveitarstjórnar.*
4. *Tveir skrifarar sveitarstjórnar* og jafnmargir til vara úr hópi sveitarstjórnarfulltrúa.
5. *Byggðarráð.* Þrjú aðalfulltrúar úr sveitarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, hefur á hendi alla fjármálalega umsýslu og ber ábyrgð á stjórnsýslu og áætlanagerð sveitarfélagsins.
6. *Kjörstjórn.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
7. *Undirkjörstjórnir* fyrir kjördeildir á Hofsósi, Hólum, Sauðárkróki, í Skagaseli, Fljótum, á Steinsstöðum, í Varmahlíð og á Heilbrigðisstofnun Skagafjarðar. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara í undirkjörstjórn hverrar deildar.

B. **Fastanefndir kosnar til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Skoðunarmenn skulu þó kosnir á fyrsta fundi skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

1. **Fjölskyldu- og þjónustusvið:**

1.1 *Fræðslu- og menningarnefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með verkefni grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1997, verkefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994, verkefni tónlistarskóla samkvæmt lögum um stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, verkefni framhaldsskóla samkvæmt ákvæðum framhaldsskólalaga nr. 80/1996, auk samstarfs við menntastofnanir, fullorðinsfræðslu og endurmenntun. Nefndin fer og með málefni bókasafna samkvæmt lögum um almenningubókasöfn nr. 36/1997, málefni skjalasafna samkvæmt lögum nr. 66/1985 og verndun gamalla húsa og fornra minja samkvæmt þjóðminjalögum nr. 88/1989. Nefndin fer með málefni félagsheimila og almennt með menningarmál í sveitarfélaginu. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

1.2 *Félags- og tómstundanefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með verkefni jafnréttisnefndar samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000, verkefni húsnæðisnefndar samkvæmt lögum um húsnæðismál nr.

44/1998, málefni félagsþjónustu eins og þau eru skilgreind í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, hefur umsýsning með daggæslu í heimahúsum, málefnum fatlaðra samkvæmt lögum nr. 59/1992 og öldrunarmálum samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Nefndin fer með íþrótt- og æskulýðsmál, einnig vinnumál og heilbrigðismál. Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt um afgreiðslur félagsmálastjóra sem ekki þurfa staðfestingu nefndarinnar. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

1.3 *Barnaverndarnefnd*. Nefndin skal skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Sveitarstjórn Skagafjarðar kýs fjóra en hreppsnefnd Akrahrepps kýs einn fulltrúa samkvæmt C-lið þessarar greinar. Verkefni barnaverndarnefndar eru samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.

2. Umhverfis- og tækisvið:

2.1 *Skipulags- og byggingarnefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með byggingar- og skipulagsmál samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og umferðarmál samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987. Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt um afgreiðslur byggingarfulltrúa sem ekki þurfa staðfestingu nefndarinnar. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

2.2 *Landbúnaðarnefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Verkefni nefndarinnar eru m.a. að sjá um framkvæmd laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og hafa yfirumsýsning með fjallskilamála í samræmi við ákvæði fjallskilareglugerðar Skagafjarðarsýslu nr. 488/1998. Undir starfssvið nefndarinnar falla lög um landgræðslu nr. 17/1965. Nefndin hefur umsýsning með eyðingu refa og minka samkvæmt lögum nr. 4/1994. Nefndin hefur umsýsning með þeim jarðeignum sveitarfélagsins sem nýttar eru til landbúnaðar. Nefndin gerir tillögu um kosningu í Skarðsárnefnd samkvæmt samningi þar um. Einnig hefur nefndin eftirlit með girðingum skv. 37. og 39. gr. vegalaga nr. 45/1994. Auk ofangreindra verkefna skal nefndin sinna öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur henni með erindisbréfum.

2.3 *Samgöngunefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með hafnarmál samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 og samgöngumál almennt í sveitarfélaginu. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

2.4 *Atvinnu- og ferðamálanefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fjallar um atvinnu- og ferðamál í Skagafirði og skal móta stefnu í þeim málaflokkum og forgangsraða aðgerðum sem nefndin telur brýnast á hverjum tíma. Einnig skal nefndin hafa yfirsýn yfir atvinnulíf í Skagafirði, fylgjast með þróun, stöðu og horfum í atvinnumálum sveitarfélagsins og taka þátt í umræðu um atvinnumál af hálfu sveitarfélagsins og stuðla að atvinnuuppbyggingu og nýsköpun í Skagafirði. Enn fremur skal nefndin greina leiðir til þess að efla atvinnulíf á svæðinu og skal í því skyni hafa náð samstarf við fyrirtæki og stofnanir sem hafa með atvinnumál að gera svo og við mennta- og rannsóknarstofnanir. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

2.5 *Umhverfisnefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með málefni sem varða náttúruverndarlög nr. 44/1999 og heilbrigðismál samkvæmt lögum um hollustu-

hætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Umhverfisnefnd vinnur að mótun umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið. Við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana skal leita eftir umsögn nefndarinnar í þeim málum sem hana varðar. Þá skal skipulags- og byggingarnefnd hafa samráð við nefndina um aðra deiliskipulagsvinnu varðandi málefni sem heyra undir umhverfisnefnd í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og byggingarreglugerð nr. 441/1998. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

Fundargerðir fastanefnda skal afgreiða á fundum sveitarstjórnar.

C. Kosningar í stjórnir, samstarfsnefndir og ráð til fjögurra ára.

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. 4. gr. laga sambandsins.
2. *Ársþing SSNV*. Tíu aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykkt SSNV frá 6. maí 1998.
3. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands nr. 68/1994.
4. *Stjórn Sparisjóðs Hólahrepps*. Tveir fulltrúar.
5. *Aðal- og hluthafafundir húseigna Skagafjarðar*. Þrír aðalmenn og þrír til vara.
6. *Aðal- og hluthafafundir Skagafjarðaveitna*. Þrír aðalmenn og þrír til vara.
7. *Húsnæðissamvinnufélag Skagafjarðar*. Einn fulltrúi og annar til vara.
8. *Kjaranefnd*. Tveir fulltrúar.
9. *Starfskjaranefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt kjarasamningi frá 1. maí 1992.
10. *Starfsmenntunarsjóður*. Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt kjarasamningi frá 1. maí 1992.
11. *Almannavarnanefnd*. Sveitarstjórn kýs tvo aðalfulltrúa og tvo til vara.
12. *Stjórn Dvalarheimilis á Sauðá*. Tveir fulltrúar.
13. *Þjónustuhópur aldraðra*. Tveir fulltrúar.
14. *Úttektarmenn*. Tveir úttektarmenn og tveir til vara.
15. *Stjórn Hestamiðstöðvar Íslands*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.
16. *Fulltrúaráð Hestamiðstöðvar Íslands*. Einn fulltrúi.
17. *Framkvæmdastjórn Byggðasögu*. Einn aðalmaður og annar til vara.
18. *Utanfararsjóður sjúkra í Skagafirði*. Þrír fulltrúar.
19. *Stjórn Minningarsjóðs Þórönnu Gunnlaugsdóttur og Halldórs Jónssonar*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.
20. *Styrktarsjóður Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur*. Tveir fulltrúar.
21. *Stjórn Skógræktarsjóðs Skagfirðinga*. Þrír fulltrúar.
22. *Samstarfsnefnd með Akrahreppi*. Tveir fulltrúar.
23. *Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki*. Þrír aðalmenn og þrír til vara.
24. *Stjórn Menningarseturs Skagafjarðar í Varmahlíð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
25. *Samvinnunefnd svæðisskipulags miðhálandis Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara.
26. *Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.
27. *Barnaverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara (sjá B-lið tölul. 1.3)

Nefndir nr. 22–27 eru sameiginlegar fyrir Akrahrepp og Sveitarfélagið Skagafjörð í samræmi við samkomulag við Akrahrepp um hvernig að kosningum skuli staðið. Fundargerðir framantalinna nefnda, þ.e. í C-lið, að barnaverndarnefnd undanskilinni, skulu fara til umfjöllunar og afgreiðslu í byggðarráði.

Samþykkt þessi, sem samin er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. júlí 2002.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Guðjón Bragason.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Bláskógabyggðar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar er skipuð sjö sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

2. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Bláskógabyggðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

3. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna Bláskógabyggðar, vera í fyrirsvari fyrir sveitarfélagið og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

4. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur sveitarstjórn ákveðið að Bláskógabyggð taki að sér verkefni sem varðar íbúa sveitarfélagsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

5. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Bláskógabyggðar eru:

1. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
2. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. VI. kafla sveitarstjórnarlaga og VI. kafla samþykktar þessarar.
3. Að kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan

endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.

4. Að ákveða stjórnkerfi Bláskógabyggðar og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnar.

6. gr.

Um fundi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði. Sveitarstjórn ákveður á hverjum tíma fundartíma og dagsetningu. Heimilt er þó að færa til fundartíma og dagsetningu fundar en skal það þá auglýst sérstaklega. Skulu fundirnir að jafnaði haldnir í Fjallasal Aratungu, fundarsal sveitarstjórnar. Skulu þeir færðir í aðalsal Aratungu ef þurfa þykir, sbr. 2. mgr. 13. gr. samþykktar þessarar.

Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra. Skylt er að halda aukafundi í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

7. gr.

Fyrsti fundur nýkjörinnar sveitarstjórnar.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur til starfa 15 dögum eftir kjördag.

Sá kjörinn fulltrúi sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórninni kveður hana saman til fyrsta fundar eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag, og stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar átt jafnlengi setu í sveitarstjórninni fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

8. gr.

Um kjör oddvita og varaoddvita.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar kýs hún oddvita og varaoddvita.

Kjörtímabil oddvita og varaoddvita er eitt ár.

Sá er rétt kjörinn oddviti eða varaoddviti sem hefur fengið atkvæði meiri hluta þeirra er sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri er um skyldi kjósa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Njóti oddviti ekki lengur stuðnings meiri hluta sveitarstjórnar ber honum að víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný. Ef oddviti deyr eða forfallast varanlega frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

9. gr.

Boðun sveitarstjórnarfunda.

Sveitarstjóri boðar sveitarstjórnarfundi, sbr. þó 7. og 10. gr. samþykktar þessarar. Skal hann hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

10. gr.

Aukafundir.

Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá að minnsta kosti sólarhring fyrir fund.

11. gr.

Auglýsing sveitarstjórnarfunda.

Íbúum Bláskógabyggðar skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur hún ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúunum með tryggum hætti, svo sem dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

12. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfunda.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita sveitarstjórnar og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum Bláskógabyggðar, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir bygðarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum Bláskógabyggðar, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmanna óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund, sbr. þó 2. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fund. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

Þegar dagskrá sveitarstjórnarfundar hefur verið samin skal hún vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins á skrifstofu Bláskógabyggðar á auglýstum opnunartíma hennar og á heimasíðu sveitarfélagsins.

13. gr.

Opnir fundir.

Sveitarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundir skulu haldnir í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgengi fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum.

Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

14. gr.

Fundarritarar.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

Einnig getur sveitarstjórn ákveðið að ráða fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar.

15. gr.

Fundargerðir.

Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál eru afgreidd. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst.

Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða og dagsetningu fundargerða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnar númer fundar, hver skráði, hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

16. gr.

Hæfi sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarstjórnarinnar og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga Bláskógabyggðar.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða

að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

17. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórn enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar ef sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður sveitarstjórnarmenn sem samþykka mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

18. gr.

Hlutverk oddvita.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundi hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar.

Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal.

Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

19. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef sveitarstjórn hefur verið kjörin bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir, þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

20. gr.

Umræður í sveitarstjórn.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreiðslu í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundi mál sem ekki hafa verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins.

Þegar til umræðu er fundargerð byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

21. gr.

Tvær umræður í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir Bláskógabyggðar, stofnana hennar og fyrirtækja.
2. Arsreikninga Bláskógabyggðar, stofnana hennar og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir Bláskógabyggð sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdáætlanir.
5. Tilkyningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Afgreiðsla mála í sveitarstjórn.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs, stjórnar eða sveitarstjóra.

Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd þeirra ákvarðana sem sveitarstjórn tekur.

Öllum erindum sem berast til sveitarstjórnar ber að svara skriflega.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanns.

23. gr.

Mæting á fundi.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja sveitarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn sveitarstjórnarmaður.

24. gr.

Málfrelsi, tillöguréttur, atkvæðisréttur o.fl.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt á sveitarstjórnarfundum.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í henni.

Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri.

Sveitarstjórn getur heimilað að maður utan sveitarstjórnar kveðji sér hljóðs á sveitarstjórnarfundum.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi og slíta fundi ef nauðsyn krefur.

25. gr.

Skylda að taka kjöri.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum Bláskógabyggðar. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í byggðarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

26. gr.

Afstaða til einstakra mála.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna Bláskógabyggðar, en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

Vilji sveitarstjórnarmaður ekki una úrskurði oddvita varðandi stjórn og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðu.

27. gr.

Aðgangur að gögnum.

Aðalmenn í sveitarstjórn skulu vegna starfa sinna í sveitarstjórn hafa aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og óhindraðan aðgang að stofnunum þess og starfsemi.

28. gr.

Bókanir í fundargerð.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

29. gr.

Þagnarskylda.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

30. gr.

Lausn frá störfum.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Varamaður tekur þá sæti hans skv. 19. gr. samþykktar þessarar og 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

31. gr.

Þóknun og ferðakostnaður.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarstjórnar samkvæmt ákvörðun hennar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

32. gr.

Orlof.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

33. gr.

Varamenn.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.
34. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

- A. **Til eins árs.** A fundi í júní ár hvert:
1. *Yfirkjörstjórn.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Undirkjörstjórnir fyrir:
 - a. Þingvallasveit. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara.
 - b. Laugardal. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara.
 - c. Biskupstungur. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara.
 2. *Oddvitakjör.* Oddviti og varaoddviti skv. 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 3. *Byggðarráð.* Þrjú hreppsnefndarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 4. *Aðalfundur SASS.* Þrjú fulltrúar og þrjú til vara.
- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Skóðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 2. *Húsnæðisnefnd.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
 3. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fræðslunefnd fer með málefni grunnskóla skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
 4. *Atvinnu- og samgöngumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Undir nefndina heyra atvinnu-, samgöngu- og ferðamál. Auk þess að styrkja þær atvinnugreinar sem fyrir eru, er henni ætlað að stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í atvinnu- og ferðamálaum Bláskógabyggðar og vinna að bættum samgöngum í sveitarfélaginu.
 5. *Umhverfisnefnd.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Auk þess að vinna að fegrun umhverfis er nefndinni ætlað að vinna að náttúruvernd, svo sem varðveislu náttúruminja og annarra menningarlegra verðmæta í Bláskógabyggð.
 6. *Fjallskilanefnd:*
 - a. Þingvallasveitar. Þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
 - b. Laugardals. Þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
 - c. Biskupstungna. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Fjallskilanefnd fer með fjallskilamál skv. lögum um afréttamálefni nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu nr. 472/1991.
 7. *Rekstrarnefnd.* Þrjú fulltrúar og þrjú til vara. Rekstrarnefnd hefur á hendi umsjón með rekstri og viðhaldi Aratungu og Íþróttamiðstöðvar Biskupstungna.
 8. *Skipulagsnefnd.* Hreppsnefnd fer með málefni skipulagsnefndar.
 9. *Forðagæslumenn.* Forðagæslumenn kosnir samkvæmt lögum og reglugerðum um forðagæslu og eftirlit búfjár.
 10. *Æskulýðs- og menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndinni er ætlað að fara með æskulýðs- og menningarmál. Skal nefndin starfa í nánnum tengslum við hin frjálsu félag í sveitarfélaginu og stuðla þannig að samþættingu æskulýðs-, tómstunda- og menningarstarfs meðal íbúa Bláskógabyggðar.
 11. *Nefnd um samþykktir fyrir Bláskógabyggð.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin semur og endurskoðar reglulega samþykktir fyrir Bláskógabyggð og gerir tillögur að erindisbréfum fyrir nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins.

12. *Veitustjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Veitustjórn fer með stjórn þeirra veitna sem Bláskógabyggð rekur.
 13. *Aðalfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og einn til vara.
 14. *Héraðsnefnd*. Einn fulltrúi og einn til vara.
 15. *Stjórn Landgræðslufélags Biskupstungna*. Einn fulltrúi og einn til vara.
 16. *Stjórn heilsugæslustöðvar Laugarásslæknishéraðs*. Þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórnnum uppsveita Árnessýslu, sbr. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
 17. *Þjónustuhópur aldraðra*. Einn fulltrúi, sbr 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Samkvæmt erindisbréfi félagsmálanefndar skal formaður nefndarinnar vera fulltrúi sveitarfélaganna, sem að henni standa, í þjónustuhópi aldraðra og fer nefndin að öðru leyti með málefni aldraðra.
 18. *Bygginganefnd*. Tveir fulltrúar og tveir til vara.
 19. *Félagsmálanefnd*. Einn fulltrúi og einn til vara.
 20. *Almannavarnarnefnd*. Einn fulltrúi og einn til vara.
 21. *Skólanefnd Ljósafossskóla*. Einn fulltrúi og einn til vara.
 22. *Bókasafnsnefnd Biskupstungna*. Tveir fulltrúar og tveir til vara.
 23. *Bókasafnsnefnd skólabókasafns á Laugarvatni*. Einn fulltrúi og einn til vara.
- Bygginga- og félagsmálanefndir eru samstarfsnefndir sveitarfélaga uppsveita Árnessýslu.

35. gr.

Kosning byggðarráðs.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá sveitarstjórnarmenn í byggðarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í byggðarráð.

Skyld er sveitarstjórn að gefa fulltrúa flokks eða framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn, en ekki hefur fengið kjörinn byggðarráðsmann, kost á að tilnefna fulltrúa til setu í byggðaráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir sveitarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

36. gr.

Hlutverk byggðarráðs.

Sveitarstjórn fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn Bláskógabyggðar og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin.

Byggðarráð hefur umsjón með stjórnssýslu Bláskógabyggðar, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og fyrirtækja/stofnana Bláskóga-byggðar að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir, ásamt ársreikningum fyrirtækja/stofnana Bláskógabyggðar, lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Byggðarráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Byggðarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana/fyrirtækja hans, enda sé ekki ágreiningur milli byggðarráðsmanna eða við sveitarstjórn um slíka afgreiðslu.

Byggðarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur sveitarstjórn falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

37. gr.

Fundir byggðarráðs og fundargerðir.

Byggðarráð skal að jafnaði halda einn fund í mánuði milli sveitarstjórnarfunda. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður byggðarráðs eða a.m.k. tveir byggðarráðsmenn óska þess.

A fyrsta fundi nýkjörins byggðarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara þess. Byggðarráð getur ráðið sér fundarritara utan byggðarráðs.

Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmaður óskar þess.

Sveitarstjóri situr byggðarráðsfundi með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann engan nema hann sé kjörinn fulltrúi í byggðarráð.

Um ritun fundargerða byggðarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

38. gr.

Afgreiðsla fundargerða byggðarráðs.

Fundargerðir byggðarráðs skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til samþykktar, sbr. þó 3. mgr. 36. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Boðun byggðarráðsfunda.

Sveitarstjóri undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðs. Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sveitarstjóra um forföll og boðar sveitarstjóri þá varamann hans á fundinn.

40. gr.

Kosning og kjörgengi í aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar og veitir þeim lausn frá störfum. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmanna óskar þess.

Sveitarstjórn kýs formenn nefnda.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana Bláskógabyggðar eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

41. gr.

Varamenn.

Pegar aðalmaður í nefnd forfallast á einhvern hátt um stundarsakir eða varanlega skal varamaður taka sæti hans. Ef tveir eða fleiri framboðsaðilar hafa haft samstarf um nefndarkosningar skal sá aðili, sem tilnefndi viðkomandi til setu í nefnd, einnig tilnefna varamann hans.

42. gr.

Boðun fyrsta fundar.

Sveitarstjóri sér um að boða nýkjörna nefnd til fyrsta fundar í samráði við formann hennar og leggur fram erindisbréf viðkomandi nefndar.

Á fyrsta fundi nefndar skal hún kjósa sér varaformann og ritara.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

43. gr.

Fundir nefnda ráða og stjórna.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum.

Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn Bláskógabyggðar. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Formaður nefndar stýrir fundum.

Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

44. gr.

Hlutverk og valdsvið nefnda.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum Bláskógabyggðar fer eftir því sem kveðið er á um í erindisbréfi viðkomandi nefndar, lögum og reglugerðum.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

45. gr.

Fundargerðir.

Nefndir, ráð og stjórnir Bláskógabyggðar skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar.

Sé um ráðgefandi nefnd að ræða sem ekki hefur verið falin fullnaðarafgreiðsla máls samkvæmt lögum eða samþykkt þessari teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar.

Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Afgreiðsla fundargerða.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna Bláskógabyggðar skulu teknar á dagskrá byggðarráðs og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar eru þær lagðar fram til kynningar.

Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar byggðarráðs og/eða sveitarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir.

Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktun ætíð lögð fyrir sveitarstjórn.

47. gr.

Réttindi og skyldur fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nefndar nema lögmat forföll hamli.

Ákvæði II., III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum eftir því sem við á.

V. KAFLI.

Um framkvæmdastjórn og starfslið Bláskógabyggðar.

48. gr.

Ráðning sveitarstjóra.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör.

Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

49. gr.

Ef ekki er ráðinn sveitarstjóri.

Ef ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri sveitarfélagsins hefur oddviti með höndum daglega stjórn þess, undirbýr fundi sveitarstjórnar og byggðarráðs, annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og byggðarráðs og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita ef ekki er starfandi sveitarstjóri skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórninni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum Bláskógabyggðar sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir störf samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

50. gr.

Verksvið sveitarstjóra.

Sveitarstjóri undirbýr fundi byggðarráðs og sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnar og byggðarráðs og hefur þar málfrelsi og tilögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn/byggðarráði. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna Bláskóga-byggðar að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna Bláskógabyggðar, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

Sveitarstjóra er heimilt með samþykki sveitarstjórnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru. Prókúruhafar Bláskógabyggðar skulu vera fjár síns ráðandi.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

51. gr.

Ráðning annarra starfsmanna.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá Bláskógabyggð, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

Sveitarstjóri og yfirmenn stofnana sjá um ráðningu annars starfsfólks.

Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélagi.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

Skýlt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi byggðarráðs/sveitarstjórnar ef þess er óskað.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn Bláskógabyggðar.

52. gr.

Almennt um bókhald og reikningsskil Bláskógabyggðar.

Sveitarsjóður, stofnanir hans og fyrirtæki eru bókhaldsskyld.

Bókhaldi skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri og efnahag sveitarfélagsins í heild.

Að svo miklu leyti sem við á gilda ákvæði laga um bókhald og ársreikninga svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur.

53. gr.

Reikningsárið.

Reikningsár Bláskógabyggðar skal vera almanaksárið.

54. gr.

Fjárhagsáætlun.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana Bláskógabyggðar fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn með a.m.k. einnar viku millibili.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

55. gr.

Breyting á fjárhagsáætlun.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

56. gr.

Þriggja ára áætlun.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Bláskógabyggðar. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

57. gr.

Útgjöld úr sveitarsjóði.

Fjárhagsáætlun skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármála-

stjórn Bláskógabyggðar á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarstjórn nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

58. gr.

Skil á fjárhagsáætlun til ráðuneytisins.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 54. gr. og þriggja ára áætlun skv. 56. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 55. gr.

59. gr.

Afgreiðsla sveitarstjórnar á ársreikningi.

Ársreikningur Bláskógabyggðar skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarstjórnar, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. júlí 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar nr. 75/1999.

1. gr.

Við 2. mgr. 11. gr. samþykktarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

Heimilt er bæjarfulltrúum að leggja fram fyrirspurnir á bæjarstjórnarfundum. Fyrirspurnirnar skulu vera skriflegar og berast bæjarstjóra a.m.k. sólarhring fyrir bæjarstjórnarfund. Málshefjanda gefst kostur á stuttu andsvari og bæjarstjóra einnig. Aðrir bæjarfulltrúar taka ekki þátt í þessum umræðum.

2. gr.

57. gr. verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

- A. Fulltrúar kjörnir til **eins árs** á fundi í júní ár hvert:
1. *Bæjarráð*. Þrjú aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Ásamt öðrum þeim verkefnum sem tilgreind eru í samþykktum þessum hefur bæjarráð yfirumsjón með vatnsveitum, fráveitum, brunavörnum og sorpeyðingu sveitarfélagsins og samningum við launafólk sveitarfélagsins.
 2. *Aðalfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga á Austurlandi*. Fulltrúar og varafulltrúar samkvæmt samþykktum þar að lútandi.
- B. Fulltrúar í fastanefndir kjörnir til **fjögurra ára** á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:
1. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer einnig með hlutverk ferðamálanefndar, landbúnaðarnefndar og gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965 og tilnefnir búfjárefirlitsmenn sem ráðnir eru af sveitarstjórn til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum.
 2. *Byggingar- og skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fer einnig með hlutverk samgöngunefndar.
 3. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráði eru jafnframt falin verkefni barnaverndarnefndar skv. 10. gr. laga nr. 80/2002 og 10. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
 4. *Hafnarstjórn Hornafjarðarhafnar*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994. Stjórnin er jafnframt rekstrarstjórn hafnarinnar.
 5. *Heilbrigðis- og öldrunarráð*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999
 6. *Húsnæðisnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
 7. *Kjörstjórn*. Þrjú aðalmenn og þrjú til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Undirkjörstjórnir er heimilt að kjósa síðar fyrir hverja kjördeild, þrjú aðalmenn og þrjú til vara (sjá C-lið hér að neðan).
 8. *Menningarmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stjórn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og bókasafns samkvæmt ákvæðum laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997.
 9. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Skólanefnd fer með hlutverk leikskólanefndar samkvæmt lögum nr. 78/1994.
 10. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast störf náttúruverndarnefndar skv. 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og stjórn fólkvangs í Óslandi, sbr. auglýsingu nr. 427/1982.
 11. *Æskulýðs- og tómstundaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
- C. Aðrir fulltrúar kjörnir til **fjögurra ára** á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:
1. *Almannavarnanefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.

2. *Fulltrúar á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.
3. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
4. *Heilbrigðisnefnd Austurlands*. Sveitarstjórnir á Austurlandi kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
5. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar).
6. *Þjónustuhópur aldraðra í Austur-Skaftafellssýslu*. Fjórir skipa þjónustuhópurinn sem er samstarfshópur starfsliðs Heilsugæslustöðvarinnar og starfsliðs í félagslegri þjónustu sveitarfélagsins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneyti, 22. júlí 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarskóp Skútustaðahrepps nr. 461/2000.

1. gr.

51. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

- A. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Atvinnumálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum og hafa frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar á því sviði.
 2. *Búfjárefirtirlitsmaður*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.
 3. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í undirkjörstjórn. Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar og kjördeildir.
 4. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar.
 5. *Skólanefnd grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir

- til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
6. *Stjórn bókasafns og félagsheimilisins Skjólbrekku*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
 7. *Stjórn veitustofnana*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Sjá lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, reglugerð nr. 421/1992, orkulög nr. 58/1967 og reglugerðir settar á grundvelli þeirra.
 8. *Æskulýðs- og íþróttanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í æskulýðs-, íþrotta- og umhverfismálum og hefur frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar á þeim vettvangi. Nefndinni ber að hafa eftirlit með íþróttamannvirkjum þar sem það á við og hún skal eiga samstarf við aðrar nefndir, svo sem skólanefnd, um þau viðfangsefni sem sameiginleg geta talist.
 9. *Umhverfisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis um umhverfismál og hefur frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar um þau efni.
 10. *Landbúnaðarnefnd/fjallskilastjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 87/1997, sbr. samþykkt sveitarstjórnar nr. 169/1996.
 11. *Jafnréttisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Sveitarstjórnir skulu, að loknum sveitarstjórnarkosningum, skipa 3–5 manna jafnréttisnefndir sem hafi með höndum jafnréttismál innan sveitarfélagsins samkvæmt lögum þessum. Skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla ásamt því að fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Skulu nefndirnar hafa umsagnarrétt um eða umsjón með gerð jafnréttisáætlana sveitarstjórna til fjögurra ára sem lagðar skulu fram eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.
- B. Nefnda- og fulltrúaskipun samkvæmt sérstökum samningum á vettvangi héraðsnefndar Þingeyinga eða við einstök sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga:
1. *Aðalfundur Eyþings*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
 2. *Héraðsnefnd Þingeyinga*. Einn aðalmaður og einn til vara.
 3. *Aðalfundur Hvamms, dvalarheimilis aldraðra*. Einn aðalmaður og einn til vara.
 4. *Bygginganefnd*. Einn aðalmaður og einn til vara.
 5. *Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga*. Einn aðalmaður og einn til vara.
 6. *Aðalfundur Sorpsamlags Þingeyinga*. Einn aðalmaður og einn til vara.
 7. *Landþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn aðalmaður og einn til vara, sbr. 4. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneyti, 22. júlí 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um efni sem eyða ósonlaginu.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að vernda ósonlagið í heiðhvolfinu með því að tryggja örugga meðhöndlun efna sem eyða ósonlaginu, minnka losun þeirra og hætta notkun.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin gildir um klórflúrkolefni (CFC), halóna, koltetraklóríð, 1,1,1-tríklóretan, metýlbrómíð, vetnisbrómflúrkolefni (HBFC), vetnisklórflúrkolefni (HCFC) og brómklórmetan, sbr. I. viðauka. Reglugerðin gildir um hrein efni, efni í blöndu með öðrum efnum enda sé þyngdarhlutfall þeirra hærra en 1% í blöndunni svo og vörur sem innihalda ósoneyðandi efni.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir.

Bráðanotkun: óhjákvæmileg notkun vissra ósoneyðandi efna eftir að almenn notkun þeirra hefur verið bönnuð.

Endurheimt: söfnun og geymsla efna til dæmis úr tækjum og búnaði í tengslum við þjónustu eða fyrir förgun.

Endurnýting: endurnotkun endurheimts efnis í kjölfar grunnhreinsunar, til að mynda síunar og þurrkunar. Þegar um kælimiðla er að ræða felur endurnýtingin venjulega í sér að umrætt efni er sett í búnaðinn aftur.

Endurvinnsla: meðhöndlun og endurbætur á endurheimtu efni með hreinsun svo sem síun, þurrkun, eimingu og efnameðhöndlun í því skyni að endurgera efnið.

Markaðssetning: að afgreiða eða bjóða fram efni eða vörur til þriðja aðila, gegn greiðslu eða án endurgjalds.

Notkun: nýting efna sem reglugerðin nær til við framleiðslu einangrunar eða við viðhald búnaðar, þar með talin áfylling.

ODP-tonn: magn í tonnum margfaldað með ósoneyðingarmætti efnisins.

Ósoneyðandi efni: efni sem eyða ósonlaginu, sbr. I. viðauka.

Ósoneyðingarmáttur (ODP): hlutfallsleg geta efnanna til að brjóta niður óson í heiðhvolfinu miðað við tríklórflúormetan (CFC-11).

Söluaðili: aðili sem selur í atvinnuskyni, með eða án tækniþjónustu, efni eða vöru sem reglugerðin nær til.

4. gr.

Takmarkanir.

Framleiðsla, inn- og útflutningur, markaðssetning og notkun á efnum sem tilgreind eru í I. viðauka og vörum sem innihalda viðkomandi efni er bönnuð, sbr. þó ákvæði 5. til 8., 10. og 11. gr.

Óheimilt er að flytja inn eða setja upp búnað sem notar ósoneyðandi efni.

Við meiri háttar breytingar og viðgerðir á kælikerfum fyrir HCFC-22 skal skipta yfir í kælimiðil sem hefur engin ósoneyðandi áhrif, sbr. reglugerð um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum.

5. gr.

Tímabundin heimild fyrir vetnisklórflúorkolefni.

Heimilt er til 1. janúar 2003 að flytja inn harðfroðueinangrun sem inniheldur HCFC, svo og HCFC til framleiðslu á slíkri einangrun, sbr. þó 12. gr. Óheimilt er að selja harðfroðueinangrun með HCFC eftir 1. janúar 2005.

Heimilt er til 1. janúar 2010 að flytja inn og nota HCFC í kæli- og varmadælukerfi, sem sett voru upp eða flutt til landsins fyrir 1. janúar 1996, sbr. þó 12. gr.

Árlegur heildarinnflutningur HCFC í ODP tonnum til landsins sætir takmörkunum, sbr. II. viðauka. Magnið sem heimilt er að flytja inn gildir á gefnu 12 mánaða tímabili.

Innflutningur HCFC skv. 1. og 2. mgr. er háður leyfi Hollustuverndar ríkisins. Fyrirtæki sem óska eftir leyfi til að flytja inn HCFC skulu senda inn umsóknir til Hollustuverndar ríkisins fyrir 10. desember ár hvert vegna innflutnings á næsta ári. Við veitingu innflutningsheimilda til fyrirtækja skal taka mið af markaðshlutdeild þeirra undanfarin 5 ár. Óheimilt er að tollafgreiða efni og vörur skv. 1. og 2. mgr. nema fyrir liggi heimild Hollustuverndar ríkisins hverju sinni.

Heimilt að flytja út HCFC sbr. þó 12. gr.

6. gr.

Endurheimt, endurnýtt og endurunnin efni.

Bann samkvæmt 4. gr. nær ekki til notkunar á endurheimtu, endurnýttu og endurunnu halóni til bráðanotkunar, né til notkunar á slökkvikerfi skipa til 31. desember 2002.

Bann samkvæmt 4. gr. nær ekki til endurheimtra og endurunninna HCFC til 1. janúar 2015.

Við innflutning á endurheimtu eða endurunnu HCFC skal innflytjandi áður en til innflutnings kemur upplýsa Hollustuvernd ríkisins um það hvar efnið er endurunnið og framvísa vottorði sem sýnir að efnið uppfylli gæðastaðla sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir.

Óheimilt er að flytja inn og markaðssetja endurheimt og endurunnið efni í einnota umbúðum. Umbúðir skulu þannig merktar að ekki leiki vafi á að um endurheimt eða endurunnið efni sé að ræða.

7. gr.

Bráðanotkun halóna.

Notkun halón 1301 er heimil í slökkvikerfum loftfara og til að verja mannað rými og vélarrými í flutningaskipum sem flytja eldfima vökva og/eða lofttegundir.

Notkun halón 1211 er heimil í slökkvitækjum í loftförum og fyrir slökkvilið við frumslökkvistarf ef það skiptir sköpum varðandi öryggi manna.

8. gr.

Búnaður með halónum.

Heimilt er að nota halónslökkvikerfi í skipum til 31. desember 2002. Lokið skal við að taka halónslökkvikerfin niður eigi síðar en 31. desember 2003. Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins að kerfi hafi verið tekið niður og hvernig halóninu verði ráðstafað, sbr. 4. mgr.

Bannað er að endurhlaða handslökkvitæki með halón 1211, sbr. þó 7. gr. Öll slík handslökkvitæki skulu vera komin úr umferð eigi síðar en 31. desember 2003.

Eigi sér stað losun halóns, hvort sem er vegna elds eða óhapps, skal tilkynna það innan tveggja vikna til Hollustuverndar ríkisins.

Heimilt er að flytja út halón til bráðanotkunar, sbr. þó 12. gr. Samþykki Hollustuverndar ríkisins þarf fyrir fyrirhugaðri endurnotkun halóns eða flutningi þess úr landi.

9. gr.

Skráning og innra eftirlit.

Inn- og útflytjendur, söluaðilar og notendur efna sem reglugerðin nær til bera ábyrgð á því að ákvæði reglugerðarinnar séu uppfyllt. Hver sá sem hefur með höndum efni sem tilgreind eru í I. viðauka eða tæki eða búnað sem inniheldur slík efni, skal viðhafa allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir losun þeirra út í umhverfið.

Losun á CFC, HCFC og halónum út í umhverfið, t.d. við viðhald, aftengingar, leka- prófanir eða brunaæfingar, er óheimil.

Þeir sem starfa við að þjónusta búnað með ósoneyðandi efnum skulu hafa nægilega þekkingu á meðferð og eðli ósoneyðandi efna og viðurkenndan tækjabúnað til að endurheimta og varðveita efnin. Hollustuvernd ríkisins heldur námskeið fyrir viðkomandi starfsmenn um meðhöndlun ósoneyðandi efna.

Við viðhald og aftengingu slökkvikerfa, varmadælna, og kælikerfa, þar með talinna heimilisískápa skal endurheimta ósoneyðandi efni á þeim. Safna skal efnunum saman með þar til gerðum viðurkenndum tækjabúnaði og koma þeim til endurvinnslu, endurnýtingar eða eyðingar. Söfnun kælimiðla skal fara fram við þau varmaskilyrði og með þeim tækjum sem tryggja að tæming kælikerfis verði fullnægjandi. Að öðru leyti vísast til reglugerðar um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum.

Árlega skal yfirfara kælikerfi með HCFC með kælimiðilsfyllingu yfir 3 kg. Meta skal árlegan leka kerfisins og ef lekinn er meiri en 25% af heildarfyllingu á ársgrundvelli skal tilkynna eftirlitsaðila um ástæður leka og aðgerðir til að bæta úr ástandi kerfisins.

Innflytjendur, útflytjendur og söluaðilar skulu halda skrá yfir allan innflutning, útflutning og sölu HCFC svo og vörur og búnað sem reglugerðin nær til. Upplýsingarnar skal senda til Hollustuverndar ríkisins fyrir 31. mars ár hvert fyrir árið á undan.

10. gr.

Endurheimta og förgun.

Efni sem tilgreind eru í I. viðauka skal endurheimta og þeim eytt með tækni sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir eða þau endurunnin eða endurnýtt í tengslum við þjónustu eða viðhald búnaðarins. Þetta á einnig við um búnað sem inniheldur ósoneyðandi efni áður en hann er tekinn í sundur eða honum fargað.

Við förgun skal meðhöndla ósoneyðandi efni sem spilliefni skv. reglugerð um spilliefni.

Heilmilt er að flytja ósoneyðandi efni út til förgunar eða endurvinnslu, sbr. þó 12. gr. Um útflutninginn fer skv. reglugerð um flutning spilliefna milli landa.

11. gr.

Undanþágur.

Þegar sérstakar ástæður mæla með getur umhverfisráðherra að fenginni skriflegri umsókn veitt tímabundnar undanþágur frá ákvæði 4. gr. að fenginni umsógn Hollustuverndar ríkisins. Stofnunin skal leita umsagnar Lyfjanefndar þegar um lyf er að ræða.

Í umsóknum um undanþágur sbr. 1. mgr. skal gerð grein fyrir fyrirhugaðri notkun og einnig hvers vegna ekki er mögulegt að nota önnur efni sem eru minna skaðleg fyrir umhverfið. Leggja skal jafnframt fram áætlun um fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr mögulegri losun efnanna.

12. gr.

Takmörkun á innflutningi og útflutningi.

Óheimilt er að flytja inn HCFC eða vörur sem innihalda HCFC frá ríkjum sem ekki eru aðilar að Montrealbókuninni frá 1987 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Óheimilt er að flytja út efni sem tilgreind eru í I. viðauka til ríkja sem ekki eru aðilar að Montrealbókuninni frá 1987 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Undanþegin ákvæði 2. mgr. eru HCFC til 31. desember 2003.

13. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Eftirlit um borð í skipum er í höndum Siglingastofnunar Íslands og um borð í loftförum í höndum Flugmálastjórnar.

14. gr.

Viðurlög.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

Brot gegn reglugerðinni varða refsingu samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 29. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni ásamt síðari breytingum og 4. tl. 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum. Ennfremur að höfðu samráði við samgöngumálaráðuneytið hvað varðar þátt Siglingastofnunar Íslands og Flugmálastjórnar. Einnig var höfð hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2037/2000 eins og henni var breytt með reglugerðum ráðsins (EB) nr. 2038/2000 og 2039/2000.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 656/1997 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna og reglugerð nr. 187/1999 um halónslökkvikerfi ásamt síðari breytingum.

Umhverfissráðuneytinu, 25. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI
Efni sem reglugerðin gildir um.

	<i>Efni</i>		<i>ODP</i>
Klórflúorkolefni	CFCl ₃	(CFC-11)	1.0
	CF ₂ Cl ₂	(CFC-12)	1.0
	C ₂ F ₃ Cl ₃	(CFC-113)	0.8
	C ₂ F ₄ Cl ₂	(CFC-114)	1.0
	C ₂ F ₅ Cl	(CFC-115)	0.6
	CF ₃ Cl	(CFC-13)	1.0
	C ₂ FCl ₅	(CFC-111)	1.0
	C ₂ F ₂ Cl ₄	(CFC-112)	1.0
	C ₃ FCl ₇	(CFC-211)	1.0
	C ₃ F ₂ Cl ₆	(CFC-212)	1.0
	C ₃ F ₃ Cl ₅	(CFC-213)	1.0
	C ₃ F ₄ Cl ₄	(CFC-214)	1.0
	C ₃ F ₅ Cl ₃	(CFC-215)	1.0
	C ₃ F ₆ Cl ₂	(CFC-216)	1.0
	C ₃ F ₇ Cl	(CFC-217)	1.0
Halónar	CF ₂ BrCl	(halón-1211)	3.0
	CF ₃ Br	(halón-1301)	10.0
	C ₂ F ₄ Br ₂	(halón-2402)	6.0
Koltetraklóríð	CCl ₄		1.1
1,1,1-tríklóretan	CCl ₃ CH ₃		0.1
Metýlbrómíð	CH ₃ Br		0.6
Brómklórmetan	CH ₂ BrCl		1
Vetnisklórflúor- kolefni	CHFCl ₂	(HCFC-21)	fjöldi myndbrigða 1
	CHF ₂ Cl	(HCFC-22)	1
	CH ₂ FCl	(HCFC-31)	1
	C ₂ HFCl ₄	(HCFC-121)	2
	C ₂ HF ₂ Cl ₃	(HCFC-122)	3
	C ₂ HF ₃ Cl ₂	(HCFC-123)	3
	CHCl ₂ CF ₃	(HCFC-123)	-
	C ₂ HF ₄ Cl	(HCFC-124)	2
	CHFClCF ₃	(HCFC-124)	-
	C ₂ H ₂ FCl ₃	(HCFC-131)	3
	C ₂ H ₂ F ₂ Cl ₂	(HCFC-132)	4
	C ₂ H ₂ F ₃ Cl	(HCFC-133)	3
	C ₂ H ₃ FCl ₂	(HCFC-141)	3
	CH ₃ CFCl ₂	(HCFC-141b)	-
	C ₂ H ₃ F ₂ Cl	(HCFC-142)	3
	CH ₃ CF ₂ Cl	(HCFC-142b)	-
	C ₂ H ₄ FCl	(HCFC-151)	2
	C ₃ HFCl ₆	(HCFC-221)	5
	C ₃ HF ₂ Cl ₅	(HCFC-222)	9
	C ₃ HF ₃ Cl ₄	(HCFC-223)	12
	C ₃ HF ₄ Cl ₃	(HCFC-224)	12
	C ₃ HF ₅ Cl ₂	(HCFC-225)	9
	CF ₃ CICF ₂ CHCl ₂	(HCFC-225ca)	-
	CF ₂ CICF ₂ CHClF	(HCFC-225cb)	-

	<i>Efni</i>		<i>ODP</i>	
	C ₃ HF ₆ Cl	(HCFC-226)	5	0.02-0.10
	C ₃ H ₂ FCl ₅	(HCFC-231)	9	0.05-0.09
	C ₃ H ₂ F ₂ Cl ₄	(HCFC-232)	16	0.008-0.10
	C ₃ H ₂ F ₃ Cl ₃	(HCFC-233)	18	0.007-0.23
	C ₃ H ₂ F ₄ Cl ₂	(HCFC-234)	16	0.01-0.28
	C ₃ H ₂ F ₅ Cl	(HCFC-235)	9	0.03-0.52
	C ₃ H ₃ FCl ₄	(HCFC-241)	12	0.004-0.09
	C ₃ H ₃ F ₂ Cl ₃	(HCFC-242)	18	0.005-0.13
	C ₃ H ₃ F ₃ Cl ₂	(HCFC-243)	18	0.007-0.12
	C ₃ H ₃ F ₄ Cl	(HCFC-244)	12	0.009-0.14
	C ₃ H ₄ FCl ₃	(HCFC-251)	12	0.001-0.01
	C ₃ H ₄ F ₂ Cl ₂	(HCFC-252)	16	0.005-0.04
	C ₃ H ₄ F ₃ Cl	(HCFC-253)	12	0.003-0.03
	C ₃ H ₅ FCl ₂	(HCFC-261)	9	0.002-0.02
	C ₃ H ₅ F ₂ Cl	(HCFC-262)	9	0.002-0.02
	C ₃ H ₆ FCl	(HCFC-271)	5	0.001-0.03
Vetnisbróm- flúorkolefni	CHFBr ₂		1	1.00
	CHF ₂ Br	(HBFC-22B1)	1	0.74
	CH ₂ FBr		1	0.73
	C ₂ HFBr ₄		2	0.3-0.8
	C ₂ HF ₂ Br ₃		3	0.5-1.8
	C ₂ HF ₃ Br ₂		3	0.4-1.6
	C ₂ HF ₄ Br		2	0.7-1.2
	C ₂ H ₂ FBr ₃		3	0.1-1.1
	C ₂ H ₂ F ₂ Br ₂		4	0.2-1.5
	C ₂ H ₂ F ₃ Br		3	0.7-1.6
	C ₂ H ₃ FBr ₂		3	0.1-1.7
	C ₂ H ₃ F ₂ Br		3	0.2-1.1
	C ₂ H ₄ FBr		2	0.07-0.1
	C ₃ HFBBr ₆		5	0.3-1.5
	C ₃ HF ₂ Br ₅		9	0.2-1.9
	C ₃ HF ₃ Br ₄		12	0.3-1.8
	C ₃ HF ₄ Br ₃		12	0.5-2.2
	C ₃ HF ₅ Br ₂		9	0.9-2.0
	C ₃ HF ₆ Br		5	0.7-3.3
	C ₃ H ₂ FBr ₅		9	0.1-1.9
	C ₃ H ₂ F ₂ Br ₄		16	0.2-2.1
	C ₃ H ₂ F ₃ Br ₃		18	0.2-5.6
	C ₃ H ₂ F ₄ Br ₂		16	0.3-7.5
	C ₃ H ₂ F ₅ Br		8	0.9-1.4
	C ₃ H ₃ FBr ₄		12	0.08-1.9
	C ₃ H ₃ F ₂ Br ₃		18	0.1-3.1
	C ₃ H ₃ F ₃ Br ₂		18	0.1-2.5
	C ₃ H ₃ F ₄ Br		12	0.3-4.4
	C ₃ H ₄ FBr ₃		12	0.03-0.3
	C ₃ H ₄ F ₂ Br ₂		16	0.1-1.0
C ₃ H ₄ F ₃ Br		12	0.07-0.8	
C ₃ H ₅ FBr ₂		9	0.04-0.4	
C ₃ H ₅ F ₂ Br		9	0.07-0.8	
C ₃ H ₆ FBr		5	0.02-0.7	

II. VIÐAUKI

Leyfilegur heildarinnflutningur vetnisklórflúorkolefna til Íslands.

<i>Tímabil</i>	<i>ODP tonn</i>
1. jan 2002 - 31. des 2002	8,4
1. jan 2003 - 31. des 2003	3,4
1. jan 2004 - 31. des 2004	2,3
1. jan 2005 - 31. des 2005	2,3
1. jan 2006 - 31. des 2006	2,3
1. jan 2007 - 31. des 2007	2,3
1. jan 2008 - 31. des 2008	1,9
1. jan 2009 - 31. des 2009	1,9
1. jan 2010 - 31. des 2010	0

III. VIÐAUKI

Tollflokkun ósoneyðandi efna samkvæmt tollskrá.

	Tollflokkur	
Tríklórflúormetan	2903.4100	CFC-11
Díklórdíflúormetan	2903.4200	CFC-12
Tríklórtríflúoretan	2903.4300	CFC-113
Díklórtetraflúoretan og klórpentaflúoretan	2903.4400	CFC-114, C-115
Klórtríflúormetan	2903.4510	CFC-13
Pentaklórflúoretan	2903.4520	CFC-111
Tetraklórdíflúoretan	2903.4530	CFC-112
Heptaklórflúorprópan	2903.4540	CFC-211
Hexaklórdíflúorprópan	2903.4550	CFC-212
Pentaklórtríflúorprópan	2903.4560	CFC- 213
Tetraklórtetraflúorprópan	2903.4570	CFC- 214
Tríklórpentaflúorprópan	2903.4580	CFC- 215
Díklórhexaflúorprópan	2903.4591	CFC- 216
Klórheptaflúorprópan	2903.4599	CFC- 217
Brómklórdíflúormetan, brómtríflúormetan og díbrómtetraflúoretan	2903.4600	Halón 1211, halón 1301, halón 2402
Aðrar perhalógen afleiður	2903.4700	Önnur halón
Koltetraklóríð	2903.1400	CCl ₄
1,1,1-tríklóretan	2903.1901	CCl ₃ CH ₃
Metýlbrómíð	2903.3090	CH ₃ Br
Brómklórmetan	2903.4910	CH ₂ ClBr
Klórdíflúormetan	2903.4920	HCFC-22
Annað	2903.4990	R-141b og önnur HCFC og HBFC
Blöndur raðtengdra kolvatnsefna einungis með flúor eða klór	3824.7100	Blöndur með CFC
Aðrar blöndur raðtengdra kolvatnsefna með halógenum	3824.7900	Blöndur með halónum
Kælimiðlablöndur sem innihalda klórtetraflúoretan, klórflúoretan og klórdíflúormetan	3824.9005	Blöndur með HCFC-124, HCFC-151 og HCFC-22

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.

I. KAFLI

Gjöld skv. 28. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993.

1. gr.

Skipagjald.

Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá. Við eigendaskipti ber hinn fyrri eigandi ábyrgð á gjaldinu þar til umskráning hefur farið fram.

Í skipagjaldinu er meðtalinn kostnaður vegna aðalskoðunar skips sé hún framkvæmd hér á landi. Fari skoðunin fram erlendis að beiðni eiganda ber honum að greiða auk skipagjaldsins fargjöld og dagpeninga skoðunarmanns.

Skylda til að greiða skipagjaldið fellur ekki niður þótt eigandi skips færi það ekki til árlegrar aðalskoðunar, né heldur þótt skipið hafi ekki verið í notkun um stundarsakir. Siglingastofnun er þó heimilt að fella niður helming gjaldsins hafi skip ekki verið skoðað né haft haffæri á almanaksárinu. Einnig er stofnuninni heimilt að fella niður hluta skipagjalds afskráningarársins hafi afskráningin verið gerð vegna úreldingar skipsins eða sölu þess úr landi.

Skipagjaldið vegna skipa sem flokkuð eru hjá Siglingastofnun Íslands skal vera sem hér segir:

	Kr.
Fyrir skip allt að 8 m að skráningarlengd	12.500
Fyrir skip 8 m að lengd til 15 m mestu lengd	22.400
Fyrir skip 15 m að lengd til 24 m skráningarlengd	50.000
Fyrir skip 24 m að lengd til 45 m skráningarlengd	99.200
Fyrir skip 45 m að lengd til 60 m skráningarlengd	163.800
Fyrir skip yfir 60 m að skráningarlengd	216.800

Vegna skipa sem flokkuð eru hjá viðurkenndu flokkunarfélagi skal greiða 60% af ofangreindum gjaldstofni.

Fyrir flotbryggjur og önnur mannvirki á skipaskrá sem ekki eru háð árlegu eftirliti sem og skoðun flotkvía greiðist samkvæmt reikningi.

Ef óskað er eftir að skoðun fari fram utan dagvinnutíma skal greiða fyrir vinnuna samkvæmt útseldum taxa starfsmanns Siglingastofnunar.

2. gr.

Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun skal greiða skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.

3. gr.

Nýsmíðagjald.

Vegna skipa sem eru í smíðum skal greiða nýsmíðagjald. Fyrir yfirferð og samþykkt smíðalýsinga og teikninga, skipamælingar, yfirferð stöðugleikagagna og hleðslu- og stöðugleikaprófun, eftirlit með smíði skipsins, skoðun á skipi og búnaði þess og skráningu skips skal greiða nýsmíðagjald. Gjaldið skal miðast við framlagða vinnu starfsmanna Siglingastofnunar Íslands samkvæmt útseldum taxa stofnunarinnar. Jafnframt skal greiða ferðakostnað og dagpeninga starfsmanna Siglingastofnunar Íslands vegna ferðalaga erlendis

vegna nýsmíðinnar. Auk nýsmíðagjalds skal greiða fyrir skírteini og önnur skipsskjöl í samræmi við önnur ákvæði reglugerðar þessarar.

Gjaldið er innheimt að loknum hverjum verkþætti skv. framangreindri upptalningu. Lokagreiðsla fer fram við afhendingu skírteina skipsins og skipsskjala. Verkkaupi skipasmíðar og eigandi skips að smíði lokinni eru sameiginlega ábyrgir fyrir greiðslu nýsmíðagjalds.

4. gr.

Eftirlit með viðgerðum.

Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.

Fari viðgerð fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna.

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	Kr.
Skip til og með 500 BT (brúttótonn)	12.900
Skip 501 BT til og með 1000 BT	17.100
Skip 1001 BT til og með 2000 BT	21.400
Skip 2001 BT til og með 5000 BT	25.720

Hleðslumerkjaútreikningar skipa stærri en 5000 BT greiðast eftir reikningi Siglingastofnunar Íslands. Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjaútreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi skal greiða kr. 4.300.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 1.470 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun.

Fyrir endurnýjun á skírteini sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 1.260 enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

6. gr.

Önnur gjöld.

Fyrir skoðun á notuðum skipum sem fyrirhugað er að flytja til landsins skal greiða gjald sem miðast við framlagða vinnu starfsmanna Siglingastofnunar Íslands samkvæmt útseldum taxa stofnunarinnar auk annarra gjalda s.s. fyrir mælingu og útgáfu skírteina og skipsskjala eftir því er við á.

Fyrir framlengingu haffæris án vettvangsskoðunar greiðist kr. 2.500. Fyrir framlengingu haffæris með vettvangsskoðun greiðist samkvæmt reikningi.

	Kr.
Leyfi til farþegaflutninga með skipum	4.620
Fyrir skoðun brunaviðvörðunarkerfa skipa greiðast eftirtalin gjöld.	
0 – 8 metra skip	1.300
8 – 24 metra	2.200
24 – 30 metra	4.400
30 – 45 metra	8.200
45 metra og lengri	11.600

Fyrir eftirfarandi skírteini skipa greiðast eftirtalin gjöld:

	Kr.
GMDSS fjarskiptaskírteini,	7.100
ISM skírteini – DOC;	3.900
ISM skírteini – SMC;	3.900
Skírteini fyrir prófun bómu	5.500

II. KAFLI

Gjöld skv. 20. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115/1985 með síðari breytingum.

7. gr.

Skráning skipa og útgáfa skipsskjala.

Fyrir skráningu skipa og útgáfu skipsskjala skal greiða:

1. Íslenskt mælibréf og skráningarskírteini fyrir skip allt að 15 m að mestu lengd	Kr. 5.900
2. Þjóðernisskírteini	9.700
3. Mælibréf	5.900
4. Staðfest afrit af mælibréfi, skírteini	1.100
5. Einkaleyfi á skipsnafni	33.300
6. Viðurkenningarskírteini og skilti	950
7. Vottorð um útstrikun skipa af aðalskipaskrá	1.500

Við eigendaskipti og umskráningu skipa skulu öll áfallin ógreidd gjöld skv. reglugerð þessari greidd að fullu.

Heimilt er að taka hálf gald fyrir endurútgáfu íslensks mælibréfs og skráningarskírteinis fyrir skip allt að 15 m að mestu lengd ef um eina breytingu er að ræða er varðar mælinguna og útreikninga er ekki þörf.

III. KAFLI

Gjöld skv. 15. gr. laga um skipamælingar, nr. 50/1970.

8. gr.

Mæling skipa.

Fyrir endurmælingu skipa og útgáfu mælibréfs eða yfirlýsingu skal greiða:

Samkvæmt Oslóarsamþykkt:

	kr.
Fyrir opna báta	10.400
Þilfarsskip allt að 25 brl.	17.000
Þilfarsskip 25 brl. til og með 100 brl.	23.600
Þilfarsskip 101 brl. til og með 250 brl.	37.600
Þilfarsskip 251 brl. til og með 500 brl.	57.400
Þilfarsskip 501 brl. til og með 1600 brl.	81.600
Þilfarsskip 1601 brl. til og með 5000 brl.	108.100
Þilfarsskip 5001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingastofnunar Íslands.	

Samkvæmt íslenskum mælingarreglum og Lundúnasamþykkt frá 1969:

			Kr.
Flokkur	I.	Fyrir skip allt að 15 m mestu lengd	10.400
Flokkur	II. A	Skip 15,01 m mesta lengd – 24,00 m skráningarlengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa skírteinis	48.600
	II. B	Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningum og öðrum teikningum	34.000
Flokkur	III. A	Skip 24,01 m – 45,00 m skráningarlengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa mælibréfs	88.300
	III. B	Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línuteikningu eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs	59.000
Flokkur	IV. A	Skip 45,01 m – 60,0 m skráningarlengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum og útgáfa mælibréfs	123.000
	IV. B	Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs	88.300
Flokkur	V.	Skip 60,01 m skráningarlengd og lengri. Greiðsla samkvæmt reikningi.	

Fyrir endurskoðun á mæliskýrslum gerðum af öðrum aðila en Siglingastofnun Íslands samkvæmt Lundúnasamþykkt um mælingu skipa frá 1969 greiðist:

	Kr.
Fyrir skip til og með 45 m skráningarlengd	20.300
Fyrir skip yfir 45 m skráningarlengd	33.700

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum innanlands og erlendis vegna mælinga skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.

IV. KAFLI

Gjöld skv. 14. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001.

9. gr.

Skírteini vegna farþegaskipa og flutningaskipa.

1. Útgáfa alþjóðlegs atvinnuskírteins (STCW) til starfa á farþegaskipum og flutningaskipum kr. 7.900. Hafi umsækjandi gilt íslenskt atvinnuskírteini skal greiða kr. 2.600.
2. Útgáfa áritunar vegna viðurkenningar á erlendu alþjóðlegu atvinnuskírteini (STCW) á farþegaskipum og flutningaskipum kr. 7.900.
3. Útgáfa undanþágu til starfa á farþegaskipum og flutningaskipum til allt að 6 mánaða kr. 7.900.
4. Útgáfa öryggismönnunarskírteinis fyrir farþegaskip og flutningaskip kr. 10.000.
5. Fyrir endurnýjun framantalinna leyfa og skírteina skal greiða kr. 1.600.

V. KAFLI

Gjöld skv. 6. gr. laga um köfun, nr. 31/1996.

10. gr.

Gjöld fyrir skráningu og skoðun köfunarbúnaðar.

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til að nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftirtalin gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

	Kr.
1. Grunngjald skráðs köfunarbúnaðar (Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).	7.000
2. Fyrir greiningu lofts (þrjú rör)	4.500
3. Fyrir Dragerrör til loftgreiningar	1.500

11. gr.

Gjöld vegna próftöku til köfunarréttinda.

Vegna próftöku til köfunarréttinda greiðast eftirtalin gjöld:

	Kr.
1. Fyrir próf til A-réttinda	24.200
2. Fyrir próf til B-réttinda	24.200
3. Fyrir próf til C-réttinda (froskköfun)	12.100
4. Fyrir önnur próf	7.900
5. Fyrir endurtökupróf	7.900

Próftaki skal greiða kostnað vegna próftöku eða hluta hennar sem fram fer utan stofnunarinnar og lækka próftökugjöld skv. 1. mgr. til samræmis við þann kostnað.

12. gr.

Gjöld vegna atvinnukafaraskírteina.

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðast eftirtalin gjöld:

	Kr.
1. Fyrir útgáfu atvinnukafaraskírteinis	5.500
2. Fyrir endurnýjun atvinnukafaraskírteinis	2.100

13. gr.

Gjöld fyrir annað eftirlit og þjónustu.

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða, skal greiða þóknun samkvæmt reikningi.

VI. KAFLI

Önnur gjöld o.fl.

14. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðra þjónustu Siglingastofnunar Íslands skal greitt skv. reikningi stofnunarinnar.

Siglingastofnun Íslands framkvæmir skoðun á fjarskiptabúnaði smábáta a.m.k. einu sinni á hverju almanaksári. Til smábáta teljast opnir vélbátar 6 metra og lengri og fiskiskip með mestu lengd allt að 15 metrum, enda hafi þessi skip eingöngu VHF-talstöðvar, en ekki millibylgju- og/eða stuttbylgjustöðvar um borð og sigli á hafsvæði STK og A1, sbr. 2. gr. reglugerðar um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa nr. 53/2000.

Gjöld fyrir skoðun skv. 2. gr. hjá bátum með VHF rásir eingöngu skulu vera á ári kr. 1.600.

15. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingastofnunar Íslands séu unnin á venjulegum skrifstofutíma.

Sé óskað eftir þjónustu utan þess tíma skal að auki greiða fyrir vinnu starfsmanns samkvæmt útseldum taxta stofnunarinnar.

16. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af sýslumönnum.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra.

Gjöldin eru miðuð við skráningu 1. janúar og er gjalddagi og eindagi sá sami hinn 1. apríl sama árs.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingastofnun Íslands eftir reikningum sem hún gefur út.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

17. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993 með síðari breytingum, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985 með síðari breytingum, 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50/1970, 14. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001 og 6. gr. laga um köfun nr. 31/1996 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl. nr. 106/2001 með breytingu nr. 491/2001 og gjaldskrá um eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál nr. 528/2001.

Samgönguráðuneytinu, 18. júlí 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ**um þjónustustöðvar gúmmíbjörgunarbáta.**

1. gr.

Gildissvið, markmið og tilgangur.

Reglugerð þessi og viðaukar hennar eru kröfur sem Siglingastofnun Íslands gerir til þjónustustöðva gúmmíbjörgunarbáta.

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja öryggi íslenskra sjófarenda. Þessu markmiði skal ná með því að gera tilteknar kröfur til þjónustustöðva gúmmíbjörgunarbáta, staðfesta nægjanlegan fjölda þjónustustöðva og hafa virkt eftirlit með þeim.

Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja að gúmmíbjörgunarbátar um borð í íslenskum skipum séu örugg björgunarför á neyðarstundu.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. Gúmmíbjörgunarbátur er uppblásanlegur björgunarfleki, með eða án tjaldþaks, sem blæs sig upp og er að jafnaði geymdur óuppblásinn og tilbúinn til notkunar.
2. Þjónustustöð gúmmíbjörgunarbáta er stöð sem skoðar, gerir við, og athugar ástand og virkni gúmmíbjörgunarbáta.

3. gr.

Viðurkenningar.

Siglingastofnun Íslands viðurkennir þjónustustöðvar gúmmíbjörgunarbáta, veitir þeim starfsleyfi og hefur eftirlit með þeim. Einungis þeir sem hlotið hafa viðurkenningu Siglingastofnunar Íslands mega reka þjónustustöð gúmmíbjörgunarbáta.

Starfsleyfi Siglingastofnunar Íslands til þjónustustöðva gúmmíbjörgunarbáta eru í fyrsta sinn gefin út til eins árs og síðan til fimm ára í senn. Í starfsleyfi skal rita nöfn þeirra skoðunarmanna sem hafa viðurkenningu og þjálfun til að starfa við og þjónusta gúmmíbjörgunarbáta. Siglingastofnun Íslands getur afturkallað starfsleyfi telji hún að þjónustustöð uppfylli ekki reglur þessar eða vegna annarra gildra ástæðna.

Siglingastofnun Íslands og framleiðendur gúmmíbjörgunarbáta skulu tryggja að þjónusta við þjónustustöðvar gúmmíbjörgunarbáta sé með þeim hætti að aðgengi notenda sé tryggt og ávallt sé fyllstu öryggissjónarmiða gætt.

4. gr.

Skoðun gúmmíbjörgunarbáta.

Skoðun gúmmíbjörgunarbáta skal framkvæmd með hliðsjón af II. - IV. viðauka reglugerðar þessarar.

Fyrir sérhverri þjónustustöð skal vera umsjónarmaður eða verkstjóri.

Við pökkun gúmmíbjörgunarbáta skulu að lágmarki starfa tveir menn og skal að minnsta kosti annar þeirra hafa hlotið menntun og þjálfun samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Húsnæði þjónustustöðva gúmmíbjörgunarbáta.

Húsnæði þjónustustöðva gúmmíbjörgunarbáta skal uppfylla ákvæði I. viðauka við þessa reglugerð svo og gildandi íslenskar reglur um húsnæði vinnustaða.

Húsnæði þjónustustöðva gúmmíbjörgunarbáta skal að jafnaði ekki notað til annarrar starfsemi.

Í sérstökum tilfellum er heimilt er að leyfa þjónustustöð gúmmíbjörgunarbáta að nota annað húsnæði til tímabundinna verkefna enda uppfylli það viðeigandi kröfur. Sækja skal skriflega um leyfi til notkunar slíks húsnæðis til Siglingastofnunar Íslands.

6. gr.

Menntun og þjálfun starfsmanna.

Til að hljóta viðurkenningu sem skoðunarmaður gúmmíbjörgunarbáta skal viðkomandi hafa fengið lágmarksþjálfun sem hér segir:

1. Hafa starfað við pökkun gúmmíbjörgunarbáta samfellt í tvo mánuði, þ.e.a.s. 320 klukkustundir.

2. Hafa á þeim tíma pakkað án aðstoðar að minnsta kosti tíu viðurkenndum gúmmíbjörgunarbatum af mismunandi gerðum undir eftirliti viðurkennds skoðunarmanns.
3. Að starfsþjálfun lokinni skal skoðunarmaður sækja námskeið hjá viðurkenndum framleiðanda gúmmíbjörgunarbáta.
4. Skoðunarmaður skal sækja námskeið hjá Siglingastofnun Íslands um reglur sem varða gerð gúmmíbjörgunarbáta og íslenskar sérkröfur. Þátttakendur á námskeiðinu skulu greiða allan kostnað vegna námskeiðsins.
5. Hafi skoðunarmaður sótt námskeið í þjónustu og viðgerðum hjá tveimur viðurkenndum framleiðendum gúmmíbjörgunarbáta ásamt því að hafa sótt námskeið Siglingastofnunar Íslands um reglur er varða gúmmíbjörgunarbáta telst það vera jafngilt liðum 1. - 4.

Frameiðendur gúmmíbjörgunarbáta, sem heimild hafa til að selja framleiðslu sína hér á landi, skulu tryggja að starfsfólki þjónustustöðva sé veitt sú menntun og þjálfun sem reglugerð þessi gerir ráð fyrir.

7. gr.

Handbækur, verkfæri og varahlutir.

Framleiðendum gúmmíbjörgunarbáta, sem heimild hafa til að selja framleiðslu sína hér á landi, ber að útvega þjónustustöð, sem hefur viðurkenningu Siglingastofnunar, þjónustuhandbækur, verkfæri og varahluti.

8. gr.

Eftirlit Siglingastofnunar Íslands.

Eftirlitsmaður Siglingastofnunar Íslands skal skoða árlega hverja þjónustustöð gúmmíbjörgunarbáta og fylgjast með þökkun gúmmíbjörgunarbáta. Jafnframt skal hann ganga úr skugga um að stöðin uppfylli að öðru leyti kröfur þessarar reglugerðar.

9. gr.

Skýrslugerð.

Þjónustustöðvar gúmmíbjörgunarbáta skulu fyrir sérhvern bát, sem stöðin þjónustar, fylla út þau eyðublöð sem Siglingastofnun Íslands gefur fyrir máli um. Árlega skulu þjónustustöðvar senda upplýsingar til Siglingastofnunar um fjölda skoðaðra báta ásamt samantekt á ástandi þeirra og helstu athugasemdum sem koma fram við skoðun.

Þjónustustöðvar skulu tilkynna til Siglingastofnunar um gúmmíbjörgunarbáta sem ekki uppfylla reglur svo og um gúmmíbjörgunarbáta sem fara í aukaskoðun.

10. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 35 frá 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum og með hliðsjón af reglum um öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994, með síðari breytingum og ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) A 761 (18) og öðlast gildi þann 1. ágúst 2002.

Jafnframt falla úr gildi reglur um þjónustustöðvar gúmmíbjörgunarbáta, dags. 16. mars 1995.

Samgönguráðuneytinu, 18. júlí 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

I. VIÐAUKI

Skilyrði.

1. Til að hljóta viðurkenningu skal þjónustustöð uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - .1 Gúmmíbjörgunarbáta skal eingöngu þjónusta í lokuðu rými. Þar skal vera nægjanlegt rými fyrir þann fjölda gúmmíbjörgunarbáta sem ætla má að þjónustaðir séu á hverjum tíma. Annaðhvort skal lofthæð vera næg til að hægt sé að snúa við stærsta gúmmíbjörgunarbátinum sem þjónustaður er uppblásinn eða jafngóð aðstaða svo hægt sé að skoða sauma á botni bátsins.
 - .2 Gólfíð skal vera hreint og slétt svo ekki sé hætt á að skemmdir verði á efni gúmmíbjörgunarbátsins.
 - .3 Þjónusturýmið skal vera vel upplýst. Gera skal ráðstafanir svo sólargeislar nái ekki að skína inn í rýmið.
 - .4 Unnt skal vera að stjórna hita, og þar sem það þykir nauðsynlegt, rakastigi nægjanlega til að tryggja að hægt sé að þjónusta og gera við gúmmíbjörgunarbátinn á árangursríkan hátt.
 - .5 Í þjónusturýminu skal vera góð loftræsting og skal það vera laust við dragsúg.
 - .6 Sérstök svæði eða rými skulu vera fyrir;
 - (a) gúmmíbjörgunarbáta sem bíða þjónustu, viðgerðar eða afhendingar;
 - (b) viðgerðir á trefjaglershylkjum og málningu þrýstiloftshylkja;
 - (c) efni og/eða varahluti;
 - (d) skýrslugerð/stjórnun.
 - .7 Við geymslu gúmmíbjörgunarbáta skal vera þannig aðstaða að gúmmíbjörgunarbátum í hylkjum eða töskum sé ekki staflað hærra hvorum ofan á annan en í tvær raðir, nema til komi hillur þannig að bátarnir verði ekki fyrir miklu álagi vegna stöflunar (excessive load).
 - .8 Flugeldabirgðir og úrelta flugelda og blys skal geyma í aðgreindri, öruggri og lokaðri geymslu fjarri öðrum þjónustu- og geymslurýmum.
 - .9 Næg verkfæri skulu vera tiltæk til að þjónusta gúmmíbjörgunarbáta og losunarbúnað í samræmi við fyrirmæli framleiðanda og þar með talin(n);
 - a) heppilegur og nákvæmur loftþrýstimælir, hitamælir og loftvog, sem auðveldlega má lesa af;
 - b) ein eða fleiri loftdælur til að blása upp og lofttæma gúmmíbjörgunarbáta ásamt búnaði sem hreinsar og þurrkar loftið, svo og nauðsynlegar háþrýstislöngur og millistykki;
 - c) vog til að vega loftflöskur af nægri nákvæmni;
 - d) nægt gas til að blása í gegnum uppblásturskerfi gúmmíbjörgunarbáta.
 - .10 Setja skal vinnureglur um meðferð loftflaskna sem tryggja að sérhver loftflaska sé rétt fyllt og loftþétt áður en hún er sett í gúmmíbjörgunarbátinn.
 - .11 Nægjanlegt magn efna og aukahluta skal vera aðgengilegt til viðgerða á gúmmíbjörgunarbátum, ásamt birgðum af neyðarbúnaði sem fullnægir kröfum framleiðanda.
 - .12 Þegar gúmmíbjörgunarbátar, sem sjósettir eru með uglum, eru þjónustaðir skal vera til staðar búnaður til að yfirálagsprófa þá.
 - .13 Þjónusta og viðgerðarvinna skal eingöngu unnin af mönnum sem hlotið hafa næga þjálfun og réttindi frá framleiðanda gúmmíbjörgunarbáts eða viðurkenningu frá Siglingastofnun Íslands.
 - .14 Tryggja skal að viðurkenndar þjónustustöðvar fái;
 - (a) breytingar á þjónustuhandbókum, ásamt þjónustufréttum og leiðbeiningum;
 - (b) rétt efni og varahluti;

(c) þjálfun fyrir fagmenn.

- .15 Reykingar skal ekki leyfa í þjónusturýmum og á þökkunarsvæðum.

II. VIÐAUKI

Skoðun gúmmíbjörgunarbáta.

1. Eftirfarandi próf og athuganir skal gera, nema annað sé tekið fram, við hverja skoðun á gúmmíbjörgunarbáti sem notaður er sem björgunartæki:
 - .1 Athugun á hylki og hvort á því eru skemmdir.
 - .2 Athugun á samanbrotnum gúmmíbjörgunarbátum og innra ástand hylkisins með tilliti til raka.
 - .3 Upplásturspróf með loftflösku (GI-próf) skal fara fram á 5 ára fresti. Þegar upplásturspróf með loftflösku er gert skal gæta sérstaklega að virkni útblástursventla. Gúmmíbjörgunarbátinn skal taka samanbrotinn úr hylkinu áður en upplásturinn er ræstur. Eftir að upplásturinn er hafinn skal ætla hæfilegan tíma til að láta þrýstinginn í lofthólfunum jafna sig og leyfa CO₂ ís að gufa upp. Að því loknu skal, ef nauðsyn þykir, fylla lofthólfin af lofti og bátinn skal láta í þrýstipróf, ekki skemur en í eina klukkustund, þar sem þrýstifall má ekki verða meira en 5% af vinnuþrýstingi.
 - .4 Sérhvern gúmmíbjörgunarbát skal reyna með nauðsynlegu viðbótarþrýstingsprófi (NAP), eins og lýst er í III. viðauka, eða öðru jafngildu prófi, árlega eftir að gúmmíbjörgunarbáturinn er orðinn 10 ára, nema skoðun leiði í ljós að prófa þurfi bátinn fyrr. Eftir þann tíma sem tekur að láta efni gúmmíbjörgunarbátsins ná efnisspennu við vinnuþrýsting skal láta gúmmíbjörgunarbátinn í þrýstipróf ekki skemur en eina klukkustund, þar sem þrýstifall má ekki vera meira en 5% af vinnuþrýstingi.
 - .5 Þegar NAP- eða GI-prófs er ekki krafist skal framkvæma vinnuþrýstingspróf (WP) (sjá IV. viðauka) með því að blása gúmmíbjörgunarbátinn upp með þurru þrýsti-lofti eftir að flekinn hefur verið tekinn úr hylkinu eða umbúðunum og losaður við fylgилínur, upp í vinnuþrýsting, eða þann þrýsting sem framleiðendur krefjast, ef hann er hærri. Gúmmíbjörgunarbátinn skal láta í þrýstingspróf, ekki skemur en eina klukkustund, þar sem þrýstifall má ekki verða meira en 5% af vinnuþrýstingi.
 - .6 Meðan gúmmíbjörgunarbátur er uppblásinn skal skoða hann nákvæmlega að innan og utan í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.
 - .7 Botn gúmmíbjörgunarbáts skal blása upp og athuga hvort saumar séu slitnir og botninn skal prófa í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.
 - .8 Samsetningu botns og flothylkja skal athuga og gæta að misfellum og hvort brúnir hafi losnað upp.
 - .9 Meðan lofthólfunum er haldið uppi í hæfilegri hæð yfir gólfi þjónustustöðvarinnar á maður, ekki léttari en 75 kg, að ganga eða skriða eftir jaðri botnsins allan hringinn og sauma botnsins á að athuga aftur eftir prófunina. Þjónustustöðvar hafa, í stað framangreinds, heimild til að nota hvaða aðra aðferð sem sannað getur öryggi samsetningar botnsins og flothólfs þar til að næstu skoðun kemur. Þessi próf skal gera árlega eftir að gúmmíbjörgunarbátur er orðinn 10 ára.
 - .10 Eftir að lofti hefur verið hleypt úr bátnum skal athuga samsetningar þaks og lofthólfa í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.
 - .11 Alla hluta búnaðar skal athuga til að tryggja að þeir séu í góðu ástandi og að hlutar eða búnaður með dagstimplun séu endurnýjaðir við skoðun ef minna en 6 mánuðir eru eftir af árituðum endingartíma sem viðurkenndur er af yfirvöldum.

- .12 Gúmmíbjörgunarbáta sem sjósettir eru með uglum, skal prófa með 10% umfráþunga þar sem bátarnir eru látnir hanga í lyftibúnaði. Þetta skal gert í annarri hverri skoðun.
- .13 Ganga skal úr skugga um að gúmmíbjörgunarbatúr og andrúmsloft séu þurr þegar gúmmíbjörgunarbatnum er pakkað.
- .14 Merkingar sem krafist er skal uppfæra og athuga.
- .15 Skoðunarskýrslur skal geyma í a.m.k. 5 ár.
- .16 Tölfræðilegar skýrslur skal gera um skoðun allra gúmmíbjörgunarbáta sem skoðaðir eru. Þar skal skrá sérstaklega galla sem fram hafa komið, viðgerðir, gúmmíbjörgunarbáta sem dæmdir hafa verið ónýtir eða teknir úr notkun. Þessar skýrslur skal afhenda Siglingastofnun Íslands.

Skyldur framleiðenda, stjórnvalda og útgerðarmanna.

Framleiðendur, stjórnvöld og útgerðarmenn bera samhliða og í sameiningu ábyrgð á að tryggt sé að þjónusta gúmmíbjörgunarbáta fari fram með markvissum hætti þannig að þeir séu örugg björgunarför á neyðarstundu. Þessi ábyrgð felur meðal annars í sér eftirfarandi sem er þó ekki tæmandi upptalning:

.1 Framleiðendur ábyrgjast að:

- 1.1 tryggð sé næg þjónusta við björgunarför þeirra, í samræmi við viðauka með reglugerð þessari eða sérhverjar viðbótarkröfur sem nauðsynlegar teljast vera fyrir tiltekna framleiðslu eða gerð og staðfesta viðurkenningu nægilegs fjölda þjónustustöðva, sbr. 2. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar þessarar;
- 1.2 sérhver þjónustustöð sem þeir viðurkenna til þjónustu og viðgerða björgunarfara þeirra hafi hæft starfsfólk, sem þeir hafa veitt næga þjálfun og starfsréttindi til slíkra starfa og sem er kunnugt um allar breytingar og nýja tækni;
- 1.3 gera stjórnvöldum fullkomna grein fyrir skráðum þjónustustöðvum sem þeir hafa viðurkennt og breytingum sem verða á þeirri skrá, sbr. 3. gr. reglugerðar þessarar;
- 1.4 sjá þjónustustöðvum fyrir:
 - breytingum á handbókum, þjónusturítum og fyrirmælum;
 - réttu efni og varahlutum;
 - tilkynningum og fyrirmælum frá stjórnvöldum;
- 1.5 upplýsa stjórnvöld um öll sjóslys sem þeim er kunnugt um þar sem gúmmíbjörgunarbátar sem þeir hafa framleitt koma við sögu. Einnig um hvers kyns galla í gúmmíbjörgunarbatnum sem komið hafa í ljós, aðra en galla sem komið hafa í ljós í skoðunum og stjórnvöldum er kunnugt um; og
- 1.6 upplýsa útgerðarmenn, þegar þess er kostur, um hvers kyns galla eða hættur sem þeim er kunnugt um og tengjast notkun gúmmíbjörgunarbatanna og gera þær ráðstafanir til bóta sem þeir telja vera nauðsynlegar.

.2 Stjórnvöld bera ábyrgð á reglubundnu eftirliti með þjónustustöðvum til að sannprófa að þær séu í samræmi við þessi tilmæli og framkvæma gæðamat með skyndiskoðunum eða því eftirliti sem nauðsynlegt kann að teljast til að ná árangri.

.3 Útgerðarmenn bera þá lágmarksábyrgð að tryggja að allir gúmmíbjörgunarbátar sem notaðir eru sem björgunartæki séu viðurkenndir og þjónustaðir með hæfilegu millibili á viðurkenndum þjónustustöðvum.

III. VIÐAUKI

Nauðsynlegt viðbótarþrýstingur (NAP - próf).

1. Loka afhleypiventlunum.
2. Auka smám saman þrýstinginn til þess sem lægra er af; tvisvar sinnum vinnuþrýsting eða það sem er nauðsynlegt til að efni lofthólfins náí a.m.k. 20% af lágmarkstogþoli efnisins.
3. Eftir að þrýstingi er náð og hann hefur verið á í 5 mínútur eiga hvorki að vera lát á saumum, sprungur, rifhljóð eða aðrir gallar, (sjá IMO Res. A521 (13)), né áberandi þrýstifall. Þegar rifhljóð í flothólum eru heyrnleg skal dæma gúmmíbjörgunarbátinn ónýtan. Ef engin rifhljóð eru skal lækka þrýstinginn samtímis því að taka tappa af afhleypiventlunum.
4. Framleiðendur gúmmíbjörgunarbáta skulu setja inn í handbækur sínar töflur um nákvæman NAP-prófþrýsting sem á við um stærð lofthólfa í bátum þeirra, ásamt togþolskröftum sem reiknaðir eru samkvæmt jöfnunni:

$$p \text{ (kg/cm}^2\text{)} = \frac{2 \times \text{togþol (kg/5 cm)}}{25 \times \text{þvermál (cm)}}$$

IV. VIÐAUKI

Próftíðni.

Tíðni viðbótarþrýstingprófa (NAP-prófa), vinnuþrýstingsprófa (WP), uppblástursprófa með CO₂ og athugun á saum á botni (FS) skal vera eftirfarandi.

Próftíðni

Í lok fyrsta árs

Í lok annars árs

Í lok þriðja árs

Í lok fjórða árs

Í lok fimmta árs

Í lok sjötta árs

Í lok sjöunda árs

Í lok áttunda árs

Í lok níunda árs

Í lok tíunda árs

Ellefta til fjórtánda ár

Fimmtánda ár

Sextánda til nítjándá ár

Tuttugasta ár

Tuttugasta og fyrsta til fjórða ár

Tuttugasta og fimmta ár

o.s.frv.

Reglubundin próf

WP-próf

WP-próf

WP-próf

WP-próf

WP-próf

WP-próf

WP-próf

WP-próf

WP-próf

GI-próf + FS

NAP-próf + FS

GI-próf + NAP-próf + FS

NAP-próf + FS

GI-próf + NAP-próf + FS

NAP-próf + FS

GI-próf + NAP-próf + FS

NAP = Nauðsynleg viðbótarþrýstingur

WP = Vinnuþrýstingur

GI = Uppblásturspróf með loftflösku

FS = Athugun sauma á botni

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2001.

Rekstrarreikningur árið 2001.

Tekjur	Kr.
Framlag ríkissjóðs	6.028.434.000
Framlag sveitarfélaga	3.276.437.436
Tekjur alls	<u>9.304.871.436</u>
Framlög	
Bundin framlög	1.006.067.120
Sérstök framlög	773.986.931
Jöfnunarframlög.....	2.506.205.799
Jöfnun tekjutaps v/fasteiganskatts	1.325.000.009
Húsaleigubætur	330.136.109
Jöfnunarframlög til grunnskóla.....	3.216.669.725
Stofnkostnaðarframlög	400.000.000
Framlög til vatnsveitna á lögbýlum	12.639.294
Framlög alls	<u>9.570.704.987</u>
Rekstrarkostnaður	
Laun og launatengd gjöld.....	15.740.717
Annar rekstrarkostnaður.....	19.659.393
Rekstrarkostnaður samtals	<u>35.400.110</u>
Gjöld alls	<u>9.606.105.097</u>
(Rekstrarhalli) hagnaður.....	(301.233.661)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	315.644.573
Hagnaður ársins.....	<u>14.410.912</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2001

Eignir

Veltufjármunir:

Ríkissjóður	277.556.892
Áfallnar vaxtatekjur.....	112.886.727
Aðrar skammtímakröfur.....	3.064.554
Skammtímakröfur samtals	<u>393.508.173</u>

Handbært fé:	
Bankareikningar.....	<u>1.092.543.089</u>

Eignir alls	<u>1.486.051.262</u>
--------------------------	----------------------

Skuldir og eigið fé

	Kr.
Eigið fé	
Eigið fé	<u>1.086.093.341</u>
Skammtímaskuldir:	
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur.....	11.288.673
Ógreidd framlög	242.398.037
Aðrar skammtímaskuldir.....	<u>146.271.211</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>399.957.921</u>
Skuldir samtals	<u>399.957.921</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u><u>1.486.051.262</u></u>

Sjóðstreymi árið 2001.**Handbært fé frá rekstri****Veltufé frá rekstri**

Tekjuafgangur	14.410.912
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Skammtímakröfur (hækkun)	(338.460.442)
Skammtímaskuldir (lækkun).....	<u>(68.043.668)</u>
Breyting samtals	<u>(406.504.110)</u>
Handbært fé frá rekstri	(392.093.198)
Handbært fé í ársbyrjun.....	<u>1.484.636.287</u>
Handbært fé í árslok	<u><u>1.092.543.089</u></u>

Áritun endurskoðenda.

Til ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 20. Ársreikningurinn er lagður fram af yfirstjórn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reiknings-skilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2001, efnahag 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 19. júlí 2002.

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi.

Sigurgeir Bóasson
endurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings.

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2001 varð hagnaður af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 14.411 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2001 var 1.086.093 þús. kr.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2001 með áritun sinni.

Reykjavík, 18. júlí 2002.

Páll Pétursson
félagsmálaráðherra.

Húnbogi Þorsteinsson
formaður ráðgjafarnefndar.

24. júlí 2002

Nr. 590

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hafnarfirði.

Kirkjugarðurinn í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 7. maí 2002 deiliskipulag fyrir Kirkjugarðinn í Hafnarfirði.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir stækkun kirkjugarðsins til suð-vesturs.

Bílskúrar við Álfaskeið 35 – 53.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 4. júlí 2002 deiliskipulag fyrir bílskúra við Álfaskeið 35 – 53, í Hafnarfirði.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir byggingarreiti fyrir bílskúra á þegar byggðum lóðum.

Farið var með tillögurnar samkv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 24. júlí 2002.

F. h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Árnahellis í Leitahrauni.

Að tillögu Náttúruverndar ríkisins og Hellarannsóknafélags Ísland og með samþykki sveitarstjórnar Ölfus hefur umhverfissráðherra ákveðið að friðlýsa hraunhellinn Árnahelli í Leitahrauni sem náttúruvætti í samræmi við 2. tl., 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda hellinn og einstæðar jarðmyndanir sem í hellinum eru. Hellirinn er í flokki örfárra hella á jörðinni sem skarta jafn glæsilegum og ósnortnum hraunmyndunum og er náttúrufrábær á heimsvísu.

Mörk náttúruvættisins eru hellirinn sjálfur og það land sem yfir honum er, sbr. meðfylgjandi uppdrátt, og markast af eftirfarandi hnitum skv. ISN93:

1: 377125,0000 380048,0000	2: 377325,0000 380048,0000
3: 377325,0000 379648,0000	4: 377125,0000 379648,0000

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask innan friðlýsta svæðisins, yfir hellinum og í næsta nágrenni hans er óheimil.
2. Umferð um hellinn er eingöngu heimil með sérstöku leyfi Náttúruverndar ríkisins eða þess sem hefur umsjón með náttúruvættinu í umboði stofnunarinnar.
3. Náttúruvernd ríkisins eða umsjónaraðila hellisins er heimilt að innheimta þjónustugjald fyrir veitta þjónustu, svo sem fyrir leiðsögn um hellinn og skal því varið til eftirlits og verndunaraðgerða við hellinn.
4. Heimilt er að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir umferð í leyfisleysi.
5. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi umsjónaraðila með samþykki Náttúruverndar ríkisins.

Náttúruvernd ríkisins getur falið lögaðila umsjón með náttúruvættinu og um hana skal gerður sérstakur samningur sem umhverfissráðherra staðfestir.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.


Friðlýsingin tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Umhverfissráðuneytinu, 25. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigurður Á. Þráinsson.

Fylgiskjal.



REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um útgáfu og notkun stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, nr. 369 30. maí 2000.

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein:

Handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða er jafnframt heimilt að leggja ökutæki í gjaldskyld bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu en þá skal sérstaklega gætt ákvæða 1. mgr. 5. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 78. gr. a umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. 6. gr. laga nr. 48 22. maí 1997, svo og með hliðsjón af 90. tölul. í XIII. viðauka (tilmæli 98/376/EB) við EES-samninginn, öðlast þegar gildi.

EES-gerðin sem vísað er til er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 46 1999, bls. 159-163.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. júlí 2002.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um löggildingu endurskoðenda með próf frá öðrum háskólum en Háskóla Íslands.

1. gr.

Leggja má að jöfnu við próf það, sem um getur í 4. tl. 1. mgr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd, skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 18/1997, telur sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á þeim málefnum sem varða endurskoðendur og störf þeirra. Prófnefndin skal leita umsagnar viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands um hvort próf frá öðrum háskólum séu sambærileg og próf frá deildinni og þá hvaða próf umsækjandi þyrfti að taka til þess að fullnægja skilyrðum laganna að þessu leyti.

2. gr.

Til að öðlast löggildingu sem endurskoðandi þarf viðkomandi, skv. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1997, að hafa unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn endurskoðanda samtals í þrjú ár. Heimilt er að allt að tvö ár af þriggja ára lágmarksstarfstíma hafi verið unninn undir stjórn erlendra endurskoðenda, enda séu að mati prófnefndar gerðar sambærilegar kröfur og hér á landi um þjálfun og starfsreynslu.

3. gr.

Umsækjandi um löggildingu til endurskoðunarstarfa á Íslandi, sem hefur fengið löggildingu til endurskoðunarstarfa erlendis, getur fengið undanþágu frá ákvæðum 6. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1997, enda standist hann próf í skattarétti og skattskilum, sem prófnefnd skv. 3. gr. annast og löggilding hans til endurskoðunarstarfa sé að öðru leyti talin sambærileg.

leg við kröfur hér á landi að mati prófnefndar. Einnig sýni viðkomandi fram á að hann uppfylli skilyrði um endurmenntun skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 18/1997.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 6. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 26. júlí 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Telma Halldórsdóttir.

30. júlí 2002

Nr. 594

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 5. gr., B. lið, I. kafla bætast eftirfarandi orðskýringar:

Þéttbýlis-, húsa- og iðnaðarskólþ:

1. „þéttbýlisskólþ“: húsaskólþ eða blanda húsaskólps og iðnaðarskólps og/eða afrennslisregnavatns;

2. „húsaskólþ“: skólþ frá íbúðarhúsnæði og þjónustustarfsemi sem einkum á rætur að rekja til efnaskipta mannlíkamans og til heimilisstarfa;

3. „iðnaðarskólþ“: skólþ frá húsnæði til verslunarreksturs eða iðnaðar annað en húsa-skólþ og afrennslisregnavatn;

Hreinn sjór: sjór eða sjóblandað vatn, sem ekki er mengað örverum, hættulegum efnum og/eða eitruðu sjávarsvifi að því marki að það geti spillt hollustu fiskafurða og sem er notað við þau skilyrði sem kveðið er á um í reglugerð nr. 233/1999, um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla og fiskafurða.

2. gr.

E. liður, 4. töluliðs um bönnuð hráefni, A. liðar, 2. viðauka, II. kafla orðast svo:

e) Allan úrgang frá aðskiljanlegum áföngum hreinsunarferlis þéttbýlis-, húsa- og iðnaðarskólps (Samanber orðskýringu í 5. gr. B. lið I. kafla) án tillits til frekari hreinsunar þessa úrgangs og uppruna skólpsins.

Hugtakið „skólþ“ á ekki við um „vinnsluvatn“, þ.e. frárennslí í sérleiðslum í fyrirtækjum í matvæla- og fóðuriðnaði; vatn, sem er veitt í þessar leiðslur, skal vera heilnæmt og hreint (Eins og tilgreint er í reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn). Einnig er heimilt að veita hreinum sjó í leiðslur í fiskvinnslustöðvum (Samanber orðskýringu í 5. gr. B. liðar I. kafla). Vinnsluvatn skal einungis innihalda fýðurefni eða matvæli og skal vera tæknilega laust við hreinsiefni, sótthreinsandi efni eða önnur efni sem eru óheimil samkvæmt lög-gjöfinni um fóður.

Meðhöndla ber efni úr dýraríkinu í vinnsluvatninu í samræmi við D. lið 2. viðauka og reglugerð nr. 660/2000 um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi.

3. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar koma við 4., 12., og 13. tölulið, í D-hluta, 3. viðauka, II. kafla. Jafnframt bætist við nýr töluliður, 17. töluliður, við D-hluta, 3. viðauka, II. kafla. Í þennan flokk falla efni sem eru vaxtaraukandi.

a. Við 4. tölulið, hníslalyf í D-hluta, 3. viðauka, bætist og/eða breytist eftirfarandi:

EBE nr. og ESB-gerð	Nafn og skráningarnúmer þess sem ber ábyrgð á að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
						innihald	innihald	
E 766 937/2001/ IV. viðauki	Intervet International bv	Natriumsalínó- mýsín 120 g/kg (Saco 120)	<i>Samsetning aukefnis:</i> Natriumsalínómýsín ≤ 120 g/kg Kísildíoxíð: 10–100 g/kg Kalsíumkarbónat: 350–700 g/kg <i>Virkt efni:</i> Natriumsalínómýsín, C ₄₂ H ₆₀ O ₁₁ Na, CAS-númer: 53003-10-4 natriumsalt af polýetramónó- karboxýlsýru sem er framleidd af <i>Streptomyces albus</i> (DSM 12217) Skyld óhreinindi: < 42 mg elatíofýlin/kg af natriumsalínó-mýsíni, < 40 g 17-epí-20-desoxý- salínómýsín/kg af natrium- salínómýsíni.	Eldis- kanínur	—	20	25	Notkun bönnuð í a.m.k. 5 daga fyrir slátrun. Í notunarleið- beiningum komi fram: „Hættulegt hrossum.“ „Þetta fôður inniheldur aukefni úr jóníofór- flokknum: óráðlegt er að nota það samfímis tilteknum lyfjum (t.d. tíamúlfíni)“

EBE nr. og ESB gerð	Nafn og skráningarnúmer þess sem ber ábyrgð á að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnatormula, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Hámarks- innihald		Önnur ákvæði
						Lágmarks- innihald	Virktíningar í milligrómmum á kilógramm heilfóðurs	
E771 418/2001/ III. viðauki	Janssen Animal Health B.V./B.A	Diklasúríl 0,5 g/100 g (Clinacox 0,5% forblanda)	Samsetning aukefnis: Diklasúríl: 0,5 g/100 g Sojamejöl: 99,25 g/100 g Polyvidone K 30: 0,2 g/100 g Natríumhýdroxíð: 0,0538 g/100 g	Eldis- kalkúnar	12 vikur	1	1	Notkun bönnuð í a.m.k. fimm daga fyrir slátrun
		Diklasúríl 0,2 g/100 g (Clinacox 0,2% forblanda)	Diklasúríl: 0,2 g/100 g Sojabauamejöl: 39,7 g/100 g Polyvidone K 30: 0,08 g/100 g Natríumhýdroxíð: 0,0215 g/100 g Hvettisáldmjöl: 60 g/100 g Virkt efni: Diklasúríl, $C_{17}H_{15}Cl_3N_3O_5$, (±)-4-klórfeñýl[2,6-díklór-4-(2,3,4,5-tetrahyðró-3,5-díoxó-1,2,4-tríasín-2-ýl) feñýl] acetónítríl, CAS-númer: 101831-37-2, Skyld óhreinindi: Niðurbrotsefni (R064318): ≤ 0,2% Önnur skyld óhreinindi: (R066891, R066896, R068610, R070156, R068584, R070016): ≤ 0,5% hvert um sig Heildaróhreinindi ≤ 1,5%					

b. Við 12. tölulíð, ensím (hvatar) í D-hluta, 3. viðauka bætist og/eda breytist eftirfarandi:

EBE nr. og ESB gerð	Aukefni	Efnamformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald		Önnur ákvæði
					Virkneiningar á heilfóðurs	Hámarks- innihald á kilógramm	
E 1600 418/2001/ I. viðauki	3-fýtasi EC 3.1.3.8	Blanda af 3-fýtasa, framleidd með <i>Aspergillus niger</i> (CBS 114.94), með virkni að lágmarki: Fast form: 5.000 FTU/g (1) Vökvaform: 5.000 FTU/ml	Mjólkurgrisir	2 mánuðir	500 FTU	—	1. Í notunarleifðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggln. 2. Ráðlagður skammtur á kilógramm heilfóðurs: 500 FTU. 3. Til nota í fódurböndur sem innihalda meira en 0,23% fýtínbundinn fosfór.
					280 FTU	—	1. Í notunarleifðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggln. 2. Ráðlagður skammtur á kilógramm heilfóðurs: 400-500 FTU. 3. Til nota í fódurböndur sem innihalda meira en 0,23% fýtínbundinn fosfór.
			Gyltur	—	500 FTU	—	1. Í notunarleifðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggln. 2. Ráðlagður skammtur á kilógramm heilfóðurs: 500 FTU. 3. Til nota í fódurböndur sem innihalda meira en 0,36% fýtínbundinn fosfór.

(1) 1 FTU er magn þess ensíms er leysir 1 mikrómol ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH 5,5 og 37 °C

EBE nr. og ESB gerð	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					innihald Virknisemningar á heilföðurs	innihald á kilógramm heilföðurs	
1353/ 2000/ I. viðauki			Eldis- kjúklingar	—	375 FTU	—	<ol style="list-style-type: none"> 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslupól og þol við köggln. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 500-700 FTU. 3. Tíli nota í fôðurböndur sem innihalda meira en 0,23% fýtinbundinn fosfór.
			Varphætur	—	250 FTU	—	<ol style="list-style-type: none"> 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslupól og þol við köggln. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 300-400 FTU. 3. Tíli nota í fôðurböndur sem innihalda meira en 0,23% fýtinbundinn fosfór.

EBE nr. og ESB gæð	Aukefni	Efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald		Hámarks- innihald	Önnur ákvæði
					Virkni- einingar á hvert klógramm heilföðurs	Virkni- einingar á hvert klógramm heilföðurs		
11 937/2001/ I. viðauki	Endó-1,4-beta- glúkánasi EC 3.2.1.4 Endó-1,3(4)-beta- glúkánasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta- xýlanasi EC 3.2.1.8	Blanda af endó-1,4-beta- glúkánasa, endó-1,3(4)- beta-glúkánasa og endó- 1,4-beta-xýlanasa, <i>Trichoderma longi- brachiatum</i> (ATCC 74 252), með virkni að lágmarki: Kymaform og fljótandi form: Endó-1,4-beta-glúkánasi: 8.000 U (l)/g eða ml Endó-1,3(4)-beta- glúkánasi: 18.000 U (l)/g eða ml Endó-1,4-beta-xýlanasi: 26.000 U (l)/g eða ml	Eldis- kjúklingar	—	Endó-1,4- beta- glúkánasi: 400 U Endó- 1,3(4)- beta- glúkánasi: 900 U Endó-1,4- beta- xýlanasi: 1.300 U	—	1. Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagðir skammtar á hvert klógramm heilföðurs: Endó-1,4-beta-glúkánasi: 400– 1.600 U Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 900–3.600 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 1.300–5.200 U. 3. Til nota í fæðurbíöndur, auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínóxýlönum og beta-glúkónum), t.d. þær sem innihalda meira en 30% hveiti eða bygg og meira en 10% rúg.	

- (1) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,1 mikrómol glúkósa á mínútu úr karboxymetýlsellulósa við pH 5,0 og 40 °C.
- (2) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,1 mikrómol glúkósa á mínútu úr beta-glúkani úr bygg við pH 5,0 og 40 °C.
- (3) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,1 mikrómol glúkósa á mínútu úr xýlani úr hafrafrismi við pH 5,0 og 40 °C.

EBE nr. og ESB gerð	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald		Hámarks- innihald	Önnur ákvæði
					Virkni- mælingar á hvert kilógramm heilfóðurs	innihald		
937/2001/ I. viðauki			Eldis- kalkúnar	—	Endó-1,4- beta- glúkánasi: 400 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln. 2. Ráðlagðir skammtar á hvert kilógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-glúkánasi: 400–800 U endó-1,3(4)-beta- glúkánasi: 900 U	
51 937/2001/ I. viðauki	Endó-1,4-beta- xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,4-beta- xýlanasa, framleiddur með <i>Bacillus subtilis</i> (LMG S- 15136), með virkni að lágmarki 100 IU (4)/g	Mjólkur- grísir	2 mánuðir	Endó-1,4- beta- xýlanasi: 1.300 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kilógramm heilfóðurs: 10 IU. 3. Til nota í fódurböndur auðugar af arabínóxýlani, t.d. þær sem innihalda yfir 40% hveiti.	

(4) 1 IU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol atfoxandi sykra (xýlósafringilda) á mínútu úr xýlani úr birki víði við pH 4,5 og 30 °C.

EBE nr. og ESB gerð.	Aukefni	Eiðmatormúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði
					Virkniæiningar á heilföðurs	Kilógramm	
23 418/2001/ II. viðauki	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Blanda af endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiðdur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CNCM MA 6-10W), með virkni að lágmarki: Fast form: 70.000 IFP (1)/g Vökvaform: 7.000 IFP/ml	Eldis-kalkúnar	—	700 IFP	—	1. Í notkunarleifðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: 1.400 IFP 3. Til nota í fôðurböndur auðugar af fjölskyrum öðrum en sterkju (einkum arabín-oxýlönun), t.d. þær sem innihalda meira en 40% hveiti
27 418/2001/ II. viðauki	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6	Blanda af endó-1,4-beta-xýlanasa, framleidd með <i>Trichoderma reesei</i> (CBS 529.94), og endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleidd með <i>Trichoderma reesei</i> (CBS 526.94), með virkni að lágmarki: Fast form: 200.000 BXU (2)/g 200.000 BU (3)/g Vökvaform: 30.000 BXU/g 30.000 BU/g	Varþenur	—	840 IFP	—	1. Í notkunarleifðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: 840 IFP 3. Til nota í fôðurböndur auðugar af fjölskyrum öðrum en sterkju (einkum arabín-oxýlönun), t.d. þær sem innihalda meira en 40% hveiti
			Mjólkur-grisir	2 mánuðir	7.500 BXU 7.500 BU	— —	1. Í notkunarleifðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: 7.500 til 15.000 BXU 7.500 til 15.000 BU 3. Til nota í fôðurböndur auðugar af fjölskyrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónun og arabín-oxýlönun), t.d. þær sem innihalda meira en 50% hveiti

(1) 1 IFP er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlósafangilda) á mínútu úr xýlani úr höfrum við pH 4,8 og 50 °C.
 (2) 1 BXU er magn þess ensíms sem leysir 0,06 mikrómol afoxandi sykra (xýlósafangilda) á mínútu úr xýlani úr birki við pH 5,3 og 50 °C.
 (3) 1 BU er magn þess ensíms sem leysir 0,06 mikrómol afoxandi sykra (glúkósafangilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggji við pH 4,8 og 50 °C.

EBE nr. og ESB gerð	Aukefni	Efnarmúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði
					Virktíningar á heilfóðurs	Virktíningar á kilógramm	
28 418/2001/ II. viðauki	3-fýtasi EC 3.1.3.8	Blanda af 3-fýtasa, framleiðd með <i>Trichoderma reesei</i> (CBS 528.94), með virkni að lágmarki Fast form: 5.000 PPU (⁶)/g Vökvaform: 1.000 PPU/g	Eldis- kjútkingar	—	500 PPU	—	1. Í notunarleifðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslupól og þol við köggln. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kilógramm heilfóðurs: 500 til 750 PPU. 3. Til nota í fôðurböndur sem innihalda meira en 0,22% fýtimbundinn fosfór.
30 418/2001/ II. viðauki	Endó-1,3(4)- beta-glúkánasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta- xýlanasi EC 3.2.1.8	Blanda af endó-1,3(4)-beta-glúkánasa og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiðd með <i>Penicillium funiculosum</i> (IMI SD 101), með virkni að lágmarki: Duffiform: Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 2.000 U (⁶)/g Endó-1,4-beta-xýlanasi: 1.400 U/g (⁶)/g Vökvaform: Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 500 U/ml Endó-1,4-beta-xýlanasi: 350 U/ml	Eldis- kalkúnar	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 100 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 70 U	—	1. Í notunarleifðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslupól og þol við köggln. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kilógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 100 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 70 U. 3. Til nota í fôðurböndur aúðgar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínóxýlön-um), t.d. þær sem innihalda meira en 50% hveiti
			Varpænur	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 100 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 70 U	—	1. Í notunarleifðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslupól og þol við köggln. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kilógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 100 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 70 U 3. Til nota í fôðurböndur, aúðgar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínóxýlön-um), t.d. þær sem innihalda meira en 60% bygg eða 30% hveiti

(4) 1 PPU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýrati við pH 5,0 og 37 °C.

(5) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 5,55 mikrómol atoxandi sykra (maltósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggji við pH 5,0 og 50 °C.

(6) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 4,00 mikrómol atoxandi sykra (maltósajafngilda) á mínútu úr xýlami úr birkivíði við pH 5,5 og 50 °C.

EBE nr. og ESP gerð	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald Virkniefningar á kilógramm heilföðurs	Hámarks-innihald		Ömur ákvæði
						Virkniefningar á kilógramm heilföðurs	Virkniefningar á kilógramm heilföðurs	
418/2001/ II. viðauki		Efnafornúla, lýsing	Eldissvín	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 100 U Endó-1,4-beta-glúkanasi: 70 U	—	—	1. Í notunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 100 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 70 U 3. Til nota í fôðurböndur auðugar af fjölsýkrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínóxyfónum), t.d. þær sem innihalda meira en 50% bygg eða 60% hveiti
59 418/2001/ II. viðauki	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Subtilisín EC 3.4.21.62 Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1 Fjölgalak túronasi EC 3.2.1.15	Blanda af endó-1,4-beta-xýlanasa, framleidd með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), endó-1,3(4)-beta-glúkanasa og alfa-amýlasa, framleiddum með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553), subtilisíni, framleiddum með <i>Bacillus subtilis</i> (ATCC 2107), fjölgalak túronasa, framleiddum með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), með virkni að lágmarki: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U (°)/g Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 150 U (°)/g Subtilisín: 4.000 U (°)/g Alfa-amýlasi: 400 U (°)/g Fjölgalak túronasi: 25 U (°)/g	Eldis-kjúklíngar	—	Endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 150 U Subtilisín: 4.000 U Alfa-amýlasi: 400 U Fjölgalak túronasi: 25 U	—	—	1. Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 150 U subtilisín: 4.000 U alfa-amýlasi: 400 U fjölgalak túronasi: 25 U 3. Til nota í fôðurböndur auðugar af fjölsýkrum, sterkju og öðrum en sterkju (einkum arabínóxyfónum og beta-glúkónum), t.d. þær sem innihalda meira en 40% mats.
60 418/2001/ II. viðauki	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6	Blanda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleidd með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleidd með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2106), með virkni að lágmarki: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 5.000 U (°)/g Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 50 U (°)/g	Eldis-kjúklíngar	—	Endó-1,4-beta-xýlanasi: 500 U Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 5 U	—	—	1. Í notunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 500 U til 2.500 U endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 5 til 25 U 3. Til nota í fôðurböndur auðugar af fjölsýkrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínóxyfónum), t.d. þær sem innihalda meira en 20% bygg og 40% hveiti

EBE nr. og ESB gerð	Aukefni	Efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					innihald	innihald	
					Virkinieiningar á kílógramm heilföðurs		
61 418/2001/ II. viðauki	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6	Blanda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleidd með <i>Trichoderma reesei</i> (CBS 526.94), með virkni að lágmarki: Duffform: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 17.000 BXU (°)/g Endó-1,3(4)-beta-xýlanasi: 11.000 BU (°)/g Vökvaform: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 22.000 U/ml Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 15.000 U/ml	Eldis- kjúklingar	—	Endó-1,4-beta-xýlanasi: 17.000 BXU Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 11.000 BU	— —	1. Í notkunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslupól og þol við köggulun. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 17.000 BXU endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 11.000 BU 3. Til nota í fôðurböndur auðugar af fjölsýkrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínóxýlönnum), t.d. þær sem innihalda meira en 40% bygg eða 55% hveiti.

- (7) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH 5,3 og 50 °C.
(8) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr bygg við pH 5,0 og 30 °C.
(9) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol fenólsambands (týrósinjafngilda) á mínútu úr kaseínharfenni við pH 7,5 og 40 °C.
(10) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol glúkósíðtengja á mínútu úr vantsóleysanlegu, vixltengdu sterkjuflöðuhvarfenni við pH 6,5 og 37 °C.
(11) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi efnis (galaktúrónsýrujafngilda) á mínútu úr fjöl-D-galaktúrónharfenni við pH 5,0 og 40 °C.

EBE nr. og ESB gerð	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarksinnihald		Önnur ákvæði
					Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	
E 1700 2437/2000/ I. viðauki	<i>Bacillus licheniformis</i> (DSM 5749) <i>Bacillus subtilis</i> (DSM 5750) (í hlutfallinu 1/1)	Blanda <i>Bacillus licheniformis</i> og <i>Bacillus subtilis</i> með lágmarks-aukefnisinnihald $3,2 \times 10^9$ CFU/g ($1,6 \times 10^9$ CFU/g af hvorri bakteríu)	Mjólkur- grísir	2 mánuðir	1,28 × 10 ⁸ CFU/kg heilfóðurs	3,2 × 10 ⁹	Í notunarleifbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.

c. Við 13. tölulið, örverur í D-hluta, 3. viðauka bætist og/eða breytist eftirfarandi:

EBE nr. og ESB gerð	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald		Önnur ákvæði
					Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	
3 937/2001/ II viðauki	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> NCYC Sc 47	Blanda af <i>Saccharomyces cerevisiae</i> sem inniheldur að lágmarki 5×10^9 CFU/g aukefnis	Mjólkurkúr	—	4 × 10 ⁸ CFU/kg heilfóðurs	2 × 10 ⁹	Í notunarleifbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. Magn <i>Saccharomyces cerevisiae</i> í dagskammti skal ekki fara yfir $5,6 \times 10^7$ CFU á hver 100 kg líkamsþyngdar. $8,75 \times 10^8$ CFU er bæt við á hver 100 kg lífþunga sem umfram eru.
5 937/2001/ II. viðauki	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> CBS 493.94	Blanda af <i>Saccharomyces cerevisiae</i> sem inniheldur að lágmarki 1×10^8 CFU/g aukefnis	Mjólkurkúr	—	5 × 10 ⁷	3,5 × 10 ⁸	Í notunarleifbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. Magn <i>Saccharomyces cerevisiae</i> í dagskammti skal ekki fara yfir $1,2 \times 10^8$ CFU á hver 100 kg líkamsþyngdar. $1,7 \times 10^8$ CFU er bæt við á hver 100 kg lífþunga sem umfram eru.

EBE nr. og ESB gerð	Aukefni	Efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarksinnihald		Önnur ákvæði
					Lágmarksinnihald CFU/kg heilfóðurs	Hámarksinnihald	
20 418/2001/ I. viðauki	<i>Bacillus licheniformis</i> DSM 5749 <i>Bacillus subtilis</i> DSM 5750 (í hlutfallinu 1/1)	Blanda <i>Bacillus licheniformis</i> og <i>Bacillus subtilis</i> sem inniheldur að lágmarki $3,2 \times 10^9$ CFU/g aukefnis ($1,6 \times 10^9$ CFU/g af hvorum bakteríu)	Kálfar	6 mánuðir	$1,28 \times 10^9$	$1,6 \times 10^9$	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggulun.
21 418/2001/ I. viðauki	<i>Enterococcus faecium</i> DSM 5530	<i>Blandia Enterococcus faecium</i> sem inniheldur að lágmarki $2,5 \times 10^9$ CFU/g	Kálfar	6 mánuðir	1×10^9	1×10^9	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggulun.

d. Við D-hluta, 3. viðauka, bætist 17. tölulíður. Eftirfarandi vaxtaraukandi efni falla í þennan flokk:

EBE nr. og ESB gerð	Nafn og skráningarnúmer þess sem ber ábyrð að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarksinnihald		Önnur ákvæði
						Lágmarksinnihald (milligrómm virks efnis á hvert kílógramm heilfóðurs)	Hámarksinnihald	
1 1334/2001/ I. viðauki	Norsk Hydro Ltd	Kalíumdíformat (Formi™ LHS)	Samsetning aukefnis: Kalíumdíformat, fast efni 98 g/100 g. Sílfát 1,5 g/100g, Vann 0,5 g/100 g Virkt efni: Kalíumdíformat, fast efni KH(COOH) ₂ CAS-númer 20642-05-1	Mjólkurgrísir	2 mánuðir	6.000	6.000	—
				Eldissvín	—	6.000	6.000	—

4. gr.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi og er sett með stoð í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og með hliðsjón af eftirtöldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar nr. 1353/2000/EB, nr. 1887/2000/EB, nr. 2437/2000/EB, nr. 2697/2000/EB, nr. 418/2001/EB, nr. 937/2001/EB, nr. 1334/2001/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 285/2000/EB.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. júlí 2002.

Guðni Ágústsson.

Ólafur Friðriksson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Velferðarsjóð barna á Íslandi.

1. gr.

Stofnaðild o.fl.

Velferðarsjóður barna á Íslandi, í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn, er stofnaður af Íslenskri erfðagreiningu ehf., kt. 691295-3549, Lynghálslí 1, Reykjavík og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fyrir hönd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, Laugavegi 116, Reykjavík. Hann starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

2. gr.

Markmið.

Markmið með stofnun sjóðsins er að hlúa að hagsmunamálum og velferð barna á Íslandi, m.a. með framlögum til heilbrigðis-, velferðar- og menntamála, og samtaka og félaga á Íslandi sem hafa störf að velferð og lækningum barna á Íslandi sem aðaltilgang sinn. Markmiðum með stofnun sjóðsins skal náð með beinum fjárframlögum og styrkjum svo sem nánar greinir í skipulagsskrá þessari.

3. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal skipuð eftirtöldum þremur aðilum: Fulltrúa Íslenskrar erfðagreiningar ehf., fulltrúa heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fulltrúa atvinnulífsins, sem stofnaðilar tilnefna sameiginlega.

Láti stjórnarmaður af störfum skal varamaður hans taka sæti í stjórn. Skal hann þá tilnefna nýjan varamann í sinn stað.

Stjórnarmenn tilnefna hver um sig sinn varamann. Fulltrúi atvinnulífsins í stjórn sjóðsins skal við stofnun hans vera formaður sjóðsins en stjórnin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum. Stjórnin skal skipuð formanni, gjaldkera og ritara. Formaður skal að jafnaði skipaður til þriggja ára í senn. Stjórninni er heimilt að skipta um formann sjóðsstjórnar

hvenær sem er. Formaður kemur fram fyrir hönd sjóðsins og er forsvarsmaður hans á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Ritari annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala er sjóðnum berast.

Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi og bóka skilmerkilega þær ákvarðanir er teknar eru.

Stjórnin skal velja endurskoðendur sjóðsins. Reikningsár sjóðsins skal miðast við almanaksár.

4. gr.

Fagrád.

Stjórn sjóðsins velur 7 manna fagrád sem skal vera stjórninni til ráðuneytis um framlög úr sjóðnum. Skal fagrád sýna frumkvæði þar um og koma með tillögur að verkefnum til stjórnar.

Stjórn sjóðsins setur fagráði starfsreglur. Stjórn er heimilt að veita fagráði umboð til þess að úthluta smáum styrkjum. Heildarfjárhæð slíkra styrkja og hámarksstyrkur til einstakra verkefna skal ákveðinn í upphafi hvers árs.

5. gr.

Stofnframlag.

Stofnframlag sjóðsins eru 150.000 hlutir í móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. deCODE genetics Inc., þar af óskerðanlegt stofnfé að lágmarksfjárhæð kr. 504.000.-.

6. gr.

Frekari framlög.

Sjóðurinn skal taka á móti öllum frekari fjárframlögum, hvort sem er frá stofnaðilum eða öðrum er veita vilja markmiðum hans brautargengi.

7. gr.

Ráðstöfun fjár.

Framlög úr sjóðnum skulu veitt samkvæmt tillögum fagráðs. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt að ráðstafa fjármagni að eigin frumkvæði til málefna er vakið hafa athygli hennar og teljast vera í þágu þess tilgangs sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar stofnskrár.

Á hverju ári er stjórninni heimilt að veita allt að 12% af uppreiknuðum höfuðstól sjóðsins í árslok undangengins almanaksárs til sjóðsins til verkefna sem hún metur sérstaklega verð framlags, þó ekki af óskertanlegu stofnfé sbr. 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal afla umsagnar fagráðs skv. 4. gr. áður en til afgreiðslu framlaga skv. 1. mgr. þessarar greinar kemur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að skilyrða veitingu fjár úr sjóðnum fyrirfram og ákveða hámarks- og lágmarksfjárhæð einstakra styrkja.

8. gr.

Ávöxtun fjár.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti. Stjórninni er heimilt að fela lög-giltu verðbréfafyrirtæki eða viðskiptabanka að sjá um þennan þátt en ávallt skal þó fjárfestingarstefna borin undir stjórn til samþykktar fyrirfram.

9. gr.

Breytingar og niðurlagning.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt ef báðir stofnaðilar samþykkja slíka breytingu og skal hún send dómsmálaráðherra til staðfestingar.

Séu stofnaðilar sammála um að leggja sjóðinn niður skulu þeir leita staðfestingar dómsmálaráðherra á því.

10. gr.

Skráning sjóðsins.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. júlí 2002.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 91 – 2002

7. ágúst 2002

1645

Nr. 596

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðabyggðar austan Klausturhóla, Kirkjubæjarklaustri.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 6. mars 2002 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðabyggð austan Klausturhóla, Kirkjubæjarklaustri.

Greinargerð og uppráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skaftárhreppi, 7. ágúst 2002.

Ólafía Jakobsdóttir sveitastjóri.

8. ágúst 2002

Nr. 597

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

Breytt deiliskipulag Smiðjuvallahverfis.

Á fundi bæjarráðs Akraness, í umboði bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 11. júlí 2002, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Smiðjuvallahverfis á Akranesi.

Breytingin nær til lóðarinnar nr. 2 við Kalmannsvelli og felst í því að leyfður verður akstur neyðarbíla út á Esjubraut.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Breytt deiliskipulag Flatahverfis meðfram Þjóðbraut.

Á fundi bæjarráðs Akraness, í umboði bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 11. júlí 2002, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis meðfram Þjóðbraut á Akranesi.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir sér inn- og útakstursstútum við Innesveg og breiðari aðkomu frá Þjóðbraut, að lóðinni nr. 14 við Þjóðbraut.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar taka þegar gildi.

Akranesi, 8. ágúst 2002.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag strandhverfis við Arnarnesvog í Garðabæ.

Bæjarstjórn og bæjarráð Garðabæjar samþykktu 13. júní og 16. júlí 2002 tillögu að deiliskipulagi strandhverfis við Arnarnesvog, Garðabæ.

Skipulagið nær annars vegar yfir áður óbyggt svæði og hins vegar hafnarsvæði en þar er gert ráð fyrir að flest núverandi mannvirki verði fjarlægð og að fyllt verði í höfnina. Gert er ráð fyrir um 560 almennum íbúðum og 200 íbúðum sem ætlaðar eru eldri borgurum. Auk íbúða er gert ráð fyrir atvinnuhúsnæði fyrir skrifstofur og þjónustu, lítilli smábátahöfn, bensínstöð, leikskóla, sjóbaðströnd, hverfisþjónustu o.fl. Austast á svæðinu, að Hraunsholtslæk, er skipulagi frestað.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 9. ágúst 2002.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um úthlutun á fiskveiðiarinu 2002/2003 skv. 9. gr. a í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Úthluta skal á fiskveiðiarinu 2002/2003 3.000 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiarinu 1996/1997 eða 1997/1998. Auk þess er heimilt að úthluta allt að 60 lestum samtals af þorski til báta, sem komu í stað annarra báta á tímabilinu 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum settum í 9. gr. laga a. í lögum nr. 38/1990.

2. gr.

Úthluta skal til einstakra báta hlutfallslega miðað við heildaraflamark þeirra í þorskigildum talið.

Við útreikning á úhlutun skv. 1. gr. skal miða við aflahlutdeildarstöðu báta eins og hún var 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmættastuðla á því fiskveiðiári, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 448/1998, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999.

3. gr.

Við úthlutun skv. 1. gr. skal þorskaflamark einstakra báta ekki aukast um meira en 100%, miðað við úthlutað aflamark í upphafi fiskveiðiárs 2002/2003 og enginn bátur hljóta hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Úthlutun þessi skal aldrei leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa í upphafi fiskveiðiársins 2002/2003, verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals.

4. gr.

Verði breytingar á skipakosti útgerðar er henni heimilt að flytja rétt til úthlutunar yfir á annan bát í hennar eigu.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda 1. september 2002.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. ágúst 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiarinu 2002/2003, skv. lokamálsgrein 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Fiskistofa skal á fiskveiðiarinu 2002/2003 úthluta 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa, miðað við óslægðan afla, til krókaafلامarksbáta samkvæmt reikniforsendum reglugerðar nr. 283, 9. apríl 2002, um úthlutun afaheimilda á fiskveiðiarinu 2001/2002, skv. lokamálsgrein 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

2. gr.

Aðeins skal úthluta þeim bátum sem uppfylltu skilyrði reglugerðar nr. 283, 9. apríl 2002, til úthlutunar, enda séu þeir enn skráðir frá sömu sjávarbyggð við útgáfu reglugerðar þessarar. Hafi eigandi báts, sem úthlutun hlaut á fiskveiðiarinu 2001/2002, skv. reglugerð nr. 283/2002, selt þann bát sinn er heimilt að úthluta öðrum báti í hans eigu, sem skráður er í sömu sjávarbyggð, þeim aflaheimildum, sem hinn seldi bátur hefði annars fengið, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar milli bátanna.

Engum báti skal úthlutað meiri aflaheimildum samkvæmt reglugerð þessari en sem nemur því magni, sem viðkomandi bátur hefur landað í hlutaðeigandi sjávarbyggð á tímabilinu 1. ágúst 2001 til 31. júlí 2002.

3. gr.

Miða skal við þorskígildi samkvæmt stuðlum reglugerðar nr. 631/2001 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðirárið 2001/2002. Um afla skal leggja til grundvallar upplýsingar úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er gefin út á grundvelli lokamálsgreinar 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda 1. september 2002.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. ágúst 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

**um sérstaka úthlutun skv. 1. ml. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990,
til skel- og rækjubáta.**

1. gr.

Vegna skerðinga, sem urðu á leyfilegum heildarafla í rækju á innfjarðasvæðum, þ.m.t. Eldeyjarsvæði, á fiskveiðarárinu 2001/2002, skal á fiskveiðarárinu 2002/2003 úthluta aflamarki sem nemur samtals 2.018 þorskígildistonnunum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju.

Við útreikning uppbóta skal miðað við, að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafla rækjuvertíðanna 1995/1996 - 2000/2001. Ekki skal koma til uppbóta samkvæmt reglugerð þessari hafi meðaltalsaflamark báta í innfjarðarækju á einstökum svæðum verið 52,5 lestir eða hærra á fiskveiðarárinu 2001/2002.

Uppbætur samkvæmt 1. ml. 1. mgr. skulu þó skerðast hlutfallslega miðað við lækkun á leyfilegum þorskafla milli fiskveiðaráranna 2001/2002 og 2002/2003.

2. gr.

Vegna skerðinga sem orðið hafa í hörpudisksveiðum í Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa skal á fiskveiðarárinu 2002/2003 úthluta bátum, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski á þessum svæðum, uppbótum í aflamarki, sem samtals nemur 174 þorskígildistonnunum. Skulu 99 þorskígildistonn koma í hlut báta með hlutdeild í hörpudiski í Húnaflóa og 75 þorskígildistonn í hlut báta með hlutdeild í hörpudiski í Ísafjarðardjúpi.

3. gr.

Vegna fyrirsjánlegra skerðinga sem verða í skelveiðum á Breiðafirði á fiskveiðarárinu 2002/2003 skal á því fiskveiðirári úthluta til þeirra báta sem hlutdeild hafa í skel í Breiðafirði samtals 400 þorskígildistonnunum.

4. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar, sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1.

ágúst 2002. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: þorsk, ýsu, ufsa og steinbít í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þessum tegundum á fiskveiðiárinu 2002/2003 og verðmæstastuðla á fiskveiðiárinu 2001/2002.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda 1. september 2002.

Sjávarútvegsráðuneytinu 9. ágúst 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um veiðar dagabáta fiskveiðiárið 2002/2003.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða þeirra báta, sem aðeins mega stunda handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga, sbr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, hér eftir nefndir dagabátar.

Á tímabilinu 1. nóvember 2002 - 31. mars 2003 er dagabátum óheimilt að stunda veiðar, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

2. gr.

Við úthlutun sóknardaga fyrir fiskveiðiárið 2002/2003 skulu varanleg sóknarréttindi einstakra báta skerðast um 10%.

3. gr.

Við útreikning á nýtingu sóknardaga skal miða við þann klukkustundafjölda sem bátur er á sjó og telst hver sóknardagur 24 klukkustundir. Sókn hvers báts skal reiknuð í heilum klukkustundum frá því að bátur lætur úr höfn til þess tíma er bátur kemur til hafnar til löndunar afla. Hver hafin klukkustund telst heil klukkustund í þessu sambandi.

Skipstjóri skal tilkynna Fiskistofu um upphaf veiðiferðar áður en lagt er úr höfn. Telst veiðiferð hafin þegar tilkynning er send. Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu þegar afla er landað hverju sinni. Tilkynningar skal senda í gegnum Símakrók, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu. Í tilkynningu skal ávallt koma fram úr hvaða höfn haldið er í veiðiferð og ennfremur í hvaða höfn afla er landað.

Við eftirlit með sókn dagabáta hefur Fiskistofa aðgang að sjálfvirku tilkynningarkerfi íslenskra skipa. Komi upp misræmi milli tilkynninga samkvæmt 2. mgr. og skráningar samkvæmt sjálfvirka tilkynningarkerfinu getur Fiskistofa ákveðið að hin sjálfvirka skráning verði lögð til grundvallar við útreikning sóknar. Óheimilt er að fara í róður nema sjálfvirka tilkynningarkerfi bátsins sé virkt.

4. gr.

Utan sóknardaga eru dagabátum bannaðar allar veiðar á nytjastofnum. Fiskistofa getur þó veitt leyfi til sérstakra veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net, samkvæmt reglugerðum þar að lútandi.

Fái dagabátur sérstakt leyfi, samkvæmt 1. mgr., er honum óheimilt að nýta sóknardaga þann tíma sem leyfið gildir. Velji eigandi þann kost að nýta ekki allan gildistíma leyfisins, skal hann tilkynna til Fiskistofu hvenær hann hættir að nýta leyfið og er honum eftir það heimilt að nýta sóknardaga bátsins.

Landi dagabátur sem stundar hrognkelsaveiðar aukaafli í botnfiski, getur Fiskistofa áætlað sóknardaga á bátinn vegna aukaflans. Skal Fiskistofa þá miða við að ákveðið magn leiði til eins sóknardags og taka mið af meðaldagsafla hjá krókabátum við handfæraveiðar á sama tíma.

Nýti dagabátur leyfi, samkvæmt 1. mgr., til þess að veiða aðrar tegundir en leyfið miðast við, varðar það leyfissviptingu og viðurlögum skv. 8. gr.

5. gr.

Óheimilt er dagabáti að vera á sjó með veiðarfæri utan sóknardaga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja dagabáta milli hafna með veiðarfæri um borð, enda sé slíkur flutningur fyrirfram tilkynntur Fiskistofu. Í þeirri tilkynningu komi fram milli hvaða hafna bátur er fluttur. Fari bátur á sjó án veiðarfæra á því tímabili sem um ræðir í 1. mgr. skal eigandi hans tilkynna það fyrirfram til Fiskistofu. Tilkynningar skal senda í gegnum Símakrók, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu.

Heimilt er dagabátum að stunda veiðar í tómstundum, enda séu engin veiðarfæri um borð, önnur en handfæri án sjálfvirknibúnaðar og veiðistangir. Afli sem fæst við slíkar veiðar er ekki heimilt að selja eða fényta á annan hátt. Skipstjórar báta sem fara til tómstundaveiða skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst.

Ef ekki er tilkynnt með fullnægjandi hætti sbr. 2. og 3. mgr. reiknast fjarvera báts úr höfn sem sókn.

6. gr.

Um veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni fer samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1990. Óheimilt er að veita báti 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum við lok fiskveiðiársins 2001/2002, leyfi til veiða samkvæmt þessari reglugerð. Þá er óheimilt að stækka bát, sem leyfi hefur til handfæraveiða með dagatakmörkunum, þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

7. gr.

Heimilt er að flytja heila sóknardaga innan fiskveiðiársins eða varanlega milli dagabáta. Sé sá bátur sem sóknardagarnir eru fluttir til, stærri í brúttótonnum talið en sá bátur sem dagarnir eru fluttir frá skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna. Á sama hátt skal skerða sóknardaga báts sem er stækkaður. Flutningur sóknardaga til minni báts eða breytingar á báti, sem leiða til minnkunar hans hefur ekki áhrif á fjölda sóknardaga.

Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts, en sem nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 og 1997/1998. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardagnýtingu árána.

Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátinum og þeirra

sóknardaga sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga, sem fluttir hafa verið til bátsins. Séu sóknardagar fluttir til báts, sem hefur sóknardaga fyrir, breytist ekki sóknardaganýting, sbr. 2. mgr. á þeim dögum sem fyrir voru.

Eignist aðili sem á fyrir dagabát annan bát, sem er án sóknardaga, og koma skal í stað þess báts sem hann á fyrir, er honum heimilt að flytja til hins nýja báts sóknardaga og sóknardaganýtingu sem eru á þeim báti sem hann átti fyrir, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem af stærðarmuni leiða skv. 1. mgr. Sama gildir hafi aðili eignast bát, sem sett hefur fullri skerðingu samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr.

Við útreikning daga samkvæmt þessari grein skal broti sleppt.

Tilkynna skal til Fiskistofu um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Umsóknir um flutning sóknardaga milli fiskibáta innan fiskveiðiársins 2002/2003 skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15. september 2003. Umsóknir um flutning varanlegra sóknardaga milli fiskibáta skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. júlí 2003. Berist umsókn síðar, hefur flutningur varanlegra sóknardaga ekki áhrif á úthlutun sóknardaga á fiskveiðiárinu 2003/2004.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, og lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengi um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Um gjald vegna ólögmeats sjávarafla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. ágúst 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2002/2003.

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni gildir 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Heildaraflí og veiðitímabil.

2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 2002 til 31. ágúst 2003 er leyfilegur heildaraflí og úthlutað aflamark úr botnfisktegundum sem hér segir:

		Leyfi- legur heildar- aflí	Daga- bátar-	Til jöfnunar skv. 9. gr. a í l. nr. 38/1990	Til ráðstöfunar Byggðastofnunar skv. ákv. til brb. XXVI í l. nr. 38/1990	Til rástöf- unar samkv. 1.-3. mgr. 9. gr. l. nr. 38/1990	Úthlutað afla- mark 2002/ 2003
	Tegund	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir
1.	Þorskur	179.000	1.798	3.000	1.164	3.176	169.862
2.	Ýsa	55.000	-	-	358	1.976	52.666
3.	Ufsi	37.000	-	-	241	957	35.802
4.	Steinbítur	16.000	-	-	104	1.284	14.612
5.	Karfi	60.000	-	-	-	-	-
6.	Grálúða	23.000	-	-	-	-	-
7.	Sandkoli	4.000	-	-	-	-	-
8.	Skráplúra	5.000	-	-	-	-	-
9.	Skarkoli	5.000	-	-	-	-	-
10.	Þykkvalúra	1.600	-	-	-	-	-
11.	Langlúra	1.500	-	-	-	-	-
12.	Keila	3.500	-	-	-	-	-
13.	Langa	3.000	-	-	-	-	-
14.	Skötuselur	1.500	-	-	-	-	-

Aflí samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

Aflamark einstakra skipa skal miðað við slægðan fisk með haus í öðrum tegundum en karfa.

Aflamark í sandkolla og skráplúru miðast við afla á svæði sem er sunnan 64°30'N við Austurland og sunnan við línu sem dregin er réttvísandi vestur úr Öndverðarnesi. Á öðrum svæðum eru veiðar á þessum tegundum ekki bundnar aflamarki, sbr. 2. mgr. 13. gr.

Þá er ráðherra heimilt að úthluta viðbótarafلامarki, sem nemur allt að 60 lestum samtals af óslægðum þorski til báta, sem komu í stað annarra báta á tímabilinu frá 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum settum í 9. gr. a. í lögum nr. 38/1990.

3. gr.

Á tímabilinu 1. september 2002 til 31. ágúst 2003 er leyfilegur heildaraflí úr neðangreindum tegundum sem hér segir:

	Tegund	Lestir
1.	Síld (íslensk sumargotssíld)	105.000
2.	Úthafsækja	23.000
3.	Humar	1.600
4.	Hörpudiskur samtals	4.150
	þ.a. Breiðafjörður	4.000
	þ.a. Ísafjarðardjúp	0
	þ.a. Hvalfjörður	150
	þ.a. Húnaflói	0
	þ.a. Arnarfjörður	0
5.	Innfjarðarækja samtals	1.650
	þ.a. Arnarfjörður	500
	þ.a. Ísafjarðardjúp	1.000
	þ.a. Húnaflói	0
	þ.a. Skagafjörður	0
	þ.a. Skjálfandi	0
	þ.a. Öxarfjörður	100
	þ.a. Eldey	0
	þ.a. Norðurfirðir í Breiðafirði	50

Leyfilegur heildarafli af innfjarðarækju og úthafsækju, skv. 2. og 5. tl., er miðaður við bráðabirgðatillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafsaflla og verða þær endurskoðaðar.

Veiðitímabil síldar er frá og með 1. september 2002 til og með 1. júní 2003.

Miðað er við að veiðitímabil innfjarðarækju standi frá 1. október 2002 til 1. maí 2003. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta veiðitíma á ákveðnum veiðisvæðum innfjarðarækju, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar.

Veiðitími og heildarafli annarra tegunda er ákveðinn í sérstakri reglugerð.

Úthafsækjuveiðisvæði.

4. gr.

Til úthafsækju telst rækja, sem veidd er á svæðum, sem skilgreind eru í reglugerð nr. 304, 3. maí 1999, um úthafsækjuveiðisvæði o.fl., og ennfremur rækja, sem veidd er samkvæmt sérstökum leyfum innan viðmiðunarlínu á Breiðafirði.

Úthafsækja sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26°V og norðan 65°30'N telst ekki til aflamarks í úthafsækju, enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók hversu mikill afli sé fenginn á því svæði og tilkynni um veiðar og afla skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar þessarar.

Til að úthafsækjuafli teljist ekki til aflamarks sbr. 2. mgr. skulu skip ennfremur búin fjarskiptabúnaði, sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til Landhelgisgæslunnar um staðsetningu skipsins á klukkustundar fresti. Skulu sendingar samkvæmt ofangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla. Vanræksla á sjálfvirkum sendingum tilkynninga, rangar eða villandi upplýsingar í dagbók eða tilkynningum til Fiskistofu skulu leiða til þess, að allur rækjuafli skipsins í veiðiferðinni reiknist til aflamarks í úthafsækju.

Skipting leyfilegs afla.

5. gr.

Veiðiheimildum í þeim tegundum sem heildarafla er takmarkaður af, skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa, sem afhlutdeild eða krókaafhlutdeild hafa í viðkomandi tegund. Úthlutað aflamark (krókaaflamark) hvers skips í hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild (krókaafhlutdeild) skipsins í viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutaðu heildaraflamarki í tegundinni skv. 2. og 3. gr.

Aflahlutdeild hvers skips skal vera sú sama og skipunum var úthlutað fyrir fiskveiðiárið 1. september 2001 til 31. ágúst 2002, að teknu tilliti til flutnings á aflahlutdeild milli skipa og breytinga, sem leiða af a. lið ákvæðis til bráðabirgða í 7. gr. laga nr. 129, 20. desember 2001.

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar er eftirtalið dregið frá:

1. Áætlaður afli dagabáta, skv. 7. gr.
2. Aflaheimildir, sem ráðstafað er samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/1990.
3. Aflaheimildir sem Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar skv. ákvæði til bráðabirgða XXVI í lögum nr. 38/1990.
4. Aflaheimildir sem úthluta skal skv. 9. gr. a. í lögum nr. 38/1990.

Krókaaflamarksbátar/dagabátar.

6. gr.

Bátum, sem leyfi til veiða hafa með krókaaflamarki, skal úthlutað krókaaflamarki í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu og karfa á grundvelli krókaafhlutdeildar þeirra. Um krókaafhlutdeild og krókaaflamark gilda sömu reglur um útreikning, nýtingu og framsal og gilda um aflahlutdeild og aflamark nema öðruvísi sé kveðið á um í lögum eða reglugerð þessari.

Bátum sem hafa leyfi til veiða með krókaaflamarki, er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá banni þessu með sérstökum leyfum til veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net. Afli sem fæst við slíkar veiðar reiknast til aflamarks bátsins.

Heimilt er að flytja til krókaaflamarksbáts aflamark í öðum tegundum botnfisks en tilgreindar eru í 1. mgr. þessarar greinar. Aflahlutdeild í öðrum tegundum en tilgreindar eru í 1. mgr. er ekki heimilt að flytja til krókaaflamarksbáts. Veiði bátur aðrar tegundir en hann hefur krókaaflamark í, skal skerða aflamark hans í öðrum tegundum samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990. Hverjum báti skal þó heimilt, án þess að til skerðingar komi að veiða allt að 2% af heildarafla sínum í kvótabundnum botnfisktegundum, öðrum en þeim tegundum sem tilgreindar eru í 1. mgr., þó þannig að afli í einni tegund fari aldrei yfir 1% af heildarafla bátsins.

7. gr.

Bátar, sem eingöngu stunda veiðar með handfærum með dagatakörkunum, samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 38/1990, kallast dagabátar. Viðmiðunarþorskafla dagabáta er 1,0047% af leyfilegum heildarþorskafla hvers árs. Um veiðar dagabáta gilda ákvæði reglugerðar um veiðar dagabáta fiskveiðiárið 2002/2003.

Útreikningur aflamarks.

8. gr.

Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skrápflúru, langlúru og þykkvalúru með 0,92, steinbíts, keilu og skötusels með 0,9 og löngu með 0,80.

Þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal deila í magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skrápflúru, langlúru og þykkvalúru með 0,92, steinbíts, keilu og skötusels með 0,9 en löngu með 0,80.

Þegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3,25. Þegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn humar skal deila í vegið magn óslitins humars með 3,25.

Sé botnfiskafli, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, ekki endanlega vigtaður hér á landi og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs fyrir útflutning, samkvæmt reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla, skal reikna aflann með 10% álagi til aflamarks.

Þorskur og ufsi styttri en 50 cm, ýsa styttri en 45 cm og karfi styttri en 33 cm teljast að hálfu til aflamarks, enda fari afli undir áðurgreindum stærðarmörkum ekki yfir 10% af viðkomandi tegund í veiðiferð. Heimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin þeim skilyrðum að afla undir tilgreindum stærðum sbr. 1. málslíð, sé haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni, sem annast endanlega vigtun aflans innanlands. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um afla, sem frystur er um borð í veiðiskipi, nema um heilfrystan fisk sé að ræða. Allur fiskur, sem veiddur er á handfæri telst til aflamarks.

Um annan afla, sem reiknast utan aflamarks fiskiskipa, vísast að öðru leyti til lokamálsgreinar 34. gr. reglugerðar um vigtun sjávarafla og 3. gr. reglugerðar um nýtingu afla og aukaafurða.

9. gr.

Þegar meta skal til hvaða fiskveiðiárs tiltekinn afli telst, skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli sem landað er 1. september 2002 eða síðar til fiskveiðiársins 1. september 2002 til 31. ágúst 2003, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðiárs.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðiárs, þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

Framsal og sameining veiðiheimilda.

10. gr.

Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki, er heimilt að flytja aflamarkið á milli fiskiskipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks á eyðublaði sem Fiskistofa gefur út og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrir en Fiskistofa hefur staðfest hann. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um nöfn og skipaskrárnúmer þeirra skipa sem aflamark er flutt á milli og magn aflamarks, auk upplýsinga um verð aflamarks nema skipin séu í eigu sama aðila. Eigandi og útgerðaraðili þess skips sem aflamarkið er flutt frá skulu undirrita og leggja fram tilkynningu um flutning og skal tilkynningin einnig vera undirrituð af eiganda eða útgerðaraðila þess skips sem aflamarkið er flutt til.

Tilkynningu um flutning aflamarks skal fylgja staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggja samningur útgerðar og áhafnar, þess skips sem aflamarkið er flutt til, um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Skal sá samningur uppfylla kröfur sem Verðlagsstofa

skiptaverðs gerir samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna með síðari breytingum. Telji Verðlagsstofa skiptaverðs að gildissvið laga nr. 13/1998 nái ekki yfir viðkomandi skip, skal staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs lúta að því.

Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu flutningsgjald að fjárhæð kr. 2.000 með hverri tilkynningu. Gjaldalagi reiknings er við útgáfu reiknings og eindagi er 15 dögum síðar. Gjaldið er óendurkræft. Hafi reikningur ekki verið greiddur á eindaga er Fiskistofu heimilt að stöðva fekari flutning aflamarks frá og til viðkomandi fiskiskips.

Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

Krókaaflamark verður ekki flutt til báts með aðra gerð veiðileyfis og aðeins til báts, sem er undir 15 brúttótonnum.

Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt 12. gr. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs, vegna tjóns eða meiriháttar bilana, hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar, samkvæmt þessari grein.

Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem skipi er úthlutað. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks vegna breytinga á skipakosti viðkomandi útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns.

Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

11. gr.

Flutning á aflahlutdeild milli fiskiskipa skal tilkynna Fiskistofu skriflega fyrirfram. Krókaaflahlutdeild verður ekki flutt til báts með aðra gerð veiðileyfis og aðeins til báts, sem er undir 15 brúttótonnum. Eigandi þess skips, sem aflahlutdeildin er flutt frá, skal undirrita beiðni um flutning. Við flutning á aflahlutdeild skal leggja fram veðbókavottorð þess skips sem flutt er frá auk skriflegs samþykkis eftirgreindra aðila: a. aðila er þinglýst veð áttu í skipinu 1. janúar 1991, b. aðila, sem eiga þinglýsta kvöð á skipinu frá 1. janúar 1991 til 31. desember 1997, þar sem kveðið er á um að framsal aflahlutdeildar sé óheimilt án samþykkis kvaðarhafa, c. aðila, sem eiga þinglýst veð í skipinu frá og með 1. janúar 1998, enda hafi samþykki þeirra verið þinglýst.

Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Aldrei er heimilt að flytja aflahlutdeild milli skipa, leiði slíkur flutningur til þess að veiðheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

Umsóknir um flutning aflahlutdeildar milli fiskiskipa skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. júlí 2003. Berist umsókn eftir 31. júlí 2003, hefur flutningur aflahlutdeildar ekki áhrif á úthlutun aflamarks fiskveiðiárið 2003/2004.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli af heildarafla-

hlutdeild eftirtalinna tegunda en sem hér segir: Þorskur 12%, karfi 35%, ýsa, ufsi, grálúða, síld, loðna og úthafs-rækja 20%. Um takmörkun á hámarksafhlutdeild vísast að öðru leyti til 11. gr. a og 11. gr. b í lögum nr. 38/1990.

Þorskígildisstuðlar.

12. gr.

Þorskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 2002 til 31. ágúst 2003 eru þessir:

Tegund	Stuðlar	Tegund	Stuðlar	Tegund	Stuðlar
þorskur	1,00	grálúða	1,62	humar (slitinn)	7,15
ýsa	1,20	gulllax	0,43	innfjaðrarækja	0,52
ufsi	0,48	skarkoli	1,28	úthafs-rækja	0,71
karfi	0,54	langlúra	0,70		
skötuselur	1,98	þykkvalúra	1,62		
steinbítur	0,69	skrápflúra	0,48		
langa	0,88	hörpudiskur	0,25		
keila	0,54	loðna	0,05		
sandkoli	0,47	síld	0,16		

Ofangreindir stuðlar gilda við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar og varðandi færslu milli tegunda eftir því sem við á, sbr. 10. og 12. gr. laga nr. 38/1990.

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíku ekki viðkomið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerðar nr. 522/1998 um vigtun sjávaraflla.

Afla af skrápflúru og sandkolla sem fenginn er á því veiðisvæði sem tilgreint er í 4. mgr. 2. gr. skal haldið aðskildum frá öðrum afla af þessum tegundum og hann veginn og skráður sérstaklega.

Skipstjórar fiskiskipa, sem halda til úthafs-rækjuveiða á Dohrnbanka, sbr. 2. mgr. 4. gr., skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær þær hefjast og hvenær þeim lýkur.

Ef haldið er til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands skal, þegar haldið er úr höfn, tilkynna Fiskistofu hvar fyrirhugað sé að stunda veiðar. Þá skal tilkynna hvenær veiðar hefjast og hvenær þeim lýkur, nema annað sé ákveðið í sérstökum reglugerðum um viðkomandi veiðar. Í tilkynningunni komi fram, eftir því sem við á, áætlaður afli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar bæði innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta gildir þó ekki, haldi skip til veiða utan lögsögunnar á úthafskarfa, síld, loðnu, kolmunna, túnfiski og makríl, enda sé Fiskistofu tilkynnt um slíkt í samræmi við reglur þar að lútandi.

Heimilt er þó með samþykki Fiskistofu að víkja frá banni samkvæmt 5. mgr., enda hafi afli og aflasamsetning um borð í fiskiskipi verið staðfest með fullnægjandi hætti að mati Fiskistofu, áður en skip flytur sig milli veiðisvæða utan og innan lögsögunnar.

14. gr.

Útgerðum skipa með fullvinnsluleyfi er skylt að lokinni veiðiferð að skila sérstakri skýrslu um afla til Fiskistofu á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til.

Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til sbr. reglugerð nr. 303/1999, um afladagbækur.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um móttekinn afla í því formi, sem Fiskistofa ákveður sbr. reglugerð nr. 910/2001, um skýrsluskil vegna viðskipta með afla.

15. gr.

Heimilt er að nýta báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, til veiða í tómstundum enda séu engin veiðarfæri um borð, önnur en handfæri án sjálfvirknibúnaðar eða veiðistangir. Óheimilt er að selja aflann eða fénytá á annan hátt.

Skipstjórar báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni og fara til veiða skv. 1. mgr., skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst.

16. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, sbr. V. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um sviptingu veiðileyfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, sbr. IV. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Um gjald vegna ólögmeats sjávarafra skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 57, 3. júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 413, 5. júní 2002, um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2002/2003.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. ágúst 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður á tímabilinu frá og með 19. ágúst til og með 31. ágúst 2002 verði 10% af dilkum. Fyrir sama tímabil er útflutningshlutfall ákveðið 0% af kjöti af fullorðnu fé.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. ágúst 2002.

Guðni Ágústsson.

Hákon Sigurgrímsson.

REGLUGERÐ

um nýtingu afla og aukaafurða.

1. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla en þó skal sleppa lifandi þorski og ufsa styttri en 50 cm að lengd og ýsu styttri en 45 cm, sem fæst á handfæri. Þá er þeim aðilum sem stunda netaveiðar, aðrar en grásleppuveiðar skv. sérstöku leyfi Fiskistofu, skylt að sleppa allri grásleppu, sem lifandi er í netum þegar þau eru dregin.

2. gr.

Heimilt er að varpa fyrir borð verðlausum fiski, innyflum, hausum og öðru því sem fellur til við verkun og vinnslu afla um borð í veiðiskipum, enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skylt að hirða og koma með að landi öll þorsk- og ufsa-hrogn. Þá er og skylt að hirða og koma með að landi allan afskurð, sem fellur til við snyrtingu á þorsk-, ýsu- og ufsaflökum um borð í fullvinnsluskipum.

3. gr.

Komi afli í veiðarfæri fiskiskips sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt, sem ekki er unnt að komast hjá við tiltekna veiðar, skal ekki reikna þann afla til aflamarks skipsins. Þessum afla skal haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins, hann veginn og skráður sérstaklega. Afla þennan er eingöngu heimilt að nýta til bræðslu.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, sbr. 1. gr. laga nr. 13, 4. mars 2002 til að öðlast gildi 1. september 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 350, 25. júní 1996, um nýtingu afla og aukaafurða.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. ágúst 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skriðufells, Skeiða- og Gnúpverjahreppi dags. 20. maí 2002.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 16. júlí 2002, breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skriðufells í Þjórsárdal. Breytingin felst í því að leiksvæði og 4 nýir byggingarreitir eru felldir niður innan svæðis A. Jafnframt að bætt er við leiksvæði og fjórum nýjum byggingarreitum innan svæðis B. Greinargerð og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Árnesi, 16. júlí 2002.

Már Haraldsson oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

1. Breyting á deiliskipulagi í Molduhrauni við Garðahraun 2.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Molduhrauni við Garðahraun 2. Í breytingartillögunni er m.a. gert ráð fyrir einum stórum byggingarreit, en þeir voru tveir minni áður, auk þess sem nýtingarhlutfall grunnflatar húss á lóð má vera allt að 48,3% í stað 40% samkvæmt gildandi skilmálum. Að öðru leyti gilda skipulagsskilmálar svæðisins óbreyttir.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

2. Deiliskipulag – Afmörkun lóðar fyrir auglýsingaskilti við Reykjanesbraut og Vífilsstaðaveg.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt deiliskipulag þar sem afmörkuð er lóð fyrir auglýsingaflattiskilti við gatnamót Reykjanesbrautar og Vífilsstaðavegar, norðan við Vífilsstaðaveg og vestan við Reykjanesbraut. Skiltið er þríhyrningslaga að grunnfleti, hver hlið um 6,5 m breið og hámarkshæð um 8,5 m.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar skipulagsbreytingar og skipulag öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 9. ágúst 2001.

F.h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir starfsmannahús í Þjóðgarðinum í Skaftafelli í Öræfum, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur bæjarstjórn Hornafjarðar þann 21. maí 2002, samþykkt deiliskipulag af svæði fyrir starfsmannahús í Þjóðgarðinum í Skaftafelli, Öræfum.

Deiliskipulagið felur í sér, annars vegar breytingu núverandi gripahúsa í starfsmanna- og aðstöðuhús, og hins vegar nýtt hús fyrir starfsmenn þjóðgarðsins. (Um er að ræða svæði á aurunum framan við brekkurætur, neðan Skaftafellsbæja).

Deiliskipulagið er unnið af Fjölhönnun, verkfræðistofu, Þingholtsstræti 17, Reykjavík, dagsett 11. apríl 2002.

Deiliskipulagið var auglýst samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hékk uppi til kynningar frá 1. júní 2002 til 29. júní 2002. Frestur til að skila athugasemdum var til 15. júlí 2002. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar, og gerir stofnunin ekki athugasemdir við að það verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 6. ágúst 2002.

Hákon Valdimarsson,

byggingarfulltrúi Austur-Skaftafellssýslu.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Dalsgarðs II í Mosfellsdal, íbúðarhús, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag fyrir Dalsgarð II í Mosfellsdal, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann. 27. mars 2002.

Tillagan fellst í því að heimilt er að byggja við núverandi íbúðarhús og hámarks nýtingarhutfall er 0,1.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 12. ágúst 2002.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að leyfilegur hámarkshraði á neðangreindum götum í eftirtöldum hverfum Reykjavíkur skuli vera 30 km/klst.:

Fossvogur:

Kelduland,
Markland,
Kjalarland,
Logaland,
Kúrland,
Ljósaland,
Kvistaland,
Láland.

Rimahverfi:

Langirimi, frá Flétturima að Lyngrima,
Berjarimi,
Fífurimi,
Flétturimi,
Grasarimi,
Hrísrimi,
Hvannarimi,
Mururimi,
Rósarimi,
Mosarimi,
Lyngrimi,
Klukkurimi,
Laufrimi.

Engjahverfi:

Gullengi, að Skólavegi,
Laufengi,
Fróðengi,
Reyrengei.

Heimar:

Glaðheimar,
Goðheimar,
Ljósheimar,
Sólheimar.

Sund:

Efstasund,
Skipasund,
Sæviðarsund,
Hólsvegur, austan Langholtsvegur,
Drekavogur,
Hólmasund,
Njörvasund,
Hlunnavogur,
Sigluvogur.

Seljahverfi:

Giljasel,
Gljúfrasel,
Grjótasel,
Grófarsel,
Hagasel,
Hálsasel,
Heiðarsel,
Hjallasel,
Hnjúkasel,
Holtasel,
Hólmasel,
Hæðarsel,
Hryggjarsel,
Kögursel,
Látrasel,
Lindarsel,
Lækjarsel,
Malarsel,
Melsel,
Mýrarsel,
Raufarsel,
Réttarsel,
Síðusel,
Skagasel,
Skriðusel.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. ágúst 2002.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna lagningu ökutækja í Vesturhlíð, þannig:

- við norðurkant, frá Suðurhlíð að Vesturhlíð 7,
- við suðurkant, frá Suðurhlíð að aðalinkeyrslu Fossvogskirkjugarðs.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. ágúst 2002.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um hættumat fyrir Eskifjörð.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 12. ágúst 2002 staðfest tillögu hættumatsnefndar Fjarðabyggðar að hættumati fyrir Eskifjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu 12. ágúst 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar þann 7. maí 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Giljahverfis IV.

Um er að ræða breytt skipulag svæðis vestan Merkigils, beggja vegna við Fákagil, sem í upphaflegu deiliskipulagi var ætlað undir verslun og þjónustu. Hið breytta skipulag gerir ráð fyrir tveimur lóðum þarna fyrir samtals 15 íbúðir í einnar hæðar raðhúsum, án bílskúra.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi öll ákvæði sem varða þennan reit í eldra deiliskipulagi, sem samþykkt var í bæjarstjórn 23. nóvember 1993.

Akureyri, 2. ágúst 2002.

F.h. Akureyrarbæjar,

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

AUGLÝSING

**um deiliskipulag frístundalóðar nr. 200 við 5. braut
í landi Miðengis við Álftavatn, Grímsnes-
og Grafningshreppi.**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag lóðar nr. 200 við 5. braut í landi Miðengis við Álftavatn, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 14. ágúst 2002.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 2002

Nr. 615

1666

14. ágúst 2002

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlanir og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Reitir 1.170.1 og 1.170.2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. júlí 2002, deiliskipulag fyrir reiti 1.170.1 og 1.170.2 sem afmarkast af Bankastræti, Lækjargötu, Amtmannsstíg og Þingholtsstræti. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reitur 1.170.3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. mars 2002, deiliskipulag fyrir reit 1.170.3 sem afmarkast af Bankastræti, Þingholtsstræti, Amtmannsstíg og Ingólfsstræti. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ártúnshöfði, austurhluti.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 2. júlí 2002, deiliskipulag fyrir Ártúnshöfða, austurhluta. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ofanleiti 1 og 2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. maí 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Ofanleiti 1 og 2. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Grafarholt, austur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 2. júlí 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt, austur. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Rauðagerði 27.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 10. ágúst 1999, breytingu á deiliskipulagi fyrir Rauðagerði 27. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Borgartún 25-27 og 31.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 14. júní 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartún 25-27 og 31. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Teigahverfi, syðri hluti.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 02. júlí 2002, deiliskipulag fyrir Teigahverfi, syðri hluta. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 14. ágúst 2002.

Helga Bragadóttir, skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

AUGLÝSING

um sérstakt svæðisskipulag fyrir Kárahnjúkavirkjun.

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. ágúst 2002 staðfest sérstakt svæðisskipulag fyrir Kárahnjúkavirkjun.

Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir virkjun Jökulsár á Dal með stíflum við Fremri-Kárahnjúk, syðst í Hafrahvammagljúfri og tveimur hjástíflum, Sauðárdalsstíflu og Desjárstíflu. Við það myndast miðlunarlón, Háslón, sem verður allt að 57 km² að flatarmáli. Þaðan er vatni veitt út í Jökulsá í Fljótsdal skammt frá Valþjófsdal. Jökulsá í Fljótsdal er stífluð neðan við Eyjabakkafoss og vatni úr henni er veitt um jarðgöng inn í aðrennslisgöng Kárahnjúkavirkjunnar. Þá er vatni af Hraunum veitt til Jökulsár í Fljótsdal. Skipulagssvæðið nær yfir áhrifasvæði fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunnar í Fljótsdalshreppi, Norður-Héraði, Fellahreppi og Austur-Héraði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Í undirbúningi er breyting á afmörkun friðlands í Kringilsárrana til samræmis við fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu.

Svæðisskipulag þetta öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 15. ágúst 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, svæðið norðan Vatnajökuls.

Samkvæmt 14. gr. a., sbr. 7. mgr. 13. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 15. ágúst 2002 staðfest breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015.

Breytingin varðar breytingar á fyrirkomulagi virkjana, samgöngum, náttúruverndar-svæðum og svæðum fyrir ferðaþjónustu á svæðinu norðan Vatnajökuls.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar miðhálandisins. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Í undirbúningi er breyting á afmörkun friðlands í Kringilsárrana til samræmis við fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 15. ágúst 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 94 – 2002

21. ágúst 2002

1669

Nr. 618

REGLUGERÐ

um greiðslu gjalds til Próunarsjóðs sjávarútvegsins fiskveiðiárið 2002/2003.

1. gr.

Eigendur fiskiskipa sem fá úthlutað aflaheimildum þann 1. september 2002 skulu greiða gjald er nemur 1.358 krónum á hvert úthlutað þorskígildstonn miðað við verðmætahlutföll einstakra tegunda samkvæmt 3. gr. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum; þann 1. september 2002, 1. janúar 2003 og 1. maí 2003. Eigandi fiskiskips er fær úthlutun á öðrum tíma innan fiskveiðiársins skal greiða jafnhátt gjald vegna þeirrar úthlutunar. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum. Fari úthlutun fram á fyrsta ársþriðjungi fiskveiðiársins fellur gjaldið í gjalddaga þann 1. janúar 2003, 1. maí 2003 og 1. september 2003. Fari úthlutun fram á öðrum ársþriðjungi fiskveiðiársins fellur gjaldið í gjalddaga 1. maí 2003, 1. september 2003 og 1. janúar 2004. Fari úthlutun fram á þriðja ársþriðjungi fiskveiðiársins fellur gjaldið í gjalddaga 1. september 2003, 1. janúar 2004 og 1. maí 2004. Fari stjórn fiskveiða krókabáta fram með öðrum hætti en úthlutun aflaheimilda á grundvelli aflahlutdeildar eða krókaaflahlutdeildar skal eigandi báts greiða 1.358 kr. af hverju lönduðu þorskígildistonni viðkomandi báts, í tegundum þar sem hann er ekki bundinn aflatakörkunum en sæta ákvörðun um heildarafla, á tímabilinu 1. ágúst 2001 til 31. júlí 2002 miðað við skráningu aflans í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Miða skal við verðmætastuðla samkvæmt 3. gr. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum; 1. september 2002, 1. janúar 2003 og 1. maí 2003.

2. gr.

Hafi greiðsla fyrir gjald skv. 1. gr. ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga á þann bankareikning sem tilgreindur er á reikningi skv. 4. gr. fellur veiðileyfi viðkomandi fiskiskips niður án frekari viðvörunar. Hæstu lögleyfðu dráttarvextir reiknast á vanskil frá gjalddaga ef ekki er greitt innan mánaðar frá gjalddaga.

3. gr.

Við útreikning þorskígildisstuðla við álagningu gjalds skv. 1. gr. skal miða við eftirfarandi þorskígildisstuðla: Þorskur 1,00, ýsa 1,20, ufsi 0,48, karfi 0,54, langa 0,88, keila 0,54, steinbítur 0,69, úthafskarfi 0,58, skötuselur 1,98, gulllax 0,43, grálúða 1,62, skarkoli 1,28, þykkvalúra 1,62, langlúra 0,70, sandkoli 0,47, skrápflúra 0,48, norsk-íslensk síld 0,12, síld 0,16, loðna 0,05, kolmurni 0,05, humar (slitinn) 7,15, rækja af Flæmingjagrunni 0,97, innfjarðarækja 0,52, úthafs rækja 0,71 og hörpuðiskur 0,25.

4. gr.

Fiskistofa annast innheimtu gjaldsins og sendir eiganda fiskiskips reikning vegna gjalds þessa. Á reikningi skal koma fram að um sé að ræða innheimtu á gjaldi skv. lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem renni til Þróunarsjóðs. Ennfremur skal koma fram úthlutað magn eða viðmiðunaraflí viðkomandi fiskiskips, gjald á þorskígildistonn, heildarfjárhæð gjalds, gjalddagar gjaldsins og aðrir greiðsluskilmálar ásamt númeri banka-reiknings sem greiða ber inn á. Gjaldið er ekki endurkræft enda þótt úthlutað þorskígildistonn verði ekki nýtt. Eigandi fiskiskips er gjaldskyldur vegna úthlutaðra þorskígildistonna þótt aflaheimildir verði framseldar á annað fiskiskip.

5. gr.

Fiskistofa skal halda fjárreiðum vegna innheimtu þessarar aðgreindum frá bókhaldi sínu og skal standa Þróunarsjóði sjávarútvegsins skil á innheimtu gjaldsins eins fljótt og auðið er, þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal greiða Fiskistofu samkvæmt reikningi kostnað vegna innheimtu þeirrar sem Fiskistofa annast skv. reglugerð þessari.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 636, 26. ágúst 2001, um greiðslu gjalds til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins fiskveiðiárið 2001/2002.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. ágúst 2002.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 95 – 2002

23. ágúst 2002

1671

Nr. 619

REGLUGERÐ

**um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) skv. lögum nr. 117/1993
um almannatryggingar, með síðari breytingum.**

1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) skv. 2. mgr. 11. gr., 5. mgr. 12. gr. og 1. - 7. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. september 2002 að telja um 8,9% frá því sem þau voru í ágúst 2002.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 66. gr., sbr. 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. ágúst 2002.

Jón Kristjánsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

23. ágúst 2002

Nr. 620

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Fossaleytnir 19-21.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. júlí 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossaleytni 19-21. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. ágúst 2002.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

REGLUGERÐ

um (11.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanþjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni, skulu breytast þannig:

Í 5. gr. komi kr. 37.744 í stað kr. 34.659.

Í 6. gr. komi kr. 37.744 í stað kr. 34.659.

Í 10. gr. komi kr. 37.744 í stað kr. 34.659.

Í 14. gr. komi kr. 37.744 í stað kr. 34.659.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 26. gr., sbr. 22. gr., laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 með síðari breytingu, öðlast gildi 1. september 2002.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. ágúst 2002.

Jón Kristjánsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nr. 622

15. ágúst 2002

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995 – 2015, Rafhareitur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulag- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. ágúst 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995 – 2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í að landnotkun á Rafhareit við Lækjargötu breytist frá því að vera svæði fyrir blandaða landnotkun iðnaðar og verslunar og þjónustu í það að vera íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. ágúst 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 96 – 2002

20. ágúst 2002

1673

Nr. 623

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, reiðleið við Heiðmerkurveg.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 20. ágúst 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir nýrri reiðleið samsíða Heiðmerkurvegi við Vífilsstaðahlíð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. ágúst 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

28. ágúst 2002

Nr. 624

REGLUGERÐ

um bann við kolmunnaveiðum á Þórsbanka.

1. gr.

Frá og með 30. ágúst 2002 til 31. desember 2002, eru allar veiðar á kolmunna bannaðar á Þórsbanka á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|------------------------------|-------------------------------|
| 1. 64° 16'00 N – 12° 00'00 V | 7. 63° 30'00 N – 10° 55'00 V |
| 2. 64° 10'00 N – 12° 09'00 V | 8. 63° 45'00 N – 10° 40'00 V |
| 3. 64° 00'00 N – 12° 09'00 V | 9. 64° 04'00 N – 11° 04'00 V |
| 4. 63° 46'00 N – 12° 09'00 V | 10. 64° 17'00 N – 10° 34'00 V |
| 5. 63° 26'00 N – 11° 55'00 V | 11. 64° 37'00 N – 10° 51'00 V |
| 6. 63° 17'00 N – 11° 20'00 V | 12. 64° 33'00 N – 11° 30'00 V |

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. ágúst 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 718, 11. október 2000,
um síldveiðar með vörpu.**

1. gr.

Í stað: „9. september til 31. maí“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 1. september til 31. maí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi eftirtaldar reglugerðir: nr. 669, 7. september 2001, nr. 117, 13. febrúar 2002, nr. 247, 27. mars 2002 og nr. 347, 6. maí 2002 um breytingu á reglugerð nr. 718, 11. október 2000, um síldveiðar með vörpu.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. ágúst 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Snorri Rúnar Pálmason.

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017,
Ásláksstaðir og Ós.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. ágúst 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017 frá 7. desember 1998.

Breytingin varðar landnotkun í landi Ásláksstaða og Óss. Breytingin á landnotkun í landi Ásláksstaða varðar tún og opin svæði, óbyggð sem verða svæði fyrir bændaskógrækt. Landnotkun í landi Óss breytist úr túnnum, lögbýli og opnum svæðum, óbyggðum í íbúðarsvæði og opin svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Arnarneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. ágúst 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017, Ytri-Bakki.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. ágúst 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017 frá 7. desember 1998.

Um er að ræða eftirfarandi breytingar á landnotkun í landi Ytri-Bakka:

Framtíðarsvæði fyrir íbúðarbyggð, skógrækt og tún verða svæði fyrir íbúðarbyggð. Jafnframt er sýnd tenging við Hjalteyrarveg.

Opinber þjónusta og opin svæði, óbyggð verða svæði fyrir frístundahús.

Lögbýli og tún verður íbúðarhús með rúmlega eins hektara lóð.

Skógræktarsvæði verður að hluta svæði fyrir sumarhús.

Lögbýli/landbúnaðarmannvirki verður sumarhús og skógrækt.

Lögbýli/landbúnaðarmannvirki verður svæði fyrir iðnað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Arnarneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. ágúst 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, iðnaðar-, viðskipta- og þjónustusvæði við Kaplakrika.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 20. ágúst 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að skipt er út texta í greinargerð á síðu 61 þannig að viðmiðun fyrir hámarksnýtingarhlutfall lóða á svæði fyrir iðnað, viðskipti og þjónustu við Kaplakrika eykst úr 0,4 í 0,4-1,0.

Breyting þessu hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. ágúst 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017, Hjalteyri.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. ágúst 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017 frá 7. desember 1998.

Breytingin varðar landnotkun á Hjalteyri þar sem hluti iðnaðarsvæðis verður svæði fyrir verslun og þjónustu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Arnarneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. ágúst 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 97 – 2002

30. ágúst 2002

1677

Nr. 630

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. október 2002 verði 25% af dilkum. Frá 1. nóvember til og með 17. nóvember verði útflutningshlutfallið 16%, en 8% frá 18. nóvember til og með 31. desember 2002. Fyrir sömu tímabil er útflutningshlutfall ákveðið 0% af kjöti af fullorðnu fé.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. ágúst 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

20. ágúst 2002

Nr. 631

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarsvæðis austan Reykjavíkurveg“ vegna Dalshrauns 7 í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 11. júní 2002 breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarsvæðis austan Reykjavíkurveg“ vegna Dalshrauns 7 í Hafnarfirði.

Breytingin felst í meginatriðum í því að gerð er breyting á staðsetningu byggingarreita og hæðum húsa.

Farið var með tillöguna samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 20. ágúst 2002.

F. h. bæjarskipulags Hafnarfjarðarbæjar,
f. h. Hafðísar Hafliðadóttur skipulagsstjóra,
Lilja Grétarsdóttir arkitekt.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar, er öðlist gildi 1. september 2002.

Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar, nr. 58 frá 29. janúar 1998, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 3%.

Iðnaðarráðuneytinu, 27. ágúst 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Laugarás – Hrafnista.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 31. júlí 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Laugarás – Hrafnistu. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. ágúst 2002.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING

um útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2002-2003.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, hefur verið ákveðið að útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2002-2003 verði kr. 186 á hvert kg af dilka-kjöti.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. ágúst 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 98 – 2002

29. ágúst 2002

1679

Nr. 635

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum NA af Sléttugrunni.

1. gr.

Frá og með 3. september 2002 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 67°00'00 N – 16°40'00 V | 4. 67°08'00 N – 15°50'00 V |
| 2. 67°00'00 N – 16°25'00 V | 5. 66°45'00 N – 15°50'00 V |
| 3. 67°09'00 N – 16°10'00 V | 6. 66°45'00 N – 16°20'00 V |

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. ágúst 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Snorri Rúnar Pálmason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 99 – 2002

Nr. 636

1680

2. september 2002

AUGLÝSING

um gjöld vegna námskeiðs til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, nr. 612/2001, eru gjöld vegna námskeiðs sem halda á síðari árshelmingi 2002 ákveðin þessi:

Kennslugjald vegna III. - hluta námskeiðs kr. 60.000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. september 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 100 – 2002

27. ágúst 2002

1681

Nr. 637

SAMÞYKKT

um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar er skipuð 11 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa hans.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bærinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, ráð, nefndir og stjórnir skv. II. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bænum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bænum.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur fundi hálfsmánaðarlega sem hefjast að jafnaði kl. 17.00 Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra og skyld er að halda aukafund ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi sem á að baki lengstu setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bæjarstjórnarfundu og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum Hafnarfjarðar skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórn ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi, á vefsíðu bæjarins og/eða í auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfunda skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bænum.
2. Fundargerðir ráða, nefnda, og stjórna á vegum bæjarins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri eða forseti ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dag-

skrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg bæjarbúum. Þegar hún hefur verið samin skal hún sett á vefsíðu bæjarins eða auglýst á bæjarskrifstofu á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórn ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti stjórnar kjöri varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er mættur á fundinn og getur bæjarstjórn enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki er á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði. Má hver ræðumaður tala tvisvar í allt að fimm mínútur í hvort sinn.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkyningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um lengri tíma skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Þar sem bæjarstjórn hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Yfirlýsing um slíkt samkomulag skal lögð fram á fyrsta eða öðrum fundi bæjarstjórnar eftir kosningar.

Nú næst ekki samkomulag milli stjórnsmálaflokka sem standa að sameiginlegum lista og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnsmálaflokki eða samtökum og aðalmaður sá sem um er að ræða, taka sæti hans í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnsmálaflokki eða samtökum og aðalfulltrúinn sem í hlut á þegar kosning fór fram taka varamenn listans sæti samkvæmt venjulegum reglum.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustóli nema forseti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð ráðs, nefndar, eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls í allt að 20 mínútur í fyrra skiptið og allt að 15 mínútur í seinna skiptið. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að tala í þriðja sinn til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd sem getur þá einnig tekið til fundarstjórnar forseta. Má þá þessi liður umræðunnar ekki taka lengri tíma en tvær mínútur. Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má tala þrisvar við hverja umræðu máls með sömu tímatakmörkunum og að ofan greinir og í allt að fimm mínútur í þriðja skiptið.

Forseti getur leyft bæjarfulltrúum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari. Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara því á tveimur mínútum. Heimilt er forseta að stytta ræðutíma hvers ræðumanns í þessum umræðum. Enginn má veita andsvar oftari en tvisvar sinnum hverju sinni. Orðaskipti í andsvörum mega ekki standa lengur en 15 mínútur í einu.

Umræður um fjárhagsáætlun og ársreikninga bæjarsjóðs og stofnana hans eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar um tímamörk ræðutíma.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

Bæjarfulltrúar skulu gæta þess að hafa hljóð á meðan talað er úr ræðustóli.

27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður og umræðum verði lokið á tilteknum tíma. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu og skal þá styðjast við viðurkennd fundarsköp.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í bæjarstjórn. Heimilt er að hafa bókanir lengri þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun og ársreikninga bæjarsjóðs og stofnana hans.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu ráðs, nefndar, stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef bæjarfulltrúi óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir ráða og nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða ráð og nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

33. gr.

Bæjarstjórn ber að leggja þau mál í dóm kjósenda sem hún álitur vera mjög þýðingarmikil fyrir bæjarfélagið með skoðanakönnun eða atkvæðagreiðslu.

Ef 25% kosningabærra manna eða fleiri krefjast atkvæðagreiðslu um tiltekið mál ber bæjarstjórn að verða við þeirri kröfu.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

34. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í ráð, nefnd eða stjórn á vegum þegarins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið

hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tíma-
bil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

35. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samvirkusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

36. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

38. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

39. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

40. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

41. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Tak-
ist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

42. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

43. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórn.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

44. gr.

Bæjarstjórn skal kjósa fulltrúa í ráð, nefndir, og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerðar og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Bæjarstjórn kýs formenn ráða úr hópi aðalbæjarfulltrúa á þeim fundi sem kosning ráða, nefnda og stjórna fer fram.

Formönnum og varaformönnum ráða er heimilt að sitja nefndar- og stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt í þeim fagnefndum og stjórnnum sem heyra undir ráðin.

45. gr.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

46. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða bæjarstjórn ákveði annað.

Formaður ráðs boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

47. gr.

Ráðs-/nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í ráði eða nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður flyst burt úr bæjarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um ráðs- og nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi ráðs-/nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

48. gr.

Ráðs-/nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum. Ráð eða nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur ráð/nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

49. gr.

Formaður ráðs eða nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins eftir því sem við á.

50. gr.

Um hlutverk og valdsvið ráða, nefnda og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

51. gr.

Ráð, nefndir og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Ráð eða nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara. Um ritun fundargerða ráða, nefnda og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

52. gr.

Fundargerðir ráða, nefnda, og stjórna bæjarins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun ráðs, nefndar eða stjórnar í för með sér fjárlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn.

53. gr.

Bæjarstjórn og ráð geta kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn og ráð geta einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi ráða og nefnda ef þess er óskað.

55. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtalin ráð, nefndir og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Fimm bæjarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Þeir aðal- og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.
2. *Fjölskylduráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
3. *Fræðsluráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
4. *Atvinnu- og þróunarráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
5. *Skipulags- og byggingaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
6. *Bláfjallanefnd*. Einn maður samkvæmt auglýsingu um fólkvang í Bláfjöllum nr. 97/1973.
7. *Búfjárefirtirlitsmaður*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
8. *Bygginganefnd skólamannvirkja*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara.
9. *Ferðamálanefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara.
10. *Förvarnanefnd*. Þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
11. *Íþrótt- og æskulýðsnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara.
12. *Leikskólanefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
13. *Menningarmálanefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara

14. *Miðbæjarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
15. *Samráðsnefnd um framhalds- og endurmenntun*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
16. *Stjórn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar*. Einn maður skv. 41. gr. reglugerðar um sjóðinn.
17. *Stjórn Hafnarborgar*, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar samkvæmt gjafabréfi frá 1. júlí 1983. Tveir menn. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn í stjórnina.
18. *Stjórn Hitaveitu Suðurnesja*. Einn aðalmaður og einn til vara.
19. *Stjórn Reykjanesfólkvangs*. Einn maður samkvæmt auglýsingu um fólkvang á Reykjanesi nr. 520/1975.
20. *Stjórn Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins bs.* Einn aðalmaður og einn til vara og tveir menn í fulltrúaráð.
21. *Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.* Einn aðalmaður og einn til vara.
22. *Stjórn starfsmenntunarsjóðs*. Tveir menn samkvæmt ákvæði kjarasamnings við Starfsmannafélag Hafnarfjarðar frá 9. september 1980.
23. *Stjórn Strætó bs.* Einn aðalmaður og einn til vara.
24. *Stjórn vatnsveitu*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, sbr. reglugerð nr. 421/1992.
25. *Umhverfisnefnd/Staðardagskrá 21*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast þau verkefni sem gróðurverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og náttúruverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999.

B. Til fjögurra ára:

1. *Almannavarnarnefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Barnaverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum nr. 80/2002.
3. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994 og grein 2.2 í hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn nr. 375/1985.
4. *Heilbrigðisnefnd*. Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur, Garðabær og Kópavogskaupstaður kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar kýs tvo aðalmenn og jafnmarga til vara.
5. *Jafnréttisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
6. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 25/2000.
7. *Skodunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórmarlaga nr. 45/1998.
8. *Skólanefnd Flensborgarskóla*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.
9. *Skólanefnd Iðnskóla Hafnarfjarðar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.
10. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
11. *Stjórn Sólvangs*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
12. *Stjórn St. Jósefsspítala*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

56. gr.

Um bæjarráð.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

57. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma og eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

58. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjaráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

59. gr.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

60. gr.

Bæjarráð hefur umsjón með stjórnýslu bjarins, starfsmannamálum, málum sem falla undir stjórnýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 50/1996, málefni sem falla undir stjórnir byggðasamlaga eða annarra fyrirtækja sem Hafnarfjarðarkaupstaður á aðild að. Bæjarráð undirbýr árlega fjárhagsáætlun, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi ráða og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg. Í sumarleyfi bæjarstjórnar annast bæjarráð fullnaðarafgreiðslu þeirra mála sem berast kunna frá ráðum og nefndum.

61. gr.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er heimilt að ákveða að fela öðrum aðilum en bæjarráði afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Afgreiðslum slíkra mála má þó ætíð skjóta til bæjarráðs eða bæjarstjórnar. Bæjarráð setur nánari reglur um notkun slíkra heimilda og skulu þær staðfestar í bæjarstjórn.

62. gr.

Nefndir sem heyra undir bæjarráð:

Jafnréttisnefnd

Kjörstjórn við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar

Starfskjaranefnd vegna STH.

63. gr.

Um fjölskylduráð.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa í fjölskylduráð til eins árs og jafnmarga til vara.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn fulltrúa í fjölskylduráð að tilnefna fulltrúa til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

64. gr.

Fjölskylduráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. tveir ráðsmenn óska þess.

65. gr.

Forstöðumaður fjölskyldusviðs undirbýr ráðsfundi í samráði við formann. Hann sér um að fjölskylduráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

66. gr.

Formaður fjölskylduráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í fjölskylduráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

67. gr.

Fjölskylduráð fer með mál sem heyra undir lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlög nr. 80/2002, barnalög nr. 20/1992, lög nr. 44/1998 um húsnæðismál og fleiri lög sem varða mál sem heyra undir ráðið. Fjölskylduráð fer einnig með öldrunarmál, æskulýðs-, tómstunda- og íþróttamál og menningarmál.

Fjölskylduráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Þá getur bæjarstjórn falið fjölskylduráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu skilvirkni og hraðari málsmeðferð er heimilt að

ákveða að fela öðrum aðilum en fjölskylduráði afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Afgreiðslum slíkra mála má þó ætíð skjóta til fjölskylduráðs eða bæjarstjórnar. Fjölskylduráð setur nánari reglur um notkun slíkra heimilda og skulu þær staðfestar í bæjarstjórn.

68. gr.

Nefndir sem heyra undir fjölskylduráð:

*Barnaverndarnefnd
Æskulýðs- og íþróttanefnd
Menningarmálanefnd
Stjórn Hafnarborgar
Forvarnanefnd.*

69. gr.

Um fræðsluráð.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa í fræðsluráð til eins árs og jafnmarga til vara.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn fulltrúa í fræðsluráð að tilnefna fulltrúa til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

70. gr.

Fræðsluráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. tveir ráðsmenn óska þess.

71. gr.

Fræðslustjóri undirbýr ráðsfundi í samráði við formann. Hann sér um að fræðsluráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

72. gr.

Formaður fræðsluráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í fræðsluráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

73. gr.

Fræðsluráð fer með mál sem heyra undir lög nr. 66/1995 um grunnskóla og lög nr. 78/1994 um leikskóla. Fræðsluráð fer enn fremur með málefni tónlistarskóla og fullorðins-fræðslu.

Fræðsluráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Þá getur bæjarstjórn falið fræðsluráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er heimilt að ákveða að fela öðrum aðilum en fræðsluráði afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Afgreiðslum slíkra mála má þó ætíð skjóta til fræðsluráðs eða bæjar-

stjórnar. Fræðsluráð setur nánari reglur um notkun slíkra heimilda og skulu þær staðfestar í bæjarstjórn.

74. gr.

Nefndir sem heyra undir fræðsluráð:

Leikskólanefnd

Samráðsnefnd um framhalds- og endurmenntun

Bygginganefnd skólamannvirkja.

75. gr.

Um skipulags- og byggingaráð.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa í skipulags- og byggingaráð til eins árs og jafnmarga til vara.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn fulltrúa í skipulags- og byggingaráð að tilnefna fulltrúa til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

76. gr.

Skipulags- og byggingaráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. tveir ráðsmenn óska þess.

77. gr.

Bæjarverkfræðingur undirbýr ráðsfundi í samráði við formann og forstöðumenn deilda. Hann sér um að skipulags- og byggingaráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

78. gr.

Formaður skipulags- og byggingaráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í skipulags- og umhverfisráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

79. gr.

Skipulags- og byggingaráð fer með mál sem heyra undir lög nr. 73/1997 um skipulags- og byggingarmál, lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, umferðarlög nr. 50/1987 og staðardagskrá.

Skipulags- og byggingaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Þá getur bæjarstjórn falið skipulags- og byggingaráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu skilvirkni og hraðari málsmeðferð er heimilt að ákveða að fela öðrum aðilum en skipulags- og byggingaráði afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Afgreiðslum slíkra mála má þó ætíð skjóta til skipulags- og byggingaráðs eða bæjarstjórnar. Skipulags- og byggingaráð setur nánari reglur um notkun slíkra heimilda og skulu þær staðfestar í bæjarstjórn.

80. gr.

Nefndir sem heyra undir skipulags- og byggingaráð:
Umhverfisnefnd/ Staðardagskrá 21.

81. gr.

Um atvinnu- og þróunarráð.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa í atvinnu- og þróunarráð til eins árs og jafnmarga til vara.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn fulltrúa í atvinnu- og þróunarráð að tilnefna fulltrúa til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt. Skyrt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

82. gr.

Atvinnu- og þróunarráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. tveir ráðsmenn óska þess.

83. gr.

Forstöðumaður atvinnu- og þróunarsviðs undirbýr ráðsfundi í samráði við formann. Hann sér um að markaðs- og atvinnumálaráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

84. gr.

Formaður atvinnu- og þróunarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í atvinnu- og þróunarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skyrt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

85. gr.

Atvinnu- og þróunarráð fer með málefni Hafnarfjarðarhafnar samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 og lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, ferðamál, málefni miðbæjarins og markaðsmál.

Atvinnu- og þróunarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Þá getur bæjarstjórn falið atvinnu- og þróunarráði fullnaðar-afgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er heimilt að ákveða að fela öðrum aðilum en atvinnu- og þróunarráði afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Afgreiðslum slíkra mála má þó ætíð skjóta til atvinnu- og þróunarráðs eða bæjarstjórnar. Atvinnu- og þróunarráð setur nánari reglur um notkun slíkra heimilda og skulu þær staðfestar í bæjarstjórn.

86. gr.

Nefndir sem heyra undir atvinnu- og þróunarráð:
Hafnarstjórn
Ferðamálanefnd
Stjórn Vatnsveitu Hafnarfjarðar
Miðbæjarnefnd.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

87. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við hann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

88. gr.

Bæjarstjóri er sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs. Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjararráðs í samráði við formann bæjararráðs og fundi bæjarstjórnar í samráði við forseta bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjararráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en á ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráð og bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum ráða og nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt að veita bæjarlögmanni og fjármálastjóra prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins. Í forföllum bæjarstjóra gegnir bæjarlögmaður störfum hans nema þau séu falin öðrum. Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma skal bæjarráð setja mann til að gegna störfum hans, en þó aldrei lengri tíma en þrjá mánuði í senn.

89. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu og stofnunum þess, svo sem bæjarlögmann og sviðsstjóra og forstöðumenn, og veitir þeim lausn frá störfum. Enn fremur ræður bæjarstjórn að fengnum tillögum viðkomandi ráða skólastjóra leik- og grunnskóla, framkvæmdastjóra fyrirtækja og stofnana með sjálfstæðan fjárhag sem eru í eigu bæjarins.

90. gr.

Sviðsstjóri ræður deildarstjóra að fenginni umsögn viðkomandi ráða. Forstöðumenn og framkvæmdastjórar fyrirtækja ráða aðra starfsmenn.

91. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

92. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni, ráðningarsamninga og jafnréttisáætlunar bæjarins.

93. gr.

Skylt er að auglýsa þær stöður sem lausar eru til umsóknar nema þegar um tilfærslu í starfi er að ræða eða tímabundna afleysingu. Þess skal gætt að hafa jafnrétti kynjanna í huga við gerð auglýsinganna.

VI. KAFLI Um fjármálastjórn bæjarins.

94. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

95. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 94. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

96. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dag-skrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

97. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

98. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlunina skv. 94. gr. og þriggja ára áætlunina skv. 97. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 96. gr.

99. gr.

Ársreikningur bæjarsjóðs skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæj-

arins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 262/2001.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. ágúst 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

REGLUR

um breytingu (11) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Töluliður 2.1 í upptalningu lærdómstítla í 1. mgr. 54. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Meistarapróf, Magister artium, Magister scientiarum, Magister paedagogiae, Master of Public Administration og Master of Laws, M.A./M.S./M.Paed./MPA/LL.M., 2 ár að jafnaði, að loknu B.A./B.S. eða sambærilegu námi.

2. gr.

Í stað 91. gr. reglnanna kemur ný grein svohljóðandi:

91. gr.

Almennt um nám við lagadeild og námsgreinar.

Lagadeild veitir kennslu til B.A.-prófs og embættisprófs í lögfræði, svo og til diplomaprófs, sbr. 6. mgr. Embættispróf í lögfræði er jafngildi meistaraprófs. Sá sem hefur lokið embættisprófi við lagadeild ber próftítilinn cand. jur.

Kennsla fer fram í námsgreinum sem metnar eru til námseininga. Nám í lögfræði til B.A.-prófs jafngildir 90 einingum. Nám í lögfræði til embættisprófs jafngildir 150 einingum, þ.e. 60 einingum í framhaldsnámi að loknu B.A.-prófi. Nám til diplomaprófs jafngildir 45 einingum.

Námsgreinar til B.A.-prófs í lögfræði eru: Almenn lögfræði, inngangur að lögfræði, ágríp af réttarsögu, heimspekileg forspjallsvísindi, stjórnskipunarréttur ásamt ágrípi af þjóðarétti, sífja- og erfðaréttur, skaðabótaréttur, samningaréttur, eignaréttur, stjórnsýsluréttur I, stjórnsýsluréttur II, refsiréttur I, refsiréttur II, réttarfar I, réttarfar II, kröfuréttur I og kröfuréttur II. Stúdent skal þar að auki standa skil á ritgerð eða ljúka öðru sambærilegu verkefni. Lagadeild tekur ákvarðanir um vægi námsgreina þessara og ritgerðar (eða annars verkefnis) til B.A.-prófs og niðurröðun þeirra á misseri, sbr. þó 92. gr.

Framhaldsnám í lögfræði til embættisprófs er fólgið í því, að stúdent skal ljúka náms-

greinum sem jafngilda alls 45 einingum, auk þess sem hann skal standa skil á kandiðats-ritgerð eða öðru lokaverkefni sem metið er til 15 eininga. Ennfremur skal stúdent ljúka námsvist meðan á framhaldsnámi hans stendur.

Í lagadeild er heimilt að bjóða upp á sérstakt nám til meistaraþrófs og doktorsþrófs í lögfræði, á íslensku eða á ensku, samkvæmt nánari reglum sem lagadeild setur og háskólaráð staðfestir. Sá sem hefur lokið meistaranámi í þjóðarétti og umhverfisrétti við lagadeild, eftir B.A.-próf í lögfræði eða sambærilegt nám, ber prófutilinn LL.M. (Master of Laws) in International and Environmental Law.

Námsgreinar til diplomaprófs eru kenndar við lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild, félagsvísindadeild og heimspekideild Háskóla Íslands og eru tilgreindar í sérreglum, sem lagadeild setur.

Lagadeild setur nánari reglur um nám við lagadeild, þ. á m. um B.A.-nám og framhaldsnám í lögfræði, æfingaskyldu og námsvist.

Lagadeild setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum.

Lagadeild gerir árlega, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur til háskólaráðs um takmörkun á fjölda stúdenta í meistara- og doktorsnámi við deildina. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem hún tekur til. Háskólaráð setur, að fengnum tillögum deildar, reglur um hvernig staðið skuli að inntöku stúdenta og skulu þær birtar í kennsluskrá ár hvert.

3. gr.

Í stað 92. gr. reglnanna kemur ný grein svohljóðandi:

92. gr.

B.A.-nám í lögfræði og diplománám.

Á fyrsta misseri B.A.-náms í lögfræði, haustmisseri, getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í þremur námsgreinum, þ.e. almennri lögfræði, inngangi að lögfræði og ágripi af réttarsögu. Á vormisseri fyrsta námsárs getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í stjórn-skipunarrétti ásamt ágripi af þjóðarétti, sífja- og erfðarétti og heimspekilegum forspjalls-vísindum. Skilyrði þess að stúdent geti skráð sig í aðrar námsgreinar í B.A.-námi er að hann hafi staðist próf í fyrrgreindum þremur námsgreinum á fyrsta misseri B.A.-náms.

Á fyrsta misseri diplomanáms, haustmisseri, getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í tveimur námsgreinum við lagadeild, þ.e. inngangi að lögfræði í diplománámi og almennri lögfræði í diplománámi, og getur stúdent ekki skráð sig í aðrar námsgreinar í diplománámi við lagadeild fyrr en hann hefur staðist próf í fyrrgreindum tveimur námsgreinum.

Heimilt er umsjónarkennara í hverri námsgrein til B.A.-prófs og diplomaprófs að leggja þá skyldu á stúdenta að leysa af hendi allt að tveimur verkefnum meðan þeir stunda nám í greininni. Slík skylduverkefni gilda ekki sem hluti af námsmati nema svo sé sérstaklega kveðið á um.

Próf í námsgreinum til B.A.-prófs og diplomaprófs skulu vera skrifleg.

Próf í inngangi að lögfræði (í B.A.-námi og diplománámi) skal haldið á miðju kennslu-tímabili á haustmisseri, en próf í öllum öðrum námsgreinum til B.A.-prófs og diplomaprófs skulu haldin í lok kennslutímabils. Sjúkra- og upptökupróf í inngangi að lögfræði (í B.A.-námi og diplománámi), ágripi af réttarsögu og almennri lögfræði (í B.A.-námi og diploma-námi) skulu eingöngu haldin á vorpróftímabili, en ekki á sumarpróftímabili. Heimilt er þó að halda sérstakt sjúkrapróf í almennri lögfræði (í B.A.-námi og diplománámi). Önnur sjúkra- og upptökupróf skulu haldin á sumarpróftímabili og um þau fer að öðru leyti eftir ákvæðum 56. gr. þessara reglna.

Til að standast próf í B.A.-námi í lögfræði verður stúdent að hljóta minnst einkunn-

ina 7,0 í öllum þremur námsgreinum fyrsta misseris, þ.e. inngangi að lögfræði, ágrípi af réttarsögu og almennri lögfræði, en 6,0 í öðrum námsgreinum hverri um sig. Lokaeinkunn til B.A.-prófs í lögfræði skal reiknuð sem vegið meðaltal einkunna úr einstökum námsgreinum.

Til að standast próf í diplomanámi verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 5,0 í öllum námsgreinum hverri um sig. Lokaeinkunn til diplomaprófs skal reiknuð sem vegið meðaltal einkunna úr einstökum námsgreinum.

Stúdent sem hefur lokið prófum í inngangi að lögfræði, ágrípi af réttarsögu og almennri lögfræði er ekki heimilt að gangast oftan en fjórum sinnum undir sama próf í námsgreinum í B.A.-námi og diplomanámi. Falli stúdent fjórum sinnum á prófi í sömu námsgrein í B.A.-námi eða diplomanámi, er hann fallinn úr lagadeild.

Lagadeild getur heimilað að laganám sem stundað hefur verið við aðra háskóla verði metið sem hluti af B.A.-námi eða diplomanámi.

Stúdent skal hafa lokið B.A.-prófi í lögfræði eigi síðar en á því almanaksári þegar fimm ár eru liðin frá innritun hans í B.A.-nám við lagadeild. Stúdent skal hafa lokið diplomaprófi eigi síðar en á því almanaksári þegar fjögur ár eru liðin frá innritun hans í diplomanám við lagadeild. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum um tímamörk ef veikindi eða aðrar vítaleysisástæður koma til.

4. gr.

Í stað 93. gr. reglnanna kemur ný grein svohljóðandi:

93. gr.

Framhaldsnám í lögfræði til embættisprófs.

Stúdent skal hafa lokið B.A.-prófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands áður en hann hefur framhaldsnám í lögfræði til embættisprófs. Lagadeild getur heimilað að stúdent, sem lokið hefur sambærilegu prófi frá öðrum háskóla, hefji framhaldsnám við deildina til embættisprófs.

Fyrir hver áramót ákveður lagadeild þær námsgreinar í framhaldsnámi sem boðnar verða til kennslu á næsta háskólaári, að minnsta kosti 10 námsgreinar á hvoru misseri.

Í framhaldsnámi skal stúdent velja sér efnissvið til ritgerðar eða annars lokaverkefnis. Stúdent skal velja einn af kennurum deildarinnar sem umsjónarkennara í því námi og skal valið háð samþykki kennarans og lagadeildar. Umsjónarkennari getur ákveðið að stúdent þreyti próf úr efni ritgerðar eða lokaverkefnis og metið árangur hans sem hluta af einkunni. Stúdent getur ekki lokið ritgerð eða öðru lokaverkefni nema hann hafi áður staðist próf í námsgreinum sem vega að minnsta kosti 35 einingar alls. Lagadeild setur reglur um kröfur sem gerðar skulu til ritgerðar eða annars lokaverkefnis og um hlutverk umsjónarkennara.

Lagadeild ákveður fyrirkomulag prófa í framhaldsnámi, þ. á m. getur deildin ákveðið að próf í einstökum námsgreinum verði haldin á miðju kennslutímabili. Heimilt er að ákveða að ritgerðir eða önnur námsvinna komi í stað prófs í námsgrein, að hluta eða öllu leyti. Stúdent má ekki gangast oftan en tvisvar sinnum undir sama próf í námsgreinum í framhaldsnámi. Um sjúkra- og upptökupróf fer að öðru leyti eftir ákvæðum 56. gr. þessara reglna.

Til að standast próf í framhaldsnámi í lögfræði verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 6,0 í öllum námsgreinum hverri um sig og einnig fyrir kandídatritgerð (eða annað lokaverkefni). Lokaeinkunn til embættisprófs í lögfræði skal reiknuð sem vegið meðaltal einkunna úr einstökum námsgreinum í B.A.-námi og í framhaldsnámi.

Lagadeild getur heimilað að nám við aðrar háskóladeildir eða aðra háskóla verði metið sem hluti af framhaldsnámi, þó að hámarki 30 einingar alls. Áskilið er, að nám við aðrar

háskóladeildir eða háskóla hafi, að mati lagadeildar, slík tengsl við lögfræði, að eðlilegt þyki að meta það sem hluta af laganámi. Lagadeild getur ennfremur heimilað að nám og vinna við sérstök lögfræðiverkefni verði metið sem hluti af framhaldsnámi, þó að hámarki 3 einingar alls.

Stúdent skal hafa lokið embættisprófi í lögfræði eigi síðar en á því almanaksári þegar fjögur ár eru liðin frá innritun hans í framhaldsnám við lagadeild. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði um tímamörk ef veikindi eða aðrar vítaleysisástæður koma til.

5. gr.

6. mgr. ákvæða til bráðabirgða í reglunum breytist og verður svohljóðandi:

Breytt skipan laganáms skv. XII. kafla reglna þessara tekur gildi við upphaf haustmissisris 2002 og verður ákvæðum 91. - 93. gr. beitt um stúdenta sem innrita sig til náms við lagadeild háskólaárið 2002-2003 og síðar. Eldri reglur gilda um stúdenta sem hafa staðist próf í almennri lögfræði vorið 2002 eða fyrr en kennsla fer þó ekki fram í einstökum greinum að hætti eldri reglna lengur en sem nemur reglulegri framvindu náms.

6. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 27. ágúst 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 192/2002 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

1. gr.

3. mgr. 1. gr., sbr. auglýsingu nr. 465, 27. júní 2002, orðist svo:

Þrátt fyrir bannið í 1. mgr. er heimilt að flytja inn frá Kína heilan fisk, slægðan og hausaðan og flök af alaskaufsa, þorski, karfa, kolmunna, grálúðu, ýsu, síld, sandkóla, lindýrum (*cephalopods*), skarkóla og kyrrahafslax, sem veiddir eru í sjó að því tilskildu að 20% hvernar sendingar sé skoðað á landamærastöð og rannsakað með tilliti til efnaleyfa. Þessi skoðunarskylda gildir til 30. september 2002. Þetta á líka við um flök af laxi.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. ágúst 2002.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um lögskráningu sjómanna nr. 880/2001.

1. gr.

1. másl. 2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Þegar útgerð rekur eitt eða fleiri farþegaskip til skoðunarferða, hafnsögubáta og dráttararbáta er lögskráningarstjórum heimilt að ákveða fyrirkomulag lögskráningar á annan hátt en kveðið er á um í 4. og 5. gr. laga um lögskráningu sjómanna.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 29. ágúst 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl., nr. 587/2002.

1. gr.

Á eftir V. kafla reglugerðarinnar kemur nýr kafli, VI. kafli, svohljóðandi:

VI. KAFLI

Gjöld skv. lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

14. gr.

Fyrir veittan frest til þess að gangast undir öryggisfræðslunámskeið hjá Slysavarnarskóla sjómanna eða öðrum viðurkenndum aðila skal greiða kr. 2.000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 1. gr. laga nr. 12/2002 um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 29. ágúst 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Leikskólakennarar bera ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati á uppeldi og menntun barna í leikskóla. Leikskólakennarar annast daglega verkstjórn og ber að þjálfra og leiðbeina starfsfólki sem er án leikskólakennaramenntunar. Nánar skal kveðið á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara í starfslýsingu.

Fyrir hvert stöðugildi leikskólakennara, sem sér um umönnun, uppeldi og menntun barna í leikskóla, skulu vera 8 barngildi samkvæmt reiknireglu 7. gr. Þessu til viðbótar koma störf leikskólustjóra, störf vegna sérstaks stuðnings, afleysinga og ræstinga og störf í eldhúsi samkvæmt mati rekstraraðila miðað við stærð leikskóla.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 22. ágúst 2002.

Tómas Ingi Olrich.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 643

14. ágúst 2002

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorpurðun Vesturlands, kt. 530697-2829, til að reka urðunarstað í landi Fíflholta, Borgarbyggð. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 14. ágúst 2012.

Hollustuvernd ríkisins, 14. ágúst 2002.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.

Nr. 644

23. ágúst 2002

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Miðbæjar“ vegna Beggubúðar (Strandgötu 5), Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 25. júlí 2002 breytingu á deiliskipulagi „Miðbæjar“ vegna Beggubúðar (Strandgötu 5), Hafnarfirði.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir byggingarreit norðan byggðasafns Hafnafirðinga fyrir Beggubúð (Strandgötu 5), ásamt safnagarði með möguleikum til leikja.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 23. ágúst 2002.

Anna Margrét Tómasdóttir arkitekt.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 63/2001 fyrir Hitaveitu Húnaþings vestra.

1. gr.

Gildissvið og eignaraðild.

1. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi gildir um veitusvæði hitaveitunnar sem er Laugarbakki í Miðfirði, Hvammstangi við Miðfjörð og Reykjatangi við Hrutafjörð.

2. gr.

Verkefni hitaveitu.

3. gr. orðist svo:

Það er verkefni hitaveitunnar að afla heits vatns úr borholum í landi Reykja í Miðfirði og Reykja í Hrutafirði og dreifa því til notenda gegn gjaldi sem ákveðið skal í gjaldskrá sem staðfest er af ráðherra.

3. gr.

Veitukerfið.

5. gr. orðist svo:

Hitaveita Húnaþings vestra tekur við öllum eigum Hitaveitufélags Miðfirðinga, Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps og Hitaveitu Hvammstanga sbr. 1. gr., sem voru í eigu Hvammstangahrepps og Ytri-Torfustaðahrepps fyrir sameiningu sveitarfélaga í Vestur-Húnavatnssýslu hinn 7. júní 1998. Ennfremur tekur Hitaveita Húnaþings vestra við öllum hitaveitulögnum og borholum sem Húnaþing vestra hefur kostað á Reykjatanga við Hrutafjörð. Hitaveita Húnaþings vestra selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim sem gerð hafa verið að tilstuðlan sveitarstjórnar eða kunna að verða gerð í Húnaþingi vestra samkvæmt gjaldskrá fyrir hvert hitaveitusvæði eins og þau eru eða verða skilgreind í gjaldskrá.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Akureyrar þann 8. maí 2002 samþykkt deiliskipulag Höpfnersbryggju, athafnasvæðis siglingaklúbbsins Nökkva.

Í deiliskipulaginu felst fyrirkomulag bygginga, bryggja, bílastæða, landfyllinga o.fl. Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Akureyri, 27. ágúst 2002.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Lyngheiði 21. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti bæjarráð Kópavogs þann 23. september 1999 tillögu að stækkun lóðar og afmörkun byggingarreita fyrir tvo bílskúra við Lyngheiði 21.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 29. ágúst 2002.

F.h. skipulagsstjóra,

Smári Smáráson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559/2001, með áorðnum breytingum, sbr. auglýsingu nr. 530/2002.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins með auglýsingu þessari er öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559, 5. júlí 2001, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Niðurgreiðslur og afsláttur.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau

heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhita-veitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

RARIK selur raforku til húshitunar á lægra verði en til almennrar notkunar og veitir enn fremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 50.000 kWh/ári samkvæmt lið C.1 og H.1 og að hámarki 70.000 kWh/ári samkvæmt lið A.5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið.

Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C.1 Rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 137 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu (*notkunartímabil = tímabilið milli álestra*). Niðurgreiðsla nemur 2,23 kr./kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,34 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,076 kr./kWh. Alls 2,646 kr./kWh.

Liður A.5 Markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 192 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,59 kr./kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,24 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,047 kr./kWh. Alls 1,877 kr./kWh.

Liður H.1 Hitaveita:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 137 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 2,04 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,064 kr./kWh. Alls 2,104 kr./kWh.

Liður C.2 Næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C.2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 1,28 kr./kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,39 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,053 kr./kWh. Alls 1,723 kr./kWh.

Þessar tölur eru án virðisaukaskatts og gilda frá 1. febrúar 2002.

Iðnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 288/1987, ásamt síðari breytingum, um veitinga- og gististaði.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. breytist og orðast svo:

Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

- a) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum.

b) Lýsing á fyrirhuguðu húsnæði ásamt nauðsynlegum skýringum á rekstri.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. breytist og orðast svo:

Umsókn ásamt fullnægjandi gögnum skal send til umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar, byggingarfulltrúa, eldvarnareftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits.

3. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. bætast orðin: og eftir atvikum þann árstíma sem tilgreindur er í leyfinu.

4. gr.

Við 2. mgr. 9. gr. bætist ný setning er orðast svo:

Byggingarfulltrúa skal sent afrit af útgefnum leyfisbréfum.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 67, 28. júní 1985, um veitinga- og gististaði, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 29. ágúst 2002.

Sturla Böðvarsson.

María Thejll.

AUGLÝSING

um nýtt og breytt deiliskipulag í Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkt:

Breytingu á deiliskipulagi við Bjarkarheiði, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðis þann 18. júní 2002.

Breytingu á deiliskipulagi við Kambahraun 53-60, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðis þann 18. júní 2002.

Nýtt deiliskipulag við Réttarheiði, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðis þann 4. júlí 2002.

Nýtt deiliskipulag við Kjarrheiði og Valsheiði, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðis þann 4. júlí 2002.

Tilheyrandi greinargerðir og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar, 21. ágúst 2002.

Guðmundur F. Baldursson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 101 – 2002

5. september 2002

1709

Nr. 651

AUGLÝSING

um breyting á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Grænlandsleið 22-40 og 29-49.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 18. apríl 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grænlandsleið 22-40 og 29-49, á svæði 3 í Grafarholti. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 5. september 2002.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

6. september 2002

Nr. 652

AUGLÝSING

sveitarstjórnar um samþykkt á breytingu á deiliskipulagi við Egilsgötu, Hólagötu, Mýrargötu o.fl. í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 9. apríl 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Egilsgötu, Hólagötu, Mýrargötu o.fl. í Vogum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 6. september 2002.

F.h. sveitarstjórnar,

Jóhanna Reynisdóttir sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001, um gerð og búnað smáfiskaskilju.

1. gr.

Viðauki 2 við reglugerðina er felldur úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. nóvember 2002.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. september 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 654

9. september 2002

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Danmörku vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dönskum dýrasjúkdómayfirvöldum um upprætingu á Newcastle Disease, er framlengt bann landbúnaðarráðuneytisins sem sett var með auglýsingu nr. 581/2002, við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hvers konar afurðum alifugla frá Danmörku.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin er tilkynnt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/34/EB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 6. október 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. september 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 102 – 2002

9. september 2002

1711

Nr. 655

AUGLÝSING um deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendi. Deiliskipulag norðursvæðis.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 26. júlí 2002 samþykkt tillögu að deiliskipulagi sk. norðursvæðis í Vatnsenda. Bæjarráð samþykkti framlagða tillögu með eftirfarandi breytingum samanber umsögn skipulagsstjóra: Húsnúmerum við Breiðahvarf og Ennishvarf breytt. Innkeyrsla við Breiðahvarf 2 færð um 10 m til suðurs. Sumarbústaður við Breiðahvarf 2 verður með ótakmarkaðan stöðurétt. Hverfaverslun við Elliðavatnsveg felld út og mörk deiliskipulagssvæðisins færð til sem því nemur.

Jafnframt hafa verið gerðar að ósk Skipulagsstofnunar eftirfarandi breytingar: Kaflinn um frávik, uppdrætti og kostnað í skipulagsskilmálum færður á skýringaruppdrátt. Heildarflatarmál sumarhúss á svæði 14, reit 2 lagfært. Vitnað í byggingarreglugerð gr. 84 í sérákvæðum varðandi sorpgeymslur. Vísað til reglugerðar nr. 933/1999 varðandi hávaða. Tilgreint að staðsetning hestagerða sé leiðbeinandi. Sérákvæði í skipulagsskilmálum fyrir Fossahvarf 4, Fákahvarf 4 og Breiðahvarf 10 útskýrð betur. Nýtingarhlutfalli fyrir landnotkunarsvæði bætt við í greinargerð og umfjöllun um hesthús bætt við fyrir svæði 5 og 16 á reit 2.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 9. september 2002.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 103 – 2002

Nr. 656

1712

9. september 2002

REGLUGERÐ um varasjóð húsnæðismála.

I. KAFLI Gildissvið.

1. gr. Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til varasjóðs húsnæðismála skv. X. kafla laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum. Sjóðurinn er í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga. Varasjóður húsnæðismála er sjálfstæð rekstrareining en félagsmálaráðherra hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins og setur honum reglur. Eignir sjóðsins skulu aðskildar í bókhaldi og öðru reikningshaldi. Hlutverk varasjóðs húsnæðismála er að greiða sveitarfélögunum framlög skv. X. kafla laga um húsnæðismál og ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr. Skilgreiningar.

Félagslegar íbúðir: Félagslegar eignar- og leiguíbúðir sem sveitarfélög hafa byggt eða keypt á grundvelli laga um Húsnæðisstofnun ríkisins og eru í eigu sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993. Skilgreiningin nær einnig yfir framangreindar íbúðir þrátt fyrir að sveitarfélag hafi ráðstafað þeim skv. 2. tölul. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögum um húsnæðismál.

Viðmiðunarfjárhæð: Fjárhæð á íbúa sem er talin vera eðlilegt framlag sveitarfélaga á móti rekstrarhalla félagslegra íbúða í útleigu. Viðmiðunarfjárhæðin skal ákvörðuð af ráðgjafarnefnd, sbr. 3. gr., sem fjárhæð á hvern íbúa.

Leigusvæði: Landinu er skipt í þrjú leigusvæði með hliðsjón af mögulegum leigutekjum á hverja félagslega leiguíbúð, sbr. viðauka II. Ráðgjafarnefnd er heimilt að breyta skiptingu landsins í leigusvæði að fengnu samþykki ráðherra.

Viðmiðunarleiga: Mögulegar leigutekjur hverrar félagslegrar íbúðar á hverju leigusvæði fyrir sig.

Heildarviðmiðunarleiga sveitarfélags: Viðmiðunarleiga margfölduð með fjölda félagslegra leiguíbúða hvers sveitarfélags.

Skilgreindur kostnaður: Útreiknaður kostnaður við rekstur félagslegra leiguíbúða er byggist á eftirfarandi þremur þáttum:

- A. Greiðslubyrði lána, þ.e. afborganir, vextir og verðbætur.
- B. Fasteignagjöld, þ.e. fasteignaskattur, fráveitugjald og vatnsgjald.
- C. Annar rekstrarkostnaður.

Ráðgjafarnefnd setur sér nánari vinnureglur um útreikning kostnaðar með hliðsjón af niðurstöðum reiknilíkans, sbr. 8. gr.

II. KAFLI

Stjórn og skipulag.

3. gr.

Ráðgjafarnefnd.

Félagsmálaráðherra skipar fimm manna ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála til fjögurra ára í senn, sbr. 43. gr. laga um húsnæðismál. Ráðgjafarnefnd skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Þrír nefndarmenn ásamt varamönnum skulu skipaðir eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn ásamt varamanni eftir tilnefningu fjármálaráðherra og einn ásamt varamanni af félagsmálaráðherra. Félagsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar og varamann hans úr hópi aðalmanna. Þóknun nefndarmanna greiðist úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun ráðherra auk annars kostnaðar við störf nefndarinnar og starfsemi sjóðsins.

Ráðgjafarnefnd, sbr. 1. mgr., gerir tillögu til félagsmálaráðherra um ráðningu framkvæmdastjóra varasjóðs húsnæðismála en framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk.

4. gr.

Hlutverk ráðgjafarnefndar.

Hlutverk ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála er að:

1. Veita rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna rekstrarhalla félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem hafa staðið auðar í lengri tíma, sbr. III. kafla reglugerðar þessarar.
2. Veita framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði. Heimild þessi tekur einnig til félagslegra leiguíbúða sem sveitarfélagið hefur áður innleyst sem félagslega eignaríbúð en breytt síðan í félagslega leiguíbúð. Sjóðurinn skal taka þátt í niðurgreiðslu við sölu á innleystum félagslegum íbúðum á almennum markaði í þeim tilvikum þar sem innlausnarverð er hærra en markaðsverð íbúðanna, sbr. IV. kafla reglugerðar þessarar.
3. Hafa umsýslu með sjóði sem stendur til tryggingar viðbótarlánum skv. 45. gr. laga um húsnæðismál (varasjóði viðbótarlána). Skal sjóðurinn bæta einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánnum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán, sbr. V. kafla reglugerðar þessarar.
4. Hafa umsýslu með Tryggingarsjóði vegna byggingargalla skv. 4. tölul. 44. gr. laga um húsnæðismál og VI. kafla reglugerðar þessarar.
5. Gera tillögur til stjórnar Íbúðalánasjóðs um að afskrifa að hluta eða að öllu leyti útistandandi veðkröfur Íbúðalánasjóðs á ákveðnum félagslegum leiguíbúðum sveitarfélaga í þeim tilvikum þar sem leiguíbúðir sem standa að veði fyrir viðkomandi kröfum verða ekki leigðar út vegna slæms ástands þeirra, sbr. afskriftaheimild Íbúðalánasjóðs í 3. mgr. 47. gr. laga um húsnæðismál. Auk þess sem að mati sérfróðra matsmanna verður ekki talið hagkvæmt að endurbyggja íbúðirnar í ljósi stöðu á fasteignamarkaði sveitarfélagsins og því sé réttast að afskrifa íbúðirnar sem íbúðarhúsnæði.
6. Veita ráðgjöf og leiðbeiningar þeim sveitarfélögum sem vilja breyta um rekstrarform félagslegra leiguíbúða eða hagræða í rekstri þeirra.

7. Sjá um upplýsingavinnslu og úttekt á árangri af verkefnum sjóðsins, sbr. VII. kafla reglugerðar þessarar.

Tillögur ráðgjafarnefndar varðandi rekstrarframlög skv. III. kafla öðlast ekki gildi fyrir en að fengnu samþykki ráðherra á þeim.

Ráðgjafarnefnd setur sér nánari vinnureglur varðandi afgreiðslu umsókna vegna greiðslu framlaga við sölu íbúða skv. IV. kafla og aðra þætti ef þurfa þykir. Varasjóður húsnæðismála skal starfa í sjálfstæðum og aðskildum deildum vegna verkefna skv. 1.–4. tölul. þessarar greinar.

Ráðgjafarnefnd er heimilt að færa fé á milli verkefna III., IV. og VI. kafla ef ástæða þykir til og að fengnu samþykki ráðherra.

5. gr.

Tekjur.

Í varasjóð húsnæðismála samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum um húsnæðismál skulu renna:

1. Eignir, réttindi og skyldur eldri varasjóðs. Framlög sveitarfélaga vegna viðbótarlána skulu lögð í sjálfstæða deild skv. V. kafla.
2. Framlög sveitarfélaga til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla skv. 53. gr. laga um húsnæðismál. Allar eignir sveitarfélaga, ásamt réttindum þeirra og skyldum í Tryggingarsjóði vegna byggingargalla skulu renna í varasjóð húsnæðismála. Heimilt er varasjóði húsnæðismála að ráðstafa 60 milljónum króna árlega árin 2002–2006 af fyrirliggjandi fjármunum Tryggingarsjóðs vegna framlaga sveitarfélaga til verkefna varasjóðs húsnæðismála skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. Í staðinn ábyrgist varasjóður húsnæðismála samþykktar útgreiðslur vegna byggingargalla félagslegra íbúða er byggðar hafa verið af sveitarfélögum til ársins 2013, sbr. 53. gr. laga um húsnæðismál.
3. Framlög ríkissjóðs eru 60 milljónir króna á ári til verkefna varasjóðs húsnæðismála, sbr. III. og IV. kafla, í samræmi við sérstakt samkomulag ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um aðgerðir til að aðstoða sveitarfélög við rekstur leiguíbúða og sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á fasteignamarkaði, dags. 4. apríl 2002. Samkomulag þetta gildir í fimm ár, þ.e. árin 2002–2006.
4. Framlög frá sveitarfélögum, alls 20 milljónir króna á ári, til verkefna varasjóðs húsnæðismála, sbr. III. og IV. kafla, í samræmi við sérstakt samkomulag ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um aðgerðir til að aðstoða sveitarfélög við rekstur leiguíbúða og sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á fasteignamarkaði, dags. 4. apríl 2002. Samkomulag þetta gildir í fimm ár, þ.e. árin 2002–2006. Árleg framlög sveitarfélaga eru miðuð við íbúafjölda hvers sveitarfélags. Framlög sveitarfélaganna innheimtir félagsmálaráðuneytið með því að draga þau frá úthlutun til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Varasjóður húsnæðismála annast innheimtu hjá þeim sveitarfélögum er ekki fá greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
5. Vaxtatekjur af sjóðum varasjóðs húsnæðismála.

Ráðgjafarnefnd varasjóðs sér um vörslu fjármuna sjóðsins og skal gæta þess að fé hans sé ávaxtað með tryggunn hætti og að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

6. gr.

Samráð.

Íbúðalánasjóður, varasjóður húsnæðismála, félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu miðla á milli sín upplýsingum, hafa samráð sín á milli og leysa úr ágreiningi, sem upp kann að koma milli aðila vegna framkvæmdar ákvæða reglugerðar þessarar. Félagsmálaráðherra sker úr um ágreiningsmál, sbr. þó 22. gr.

III. KAFLI Rekstrarframlög.

7. gr.

Rekstrarframlög.

Varasjóður húsnæðismála skal veita rekstrarframlög vegna rekstrarhalla félagslegra íbúða, sbr. 2. gr., sem að staðaldri eru í útleigu og vegna félagslegra íbúða sem staðið hafa auðar í lengri tíma.

Framlögin skal varasjóður veita sveitarfélögum og þeim félögum sem eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga.

Heildarrekstrarframlög, sbr. 1. mgr., skulu að jafnaði ekki vera hærri en 70 milljónir króna árlega árin 2002–2006, að teknu tilliti til 5. mgr. 4. gr.

Ráðherra tekur ákvörðun um úthlutun framlaga, sbr. 1. mgr., að fengnum tillögum frá ráðgjafarnefnd, sbr. 3. gr.

8. gr.

Útreikningur framlaga.

Við ákvörðun rekstrarframlaga, sbr. 7. gr., skal leggja áherslu á að koma til móts við rekstrarhalla aðila, sbr. 1. mgr. 7. gr., þar sem hann er hlutfallslega mikill miðað við fjölda félagslegra leiguíbúða og auðra íbúða.

Eigi síðar en 1. mars skulu framlög greidd í einu lagi eftir á fyrir hvert ár fyrir sig þegar nauðsynlegar forsendur liggja fyrir.

Útreikningur framlaganna skal byggjast á reiknilíkani sem útbúið hefur verið sam-
eiginlega af fulltrúum ríkis og sveitarfélaga er lýsir áætlaðri rekstrarniðurstöðu félagslegra íbúða miðað við tiltekna forsendur.

9. gr.

Framlög vegna félagslegra íbúða.

Greiða skal framlag þegar skilgreindur kostnaður sveitarfélagsins er hærri en heildar-
viðmiðunarleiga þess að teknu tilliti til viðmiðunarfjárhæðar sveitarfélags. Miðað skal við
að úthlutað framlag nemi 80% af þannig útreiknuðum mismun, að teknu tilliti til 3. mgr.
7. gr. og 10. gr. Til að uppfylla skilyrði 3. mgr. 7. gr. er ráðgjafarnefnd heimilt að fengnu
samþykki ráðherra að breyta framangreindu hlutfalli.

10. gr.

Framlög vegna auðra félagslegra íbúða.

Úthluti varasjóður framlagi til rekstraraðila, sbr. 9. gr., er sjóðnum einnig heimilt að
úthluta sérstöku viðbótarframlagi til rekstraraðilans vegna auðra félagslegra íbúða. Fram-
lagið skal fundið á grundvelli skilgreinds kostnaðar á hverja félagslega íbúð og fjölda
mánaða sem íbúð stendur auð umfram þrjá mánuði. Miða skal við að úthlutað framlag nemi
70% af þannig útreiknaðri fjárhæð, að teknu tilliti til 3. mgr. 7. gr. og 9. gr. Til að uppfylla
skilyrði 3. mgr. 7. gr. er ráðgjafarnefnd heimilt að fengnu samþykki ráðherra að breyta
hlutfalli þessu.

11. gr.

Umsókn.

Í umsókn sveitarfélags skal gerð grein fyrir þeim íbúðum sem standa auðar og fjölda
mánaða sem hver íbúð hefur staðið auð.

Ráðgjafarnefnd skal setja nánari reglur um það hvaða gögn og upplýsingar er nauð-
synlegt að fylgi umsókn um rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna rekstrarhalla á leigu-
íbúðum og langvarandi auðra íbúða.

IV. KAFLI

Framlög við sölu íbúða.

12. gr.

Framlög við sölu íbúða.

Varasjóði húsnæðismála er heimilt að veita framlög til sveitarfélaga og þeirra félaga sem eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennan markað. Sjóðurinn skal taka þátt í niðurgreiðslu við sölu á innleystum félagslegum íbúðum út á almennan markað í þeim tilvikum þar sem innlausnarverð er yfir markaðsverði íbúðanna. Framlöggin skulu sveitarfélögin nýta til að greiða niður áhvílandi framreiknuð eldri veðlán Byggingarsjóðs verkamanna og/eða Byggingarsjóðs ríkis ef söluverð stendur ekki undir greiðslu lánanna. Slíkt er þó aldrei heimilt fyrr en íbúð er orðin eign sveitarfélags og að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag. Heimilt er að taka tillit til sölukostnaðar sveitarfélaganna skv. 14. gr. Heimild þessi tekur einnig til félagslegra leiguíbúða sem sveitarfélagið hefur áður innleyst sem félagslega eignaríbúð en breytt síðan í félagslega leiguíbúð. Í slíkum tilvikum skal taka tillit til lána sem veitt hafa verið á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögum um húsnæðismál.

Þau sveitarfélög þar sem fjárhagslegur vandi vegna félagslegra íbúða er mikill skulu að jafnaði ganga fyrir við úthlutun framlaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða út á hinn almenna markað.

Með hliðsjón af forgangi sveitarfélaga, sbr. 2. mgr., skal ráðgjafarnefnd gera áætlun um framlög í hverjum forgangsflokki um sig fyrir árin 2002–2006. Áætlunina skal endurskoða árlega og afgreiða í ráðgjafarnefnd og leggja fyrir félagsmálaráðherra til samþykktar.

Á grundvelli áætlunar, sbr. 3. mgr., og með hliðsjón af forgangi sveitarfélaga, sbr. 2. mgr., er ráðgjafarnefnd heimilt að greiða framlög til sveitarfélaga, sbr. 1. mgr., án sérstakrar staðfestingar félagsmálaráðherra.

Ráðgjafarnefnd setur sér nánari vinnureglur varðandi afgreiðslu umsókna, forgangsröðun sveitarfélaga skv. 2. mgr. og greiðslu framlaga við sölu íbúða.

13. gr.

Hámark niðurgreiðslu.

Samþykki ráðgjafarnefnd umsókn, sbr. 15. gr., er henni heimilt að greiða sveitarfélagi fjárhæð sem nemur að hámarki mismun á uppgreiddu láni Byggingarsjóðs verkamanna og/eða Byggingarsjóðs ríkisins og 90% af söluverði á almennum markaði að teknu tilliti til sölukostnaðar skv. 14. gr. við sölu íbúðarinnar á almennan markað. Heimilt er ráðgjafarnefnd að taka tillit til gengis húsbrefa á söludegi við mat á söluverði íbúðar.

Framlag skv. 1. mgr. að viðbættu söluverði íbúðar, sbr. 1. mgr., og samþykktum viðgerðarkostnaði, sbr. 2. mgr. 14. gr., getur þó að hámarki orðið 90% af innlausnarverði íbúðar.

Heildarframlög skv. IV. kafla skulu að jafnaði ekki vera hærri en 70 milljónir króna árlega vegna ára 2002–2006.

14. gr.

Sölukostnaður.

Sölukostnaður er kostnaður sveitarfélagsins við að selja íbúð út á hinn almenna markað. Með sölukostnaði er hér einungis átt við beinan, útlagðan kostnað, vegna sölunnar, svo sem sölulaun til fasteignasala og auglýsingarkostnað ásamt umsýslukostnaði húsnæðisnefnda eða sveitarfélaga sem nemur 0,5% af innlausnarverði íbúðar. Sölukostnaður sem tekið er tillit til við úthlutun framlaga, sbr. 13. gr. getur að hámarki numið 2,5% af innlausnarverði íbúðar.

Ráðgjafarnefnd varasjóðs getur að öllu leyti eða að hluta tekið tillit til viðgerðar-

kostnaðar íbúðar sem nýlega hefur verið stofnað til enda sé hann umtalsverður og sýnt þykir að viðgerð hafi aukið verðmæti hinnar seldu íbúðar umfram viðgerðarkostnað og gert hana seljanlegri.

15. gr.

Umsókn.

Ráðgjafarnefnd skal setja reglur um það hvaða gögn og upplýsingar er nauðsynlegt að fylgi umsókn um framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða út á hinn almenna markað.

16. gr.

Samþykki ráðgjafarnefndar.

Kauptilboð í félagslegar íbúðir sveitarfélaga skal vera með fyrirvara um samþykki varasjóðs húsnæðismála. Sveitarfélagi ber að senda sjóðnum kauptilboð ásamt söluyfirliti og öðrum umbeðnum gögnum.

Varasjóðurinn hefur tvær vikur til að taka afstöðu til kauptilboðsins frá því fullnægjandi gögn berast sjóðnum. Telji sjóðurinn kauptilboð of lágt miðað við markaðsverð getur hann óskað eftir frekari upplýsingum og samþykkt erindið með eða án skilyrða eða hafnað erindi eftir atvikum.

Samþykki varasjóðs húsnæðismála á kauptilboði, sbr. 1. mgr., veitir ekki sjálfkrafa rétt til framlags, sbr. 12. gr.

V. KAFLI

Útlánatap á viðbótarlánnum.

17. gr.

Framlag sveitarstjórna.

Varasjóður húsnæðismála bætir einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánnum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán. Til að standa undir tjóni Íbúðalánasjóðs skal sveitarfélag greiða 5% af viðbótarláni sem veitt er út á hverja íbúð. Slíkt framlag í varasjóð húsnæðismála er óafturkræft.

Árlega skal ráðgjafarnefnd, sbr. 3. gr., endurskoða hundraðshluta, sbr. 1. mgr., með tilliti til fjárhags varasjóðs húsnæðismála. Að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar og að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitsins og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur félagsmálaráðherra ákvörðun um hundraðshlutann.

Viðbótarlán skal ekki koma til útborgunar fyrr en framlag sveitarfélags í varasjóð hefur verið greitt.

18. gr.

Innheimta vanskila og framkvæmd.

Íbúðalánasjóður gætir þess að við innheimtuaðgerðir vegna vanskila á viðbótarlánnum sé beitt sömu reglum og við meðferð almennra lána.

Komi til nauðungarsölu skulu sömu reglur gilda um viðbótarlán og almenn lán Íbúðalánasjóðs, þ. á m. um verðmat og ákvörðun um kaup á íbúðum. Sömu reglur skulu enn fremur gilda um endursölu uppboðsíbúða með viðbótarlánnum og íbúða eingöngu með almennum lánnum.

19. gr.

Tilkynning um nauðungarsölu.

Íbúðalánasjóður skal með tryggilegum hætti tilkynna ráðgjafarnefnd um fyrirhugaða

nauðungarsölu íbúðar með viðbótarláni um leið og tilkynning berst frá sýslumanni um framhald uppboðs, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991.

Í tilkynningu Íbúðalánasjóðs skal, auk þeirra atriða, er fram koma í tilkynningu sýslumanns, sbr. 1. mgr., koma fram hvenær viðbótarlán var veitt og hvert hafi verið síðasta söluverð eignarinnar.

Ráðgjafarnefnd metur sjálfstætt, hvort hún telji ástæðu til að bjóða í hlutaðeigandi eign á nauðungarsölu.

20. gr.

Tilkynning um niðurstöðu nauðungaruppboðs.

Íbúðalánasjóður skal með tryggilegum hætti tilkynna ráðgjafarnefnd um niðurstöðu nauðungarsölu þegar frumvarp að úthlutun söluverðs hefur verið samþykkt hjá sýslumanni. Með tilkynningu fylgir yfirlitsblað þar sem m.a. kemur fram áætlað markaðsverð eignar á uppboðsdegi, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga um nauðungarsölu, ljósrit af veðbókarvottorði, kröfufýsingu Íbúðalánasjóðs, frumvarpi sýslumanns og kaupsamningi með viðbótarláni.

21. gr.

Tjón og kostnaður Íbúðalánasjóðs.

Varasjóður húsnæðismála greiðir tjón og kostnað Íbúðalánasjóðs vegna nauðungarsölu á íbúð með áhvílandi viðbótarláni. Um er að ræða tjón vegna tapaðra viðbótarlána Íbúðalánasjóðs og kostnað við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán, frá því beðið er um uppboð hjá sýslumanni og þar til íbúð hefur verið seld á nauðungarsölu, sbr. 1. lið 2. mgr., eða þar til endursala fer fram, sbr. 2. tölul. 2. mgr.

Varasjóður húsnæðismála greiðir tjón og kostnað skv. 1. mgr. með eftirfarandi hætti:

1. Ef kaupandi er annar en Íbúðalánasjóður greiðir varasjóður það sem á vantar við útgáfu uppboðsafsals.
2. Ef Íbúðalánasjóður er kaupandi þá greiðir varasjóður Íbúðalánasjóði það sem á vantar þegar endursala uppboðsíbúðar hefur farið fram.

22. gr.

Málskot.

Telji ráðgjafarnefnd að tjón Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns stafi af vangæslu hagsmuna á nauðungarsölu þá skal varasjóður húsnæðismála senda kröfur sínar ásamt rökstuddri greinargerð um það til stjórnar Íbúðalánasjóðs.

Ákvörðun stjórnar Íbúðalánasjóðs má skjóta til kærunefndar húsnæðismála.

23. gr.

Framsal krafna.

Íbúðalánasjóður framselur varasjóði húsnæðismála þá kröfu sem ekki fæst greidd við sölu íbúðar á uppboði, sbr. 21. gr. Slíka kröfu getur varasjóður falið Íbúðalánasjóði að viðhalda í samræmi við ákvæði reglugerðar um meðferð krafna Íbúðalánasjóðs sem glatað hafa veðtryggingu.

24. gr.

Úrræði vegna greiðsluvanda vegna viðbótarlána.

Tillögur starfsmanna Íbúðalánasjóðs um veitingu skuldbreytingalána, frestun greiðslna og/eða lenging lánstíma á viðbótarlánnum, sbr. 48. gr. laga um húsnæðismál, taka ekki gildi fyrr en ráðgjafarnefnd eða starfsmaður hennar hefur fallist á slíka breytingu á lánsskilmálum viðbótarlánsins. Það sama gildir um veðheimildir og veðbandalausnir.

VI. KAFLI

Bætur tjóna byggingargalla.

25. gr.

Tryggingarsjóður vegna byggingargalla.

Til að standa undir tjóni vegna byggingargalla rennur gjald sem greitt hefur verið í Tryggingarsjóð vegna byggingargalla, sbr. 4. mgr. 53. gr. laga um húsnæðismál.

Varasjóður húsnæðismála skal bæta það tjón sem sannanlega er tilkomið vegna galla á íbúðum, byggðum af sveitarfélögum, sem ekki er hægt að rekja til vanrækslu á eðlilegu viðhaldi.

26. gr.

Skilyrði.

Skilyrði fyrir greiðslum úr sjóðnum, sbr. 4. tölul. 44. gr. og 53. gr. laga um húsnæðismál, er eftirfarandi:

1. Íbúðirnar hafi verið byggðar eftir stofnun Tryggingarsjóðs enda hafi verið tekið allt að 1% iðgjald vegna þeirra.
2. Galla megi ekki rekja til vanrækslu á eðlilegu viðhaldi eða til eðlilegs slits.
3. Reglubundið eftirlit og úttekt sveitarfélags hafi verið framkvæmt. Sveitarfélag skal sýna fram á reglubundið eftirlit með skriflegum skýrslum um eftirlit á byggingarstað þar sem skráðir eru helstu verkþættir og framvinda verksins hverju sinni. Ef um var að ræða kaup á íbúðum í smíðum eða nýjum íbúðum á almennum markaði skal leggja fram úttekt sem sýnir hvernig staðið hefur verið að eftirliti á þeim byggingarþáttum sem lokið er þegar kaup voru gerð. Skýrslur þessar og úttektir skulu hafa legið fyrir við lokaúttekt Húsnæðisstofnunar ríkisins. Sveitarfélag skal sjá um að sérstök úttekt verði gerð áður en ábyrgð verktaka samkvæmt ÍST 30 eða öðrum framlögðum gögnum rennur út. Sveitarfélag ber ábyrgð á því að úttekt þessi sé gerð og ber kostnað af henni.
4. Úttektir byggingarfulltrúa á einstökum þáttum framkvæmdarinnar hafi farið fram og við lokaúttekt liggja fyrir vottorð byggingarfulltrúa á þeim byggingarstigum sem getið er um í byggingarreglugerð.
5. Verktaki hafi við lokaúttekt lagt fram skriflegar staðfestingar um að steypa og annað efni sem notað hefur verið sé í samræmi við gæðakröfur í efnis- og verklýsingu.
6. Lokaúttekt Húsnæðisstofnunar ríkisins, eða Íbúðalánasjóðs, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI í lögum um húsnæðismál hafi farið fram við verklok. Skrifleg skýrsla skal liggja fyrir þar sem m.a. er staðfest hvort skilyrðum 3.–5. tölul. þessarar greinar sé fullnægt.
7. Að tryggingar verktaka bæti ekki tjónið.

27. gr.

Krafa til sveitarfélags.

Eigandi skal ætíð leita fyrst beint til sveitarfélags um úrbætur. Sveitarfélag skal síðan gera rökstudda kröfu um greiðslu úr varasjóði húsnæðismála. Sjóðurinn, eða sá aðili sem hann vísar til, framkvæmir úttekt og metur tjónið.

28. gr.

Endurkröfuréttur.

Varasjóður húsnæðismála á endurkröfurétt á verktaka eða þá aðra sem samkvæmt lögum og almennum reglum skaðabótaréttar bera ábyrgð á tjóni sem bætt hefur verið af sjóðnum.

29. gr.

Ábyrgðartími.

Ábyrgð sjóðsins varir í 15 ár frá lokaúttekt Húsnæðisstofnunar ríkisins eða Íbúðalánasjóðs, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI í lögum um húsnæðismál, á framkvæmdunum eða kaupunum. Ábyrgð sjóðsins er óháð öðrum reglum, samningum eða lögum um ábyrgð á tjóni vegna húsnæðisbygginga.

30. gr.

Ráðgjafarnefnd.

Ráðgjafarnefnd tekur afstöðu til krafna um greiðslur úr varasjóði húsnæðismála vegna byggingargalla, enda séu skilyrði 26. gr. uppfyllt.

VII. KAFLI

Upplýsingavinnsla og úttekt á árangri.

31. gr.

Ráðgjafarnefnd skal sjá um upplýsingavinnslu og úttekt á árangri af verkefnum varasjóðsins. Nefndin skal gefa út ársskýrslu fyrir síðasta rekstrarár þar sem fram koma m.a. eftirfarandi upplýsingar:

- a. Almenn starfsemi varasjóðs.
- b. Veitt rekstrarframlög.
- c. Veitt framlög vegna sölu íbúða.
- d. Fjöldi félagslegra íbúða og aðrar forsendur veittra framlaga.

VIII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

32. gr.

Samráð um breytingar.

Um breytingar á reglugerð þessari skal haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga.

33. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 44. gr., 45. gr. og 50. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um varasjóð viðbótarlána, nr. 72/1999.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. september 2002.

Páll Pétursson.

Hermann Sæmundsson.

VIÐAUKI I

Dæmi um útreikning framlaga, sbr. III. kafla.

Forsendur	
Íbúafjöldi	225
Fjöldi íbúða	5
Viðmiðunarleiga	
Viðmiðunarleiga	30.000
Heildarviðmiðunarleiga sveitarfélags	1.800.000
Skilgreindur kostnaður	
Afborgun og vextir lána Íbúðalánasjóðs	1.300.000
Byggt á upplýsingum Íbúðalánasjóðs	
Fasteignagjöld	110.000
Byggt á upplýsingum um fasteignamat og álagningarprösentu fasteignagjalda	
Annar kostnaður	1.020.000
Skilgreindur kostnaður samtals	2.430.000
Viðmiðunarfjárhæð á íbúa	1.800
Hlutfall af útreiknuðum mismun	
Við útreikning framlaga vegna félagslegra íbúða	80,0%
Við útreikninga framlaga vegna auðra íbúða	70,0%
Fjöldi íbúða er standa auðar lengur en í 3 mánuði	2
Fjöldi mánaða sem hver íbúð stendur auð	12

Útreikningur rekstrarframlaga	
Framlag vegna félagslegra íbúða	
Rekstrarhalli á hvern íbúa	2.800
Viðmiðunarfjárhæð sveitarfélags	-1.800
Mismunur á hvern íbúa	1.000
Mismunur samtals	225.000
Framlag varasjóðs	180.000
Framlag vegna auðra íbúða	
Fjöldi mánaða er íbúðir standa auðar umfram 3 mánuði	18
Skilgreindur kostnaður á hvern íbúa á mánuði	900
Framlag varasjóðs	194.400
Samtals rekstrarframlög varasjóðs	374.400

Dæmi um útreikning framlaga, sbr. IV. kafla.

Forsendur	
Innlausnarverð	10.000.000
Áhvilandi lán	9.000.000
Byggingarsjóður verkamanna	7.000.000
Lán til leigubúða	2.000.000
Söluverð	5.000.000
Hluti af söluverði greitt með húsbrefum	2.000.000
Gengi húsbrefa	0,95
Söluakostnaður	270.000
Samþykktur viðgerðarkostnaður	200.000

Útreikningur á frekari forsendum	
Áhvilandi lán	9.000.000
90% af útreiknuðu söluverði íbúðar	4.410.000
Útreiknað söluverð	4.900.000
Söluverð	5.000.000
Afföll húsbrefa	-100.000
Mismunur	4.590.000
Samþykktur söluakostnaður	250.000
Söluakostnaður	270.000
Lækkun vegna hámarksákvæða	-20.000

Útreikningur á framlagi		
Mismunur áhvilandi lána og 90% af útreiknuðu söluverði	4.590.000	
Samþykktur söluakostnaður	250.000	
Samþykktur viðgerðarkostnaður	200.000	
Samtals útreiknað framlag fyrir hámarksathugun	5.040.000	
Söluverð, að teknu tilliti til gengis húsbrefa	4.900.000	Hlutf. af innlausnarverði
Samtals útreiknað framlag fyrir hámarksathugun að meðtöldu söluandvirði	9.940.000	99,4%
Hámarkstekjur vegna sölu íbúðar	9.000.000	90,0%
Lækkun framlags vegna hámarksviðmiðunar	-940.000	-9,4%
Útreiknað framlag samtals	4.100.000	

VIÐAUKI II

Eftirtöldum sveitarfélögum hefur verið skipt niður í leigusvæði.

Leigusvæði:

- 1 Háar leigutekjur.
- 2 Miðlungs leigutekjur.
- 3 Lágur leigutekjur.

Sv.fél.nr.	Sveitarfélag	Leigusvæði	Sv.fél.nr.	Sveitarfélag	Leigusvæði
0000	Reykjavík	1	2300	Grindavík	1
1000	Kópavogur	1	2503	Sandgerði	1
1100	Seltjarnarnes	1	2504	Gerðahreppur	1
1300	Garðabær	1	2506	Vatnsleysustrandarhreppur	1
1400	Hafnarfjörður	1	3000	Akranes	1
1603	Bessastaðahreppur	1	3506	Skorradalshreppur	1
1604	Mosfellsbær	1	3510	Borgarfjarðarsveit	2
2000	Reykjanesbær	1	3609	Borgarbyggð	2

Sv.fél.nr.	Sveitarfélag	Leigusvæði	Sv.fél.nr.	Sveitarfélag	Leigusvæði
3709	Eyrarsveit	2	6705	Raufarhafnarhreppur	3
3711	Stykkishólmur	2	6707	Þórshafnarhreppur	3
3714	Snæfellsbær	2	7000	Seyðisfjörður	3
3811	Dalabyggð	2	7300	Fjarðabyggð	3
4100	Bolungarvík	3	7501	Skeggjastaðahreppur	3
4200	Ísafjarðarbær	2	7502	Vopnafjarðarhreppur	3
4502	Reykhólahreppur	3	7506	Fellahreppur	2
4604	Tálknafjarðarhreppur	3	7509	Borgarfjarðarhreppur	3
4607	Vesturbyggð	3	7512	Norður-Hérað	2
4803	Súðavíkurhreppur	3	7611	Búðahreppur	3
4910	Broddaneshreppur	2	7612	Stöðvarhreppur	3
5000	Siglufjörður	2	7613	Breiðdalshreppur	3
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	2	7617	Djúpavogshreppur	3
5508	Húnaþing vestra	2	7618	Austur-Hérað	2
5604	Blönduós	2	7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	2
5609	Höfðahreppur	2	8000	Vestmannaeyjar	3
6000	Akureyri	1	8200	Sveitarfélagið Árborg	1
6100	Húsavík	2	8508	Mýrdalshreppur	2
6200	Ólafsfjörður	3	8509	Skaftárhreppur	2
6400	Dalvíkurbyggð	3	8613	Rangárþing eystra	2
6504	Hríseyjarhreppur	3	8614	Rangárþing ytra	2
6505	Arnarneshreppur	3	8701	Gaulverjabæjarhreppur	2
6513	Eyjafjarðarsveit	1	8707	Villingaholtshreppur	2
6514	Hörgárbyggð	3	8710	Hrunamannahreppur	2
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	1	8716	Hveragerði	1
6602	Grýtubakkahreppur	1	8717	Sveitarfélagið Ölfus	1
6607	Skútustaðahreppur	2	8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	1
6609	Aðaldælahreppur	2	8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	2
6612	Þingeyjarsveit	2	8721	Bláskógabyggð	2
6702	Öxarfjarðarhreppur	3			

13. september 2002

Nr. 657

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 450/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á selju, annarri en seljurót (sellery) í 2. gr. reglugerðarinnar:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	16.09.-30.09.02	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. september 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á kafla A-1 í viðauka II:

- 5.2. Sælgætisvörur aðrar en kakó- og súkkulaðivörur og tyggigúmmí:
Konjak gúmmí og konjak glúkómann (E 425) fellur út úr floknum.

2. gr.

18. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla:

1. tilskipun 62/2645/EBE um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli til manneldis, með síðari breytingum, 2. tölul., tilskipun 64/54/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um rotvarnarefni sem heimilt er að nota í matvæli til manneldis, með síðari breytingum, tilskipun 89/107/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum,
2. 3. tölul., tilskipun 65/66/EBE um sérstök skilyrði um hreinleika rotvarnarefna sem heimilt er að nota í matvæli, með síðari breytingum, 16. tölul., tilskipun 78/663/EBE um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir ýru-, bindi-, þykkingar- og hleypiefni til notkunar í matvælum, með síðari breytingum, 17. tölul., tilskipun 78/664/EBE um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir þrávarnarefni sem heimilt er að nota í matvæli, með síðari breytingum, 29. tölul., tilskipun 81/712/EBE um greiningaraðferðir innan bandalagsins til staðfestingar á að tiltekin aukefni sem notuð eru í matvælum fullnægi skilyrðum um hreinleika, 46. tölul., tilskipun 95/31/EB um hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni sem ætluð eru til notkunar í matvælum með breytingum 98/66/EB, 2000/51/EB og 2001/52/EB, tilskipun 95/45/EB um hreinleikaskilyrði fyrir litarefni, með breytingum 99/75/EB og 2001/50/EB, tilskipun 96/77/EB um hreinleikaskilyrði fyrir aukefni önnur en litar- og sætuefni með breytingum 98/86/EB, 2000/63/EB og 2001/30/EB,
3. tilskipun 94/35/EB um notkun sætuefna í matvælum, með breytingu 96/83/EB, tilskipun 94/36/EB um notkun litarefna, tilskipun 95/2/EB um notkun aukefna annarra en litar- og sætuefna, með breytingum 96/85/EB, 98/72/EB og 2001/5/EB, ákvörðun 2002/247/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur niður reglugerð um sama efni nr. 579/1993 með síðari breytingum (767/1997, 773/1998 og 407/2001).

Umhverfisstjórnuneytinu, 29. ágúst 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. orðast svo:

Óheimilt er að hafa halón á slökkvikerfum í skipum eftir 31. desember 2003. Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins eigi síðar en 1. febrúar 2004 hvernig halóni á kerfinu hafi verið ráðstafað. Óheimilt er eftir 1. janúar 2003 að endurhlaða slökkvikerfi í skipum með halóni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, og 4. tölul. 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun-
arvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 9. september 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

30. ágúst 2002

Nr. 660

REGLUGERÐ

um starfsheitið raffræðingur.

1. gr.

Þeir sem fullnægja skilyrðum reglugerðar þessarar geta sótt um það til iðnaðarráðuneytisins að fá að nota starfsheitið raffræðingur.

2. gr.

Umsækjendur þurfa að hafa fengið A- eða B-löggildingu Löggildingarstofu (eða Rafmagnseftirlits ríkisins áður) til rafvirkjunarstarfa eða öðlast rétt til A- eða B-löggildingar samkvæmt reglugerð um raforkuvirki, nú reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með síðari breytingum, sérstaklega með reglugerð nr. 285/1998.

3. gr.

Ef erlendir einstaklingar sækja um að fá að nota starfsheitið raffræðingur skal gætt ákvæða laga nr. 83/1993 um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með síðari breytingum, og þá sérstaklega ákvæða er lúta að rétti til að nota sama starfsheiti og innlendir umsækjendur.

4. gr.

Útbúa skal sérstakt umsóknareyðublað ásamt hjálögðum gátlista, er birtist á vef ráðuneytisins, til að greiða fyrir afgreiðslu umsóknar og krefja umsækjanda um nauðsynlegar upplýsingar til að taka megi afstöðu til hennar.

5. gr.

Leita skal umsagnar Löggildingarstofu um erindi er berast og skal umsókn fela í sér hvort eða að hve miklu leyti unnt sé að taka umsókn til greina, sbr. 6. gr.

6. gr.

Þegar heimild er veitt til að nota starfsheitið raffræðingur má bæta við innan sviga aftan við heitið A+B eða B til nánari auðgreiningar. Viðbótin er ekki formlegur hluti starfsheitisins. Birta má listann á vef ráðuneytisins.

7. gr.

Greiða skal gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs fyrir veitingu heimildar til að nota starfsheiti.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 7. gr. laga nr. 8/1996 um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum og öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 30. ágúst 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Pormóðsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Ölfuss nr. 334/1999.

1. gr.

- Við B-lið 57. gr. samþykktarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
22. *Menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með umsjón menningarmála í sveitarfélaginu í umboði bæjarstjórnar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. september 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Búðahrepps.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Búðahrepps er skipuð sjö sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Valdsvið sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn Búðahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hlutverk sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Verkefni sveitarstjórnar samkvæmt lögum.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Helstu verkefni sveitarstjórnar.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Búðahrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunar-fyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

7. gr.

Fundarhöld.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00 og vera haldnir í ráðhúsi Búðahrepps. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra sveitarfélagsins og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Fyrsti fundur.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Boðun sveitarstjórnarfunda.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins, sbr. þó 14. gr., boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Auglýsing funda.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggu hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Dagskrá funda.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir byggðarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

12. gr.

Fundarboðun.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Auglýsing dagskrár.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórnin ákveður.

14. gr.

Aukafundur.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins skal boða sveitarstjórnarmenn símleiðis til aukafundar í sveitarstjórn a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Oddvitakjör.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Skrifarar.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Opinn eða lokaður fundur.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Lögmæti fundar.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Fundarstjórn.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Afgreiðsla mála samkvæmt dagskrá.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Tvær umræður.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Skyldur sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann boða varamann sinn á fund og jafnframt tilkynna forföll til sveitarstjóra sveitarfélagsins. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögu-rétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundi.

23. gr.

Vanhæfi sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra sveitarfélagsins né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Málfrelsi, tillögu- og atkvæðisréttur.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögu-rétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra sveitarfélagsins, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Fundarsköp.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri sveitarfélagsins, flutningsmaður tillögu eða fram-sögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Vítur.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem vítur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Ræðutími.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Breytingartillögur.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Afgreiðsla mála.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra sveitarfélagsins. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Framkvæmd atkvæðagreiðslu.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Atkvæðavægi í atkvæðagreiðslu og kosningum.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Fundargerð sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Fundarsókn.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í byggðarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hagsmunir sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Atkvæðisréttur.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það sveitarstjóra sveitarfélags skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bókanir.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Þagnarskylda.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leytur á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Lausn frá störfum.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef þú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar, getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Fundartími.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Varamenn í sveitarstjórn.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Kosningar og kjörgengi.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í byggðarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Fulltrúar í byggðarráði.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá sveitarstjórnarmenn í byggðarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í byggðarráð. Varamenn í byggðarráði eru þeir aðal- og vara-fulltrúar í sveitarstjórn sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður, í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins situr fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé sveitarstjórnarmaður og kjörinn í byggðarráðið.

Sveitarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn byggðarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skyld er sveitarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir sveitarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Fundartími byggðarráðs.

Byggðarráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í hverjum mánuði annan og fjórða fimmtudag kl. 17.00. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri sveitarfélagsins, formaður byggðarráðsins eða a.m.k. tveir byggðarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Fundarboðun byggðarráðs.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðsins. Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann sinn á fund og jafnframt tilkynna forföll til sveitarstjóra.

47. gr.

Formaður og fundargerð byggðarráðs.

Á fyrsta fundi nýkjörins byggðarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara byggðarráðsins. Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess.

Byggðarráð getur ráðið sér fundarritara utan byggðarráðs. Um ritun fundargerða byggðarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Verkefni byggðarráðs og valdsvið.

Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármála- stjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Byggðarráð hefur umsjón með stjórn- sýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofn- ana og fyrirtækja sveitarfélagsins lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitar- stjórnarlög mæla fyrir um.

Byggðarráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Byggðarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli byggðarráðsmanna eða við sveitarstjóra sveitarfélagsins um slíka afgreiðslu. Byggðarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur sveitarstjórn falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Starfsmenn á fundi byggðarráðs.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi byggðarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Fyrsti fundur – formenn nefnda.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Oddviti sveitarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Varamenn í nefndum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Lokaðir fundir.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Fundarstjórn nefnda og ráða.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Vald nefnda.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Fundargerðir nefnda og ráða.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Sveitarstjórnarafgreiðsla.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá byggðarráðs og/eða sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar byggðarráðsins og/eða sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar byggðarráðsins og/eða sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir byggðarráðið og/eða sveitarstjórnina.

57. gr.

Lögboðnar nefndir í Búðahreppi.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Byggðarráð.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Ráðið fylgist með atvinnulífi byggðarlagsins og gerir úttekt á stöðu þess ár hvert. Það leitar upplýsinga og gerir tillögur til eflingar og fjölbreytni í atvinnulífi og hvetur einstaklinga og félög til virkrar þátttöku. Auk þess getur ráðið skipað starfsþópa í sérstök verkefni sem lúta að atvinnumálum.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Kjörstjórn.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
2. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hún fer með byggingar- og skipulagsmál samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Einnig fer nefndin með umhverfis- og umferðarmál í samræmi við 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Nefndin skal fylgjast með og gera tillögur um umferðarmál, landgræðslu, skógrækt og önnur umhverfismál, svo sem opin svæði, sorpmál og meindýraeyðingu. Málefni heilbrigðisnefndar Austurlands skulu kynnt á fundum nefndarinnar. Nefndin fundi að jafnaði mánaðarlega.
3. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
4. *Ferða- og menningarmálanefnd.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin sér um vinabæjatengsl, ýmsa menningarviðburði og hátíðir. Enn fremur fer nefndin með stjórn bókasafnsins skv. 7. gr. laga um almenningabókasöfn nr. 36/1997. Hún starfar með bókaverði og annast m.a. bókakaup í samvinnu við hann. Nefndin skal vera í góðu sambandi við þá aðila sem sinna ferða- og menningarmálum á svæðinu.
5. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, þar af er einn aðalmaður og einn varamaður frá Fáskrúðsfjarðahreppi. Nefndin sinnir málefnum grunnskóla, tónskóla og leikskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1995, lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og lögum um leikskóla nr. 78/1994. Um verkefni nefndarinnar varðandi grunnskóla fer samkvæmt erindisbréfi, en um verkefni hennar varðandi leikskóla og tónlistardeild fer samkvæmt lögum þar um. Nefndin er sveitarstjórn einnig til ráðgjafar um æskulýðs- og íþróttamál, þar með talin málefni íþróttamannvirkja. Við störf að æskulýðs- og íþróttamálum skal hún hafa náið samstarf við aðila og félög sem starfa á því sviði. Nefndin fundi að jafnaði mánaðarlega.
6. *Félagsmálanefnd Suðurfjarða.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, þar af er einn aðalfulltrúi og einn varafulltrúi úr Búðahreppi. Félagsmálanefnd fer með verkefni barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, húsnæðisnefndar, hefur umsjón með daggæslu

í heimahúsum og með framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Auk verkefna sem félagsmálanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur sveitarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.

Heimilt er að undanskilja verkefni húsnæðisnefndar verkefnum sameiginlegrar félagsmálanefndar.

7. *Þjónustuhópur aldraðra.* Samkvæmt 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 skipa sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi Fáskrúðsfjarðarlæknishéraðs fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. Héraðslæknir tilnefnir lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu. Sveitarstjórnir skipa án tilnefningar tvo fulltrúa sem hafa þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi eða hafa hliðstæða menntun. Samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum og sinnir hann öðrum verkefnum þjónustuhóps aldraðra en þeim sem kveðið er á um í 4. tölul. 8. gr. laga nr. 67/2001 um breytingu á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Þjónustuhópur aldraðra skal hafa eftirtalin verkefni á samstarfssvæði sínu:

I. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.

II. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.

III. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.

IV. Að meta vistunarþörf aldraðra, sbr. 14. og 15. gr.

Þjónustuhópurinn skal í störfum sínum hafa að leiðarljósi markmið laganna, sbr. 1. gr.

8. *Stjórn Dvalar- og hjúrunarheimilisins Uppsala.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, þar af einn aðalmaður og einn varamaður tilnefndur af Fáskrúðsfjarðarhreppi og sömu leiðis frá Stöðvarhreppi. Stjórnin sér um rekstur Uppsala. Sveitarstjóri, læknir, hjúrunarforstjóri og rekstarstjóri sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi uppbyggingu þjónustu á þessu sviði á Fáskrúðsfirði.
9. *Skodunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
10. *Búfjáreftirlismenn.* Einn eða fleiri samkvæmt lögum um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.
- C. Auk þess skipar sveitarstjórn í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:
1. *Almannavarnanefnd.* Í samræmi við 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir kýs sveitarstjórn fulltrúa í almannavarnanefnd. Samkvæmt lögnum skal nefndin skipuð sveitarstjóra, byggingafulltrúa, heilsugæslulækni, lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra og tveimur mönnum sem sveitarstjórn velur, en annar þeirra er skipaður af Búðahreppi og hinn af Fáskrúðsfjarðarhreppi. Kjörtímabil þeirra er hið sama og sveitarstjórnar.
 2. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins. Kjörtímabil þeirra er hið sama og sveitarstjórnar.
 3. *Samband sveitarfélaga á Austurlandi.* Samkvæmt samþykktum fyrir Samband sveitarfélaga á Austurlandi kýs sveitarstjórn ár hvert aðal- og varafulltrúa á aðalfund sambandsins.
 4. *Stjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands.* Samkvæmt samþykktum fyrir Sorpsamlag Mið-Austurlands kýs sveitarstjórn árlega aðal- og varafulltrúa í stjórn samlagsins.
 5. *Fulltrúaráð Héraðsskjalasafns Austfirðinga.* Samkvæmt stofnsamningi Héraðsskjalasafns Austfirðinga kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð safnsins og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

6. *Fulltrúaráð Skólaskrifstofu Austurlands*. Samkvæmt stofnsamningi Skólaskrifstofu Austurlands kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð safnsins og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

58. gr.

Aðrar nefndir Búðahrepps.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

59. gr.

Ráðning sveitarstjóra.

Sveitarstjórn getur ráðið sveitarstjóra sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

60. gr.

Starfssvið sveitarstjóra.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins undirbýr fundi byggðarráðs og sveitarstjórnar, semur dag-skrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og byggðarráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í byggðarráðið og sveitarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórnin hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórnin er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til. Sveitarstjórnin er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórnin er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnin ákveður í samráði við sveitarstjórn hver gegna skuli störfum hans í föllum hans.

61. gr.

Ráðningar yfirmanna.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Ráðningar fastra starfsmanna.

Byggðarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 62. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem sveitarstjórn hefur sett.

63. gr.

Aðrar ráðningar.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

64. gr.

Starfskjör, réttindi og skyldur.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

65. gr.

Um áætlanagerð.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

66. gr.

Um fjárveitingar og útgreiðslur.

Fjárhagsáætlun skv. 66. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

68. gr.

Þriggja ára áætlun.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Skil á ársreikningi.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 66. gr. og þriggja ára áætlun skv. 69. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 68. gr.

70. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri sveitarfélagsins skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Búðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Búðahrepps nr. 149/1999, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 5. september 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING**um friðlýsingu hluta Kasthúsatjarnar og aðliggjandi fjöru á Álftanesi.**

Að tillögu Náttúruverndar ríkisins og samkvæmt samþykki sveitarstjórnar Bessastaðahrepps sem landeiganda hefur umhverfisráðherra ákveðið að friðlýsa hluta Kasthúsatjarnar og umhverfi hennar á Álftanesi sem friðland í samræmi við 1. tölulið 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, svo og aðliggjandi fjöru sem fólkvang í samræmi við 55. gr. sömu laga.

Markmið með friðlýsingu Kasthúsatjarnar og umhverfis hennar sem friðlands er að vernda tjörnina með fjölskrúðugu fuglalífi hennar og lífríki, en tjörnin er strandtjörn, grunn og lífrík. Tjörnin býr yfir líffræðilegri fjölbreytni og er ákjósanleg til rannsókna og fræðslu.

Markmið með friðlýsingu fjörunnar sem fólkvangs er að tryggja landsvæði til útivistar og almenningsnota. Fjaran og aðliggjandi sjávarsvæði eru sérstaklega áhugaverð til náttúruskoðunar svo sem fugla- og fjöruskoðunar. Aðgengi að svæðinu er gott og því ákjósanlegt til útikennslu.

Mörk friðlandsins og fólkvangsins eru sýnd á meðfylgjandi, hnitsettum uppdrætti, dags. 4. febrúar 2002 og eru hnitin eftirfarandi:

Punktur	Hnit: x,y	Punktur	Hnit: x,y
1	-27001.4865, 13934.2871	7	-26195.0287, 14183.0726
2	-26915.3938, 13854.6838	8	-26120.6006, 14331.9287
3	-26412.3967, 14154.9146	9	-26168.3565, 14368.3254
4	-26000.6764, 14080.9997	10	-26054.5496, 14543.0546
5	-26323.6461, 14028.9383	11	-26150.9145, 14594.0597
6	-26168.2346, 14147.3471		

Um hið friðlýsta svæði gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Náttúruverndar ríkisins og sveitarstjórnar Bessastaðahrepps. Bygging og viðhald sjóvarnargarða á vegum sveitarfélagsins og Siglingastofnunar Íslands er heimil.
2. Almennungi er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt. Á varptíma, frá 1. maí til 1. júlí, er umferð fólks um friðlandið við Kasthúsatjörn takmörkuð, sjá uppdrátt.
3. Umferð lausra hunda um friðlandið við Kasthúsatjörn er bönnuð.
4. Fuglaveiðar í friðlandinu og innan fólkvangsins eru óheimilar svo og meðferð skotvopna. Sveitarstjórn Bessastaðahrepps getur þó veitt heimild til þess að verja fuglalíf svæðisins, t.d. vegna vargs, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.
5. Umferð vélknúinna farartækja um friðlandið og innan fólkvangsins er aðeins heimil vegna hlunninda og vegna verkefna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 6. og 7. tölulið.
6. Losun jarðefna, rusls og sorps er óheimil í friðlandinu og innan fólkvangsins. Losun jarðefna til byggingar og viðhalds sjóvarnargarða, sbr. 1. tölulið, er heimil.
7. Hið friðlýsta svæði má nýta á sama hátt og tíðkast hefur, t.d. til beitar.
8. Sveitarstjórn Bessastaðahrepps mun, að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins, framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.

Umhverfisnefnd Bessastaðahrepps hefur umsjón og eftirlit með friðlandinu og fólkvangnum í umboði Náttúruverndar ríkisins og sveitarstjórnar Bessastaðahrepps.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.


Umhverfisráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisráðuneytinu, 5. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.



REGLUR

um meistaranám í þjóðarétti og umhverfisrétti (LL.M. in International and Environmental Law) við lagadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Prófgráðan LL.M. í þjóðarétti og umhverfisrétti er veitt að loknu meistaraþrófi í lögum. Profgráðan veitir ekki þau réttindi sem fylgja embættisþrófi í lögum (cand. jur.). Kennsla í meistaranámi fer almennt fram á ensku. Enska verður jafnframt notuð í prófum og ritgerðum.

2. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í meistaranám er að umsækjandi hafi lokið B.A.-þrófi í lögum frá Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi að afloknu að minnsta kosti þriggja ára lagánámi. Heimilt er að taka við umsóknum frá þeim sem hyggjast ljúka B.A.-þrófi í lögum frá Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi.

Heimilt er að óska eftir því að umsóknum fylgi staðfesting þess að umsækjandi hafi fullnægjandi kunnáttu í ensku á mæltu og rituðu máli, og ennfremur gögn sem sýna að umsækjandi sé í stakk búinn til að leggja stund á framhaldsnám í lögum.

3. gr.

Meistaranám jafngildir 60 einingum. Að jafnaði skal meistaranemi ljúka 45 einingum með prófum í námskeiðum og 15 einingum með lokaverkefni.

Nú hefur nemandi áður lokið námi sem svarar til fjögurra ára grunnnáms í lögum og er þá heimilt að ákveða að hann þurfi aðeins að ljúka 30 einingum með prófum í námskeiðum og 15 einingum með lokaverkefni eða 45 einingum alls.

Nemandi skal hafa lokið meistaranámi eigi síðar en þremur árum eftir fyrstu innritun.

4. gr.

Fyrir 1. febrúar ár hvert skal ákveða hvaða námskeið í lagadeild og öðrum háskóla-deildum eru í boði í meistaranámi á næstkomandi háskólaári. Einnig skal kveða á um vægi námskeiðanna og sérstök skilyrði fyrir þátttöku í þeim, ef því er að skipta.

Skylt er nemanda að ljúka prófi í námskeiðunum „Public International Law“ og „International Environmental Law I“.

Nemandi skal ljúka námskeiðum í lagadeild sem svara til að minnsta kosti 30 eininga alls.

Nú hefur nemandi lokið cand. jur. prófi frá lagadeild Háskóla Íslands og er honum þá óheimilt að velja sömu eða sambærileg námskeið og hann hefur áður lokið í cand. jur. námi.

Námsmat skal að jafnaði fela í sér verkefnavinnu auk munnlegs eða skriflegs prófs. Til að ljúka námskeiði skal nemandi hljóta að minnsta kosti einkunnina 6,0.

5. gr.

Nú hefur nemandi lokið 30 einingum og skal hann þá velja einn af kennurum laga-deildar sem umsjónarkennara með lokaverkefni. Valið er háð samþykki kennarans og meistaranámsnefndar, sbr. 6. gr.

Efnissvið lokaritgerðar er háð samþykki umsjónarkennara. Lokaverkefni skal að jafnaði vera í formi ritgerðar sem svarar til 90-120 bls. (36.000 til 48.000 orða). Umsjónarkennari getur ákveðið að nemandi þreyti próf úr efni lokaverkefnis og metið árangur hans

sem hluta af lokaekunn. Umsjónarkennari gefur einkunn fyrir lokaverkefni ásamt prófdómara sem tilnefndur er af meistaranámsnefnd.

6. gr.

Deildarfundur í lagadeild kýs þriggja manna meistaranámsnefnd til tveggja ára í senn og skulu a.m.k. tveir nefndarmanna vera úr hópi fastráðinna kennara við deildina.

Meistaránámsnefnd tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum, meðal annars hvaða námskeið boðið er upp á í meistaranámi, vægi þeirra, hvenær þau eru kennd og hvernig námsmati sé hagað, sbr. 1. mgr. 4. gr.

Meistaránámsnefnd fjallar um og tekur ákvörðun um umsóknir vegna náms til meistaraþrófs. Nefndin ákveður form umsókna sem deildarforseti staðfestir. Nefndin getur gert tillögu um að takmarka inntöku nýrra nemenda við ákveðinn fjölda, sbr. 9. mgr. 91. gr. reglna nr. 458/2000.

Deildarforseti getur settið fundi meistaranámsnefndar.

Ef ekki er samkomulag um mál í meistaranámsnefnd skal það lagt fyrir deildarfund til ákvörðunar. Ennfremur getur nefndin eða deildarforseti ákveðið að leggja mál fyrir deildarfund til fullnaðarákvörðunar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 91. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

7. gr.

Að öðru leyti en kveðið er á um í reglum þessum skal farið eftir reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í lagadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67., 68. og 5. mgr. 91. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999 skal birta reglur þessar í kafla lagadeildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 10. september 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fullorðinsfræðslu fatlaðra.

1. gr.

Fullorðinsfræðsla fatlaðra er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarping hennar er í Reykjavík. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnendur Fullorðinsfræðslu fatlaðra eru: Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Proskahjálpi sem því til staðfestu undirrita skipulagsskrá þessa. Aðrir sem gerast stofnaðilar innan sex mánaða frá stofnun Fullorðinsfræðslu fatlaðra teljast einnig til stofnenda. Fjárhagslegar skuldbindingar stofnunarinnar eru stofnendum óviðkomandi umfram stofn-

framlag. Stofnframlag er kr. 570.000 sem er óskerðanlegur höfuðstóll og er það greitt í jöfnum hlutföllum á milli Landssamtakanna Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands.

Framlagið hefur verið greitt og er það ávaxtað á sem bestan hátt.

3. gr.

Markmið Fullorðinsfræðslu fatlaðra er að skipuleggja námskeið fyrir fullorðið fatlað fólk sem ekki á kost á starfsþjálfun og símenntun hjá öðrum símenntunaraðilum. Náam og kennsla Fullorðinsfræðslu fatlaðra hefur að markmiði að auka sjálfstæði, öryggi og vellíðan nemenda m.a. með því að

- efla starfshæfni fatlaðra í atvinnulífi
- bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á fjölþættu sviði
- veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun fatlaðra og starfsþjálfun þeirra
- stuðla að auknu framboði á símenntun fyrir fatlaða og miðla því til almennings og atvinnulífs. Hér er átt við jafnt formlega og óformlega menntun, starfsmenntun, tómstundanám, nám í lífsleikni og bóknám
- fylgjast með og nýta bestu fánlegu kennslutækni fyrir fatlaða
- hafa samstarf við aðra aðila er sinna símenntun á Íslandi
- kynna fyrirtækjum símenntunartilboð fatlaðra
- bjóða nemendum Fullorðinsfræðslunnar upp á starfs- og námsráðgjöf.

4. gr.

Stjórn Fullorðinsfræðslu fatlaðra er skipuð fimm mönnum til þriggja ára í senn og fimm til vara. Landssamtökin Þroskahjálpar og Öryrkjabandalag Íslands tilnefna tvo menn hvor, Kennaraháskóli Íslands einn. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Stjórn skiptir með sér verkum. Einfaldur meirihluti gildir á stjórnarfundum. Forstöðumaður Fullorðinsfræðslu fatlaðra situr að jafnaði stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Stjórn Fullorðinsfræðslu fatlaðra ber að vinna að markmiðum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar og setur sér og stofnuninni starfsreglur. Boða skal stjórnarfundum með tryggilegum hætti. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef málefnið varðar hann persónulega.

6. gr.

Stjórn Fullorðinsfræðslu fatlaðra skal halda ársfund eigi síðar en í apríllök ár hvert. Þar skal gera grein fyrir starfi Fullorðinsfræðslunnar og kynntir endurskoðaðir ársreikningar. Þar skal einnig tilnefning löggilts endurskoðanda, stjórnarmanna og varamanna í stjórn fara fram. Auk stjórnarmanna eiga rétt til setu á ársfundum með málfrelsi og tillögurétt þrjú fulltrúar frá Landssamtökunum Þroskahjálpar og þrjú fulltrúar frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Ársfund skal boða skriflega með viku fyrirvara.

7. gr.

Stjórn Fullorðinsfræðslu fatlaðra ræður forstöðumann og setur honum erindisbréf. Forstöðumaðurinn ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar. Hann annast daglegan rekstur, ræður starfsfólk stofnunarinnar og annast reikningsskil. Forstöðumaður undirbýr fjárhagsáætlun næsta starfsárs, sem skal lögð fyrir stjórnina í nóvember ár hvert.

8. gr.

Tekjur Fullorðinsfræðsla fatlaðra eru rekstrarstyrkur frá menntamálaráðuneytinu vegna kaupa á kennslu, húsaleigu og annarra rekstrargjalda. Tekjur geta einnig verið af þjónustu fyrir heilbrigðis- og félagsmálayfirvöld, framlög frá sveitarfélögum, samtökum, fyrirtækjum og einstaklingum.

9. gr.

Til þess að Fullorðinsfræðsla fatlaðra geti náð megintilgangi sínum er stjórninni heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að eiga samstarf við aðra og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma. Fullorðinsfræðsla fatlaðra getur með sérstökum samningi tekið að sér fræðsluverkefni sem teljast hliðstæð námsframboði á framhalds- og háskólastigi. Halda skal kostnaði af slíkri starfsemi að fullu aðgreindum frá öðrum rekstri stofnunarinnar.

10. gr.

Reikningsár Fullorðinsfræðsla fatlaðra er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Forstöðumaður skal eigi síðar en í lok febrúarmánaðar leggja fram eftirtalin gögn fyrir stjórn stofnunarinnar til afgreiðslu:

1. Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.
2. Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar Fullorðinsfræðsla fatlaðra skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næst liðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt eða starfsemi Fullorðinsfræðsla slitið ef 4 af 5 stjórnarmönnum Fullorðinsfræðsla fatlaðra eru því samþykktir, enda sé fundur lög- mætur og tillaga um slíkt hafi verið kynnt sérstaklega í fundarboði. Slíkar ákvarðanir skulu hljóta staðfestu dómsmálaráðherra. Ákvörðun um slit starfseminnar skal auk þess hljóta staðfestingu stjórna Landssamtakanna Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands.

Verði starfsemi Fullorðinsfræðsla fatlaðra hætt og starfsemin lögð niður skal eignum hennar ráðstafað í samræmi við markmið Fullorðinsfræðslunnar, eftir nánari ákvörðun stofnaðila.

Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. september 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 105 – 2002

13. september 2002

1749

Nr. 666

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Neskirkjureitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 25. júní 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Neskirkjureit. Deiliskipulagið gerir m.a. ráð fyrir 900 m² safnaðarheimili á lóð Neskirkju. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Staðahverfi, Brúnastaðir 2-8 og 10-16.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 22. ágúst 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Staðahverfi varðandi Brúnastaði 2-8 og 10-16. Breytingin felst í stækkun lóða og færast lóðamörk um 3 m til suðausturs. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.171.2, Ingólfsstræti 5.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 28. ágúst 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.171.2, varðandi Ingólfsstræti 5. Breytingin felst í að leyfð verði kvistbygging á götuhlið Ingólfsstrætis 5. Núverandi lyftuhús verði lækkað og fellt inn í kvistinn. Nýtingarhlutfall hækkar úr 4,46 í 4,51. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun gerði athugasemd við að auglýsing um gildistöku breytingarinnar yrði birt þar sem breytingin var ekki grenndarkynnt.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 13. september 2002.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B106 – 2002

Nr. 667

1750

12. september 2002

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 542/2000 um kaffi, kaffikjarna og kaffibæti.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Aðferðir til greiningar á kaffikjarna og kaffibæti skulu vera viðurkenndar.

2. gr.

9. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Reglugerð þessi er sett með stöð 16. og 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla: tilskipun 99/4/EB og 2001/54/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 12. september 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

Nr. 668

19. september 2002

REGLUGERÐ

um togbrautarbúnað til fólksflutninga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um togbrautarbúnað til fólksflutninga ásamt öryggisíhlutum og undirkerfum, sbr. þó bráðabirgðaákvæði.

Reglugerð þessi gildir ekki um:

- fólkslyftur og fólks- og vörulyftur,
- hefðbundna strengjadregna sporvagna,
- búnað sem er notaður í landbúnaði,
- staðbundinn eða færanlegan búnað sem notaður er á sýningarsvæðum og/eða í skemmtigörðum og er ætlaður til skemmtunar en ekki til fólksflutninga,
- námubúnað eða staðbundinn búnað sem er notaður í iðnaði,
- strengjadregnar ferjur,

- g) tannhjólbrautir,
- h) keðjudreginn búnað.

Sérreglur þær er gilda að hluta eða öllu leyti um þann búnað sem reglugerð þessi gildir um halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði þessarar reglugerðar. Enn fremur ganga nýjar sérreglur sem settar eru að hluta eða öllu leyti um þann búnað sem reglugerð þessi gildir um framur ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að samræma reglur aðildarríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins í því skyni að tryggja og ábyrgjast að farið sé að grunnkröfum samkvæmt II. viðauka.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. *Togbrautarbúnaður til fólksflutninga*: búnaður sem er settur saman úr mörgum íhlutum og er hannaður, framleiddur og tekinn í notkun með það að markmiði að flytja fólk. Eftir að búnaður hefur verið settur upp er hann notaður til að flytja fólk í vögnum eða með hjálp dráttarbúnaðar þar sem strengir, sem liggja í sömu stefnu og brautin, eru notaðir sem upphengi og/eða til dráttar.
- b. *Búnaður*:
 - i) teinabrautir og annar togbrautarbúnaður þar sem vagnar eru á hjólum eða á upphengibúnaði og eru dregnir af einum eða fleiri strengjum;
 - ii) kláfar þar sem klefarnir eru bornir og/eða dregnir af einum eða fleiri strengjum, klefalyftur og stólalyftur;
 - iii) dráttarlyftur sem draga notendur með viðeigandi búnað áfram með streng.
- c. *Togbrautarbúnaður*: heildarkerfi á uppsetningarstað, sem er sett saman úr grunnvirki og undirkerfum, sbr. I. viðauka, þar sem grunnvirki, sérhannað fyrir fyrir hvern búnað og smíðað á staðnum, merkir form brautar, kerfisgögn, stöðvarmannvirki og brautarmannvirki sem eru nauðsynleg fyrir byggingu og starfrækslu búnaðarins, þar á meðal undirstöður.
- d. *Öryggisíhlutur*: grunníhlutur, safn íhluta, undireiningar eða fullsamsettur búnaður og allur útbúnaður sem er hluti af togbrautarbúnaðinum í því skyni að tryggja öryggi og greindur er með öryggisgreiningu. Bili öryggisíhlutur getur öryggi og heilsu manna verið stefnt í hættu.
- e. *Aðalvertaki*: einstaklingur eða lögpersóna sem ber ábyrgð á smíði togbrautarbúnaðar.
- f. *Starfrækslukröfur*: öll tæknileg ákvæði og ráðstafanir sem hafa áhrif á hönnun og framkvæmd og eru nauðsynleg til að togbrautarbúnaður geti starfað án þess að hætta stafi af.
- g. *Viðhaldskröfur*: öll tæknileg ákvæði og ráðstafanir sem hafa áhrif á hönnun og framkvæmd og eru nauðsynleg fyrir viðhald í því skyni að tryggja að búnaður geti starfað án þess að hætta stafi af.
- h. *Evrópsk forskrift*: merkir sameiginlega tækniforskrift, evrópskt tæknisamþykki eða landsstaðal til framkvæmdar evrópskum staðli.

4. gr.

Skilyrði um öryggi.

Togbrautarbúnaður og grunnvirki hans, undirkerfi og öryggisíhlutir sem reglugerð þessi gildir um skulu fullnægja viðeigandi grunnkröfum skv. II. viðauka.

Þegar breytingar hafa verið gerðar á togbrautarbúnaði, þar með talið breytingar á undirkerfum eða öryggisíhlutum, sem geta haft áhrif á öryggi hans og krefjast því útgáfu nýs leyfis skv. 12. gr., skal togbrautarbúnaðurinn fullnægja grunnkröfum skv. II. viðauka.

5. gr.

Skilyrði og staðlar.

Þegar ákvæði samræmds staðals eru tekin upp í landsstaðal, og vísun til hans birt í Stjórnartíðindum EB og slíkur staðall fjallar um eina eða fleiri af grunnkröfum um öryggi, skal ganga út frá því að búnaður sem smíðaður er í samræmi við þann staðal fullnægi viðeigandi grunnkröfum. Hið sama skal gilda um grunnvirki, undirkerfi og öryggisíhluti togbrautarbúnaðar.

Þegar samræmdir staðlar eru ekki til ber Vinnueftirliti ríkisins að vekja athygli hlutaðeigandi aðila á þeim landsstöðlum og tækniforskriftum sem í gildi eru og teljast mikilvæg og viðeigandi til að rétt sé staðið að því að fullnægja grunnkröfum skv. II. viðauka.

Vinnueftirlit ríkisins skal gæta þess að sérhæfðar kröfur um öryggi komi ekki í veg fyrir að grunnkröfum samkvæmt II. viðauka verði fullnægt.

Í því skyni að fullnægja grunnkröfum II. viðauka reglugerðar þessarar getur þurft að beita sérstökum evrópskum forskriftum.

Tilvísunarnúmer evrópskra forskrifta sem geta verið sameiginlegar tækniforskriftir, evrópskt tæknisamþykki eða landsstaðlar til framkvæmdar samhæfðum stöðlum, skulu birt í Stjórnartíðindum EB.

Vinnueftirlit ríkisins skal birta tilvísunarnúmer landsstaðla sem eru til framkvæmda á evrópskum stöðlum í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Öryggisgreining.

Áður en hafist er handa við uppsetningu á togbrautarbúnaði samkvæmt reglugerð þessari skal aðalverktaki, sbr. e-lið 3. gr., eða viðurkenndur fulltrúi hans sjá til þess að fram fari öryggisgreining skv. III. viðauka. Slík öryggisgreining skal taka til allra öryggisþátta kerfisins og umhverfis þess að því er varðar hönnun, uppsetningu og notkun í því skyni að meta áhættu af notkun þess að teknu tilliti til fyrri reynslu.

Sérstök öryggisskýrsla skal unnin á grundvelli öryggisgreiningar skv. 1. mgr. Þar skulu koma fram upplýsingar um ráðstafanir sem ætlað er að komi í veg fyrir hættu ásamt skrá yfir öryggisíhluti, sbr. II. kafla, og undirkerfi, sbr. III. kafla.

II. KAFLI

Öryggisíhlutir.

7. gr.

Markaðssetning og notkun.

Einungis er heimilt að setja á markað öryggisíhluti er falla undir reglugerð þessa sem tryggja að togbrautarbúnaður fullnægi grunnkröfum samkvæmt II. viðauka sem og öðrum skilyrðum reglugerðar þessarar.

Öheimilt er að taka í notkun öryggisíhluti er falla undir reglugerð þessa, nema að tryggt sé að heilsu og öryggi manna, og þar sem við á, öryggi eigna, stafi ekki hættu af þeim er þeir hafa verið settir upp á réttan hátt, þeim haldið við sem skyldi og notkun þeirra er í ráðgerðum tilgangi.

Öheimilt er að banna, takmarka eða koma í veg fyrir markaðssetningu á öryggisíhlut sem reglugerð þessi gildir um og nota skal í togbrautarbúnað, sem fullnægir ákvæðum reglugerðar þessarar.

8. gr.

Samræmismat.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahags-svæðisins skal, áður en öryggisíhlutur er settur á markað, láta fara fram samræmismat á öryggisíhlutnum með samræmismatsaðferð skv. V. viðauka, einkenna hann með CE-merki, sbr. 14. gr., og gefa út EB-yfirlýsingu um samræmi, sbr. IV. viðauka.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahags-svæðisins skal fela tilkynntum aðila, sbr. 13. gr, að annast samræmismatið.

Öryggisíhlutur sem fellur undir reglugerð þessa og er einkennður með CE-merki og honum fylgir EB-yfirlýsing um samræmi, sbr. IV. viðauka, telst fullnægja öllum ákvæðum reglugerðar þessarar.

Þegar öryggisíhlutur fellur undir ákvæði annarra reglna sem enn fremur kveða á um að einkenna skuli íhlutinn með CE-merki, sbr. 14. gr., gefur þetta merki til kynna að viðkomandi íhlutur teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þeirra reglna.

Þegar hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahags-svæðisins fullnægja 1.-4. mgr. þessa ákvæðis skal sá sem setur öryggisíhlutinn á markað innan Evrópska efnahags-svæðisins fullnægja þeim skyldum sem þar er kveðið á um. Hið sama gildir um alla þá sem framleiða öryggisíhluti til eigin nota.

III. KAFLI

Undirkerfi.

9. gr.

Markaðssetning og notkun.

Einungis er heimilt að setja á markað undirkerfi er falla undir reglugerð þessa sem tryggja að togbrautarbúnaður fullnægi grunnkröfum samkvæmt II. viðauka sem og fullnægja öðrum skilyrðum reglugerðar þessarar.

Óheimilt er að banna, takmarka eða koma í veg fyrir markaðssetningu á undirkerfi sem reglugerð þessi gildir um og nota skal í togbrautarbúnað, sem fullnægir ákvæðum reglugerðar þessarar.

10. gr.

Samræmismat.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahags-svæðisins skal fela tilkynntum aðila, sbr. 13. gr., eða einstaklingi eða lögaðila sem setur undirkerfi á markað, að annast EB-prófun á samræmi. Sá sem setur undirkerfi á markað getur einnig falið tilkynntum aðila prófunina.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahags-svæðisins skal gefa út EB-yfirlýsingu um samræmi á grundvelli EB-prófunar samkvæmt VII. viðauka.

Tilkynntur aðili, sbr. 13. gr., skal gefa út vottorð um EB-prófun skv. VII. viðauka og skulu tækniskjöl fylgja vottorðinu. Tækniskjölin skulu fela í sér öll nauðsynleg skjöl sem varða eiginleika undirkerfisins og, ef við á, öll skjöl sem votta samræmi öryggisíhluta auk allra viðeigandi upplýsinga um skilyrði fyrir og takmarkanir á notkun og leiðbeiningar um viðhald.

Undirkerfi, sbr. I. viðauka, sem EB-yfirlýsing um samræmi, sbr. IV. viðauka, fylgir ásamt tækniskjöllum skv. 3. mgr. telst fullnægja grunnkröfum skv. II. viðauka.

IV. KAFLI Togbrautarbúnaður.

11. gr.

Markaðssetning.

Einungis er heimilt að setja á markað togbrautarbúnað er fellur undir reglugerð þessa er fullnægir grunnkröfum samkvæmt II. viðauka sem og öðrum skilyrðum reglugerðar þessarar.

Óheimilt er að taka í notkun togbrautarbúnað er fellur undir reglugerð þessa nema að tryggt sé að heilsu og öryggi manna, og þar sem við á, öryggi eigna stafi ekki hættu af þeim, er hann hefur verið settur upp á réttan hátt, honum haldið við sem skyldi og notkun hans er í ráðgerðum tilgangi.

Óheimilt er að banna, takmarka eða koma í veg fyrir markaðssetningu á togbrautarbúnaði sem reglugerð þessi gildir um fullnægi hann ákvæðum reglugerðar þessarar.

12. gr.

Rekstrarleyfi.

Óheimilt er að reisa eða reka togbrautarbúnað nema að fengnu leyfi Vinnueftirlits ríkisins. Leyfisumsókn skulu fylgja fullnægjandi gögn sem gefa til kynna að umræddur búnaður uppfylli skilyrði reglugerðar þessarar. Enn fremur skulu fylgja upplýsingar um staðsetningu, áætlaða uppsetningu og rekstrar- og viðhaldsáætlun togbrautarbúnaðarins. Þá skal umsækjandi láta fylgja öryggisgreiningu, sbr. 6. gr., EB-yfirlýsingu um samræmi og viðeigandi tækniskjöl er varða öryggisíhluti og undirkerfi og fela í sér upplýsingar um eiginleika búnaðarins.

V. KAFLI

Tilkynntir aðilar og CE-merki.

13. gr.

Tilkynntir aðilar.

Löggildingarstofa annast mat á þeim aðilum sem óska eftir að sjá um samræmismat samkvæmt reglum þessum. Þeir aðilar skulu uppfylla þau skilyrði sem eru sett fram í VIII. viðauka. Aðilar sem uppfylla matsskilyrðin sem kveðið er á um í viðkomandi samræmdum stöðlum teljast enn fremur uppfylla skilyrðin í VIII. viðauka.

Félagsmálaráðuneytið tilkynnir þá aðila sem Löggildingarstofa hefur viðurkennt skv. 1. mgr. til Eftirlitsstofnunar EFTA og annarra aðildarríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Uppfylli aðili ekki lengur skilyrði þau sem eru sett fram í VIII. viðauka afturkallar Löggildingarstofa viðurkenningu hans skv. 1. mgr. Félagsmálaráðuneytinu ber að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins um það án tafar.

14. gr.

CE-merki.

Á CE-samræmismerkinu skulu vera hástafirir „CE“. Útlit og lögun merkisins skal vera með þeim hætti sem mælt er fyrir um í IX. viðauka.

Öryggisíhlutur skal einkenndur með CE-merkinu á þann hátt að greinilegt og læsilegt sé. Þar sem ekki er unnt að einkenna sjálfan íhlutinn með CE-merki skal fylgja íhlutnum miði sem er óaðskiljanlegur hluti hans.

Óheimilt er að einkenna öryggisíhlut með merki sem er til þess fallið að villa um fyrir þriðja aðila að því er varðar þýðingu, útlit og lögun CE-merkisins. Setja má hvers konar aðrar merkingar á öryggisíhlut að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

VI. KAFLI Ýmis ákvæði.

15. gr.

Vinnueftirlit ríkisins.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar. Það getur þó samþykkt aðra aðila til að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.

16. gr.

Öryggi og heilsu manna stofnað í hættu.

Hafi Vinnueftirlit ríkisins rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna, og þar sem við á öryggi eigna, stafi hætta af einhverri gerð togbrautarbúnaðar þótt hann uppfylli kröfur þessarar reglugerðar er því heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess búnaðar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku. Sama á við um öryggisíhlut og undirkerfi er falla undir reglugerð þessa.

Purfi Vinnueftirlit ríkisins að grípa til aðgerða skv. 2. mgr. skal það tilkynna félagsmálaráðuneyti um þær án tafar þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir þeim. Tilgreina skal sérstaklega ástæður fyrir ákvörðun ráðstafana og hvort skortur á samræmi sé einkum vegna þess:

- a) að grunnkröfur skv. II. viðauka hafi ekki verið uppfylltar,
- b) að evrópskum forskriftum, sbr. h-lið 3. gr., hafi verið beitt á rangan hátt í tilvikum þar sem skírskotað er til þeirra,
- c) að evrópskar forskriftir, sbr. h-lið 3. gr., séu ófullnægjandi.

Félagsmálaráðuneytið skal tilkynna til Eftirlitstofnunar EFTA um aðgerðir sem grípa þarf til skv. 2. mgr. 21. gr. og 22. gr.

17. gr.

Vara ranglega viðurkennd.

Komist Vinnueftirlit ríkisins að því að öryggisíhlutur og/eða undirkerfi sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar hafi ranglega verið einkennd með CE-merki, sbr. 14. gr., eða þeim fylgir ranglega EB-yfirlýsing um samræmi ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skylda til að sjá til þess að öryggisíhluturinn og/eða undirkerfið samræmist ákvæðum reglna þessara um CE-merkið og EB-yfirlýsingu um samræmi. Að öðrum kosti er Vinnueftirlitinu heimilt að banna markaðssetningu og notkun þeirra eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.

18. gr.

Refsiákvæði.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum skv. ákvæði 99. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

19. gr.

Kæruheimild.

Um kæruheimildir á grundvelli þessarar reglugerðar fer samkvæmt 98. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

VII. KAFLI

Gildistaka.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og að höfðu samráði við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hvað varðar þátt Lög-gildingarstofu, sbr. lög nr. 155/1996 og 11. gr. laga nr. 100/1992 til innleiðingar á tilskipun nr. 2000/9/EB um togbrautarbúnað til fólksflutninga með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 94/1999.

21. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð um togbrautir fyrir skíðafólk, nr. 552/1989, reglugerð um toglyftur fyrir skíðafólk og reglugerð um stólalyftur fyrir skíðafólk, nr. 215/1990, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að smíða, markaðssetja og taka í notkun hér á landi togbrautarbúnað, þar á meðal öryggishluti og undirkerfi, sem fellur undir reglugerð þessa og uppfyllir skilyrði reglugerðar nr. 552/1989, um togbrautir fyrir skíðafólk, reglugerðar nr. 214/1990, um toglyftur fyrir skíðafólk og reglugerðar nr. 215/1990, um stólalyftur fyrir skíðafólk fram til 3. maí 2006.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. september 2002.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

I. VIÐAUKI

Undirkerfi togbrautarbúnaðar.

Togbrautarbúnaði er skipt í grunnvirki og undirkerfi sem eru talin upp hér á eftir og skal höfð hliðsjón af hagnýtingu og viðhaldi í hverju tilviki fyrir sig:

1. Strengir og strengjatengingar.
2. Drifkerfi og hemlar.
3. Vélbúnaður.
 - 3.1. Strengjavindubúnaður.
 - 3.2. Vélbúnaður í stöðvum.
 - 3.3. Vélbúnaður á brautum.
4. Vagnar.
 - 4.1. Klefar, sæti eða dráttartæki.
 - 4.2. Upphengi.
 - 4.3. Drif.
 - 4.4. Strengjatengingar.
5. Rafeindateknibúnaður.
 - 5.1. Vöktunarbúnaður, stýribúnaður og öryggisbúnaður.
 - 5.2. Fjarskiptabúnaður og upplýsingabúnaður.
 - 5.3. Eldingavarar.
6. Björgunarbúnaður.
 - 6.1. Fastur björgunarbúnaður.
 - 6.2. Færanlegur björgunarbúnaður.

II. VIÐAUKI Grunnkröfur.

1. **Markmið.**

Í viðauka þessum eru tilgreindar grunnkröfur að því er varðar hönnun, smíði og notkun togbrautarbúnaðarins, sbr. a-lið 3. gr., þ.m.t. kröfur um viðhald og starfrækslu.

2. **Almennar kröfur.**

2.1. *Öryggi einstaklinga.*

Öryggi notenda, starfsmanna og utanaðkomandi aðila er grundvallaratriði í hönnun, smíði og starfrækslu togbrautarbúnaðar.

2.2. *Meginreglur um öryggi.*

Allur togbrautarbúnaður skal hannaður, starfræktur og haldið við í samræmi við neðangreindar meginreglur sem beita skal í eftirfarandi röð:

- a) útiloka eða, ef það er ekki unnt, draga úr hættu með viðeigandi hönnunar- og smíðalausnum,
- b) skilgreina og viðhafa allar nauðsynlegar ráðstafanir til að verjast þeirri hættu sem ekki er unnt að koma í veg fyrir með hönnunar- og smíðalausnum,
- c) skilgreina og tilgreina þær varúðarráðstafanir sem grípa skal til í því skyni að draga úr þeirri hættu sem ekki hefur reynst unnt að koma í veg fyrir með úrræðum og ráðstöfunum skv. a- og b-lið.

2.3. *Tillit tekið til ytri þátta.*

Togbrautarbúnaður skal hanna og smíða á þann hátt að unnt sé að starfrækja hann á öruggan hátt að teknu tilliti til tegundar búnaðarins, landslags- og yfirborðsgerðar svæðisins, þar sem hann er staðsettur, umhverfisþátta og þátta er tengjast loftslagi, veðurfari og jarðhræringum sem og hugsanlegra mannvirkja og hindrana í grenndinni annaðhvort á jörðu eða í lofti.

2.4. *Stærð.*

Stærð, hönnun og smíði togbrautarbúnaðar, undirkerfis og öryggisíhluta skal tryggja að þau standist, af nægilegu öryggi, hvers konar álag sem þau verða fyrir við allar fyrirsjáanlegar aðstæður, þar á meðal við þær aðstæður þegar búnaðurinn er ekki í notkun, einkum að teknu tilliti til ytri áhrifa, hreyfifræðilegra þátta og málmþreytu sem og öllum viðurkenndum reglum, sérstaklega að því er varðar efnisval.

2.5. *Samsetning.*

2.5.1. Togbrautarbúnaður, undirkerfi og öryggisíhluti skal hanna og smíða á þann hátt að unnt sé að setja hann saman og koma honum fyrir á öruggan hátt.

2.5.2. Öryggisíhluti skal hanna á þann hátt að komið sé í veg fyrir mistök við uppsetningu, annaðhvort við smíði íhlutanna eða viðeigandi merkingum á þeim.

2.6. *Heildstæði búnaðarins.*

2.6.1. Öryggisíhluti skal hanna, smíða og nýta á þann hátt að unnt sé, í öllum tilvikum, að tryggja heildstæði þeirra við starfrækslu og/eða öryggi búnaðarins samkvæmt öryggisgreiningu III. viðauka í því skyni að draga úr bilunum og að öryggismörk séu nægjanleg.

2.6.2. Togbrautarbúnaður skal hanna og smíða á þann hátt að þegar hann er starfræktur sé brugðist við sérhverri bilun íhlutar, sem getur haft áhrif á öryggi, jafnvel óbeint, með viðeigandi ráðstöfun í tæka tíð.

2.6.3. Öryggisráðstafanir, skv. lið 2.6.1 og 2.6.2, skal viðhafa þann tíma sem líður milli tveggja fastra skoðana á viðkomandi íhlut. Tímabil milli fastra skoðana öryggisíhlutar skal vera greinilega tilskilið í notkunarleiddbeiningum.

- 2.6.4. Öryggisflutir, sem eru felldir inn í búnað sem varahlutir, skulu uppfylla grunnkröfurnar í reglugerð þessari og starfa eðlilega með öðrum hlutum togbrautarbúnaðarins.
- 2.6.5. Gera skal ráðstafanir til að tryggja að eldur, sem kann að kvikna í togbrautarbúnaðinum, hafi ekki þau áhrif að fólki, sem verið er að flytja, og starfsmönnum sé hættu búin.
- 2.6.6. Gera skal sérstakar ráðstafanir til að vernda togbrautarbúnað og fólk frá áhrifum eldinga.
- 2.7. *Öryggisbúnaður.*
- 2.7.1. Nota skal öryggisbúnað, eftir því sem unnt er, til að finna, láta vita um og meðhöndla galla í togbrautarbúnaði sem gæti leitt til bilunar sem hefur hættu í för með sér. Hið sama gildir um alla utanaðkomandi atburði sem unnt er að sjá fyrir með góðu móti og geta dregið úr öryggi.
- 2.7.2. Skal vera unnt að stöðva togbrautarbúnað handvirkt hvenær sem er.
- 2.7.3. Þegar öryggisbúnaður hefur stöðvað togbrautarbúnað á ekki að vera unnt að gangsetja hann aftur nema viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar.
- 2.8. *Viðhaldskröfur.*
Togbrautarbúnað skal hanna og smíða í því skyni að unnt sé að vinna við reglubundið eða sérstakt viðhald og viðgerðir á öruggan hátt.
- 2.9. *Óþægindi.*
Togbrautarbúnað skal hanna og smíða á þann hátt að tryggt sé að öll innri eða ytri óþægindi frá skaðlegum lofttegundum, hávaða eða titringi sé innan settra marka.
3. **Kröfur um grunnvirki.**
- 3.1. *Form, hraði, fjarlægð milli vagna.*
- 3.1.1. Togbrautarbúnað skal hanna á þann hátt að hann geti, að teknu tilliti til landslags og umhverfisþátta, auk þátta er tengjast lofthjúp og veðurfari, hugsanlegra mannvirkja og hindrana sem eru staðsettar í grenndinni, annaðhvort á jörðu eða í lofti, starfað á öruggan hátt og án þess að valda óþægindum eða hættu hvort sem um er að ræða starfrækslu, viðhald eða björgun manna.
- 3.1.2. Hafa skal næga fjarlægð, lárétta og lóðrétta, milli vagna, dráttarbúnaðar, teina, strengja o.s.frv. og hugsanlegra mannvirkja og hindrana í grenndinni, annaðhvort á jörðu eða í lofti, og taka tillit til lóðréttrar og láréttar hreyfingar og hliðarhreyfingar strengja og vagna eða dráttarbúnaðar við verstu fyrirsjáanlegu skilyrði við starfrækslu.
- 3.1.3. Hámarksfjarlægð milli vagna og jarðar fer eftir eðli togbrautarbúnaðar, tegundar vagnanna og aðferða við björgunarstörf. Þegar um er að ræða opna kláfa skal einnig taka tillit til hættunnar á falli sem og sálfræðilegra þátta er tengjast fjarlægðinni milli vagns og jarðar.
- 3.1.4. Velja skal hámarks hraða vagna eða dráttarbúnaðar, lágmarksfjarlægð milli þeirra, hröðun og hemlaafköst í því skyni að tryggja öryggi fólks og örugga starfrækslu búnaðarins.
- 3.2. *Stöðvar og brautarmannvirki.*
- 3.2.1. Stöðvar og brautarmannvirki skal hanna, setja upp og útbúa á þann hátt að stöðugleiki sé tryggður. Þau skulu vera þannig, við öll starfsskilyrði, að unnt sé að fylgjast með strengjum, vögnum og dráttarbúnaði og annast viðhald með fyllsta öryggi.
- 3.2.2. Inn- og útgangssvæði togbrautarbúnaðar skal hanna á þann hátt að örugg umferð vagna, dráttarbúnaðar og fólks sé tryggð. Nauðsynlegt er að vagnar og dráttarbúnaðar í stöðvunum geti hreyfst án þess að fólki sé hættu búin með tilliti til þess að hugsanlega getur fólk haft áhrif á þessa hreyfingu.

4. **Kröfur er varða strengi, drif og hemla og vélrænan og rafrænan togbrautarbúnað.**
- 4.1. *Strengir og burðarstoðir þeirra.*
- 4.1.1. Allar ráðstafanir skulu gerðar í samræmi við nýjustu tækniframfarir:
 - a. koma í veg fyrir að strengir eða festingar þeirra slitni,
 - b. ábyrgjast gildin fyrir lágmarks- og hámarksálag,
 - c. ganga úr skugga um að þeir séu tryggilega festir við burðarstoðirnar og koma í veg fyrir að þeir fari út af sporinu,
 - d. gera kleift að fylgjast með þeim.
- 4.1.2. Ef ekki er unnt að koma algerlega í veg fyrir hættuna á að strengir fari út af sporinu skal gera ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að ná strengjunum upp og stöðva búnaðinn án hættu fyrir fólk ef það gerist.
- 4.2. *Vélbúnaður.*
- 4.2.1. Drif.

Drif togbrautarbúnaðar skal vera nægilega afkasta- og getumikið og aðlagað að hinum ýmsu kerfum og aðferðum við starfrækslu.
- 4.2.2. Varadrif.

Í togbrautarbúnaði skal vera varadrif sem fær orku sína annars staðar frá en aðaldrifið. Varadrif er þó ekki nauðsynlegt ef öryggisgreining sýnir að fólk getur auðveldlega komist úr vögnum og frá dráttarbúnaði, hratt og örugglega, þótt varadrif sé ekki fyrir hendi.
- 4.2.3. Hemlar.
- 4.2.3.1. Í neyðartilvikum skal vera unnt að stöðva búnaðinn og/eða vagnana hvenær sem er, einnig við óhagstæðustu skilyrði varðandi hleðslu og grip á vindum sem eru leyfð við starfrækslu. Hemlunarvegalengd skal vera eins stutt og unnt er með tilliti til öryggis togbrautarbúnaðar.
- 4.2.3.2. Hraðaminnkunargildi skulu vera innan hæfilegra marka og sett á þann hátt að þau tryggi bæði öryggi manna og að vagnar, strengir og aðrir hlutar togbrautarbúnaðar starfi á réttan hátt.
- 4.2.3.3. Í öllum togbrautarbúnaði skulu vera tvö eða fleiri hemlakerfi sem hvert um sig getur stöðvað búnaðinn og eru samræmd á þann hátt að þau komi sjálfvirkt í stað þess kerfis sem er starfrækt þegar hemlavirkni er ekki nægileg. Síðasta hemlakerfi dráttarstrengja verður að virka beint á drifvinduna. Þessi ákvæði gilda ekki um toglyftur.
- 4.2.3.4. Togbrautarbúnaður skal útbúinn skilvirkum stöðvunar- og læsibúnaði til að hamla gegn því að hann sé gangsettur fyrir slysi.
- 4.3. *Stýribúnaður.*

Stýribúnað skal hanna og smíða á þann hátt að hann sé öruggur og áreiðanlegur og geti staðist eðlilegt álag við starfrækslu togbrautarbúnaðar og utanaðkomandi þætti svo sem raka, mikinn hita og rafsegultruflanir og þannig að hann skapi ekki hættulegar aðstæður jafnvel þótt truflun verði í starfseminni.
- 4.4. *Fjarskiptabúnaður.*

Koma skal upp viðeigandi fjarskiptabúnaði til að starfsmenn geti alltaf haft samband hver við annan og geti látið notendur vita ef neyðarástand skapast.
5. **Vagnar og dráttarbúnaður.**
- 5.1. Vagna og/eða dráttarbúnað skal hanna og útbúa á þann hátt að enginn geti fallið niður eða verið í annars konar hættu við fyrirsjáanleg starfsskilyrði.
- 5.2. Stærð og smíði festinga vagna og dráttarbúnaðar skal háttáð þannig að þær:

- a. skemmi ekki strenginn, og
- b. renni ekki til nema í þeim tilvikum þar sem það hefur ekki umtalsverð áhrif á öryggi vagns, dráttarbúnaðar eða togbrautarbúnaðar við óhagstæðustu skilyrði.
- 5.3. Hurðir á vögnum (kláfum eða klefum) skal hanna og smíða á þann hátt að unnt sé að loka og læsa þeim. Veggi og gólf vagna skal hanna og smíða á þann hátt að þau standist þrýsting og þyngd notenda við allar aðstæður.
- 5.4. Ef sá sem stjórnar togbrautarbúnaði þarf að vera í vagni til að tryggja örugga starfrækslu skal sá búnaður, sem hann þarf á að halda til starfans, vera í vagninum.
- 5.5. Vagna og/eða dráttarbúnað, og einkum upphengibúnað þeirra, skal hanna og útbúa á þann hátt að það tryggi öryggi starfsmanna sem hirða um þá í samræmi við viðkomandi reglur og leiðbeiningar.
- 5.6. Sé um að ræða vagna með festingum sem unnt er að aftengja skal gera allar ráðstafanir, án þess að stofna notendum í hættu, til að stöðva vagn við brottför ef festing hans hefur verið tengd á rangan hátt við streng og við komu allra vagna þar sem festing hefur ekki verið aftengd og til að koma í veg fyrir að vagninn falli niður.
- 5.7. Teinavagnar og, að svo miklu leyti sem tegund togbrautarbúnaðar leyfir, tveggja strengja kláfar skulu útbúnir með sjálfvirkum hemlabúnaði á sporinu þegar ekki er með góðu móti unnt að útiloka að dráttarstrengurinn slitni.
- 5.8. Þegar ekki er unnt að koma í veg fyrir hættuna á að vagn fari út af sporinu með öðru móti skal útbúa vagninn með búnaði sem kemur í veg fyrir það og gerir kleift að stöðva hann án þess að fólki sé stefnt í hættu.

6. **Búnaður fyrir notendur.**

Skipuleggja þarf aðgang að svæðum þar sem farið er um borð og frá borði og för notenda um borð og frá borði með tilliti til ferðar og stöðvunar vagna á þann hátt að öryggi manna sé tryggt, einkum á svæðum þar sem hætta er á falli. Börn og fólk með skerta hreyfigetu á að geta notað búnaðinn á öruggan hátt ef hann er hannaður fyrir flutning slíkra notenda.

7. **Starfrækslukröfur.**

7.1. *Öryggi.*

7.1.1. Fylgja skal öllum tæknilegum ákvæðum og gera ráðstafanir til að tryggja að togbrautarbúnaður sé notaður eins og til er ætlast samkvæmt tæknilegum forskriftum er um hann gilda og sérstökum skilyrðum um starfrækslu og til að unnt sé að fara eftir leiðbeiningum um örugga starfrækslu og viðhald. Notkunarleiðbeiningarnar og samsvarandi forskriftir skulu vera á íslensku eða öðru því tungumáli innan Evrópska efnahagssvæðisins sem sá er setur togbrautarbúnað upp skilur.

7.1.2. Einstaklingar, sem sjá um starfrækslu togbrautarbúnaðar, skulu hafa nauðsynleg tilföng og vera hæfir til að leysa þau verkefni sem þeir hafa með höndum.

7.2. *Öryggi ef fyrir kemur að togbrautarbúnaður stöðvast.*

Samþykka skal öll tæknileg ákvæði og ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að flytja notendur á öruggan stað innan ákveðinna tímamarka sem miðast við tegund togbrautarbúnaðar og umhverfi hans þegar búnaðurinn hefur stöðvast og ekki er unnt að setja hann þegar aftur í gang.

7.3. *Önnur sérákvæði varðandi öryggi.*

7.3.1. Stjórnstöðvar og vinnustaðir.

Hreyfanlega hluta, sem eru aðgengilegir í stjórnstöðvum, skal hanna, smíða og setja upp á þann hátt að ekki stafi hætta af þeim eða, ef það er ekki unnt, með varnar-

búnaði til að fyrirbyggja snertingu við þá hluta togbrautarbúnaðar sem geta valdið slysum. Þessi búnaður skal vera af þeirri gerð að ekki sé auðvelt að fjarlægja hann eða gera hann óvirkan.

7.3.2. Fallhætta.

Vinnustaði og vinnusvæði, einnig þau sem eru sjaldan notuð, og ganga að þeim skal hanna og smíða á þann hátt að komið sé í veg fyrir fallhættu þeirra sem þurfa að starfa þar eða ganga þar um. Sé smíðin ekki fullnægjandi skulu þau einnig vera búin festingum á ákveðnum stöðum fyrir persónuhlífar til að verja fólk falli.

III. VIÐAUKI Öryggisgreining.

Í öryggisgreiningu, sem krafist er fyrir allan togbrautarbúnað, sbr. a-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, skal taka tillit til allra þeirra möguleika á starfrækslu sem gert er ráð fyrir. Framkvæma skal greininguna þannig að farið sé eftir viðurkenndri eða viðtekinni aðferð og tekið tillit til tækniþekkingar á hverjum tíma og þess um hve flókinn búnað er að ræða. Tilgangurinn er einnig að tryggja að við hönnun og smíði búnaðar sé tekið tillit til staðháttu og óhagstæðustu aðstæðna til að tryggja fullnægjandi öryggi.

Greiningin skal einnig ná yfir öryggisbúnað og áhrif hans á togbrautarbúnaðinn og undirkerfi sem samtengjast honum svo að:

- a. hann geti brugðist við fyrstu truflun eða bilun sem kemur fram þannig að eftir það sé búnaðurinn annaðhvort í því ástandi að hann tryggi öryggi, sé nothæfur við takmarkaða starfsemi eða sé í virku öryggisástandi,
- b. hann sé ónauðsynlegur og vaktaður, eða
- c. hann sé þannig að unnt sé að meta líkurnar á því að hann bili og að hann sé af samþærilegum gæðum og öryggisbúnaður sem uppfyllir viðmiðanirnar í a- og b-lið.

Tilgangurinn með öryggisgreiningu er sá að kortleggja áhættu og hættulegar aðstæður, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar, og ákvarða skrána yfir öryggisíhluti, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar. Niðurstöður öryggisgreiningar skulu teknar saman í öryggisskýrslu.

IV. VIÐAUKI Öryggisíhlutir: EB-samræmisýfirlýsing.

Þessi viðauki gildir um öryggisíhluti, sbr. d-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, í því skyni að ganga úr skugga um að þeir standist grunnkröfur sem varða þá, sbr. 1. mgr. 4. gr. og II. viðauka. EB-yfirlýsing um samræmi og fylgiskjöl hennar skulu vera dagsett og undirrituð. Hún skal rituð á sama tungumáli eða tungumálum og notkunarleiðbeiningar skv. lið 7.1.1 í II. viðauka.

Í yfirlýsingunni skulu koma fram eftirfarandi atriði:

- a. tilvísun í reglugerð þessa,
- b. nafn, viðskiptaheiti og fullt heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Viðurkenndur fulltrúi skal einnig gefa upp nafn, viðskiptaheiti og fullt heimilisfang framleiðanda,
- c. lýsing á íhlutum (tegund, gerð o.s.frv.),
- d. allar upplýsingar um málsmeðferð sem er notuð við samræmisýfirlýsinguna, sbr. 8. gr. reglugerðar þessarar,
- e. öll viðkomandi ákvæði sem íhluturinn verður að samrýmast, einkum notkunarskýrði,

- f. nafn og heimilisfang allra tilkynntra aðila sem koma að málsmeðferðinni við samræmismatið og dagsetning vottorðs um EB-prófun með nákvæmum upplýsingum, ef við á, um gildistíma vottorðsins og skilyrðum fyrir gildi þess,
- g. ef við á, tilvísun í viðeigandi, samhæfða staðla,
- h. deili á aðilanum sem fengið hefur umboð til undirritunar fyrir hönd framleiðandans eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

V. VIÐAUKI

Öryggishlutir: Samræmismat.

1. Gildissvið.

Þessi viðauki gildir um öryggishluti í því skyni að ganga úr skugga um að þeir standist grunnkröfur, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar og II. viðauka. Hann fjallar um mat eins eða fleiri tilkynntra aðila á því hvort íhlutur, skoðaður einn og sér, sé í samræmi við tækniforskriftir sem um hann gilda.

2. Málsmeðferð.

Málsmeðferð við mat tilkynntu aðilanna, bæði á hönnunar- og framleiðslustigi, byggist á aðferðareiningum sem skilgreindar eru á þann hátt sem fram kemur í eftirfarandi töflu. Lausnirnar í töflunni teljast vera jafngildar og framleiðendur geta notað þær að eigin vild.

MAT Á SAMRÆMI ÖRYGGISÍHLUTA

Hönnun	Framleiðsla
1. EB-gerðarprófun Aðferðareining „B“	1(a) Gæðatrygging framleiðslu Aðferðareining „D“
	1(b) Sannprófun vöru Aðferðareining „F“
2. Full gæðatrygging Aðferðareining „H“	2. Full gæðatrygging Aðferðareining „H“
3. Einingarsannprófun Aðferðareining „G“	3. Einingarsannprófun Aðferðareining „G“

Við beitingu aðferðareininga skal taka tillit til sérstakra viðbótarskilyrða fyrir hverja aðferðareiningu.

AÐFERÐAREINING B: EB-GERÐARPRÓFUN

- Í þessari aðferðareiningu er lýst þeim hluta af aðferðinni sem tilkynntur aðili beitir til að ganga úr skugga um og votta að eintak, sem er einkennandi fyrir viðkomandi framleiðslu, uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar.
- Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal leggja inn umsókn um EB-gerðarprófun hjá tilkynntum aðila að eigin vali.

Í umsókninni skal koma fram:

- nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur inn umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

- b. skrifleg yfirlýsing þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið send öðrum tilkynntum aðila,
- c. tækniskjöl, sbr. 3. lið.

Umsækjandinn skal hafa tiltækt fyrir tilkynnta aðilann eintak sem er dæmigert fyrir þá framleiðslu sem um er að ræða, hér á eftir nefnt „gerðareintak“. Tilkynnti aðilinn getur farið fram á að fá fleiri eintök sé þess þörf til að gera fyrirhugaðar prófanir.

3. Tækniskjölin skulu gera það kleift að meta samræmi íhlutarins við kröfur þessarar reglugerðar. Þau skulu, eftir því sem þörf er á fyrir slíkt mat, ná til hönnunar, framleiðslu og starfsemi íhlutarins.

Skjölin skulu, að svo miklu leyti sem þörf er á vegna mats, innihalda:

- a. almenna lýsingu á gerðinni,
- b. heildarlýsingu á hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, hringrásum o.s.frv.,
- c. lýsingar og skýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á hvernig búnaðurinn vinnur,
- d. skrána yfir evrópskar forskriftir, sbr. h-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, og beitt er að öllu leyti eða að hluta, og lýsingar á þeim lausnum sem hafa verið samþykktar til að uppfylla grunnkröfurnar þegar evrópsku forskriftirnar, sbr. h-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, eru ekki til,
- e. niðurstöður hönnunartreikninga, athugana sem hafa verið gerðar o.s.frv.,
- f. prófunarskýrslur.

Þar skal einnig koma fram notkunarsvið íhlutarins.

4. Tilkynnti aðilinn skal:

- 4.1. athuga tækniskjölin, sannprófa að gerðareintakið hafi verið framleitt í samræmi við tækniskjölin og ganga úr skugga um hvaða íhlutir hafa verið hannaðir í samræmi við viðkomandi ákvæði evrópsku forskriftanna, sbr. h-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, og einnig hvaða íhlutir hafa verið hannaðir án þess að beita viðeigandi ákvæðum þessara evrópsku forskrifa;

- 4.2. gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort lausnirnar, sem framleiðandinn hefur valið, uppfylla grunnkröfur þessarar reglugerðar þegar evrópsku forskriftunum, sbr. h-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, er ekki beitt;

- 4.3. gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna, þegar framleiðandinn hefur kosið að beita viðkomandi evrópskum forskriftum, hvort þeim hefur verið beitt í raun;

- 4.4. semja við umsækjandann um hvar athuganir og nauðsynlegar prófanir skulu fara fram.

5. Þegar gerðareintakið uppfyllir ákvæði þessarar reglugerðar skal tilkynnti aðilinn gefa út vottorð um EB-gerðarprófun til handa umsækjandanum. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar, skilyrði fyrir gildi vottorðsins, gildistíma þess og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á þá gerð sem hefur verið samþykkt.

Skrá yfir þau tækniskjöl, sem við eiga, skal fylgja sem viðauki við vottorðið og skal tilkynnti aðilinn geyma afrit af henni. Ef tilkynnti aðilinn synjar framleiðandanum um útgáfu vottorðs um EB-gerðarprófun skal sá fyrrnefndi gera ítarlega grein fyrir ástæðum synjunarinnar.

6. Umsækjandinn skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem geymir tækniskjölin er varða vottorð um EB-gerðarprófun, um allar breytingar á samþykktum íhlut sem þarfnast viðbótarsamþykkis þar sem slíkar breytingar geta haft áhrif á samræmi íhlutarins við grunnkröfurnar að því er varðar notkunarskilyrði sem mælt er fyrir um vegna íhlutarins. Þetta viðbótarsamþykki er veitt sem viðbót við upphaflega vottorðið um EB-gerðarprófun.

7. Allir tilkynntir aðilar skulu senda öðrum tilkynntum aðilum viðeigandi upplýsingar um vottorð um EB-gerðarprófun sem gefin hafa verið út eða afturkölluð og viðbætur við þau.
8. Aðrir tilkynntir aðilar geta fengið afrit af vottorðum um EB-gerðarprófun og/eða viðbótum við þau. Viðaukarnir við vottorðin skulu vera tiltækir öðrum tilkynntum aðilum.
9. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma, auk tækniskjala, afrit af vottorðum um EB-gerðarprófun og viðbótum við þau í minnst 30 ár eftir að síðasta eintak íhlutarins hefur verið framleitt. Hafi hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hvílir sú skylda, að hafa tækniskjölin tiltæk, hjá þeim aðila sem setur íhlutinn á markað innan Evrópska efnahagssvæðisins.

AÐFERÐAREINING D: GÆÐATRYGGING Í FRAMLEIÐSLU

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi, sem rækir skyldur skv. 2. lið, sér til þess og lýsir yfir að viðkomandi íhlutir séu í samræmi við gerðareintak sem er lýst í vottorðinu um EB-gerðarprófun og uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal einkenna sérhvern íhlut með CE-merki og gefa út skriflega yfirlýsingu um samræmi. Kenninúmer tilkynnta aðilans, sem annast eftirlit, skal fylgja CE-merkinu, sbr. 4. lið.
2. Framleiðandinn skal starfrækja samþykkt gæðakerfi við framleiðslu, lokaskoðun á íhlutum og prófun skv. 3. lið og vera háður eftirliti skv. 4. lið.
3. Gæðakerfi.
- 3.1. Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu vegna viðkomandi íhluta hjá tilkynntum aðila að eigin vali.
Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:
 - a. allar upplýsingar sem varða þann flokk íhluta sem um er að ræða,
 - b. gögn um gæðakerfið,
 - c. ef við á, tækniskjöl um samþykktu gerðina og afrit af vottorðinu um EB-gerðarprófun.
- 3.2. Gæðakerfið skal tryggja að samræmis sé gætt við þá gerð sem er lýst í vottorðinu um EB-gerðarprófun og að kröfurnar í þessari reglugerð séu uppfylltar. Skjalfesta skal alla þá þætti, kröfur og ákvæði, sem framleiðandi hefur tekið tillit til, á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið eiga að tryggja að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.
Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:
 - a. gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða íhlutarins,
 - b. aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal,
 - c. þeim athugunum og prófunum, sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu oft þær verða gerðar,
 - d. skýrslum um gæði, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsmanna o.s.frv.,
 - e. hvernig fylgst er með því að tilskilin gæði íhlutarins hafi náðst og að gæðakerfið sé skilvirkt.
- 3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það fullnægi kröfum skv. lið 3.2. Hann skal gera ráð fyrir samræmi við kröfurnar ef viðeigandi samhæfðum staðli er beitt í gæðakerfinu.

Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kosti einn maður sem hefur reynslu af mati á tækni sem varðar viðkomandi íhlut. Hluti af matinu skal vera vitjun á athafnasvæði framleiðanda.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðanda. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

- 3.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja skyldur sínar vegna gæðakerfisins í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar uppfærslur á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi fullnægi enn kröfunum skv. lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram. Hann skal tilkynna framleiðanda ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans.
- 4.1. Tilgangurinn með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi ræki þær skyldur sem samþykkt gæðakerfið leggur honum á herðar.
- 4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
- a. gögn um gæðakerfið,
 - b. skýrslur um gæði, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsmanna o.s.frv.
- 4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðheldur gæðakerfinu og notar það og gefa framleiðanda skýrslu um úttektina.
- 4.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið í vitjun til framleiðandans fyrirvaralaust. Í slíkum vitjunum er tilkynnta aðilanum heimilt að gera eða láta gera prófanir til að sannreyna að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um vitjunina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.
5. Framleiðandi skal, í minnst 30 ár eftir að síðasta eintak íhlutarins hefur verið framleitt, hafa tiltæk fyrir innlend yfirvöld:
- a. skjölin skv. b-lið 2. mgr. liðar 3.1,
 - b. gögn um uppfærslur skv. 2. mgr. liðar 3.4,
 - c. þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum, sbr. lið 3.4, 4.3 og 4.4.
6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar er varða viðurkenningu gæðakerfa sem hefur verið veitt eða afturkölluð.

AÐFERÐAREINING F: SANNPRÓFUN VÖRU

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins gengur úr skugga um og vottar að íhlutirnir, sem falla undir ákvæði 3. liðar, séu í samræmi við gerðareintakið sem er lýst í vottorðinu um EB-gerðarprófun og uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð.
2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggji að íhlutirnir séu í samræmi við gerðareintakið sem er lýst í vottorðinu um EB-gerðarprófun og uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð. Hann skal einkenna sérhvern íhlut með CE-merki og gefa út yfirlýsingu um samræmi.
3. Tilkynnti aðilinn skal gera viðeigandi athuganir og prófanir til þess að kanna samræmi íhlutanna við kröfurnar í þessari reglugerð, annaðhvort með því að athuga og prófa hvern íhlut skv. 4. lið, eða með því að athuga og prófa íhluti á tölfraðilegum grunni skv. 5. lið, eftir því hvora aðferðina framleiðandi velur.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans, sem er búsettur innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal geyma afrit af yfirlýsingunni um samræmi í minnst 30 ár eftir að síðasta eintak íhlutarins hefur verið framleitt.

4. Sannprófun með athugun og prófun á hverjum íhlut.
 - 4.1. Hver íhlutur skal athugaður sérstaklega og viðeigandi prófanir gerðar eins og fram kemur í viðkomandi evrópskum forskriftum, sbr. h-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, eða jafngildar prófanir til að sannreyna að þeir séu í samræmi við gerðareintakið sem er lýst í vottorðinu um EB-gerðarprófun og kröfur þessarar reglugerðar.
 - 4.2. Tilkyntni aðilinn skal festa eða láta festa kenninúmer sitt á hvern samþykktan íhlut og gefa út skriflegt vottorð um samræmi með hliðsjón af þeim prófunum sem gerðar hafa verið.
 - 4.3. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal tryggja að hann geti lagt fram samræmisvottorð tilkyntna aðilans ef óskað er.
5. Tölfræðileg sannprófun.
 - 5.1. Framleiðandi skal leggja fram íhluti sína í einsleitum framleiðslueiningum og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggt sé í framleiðsluferlinu að allar framleiðslueingar verði einsleitar.
 - 5.2. Allir íhlutir skulu vera tiltækir til sannprófunar í einsleitum framleiðslueiningum. Slembisýni skal tekið úr hverri framleiðslueiningu. Íhlutir í sýni skulu athugaðir hver fyrir sig og gerðar skulu viðeigandi prófanir eins og mælt er fyrir um í viðkomandi evrópskum forskriftum, sbr. h-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, eða jafngildar prófanir til að tryggja að þeir séu í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð og til að ákvarða hvort framleiðslueiningin verði samþykkt eða henni hafnað.
 - 5.3. Eftirfarandi þættir skulu vera hluti af tölfræðilegri sannprófun:
 - a. tölfræðileg aðferð,
 - b. sýnatökuáætlun og með hvaða hætti hún er framkvæmd.
 - 5.4. Þegar um samþykktu framleiðslueiningu er að ræða skal tilkyntur aðili festa eða láta festa kenninúmer sitt á hvern íhlut og gefa út skriflegt vottorð um samræmi í tengslum við prófanir sem gerðar hafa verið. Alla íhluti í framleiðslueiningunni má setja á markað nema eintök sem ekki hafa reynst vera í samræmi.

Ef framleiðslueiningu er hafnað skal tilkyntur aðili eða lögbært yfirvald gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sú framleiðslueining verði sett á markað. Ef algengt er að framleiðslueiningum sé hafnað getur tilkyntur aðili frestað tölfræðilegri sannprófun.

Framleiðandi getur, á ábyrgð tilkyntna aðila, fest kenninúmer hins síðarnefnda á vöruna meðan á framleiðslu stendur.
 - 5.5. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal tryggja að hann geti lagt fram samræmisvottorð tilkyntna aðilans ef óskað er.

AÐFERÐAREINING G: SANNPÓFUN EINTAKS

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvornig framleiðandi sér til þess og lýsir yfir að viðkomandi íhlutur, sem hefur fengið vottorð skv. 2. lið, sé í samræmi við þær kröfur þessarar reglugerðar sem við hann eiga. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal einkenna íhlutinn með CE-merki og gefa út yfirlýsingu um samræmi.
2. Tilkyntur aðili skal athuga íhlutinn og gera viðeigandi prófanir eins og mælt er fyrir um í viðkomandi evrópskum forskriftum, sbr. h-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, eða jafngildar prófanir til að tryggja að hann sé í samræmi við þær kröfur þessarar reglugerðar sem við hann eiga.

Tilkynnti aðilinn skal festa eða láta festa kenninúmer sitt á samþykktu íhlutinn og gefa út vottorð um samræmi með hliðsjón af þeim prófunum sem hafa verið gerðar.

3. Markmiðið með tækniskjölunum er að gera kleift að meta samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð og skilja hönnun, framleiðslu og notkun íhlutarins. Skjöl, sem nota á við mat, skulu innihalda eftirfarandi:
 - a. almenna lýsingu á gerðareintakinu,
 - b. heildarlýsingu á hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, hringrásum o.s.frv.,
 - c. lýsingar og skýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á því hvernig íhluturinn vinnur,
 - d. skrána yfir viðkomandi evrópskar forskriftir, sbr. h-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, og beitt er að öllu leyti eða að hluta og lýsingar á þeim lausnum sem framleiðandi samþykkir til að uppfylla grunnkröfur reglugerðarinnar þegar evrópsku forskriftunum, sbr. h-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, er ekki beitt,
 - e. niðurstöður hönnunarútreikninga og athugana sem hafa verið gerðar o.s.frv.,
 - f. prófunarskýrslur,
 - g. notkunarvið íhluta.

AÐFERÐAREINING H: FULL GÆÐATRYGGING

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi, sem rækir skyldur skv. 2. lið, sér til þess og lýsir yfir að viðkomandi íhlutir uppfylli þær kröfur í þessari reglugerð sem við eiga. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal einkenna íhlutinn með CE-merki og gefa út skriflega yfirlýsingu um samræmi. Kenninúmer tilkynnta aðilans, sem annast eftirlit, skal fylgja CE-merkinu, sbr. 4. lið.
2. Framleiðandinn skal starfrækja samþykkt gæðakerfi við hönnun, framleiðslu, loka-skoðun á íhlutum og prófun skv. 3. lið og sæta eftirliti skv. 4. lið.
3. Gæðakerfi.
- 3.1. Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu hjá tilkynntum aðila. Umsóknin skal innihalda:
 - a. allar upplýsingar sem varða þann flokk íhluta sem um er að ræða,
 - b. gögn um gæðakerfið.
- 3.2. Gæðakerfið skal tryggja að íhlutirnir standist þær kröfur þessarar reglugerðar sem við eiga.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði, sem framleiðandi hefur tekið tillit til, skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið eiga að tryggja að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

 - a. gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða hönnunar og íhlutar,
 - b. tæknilegum hönnunarforskriftum, þar með talið evrópsku forskriftunum, sbr. h-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, sem verður beitt og, þegar evrópsku forskriftunum er ekki beitt að öllu leyti, þeim leiðum sem verða farnar til að tryggja að grunnkröfurnar í þessari reglugerð, sem gilda um íhlutina, verði uppfylltar,
 - c. þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim vinnsluferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem beitt verður við hönnun íhlutanna sem falla undir viðkomandi flokk íhluta,
 - d. samsvarandi aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal,

- e. þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu og hversu oft þær verða gerðar,
 - f. skýrslum um gæði, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsmanna o.s.frv.,
 - g. hvernig fylgst er með því að tilskilin hönnun og gæði íhlutarins hafi náðst og að kerfið, sem tryggir gæði, sé skilvirkt.
- 3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það fullnægi kröfunum skv. lið 3.2. Hann skal gera ráð fyrir að kröfurnar séu uppfylltar ef viðeigandi samhæfðum staðli er beitt í gæðakerfinu.
- Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kosti einn maður sem hefur reynslu af mati á þeirri framleiðslutækni sem um er að ræða. Hluti af matinu skal vera vitjun á athafnasvæði framleiðanda.
- Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðanda. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.
- 3.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja skyldur sínar vegna gæðakerfisins í þeirri mynd, sem það hefur verið samþykkt, og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.
- Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar uppfærslur á því.
- Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi fullnægi enn kröfunum skv. lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram. Hann skal tilkynna framleiðanda ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.
4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans.
- 4.1. Tilgangurinn með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi ræki þær skyldur sem samþykkt gæðakerfið leggur honum á herðar.
- 4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að hönnunar-, framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
- a. gögn um gæðakerfið,
 - b. skýrslur um gæði sem kveðið er á um í hönnunarhluta gæðakerfisins, svo sem niðurstöður greininga, útreikninga, prófana o.s.frv.,
 - c. skýrslur um gæði sem kveðið er á um í framleiðsluhluta gæðakerfisins, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsmanna o.s.frv.
- 4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðheldur gæðakerfinu og notar það og gefa framleiðanda skýrslu um úttektina.
- 4.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið í vitjun til framleiðandans fyrirvaralaust. Í slíkum vitjunum er tilkynnta aðilanum heimilt að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um hvort gæðakerfið vinni rétt ef með þarf. Hann skal gefa framleiðandanum skýrslu um vitjunina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.
5. Framleiðandinn skal í minnst 30 ár, eftir að síðasta eintak íhlutarins hefur verið framleitt, hafa tiltæk fyrir innlend yfirvöld:
- a. skjölin skv. b-lið 2. mgr. liðar 3.1,
 - b. gögn um uppfærslur skv. 2. mgr. liðar 3.4,
 - c. þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum, sbr. lið 3.4, 4.3 og 4.4.
6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar er varða viðurkenningu gæðakerfa sem hefur verið veitt eða afturkölluð.

7. Viðbótarkröfur; hönnunarprófun.
- 7.1. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um hönnunarprófun hjá einum tilkynntum aðila.
- 7.2. Umsóknin skal gera það kleift að skilja hönnun, framleiðslu og notkun íhlutarins og meta samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð. Hún skal innihalda:
- tæknilegar hönnunarforskriftir, þar með talið evrópsku forskriftirnar, sbr. h-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, sem hefur verið beitt,
 - nauðsynleg gögn til að sanna að þær séu fullnægjandi, einkum ef evrópsku forskriftunum, sbr. h-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, hefur ekki verið beitt til fulls. Þessi sönnunargögn skulu innihalda niðurstöður prófana sem viðeigandi rannsóknarstofa framleiðanda hefur gert eða önnur fyrir hann.
- 7.3. Tilkynntur aðili skal fara yfir umsóknina og gefa út EB-vottorð um hönnunarprófun til handa umsækjanda ef hönnunin uppfyllir ákvæði þessarar reglugerðar. Vottorðið skal innihalda niðurstöður prófunarinnar, skilyrði fyrir því að það sé gilt, nauðsynleg gögn til að bera kennsl á hina samþykktu hönnun og, ef við á, lýsingu á því hvaða hlutverki íhluturinn þjónar.
- 7.4. Umsækjandi skal veita tilkynnta aðilanum, sem gaf út vottorð um EB-hönnunarprófun, upplýsingar um allar breytingar á samþykktu hönnun. Nauðsynlegt er að fá viðbótarsamþykki hjá tilkynnta aðilanum, sem gaf út vottorð um EB-hönnunarprófun, vegna breytinga sem eru gerðar á samþykktu hönnun hafi þær áhrif á samræmi við grunnkröfur skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar eða skilyrði sem eru sett vegna notkunar íhlutarins. Þetta viðbótarsamþykki er veitt í formi viðbótar við upphaflega vottorðið um EB-hönnunarprófun.
- 7.5. Tilkynntu aðilarnir skulu láta öðrum tilkynntum aðilum í té viðeigandi upplýsingar um:
- útgefin vottorð um EB-hönnunarprófun og viðbætur við þau,
 - EB-hönnunarsamþykki og viðbótarsamþykki sem hafa verið afturkölluð,
 - vottorð um EB-hönnunarprófun og viðbætur við þau sem hefur verið hafnað.

VI. VIÐAUKI

Undirkerfi yfirlýsingar um EB-samræmi.

Þessi viðauki gildir um undirkerfi, sbr. 9. gr. reglugerðar þessarar, í því skyni að ganga úr skugga um að þau uppfylli grunnkröfur sem varða þau, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal gefa út yfirlýsingu um EB-samræmi eða, í fjarveru þeirra, einstaklingur eða lögaðili sem setur viðkomandi undirkerfi á markað. Yfirlýsingin og tækniskjölin, sem fylgja, skulu vera dagsett og undirrituð.

Yfirlýsingin um EB-samræmi og tækniskjölin skulu gefin út á sama tungumáli eða tungumálum og notkunarleiðbeiningarnar, skv. lið 7.1.1 í II. viðauka, og innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- tilvísun í þessa reglugerð,
- nafn og heimilisfang þess aðila sem bað um EB-prófun,
- lýsingu á undirkerfinu,
- nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans sem hafði með höndum EB-prófunina skv. 10. gr. reglugerðar þessarar,
- öll viðkomandi ákvæði sem undirkerfið þarf að samrýmast, einkum að því er varðar takmarkanir og skilyrði fyrir notkun,
- niðurstöðu EB-prófunar skv. VII. viðauka (EB-samræmisvottorð),

- g. upplýsingar um einstaklinginn sem er heimilt að undirrita lagalega bindandi yfirlýsingu fyrir hönd framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans eða, í fjarveru þeirra, einstaklings eða lögaðila sem setur undirkerfið á markað.

VII. VIÐAUKI

Undirkerfi: Samræmismat.

1. EB-prófun er málsmeðferð þar sem tilkynntur aðili athugar og vottar, að beiðni framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins eða, í fjarveru þeirra, einstaklings eða lögaðila sem setur viðkomandi undirkerfi á markað, að undirkerfi sé:
 - a. í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og önnur ákvæði sem málið varða,
 - b. í samræmi við tækniskjölin, og fullfrágengið.
2. Prófun á undirkerfinu fer fram á eftirtöldum stigum:
 - a. á hönnunarstigi,
 - b. framleiðslu- og viðurkenningarprófanir þegar smíði undirkerfisins er lokið.
3. Tækniskjölin, sem fylgja prófunarvottorðinu, skulu innihalda eftirfarandi:
 - a. smíðaáætlanir og útreikninga, teikningar af rafmagns- og vökvakerfum, stýrirása-teikningar, lýsingar á tölvukerfum og sjálfvirkum kerfum, leiðbeiningar um starfrækslu og viðhald o.s.frv.,
 - b. skrá yfir öryggisíhlutina, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar, sem notaðir eru í undirkerfi,
 - c. afrit af yfirlýsingu EB-samræmis vegna þessara öryggisíhluta, skv. IV. viðauka, ásamt viðkomandi smíðaáætlunum og afriti af skýrslum um allar aðrar prófanir og athuganir sem gerðar hafa verið.
4. Skjöl og bréf í tengslum við EB-prófanir skulu rituð á sama tungumáli eða tungumálum og notkunarleiðbeiningarnar skv. lið 7.1.1 í II. viðauka.
5. Eftirlit.
 - 5.1. Tryggja skal með eftirliti að meðan á smíði undirkerfisins stendur séu skyldur, sem kveðið er á um í tækniskjölunum, uppfylltar.
 - 5.2. Tilkynnti aðilinn, sem hefur með höndum EB-prófun, skal jafnan hafa aðgang að framleiðsluverkstæðum, geymslusvæðum og, ef þörf krefur, stöðum þar sem smíðaðar eru staðlaðar einingar svo og prófunarstöðum og almennt að öllum þeim stöðum sem hann telur sig þurfa að komast að til að vinna verk sitt. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans eða, í fjarveru þeirra, einstaklingur eða lögaðili, sem setur viðkomandi undirkerfi á markað, skal láta honum í té eða sjá til þess að hann fái afhent öll skjöl sem á þarf að halda, einkum áætlanir og tækniskjöl er varða undirkerfið.
 - 5.3. Tilkynnti aðilinn, sem annast EB-prófunina, skal gera úttekt reglubundið til að ganga úr skugga um að farið sé að ákvæðum reglugerðarinnar. Eftir hverja vitjun skal hann afhenda verkstjóra staðarins skýrslu um úttektina. Hann getur óskað eftir því að hafa eftirlit með framleiðslunni á tilteknum stigum.
 - 5.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið fyrirvaralaust í vitjun á framleiðsluverkstæði. Í slíkum vitjunum getur hann gert úttekt að öllu eða nokkru leyti. Tilkynnti aðilinn skal skrifa skýrslu um vitjunina og, ef þess gerist þörf, afhenda verkstjóra staðarins úttektarskýrslu.
6. Hver tilkynntur aðili skal birta reglulega þær upplýsingar sem við eiga um eftirfarandi:
 - a. allar umsóknir sem hafa borist um EB-prófun,
 - b. öll útgefin vottorð um EB-prófun,
 - c. öll vottorð um EB-prófun sem hefur verið hafnað.

VIII. VIÐAUKI


Lágmarksviðmiðanir sem aðildarríkin skulu taka tillit til þegar þau tilkynna aðila.

1. Tilkynnti aðilinn, yfirmaður hans og starfsmenn, sem annast sannprófanir, skulu hvorki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar né annast uppsetningu öryggisíhlutanna eða undirkerfanna, sem þeir skoða, né vera viðurkenndir fulltrúar þessara aðila og ekki heldur vera einstaklingar eða lögaðilar sem setja þessa öryggisíhluti eða undirkerfi á markað. Þeir skulu hvorki taka þátt í hönnun, framleiðslu, smíði, markaðssetningu, viðhaldi eða notkun þessara öryggisíhluta eða undirkerfa né vera viðurkenndir fulltrúar aðila sem þátt taka í þessari starfsemi. Þetta útilokar ekki hugsanleg skipti á tæknilegum upplýsingum milli framleiðanda og tilkynnts aðila.
2. Tilkynnti aðilinn og starfsmenn hans, sem annast skoðanir, skulu gæta þess að sannprófanir séu í hvívetna unnar af faglegri ráðvæðni og tæknilegri færni og vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af fjárhagslegum, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta í sambandi við niðurstöður prófananna.
3. Tilkynnti aðilinn skal hafa á að skipa nauðsynlegu starfsfólki og hafa nauðsynlega aðstöðu til að geta framkvæmt á réttan hátt stjórnunarleg og tæknileg störf sem tengjast sannprófun; hann skal einnig hafa aðgang að þeim búnaði sem þörf er á fyrir sérstakar sannprófanir.
4. Starfsmenn, sem annast skoðun, skulu hafa:
 - a. trausta tækni- og fagkunnáttu,
 - b. næga þekkingu á þeim kröfum sem gerðar eru við prófanir sem þeir framkvæma og næga starfsreynslu við slíkar prófanir,
 - c. tilskilda kunnáttu í að útbúa vottorð, skrár og skýrslur sem krafist er til að staðfesta að prófanirnar hafi farið fram.
5. Hlutleysi skoðunarmanna skal vera tryggt. Laun þeirra mega hvorki vera háð fjölda þeirra prófana sem gerðar eru né niðurstöðum slíkra prófana.
6. Tilkynnti aðilinn skal hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið sé bótaskyldt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á skoðun.
7. Starfsmönnum tilkynnta aðilans er skyld að fara með allar upplýsingar, sem þeir fá í starfi sínu samkvæmt þessum reglum eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er í tilefni af þeim, sem trúnaðarmál (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem starfsemin fer fram).

IX. VIÐAUKI

CE-samræmismerki.

CE-samræmismerkið skal einkennt með hástöfunum „CE“ með eftirfarandi útliti:



Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin á teikningunni hér að framan heldast óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkisins skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera undir 5 mm. Ef um smágerða íhluti er að ræða má falla frá kröfu um lágmarksmál.

Á eftir CE-merkinu skulu vera tveir síðustu stafirnir í ártali ársins þegar íhlutur er ein-kenndur með merkinu og kenninúmeri tilkynnta aðilans sem annast málsmeðferðina skv. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar þessarar.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að leyfilegur hámarkshraði á eftirtöldum götum í Folda-, Árbæjar- og Seláshverfi, skuli vera 30 km/klst.

Foldahverfi:

- | | |
|-------------------------------------------------------------------------------|----------------|
| 1. Fannafold, | 5. Funafold, |
| 2. Fjallkonuvegur, milli Hverafoldar-Frostafoldar og Logafoldar-Jökklafoldar, | 6. Hverafold, |
| 3. Fjörgyn, | 7. Jökklafold, |
| 4. Frostafold, | 8. Logafold, |
| | 9. Reykjafold. |

Árbæjar- og Seláshverfi:

- | | |
|-------------------------------------------------|------------------------------------------------|
| 1. Brúarás, | 24. Mýrarás, |
| 2. Brautarás, | 25. Malarás, |
| 3. Brekkubær, | 26. Melbær, |
| 4. Deildarás, | 27. Næfurás, |
| 5. Dísarás, | 28. Rauðás, |
| 6. Eyktarás, | 29. Reykás, |
| 7. Fagribær, | 30. Rofabær, vestan Hraunbæjar, |
| 8. Fjarðarás, | 31. Rofabær, milli Bæjarbrautar og Skólábæjar, |
| 9. Fylkisvegur, | 32. Sauðás, |
| 10. Glæsibær, | 33. Selásbraut, milli Vesturáss og Þingáss, |
| 11. Grundarás, | 34. Skógarás, |
| 12. Heiðarbær, | 35. Skólábær, |
| 13. Heiðarás, | 36. Suðurás, |
| 14. Hlaðbær, | 37. Vallarás, |
| 15. Hraunbær 1-105, | 38. Vesturás, |
| 16. Hraunbær, milli Bæjarbrautar og Hraunbæjar, | 39. Viðarás, |
| 17. Hraunbær, austan Bæjarbrautar, | 40. Vindás, |
| 18. Hraunsás, | 41. Vorsabær, |
| 19. Háabær, | 42. Víkurás, |
| 20. Klapparás, | 43. Ystibær, |
| 21. Kleifarás, | 44. Þingás, |
| 22. Lækjarás, | 45. Þverás, |
| 23. Norðurás, | 46. Þykkvibær. |

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. september 2002.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda verði á Lindargötu fyrir umferð um Frakkastíg.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 17. september 2002.

Böðvar Bragason.

19. september 2002

Nr. 671

REGLUGERÐ

um fjárfestingar rafeyrisfyrirtækja.

1. gr.

Fjárfestingar rafeyrisfyrirtækis skulu að minnsta kosti samsvara fjárskuldbindingum þess vegna útistandandi rafeyris. Rafeyrisfyrirtæki er aðeins heimilt að fjárfesta í eftirfarandi eignum:

1. Nægilega seljanlegum eignum skv. a.-d. staflidum 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. reglna nr. 693/2001, um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfafjónustu, sem fá áhættuvogina núll.
2. Sýningarinnlánnum hjá lánastofnunum á svæði A eins og þær eru skilgreindar í reglum nr. 693/2001, um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfafjónustu.
3. Skuldaskjölum sem eru nægilega seljanleg, heyra ekki undir 1. tölul., eru viðurkennd sem fullgildir liðir samkvæmt reglum nr. 693/2001, um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfafjónustu og eru gefin út af öðrum fyrirtækjum en þeim sem eiga virkan eignarhluta í viðkomandi rafeyrisfyrirtæki eða þeim sem koma fram í samstæðureikningum þessara fyrirtækja.

2. gr.

Fjárfestingar sem um getur í 2. og 3. tölul. 1. gr. mega ekki fara yfir tuttugufalt eigið fé viðkomandi rafeyrisfyrirtækis og skulu vera háðar sömu takmörkunum og fram koma í reglugerð nr. 34/2002, um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfafjónustu.

3. gr.

Til að baktryggja sig gegn markaðsáhættu sem leiðir af útgáfu rafeyris og fjárfestinganna sem um getur í 1. gr. er rafeyrisfyrirtækjum heimilt að nota nægilega seljanlega vaxtaberandi og vaxtatengda liði utan efnahagsreiknings í formi afleiðusamninga sem verslað er með á skipulegum verðbréfamarkaði. Afleiðusamningar skv. 1. másl. skulu falla undir daglegar kröfur um tryggingarfé eða gjaldeyrissamninga með upphaflegan binditíma sem er í mesta lagi 14 dagar. Notkun afleiðdra skjala samkvæmt 1. másl. er því aðeins leyfileg að ætlunin sé að útrýma til fulls markaðsáhættu og að því markmiði sé náð eftir því sem unnt er.

4. gr.

Við beitingu 1. gr. skal meta eignir á kaupverði eða markaðsverði, eftir því sem lægra er.

5. gr.

Ef verðgildi eignanna, sem um getur í 1. gr., fer niður fyrir fjárhæð fjárskuldbindinga vegna útistandandi rafeyris skal viðkomandi rafeyrisfyrirtæki gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á því ástandi án tafar.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað tímabundið að fjárskuldbindingar rafeyrisfyrirtækis skv. 1. mgr. vegna útistandandi rafeyris séu tryggðar með öðrum eignum en þeim sem um getur í 1. gr., sem nemur að hámarki fjárhæð sem er í mesta lagi 5% af þessum skuldbindingum eða af samanlögðu eigin fé rafeyrisfyrirtækisins.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 9. gr. laga nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 19. september 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Benedikt Árnason.

AUGLÝSING

um skipulag í Mosfellsbæ.

Breyting á deiliskipulagi Skógarness, Furubyggð 23.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Skógarness vegna lóðarinnar nr. 23, við Furubyggð í Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 4. september 2002.

Breytingin felst í því að heimilt er að byggja allt að 35 m² bílskúr á lóðinni, vegna landhalla er heimilt að hafa kjallara undir bílskúrnum.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi með birtingu auglýsingar þessarar.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, á fundi sínum þann 23. maí 2002.

Breytingin felst í því að íbúðum í Þverholti 19 fjölgar úr 2 íbúðum með möguleika á verslun/vinnustofu í 5 íbúðir. Framangreind lóð stækkar úr 622 m² í 704 m² og byggingarreitur er færður um 1,5 m til vesturs. Bílastæðum á lóð er fjölgað úr 4 í 5 stæði. Gönguleið milli lóða og hljóðmanar við Skeiðholt er færð að götu og göngustígur við Dalatanga tengdur við hana. Felld er niður gönguleið við Skeiðholt sunnan við götu. Hætt er við bílastæði samsíða innkeyrslu á torg og kvöð um gangstétt á lóðinni.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi með birtingu auglýsingar þessarar.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 17. september 2002.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

REGLUGERÐ

um innköllun þriggja myntstærða.

1. gr.

Eftirtaldar myntstærðir, slegnar 1981 og 1986, skulu innkallaðar:

5 aurar.

10 aurar.

50 aurar.

2. gr.

Frestur til að afhenda peninga, sem greindir eru í 1. gr., skal vera 12 mánuðir frá birtingu auglýsingar um innköllunina. Á innköllunarfrestinum skulu allir bankar og sparisjóðir skyldugir að taka við þeim peningum og láta í staðinn peninga sem ekki á að innkalla. Peningar þeir, sem greindir eru í 1. gr., eru á innköllunarfrestinum lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna, en hætta að vera lögmætur gjaldmiðill að frestinum liðnum. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa peningana, sem greindir eru í 1. gr., í ekki skemmri tíma en 12 mánuði eftir lok 12 mánaða frestsins, sem greindur er í fyrsta málslið þessarar greinar.

3. gr.

Seðlabanki Íslands annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. laga um gjaldmiðil Íslands, nr. 22/1968, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytinu, 19. september 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

REGLUGERÐ

um að heildarfjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu.

1. gr.

Frá og með 1. október 2003 skal heildarfjárhæð hverrar kröfu eða reiknings greind og greidd með heilli krónu þannig að lægri fjárhæð en fimmtíu aurum skal sleppt en fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu.

2. gr.

Frá og með 1. október 2003 er enginn skyldugur til að greiða fjárhæð er reiknast lægri en fimmtíu aurar. Frá og með sama tíma eru allir skyldugir til að greiða fjárhæð er reiknast fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð í aurum með heilli krónu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er í samræmi við 8. gr. laga um gjaldmiðil Íslands, nr. 22/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 36/1998, samkvæmt heimild í 11. gr. sömu laga, sbr. 2. gr. laga nr. 103/1999, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytinu, 19. september 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í dreifbýli í Fljótsdalshreppi.

Fyrir hreinsun rotþróa í Fljótsdalshreppi skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald skv. gjaldskrá þessari, sbr. 3. gr. samþykktar um notkun og hreinsun rotþróa í Fljótsdalshreppi nr. 57/2002.

Rotþróargjald árið 2003 er kr. 6.000 á rotþró.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Fljótsdalshrepps 3. september 2002, með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um notkun og hreinsun rotþróa í dreifbýli í Fljótsdalshreppi sem samþykkt var 8. janúar 2002, tekur gildi 1. janúar 2003.

Fljótsdalshreppi, 16. september 2002.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir oddviti.

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Garðvang.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Gerðahrepps þann 24. júní 2002 samþykkt deiliskipulag ofan Klapparbrautar í Gerðahreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis við Garðvang og gerir ráð fyrir íbúðabyggð fyrir leigu-íbúðir aldraðra.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Gerðahreppi, 16. september 2002.

F.h. sveitarstjórnar,

Sigurður Jónsson sveitarstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 107 – 2002

18. september 2002

1777

Nr. 677

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um útflutning hrossa, nr. 449 frá 25. júní 2002.

1. gr.

Núverandi 10. gr. reglugerðarinnar orðist svo eftir breytingar:

Hrossum sem flutt eru úr landi skal fylgja vottorð, hestavegabréf, frá Bændasamtökum Íslands er staðfesti uppruna, ætterni og hver sé eigandi hrossins við útflutning.

Bændasamtök Íslands skrá í hestavegabréfið örmerki/frostmerki hrossins, upplýsingar um kyn, lit, uppruna og ætterni og hver sé eigandi þess, auk annars er við á. Útflytjandi skal sjá um, að dýralæknir, annar en embættisdýralæknir í viðkomandi útflutningshöfn eða dýralæknar á hans vegum, færi í vegabréfið útlitsteikningu/auðkennateikningu, af hrossinu sem dýralæknir síðan staðfestir. Útflytjandi eða eigandi ber sjálfur þann kostnað sem hlýst af störfum dýralæknis við gerð útlitsteikningar/auðkennateikningar. Ef dýralæknir er útflytjandi eða eigandi hross er honum óheimilt að gera eða staðfesta útlitsteikningu/auðkennateikningu.

Upplýsingar í hestavegabréfi skulu vera í samræmi við kröfur innflutningslands. Embættisdýralæknir staðfestir fyrir útflutning að hestavegabréfið tilheyri viðkomandi hrossi og gefur út heilbrigðisvottorð. Útflytjendur hrossa greiða gjald vegna kostnaðar við útgáfu hestavegabréfa samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir að fengnum tilögum Bændasamtaka Íslands.

2. gr.

Við 10. gr. bætist ný málsgrein:

Gögn vegna útgáfu hestavegabréfs skulu hafa borist skrifstofu Bændasamtaka Íslands eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir útflutning.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um útflutning hrossa nr. 55/2002 og bún- aðarlögum nr. 70/1998. Með reglugerð þessari er jafnframt felld úr gildi 2. gr. gjaldskrár Bændasamtaka Íslands vegna útgáfu hestavegabréfa fyrir útflutningshross frá 25. júní 2002.

Reglugerðin öðlast gildi 27. september 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. september 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

1. gr.

Við 4. lið II. kafla II. viðauka, kemur eftirfarandi málsgrein í stað núverandi 1. mgr.:
Halda skal skaðlegum lífverum sem draga úr notagildi sáðkorns í lágmarki.

Tafla a) í 4. lið II. kafla II. viðauka fellur brott. Í hennar stað bætist við ný málsgrein og tafla sem hljóða svo:

Einkum skal sáðkorn uppfylla eftirfarandi staðla að því er varðar *Claviceps purpurea* (mesti fjöldi drjóla eða drjólabrota á hvert kg):

a)

Flokkur	<i>Claviceps purpurea</i>
1	2
Korn sem rúgblendingar:	
- stofnsáðkorn	1
- vottað sáðkorn	3
Rúgblendingar:	
- stofnsáðkorn	1
- vottað sáðkorn	4(a)

(a) Ef sýni af tilgreindri þyngd inniheldur fimm drjóla eða drjólabrot skal það teljast uppfylla staðlana ef annað sýni af sömu þyngd inniheldur ekki meira en fjóra drjóla eða drjólabrot.

2. gr.

Við d-lið VIII. viðauka reglugerðarinnar, bætist eftirfarandi:

Rúgblendingar.

- a) Ræktun skal uppfylla eftirfarandi staðla um fjarlægð frá nálægum frjógjöfum sem getur orsakað óæskilega, utanaðkomandi frævnun.

Ræktun	Lágmarksfjarlægð
1	2
- við ræktun stofnsáðkorns	
- þar sem karlófrjósemi er beitt	1000 m
- þar sem karlófjórsemi er ekki beitt	600 m
- við ræktun vottaðs stofnsáðkorns	500 m

- b) Ræktunin skal vera hrein og ósvikin að því er varðar þáttaeinkenni, þ.m.t. karlófrjósemi.

Einkum skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- i) fjöldi plantna af tegundunum í ræktuninni sem eru greinilega ekki í samræmi við þáttinn má ekki vera meiri en,
- ein á hverja 30 m² fyrir ræktun stofnsáðkorns,
- ein á hverja 10 m² fyrir ræktun vottaðs sáðkorns en í opinberum akurskoðunum gildir þessi staðall aðeins um kvenþáttinn,
ii) þegar um stofnsáðkorn er að ræða þar sem karlófrjósemi er beitt skal ófrjósemin vera 98% hið minnsta.

- c) Þar sem við á skal vottað sáðkorn ræktað með blandaðri ræktun með karlófrjósömum kvenþætti og karlþætti en það endurheimtir karlófrjósemi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. töflu b (*Vottað fræ af belgjurtum og öðrum tegundum*) í I. kafla II. viðauka:

Talan 25 kemur í stað tölunnar 20 í 3. dálk töflunnar fyrir eftirtaldar belgjurtir;

- *Lupinus angustifolius*
- *Lupinus, aðrar tegundir*
- *Vicia, aðrar tegundir*

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á töflu í 2. lið II. kafla II. viðauka.

Við töflu bætist:

Rúghveiti	Allir	minnst 80	0
-----------	-------	-----------	---

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á VIII. viðauka:

Í kafla með heitinu „*Almennar skyldur*“ á eftir setningunni „Uppskeran fer fyrst fram að lokinni plöntuskoðun“ bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ræktunin skal vera ósvikin og hrein að því er varðar afbrigði eða ef um er að ræða ræktun skyldleikaræktaðrar línu, ósvikin og hrein að því er varðar einkenni hennar. Við framleiðslu sáðkorns af blendingsafbrigðum skulu framangreind ákvæði einnig gilda um þáttaeinkenni, þ.m.t. karlófrjósemi eða endurheimt frjósemi.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Við setningu reglugerðarinnar er tekið tillit til tilskipana nr. 95/6/EB, 96/18/EB, 96/72/EB, 99/8/EB og 99/54/EB sem vísað er til í III. kafla I. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2002.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. september 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	30
Tollnúmer:					
0701.9000	Kartöflur, aðrar	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.10.02-06.10.02	ótilgr.	0	227
0703.9001	Blaðlaukur	07.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	01.10.02-20.10.02	ótilgr.	0	176
0704.1000	Blómkál	21.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	110
0704.9003	Kínakál	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	282
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 108 – 2002

24. september 2002

1781

Nr. 680

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skoðun ökutækja,
nr. 378 29. júní 1998.

1. gr.

1. gr. breytist þannig:

- a. Við 1. mgr. bætist: ADRskoðun og vegaskoðun.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðist svo:
ADRskoðun: Athugun til að ganga úr skugga um að einstakir hlutar og kerfi ökutækis er varðar búnað til flutnings á hættulegum farmi uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í reglum um það efni.
- c. Í stað orðanna „eða skráningarskoðun“ í 6. mgr. komi: skráningarskoðun, ADRskoðun eða vegaskoðun.
- d. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
Vegaskoðun: Athugun til að ganga úr skugga um að ástand ökutækja, sem stöðvuð eru í akstri, uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í reglum um það efni. Skoðunin er framkvæmd utan skoðunarstofa.

2. gr.

Fyrirsögn II. kafla verði svohljóðandi: SKOÐUN ÖKUTÆKJA.

3. gr.

2. gr. breytist þannig:

- a. Í stað orðanna „eða skráningarskoðunar“ í 2. mgr. komi: skráningarskoðunar eða ADRskoðunar.
- b. 3. mgr. falli brott.

4. gr.

2. málslíður 9. gr. orðist svo: Sama er ef á ökutæki eru sett skráningarmerki af eldri gerð samkvæmt 35. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja, nr. 78/1997, með síðari breytingum.

5. gr.

Á eftir 10. gr. koma tvær nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, er orðist svo, og breytist greinatala samkvæmt því:

ADRskoðun.

(11. gr.)

ADRskoðun. Ökutæki sem óskað er eftir að skráð verði til flutnings á hættulegum farmi skal skoða ADRskoðun, einnig skal ökutæki sem skráð er til flutnings á hættulegum farmi skoða ADRskoðun við aðalskoðun.

Vegaskoðun.

(12. gr.)

Vegaskoðun. Skoðun sem framkvæmd er af skoðunarmanni á vettvangi á ökutæki sem stöðvað hefur verið af lögreglu.

6. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 11. gr.“ í 2. málsli. 12. gr. (er verður 14. gr.) komi: 3. mgr. 13. gr.

7. gr.

Í stað orðanna „2. mgr. 11. gr.“ í 2. málsli. 1. mgr. 15. gr. (er verður 17. gr.) komi: 2. mgr. 13. gr.

8. gr.

17. gr. (er verður 19. gr.) orðist svo:

Við skoðun ökutækis skal skoðunarmaður athuga hvort ökutækið sé rétt skráð og hvort verksmiðjunúmer þess sé í samræmi við skráningarskírteini. Skoðun og dæming ökutækis skal byggjast á ástandi þess hverju sinni.

Vegaskoðun fer að mestu fram sem sjónskoðun, virknisathugun og mæling útblástursmengunar.

9. gr.

4. mgr. 20. gr. (er verður 22. gr.) orðist svo:

Ef ökutæki er fært til endurskoðunar eftir að frestur sem gefinn var við undangengna skoðun eða vegaskoðun er útrunninn skal það skoða á sama hátt og um aðalskoðun væri að ræða.

10. gr.

Í stað orðanna „31. gr.“ í 2. og 3. þankastriki 26. gr. (er verður 28. gr.) komi: 33. gr.

11. gr.

Í stað orðanna „31. gr.“ í 1. og 2. þankastriki 28. gr. (er verður 30. gr.) komi: 33. gr.

12. gr.

1. mgr. 33. gr. (er verður 35. gr.), sbr. reglugerð nr. 35 11. janúar 2002, orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, svo og með hliðsjón af 16. a tölul. XIII. viðauka við EES samninginn (tilskipun 96/96/EB með breytingum með tilskipunum 1999/52/EB, 2000/30/EB, 2001/9/EB og 2001/11/EB, sbr. EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 41. hefti 1997, bls. 1-19, 57. hefti 2001 bls. 5-12, 11. hefti 2001, bls. 245-248 og 47. hefti 2001, bls. 8).

13. gr.

Á eftir viðauka I komi nýr viðauki, viðauki Ia, sem orðist svo:

Um tækjabúnað vegaskoðunar.

- a. Mengunarmælar samkvæmt c-lið 2. gr. í viðauka I.
- b. Hemlunarklukka sem mælir hemlunarvirkni í akstri.
- c. Handljósaskoðunartæki.

14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. september 2002.

Sólveig Pétursdóttir.*Björn Friðfínsson.*

26. september 2002

Nr. 681

GJALDSKRÁ**Umferðarstofu.**

1. gr.

Eigendaskipti að ökutæki.

Gjöld fyrir eigendaskipti að ökutæki eru eftirfarandi:

	Kr.
Skráning eigendaskipta að ökutæki	2.130,00
Skráning eigendaskipta að ökutæki v/kennitölubreytingar eiganda	1.060,00
Skráning eigendaskipta að ökutæki í eigu varnarliðsmanns	850,00
Skráning meðeiganda að ökutæki	1.060,00
Skráning umráðamanns að ökutæki	1.060,00
Afskráning meðeiganda að ökutæki	1.060,00
Afskráning umráðamanns að ökutæki	500,00
Breyting á röð eigenda að ökutæki	500,00
Riftun eigendaskipta að ökutæki	500,00
Afgreiðslugjald rafrænna viðskipta	100,00
Umferðaröryggisgjald	200,00

2. gr.

Skráning ökutækja.

Gjöld fyrir skráningu ökutækja eru eftirfarandi:

	Kr.
Skráning ökutækis	5.060,00
Endurskráning ökutækis	2.540,00
Breytingaskráning ökutækis	500,00
Leiðrétting nýskráningar	930,00
Breyting á tjónaskráningu	930,00
Skráning ökutækis til flutnings á hættulegum fermi	930,00
Samrit skráningarskírteinis	500,00
Afgreiðslugjald rafrænna viðskipta	100,00
Umferðaröryggisgjald	200,00

3. gr.

Skráningarmerki.

Gjöld fyrir skráningarmerki eru eftirfarandi:

	Kr.
Skráningarmerki (hvert merki)	2.600,00
Tollmerki (hvert merki)	2.600,00
Flýttigjald skráningarmarkja (hvert skráningarnúmer)	1.600,00
Geymslugjald skráningarmarkja (hvert skráningarnúmer)	600,00
Réttindagjald einkamerkjá (hvert skráningarnúmer)	25.000,00
Skráning einkamerkis á/af ökutæki (hvert skráningarnúmer)	500,00
Flutningur á einkamerki milli ökutækja (hvert skráningarnúmer)	2.300,00
Skráning fornmerkis á/af ökutæki (hvert skráningarnúmer)	500,00
Leiga á reynslumerki í eitt ár (hvert skráningarnúmer)	10.000,00
Leiga á reynslumerki í einn dag (hvert skráningarnúmer)	600,00
Heimamerki (hver miði)	100,00
Afgreiðslugjald rafrænna viðskipta	100,00

Eigandi ökutækis sem bera skráningarmerki af eldri gerð (fornbifreiðar o.fl.) greiðir kostnað við gerð þeirra.

4. gr.

Gerðarskráning.

Gjöld fyrir gerðarskráningu eru eftirfarandi:

	Kr.
Gerðarskráning	11.090,00
Gerðarviðurkenning	59.200,00
Gerðarviðurkenning léttra bifhjóla, torfærutækja, tengitækja og tengibúnaðar	20.300,00
Viðbótargerðarskráning	7.400,00
Viðbótargerðarviðurkenning	4.100,00

5. gr.

Skoðunarmiðar.

Gjöld fyrir skoðunarmiða eru eftirfarandi:

	Kr.
Skoðunarmiðar (hver miði)	27,00
Skoðunarmiðar fyrir endursk.verkstæði (hver miði)	100,00

6. gr.

Námskeiðsgjöld.

Námskeiðsgjöld eru eftirfarandi:

	Kr.
Námskeið fyrir fulltrúa I	10.000,00
Námskeið fyrir fulltrúa II	5.000,00
Bráðabirgðanámskeið fulltrúa	5.000,00

7. gr.

Upplýsingar úr ökutækjaskrá.

Gjöld fyrir upplýsingar úr ökutækjaskrá eru eftirfarandi:

a	<i>Almennt:</i>	Kr.
	Mánaðargjald upplýsinga	2.963,00
	Uppflettigjald skeytasendinga (hver uppflétting)	14,00
	Ferilskýrsla ökutækis (hver skýrsla)	300,00
	Ferilskýrsla ökutækis (hver skýrsla í áskrift)	50,00
	Ökutækjaferill aðila (hver skýrsla)	300,00

b	Gagnaveita:	Kr.
	Grunngjald gagnaveitu (eingreiðsla)	150.000,00
	Sviðsgjald gagnaveitu (mánaðargjald)	1.245,00
	Ferilgjald gagnaveitu (mánaðargjald)	6.225,00
	Uppfærslugjald gagnaveitu (línugjald)	1,25
c	Bifreiðatölur:	Kr.
	Bifreiðatölur mánaðarins (ársfjórðungsgjald)	6.750,00
	Bifreiðatölur mánaðarins (hvert eintak)	3.000,00
	Bifreiðatölur vikunnar (hvert eintak)	1.800,00
	Bifreiðatölur vikunnar (ársfjórðungsgjald)	11.500,00
	Bifreiðatölur mánaðarins og vikunnar (ársfjórðungsgjald)	16.500,00
	Ljósrit úr bifreiðatölum (hvert eintak)	800,00
	Útskrift eftir kennitölu (hver kennitala)	700,00
	Útskrift / 1-100 ökutæki	1.120,00
	Útskrift / 100-500 ökutæki	5.600,00
	Útskrift / 500-1000 ökutæki	11.200,00
	Útskrift / yfir 1000 ökutæki (hvert fastnúmer)	2,00
	Útskrift / límmiðar (hver miði)	2,00
	Útskrift / afsláttargjald	5.600,00

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 64. og 114. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 83 10. maí 2002, öðlast gildi 1. október 2002. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir skráningu ökutækja nr. 84 30. janúar 1997, með síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. september 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

Stefán Eiríksson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 494,
12. ágúst 1998, um friðunarsvæði við Ísland.**

1. gr.

4. tl. 1. gr. fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 2. október 2002.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. september 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 915 25. nóvember 2000.

1. gr.

1. gr. breytist þannig:

- a. Liður 01.206 (1) orðist svo:

Bifreið sem hönnuð er stærri en hámarksgildi í reglum um stærð og þyngd ökutækis segja til um og ætluð er til efnisflutninga utan vega eða innan afmarkaðra vinnusvæða.

- b. Nýr liður 01.211 (1) orðist svo:

Flugvallarrúta: Bifreið sem hönnuð er stærri en hámarksgildi í reglum um stærð og þyngd ökutækis segir til um og ætluð er til fólksflutninga milli flugvélar og flugstöðvar innan afmarkaðs flugvallarsvæðis.

2. gr.

3. gr. breytist þannig:

- a. Á eftir EBE tilskipun nr 92/61 í 1. mgr. í lið 03.01 (1) komi: með síðari breytingum.

- b. Í tilvísun í 1. mgr. í lið 03.210 (1) komi 03.05 (2)a í stað 03.05 (3)c.

- c. Nýr liður 03.211 (1) orðist svo:

Flugvallarrúta: Við viðurkenningu til skráningar á flugvallarrútu skal ekki gera kröfur um staðfestingu eða vottorð skv. liðum 03.04 (4)a og 03.05 (3)a og (3)c. Þó skal framvísa upplýsingum um merkingu tákna í verksmiðjunúmeri eftir því sem við á. Kröfu um búnað skv. reglugerð þessari skal uppfylla eftir því sem við á.

3. gr.

7. gr. breytist þannig:

- a. 1. mgr. í lið 07.01 (5) orðist svo:

Skilgreining: Dagljós koma í stað aðalljósa þegar hvorki er skuggsýnt né skyggni lélegt. Sem ljósker fyrir dagljós má nota aðalljósker, aðalljósker með lækkaðri spennu, þokuljósker eða sérstök dagljósker með viðurkenningarnúmeri.

- b. 5. mgr. í lið 07.01 (5) orðist svo:

Tenging: Ljós má kvikna sjálfkrafa af völdum lykilrofa, hreyfils sem gangsettur hefur verið (hleðsla, smurþrýstingur), hreyfingu ökutækis eða girskiptingu. Sérstök dagljós skulu kvikna sjálfkrafa.

Ljóskerin skulu tengd afturvísandi stöðuljóskerum en mega einnig vera tengd framvísandi stöðuljóskerum. Ljósker fyrir dagljós skulu þannig tengd að þau slokkni sjálfkrafa þegar kveikt er á stöðuljósum eða aðalljósum.

4. gr.

Liður 09.10 (5) í 9. gr. orðist svo:

Óheimilt er að þekja framrúðu og hliðarrúður sem eru framar en bak ökumannssætis í öftustu stöðu að hluta til eða alveg með litarefnum eða plasthimnu.

5. gr.

Í stað orðanna „4,7 g“ í lið 16.02 (3)f í 16. gr. komi: 3 g.

6. gr.

Taflan *bifreiðar og eftirvagnar* í viðauka III breytist þannig:

Í reitinn „síðari viðbætur“ við tilskipun 70/156/EBE bætist: 2001/56/EB og 2001/92/EB.

Í reitinn „síðari viðbætur“ við tilskipun 70/387/EBE bætist: 2001/31/EB.

Í reitinn „síðari viðbætur“ við tilskipun 88/77/EBE bætist: 2001/27/EB.

Í reitinn „síðari viðbætur“ við tilskipun 92/22/EBE bætist: 2001/92/EB.

Í reitinn „síðari viðbætur“ við tilskipun 92/23/EBE bætist: 2000/43/EB.

7. gr.

Taflan *bifreiðar og eftirvagnar* í viðauka IV breytist þannig:

a. Við tölulið 1 (tilskipun 70/156/EBE) bætast eftirfarandi línur:

	2001/56/EB	L 292 11.09.2001	***48/2002; 44, 05.09.2002
	2001/92/EB	L 292 09.11.2001	***48/2002; 44, 05.09.2002

b. Við tölulið 7 (tilskipun 70/387/EBE) bætist ný lína:

	2001/31/EB	L 130 12.05.2002	***70/2002; 29, 13.06.2002
--	------------	------------------	----------------------------

c. Við tölulið 44 (tilskipun 88/77/EBE) bætist ný lína:

	2001/27/EB	L 107 18.04.2001	***27/2002; 29, 13.06.2002
--	------------	------------------	----------------------------

d. Við tölulið 45c (tilskipun 92/22/EBE) bætist ný lína:

	2001/92/EB	L 292 09.11.2001	***48/2002; 44, 05.09.2002
--	------------	------------------	----------------------------

e. Við tölulið 45d (tilskipun 92/23/EBE) bætist ný lína:

	2001/43/EB	L 211 04.08.2001	***26/2002; 29, 13.06.2002
--	------------	------------------	----------------------------

8. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka við EES samninginn, öðlast þegar gildi.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda um ökutæki sem skráð verða, viðurkennd eða tekin í notkun í fyrsta sinn 1. október 2002 eða síðar, nema annað sé ákveðið. Heimilt er nú þegar að útbúa ökutæki í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. september 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um flutning á hættulegum farmi
nr. 984 27. desember 2000.**

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Við eftirlit með flutningi á hættulegum farmi skal fara eftir EB-tilskipun nr. 95/50, sem breytt hefur verið með EB-tilskipun nr. 2001/26, og viðaukum við þá tilskipun.

2. gr.

Á eftir orðunum „bls. 43-50“ í 1. mgr. 23. gr. komi: sbr. tilskipun 2001/26/EB, sbr. EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 29. hefti 2002, bls. 18.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 60. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. september 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um búsetu fatlaðra nr. 296/2002.

1. gr.

Í stað „1. október 2002.“ í 1. másl. 13. gr. laganna kemur: 1. janúar 2003.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. september 2002.

F. h. r.

Þór Þórarinsson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 109 – 2002

30. september 2002

1789

Nr. 686

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar
og nýtingu hlunninda af villtum fuglum með síðari breytingum.

1. gr.

Töluliður nr. 5 í 2. mgr. 8. gr. orðast svo:

Heimilt er að veiða rjúpu frá 15. október til og með 22. desember nema innan svæðis sem markast í norðri af lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Mosfellsbæ, austurhluta Mosfellsheiðar í Grímsnes- og Grafningshreppi og Skálafells og Skálafellshálsi í Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógabyggð og Kjósarhreppi. Hið friðaða svæði í Skálafelli og Skálafellshálsi markast af Kjósarskarðsvegi (48) frá vegamótum við Þingvallaveg (360) að vegamótum við Meðalfellsveg (461) og þaðan að brú á Svínadalsá og er ánni síðan fylgt að mörkum Reykjavíkur um Svínaskarð. Norðurhluti svæðisins markast síðan af Þingvallavegi frá gatnamótum Kjósarskarðsvegar að Grafningsvegamótum og þaðan af línu sem dregin er í austur frá Grafningsvegamótum í Þingvallavatn. Svæðið markast í austri af Þingvallavatni og fylgir síðan Soginu og Ölfusá til sjávar.

Innan ofangreindra marka, sjá meðfylgjandi kort, er öll rjúpnaveiði óheimil til 2007.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með ofangreindum gildistíma.


Umhverfissráðuneytinu, 30. september 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurður Á. Þráinsson.

Fylgiskjal.



STJÓRNARTÍÐINDI B110 – 2002

24. september 2002

1791

Nr. 687

REGLUGERÐ

um Þjóðmenningarhúsið.

1. gr.

Hlutverk.

Þjóðmenningarhúsið skal þjóna sem vettvangur til að kynna íslenska sögu og menningararf. Jafnframt skal þar látin í té aðstaða fyrir sýningar, fundi, samkomur og aðra viðburði. Notkun hússins skal þó ætíð taka tillit til friðunar þess og sögulegs verðmætis.

2. gr.

Sýningahald.

Starfsemi í húsinu skal einkum felast í sýningahaldi, bæði föstum sýningum og styttri sýningum. Í sýningum skal einkum lögð áhersla á sögu og menningu þjóðarinnar, sjálfstæði landsins og stjórnskipun og bókmenntir þjóðarinnar fyrir og síðar.

Hafa skal samstarf við opinber söfn og stofnanir sem sinna menningarsögu eftir því sem kostur er, m.a. með því að efna til sýninga í samvinnu við aðrar stofnanir, félagasamtök og einkaaðila innanlands, svo og erlenda sýningahaldara.

3. gr.

Önnur starfsemi.

Heimilt er að leigja stofur og sal Þjóðmenningarhússins til funda og annarra samkoma. Um afnot af sal gilda eftirfarandi takmarkanir:

- a. Sýningar. Salurinn er einkum ætlaður til sýningahalds. Almennt skal miða við að sýningar þar séu til skemmri tíma og hægt að víkja þeim til hliðar til að rýma fyrir öðrum afnotum af salnum.
- b. Fundir o.þ.h. Leigja má salinn fyrir fundi, ráðstefnur og minni samkomur. Jafnan skal innheimt gjald fyrir slík afnot.
- c. Móttökur o.þ.h. Leigja má salinn fyrir móttökur á vegum ráðuneyta eða Alþingis að því tilskildu að viðkomandi ráðherra eða forseti Alþingis sé viðstaddur.
- d. Veislur og borðhald. Veita má afnot af salnum fyrir veislur og borðhald með sömu skilyrðum og um getur í staflið c.
- e. Gjaldskrá. Forstöðumaður Þjóðmenningarhúss setur gjaldskrá fyrir afnot af salnum. Skal hún staðfest af forsætisráðuneyti.

4. gr.

Forstöðumaður.

Forsætisráðherra skipar forstöðumann hússins til 5 ára í senn og setur honum erindisbréf. Hann ber ábyrgð á þeirri starfsemi sem fram fer í húsinu, rekstri og fjárhag þess. Hann sér um framkvæmd mála sem ráðherra felur honum og kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar.

5. gr.
Stjórn.

Forsætisráðherra skipar þrjá menn í stjórn Þjóðmenningarhússins til fjögurra ára í senn. Einn þeirra skal tilnefndur af menntamálaráðherra og annar af fjármálaráðherra.

Stjórn Þjóðmenningarhúss fjallar um sýningahald og faglega starfsemi í húsinu. Í því skyni skal hún setja langtímaáætlun um stefnumörkun og megináherslur í starfsemi hússins, sem forstöðumaður undirbýr. Forstöðumaður framfylgir áætlun stjórnar og gerir til hennar tillögur um einstakar sýningar í samræmi við hana.

Forstöðumaður upplýsir stjórn Þjóðmenningarhúss um fjárhagsmálefni og rekstur hússins og ráðfærir sig við stjórn um gerð fjárhagsáætlana, þ.m.t. fjárlagatillagna.

6. gr.
Starfsfólk.

Forstöðumaður ræður starfsfólk og ákveður starfssvið þess í samræmi við þarfir stofnunarinnar. Skrifstofustjóri skal vera staðgengill forstöðumanns í fjarveru hans.

7. gr.
Samráðsnefnd.

Stjórn Þjóðmenningarhússins er heimilt að kveðja sér til samráðs sérstaka samráðsnefnd í því skyni að samræma sýningahald og efla samvinnu milli stofnana á sviði lista og menningarmála. Í samráðsnefndinni skulu sitja fulltrúar frá Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Landsbókasafni-Háskólabókasafni, Þjóðminjasafni og Þjóðskjalasafni, svo og fleiri menningarstofnunum eftir því sem þörf þykir.

8. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytinu, 24. september 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 260/1980, ásamt síðari breytingum, um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðissskoðun.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Orðið „ferskar“ í þessari reglugerð skilgreinist: Sláturafurðir sem ekki hafa verið frystar.

Sláturleyfishafi skal ekki taka eldishóp til slátrunar nema honum fylgi niðurstöður rannsóknar eldissýna vegna salmonellu og hitapolinna campylobactersýkla og honum fylgi sérstakt rekjanleikanúmer í samræmi við ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 904/2001 um breytingu á reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum með síðari breytingum.

Sláturleyfishöfum og framleiðendum er skylt að merkja á öruggan hátt allar afurðir alifugla sem pakkaðar eru í neytendaumbúðir með rekjanleikanúmeri eldishópsins. Afurðir sem fara úr sláturhúsi eða kjötvinnslu til frekari vinnslu eða matreiðslu skulu auðkenndar rekjanleikanúmeri eldishópsins með öruggum hætti. Ekki er skylt að merkja með rekjanleikanúmeri afurðir sem hlotið hafa hitameðhöndlun þar sem kjarnhiti hefur náð 72°C. Rekjanleikanúmer skal vera minnst átta tölustafir og skal auðkennt með skammstöfuninni, rlnr., á undan tölustöfunum og skulu bæði bókstafir og tölustafir vera greinilegir og í minnst 9 punkta letri. Bók- og tölustafir skulu vera annaðhvort dökkir á ljósum grunni eða ljósir á dökku grunni.

Til þökkunar á afurðum má einungis nota hreinar, nýjar, lekaheldar umbúðir sem viðurkenndar eru til þökkunar matvæla sem hvorki spilla eða lýta vöruna, en verja afurðirnar óhreindum og koma í veg fyrir hvers konar mengun við geymslu og dreifingu.

Afurðirnar skulu merktar í samræmi við reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla. Umbúðir allra alifuglaafurða skulu merktar samkvæmt viðauka I með reglugerð þessari. Ef fleiri einingum er pakkað saman í kassa eða öskjur, skal auðkenna umbúðir eftir því hvaða afurðir þær hafa að geyma.

Sláturafurðir alifugla sem boðnar eru til sölu, skulu vera af sláturfuglum þar sem staðfest hefur verið með sýnatöku, a.m.k. einu sinni á eldistímanum, að ekki hafi greinst salmonella í fuglunum. Finnist salmonella í sýnum sem tekin eru við slátrun, skal afurðunum fargað eða þær hitameðhöndlaðar, þannig að kjarnhiti nái 72°C, áður en afurðunum er dreift.

Sláturafurðir alifugla sem boðnar eru ferskar til sölu skulu vera af sláturfuglum þar sem staðfest hefur verið með sýnatöku, a.m.k. einu sinni á eldistímanum, að ekki hafi greinst hitaþolnir campylobactersýklar. Ef hitaþolnir campylobactersýklar greinast á eldistímanum þá skulu sláturafurðir viðkomandi eldishóps allar frystar eða hitameðhöndlaðar, þannig að kjarnhiti nái 72°C, áður en afurðunum er dreift. Óheimilt er að dreifa sláturafurðum alifugla sem vitað er að eru mengaðir af hitaþolnum campylobactersýklum nema frystum eða hitameðhöndluðum. Landbúnaðarráðherra getur að fengnum tillögum yfirdýralæknis fyrirskipað strangara eftirlit en hér segir fyrir um, til að hindra eins og kostur er að campylobactermengaðar sláturafurðir fari ferskar á markað.

Heimilt er að pakka vel hreinsuðum innnyflum, þ.e. lifur, hjarta, fóarni og hálsi í hreinan plastpoka og setja með heilum sláturafurðum. Slíkar afurðir skulu sérstaklega merktar: „Með innmat“.

Óheimilt er að bjóða til sölu afurðir alifugla sem eru án umbúða eða í ómerkum umbúðum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, ásamt síðari breytingum og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin tekur gildi þegar í stað. Reglugerð þessi hefur verið tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/EBE um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. september 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

VIÐAUKI I

Á umbúðir alifugla og afurða þeirra skal skrá leiðbeiningar um meðhöndlun og matreiðslu. Skal það gert með merki því sem fram kemur í þessum viðauka og skal merkið að lágmarki vera 3 x 5 cm að stærð. Yfirskrift á merki skal vera í 14 punkta letri og annar texti að lágmarki 9 punktar. Texti í merki skal vera skýr og auðlesinn og þannig að hann sé annað hvort dökkur á ljósum grunni eða ljóst letur á dökkum grunni. Merking skal vera sem hér segir:

Gerum rétt

- Blóðvökvi á ekki að komast í aðra matvöru eða áhöld
- Látið frosið fuglakjöt þiðna í umbúðunum
- Gætið að hreinlæti
- Kjötið skal vel steikt eða soðið

AUGLÝSING

um nafn sameinaðs sveitarfélags
Hólmavíkurhrepps og Kirkjubólshrepps.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Hólmavík hinn 9. júní 2002 við sameiningu Hólmavíkurhrepps og Kirkjubólshrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 320/2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Hólmavíkurhreppur.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. ágúst 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi, Hafnarfirði.

„Íbúðahverfi í Hvömmum“ vegna Smárahvamms 1.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 4. júlí 2002 breytingu á deiliskipulagi „Íbúðahverfis í Hvömmum“ vegna Smárahvamms 1, Hafnarfirði.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir nýjum byggingarreit á lóðinni fyrir bílskúr með flötu þaki og sólskála næst íbúðarhúsi.

„Hauka- Iðnskólareitur“ vegna Svöluhrauns 19.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 20. ágúst 2002 breytingu á deiliskipulagi „Hauka- Iðnskólareits“ vegna Svöluhrauns 19, Hafnarfirði.

Breytingin felst í að heimilt er að innrétta húsið sem sambýli fyrir fatlaða þ.m.t. að breyta bílskúr í íbúðarhúsnæði. Þinglýsa skal kvöð þess efnis að ef húsið er nýtt til annars en sem sambýli fyrir fatlaða, skal húseigninni breytt aftur í einbýlishús með bílskúr.

Farið var með tillögurnar samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingarnar.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 25. september 2002.

Hafðís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík og Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum borgarráðs Reykjavíkur og bæjarstjórnar Mosfellsbæjar hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að breyta hámarkshraða á neðangreindum götum svo sem hér segir:

1. Miklabraut (Nesbraut), frá Grensásvegi um Ártúnsbrekku og Vesturlandsveg að Suðurlandsvegi (hringvegi). Hámarkshraði verður 80 km/klst.
2. Vesturlandsvegur, um gatnamót Suðurlandsvegur. Hámarkshraði verður 70 km/klst.
3. Vesturlandsvegur, frá Suðurlandsvegi að Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Hámarkshraði verður 80 km/klst.
4. Vesturlandsvegur, frá Skarhólabraut norður fyrir Þingvallaveg. Hámarkshraði verður 70 km/klst.
5. Reykjanesbraut, frá Stekkjarbakka/Álfabakka að Fífuhvammsvegi. Hámarkshraði verður 70 km/klst.
6. Suðurlandsvegur, frá Vesturlandsvegi austur fyrir Hafravatnsveg. Hámarkshraði verður 80 km/klst.
7. Úlfarsfellsvegur, frá Vesturlandsvegi að Hafravatnsvegi og Hafravatnsvegur að þéttbýli í Mosfellsbæ. Hámarkshraði verður 70 km/klst.
8. Heiðmerkurvegur. Hámarkshraði verður 60 km/klst.

Ákvörðun þessi öðlast gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. september 2002.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs Reykjavíkur hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að banna lagningu ökutækja á Skúlagötu, austan Barónsstígs (vestan Snorrabrautar).

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 27. september 2002.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um verndun hrygningar steinbíts á Látragrunni.

1. gr.

Frá og með 12. október 2002 til og með 31. janúar 2003 eru allar veiðar bannaðar á svæði á Látragrunni, sem markast af línun, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65° 03'00 N - 26° 10'00 V
2. 65° 17'00 N - 26° 10'00 V
3. 65° 17'00 N - 25° 50'00 V
4. 65° 11'00 N - 25° 42'00 V
5. 65° 03'00 N - 25° 50'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. október 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 111 – 2002

9. október 2002

1797

Nr. 694

AUGLÝSING

um tilnefningu stjórnvalda og samtaka sem rétt hafa til lögbannsaðgerða í þágu heildarhagsmuna neytenda.

Í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 141/2001, um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmunum neytenda, hefur viðskiptaráðherra ákveðið að veita neðangreindum stjórnvöldum og samtökum heimild til að leita lögbanns eða höfða dómsmál í samræmi við heimildir laga nr. 141/2001:

A. Tilnefnd stjórnvöld:

1. Viðskiptaráðuneytið
Arnarhváli
150 Reykjavík

2. Samkeppnisstofnun
Rauðarárstíg 10
125 Reykjavík

3. Lyfjastofnun
Eiðistorgi 13-15
170 Seltjarnarnesi

4. Útvarpsréttarnefnd
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

B. Tilnefnd samtök:

5. Neytendasamtökin
Síðumúla 13
108 Reykjavík

6. Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Borgartúni 33
105 Reykjavík

7. Alpýðusamband Íslands
Sætúni 1
105 Reykjavík

Viðskiptaráðuneytinu, 9. október 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Danmörku vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dönskum dýrasjúkdómayfirvöldum um upprætingu á „Newcastle Disease“, er framlengt bann landbúnaðarráðuneytisins sem sett var með auglýsingu nr. 581/2002, við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Danmörku.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin er tilkynnt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/34/EB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 11. nóvember 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. október 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2003.

Landbúnaðarráðherra hefur í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum, ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutningsskyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kindra vera að hámarki 0,68 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbýli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2003 og skal miða talningu við forðagæslu á fjölda sauðfjár haustið 2002.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum og með heimild í 6. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. október 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 112 – 2002

11. október 2002

1799

Nr. 697

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkuráli.

1. gr.

Frá og með 14. október 2002 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á svæði í Víkuráli, sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. $66^{\circ} 04'00$ N – $26^{\circ} 29'00$ V
2. $66^{\circ} 00'00$ N – $26^{\circ} 26'00$ V
3. $65^{\circ} 49'00$ N – $26^{\circ} 57'00$ V
4. $66^{\circ} 00'00$ N – $26^{\circ} 50'00$ V

Þrátt fyrir ofangreint bann eru veiðar heimilar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 08.00 að morgni.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. október 2002.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 113 – 2002

Nr. 698

1800

11. október 2002

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012, Vogahverfi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012 frá 2. júní 1995.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði í Vogahverfi er stækkað og stærð lóða breytt.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. október 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 699

14. október 2002

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á rjúpum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum IV A, við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollnúmer:</i>			kg	%	kr./kg
0208.9003	Rjúpur, frystar	15.10.02-31.12.02	ótilgr.	0	0

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 416/2002 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. október 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 114 – 2002

Nr. 700

1802

15. október 2002

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Bandaríkjunum vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið Newcastle-veiki í fuglum í Bandaríkjunum er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Bandaríkjunum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 15. nóvember 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. október 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

Nr. 701

15. október 2002

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 251/1995, ásamt síðari breytingum, um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum.

1. gr.

Grein 2.3 breytist svo:

Fyrir aftan orðið „útungunarstöðvar“ og fyrir framan orðin „og alifuglabú“ í 1. mgr. greinarinnar bætist inn orðið sóttvarnarstöðvar.

2. gr.

Grein 2.4 breytist svo:

Fyrir aftan orðið „útungunarstöðvum“ og fyrir framan orðin „og alifuglabúum“ bætist inn orðið sóttvarnarstöðvum.

3. gr.

Við IV. kafla bætist ný grein, 16. gr., síðari greinar breyta um númer eftir því sem við á, núverandi 16. gr. verður 17. gr. o.s.frv. Ný 16. gr. orðist svo:

16. gr.

Leyfisveiting.

- 16.1 Allir þeir sem starfrækja alifuglabú skulu hafa til þess skriflegt leyfi landbúnaðarráðuneytisins.
- 16.2 Umsókn um leyfi til þess að reka alifuglabú, skal senda landbúnaðarráðuneytinu, sem aflar umsagnar yfirdýralæknis. Ennfremur skal fylgja umsókn lýsing á stærð og gerð húsnæðis, auk upplýsinga um fyrirhugaða afkastagetu búsin.
- 16.3 Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til starfrækslu búsin, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis. Samþykki dýralæknis alifuglasjúkdóma þarf fyrir öllum meiri háttar breytingum á húsnæði. Leyfi má afturkalla án fyrirvara ef ástæða þykir til t.d. vegna sjúkdóma eða brota á settum reglum, án þess að bætur komi fyrir.

4. gr.

Núverandi VI. kafli fær nýtt númer og verður VII. kafli. Greinarnúmer kaflans breytist í samræmi við þetta. Núverandi 19. gr. verður 23. gr. o.s.frv.

Nýr VI. kafli orðist svo:

VI. KAFLI

Aðbúnaður og starfsleyfi sóttvarnarstöðva fyrir alifugla.

20. gr.

Húsakostur og búnaður.

- 20.1 Alifuglasóttvarnarstöð skal standa í a.m.k. 5 km fjarlægð frá öðrum alifuglabúum og öðrum alifuglasóttvarnarstöðvum. Nánasta svæðið umhverfis sóttvarnarstöð skal afgirt, þannig að dýr komist þar ekki að.
- 20.2 Húsnæði það sem útungun og eldi fugla fer fram í skal vera rúmgott miðað við þarfir og vera þannig úr garði gert að auðvelt sé að þrifa það og sóttþreinsa. Þar skal vera góð aðstaða til að þrifa búnað og áhöld. Í húsnæði skal vera tvískipt forstofa þar sem farið er í sturtu áður en farið er á milli hreins og óhreins svæðis. Gólf skulu vera úr steinsteypu, gallalaus, með niðurföllum, sem tengd eru rotþró og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins og fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Aðeins má nota rotþrær sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt. Húsnæði, búnaði og áhöldum skal halda hreinum og þrifalegum. Í húsnæði má ekki geyma hluti sem eru starfseminni óviðkomandi. Húsnæði skal vera laust við meindýr og skal þar halda uppi reglubundnu eftirliti með meindýrum.
- 20.3 Starfsfólk sóttvarnarstöðva má eingöngu starfa við einn innfluttan alifuglahóp í einu. Starfsfólki er ekki heimilt að sjá um hirðingu á öðrum fuglum né starfa í alifuglasláturhúsi eða annarri sóttvarnarstöð. Starfsfólk skal ávallt fara í sturtu bæði þegar komið er í sóttvarnarstöð og áður en farið er frá henni. Allir sem í sóttvarnarstöð koma skulu klæðast hreinlegum hlífðarfatnaði, sem nota skal eingöngu á staðnum. Óviðkomandi er bannaður aðgangur að sóttvarnarstöðvum nema dýralæknir alifuglasjúkdóma hafi áður veitt skriflegt leyfi.

- 20.4 Sóttvarnarstöð má aðeins taka við frjóeggjum og fuglum skv. einu innflutningsleyfi í einu.
- 20.5 Innflutt frjóegg skal flytja strax í viðurkennda sóttvarnarstöð þar sem þau skulu sótt-hreinsuð og sett í vélar, samkvæmt reglum sem yfirdýralæknir setur í samráði við dýralækni alifuglasjúkdóma.
- 20.6 Fúlegg úr útungunarvélum, eggjaskurn, sjálfdauða unga eða unga sem eru deyddir skal hirða jafnóðum og brenna eða grafa á tryggilegan hátt, í samráði við hlutaðeig-andi heilbrigðisnefnd. Útungunarvélar, húsnæði, búnað og áhöld skal þrifa og sótt-hreinsa eftir hvern innflutning. Fylgja skal reglum um sóttgreinsun sem yfirdýra-læknir setur í samráði við dýralækni alifuglasjúkdóma. Eldishús skal hvíla a.m.k. þrjár vikur eftir hreinsun, áður en nýr fuglahópur er settur í hús. Leyfilegt er að hafa útungunarstöð og eldishús í sama sóttvarnarhúsnæði, en skal þá útungunarstöð og eldi vera í aðskildum rýmum. Í sóttvarnarhúsnæði þar sem bæði er eldishús og útung-unarstöð skulu hvíldartímar einnig reiknast frá því fuglar fara út úr sóttvarnarstöð og þar til ný egg koma.
- 20.7 Til flutnings á eins dags gömlum ungum úr sóttvarnarútungunarstöð í sóttvarnareld-ishús, skal nota hreinar, ónotaðar umbúðir og farartæki samþykkt af dýralækni ali-fuglasjúkdóma. Gæta skal að því að sem best fari um ungana meðan á flutningi stendur og leitast við að flutningar á ungunum séu eins beinir og greiðir og kostur er.
- 20.8 Starfsmaður sóttvarnarstöðvar skal halda nákvæmar skýrslur um fjölda móttekinna eggja, árangur útungunar og dreifingu unga. Einnig skal daglega halda skýrslur um eldi fuglanna.
- 20.9 Verði vart óeðlilegra vanhalds í útungun eða í eldi skal starfsmaður sóttvarnarstöðvar gera dýralækni alifuglasjúkdóma viðvart.
- 20.10 Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur eða grunur um smitsjúkdóm í fuglum í sóttvarn-arstöð, að mati dýralæknis alifuglasjúkdóma, skal hann hlutast til um að nauðsynleg sýni séu send til rannsóknar án tafar. Ef talið er nauðsynlegt að grípa til aðgerða, skal það gert í samráði við yfirdýralækni. Innflutningsaðila er skylt að veita nauð-synlega aðstoð við sýnatöku og láta sýni af hendi endurgjaldslaut. Innflutningsað-ili ber allan kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

21. gr.

Eftirlit.

- 21.1 Dýralæknir alifuglasjúkdóma skal eftir nánari fyrirmælum yfirdýralæknis hafa reglu-bundið eftirlit með rekstri sóttvarnarstöðva.
- 21.2 Ef sóttvarnarstöð fullnægir ekki skilyrðum, sem sett eru í þessari reglugerð skal dýra-læknir alifuglasjúkdóma krefjast úrbóta skriflega. Dýralæknir alifuglasjúkdóma skal gefa hæfilegan tímabundinn frest til nauðsynlegra lagfæringa og endurbóta. Afrit af fyrirmælum þessum skal senda yfirdýralækni.
- 21.3 Nú telur dýralæknir alifuglasjúkdóma að ítrekuðum kröfum um úrbætur hafi ekki verið sinnt á viðunandi hátt eftir að veittur frestur er liðinn og skal hann þá veita stuttan lokafrest í samráði við yfirdýralækni. Ef viðhlítandi úrbætur hafa ekki verið gerðar að lokafresti liðnum skal tafarlaust tilkynna það yfirdýralækni.

22. gr.

Leyfisveiting.

- 22.1 Allir þeir sem reka sóttvarnarstöð fyrir alifugla, skulu hafa til þess skriflegt leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

22.2 Umsókn um leyfi til þess að reka sóttvarnarstöð, skal senda landbúnaðarráðuneytinu, sem aflar umsagnar yfirdýralæknis. Ennfremur skal fylgja umsókn lýsing á stærð og gerð húsnæðis stöðvarinnar, útungunarvélum og afkastagetu þeirra, sem og öðrum búnaði. Leyfi til reksturs sóttvarnarstöðvar má afturkalla án fyrirvara, ef ástæða þykir til t.d. vegna sjúkdóma eða brota á settum reglum, án þess að bætur komi fyrir.

5. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Þau alifuglabú og alifuglasóttvarnarstöðvar sem starfandi eru við gildistöku reglugerðar þessarar skulu sækja um leyfi eftir ákvæðum reglugerðarinnar sem fram koma í 3. og 4. gr. hennar, sbr. gr. 16.1 og 22.1, fyrir 1. desember 2002.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, lögum um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. október 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um rétt útlendinga, sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu, til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum.

1. gr.

Aðilar, sem njóta réttar hér á landi samkvæmt reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) eða stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) um frjálsa för fólks, staðfesturétt, þjónustustarfsemi eða fjármagnsflutninga, geta öðlast heimild yfir fasteign hér á landi án leyfis dómsmálaráðherra, enda þótt þeir uppfylli ekki skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, svo sem nánar greinir í reglugerð þessari.

2. gr.

Eftirtaldir aðilar, einstaklingar, félög eða aðrir lögaðilar, geta öðlast heimild yfir fasteign hér á landi á grundvelli reglna um frjálsa för fólks, staðfesturétt og þjónustustarfsemi:

- a. Launþegar, sem eru ríkisborgarar í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins (EES-ríkisborgarar) eða Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA-ríkisborgarar) og starfa sem slíkir hér á landi, eða hafa EES-dvalarleyfi.
- b. EES- og EFTA-ríkisborgarar sem hafa staðfestu eða ætla að staðfesta sig hér á landi til að stunda sjálfstæða starfsemi.
- c. EES- og EFTA-ríkisborgarar sem eiga heimili í öðru aðildarríki og hafa sett á fót eða hyggjast setja á fót útibú eða umboðsstöð hér á landi eða hyggjast inna af hendi þjónustustarfsemi hér.
- d. Félög, svo og aðrir lögaðilar, sem stofnuð eru í samræmi við löggjöf í aðildarríki og sett hafa á fót eða hyggjast setja á fót útibú eða umboðsskrifstofu eða hyggjast inna af hendi þjónustustarfsemi hér á landi.

Félög þau og aðrir lögaðilar sem falla undir d-lið 1. mgr. skulu annað hvort hafa aðalstöðvar eða aðalstarfsemi í EES- eða EFTA-ríki eða hafa þar heimili samkvæmt samþykktum sínum. Ef um er að ræða heimili samkvæmt samþykktum skal starfsemi lögperónunnar hafa raunveruleg og viðvarandi tengsl við atvinnulífið í aðildarríki.

3. gr.

Heimild samkvæmt 2. gr. tekur til eignar- og afnotaréttar yfir:

- a. eign sem nota á sem bústað, þ. á m. orlofsbústað, fyrir þann sem réttinn vill öðlast, eða
- b. eign sem er forsenda þess að sá sem réttinn vill öðlast geti stundað sjálfstæða starfsemi eða innt af hendi þjónustustarfsemi.

4. gr.

Einstaklingar, sem búsettir eru í EES- eða EFTA-ríki, svo og félög og aðrir lögaðilar sem stofnuð eru í samræmi við löggjöf í EES- eða EFTA-ríki, geta öðlast heimild yfir fasteign hér á landi á grundvelli reglna um fjármagnsflutninga.

Félög og aðrir lögaðilar sem falla undir 1. mgr. skulu annað hvort hafa aðalstöðvar eða aðalstarfsemi í EES- eða EFTA-ríki eða hafa þar heimili samkvæmt samþykktum sínum. Ef um er að ræða heimili samkvæmt samþykktum skal starfsemi lögpersónunnar hafa raunveruleg og viðvarandi tengsl við atvinnulífið í aðildarríki.

5. gr.

Þinglýsing skjals um heimild yfir fasteign án sérstaks leyfis á grundvelli 2. gr. er háð því að réttthafinn leggi fram yfirlýsingu þar sem fram kemur að hann eða félagið falli undir einhvern þeirra hópa sem tilgreindir eru í 1. mgr. 2. gr. og að eignarinnar sé aflað í því skyni sem greinir í 3. gr.

Þegar um er að ræða launþega skulu einnig koma fram í yfirlýsingunni upplýsingar um nafn vinnuveitanda og heimili, nema EES-dvalarleyfi launþegans fylgi.

Þinglýsing skjals um heimild yfir fasteign án sérstaks leyfis á grundvelli 4. gr. er háð því að réttthafinn, ef um er að ræða einstakling, leggi fram yfirlýsingu um að hann sé búsettur í EES- eða EFTA-ríki eða, ef um er að ræða félag eða annan lögaðila, að félagið uppfylli skilyrði 2. mgr. 4. gr.

6. gr.

Yfirlýsing samkvæmt 5. gr. skal vera hluti af heimildarskjalinu og vera undirrituð af réttthafanum. Sýnishorn af formi yfirlýsingar er prentað sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, sbr. 22. gr. laga nr. 133 31. desember 1993, lög nr. 14 20. mars 1997 og 2. gr. laga nr. 76 8. maí 2002, svo og með hliðsjón af III. hluta EES samningsins, sbr. 2. og 4. tölul. V. viðauka (reglugerðir (EBE) 1612/68 og 1251/70), 3., 4. og 6.-8. tölul. VIII. viðauka (tilskipanir 73/148/EBE, 75/34/EBE, 90/394/EBE, 90/395/EBE og 93/96/EBE) og 1. tölul. XII. viðauka (tilskipun 88/361/EBE) við samninginn, öðlast þegar gildi.

EB gerðirnar sem vísað er til eru birtar í sérritinu EES gerðir S 32, bls. 5-15 og 21-23, S 35, bls. 14-20, 22-25, og S 39, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 4, bls. 135-136, sbr. EES viðbæti, 17. hefti 1994.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um rétt tiltekinna EES-ríkisborgara og EES-félaga til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum, nr. 697 20. desember 1995, sbr. reglugerð nr. 60 18. janúar 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. október 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

Fylgiskjal.**SÝNISHORN YFIRLÝSINGA****A. Yfirlýsing****vegna kaupa á eða afnota af íbúðarhúsnæði til eigin nota.**

Undirritaður kaupandi/afnotaréttarhafi fasteignarinnar lýsi því hér með yfir að viðlagðri refsíabyrgð samkvæmt 146. gr. almennra hegningarlaga,

að ég er ríkisborgari í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) / eða: í ríki sem er aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA),

að ég samkvæmt reglum EES-samningsins / eða: reglum EFTA-samningsins hef heimild til að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi á Íslandi / eða: ég er ráðinn til starfa sem launbegi hjá / eða: ég hef EES-dvalarleyfi hér á landi (fylgir),

að eignina mun ég nota sem bústað, eftir atvikum orlofsbústað, fyrir mig.

B. Yfirlýsing**vegna kaupa á eða afnota af fasteign vegna staðfestu / eða:
til að nota við að inna af hendi þjónustustarfsemi.**

Undirritaður kaupandi/afnotaréttarhafi fasteignarinnar lýsi því hér með yfir að viðlagðri refsíabyrgð samkvæmt 146. gr. almennra hegningarlaga,

að ég er ríkisborgari í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) / eða: í ríki sem er aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) / eða: að félagið/lögaðilinn er stofnað í samræmi við löggjöf í EES-ríki / eða: löggjöf í EFTA-ríki, sbr. d-lið 1. mgr., sbr. 2. mgr., 2. gr. reglugerðar nr. frá 8. október 2002,

að ég/félagið/lögaðilinn, samkvæmt reglum EES-samningsins / eða: reglum EFTA-samningsins um staðfesturétt / eða: um þjónustustarfsemi, hef heimild til að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi sem / eða: til að stofna útibú eða umboðsstöð / eða: til að inna af hendi þjónustustarfsemi hér á landi,

að eignin er forsenda þess að ég/félagið/lögaðilinn geti starfað hér á landi.

C. Yfirlýsing**vegna kaupa á eða afnota af fasteign vegna fjármagnsflutninga.**

Undirritaður kaupandi/afnotaréttarhafi fasteignarinnar lýsi því hér með yfir að viðlagðri refsíabyrgð samkvæmt 146. gr. almennra hegningarlaga,

að ég er búsettur í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) / eða: í ríki sem er aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) / eða: að félagið/lögaðilinn er stofnað í samræmi við löggjöf í EES-ríki / eða: löggjöf í EFTA-ríki, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. frá 8. október 2002.

að ég/félagið/lögaðilinn, samkvæmt reglum EES-samningsins / eða: reglum EFTA-samningsins um fjármagnsflutninga, hef heimild til að fjárfesta í fasteign hér á landi.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Vestmannaeyjabæjar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 37/2002.

57. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 2. *Íþrótt- og æskulýðsráð*. Í íþróttaráð skulu kosnir fimm aðalmenn og fimm til vara. Íþrótt- og æskulýðsráð hefur með höndum stjórn íþróttamála, þar með talda stjórn íþróttamannvirkja og stjórn félagsstarfs unglinga á vegum bæjarfélagsins. Íþrótt- og æskulýðsráð starfar samkvæmt þeim reglugerðum sem bæjarstjórn kann að setja á hverjum tíma.
 3. *Menningarmálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997. Menningarmálanefnd fer með stjórn safna bæjarins og aðra þá þætti er varða menningarmál á vegum bæjarsjóðs.
 4. *Nefnd um málefni ungs fólks*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar sem undirnefnd fyrir íþrótt- og æskulýðsráð og verða fundargerðir nefndarinnar lagðar fyrir ráðið til staðfestingar. Æskilegt er að nefndina skipi eingöngu ungt fólk á aldrinum 16–30 ára.
 5. *Samgöngunefnd*. Nefndin er skipuð þremur fulltrúum kjörnum af bæjarstjórn og jafnmörgum til vara. Auk þess skulu tveir fulltrúar tilnefndir af atvinnulífnum í Vestmannaeyjum og skal annar þeirra vera frá Ferðamálasamtökum Vestmannaeyja. Nefndin skal vera bæjarstjórn Vestmannaeyja til ráðuneytis í samgöngumálum.
 6. *Starfskjaranefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Starfskjaranefnd er kosin samkvæmt sérákvæðum í kjarasamningi milli Vestmannaeyjabæjar og Starfsmannafélags Vestmannaeyjabæjar frá 1. mars. 1997 til 1. maí 2000 og annast úrlausnir minniháttar ágreiningsmála og túlkun kjarasamninga.
 7. *Stjórn lífeyrissjóðs*. Einn aðalmaður og annar til vara auk bæjarstjóra sem er formaður stjórnarinnar. Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar fer með stjórn lífeyrissjóðsins og fjárreiður hans samkvæmt reglugerð sjóðsins frá 5. september 1994 með síðari breytingum.
 8. *Stjórn sparisjóðs*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 36. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996 og samþykktum Sparisjóðs Vestmannaeyja frá 3. desember 1942 með áorðnum breytingum.
 9. *Þróunarfélag Vestmannaeyja*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Jafnframt er í nefndinni einn fulltrúi samstarfsnefndar Háskóla Íslands og Vestmannaeyjabæjar og annar fulltrúi atvinnulífsins.
- B. Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:
1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
 2. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð hefur með höndum framkvæmd félagsmálastarfs kaupstaðarins. Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, forvarnir í vímuefnumálum og stjórn félagsstarfs unglinga. Einnig fer félagsmálaráð með þau mál sem fjallað er um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 að svo miklu leyti sem öðrum nefndum eru ekki falin þau verkefni samkvæmt sérlögum.

3. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
4. *Fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Þrír aðalmenn og þrír til vara samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga.
5. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994. Hafnarstjórn starfar samkvæmt ákvæðum hafnalaga nr. 23/1994 svo og hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 377/1985.
6. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
7. *Jafnréttisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Jafnréttisnefnd fer með jafnréttismál, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
8. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, kosnir á fyrsta eða öðrum fundi bæjarstjórnar. Undirkjörstjórnir: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undirkjörstjórnir eru jafnmargar og fjöldi kjördeilda. Heimilt að kjósa síðar.
9. *Landnytjanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um ráðstöfun landnytja, svo sem um leigu beitilands og garðlanda, úthlutun veiðileyfa, svo og um veitingu leyfa til búfjárhalds. Hún skal einnig sjá um fjallskil og fóðurgæslu. Landnytjanefnd fer einnig með hlutverk gróðurverndarnefndar samkvæmt 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Formaður nefndarinnar gegnir starfi búfjárefntirlitsmanns samkvæmt lögum um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.
10. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Jafnframt fer hún með umferðarmál, sbr. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þegar fjallað er um ferlimál fatlaðra skal kalla til áheyrnarfulltrúa frá samtökum þeirra.
11. *Skólamálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Nefndin fer með málefni Tónlistarskóla Vestmannaeyja skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, sbr. lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga nr. 87/1989. Nefndin fer einnig með málefni Listaskóla Vestmannaeyja. Skólamálaráð fer jafnframt með verkefni leikskólanefndar skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
12. *Skólanefnd framhaldsskóla*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og reglugerð um skólanefndir við framhaldsskóla nr. 132/1997.
13. *Stjórn Heilbrigðisstofnunarinnar í Vestmannaeyjum*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
14. *Umhverfisnefnd*. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin hefur á hendi náttúruvernd og umhverfismál þar með talin útivistarsvæði og fólkvanga ef stofnaðir eru. Starfssvið nefndarinnar markast m.a. af ákvæðum 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.
15. *Heilbrigðisnefnd Suðurlands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samkomulagi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Vestmannaeyjabæjar um fyrirkomulag heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits í Suðurlandskjördæmi frá 5. janúar 2000.
16. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
17. *Þjónustuhópur aldraðra*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Jafnframt tilnefni héraðslæknir lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu. Samtök eldri borgara tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum. Bæjarstjórn velur þjónustuhópnum formann úr hópi nefndarmanna.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. október 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um almannaflyg nr. 488/1997 með síðari breytingum.

1. gr.

Við grein 1.0 bætast eftirtaldar orðskýringar í stafrófsröð:

Hámarksflugtaksmassi miðað við burðarþol (Maximum structural take-off mass): Mesti leyfilegi heildarmassi flugvélar við upphaf flugtaksbruns.

Tómaþungi (Empty weight): Grunnþyngd loftfars að viðbættum föstum val- og sérbúnaði en án lausahleðslu, þ.e. áhafnar, eldsneytis og arðhleðslu.

2. gr.

Síðari málsliður d-liðar gr. 4.4.1 fellur brott.

3. gr.

Á eftir gr. 4.19 koma fjórar nýjar greinar, svohljóðandi:

4.20 Ákvörðun tómaþunga.

Skráður umráðandi flugvélar skal ákvarða tómaþunga og þyngdarmiðju hvernar flugvélar með því að láta vigta hana áður en hún er fyrst tekin í notkun. Flugvélar með hámarksflugtaksmassa 2730 kg og meira skal eftir það vigta á 5 ára fresti. Flugvélar með hámarksflugtaksmassa undir 2730 kg skal vigta á 10 ára fresti. Gera skal grein fyrir samanlögðum áhrifum breytinga og viðgerða á tómaþunga og jafnvægi og skrásetja á tilskilinn hátt. Flugvélar með hámarksflugtaksmassa undir 2730 kg sem eingöngu eru notaðar í einkaflugi þarf ekki að endurvigta ef sýnt er fram á að haldin hafi verið skrá um breytingar og viðgerðir og áhrif þeirra á tómaþunga og jafnvægi. Vigta skal flugvélar ef ekki er vitað nákvæmlega um áhrif breytinganna á tómaþunga og jafnvægi.

4.21 Massi og jafnvægi.

4.21.1 Flugstjóri skal sjá til þess að í öllu flugi sé hleðsla, massi og þyngdarmiðja flugvélar jafnan í samræmi við þær takmarkanir sem tilgreindar eru í samþykkttri flughandbók flugvélarinnar eða flugrekstrarhandbók ef hún er meira takmarkandi.

4.21.2 Flugstjóri skal fyrir hvert flug gera massa- og jafnvægisútreikning sem sýnir að hleðslu og dreifingu sé þannig háttað að ekki sé farið yfir massa og jafnvægismörk fyrir flugvélinu.

4.21.3 Flugstjóri skal ákvarða massa eldsneytis á flugvél út frá raunverulegum eðlismassa eldsneytisins eða ef eðlismassi eldsneytisins er ekki þekktur, með aðferð sem tilgreind er í flughandbók flugvélarinnar.

4.22 Massagildi fyrir farþega og farangur.

- 4.22.1 Flugstjóri skal reikna út massa farþega, annaðhvort með því að nota raunverulega þyngd hvers einstaklings samkvæmt vigt eða staðalmassagildi farþega sem tilgreind eru í töflu í gr. 4.22.3. Sé flugvél með færri en 10 farþegasætum er heimilt að ákvarða massa farþega með því að láta hvern farþega, eða einhvern fyrir hans hönd, gefa upp þyngd sína eða með því að áætla hana. Skal þá handfarangur reiknaður 10 kg á hvern farþega. Ef þyngd farþega er fengin með vigtun eða áætluð skal skrá hana sérstaklega fyrir hvern farþega. Ef raunmassi er ákvarðaður með vigtun skal flugstjóri sjá til þess að persónulegir munir og handfarangur teljist þar með. Skal þá vigtun fara fram sem næst flugvélinni, strax áður en farið er um borð.
- 4.22.2 Flugstjóri skal reikna út massa farangurs með því að nota raunverulega þyngd farangurs samkvæmt vigtun. Sé ekki unnt að vigta farangur skal áætla þyngd hans eins nákvæmlega og hægt er.
- 4.22.3 Í staðalmassagildi fyrir farþega er innifalinn handfarangur (6 kg) og massi allra ungbarna undir tveggja ára aldri sem fullorðinn farþegi situr með í einu farþegasæti. Ungbörn sem sitja ein í farþegasætum teljast börn.
Staðalmassagildi fyrir farþega:

Farþegasæti	1-5	6-9	10-19
Karlar	104 kg	96 kg	92 kg
Konur	86 kg	78 kg	74 kg
Börn	35 kg	35 kg	35 kg

Ef enginn handfarangur er í farþegarými í flugi eða ef handfarangur er reiknaður sér er heimilt að draga 6 kg frá massagildum fyrir karla og fyrir konur hér að framan. Hlutir eins og yfirhafnir, regnhlífur, litlar handtöskur eða veski, lesefni eða litlar myndavélar teljast ekki handfarangur að því er þennan lið varðar. Staðalmassagildi fyrir fallhlíf er 10 kg.

4.24 Frágangur farangurs.

Flugstjóri skal sjá svo um að allur farangur, sem farþegar flytja með sér sé á öruggum stað við flugtak og landingu, svo sem í farangurs- og vöruhólfi, undir farþegasætum eða á annan hátt tryggilega frá honum gengið.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 137. gr. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um meðalþunga sem lagður er til grundvallar við hleðslu loftfara, nr. 52/1976 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 3. október 2002.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

REGLUR

um breytingu á reglum um slysavarnir í höfnum, nr. 247/2000.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Allar bryggjur skulu búnar vel færum stigum. Þeir skulu ná 1,5 m niður fyrir stórstraumsfjöruborð, vera með auðveldri uppgöngu yfir bryggjukant og málaðir með rauðgulri endurskinsmálningu. Nægjanlegt er þó að mála innbak á þilplötu innan við stigann í fyrrnefndum lit 2 – 3 m niður frá kanti. Ljós skal vera efst í hverjum stiga, nema á flotbryggjum. Lýsingu á bryggjum skal hagað þannig að stigarnir sjáist greinilega. Á flotbryggjum skulu stigarnir ná 1,0 m niður fyrir sjávarborð.

Til viðmiðunar er hér sett sú vísiregla, að hámarksbil milli stiga á nýjum bryggjum sé 15 m. Stigana skal staðsetja eins og heppilegast er talið með tilliti til öryggis. Á flotbryggjum skal vera einn stigi á viðlegubás, en bil milli stiga þó ekki yfir 8 – 15 m eftir aðstæðum.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Á hverju aðskildu hafnarsvæði, en þá er átt við að fjarlægð til næstu viðlegu sé meiri en 200 m mælt eftir eðlilegri gönguleið, skulu vera a.m.k. tveir bjarghringir, tveir krókstjakar a.m.k. 6 m langir og tvö björgunarnet/björgunarlykkja. Stjakarnir skulu málaðir rauðgulri endurskinsmálningu.

Björgunartæki þessi skulu geymd á greinilega merktum, aðgengilegum og upplýstum stöðum.

3. gr.

5. gr. orðist svo:

Á hverju hafnarsvæði skal vera a.m.k. einn bjölluskápur sem tengdur er viðurkenndri vaktstöð sem er á sólahrings vakt, s.s. Neyðarlínan (112), slökkvilið eða lögregla. Við bjölluskáp skal vera blátt leiðbeiningarljós og merking líkt og á brunaboða.

4. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Bryggjukantar skulu málaðir að innanverðu með áberandi ljósgulur lit eða auðkenndir með gulur endurskinsmerkjum 7x50 sm stórum sem komið er fyrir með 50 sm millibili milli merkja.

Samgönguráðuneytinu, 2. október 2002.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn sjávarafurðir frá Kína sem nota á til manneldis eða sem dýrafóður.

2. gr.

Þrátt fyrir bannið í 1. gr. er heimilt að flytja inn eftirtaldar sjávarafurðir sem eru ætlaðar til manneldis eða dýrafóðurs:

1. Sjávarafurðir sem eru veiddar, frystar og pakkað í endanlegar umbúðir á vinnsluskipi og landað beint á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi undanþága gildir þó ekki um krabbadýr, nema þau sem veidd eru í Atlantshafi og hafa ekki hlotið neina aðra meðferð en frystingu og þökkun í endanlegar umbúðir á vinnsluskipi og landað beint á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. Heilan fisk, slægðan og hauseðan og flök af eftirtöldum tegundum sem veiddar eru í sjó: Alaskaufsa, þorski, karfa, kolmunna, grálúðu, ýsu, síld, sandkola, lindýr (*cephalopods*), skarkola og kyrrahafslax.

3. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 192, 14. mars 2002, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína, með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. október 2002.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

Nr. 707

3. október 2002

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutningaflug nr. 780/2001.

1. gr.

3. töluliður d-liðar 1. viðauka JAR-OPS 1.980, í II. hluta, skal hljóða svo:

Áður en flugmenn fá þjálfun og hefja starfrækslu annarrar tegundar eða afbrigðis skulu þeir hafa lokið þriggja mánaða og 150 fartíma flugi á grunnflugvélina, þar á meðal að minnsta kosti einu hæfniprófi flugrekanda.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 145. gr. og ákvæða IX. kafla laga um loftferðir nr. 60/1998 ásamt síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 3. október 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti, þann 18. september 2002, breytingar á deiliskipulagi Höfðahverfis, í Mosfellsbæ, í samræmi við 2. mgr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting felst í því að svæði sem áður var merkt sem framtíðaríbúðarsvæði verður nú nýtt íbúðarsvæði. Leiksvæði við Súluhöfða hefur verið fellt niður. Bráðabirgðagöngustígur færirst í legu stígs sem merktur var á uppdrætti sem framtíðarlega stígs. Bráðabirgðaaðstaða golfklúbbsins Kjalar ásamt bráðabirgðabilastæðum flyst af þessu svæði áður en uppbygging hefst á því.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi og um leið falla úr gildi deiliskipulagsuppdrættir, nr. 81, samþykktur 28. apríl 1999, nr. 87, samþykktur 10. maí 2000, nr. 88, samþykktur 18. júlí 2000 og uppdráttur varðandi breytingu á bílastæðum vegna Súluhöfða 22 og Svöluhöfða 26, samþykktur 5. júní 2001. Endurskoðuð greinargerð er í sér hefti, dagsett 19. febrúar 1998 með síðari breytingum.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 3. október 2002.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

1. október 2002

Nr. 709

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli sveitarstjórna Húnaþings vestra, Hvítársíðuhrepps og Borgarfjarðarsveitar um mörk sveitarfélaganna á Arnarvatnsheiði.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 1. október 2002 staðfest samkomulag, dags. 16. janúar 2002, um mörk Húnaþings vestra, Hvítársíðuhrepps og Borgarfjarðarsveitar á Arnarvatnsheiði.

Samkvæmt samkomulaginu verða mörk sveitarfélaganna á Arnarvatnsheiði frá Hraungörðum í vestri að Réttarvatni í austri svohljóðandi:

„Úr steini merktum LM á Hraungörðum, beina stefnu austur í Strípalónslæk rétt fyrir ofan (norðan) Hávaðavatn, þaðan beina stefnu í hól með strýtulaga toppi norðan við Hlíðarvatn, þaðan beina stefnu um norðurenda Gunnarssonavatns upp í Svartarhæð, steinn merktur LM, úr Svartarhæð í Réttarvatnstanga.“

Ofangreind kennileiti hafa verið færð inn á landakort (GPS punktar) sem skoðast sem hluti samkomulags þessa.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 1. október 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. nr. 583, 13. október 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 3%.

Iðnaðarráðuneytinu, 8. október 2002.

F. h. r.

Porgeir Örlygsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um mannflutninga í loftförum nr. 53/1976 ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Liðir 8.2-8.5 falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt IX. kafla, 19. og 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur flugrekandi notar og ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér til þess að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 3. október 2002.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í Refsholti (1. áfanga), í landi Hálsa, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 11. september 2002 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Refsholti (1. áfangi) í landi Hálsa, Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis í landi Hálsa, kallað Refsholt, sem er 4 ha að stærð og gerir ráð fyrir 8 frístundahúsalóðum.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grund, 8. október 2002.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.

AUGLÝSING

**um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.**

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Al, álvinnslu ehf., kt. 590398-2099 fyrir framleiðslu á fljótandi áli og gjallsandi í ofni Als ehf. á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga við Hvalfjörð. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. október 2012.

Hollustuvernd ríkisins, 7. október 2002.

Sigurbjörg Gísladóttir,
staðgengill forstjóra.

Gunnar Steinn Jónsson,
staðgengill forstöðumanns.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 351/1994, um undirbúning
og framkvæmd álagningar og innheimtu undirboðs- og jöfnunartolla.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

- a. Í stað orðsins „ríkistollstjóri“ kemur „tollstjórinn í Reykjavík“.
- b. Í stað orðanna „embætti ríkistollstjóra“ kemur „embætti tollstjórans í Reykjavík“.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 118. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 10. október 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Lilja Sturludóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutning á hættulegum varningi nr. 322/1990 með síðari breytingum.

1. gr.

Grein 2.4 fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 78. gr. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 3. október 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 716

8. október 2002

AUGLÝSING

um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er kveðið á um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Á bls. 116 kemur ný brautarlýsing fyrir námsbraut í snyrtifræði í stað fyrri brautarlýsingar:

SNYRTIFRÆÐI (SN8) 112 ein.

Iðnnám á verknámsbraut

Meginmarkmið náms í snyrtifræði er að nemandinn hafi, að loknu námi í skóla og starfsþjálfun undir eftirliti meistara í greininni, öðlast þá fræðilegu og faglegu þekkingu og hæfni í greininni og þjónustu við viðskiptavinum sem krafist er til sveinsprófs. Nám í skóla er 6 annir. Starfsþjálfun á snyrtistofu undir eftirliti meistara: 10 mánuðir.

Almennar greinar24 ein.

Danska	DAN	102	2 ein.
Enska	ENS	102 202 302	6 ein.
Íslenska	ÍSL	102 202	4 ein.
Lífsleikni	LKN	103	3 ein.
Líkams- og heilsurækt	ÍÞR	101 111 201 211 3X1	5 ein.
Stærðfræði	STÆ	102 + 2 ein.	4 ein.

Sérgreinar88 ein.

Andlitsmeðferð	AND	103 112 203 212 303 312 403	18 ein.
Efnafræði	EFN	123	3 ein.
Fótsnyrting	FOS	102 201	3 ein.
Förðun	FÖR	101 111 202 302	6 ein.
Handsnyrting	HAS	101 111 201 302	5 ein.
Háreyðing	HÁR	101 202 301 eða	4 ein.
Ilmolíufræði	ILM	102 202	4 ein.
Heilbrigðisfræði	HBF	103	3 ein.
Húðsjúkdómar	HÚÐ	102	2 ein.
Litun	LIT	101	1 ein.
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL	103 203	6 ein.
Líkamsmeðferð	LSM	102 111 203 211 301	8 ein.
Myndlist	MDL	152	2 ein.
Náttúrufræði	NÁT	103 123	6 ein.
Næringarfræði	NÆR	102	2 ein.
Samvinna nema	SVN	101 201	2 ein.
Skyndihjálp	SKY	101	1 ein.
Smitvarnir og sóttgreinsun	SVS	101	1 ein.
Snyrtivörur	SNV	102	2 ein.
Stofutími	STO	102	2 ein.
Sölutækni	SÖL	102	2 ein.
Vax	VAX	102	2 ein.
Þjálfun á snyrtistofu	ÞJA	106	6 ein.
Þjónustusiðfræði	ÞSF	101	1 ein.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 8. október 2002.***Tómas Ingi Olrich.***Valur Árnason.***AUGLÝSING****um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.**

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Þórshafnarhrepp, kt. 420369-1749, fyrir urðunarstað Þórshafnarhrepps við Álfasundsás.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Vopnafjarðarhrepp, kt. 710269-5569, fyrir urðunarstað Vopnafjarðarhrepps við Búðaröxl.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Skeggjastaðahrepp, kt. 590269-2719, fyrir urðunarstað Skeggjastaðahrepps við Bakkafjörð.

Starfsleyfin eru gefin út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustu-hætti og mengunarvarnir. Starfsleyfin öðlast gildi þegar útgáfa þeirra er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gilda til 1. október 2012.

Hollustuvernd ríkisins, 10. október 2002.

Davíð Egilson forstjóri.

Gunnar Steinn Jónsson
staðgengill forstöðumanns.

STJÓRNARTÍÐINDI B 116 – 2002

21. október 2002

1821

Nr. 718

AUGLÝSING

um deiliskipulag Vogahverfis, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 10. september 2002 var samþykkt tillaga að nýju deiliskipulagi Vogahverfis, Akranesi.

Í deiliskipulaginu felst fyrirkomulag 17 lóða, 1,1 til 2,5 ha að stærð. Deiliskipulag Vogahverfis sem samþykkt var í júní 1997 fellur úr gildi við gildistöku þessa skipulags.

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag tekur þegar gildi.

Akranesi, 21. október 2002.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 117 – 2002

Nr. 719

1822

22. október 2002

REGLUGERÐ

um viðvörunarmerkingar á tóbaki.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tóbak má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar á Íslandi að skráðar séu viðvaranir um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar skv. ákvæðum reglugerðar þessarar. Sígarettu-pakka skal skv. 6. gr. merkja sérstaklega með upplýsingum um tjöru-, nikótín- og kolsýrings-innihald.

2. gr.

Skilgreiningar.

- Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:
1. *Tóbak/tóbaksvara*: Vara unnin að öllu leyti eða að hluta til úr tóbaksjurtum, svo sem sígarettur, vindlar, reyktóbak (píputóbak), neftóbak, og munntóbak.
 2. *Reyklaust tóbak*: Tóbaksvara sem er ekki ætluð til reykinga.
 3. *Tjara*: Hrá þétting tóbaksreyks, vatnsfirrt og nikótínlaus.
 4. *Nikótín*: Nikótínbeyskjuefni.
 5. *Kolsýringur*: Kolmónoxíð, CO.
 6. *Innihaldsefni*: Öll efni eða efnisþættir, nema tóbakslauf og aðrir náttúrulegir eða óunnir hlutar tóbaksplöntunnar, sem eru notaðir við framleiðslu eða tilreiðslu á tóbaksvöru og er enn að finna í fullunnu vörunni, jafnvel þó í breyttu formi sé, þar með talið pappír, síur, blek og lím.

II. KAFLI

Viðvaranir um skaðsemi tóbaks og upplýsingar um skaðleg tóbaksefni.

3. gr.

Á sérhverjum pakka sem inniheldur tóbaksvöru, að undanskildu reyklusu tóbaki, skulu vera eftirfarandi viðvaranir:

- (a) almenn viðvörun, önnur þeirra sem fara hér á eftir:
 1. Reykingar drepa.
 2. Reykingar eru mjög skaðlegar fyrir þig og þá sem eru nálægt þér.Viðvaranir þessar skal nota til skiptis og þannig að þær birtist með reglubundnum hætti.

Gutenberg

Endurprentað blað.

Viðvörðunin skal prentuð á þann flöt einingarpakkans sem er mest áberandi og á allar ytri umbúðir, að undanskildum gagnsægjum umbúðum sem eru notaðar í smásölu á vör-
unni.

(b) viðbótarviðvörðun, úr skránni hér á eftir:

1. Þeir sem reykja deyja fyrir aldur fram.
2. Reykingar stífla slagæðar og valda kransæðastíflu og heilablóðfalli.
3. Reykingar valda banvænu krabbameini í lungum.
4. Reykingar á meðgöngu skaða barnið þitt.
5. Verndaðu börnin - láttu þau ekki anda að sér tóbaksreyk.
6. Læknirinn þinn eða lyfjafræðingur geta hjálpað þér að hætta að reykja.
7. Reykingar eru mjög ávanabindandi, byrjaðu ekki að reykja.
8. Ef þú hættir að reykja dregur það úr líkum á banvænum hjarta- og lungnasjúk-
dómum.
9. Reykingar geta valdið hægfara og kvalafullum dauða.
10. Fáðu hjálp við að hætta að reykja: sími 800 6030.
11. Reykingar geta dregið úr blóðflæði og valda getuleysi.
12. Reykingar flýta fyrir öldrun húðarinnar.
13. Reykingar geta skaðað sæði og draga úr frjósemi.
14. Tóbaksreykur inniheldur bensen, nítrósamín, formaldehýð og blásýru.

Viðvaranir þessar skulu notaðar til skiptis og þannig að tryggt sé að þær birtist með reglubundnum hætti. Viðvörðun skal prentuð á hinn flöt einingarpakkans sem er mest áberandi og á allar ytri umbúðir, að undanskildum gagnsægjum umbúðum sem eru notaðar í smásölu á vör-
unni.

4. gr.

Reyklaust tóbak skal bera eftirfarandi viðvörðun:

„Þessi tóbaksvara getur skaðað heilsuna og er ávanabindandi“.

Þessi viðvörðun skal prentuð á þann flöt einingarpakkans sem er mest áberandi, svo sem á dósarlök, og á allar ytri umbúðir, að undanskildum gagnsægjum umbúðum sem eru notaðar í smásölu á vör-
unni.

5. gr.

Almenna viðvörðunin samkvæmt a-lið 3. gr. og viðvörðun á reyklusu tóbaki samkvæmt 4. gr. skal þekja að minnsta kosti 30% af yfirborði þess flatar tóbakspakkans sem hún er prentuð á.

Viðbótarviðvörðunin samkvæmt b-lið 3. gr. skal þekja að minnsta kosti 40% af yfir-
borði þess flatar tóbakspakkans sem hún er prentuð á.

Þegar um er að ræða pakka sem innihalda aðrar vörur en sígarettur og sá flötur pakk-
ans sem er mest áberandi er stærri en 75 cm² skulu viðvaranir skv. 3. og 4. gr. þekja að minnsta kosti 22,5 cm² af hvorum fleti.

6. gr.

Upplýsingar um hve mörg mg af tjöru, nikótíni og kolsýringi hver sígarett gefur frá sér, skulu prentaðar á íslensku á eina hlið sígarettupakkans og þekja að minnsta kosti 10% af hliðarfletinum.

Mæla skal hve mikla tjöru, nikótín og kolsýring sígarettur gefa frá sér, samkvæmt ISO-
stöðlum 4387 fyrir tjöru, 10315 fyrir nikótín og 8454 fyrir kolsýring. Nákvæmni upplýsinga á sígarettupökkum um tjöru og nikótín er sannprófuð í samræmi við ISO-staðal 8243.

7. gr.

Viðvaranir skv. 3. og 4. gr. og upplýsingar um innihald skv. 6. gr. skulu vera:

- a) prentaðar með svörtu Helvetica feitlettri (Helvetica Condensed Bold) á hvítum grunni. Leturstærð skal valin þannig fyrir hvern texta að hann fylli út eins stóran hluta og mögulegt er af þeim fleti sem honum er ætlaður skv. 5. og 6. gr., að teknu tilliti til þarfa tungumálsins;
- b) með lágstöfum nema upphafsstafur textans og þar sem stafsetningarreglur mæla fyrir um annað;
- c) á miðju flatarins þar sem á að prenta textann, samsíða efstu brún pakkans;
- d) fyrir aðrar vörur en þær sem um getur í 4. gr., umkringdar svartri rönd sem skal minnst vera 3 mm og mest 4 mm á breidd og ekki trufla á neinn hátt viðvörunartextann eða upplýsingarnar. Röndin telst ekki til þess flatar sem viðvaranir og upplýsingar um innihald skulu að lágmarki þekja skv. 5. og 6. gr.

8. gr.

Bannað er að prenta texta skv. 3., 4. og 6. gr. á tollborða pakkanna.

Prenta skal textana þannig að ekki sé hægt að fjarlægja þá eða afmá og óheimilt er að hylja þá, skyggja á þá eða brengla með öðru rituðu eða myndrænu efni eða með því að opna pakkann.

Þegar um er að ræða aðrar tóbaksvörur en sígarettur er heimilt að setja textann á með límmiðum að því tilskildu að ekki sé hægt að losa þá af pökkunum.

9. gr.

Merkja skal einingarpakka tóbaksvöru með lotunúmeri eða á annan sambærilegan hátt til þess að unnt sé að ákvarða hvar og hvenær varan var framleidd.

10. gr.

Sá sem framleiðir, flytur inn eða selur tóbak má ekki án samþykkis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefa með eigin orðum eða táknum sínar eigin upplýsingar á umbúðum vörunnar um heilsufarsleg áhrif af neyslu hennar.

III. KAFLI

Kostnaður, viðurlög og gildistaka o.fl.

11. gr.

Kostnaður.

Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við merkingar samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Viðurlög.

Sá sem brýtur gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal sæta sektum en fangelsi allt að tveimur árum séu sakir miklar eða brot ítrekað.

13. gr.

Gildistaka o.fl.

Ákvæði 1. til 9. gr. reglugerðar þessarar eru í samræmi við tilskipun 2001/37/EB um samræmingu ákvæða í lögum, reglugerðum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum.

Reglugerðin er sett með stoð í 6. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 433/1995 um viðvörunarmerkingar á tóbaki.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sígarettur sem merktar eru í samræmi við reglugerð nr. 433/1995 um viðvörunarmerkingar á tóbaki má flytja til landsins til og með 31. ágúst 2003 og hafa í sölu til og með 31. desember 2003.

Aðrar tóbaksvörur sem merktar eru í samræmi við sömu reglugerð má hafa í sölu til og með 30. september 2004.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. október 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 679/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á spergilkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg ótilgr.	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9004	Spergilkál	25.10.02-30.06.03		0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. október 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Stakkahlíð 17.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að landnotkun lóðarinnar Stakkahlíð 17 breytist úr svæði fyrir verslunar- og þjónustumiðstöðvar í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 11. október 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Ægisbrautar, Akranesi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Akraness þann 27. ágúst 2002 tillögu að nýju deiliskipulagi Ægisbrautar, Akranesi.

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag, tekur þegar gildi.

Akranesi, 24. október 2002.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2003.

Landbúnaðarráðherra hefur í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum, ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutningsskyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kindra vera að hámarki 0,68 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbýli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2003 og skal miða talningu á fjölda sauðfjár við sannreynda talningu búfjárfirtirlitsmanns sem framkvæma skal fyrir 15. apríl 2003.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum og með heimild í 6. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Auglýsingin kemur í stað auglýsingar nr. 696 frá 1. október 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. október 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

**um bann við veiðum með fiskibotnvörpu
austnorðaustur af Héraðsflóa án smáfiskaskilju.**

1. gr.

Frá og með 26. október 2002 eru veiðar með fiskibotnvörpu á svæði austnorðaustur af Héraðsflóa aðeins heimilar að varpan sé búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju. Svæðið markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 66° 23'00 N – 12° 51'00 V | 6. 65° 59'00 N – 13° 34'00 V |
| 2. 66° 15'20 N – 12° 27'00 V | 7. 66° 00'00 N – 12° 51'80 V |
| 3. 66° 10'90 N – 11° 54'00 V | 8. 66° 03'00 N – 12° 36'80 V |
| 4. 66° 03'50 N – 11° 43'60 V | 9. 66° 14'00 N – 12° 40'00 V |
| 5. 65° 46'50 N – 13° 20'70 V | |

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá og með 26. október 2002, er felld úr gildi reglugerð nr. 73, 4. febrúar 2002, um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Digranesflaki.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. október 2002.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 494 12. ágúst 1998, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

8. tl. 2. gr. orðist svo: Á Digranesflaki á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 66° 12'00 N – 13° 48'00 V | 4. 66° 03'00 N – 12° 36'80 V |
| 2. 66° 23'00 N – 12° 51'00 V | 5. 66° 00'00 N – 12° 51'80 V |
| 3. 66° 14'00 N – 12° 40'00 V | 6. 65° 59'00 N – 13° 34'00 V |

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 26. október 2002.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. október 2002.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B118 – 2002

30. ágúst 2002

1829

Nr. 726

GJALDSKRÁ

um gatnagerðargjöld og byggingarleyfisgjöld í Borgarbyggð.

1. gr.

Almenn heimild.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, sem eru á eignar- eða leigulóð í Borgarnesi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. heimild í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa sem eru á eignar- eða leigulóð í Borgarbyggð skal greiða byggingarleyfisgjöld skv. skipulags- og byggingarreglugerð nr. 73/1997.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, ganga frá umferðareyjum svo og til annarra slíkra framkvæmda sem gert er ráð fyrir í skipulagi.

Byggingarleyfisgjaldi skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

2. gr.

Gatnagerðargjald.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundradshluti byggingakostnaðar pr. rúmmetra, í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Hundradshluti byggingakostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir.

Einbýlishús	6,0%
Par-, rað- og fjöleignarhús	4,0%
Fjöleignarhús (6 íbúðir eða fleiri)	2,5%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	3,0%
Iðnaðar- og geymsluhúsnæði	3,0%
Annað húsnæði (svo sem gripahús)	2,0%

Rúmmál byggingar skal reikna samkvæmt IST-50 og miða við brúttóstærðir samkvæmt samþykktum teikningum, þ.m.t. bílgeymslur og önnur útihús.

Af endurbyggingu þaka íbúðarhúsa, án aukningar á nýtingu skal ekki greiða gatnagerðargjald.

Af gluggalausu kjallarárymi íbúðarhúsa sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp skal greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í það rými innan frá.

Í iðnaðarhúsnæði sem vegna starfsemi sinnar þarf meira en 4,0 metra lofthæð, skal hámarkslofthæð að jafnaði reiknast 4,0 metrar við útreikning rúmmetragjalds.

Jafnframt ofangreindu gjaldi og sem hluti þess skal lóðarhafi greiða kr. 100 af hverjum fermetra lóðar miðað við byggingarvísitölu 244,7 stig.

Bæjarstjórn er heimilt að ákvarða gatnagerðargjöld með öðrum hætti ef ástæða þykir til, svo sem að leita tilboða í einstakar lóðir þar sem sérstaklega stendur á.

3. gr.

Áætlun gatnagerðargjalds.

Nú er ekki fyrirbyggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við eftirfarandi lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

Einbýlishús	500 m ³
Rað- og fjöleignarhús (mest 4 íbúðir), hver íbúð	400 m ³
Fjöleignarhús (5 íbúðir eða fleiri), hver íbúð	300 m ³

Í öllu öðru húsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miða við loft-hæð 3,5 metra nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3 - 0,5 eftir nánari ákvörðun bygginganefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Framangreindar reglur, í 1. og 2. mgr., gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

Endanlegt gatnagerðargjald skal reikna samkvæmt 2. gr. þegar samþykktur uppdráttur liggur fyrir og það greitt við veitingu byggingarleyfis.

4. gr.

Um lækun gatnagerðargjalda og frestun innheimtu.

Sveitarstjórn getur ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum þegar byggingar eru sérhæfðar og/eða afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

Gatnagerðargjald skal ekki leggja á byggingar sem reistar eru utan þéttbýlissvæða, þ.e. á byggingar sem eru utan skipulagðra svæða og þar sem gatnakerfi sveitarfélagsins nær ekki til.

Sveitarstjórn er heimilt að fresta innheimtu gatnagerðargjalds af tekjulágum eigendum fasteigna, sem náð hafa 67 ára aldri og þeim sem eiga við langvarandi veikindi eða örorku að stríða.

Verði eigendaskipti að húseign þar sem frestað hefur verið innheimtu á gatnagerðargjaldi, skal sveitarstjórn heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram með áorðnum breytingum á byggingavísitölu, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi eign.

5. gr.

Álagning gatnagerðargjalds m.a. ef hús er rífið eða það brennur.

Þegar hús er rífið eða fjarlægt af lóð og nýtt byggt í þess stað, er heimilt að innheimta gatnagerðargjald sem stækkuninni nemur skv. 2. gr. Sama gildir ef hús brennur og byggt er nýtt hús á lóðinni.

6. gr.

Byggingarleyfisgjald.

Byggingarleyfisgjald greiðist skv. eftirfarandi reglu:

- Kr. 30.000 vegna lóða sem eru minni en 1.000 m².
- Kr. 50.000 vegna lóða sem eru 1.000 m² til 1.499 m².
- Kr. 70.000 vegna lóða sem eru 1.500 m² eða stærri.
- Fyrir byggingarleyfi vegna stækkunar á eldra húsnæði skal greiða bæjarsjóði fastgjald kr. 3.000 og að auki skal greiða kr. 30 fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar.
- Fyrir breytingar á húsnæði eða notkun þess, fyrir að rífa hús eða önnur mannvirki, gerð bifreiðastæða eða önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, skal greiða bæjarsjóði kr. 3.000.

- f) Fyrir byggingar aðrar en þær sem tengjast hefðbundnum búskap og eru utan þéttbýlis skal auk fastagjaldsins sem er kr. 3.000 greiða kr. 150 fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar. Til þessara bygginga teljast m.a. sumarbústaðir, orlofsbúðir, veiðihús, fjallaskálar, skíðaskálar o.fl.
- g) Ef byggingarfulltrúi er að óþörfu kvaddur til eftirlits skal greiða kr. 4.300 í bæjar-sjóði.
- h) Leyfisgjöld verða ekki endurgreidd þótt leyfi falli úr gildi vegna þess að það hefur ekki verið notað innan árs, eða hefur verið fellt úr gildi. Verði leyfið endurnýjað óbreytt skal greiða fyrir það kr. 3.000.
- i) Fyrir afgreiðslu byggingarfulltrúa vegna löggildingar iðnmeistara skal greiða kr. 3.000.
- j) Byggingarfulltrúa er heimilt að innheimta gjald vegna framkvæmdaleyfis kr. 6.000.

Einingarverð gjaldtöku skv. þessari grein breytist í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Grunnvísitala miðast við desember 2001 sem er 262,6 stig.

7. gr.

Greiðsla gatnagerðargjalds/byggingarleyfisgjalds.

Greiða skal 50% gatnagerðargjalds/byggingarleyfisgjalds innan eins mánaðar frá lóðarveitingu og eftirstöðvar þegar byggingarleyfi er veitt.

Bæjarráð getur veitt sérstakan greiðslufrest á gatnagerðargjaldi, þegar byggt er atvinnuhúsnæði eða húsnæði til endursölu, samkvæmt sérstökum greiðslusamningi sem kveður á um skilmála og greiðslukjör.

8. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds og byggingarleyfisgjalds.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum.

- a) Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b) Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið 1. mgr. er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, þó ekki lengur en í 6 mánuði. Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum 1 mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið 1. mgr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt miðað við vísitölu byggingakostnaðar, frá því að lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

Byggingarleyfisgjald skal ekki endurgreitt þó að lóð sé skilað eða byggingarleyfi fellt úr gildi.

9. gr.

Heimild til afturköllunar lóðarúthlutunar og/eða byggingarleyfis.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald/byggingarleyfisgjald á tilskildum tíma og er bæjarstjórn þá heimilt að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun.

Ennfremur er bæjarstjórn heimilt að afturkalla lóðarúthlutun hafi lóðarhafi ekki hafið framkvæmdir innan tveggja ára frá því að lóð var úthlutað.

10. gr.

Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Lögveðréttur.

Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Lögveðrétturinn helst þótt samið verði um greiðslufrest skv. 2. mgr. 6. gr. og skal þess getið í skilmálum.

11. gr.

*Um eldri samninga og gatnagerðargjöld,
álögð fyrir 1. janúar 1997.*

Samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld og álögð gatnagerðargjöld fyrir 1. janúar 1997, skulu halda gildi sínu og innheimtast skv. heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, sbr. 15. gr. reglugerðar um gatnagerðargjöld nr. 543/1996. Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með 1. október 2002.

Borgarnesi, 30. ágúst 2002.

Páll S. Brynjarsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um umferð á Austur-Héraði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Austur-Héraðs, hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð á Austur-Héraði:

I. Aðalbrautir, biðskylda og stöðvunarskylda.

- a) Fagradalsbraut er aðalbraut. Þó skal umferð á henni víkja fyrir umferð á Hringvegi (1) með biðskyldu.
- b) Tjarnarbraut er aðalbraut. Þó skal umferð um hana víkja fyrir umferð um Fagradalsbraut og Árskóga með biðskyldu.
- c) Skógarlönd eru aðalbraut. Þó skal umferð um þau víkja fyrir umferð um Tjarnarbraut og Seyðisfjarðarveg með biðskyldu.
- d) Árskógar eru aðalbraut. Þó skal umferð um þá víkja fyrir umferð um Skógarlönd með biðskyldu.
- e) Selás er aðalbraut. Þó skal umferð um hann víkja fyrir umferð um Fagradalsbraut og Tjarnarbraut með biðskyldu.
- f) Kaupvangur er aðalbraut. Þó skal umferð um hann víkja fyrir umferð á Hringvegi (1) með stöðvunarskyldu og Fagradalsbraut með biðskyldu.
- g) Lagarás er aðalbraut. Þó skal umferð um hann víkja fyrir umferð um Fagradalsbraut og Selás með biðskyldu.
- h) Árhvammur er aðalbraut. Þó skal umferð um hann víkja fyrir umferð um Seyðisfjarðarveg og Árskóga með biðskyldu.
- i) Tjarnarás er aðalbraut. Þó skal umferð um hann víkja fyrir umferð um Fagradalsbraut með biðskyldu.
- j) Umferð um Fénaðarklöpp víki fyrir umferð um hringveg (1) með stöðvunarskyldu, Kaupvang og Tjarnarás með biðskyldu.
- k) Umferð um Furuvelli víki fyrir umferð um Sólbrekku með biðskyldu.
- l) Umferð um Flugvallarveg víki fyrir umferð um hringveg (1) með stöðvunarskyldu.
- m) Umferð um Fjósakamb og ónefnda götu að skólunum á Hallormsstað víki fyrir umferð um Upphéraðsveg með biðskyldu.
- n) Umferð um Eiðavelli, heim að Barnaskólunum á Eiðum víki fyrir umferð um Borgarfjarðarveg með biðskyldu.

o) Umferð um ónefnda götu heim að Eiðastað víki fyrir umferð um Borgarfjarðarveg með biðskyldu.

Að öðru leyti gilda þær merkingar bið- og stöðvunarskyldu utan þéttbýlis á Austur-Héraði sem Vegagerðin hefur sett upp.

II. Bifreiðastöður.

Í íbúðahverfum er óheimilt að leggja vinnuvélum, vörubifreiðum, sendiferðabifreiðum og fólksflutningabifreiðum, sem eru 4.0 tonn að eigin þyngd eða þyngri, eða með meiri heildarlengd en 6 m.

Óheimilt er að leggja aftanívögnum eða tengivögnum í íbúðahverfum.

Óheimilt er að leggja óskráðum eða óökufærum bifreiðum, vinnuvélum eða öðrum ökutækjum á almenningsbílastæði, við götubrún eða annars staðar á almannafæri innan þéttbýlis.

- Bannað er að leggja ökutækjum í Skógarlöndum og á Fagradalsbraut.
- Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Laufáss.
- Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Tjarnarbrautar.
- Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Seláss.
- Bannað er að leggja ökutækjum við Miðvang, nema á sérstaklega merktum bifreiðastæðum.
- Bannað er að leggja ökutækjum á vestur-/norðurbrún Bláskóga.
- Bannað er að leggja ökutækjum við götubrúnir heimreiðarinnar að Menntaskólunum á Egilsstöðum.

III. Ökuhraði og þéttbýlismörk.

Í þéttbýli á Austur-Héraði er ökuhraði að jafnaði 50 km/klst. Er þá miðað við neðangreind þéttbýlismörk:

Egilsstaðir:

- Seyðisfjarðarvegur, 200 m norðan við Eyvindarárbrú.
- Norðfjarðarvegur, við Selöxl, 300 m austan við vegamót við Seyðisfjarðarveg.
- Austurlandsvegur, 200 m sunnan við Dagsverk.
- Austurlandsvegur, 200 m norðan við tengingu við Blómabæ.

Hallormsstaður:

- Upphéraðsvegur, við vegamót við Atlavík.
- Upphéraðsvegur, 300 m norðan við vegamót að Hallormsstaðarskóla.

Eiðar:

- Borgarfjarðarvegur, 300 m sunnan vegamóta að Alþýðuskóla.
- Borgarfjarðarvegur, 300 m norðan vegamóta að Ormsstöðum og Gilsárteigi.

Ökuhraði skal þó vera að hámarki 30 km/klst í eftirtöldum götum í þéttbýli:

- Brávöllum, Reynivöllum, Furuvöllum, Sólbrekku, Laugavöllum, Sólvöllum og Tjarnarlöndum.
- Ártröð, Mánatröð, Álfatröð, Faxatröð, Stekkjartröð, Koltröð, Dalskógum, Bláskógum, Hléskógum, Ranavaði, Árhvammi (þvergötu) og Einbúablá.
- Laufskógum og Dynskógum.
- Kelduskógum, Litluskógum og Þverklettum.
- Bjarkarhlíð, Hjarðarhlíð, Hamrahlíð og Steinhlíð.
- Hörgsási, Laufási, Skjólbrekku og Lagarási, norðan Skjólbrekku.
- Útgarði og Miðgarði.
- Eiðavöllum og Vallnaholti á Eiðum og Fjósakambi, Réttarkambi og ónefndri götu að Hallormsstaðarskóla.

IV. Takmörkun á akstri.

- a) Vinstri beygja af Fagradalsbraut inn að söluskála Skeljungs hf. er bönnuð.
- b) Einstefna er til norðurs á tengibraut frá Fagradalsbraut að söluskála Skeljungs hf.
- c) Einstefna er um Bláskóga til suðurs að Bláskógum 1.
- d) Ökutækjum, lengri en 6 metrar, er bönnuð umferð um bifreiðastæði við hús nr. 9 og 11 við Fagradalsbraut (Fagratorg). Þó er gerð undantekning vegna póstflutninga.

V. Almenningsbílastæði.

Almenningsbílastæði eru ætluð hópferðabílum, vöruflutningabílum og öðrum ökutækjum eftir atvikum. Almenningsbílastæði eru ekki ætluð til geymslu ökutækja eða ökutækjahluta til lengri tíma.

Húsbílum skal lagt á þar til gerðum þjónustuvæðum í þéttbýli þegar gist er í þeim. Salerni húsbíla og hópferðabíla má hvergi tæma nema á þar til ætluðum tæmingarstöðum.

Við gildistöku ákvæða auglýsingar þessarar falla úr gildi öll eldri ákvæði um umferð á Egilsstöðum og annars staðar í sveitarfélaginu.

Auglýsing þessari tekur gildi þann 1. janúar 2003.

Egilsstöðum, 10. október 2002.

Lögreglustjórinn á Seyðisfirði,

Helgi Jensson fulltrúi.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um dvöl útlendinga, sem falla undir
samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, hér á landi,
nr. 674 20. desember 1995.**

1. gr.

1. gr. breytist þannig:
- a. Í stað 1. másl. 1. mgr. komi tveir máslíðir, svohljóðandi: Útlendingi, sem fellur undir reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-útlendingi) eða stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA-útlendingi), þó ekki útlendingi sem greinir í 2. mgr., er heimilt að koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast eða starfa hér á landi í allt að þrjá mánuði frá komu til landsins, eða allt að sex mánuðum ef hann er í atvinnuleit.
 - b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
Útlendingur, sem hvorki er ríkisborgari EES- eða EFTA-ríkis né aðstandandi, sbr. 9. gr., slíks borgara, og ráðinn er hjá aðila sem veitir þjónustu og er hluti af almennum vinnumarkaði EFTA-ríkis, má koma til landsins án sérstaks leyfis og veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári.
 - c. 2. mgr. (sem verður 3. mgr.) orðist svo:
EES- eða EFTA-útlendingi, sem dvelst eða starfar hér á landi lengur en greinir í 1. mgr., er skylt að hafa dvalarleyfi. Þetta á þó ekki við um útlending sem starfar hér en hverfur að jafnaði til heimilis í öðru EES- eða EFTA-ríki a.m.k. einu sinni í viku.
 - d. Í stað „2. mgr.“ í 3. mgr. (sem verður 4. mgr.) komi: 3. mgr.

2. gr.

2. gr. breyttist þannig:

Í stað „EES-ríkja“ í 2. mgr. komi: EES- eða EFTA-ríkja.

Í stað „EES-útlendings“ í 3. mgr. komi: EES- eða EFTA-útlendings, í stað „EES-ríkis“ í sömu málsgrein komi: EES- eða EFTA-ríkis, og í stað „EES-ríkisborgarann“ í sömu málsgrein komi: EES- eða EFTA-ríkisborgarann.

3. gr.

Í stað „EES-útlendingar“ í fyrirsögn á undan 3. gr. komi: EES- eða EFTA-útlendingar.

4. gr.

Í stað „EES-útlendingur“ í upphafi 3. gr. komi: EES- eða EFTA-útlendingur, þó ekki útlendingur sem greinir í 2. mgr. 1. gr.

5. gr.

Í stað „EES-útlendings“ í fyrirsögn á undan 8. gr. og í 8. og 9. gr. komi: EES- eða EFTA-útlendings.

6. gr.

Í stað „12.-21. gr.“ í 11. gr. komi: 12.-21. gr. a.

7. gr.

Á eftir 21. gr. komi ný grein, 21. gr. a, svohljóðandi:

Ákvæði 12.-21. gr. gilda með hliðstæðum hætti um EFTA-ríkisborgara og aðstandendur þeirra.

8. gr.

Orðin „EES-útlendings“ í 6. mgr. 22. gr. falli brott.

9. gr.

Í stað „EES útlendings“ í 4. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 25. gr. komi: EES- eða EFTA-útlendings.

10. gr.

Í stað „EES-útlendingi“ í 26. gr., 27. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 28. gr. komi: EES- eða EFTA-útlendingi.

11. gr.

Fyrirsögn reglugerðarinnar orðist svo:

Reglugerð um dvöl útlendinga, sem falla undir samninginn um Evrópska efnahags-svæðið eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu, hér á landi.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, sbr. 12. gr. laga nr. 133 31. desember 1993 og 1. gr. laga nr. 76 8. maí 2002, svo og með hliðsjón af 1.-5. tölul. V. viðauka (tilskipun 64/221/EBE, reglugerðir (EBE) 1612/68 og 312/76, tilskipun 68/360/EBE, reglugerð (EBE) 1251/70 og tilskipun 72/194/EBE) og 3.-8. tölul. VIII. viðauka (tilskipanir 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE) við EES samninginn, öðlast þegar gildi.

EB gerðirnar sem vísað er til eru birtar í sérritinu EES gerðir S 32, bls. 1-24, og S 35, bls. 14-25, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 4, bls. 135-136, sbr. EES viðbæti, 17. hefti 1994.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. október 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarhöfn nr. 380/1985.

1. gr.

Við 14. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

14.6. Hámarkssiglingahraði á hafnarsvæðinu er 4 mílur.

14.7. Köfun á hafnarsvæðinu er stranglega bönnuð nema með skriflegu leyfi hafnarstjóra. Köfunarleyfi að flaki El Grillo er bundið réttindum til köfunar á slíku dýpi. Allt brott-nám hluta úr flaki El Grillo er stranglega bannað, nema með leyfi umhverfisráðu-neytisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í hafnalögum nr. 23/1994 og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 16. október 2002.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013, Þórsmörk.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Þórsmörk.

Breytingin felst í því að landnotkun á lóð nr. 5-7 við Þórsmörk breytist úr landbúnaðarsvæði (ylrækt) í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018.

Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. október 2002 staðfest svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar um svæðisskipulag Eyjafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Svæðisskipulag þetta öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 14. október 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

16. október 2002

Nr. 732

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Þverár.

Jörð	Einingar	Jörð	Einingar
Neðranes	24,0	Helgavatn	11,5
Efranes	20,8	Norðtunga	62,8
Kaðalstaðir I og II	30,0	Arnbjargarlækur	64,0
Lundar og Lundar II	9,3	Hjarðarholt	28,5
Steinar	41,6	Bakkakot	25,8
Gunnlaugsstaðir	29,9	Stafholtsveggir	4,5
Guðnabakki	38,9	Hamraendar	28,7
Sleggjulækur	13,3	Högnastaðir	7,7
Ásbjarnarstaðir	19,8	Kvíar I, Kvíar II	24,0
Selhagi	17,5	Hermundarstaðir	10,6
Síðumúli	58,4	Lundur	1,6
Sámsstaðir	110,4	Sigmundarstaðir	6,9
Gilsbakki	202,3	Grjót	10,3
Reykholtshveidi	37,5	Höfði (m.Karlsbrekku)	9,2
Örnólfsdalur	45,3	Hamar	4,9
		Samtals einingar	<u>1000</u>

Arðskrá þessi var send f.h. Veiðifélags Þverár til staðfestingar í landbúnaðarráðuneytinu þann 4. júní 2002. Samkvæmt ákvæðum 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, staðfestist hér með, til þess að öðlast þegar gildi og til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli, ofangreind arðskrá Veiðifélags Þverár.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. október 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Ísfélag Vestmannaeyja hf., kt. 660169-1219, til að reka fiskimjölsverksmiðju í Krossanesi, Akureyri.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Hraðfrystistöð Þórshafnar hf., kt. 630169-2759, til að reka fiskimjölsverksmiðju á Þórshöfn.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir SR-mjöl hf., kt. 560793-2219, til að reka fiskimjölsverksmiðju á Siglufirði.

Starfsleyfin eru gefin út í samræmi við 6. gr. í I. kafla nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfin öðlast gildi þegar útgáfa þeirra er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gilda til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins, 18. október 2002.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.

REGLUGERÐ

um brottfellingu reglugerðar og reglna á sviði almannatrygginga.

1. gr.

Eftirtalin reglugerð er felld brott:

Reglugerð nr. 296/1998 um greiðslur í fæðingarorlofi, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirtaldar reglur eru felldar brott:

Reglur nr. 341/1992 um úthlutun örorkustyrkja. Frá sama tíma falla úr gildi óbirtar reglur tryggingaráðs dagsettar 17. september 1999 um afgreiðslu barnalífeyris með örorkustyrk, sem settar voru með stöð í reglum nr. 341/1992.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stöð í 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað. Ákvæði 1. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. október 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um vígslubiskupa nr. 820/2000.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um
vígslubiskupa nr. 820/2000.

1. gr.

Ákvæði 4. gr. orðist svo:

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir Skaftafells-, Rangárvalla-, Árnes-, Kjalarnes-, Reykjavíkur eystra-, Reykjavíkur vestra-, Borgarfjarðar-, Snæfellsness-, Dala-, Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar-, Þingeyjar-, Múla- og Austfjarðarprófastsdæmi.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild skv. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. nóvember 2002.

Gjört í Reykjavík, 17. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 17. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 818/2000.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um
kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 818/2000.

1. gr.

Við staflíð a í 2. gr. bætist nýr málsl. svohljóðandi:

Ennfremur þeir prestar, sem settir eru til þjónustu til lengri tíma en eins árs samfelld.

Við staflíð a í 3. gr. bætist nýr málsl. svohljóðandi:

Ennfremur þeir prestar, sem settir eru til þjónustu í vígslubiskupsumdæminu til lengri tíma en eins árs samfelld.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. nóvember 2002.

Gjört í Reykjavík, 17. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 17. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðabyggðar nr. 390/2000.

1. gr.

Við 1. gr. lið 1.1. bætist eftirfarandi: „og Mjóafjarðarhöfn“.

Við 1. gr. lið 1.4. bætist eftirfarandi: „Mjóafjarðarhöfn tekur yfir Mjóafjörð vestan línu,
sem hugsast dregin úr Eldleysu norðan fjarðarins í Hafnartanga sunnan fjarðarins.“

Við 1. gr. lið 1.6. bætist eftirfarandi: „Hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps hefur þó með
höndum úthlutun lóða á hafnarsvæði í Mjóafirði.“

2. gr.

Við 2. gr. lið 2.5. bætist eftirfarandi: „Þegar fjallað er um málefni Mjóafjarðarhafnar
á fulltrúi hreppsnefndar Mjóafjarðarhrepps sæti í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt.“

3. gr.

Við 20. gr. lið 20.2. bætist eftirfarandi: „Þá fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Mjóaf-
fjörð nr. 124/1966.“

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994, með síðari
breytingum, tekur þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 16. október 2002.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001,
um gerð og búnað smáfiskaskilju.

1. gr.

Viðauki 2 við reglugerðina er felldur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 1. janúar 2003. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 653, 5. september 2002, um breytingu á reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001, um gerð og búnað smáfiskaskilju.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. október 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

15. október 2002

Nr. 739

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

A. Breytt deiliskipulag við Klettaborg.

Eftirtaldar breytingar á deiliskipulagi, sem samþykkt var 20. febrúar 2001, hafa verið samþykktar í bæjarstjórn:

1. Ákvæði um hæð einbýlishúsa syðst og vestast var breytt úr 2¹/₂ hæð í 2 hæðir.
2. Nýtingarhlutfall lóða fyrir tveggja hæða einbýlishús var hækkað í 0,5.
3. Raðhúsaloð B var stækkuð til vesturs, húsum fjölgað og skipulagi opins svæðis vestan lóðarinnar breytt.
4. Húsgerð á lóð A var breytt í tveggja hæða, fjögurra íbúða fjölbýlishús.

Breytingarnar hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytt deiliskipulag er sett fram á uppdráttum og greinargerð, dags. 10. september 2002, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var 20. febrúar 2001.

Akureyrarbær lýsir því yfir að hann tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir vegna breytinga skv. liðum 1, 3 og 4.

B. Breytt deiliskipulag við Furulund.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 17. september 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi reits við norðurenda Furulundar, sem felst í því að þar verði byggð þyrping einnar hæðar raðhúsa í stað atvinnuhúsnæðis. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði deiliskipulags frá 19. september 1989 sem varða þennan reit.

Akureyri, 15. október 2002.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Reykjanesbraut og aðliggjandi svæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í meginatriðum í því að skilgreina landnotkun á vegstæði Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi að Læk þar sem skipulagi var áður frestað. Auk þess eru gerðar eftirfarandi breytingar á aðliggjandi svæðum:

Landnotkun á svæði Sólvangs þar sem skipulagi var frestað er skilgreind sem blandað svæði íbúðar og þjónustu að frátöldu svæði næst gatnamótum Reykjanesbrautar og Lækjargötu þar sem skipulagi verður áfram frestað.

Lega Reykjanesbrautar sunnan Kaldárselsvegjar breytist og umfang mislægra gatnamóta á mótum þessara brauta.

Afmörkun kirkjugarðs er breytt (Ú6 og Ú7).

Afmörkun íbúðarlands í Áslandi er færð til samræmis við deiliskipulag.

Aðalstíg meðfram og yfir Reykjanesbraut er breytt og gert ráð fyrir nýjum göngu- brúm og undirgöngum.

Sýnd er lega Ásbrautar frá Kaldárselsvegi og hún skilgreind sem tengibraut.

Landnotkun á reit S29 er breytt úr svæði fyrir þjónustustofnanir í verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Kaupangur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 frá 26. mars 1997.

Breytingin nær til landspildu á jörðinni Kaupangur og er eftirfarandi:

Svæði sem er að hluta til skilgreint sem lögbýli, að hluta til sem opið svæði til sérstakra nota (tún og garðrækt) og að hluta til sem opið svæði óbyggt (útivist) verður íbúðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir 10-12 íbúðarhúsum. Stærð svæðisins er um 3,5 ha.

Svæði sem er skilgreint sem lögbýli (fjós og hlaða) verður athafnasvæði s.s. fyrir léttan iðnað, verkstæði eða vörugeymslur. Stærð svæðisins er um 0,8 ha.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. október 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 575/2001 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim.

1. gr.

Í VII. kafla viðauka I við reglugerðina komi nýtt ákvæði um sekt við brotum gegn 47. gr. a, umferðarlaga nr. 50/1987, í tölulegu samræmi við önnur ákvæði kaflans, svohljóðandi:

47. gr. a.

Notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur bifreiðar kr. 5.000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987, sbr. lög nr. 57, 22. maí 1997, öðlast gildi 1. nóvember 2002.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. október 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 119 – 2002

Nr. 743

1844

28. október 2002

REGLUGERÐ um búfjárefirlit o.fl.

I. KAFLI Almennt.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglugerðin gildir um búfjárefirlit. Markmið reglugerðarinnar er að kveða á um starfs-
svæði búfjárefirlits og framkvæmd þess, svo sem um forðagæslu, talningu búfjár og
skýrslugerð.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Aðbúnaður búfjár*, er umhirða, húsakostur og/eða skjól.
2. *Búfé*, átt er við alifugla, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín.
3. *Búfjárefirlitsmaður*, einstaklingur sem ráðinn er af sveitarfélagi til að hafa eftirlit með ásetningi búfjár, aðbúnaði, fóðrun og beit, auk annarra verkefna sem honum eru falin.
4. *Hagaganga*, er það þegar eigandi búfjár kemur því í haga til annars aðila án þess að taka landið á leigu og gerir um það samning. Sá aðili verður þar með umráðamaður búfjárins.
5. *Innra eftirlit*, er eftirlit á búum sem stunda matvælaframleiðslu sem viðurkennt er af héraðsdýralækni og byggir á greiningu áhættuþátta og mikilvægra eftirlitsstaða (GAMES), sem sett er á fót til að tryggja gæði, öryggi og hollustu búfjárafurðanna.
6. *Umráðamaður búfjár*, er eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði og vörslu þess í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi sveitarfélagi og samkvæmt samningi milli aðila.
7. *Tilsjónarmaður búfjár*, er sá aðili sem tekið hefur að sér fóðrun og eftirlit með aðbúnaði búfjár en ber ekki ábyrgð á búfé nema gerður hafi verið um það samningur og er hann þá þar með orðinn umráðamaður búfjár.
8. *Sóttvarnarhólf*, er land sem afmarkast af varnarlínum, ám vötnum, sjó eða öræfum sem ásamt fyrirskipaðri vörslu og öðrum varúðarráðstöfunum mynda farartálma eða fullkomna hindrun á samgangi dýra.

II. KAFLI

Framkvæmd búfjárefirlits.

3. gr.

Búfjárefirlitsmenn.

Sveitarfélög skulu ráða búfjárefirlitsmann, einn eða fleiri eftir umfangi hvers svæðis og sjá honum fyrir starfsaðstöðu og búnaði til starfsins. Búfjárefirlitsmenn hafa eftirlit með ásetningi búfjár, aðbúnaði, fóðrun og beit, auk annarra verkefna sem þeim eru falin. Til starfsins skal velja menn sem hafa a.m.k. búfræðimenntun. Áður en búfjárefirlitsmenn taka til starfa skulu þeir sækja sérstakt námskeið á vegum Bændasamtaka Íslands sem samræma jafnframt framkvæmd búfjárefirlits á landinu öllu. Bændasamtök Íslands skulu útbúa sérstaka handbók fyrir búfjárefirlitsmenn með upplýsingum um framkvæmd búfjárefirlitsins, ásamt viðkomandi laga- og reglugerðaeftni.

Að öðru leyti en því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. skulu búfjárefirlitsmenn fara með þær upplýsingar sem þeir afla í starfi sínu sem trúnaðarmál og er þeim óheimilt að skýra frá því sem þeir verða áskynja á öðrum vettvangi en hjá viðkomandi sveitarstjórn, héraðsdýralækni eða lögreglustjóra.

Búfjárefirlitsmaður skal gæta þess eftir föngum að bera ekki smit á milli bæja eða hjarða ef þar er talin smithætta. Sérstaka aðgát skal viðhafa ef búfjárefirlitssvæði nær yfir búfjárveikivarnarlínur.

Komi í ljós að fóðrun eða aðbúnaði búfjár er ábótavant skal búfjárefirlitsmaður tilkynna það sveitarstjórn og héraðsdýralækni samdægurs.

Auk framangreindra starfa skal búfjárefirlitsmaður fylgjast með beitilandi í byggð á starfssvæði sínu á öllum árstímum og gefa umsögn um ástand þess ef þurfa þykir. Telji hann meðferð lands ábótavant skal hann tilkynna það sveitarstjórn án tafar.

4. gr.

Haustskýrslur.

Á hverju hausti og eigi síðar en 1. nóvember sendir búfjárefirlitsmaður öllum umráðamönnum búfjár á lögbýlum á sínu starfssvæði haustskýrslu frá Bændasamtökum Íslands til útfyllingar ásamt reglum um útfyllingu. Umráðamaður búfjár skal senda haustskýrslu útfyllta og undirritaða til viðkomandi búfjárefirlitsmanns í síðasta lagi 20. nóvember. Hafi búfjárefirlitsmaður ekki fengið haustskýrslu útfyllta frá einhverjum umráðamanni búfjár fyrir tilskilinn frest skal hann fara og skoða hjá viðkomandi og ber umráðamaður búfjár kostnaðinn af því í samræmi við gildandi gjaldskrá. Slíkri skoðun skal lokið eigi síðar en 20. desember ár hvert.

Búfjárefirlitsmaður sendir frumrit og fyrsta afrit af útfylltum búfjárefirlitsskýrslum til viðkomandi búnaðarsambands eigi síðar en 31. desember ár hvert. Viðkomandi búnaðarsamband sendir síðan frumrit búfjárefirlitsskýrslu til Bændasamtaka Íslands fyrir 15. janúar.

Hross sem eru í hagagöngu fyrri hluta vetrar, eða fram að 1. febrúar, skulu skráð hjá eiganda sínum í því sveitarfélagi þar sem hann heldur hrossin. Hross sem eru í hagagöngu síðari hluta vetrar, eða eftir 1. febrúar, skulu skráð í því sveitarfélagi þar sem þau eru í hagagöngu, á skýrslu á nafn eiganda þar sem einnig er tilgreind kennitala og lögheimili.

Heimilt er að fresta skýrslusöfnun og skoðun í hesthúsum í þéttbýlum til 20. febrúar ár hvert. Við eftirlit hjá umráðamaður hrossa í þéttbýli er búfjárefirlitsmanni nægjanlegt að fá vitneskju um að umráðamaður hafi aðgang að nægjanlegum fóðurforða til loka vetrar, enda beri hross þess ekki merki að þau séu vanfóðruð.

5. gr.

Vorskýrslur.

Búfjáreftirlitsmaður skal á hverjum vetri, fyrir 15. apríl, fara í eftirlitsferð til allra umráðamanna búfjár í umdæmi sínu sem ekki starfrækja innra eftirlit sem viðurkennt hefur verið af héraðsdýralækni. Búfjáreftirlitsmaður skráir á skýrslu (eyðublað C) umsögn um húsakost, fóðrun og aðbúnað búfjár. Þá sannreynir búfjáreftirlitsmaður tölu alls búfjár og skal eigandi eða umráðamaður þess staðfesta talningu með undirritun sinni.

6. gr.

Tilsjónarmenn.

Séu gripir í hagagöngu á eyðijörðum eða landspildum þar sem ekki er föst búseta skal umráðamaður búfjár ætíð tilgreina tilsjónarmann, fyrirframsamþykktan af sveitarstjórn, sem sér um fóðrun og eftirlit með aðbúnaði búfjárins og viðkomandi beitolöndum. Umráðamaður búfjár ber þrátt fyrir tilnefningu tilsjónarmanns alltaf ábyrgð á fóðrun, beit og aðbúnaði nema samningur hafi verið gerður um annað. Nafn tilsjónarmanns skal skráð á viðkomandi búfjáreftirlitsskýrslum. Tilsjónarmaður skal hafa fasta búsetu í viðkomandi sveitarfélagi og skal nafn, kennitala og heimilisfang hans skráð á forðagæsluskýrslum.

III. KAFLI

Starfssvæði búfjáreftirlits.

7. gr.

Starfssvæði búfjáreftirlits skulu vera eftirfarandi:

1. Reykjavíkurborg, Seltjarnneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.
2. Kópavogsbær, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður og Bessastaðahreppur.
3. Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Grindavíkurkaupstaður og Vatnsleysustrandarhreppur.
4. Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur.
5. Skorradalshreppur, Borgarfjarðarsveit, Kolbeinsstaðahreppur, Hvítársíðuhreppur og Borgarbyggð.
6. Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur.
7. Saurbæjarhreppur og Dalabyggð.
8. Reykhólahreppur.
9. Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur.
10. Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur.
11. Kaldrananeshreppur, Hólmavíkur- og Kirkjubólshreppur, Broddaneshreppur og Bæjarhreppur.
12. Árneshreppur.
13. Húnaþing vestra.
14. Siglufjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.
15. Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduósbær og Engihlíðarhreppur, Höfðahreppur, Skagabyggð, Svínavatnshreppur og Bólstaðarhlíðarhreppur.
16. Húsavíkurbær og Tjörneshreppur.
17. Ólafsfjarðarbær, Dalvíkurbyggð, Grímseyjarhreppur og Hríseyjarhreppur.
18. Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grytubakkahreppur.
19. Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur og Aðaldælahreppur.
20. Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur og Raufarhafnarhreppur.

21. Svalbarðshreppur og Þórshafnarhreppur.
22. Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðarhreppur.
23. Fjarðabyggð og Mjóafjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fljótsdalshreppur, Fella-hreppur, Austur-Hérað, Borgarfjarðarhreppur og Norður-Hérað, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.
24. Sveitarfélagið Hornafjörður.
25. Mýrdalshreppur.
26. Skaftárhreppur.
27. Ásahreppur, Rangárþing eystra og Rangárþing ytra.
28. Vestmannaeyjar, Sveitarfélagið Árborg, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hveragerðis-bær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð.

IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

8. gr.

Þar sem búfjárefirtirlitssvæði nær yfir fleiri en eitt sóttvarnarhólf skulu sveitarfélög leit-ast við að skipuleggja búfjárefirtirlitið þannig að einn búfjárefirtirlitsmaður starfi einungis innan eins sóttvarnarhólfs. Sveitarstjórnir skulu við skipulagningu eftirlitsins taka tillit til misjafnlega sýktra svæða innan hvers varnarhólfs og hafa samráð við héraðsdýralækni á hverju svæði um sóttvarnareglur.

Vegna sérstakra aðstæðna á búfjárefirtirlitssvæði nr. 6, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar skal starfa sérstakur búfjárefirtirlitsmaður í þeim hluta Eyja- og Miklaholtshrepps er liggur austan við Snæfellsnessvarnarlínu, sem sinni ekki eftirliti á öðrum hlutum búfjárefirtirlitssvæðisins.

Vegna sérstakra aðstæðna á búfjárefirtirlitssvæði nr. 24, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar skal starfa sérstakur búfjárefirtirlitsmaður á eftirlitssvæði Sveitarfélagsins Hornafjarðar er nær yfir Örafasveit, sem sinni ekki eftirliti á öðrum hlutum búfjárefirtirlitssvæðisins.

Vegna sérstakra aðstæðna á búfjárefirtirlitssvæði nr. 11, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar skal starfa sérstakur búfjárefirtirlitsmaður í Bæjarhreppi norðan Laxárdalsvarnarlínu og í Brodda-neshreppi sunnan Bitruvarnarlínu. Þeim bæjum í Bæjarhreppi sem eru sunnan Laxárdals-varnarlínu skal sinnt af búfjárefirtirlitsmanni sem starfar í Miðfjarðarvarnarhólfi í Húnaþingi vestra.

9. gr.

Búfé skal við skráningu skipt eftir tegund, kyni og aldri, eins og fram kemur í við-auka I, BÚFÉ.

10. gr.

Gróffóðurforði ákvarðast af magni og orkugildi.

Umráðamaður búfjár skal mæla rúmmál heyja á býlinu og meta rúmþyngd (þéttleika) þeirra. Við það mat skal hann styðjast við töflur í viðauka II FÓÐURMAGN. Þessar tvær stærðir, rúmmál í m^3 og rúmþyngd í kg/m^3 , skráir hann í haustskýrslu sem skila skal inn eigi síðar en 20. nóvember ár hvert. Þá skal hann skrá fóðurgæði í FE/kg.

Hafi umráðamaður búfjár ekki tiltækar niðurstöður hefefnagreininga sem gefa raun-sanna mynd af gæðum heyja í fóðurforðanum skal hann styðjast við viðauka III FÓÐUR-GÆÐI.

11. gr.

Skrá skal uppskerumagn af heyi og korni, í tonnum með a.m.k. einum aukastaf. Þungi heys miðast við þurrefni (100% þe.), korns við þurrkað korn (85% þe.). Jafnframt skal skrá stærð ræktaðs lands í ha með einum aukastaf.

12. gr.

Í viðauka IV FÓÐURÞARFIR eru viðmiðanir í fóðurþörf einstakra gripa sem miða skal við í útreikningum. Séu aðrar viðmiðanir notaðar skal þess getið í athugasemdum.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum, sbr. 18. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. og öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðarinnar fellur jafnframt úr gildi reglugerð nr. 86/2000. Reglugerðinni fylgja viðaukar I-IV.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. október 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

VIÐAUKI I

Búfé.**Búfé skráist svo:****I. Nautgripir.**

- 01 Mjólkurkýr, bornar 1. kálfi eða eldri
- 02 Aðrar kýr (holdablendingar), sem notaðar eru til viðhalds stofninum og hafa borið einu sinni eða oftár.
- 03 Kelfdar kvígur, árgamlar (veturgamlar) eða eldri.
- 04 Geldneyti, þ.e. allur nautpeningur árgamall eða eldri, sem ekki flokkast undir kýr eða kelfdar kvígur.
- 05 Kvígukálfar, yngri en árgamlir.
- 06 Nautkálfar, yngri en árgamlir.

II. Sauðfé.

- 07 Ær, veturgamlar eða eldri.
- 08 Hrótar og sauðir, veturgamlir eða eldri.
- 09 Gimbrar sem fæddar eru á árinu og ekki verður slátrað fyrir áramót.
- 10 Lambhrótar sem fæddir eru á árinu og ekki verður slátrað fyrir áramót. Síðgotungar sem ekki verður slátrað fyrr en eftir áramót skulu skráðir í 9. eða 10. flokk, eftir kyni.
- 11 Geitur og kið skulu skráð hér án skiptingar eftir kyni eða aldri.

III. Hross.

- 12 Hryssur, 4ra vetra og eldri.
- 13 Stóðhestar, 4ra vetra og eldri.
- 14 Hestar, geltir, 4ra vetra og eldri.
- 15 Tryppi, eldri en veturgömum, en yngri en 4ra vetra, óháð kyni.
- 16 Folöld, á fyrsta vetri.

IV. Svín.

- 17 Gyltur sem ætlaðar eru til undaneldis, þ.e. eftir að ákveðið er að setja gyltuna á.
 18 Geltir, samsvarandi 17. flokki.
 19 Eldisgrísir, þ.e. grísir komnir í eldisstíu (þá oftast um eða innan við 20 kg lífþunga).
 20 Smágrísir, aðrir grísir, þ.e. frá goti og þar til þeir eru settir í eldisstíur.

V. Alifuglar.

- 21 Varphænsni, 5 mánaða eða eldri.
 22 Holdahænsni, 5 mánaða eða eldri.
 23 Lífungar yngri en 5 mánaða þegar talning fer fram, en fara annað hvort í 21. eða 22. flokk við 5 mánaða aldur. Sláturkjúklingar eru ekki taldir með.
 24 Endur.
 25 Gæsir.
 26 Kalkúnar.

VI. Loðdýr.

- 27 Minkalæður, lífdýr.
 28 Minkahögnar, lífdýr.
 29 Refalæður, lífdýr.
 30 Refasteggir, lífdýr.
 31 Ullarkanínur (Angóranínur).
 32 Feldkanínur.

VIÐAUKI II
Fóðurmagn.

Rúmmál.

Rúmmál þurrheys í flestum hlöðum er auðmælt, nema helst hæð stabbans. Hafi hlaðan verið veggjafull er einfaldast að margfalda lengd hlöðunnar x hæð x breidd til þess að fá rúmmál heysins. Hafi eitthvað verið í risinu eða hlaðan ekki veggjafull verður að áætla það og bæta við eða draga frá hæðinni eftir því sem við á.

Bundið hey í kubblaga böggum (ferböggum) er auðmælt, hvort sem er hver og einn baggi eða stór stabbi í einu lagi. Á rúlluböggum þarf að mæla þvermálið til að finna rýmið. Flestar bindivélar skila öllum böggum af sömu stærð; sama þvermáli. Langalgengast er að þvermálið á böggunum sé 120 cm og þá er rúmmál baggans um $1,4 \text{ m}^3$. Þá þarf aðeins að telja baggana og margfalda töluna með 1,4 til að fá út heildarrúmmálið. Til eru rúllur með 90 cm þvermáli, en þá er rúmmálið $0,76 \text{ m}^3$, 150 cm þvermál, sem gefur $2,2 \text{ m}^3$ rúmmál og jafnvel með enn öðru þvermáli.

Niðurstöður rúmmálsmælinga skal skrá í skýrsluna í heilum tölum. Fáist út $9,5 \text{ m}^3$ skal það skráð sem 10 m^3 , $9,4 \text{ m}^3$ hins vegar sem 9 m^3 o.s.frv.

II. 1. Rúmmál rúllubagga eftir þvermáli (þ) og lengd (l) í m^3 .

l	120	140
þ		
90 cm	0,76	0,89
120 cm	1,40	1,58
150 cm	2,19	2,57

Rúmþyngd.

a) Þurrhey.

Allmargar mælingar hafa verið gerðar á rúmþyngd heys og hafa niðurstöður verið breytilegar. Þó eru vissar viðmiðanir til að fara eftir.

Rúmþyngd þurrheys ræðst einkum af tvennu, þ.e. hæð stæðu og verkun heysins í hlöðunni. Eins og eðlilegt er, þjappast heyið meira saman eftir því sem neðar er í stæðu og meira farg ofan á. Eins virðist skipta máli hvort hitnar í heyinu eða ekki. Því meira sem hitnar í því, þeim mun fastar þjappast heyið saman.

Nú er í einni og sömu hlöðunni hey með mjög misjafna rúmþyngd. Þar sem rúmþyngd er mest neðarlega í stæðu sem hitnað hefur í getur hún verið rúmlega tvöfalt meiri en þar sem hún er minnst, þ.e. þar sem kaldverkað hey er efst í hlöðunni.

Við mat búfjárefirlitsmanns verður hann að nota eitthvert meðaltal og þá er eðlilegast að nota þungann úr miðri stæðu sem í 4 m hárrí stæðu væri hey í 2 m dýpt, 3 m stæðu í 1½ m, o.s.frv. Á sama hátt metur hann hvort heyið í hlöðunni geti allt talist kaldverkað, hvort bóndi hafi leyft einhverjum hita að myndast í hlöðunni eða hvort það hafi verið regla að láta hitna vel í heyinu. Þetta metur hann í samráði við bónda og við skoðun á heyinu hverju sinni.

b) Laust vothey.

Rúmþyngd votheys er ekki eins breytileg og rúmþyngd þurrheys vegna þess að votheyinu er yfirleitt þrýst eða þjappað saman við hirðingu (flatgryfju) eða jafnvel sett farg á það. Þó verður nokkur munur á endanlegri niðurstöðu, einkum eftir því hve fíngert grasið er við hirðingu eða hversu fínt það er saxað og svo eftir vatni í því, en það hefur þó minni áhrif.

Yfirleitt eru 100-250 kg af þurrefni í m³ heys í votheysgryfju (600-1000 kg vothey). Gróft og ósaxað hey er ekki eins þétt og fínt eins og saxað hey. Til að gera matið ekki of flókið hafa búfjárefirlitsmenn um tvennt að velja, 150 kg og 160 kg/m³.

c) Rúllubaggar.

Rúmþyngd heys í rúlluböggum er breytileg og þar ræður rakastig við hirðingu, gerð rúllubaggavélar og verklag stjórnandans mestu um niðurstöðuna.

Ef um eina vél og sama stjórnanda er að ræða verður rúmþyngdin aðeins háð rakastigi, þannig að því blautara sem heyið er þegar það er rúllað, því minna hey (fullþurrt) verður í böggunum.

II. 2. Rúmþyngd heys í kg þurrefnis í m³.

Þurrhey, gróft, laust, kaldverkað	90
Þurrhey, gróft, laust, hefur hitnað í því	100
Þurrhey, fínt, laust, kaldverkað	100
Þurrhey, fínt, laust, hefur hitnað í því	120
Þurrhey, meðalfast bundið	115
Þurrhey, fast bundið	130
Þurrhey, bundið í rúllur ¹⁾	200
Heykögglar	600
Vothey, gróft, laust í turni eða flatgryfju	150
Vothey, fínt, laust í turni eða flatgryfju	160
Votheysrúllur ¹⁾ grænfóður og blautt gras	100
Votheysrúllur ¹⁾ slegið í dumbungsveðri, rúllað strax	125
Votheysrúllur ¹⁾ slegið í þurrki, rúllað strax	140
Votheysrúllur ¹⁾ forþurrkað í a.m.k. 1 dag	170
Votheysrúllur ¹⁾ hálfþurrt hey	200
Heymeti	240

1) Rúmþyngd í rúllum er miðuð við einstakar rúllur en ekki miðuð við rúmmál rúllustæðunnar allrar. Rúllurnar falla ekki þétt hver að annari svo að eitthvert rými verður tómt á milli þeirra. Í bundnu þurrheyi er miðað við stæðu.

VÍÐAUKI III Fóðurgæði.

Gæði.

Gæði heysins skipta máli þegar meta skal fóðurbirgðir. Vel verkað hey í hlöðu sem slegið var þegar grös voru í örum vexti er meira virði en jafnmikið magn af heyi sem er hrakið, úr sér sprottið og myglað.

Fóðrinu er skipt í fimm gæðaflokka og tilgreindur ákveðinn fóðureiningafjöldi í kg þurrefnis í hverjum flokki. Sjaldgæft er að allt heyið í hlöðunni sé í sama gæðaflokki og verður að meta hverju sinni hvað sé líklegast meðaltal.

Lýsa má gæðaflokkunum þannig:

1. *Úrvalsfóður*. Grasið er slegið í örum vexti um eða rétt fyrir skrið. Verkun hefur tekist vel þannig að aldrei hefur hitnað í heyinu, það er kaldverkað. Vothey hefur einnig verkast kalt og loft ekki komist að. Gert er ráð fyrir að af heyi í þessum gæðaflokki séu 0,87 FE í hverju kg.
2. *Gott fóður*. Grasið er slegið um skrið, hefur verið skamma stund á velli (aldrei rignt í það) og verkast vel og í mesta lagi aðeins komið í það velgja. Gert er ráð fyrir að af heyi í þessum gæðaflokki séu 0,80 FE í hverju kg.
3. *Sæmilegt fóður*. Grasið er slegið um eða nokkru eftir skrið. Það hefur ekki velkst lengi á þurkvelli, e.t.v. rignt einu sinni í það skömmu eftir slátt. Hitamyndun þó nokkur við verkun, svo mikil að heyið hefur brugðið lit og er ekki eins grænt og það var nýslegið. Gert er ráð fyrir að í þessum gæðaflokki séu 0,73 FE í hverju kg.
4. *Lélegt fóður*. Grasið er úr sér sprottið þegar það er slegið eða hefur hrakist meira eða minna á þurkvelli eða mest af næringunni hefur farið forgörðum við hitamyndun í heyinu. Vothey þar sem verkun hefur mistekist vegna loftaðgangs (rifnar rúllur) telst líka til þessa flokks. Gert er ráð fyrir að í mesta lagi séu 0,60 FE í hverju kg.
5. *Mjög lélegt fóður*. Mjög illa verkað og/eða næringarsnautt hey. Gert er ráð fyrir að 0,50 FE séu í hverju kg.

III. 1. Gæði (orka heys í FE í kg þurrefnis).

1. Úrvalsfóður, snemmslegið, vel verkað	0,87
2. Gott fóður, slegið um skrið, allvel verkað	0,80
3. Sæmilegt fóður, slegið eftir skrið, velkst nokkuð á velli	0,73
4. Lélegt fóður, úr sér sprottið við slátt, hrakið, misheppnuð votheysverkun	0,60
5. Mjög lélegt fóður	0,50

III. 2. FE í m³ – sett saman úr 3. og 4. töflu.

		Kg í m ³											
FE í kg	90	100	115	120	125	130	140	150	160	170	200	240	600
0,87	78	87	100	104	109	113	122	131	139	148	174	209	522
0,80	72	80	92	96	100	104	112	120	128	136	160	192	480
0,73	66	73	84	88	91	95	102	110	117	124	146	175	438
0,60	54	60	69	72	75	78	84	90	96	102	120	144	360
0,50	45	50	58	60	63	65	70	75	80	85	100	120	300

VIÐAUKI IV Fóðurþarfir.

Hér er miðað við að gerðar séu þær kröfur til búfjáreigenda að þeir eigi nóg fóður til að geta gefið búpeningi sínum dagsgjöf af gróffóðri í lengstu vetrum. Dagsgjöfin er áætluð ríflegt viðhaldsfóður þannig að einnig sé a.m.k. gert ráð fyrir fósturmyndunarfóðri og fóðri til nokkurra afurða. Þetta þýðir að sjálfsögðu að í meðalvetrum og skemmri eiga menn eftir fyrningar eða þeir nota hluta af heyfóðrinu til afurðamyndunar.

Þar sem vetur eru ekki alls staðar jafnlangir er gerður nokkur munur á gróffóðurþörf eftir landshlutum. Þannig má t.d. gera ráð fyrir að bóndi á norðurhluta landsins, t.d. á Ströndum eða Melrakkasléttu, þurfi nokkru meira fóður en sá sem býr undir Eyjafjöllum.

Landinu er skipt í tvö svæði og kemur fram í 1. töflu hver fóðurþörfin er á hvoru. Vegna umdæmaskipta eru mörkin sett að austan um Lónsheiði og að vestan um Hvalfjörð, þótt veðurfarsleg skipting sé nokkuð önnur.

Í 1. töflu er miðað við lágmarksgæði á heyjum (0,60 og 0,73 FE í kg þurrefnis) og rúllurnar eru 120 cm í þvermál, þéttar og frekar þurrar þegar rúllað er. Í sjálfu sér er þessi skipting ónákvæm eins og ýmislegt fleira í mati á fóðurþörf og fóðurforða, en heppilegra þykir að miða við sömu fóðurþörf í öllum sveitarfélögum á einu búnaðarsambands­svæði. Heildarfóðurþörf á hverju búi er fundin með því að margfalda saman fjölda gripa af hverri tegund og aldri, t.d. fjöldi kúa, kvígna, sauðfjár, hrossa o.s.frv. og fóðurþörf einstaklinga af hverri tegund og finna summuna síðan af þeim margfeldum.

1. tafla. Fóðurþarfir gripa yfir veturinn eftir landshlutum, miðað við ráðlagða notkun gróffóðurs.

	í FE		í kg þurrefnis		í kg þurrhey (85%)		fjöldi rúlla 120 cm í þvermál	
	S	N	S	N	S	N	S	N
Kýr	2300	2450	3151	3356	3707	3948	15,0	16,0
Kvígur	1230	1300	2050	2167	2412	2549	9,8	10,3
Geldneyti	1200	1250	2007	2083	2361	2450	9,6	9,9
Kálfar	670	710	918	973	1080	1144	4,4	4,6
Sauðfé	170	180	283	300	333	353	1,3	1,4
Hross	600	650	1000	1083	1176	1274	4,8	5,2

S = sunnanvert landið.

N = norðanvert landið.

Lágmarksfóðurþarfir teljast vera 80% af þessum tölum.

STJÓRNARTÍÐINDI B 120 – 2002

28. október 2002

1853

Nr. 744

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Suðurlandsbraut, Hallarmúli, Ármúli, Vegmúli.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 30. apríl 2002, deiliskipulag fyrir Suðurlandsbraut, Hallarmúla, Ármúla og Vegmúla. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skúlagötusvæði, milli Skúlagötu, Frakkastígs, Lindargötu og lóða Lindargötu 27 og Skúlagötu 10.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. apríl 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skúlagötusvæði, milli Skúlagötu, Frakkastígs, Lindargötu og lóða Lindargötu 27 og Skúlagötu 10.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. október 2002.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 121 – 2002

Nr. 745

1854

1. nóvember 2002

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Grjótaþorp.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 30. júlí 2002, deiliskipulag fyrir Grjótaþorp.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skildingatangi 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 15. október 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skildingatanga 4, Skildinganesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 1. nóvember 2002.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 122 – 2002

17. október 2002

1855

Nr. 746

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla, nr. 327 3. maí 1999.

1. gr.

Í stað orðsins „Umferðarráð“ í 1. mgr. 3. gr. komi: Umferðarstofa.

2. gr.

Í stað orðsins „Umferðarráði“ í 1. mgr. 4. gr. komi: Umferðarstofu.

3. gr.

5. grein orðist svo:

Nemandi sem lokið hefur ökukennaranámi skal gangast undir ökukennarapróf. Próf (námsmat) skal fara fram á vegum Kennaraháskóla Íslands og Umferðarstofu. Próf skal vera fræðilegt og verklegt samkvæmt nánari ákvæðum í námskrá.

Áður en verklegt próf fer fram skal lögreglustjóri kanna hvort skilyrðum 1. gr., eða 2. mgr. 2. gr. ef við á, fyrir veitingu löggildingar, er fullnægt.

4. gr.

6. grein orðist svo:

Nemandi sem stenst ökukennarapróf skal fá prófskírteini frá Kennaraháskóla Íslands. Jafnframt skal Kennaraháskólinn senda lögreglustjóra í því umdæmi þar sem nemandi á lögheimili afrit prófskírteinis ásamt framlögðum gögnum skv. 2. mgr. 5. gr.

Að uppfylltum skilyrðum og að fenginni umsögn Umferðarstofu gefur ríkislögreglustjóri út löggildingu. Umsókn um löggildingu skal lögð fram hjá lögreglustjóra, að jafnaði í því umdæmi sem viðkomandi á lögheimili. Löggilding ökukennara gildir í fimm ár, þó ekki lengur en hlutaðeigandi hefur ökuréttindi, og skal tilgreind með viðeigandi tákntölu í ökuskírteini viðkomandi, sbr. reglugerð um ökuskírteini. Tilkynna skal Umferðarstofu um útgefna löggildingu.

Ef ökukennari hefur lokið viðbótarprófi vegna nýrra flokka (flokks A eða flokkanna C, D og E) skal ríkislögreglustjóri, að ósk umsækjanda, gefa út nýja löggildingu og til fimm ára, þó ekki lengur en hlutaðeigandi ökukennari hefur ökuréttindi.

Leita skal umsagnar Umferðarstofu vegna löggildingar viðbótarréttinda og endurnýjunar á löggildingu.

5. gr.

7. gr. breytist þannig:

- a. Í stað orðanna „Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 7. gr. komi: Evrópska efnahagssvæðisins eða Fríverslunarsamtaka Evrópu.
- b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 1. ml. 2. mgr. 7. gr. komi: Lögreglustjóri.
- c. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. ml. 2. mgr. 7. gr. komi: lögreglustjóri.

6. gr.

Í stað orðsins „Umferðarráð“ í 8. gr. komi: Umferðarstofu.

7. gr.

9. gr. breytist þannig:

- a. Í stað orðsins „Umferðarráði“ í 3. mgr. komi: Umferðarstofu.
- b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. mgr. komi: ríkislögreglustjóri.
- c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
 Umsókn um endurnýjun löggildingar skal lögð fram hjá lögreglustjóra, að jafnaði í því umdæmi sem viðkomandi á lögheimili. Umsókninni skal fylgja vottorð frá Umferðarstofu.

8. gr.

10. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri, í umboði ríkislögreglustjóra, getur hvenær sem er svipt ökukennara ökukennararéttindum, ef ástæða þykir til. Skal það gert ef ökukennari hefur verið staðinn að háttsemi sem ekki samrýmist starfi ökukennara eða hann að öðru leyti fullnægir ekki lengur skilyrðum til að öðlast löggildingu sem ökukennari. Það skal enn fremur gert ef ökukennari hefur verulega brotið gegn eða vikið frá gildandi reglum um ökukennslu eða ef hann sem forstöðumaður ökuskóla hefur borið ábyrgð á að slíkt hafi átt sér stað við skólann.

Ef lögreglustjóri telur ökukennara hafa brotið þannig gegn settum reglum að varðað geti sviptingu réttinda skal hann gera ökukennaranum grein fyrir málavöxtum og gefa honum færi á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en ákvörðun er tekin í málinu. Jafnframt skal málið sent Umferðarstofu og stjórn Ökukennarafélags Íslands til umsagnar.

Ef Umferðarstofa telur ökukennara hafa brotið þannig gegn settum reglum að varðað geti sviptingu réttinda skal hún gera viðkomandi lögreglustjóra viðvart. Sama á við ef Umferðarstofa telur að ökukennari fullnægi ekki lengur kröfum um þekkingu og hæfni til að öðlast löggildingu.

Ef ástæða þykir til að ætla að ökukennari fullnægi ekki lengur kröfum um þekkingu og hæfni til að öðlast löggildingu getur lögreglustjóri ákveðið að ökukennarinn skuli gangast undir hæfnispróf, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 9. gr.

Ef ökukennari hefur verið sviptur löggildingu vegna ástæðna sem greinir í 3. málsl. 1. mgr. skal leita umsagnar Umferðarstofu áður en löggilding verður veitt að nýju. Að öðru leyti má veita löggildingu að nýju þegar skilyrðum til þess er fullnægt.

Ákvörðun lögreglustjóra um sviptingu ökukennararéttinda er kæránleg til dómsmálaráðherra.

9. gr.

Í stað orðsins „Umferðarráð“ í 1., 3. og 4. mgr. 11. gr. komi: Umferðarstofa.

10. gr.

Í stað orðsins „Umferðarráði“ í 2. mgr. 12. gr. komi: Umferðarstofu.

11. gr.

Í stað orðsins „Umferðarráði“ í a. og b. liðum 14. gr. komi: Umferðarstofu.

12. gr.

Í stað orðsins „Umferðarráði“ í 15. gr. komi: Umferðarstofu.

13. gr.

Í stað orðsins „Umferðarráð“ í 16. gr. komi: Umferðarstofa.

14. gr.

Í stað orðsins „Umferðarráð“ í 1. mgr. 17. gr. komi: Umferðarstofa.

15. gr.

19. gr. breytist þannig:

- a. Í stað „Umferðarráð“ í 1. mgr. komi: Umferðarstofa.
- b. 2. mgr. orðist svo:

Brjótí ökukennari ákvæði í umferðarlöggjöf, fremji önnur brot eða viðhafi háttsemi sem varðað getur löggildingu ökukennara, tekur lögreglustjóri til skoðunar hvort ástæða sé til að svipta viðkomandi löggildingu sbr. 10. gr. Lögreglustjóri skal jafnframt tilkynna Umferðarstofu um slík brot og niðurstöður athugunar sinnar.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr.:

- a. Í stað orðsins „Umferðarráðs“ í 1., 2. og 4. mgr. komi: Umferðarstofu.
- b. Í stað orðsins „Umferðarráð“ í 3. mgr. komi: Umferðarstofa.

17. gr.

21. gr. orðist svo:

Fyrir verklegt próf til ökukennararéttinda skal greiða 8.000 krónur.

Fyrir hæfnispróf skal greiða sama gjald.

Fyrir útgáfu starfsleyfis fyrir ökuskóla skal greiða 5.000 krónur.

Fyrir löggildingu ökukennara skal greiða gjald sem tilgreint er í reglugerð um öku-skírteini.

18. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 56. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 138 18. desember 1996 og lög nr. 83 10. maí 2002, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. október 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997.

1. gr.

Við 1. mgr. 86. gr., sbr. reglugerð nr. 799 30. desember 1998, bætist nýr stafliður, svohljóðandi:

f. Löggildingu ökukennara

3.000 kr.

2. gr.

Við 3. kafla VII. viðauka bætast eftirfarandi innlendar táknölur með skýringum:

500 Skírteinishafi er löggiltur ökukennari vegna réttindaflokksins B.

525 Skírteinishafi er löggiltur ökukennari vegna réttindaflokkanna A og B.

550 Skírteinishafi er löggiltur ökukennari vegna réttindaflokkanna B, C, D og E.

575 Skírteinishafi er löggiltur ökukennari vegna réttindaflokkanna A, B, C, D og E.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 56. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 83 10. maí 2002, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. október 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 123 – 2002

23. október 2002

1859

Nr. 748

REGLUGERÐ

um girðingar.

I. KAFLI

Gildissvið, markmið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglugerð þessi gildir um uppsetningu og frágang girðinga. Markmið reglugerðarinnar er að kveða á um ýmsa staðla og orðskýringar og hvaða lágmarksskilyrði girðing þarf að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir hverja búfjártegund. Jafnframt er mælt fyrir um hvernig háttáð skuli undirbúningi, uppsetningu, gerð og tæknilegum frágangi girðinga.

2. gr.

Skilgreiningar.

Girðingar af ýmsum gerðum skulu vera sem hér segir:

1. *Netgirðing* með minnst 5 strengja vírneti með einum gaddavírsstreng neðan við netið og einum eða tveimur ofan við eftir búfjártegundum, sbr. V. kafla. Hæð girðingarinnar skal vera að lágmarki 1,10 m. Jarðfastir staurar skulu vera með mest 4 m millibili. Þegar notaðar eru renglur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 9 m enda sé þá bil á milli rengla mest 3 m.
2. *Gaddavírsgirðing* með gaddavírsstrengjum, mismunandi mörgum eftir búfjártegundum, sbr. V. kafla. Hæð girðingarinnar skal vera að lágmarki 1,10 m. Jarðfastir staurar skulu vera með mest 4 m millibili. Þegar notaðar eru renglur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 9 m enda sé bil á milli rengla mest 3 m.
3. *Rafgirðing* háspennt og varanleg með vírstrengjum, mismunandi mörgum eftir búfjártegundum, sbr. V. kafla. Hæð girðingarinnar skal vera að lágmarki 0,95 m. Jarðfastir staurar skulu vera með mest 10 m millibili. Þegar notaðar eru renglur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 24 m enda sé bil á milli rengla mest 8 m. Um uppsetningu, búnað og frágang rafgirðingar fer að öðru leyti eftir reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki með síðari breytingum.
4. *Girðingar úr ýmsu efni* s.s. tré, steinsteypu, stáli, áli, plasti, grjóti og torfi, skurðir með girðingum sem teljast gripheldar að mati búnaðarsambands.

3. gr.

Orðskýringar.

- *Afl* (W) = Spenna x straumur ($V \times A$).
- *Aflstólpi* er sterkur stólpi í girðingarenda eða til strengingar í beinum línnum.
- *Bindivír* er grannur sinkhúðaður vír til að festa vír og net við járnstaura.
- *Gaddavír* er tvinnnaður galvanhúðaður girðingarvír með göddum.
- *Girðing*. Í þessari reglugerð er átt við mannvirki byggt upp af staurum og vírum (sbr. þó 4. lið 2. gr.) til að stjórna umferð búfjár.

- *Girðingarlína* er bein lína á milli tveggja horna girðingar, horns og enda eða tveggja enda, sé girðingin bein á milli þeirra.
- *Girðingarlykkja*. Járnkengur til að festa vír og net við tréstauro.
- *Girðingarstæði* er land sem girðing liggur um og nánasta umhverfi girðingar.
- *Harðviðarstaurar*. Girðingarstaurar úr harðviði sem hafa nægilegt rafleiðniviðnám til að ekki þurfi einangrun á vírafestingar.
- *Hlið*. Rof á girðingu til að hleypa umferð í gegn.
- *Hliðgrind* er grind til að loka hliði.
- *Hornstólpi (Hornstaur)* er sterkur stólpi í horni girðingar.
- *Jarðskaut*. Búnaður í jörðu sem tengist spennugjafa til að ná jarðtengingu.
- *Newton (N)*. Kraftur er 1 Newton, ef massinn 1 kg, sem krafturinn verkar á, eykur hraða sinn um 1 m/s^2 .
- *Ohm (Ω)*. Rafleiðniviðnám. $1 \Omega = \text{spenna/straum}$.
- *Orka (J)* = Afl x tími (W x s).
- *Príla* er trappa eða stigi yfir girðingu.
- *Rafgirðing* er í grundvallaratriðum byggð upp með sama hætti og hefðbundnar girðingar. Í stað gaddavírs og nets er notaður sléttur vír sem er með rafspennu. Reglugerðin tekur til heilsársgirðinga þar sem spennugjafar eru 1 joule eða stærri.
- *Rengla* er styrktarprik úr ýmsum efnum til að halda hæfilegu bili á milli strengja girðingar á milli jarðfastra staura.
- *Rýmd (F)* = Straumur x tími/spenna ($A \times s / V$).
- *Sig* er vírfesting til að halda girðingu niðri í lautum og lægðum.
- *Sigskrúfa* er jarðfesting skrúfuð niður í jarðveginn og gegnir sama hlutverki og sig.
- *Sigsteinn* er steinn til festingar á sigi.
- *Spenna (V)* = Straumur x viðnám ($A \times \text{Ohm}$).
- *Spennugjafi*. Rafbúnaður sem hleður orku inn á rafmagnspétta og hleypir háspennu á girðingarstrengi með tilteknu bili og í tiltekinn tíma.
- *Spyrna* er tré eða járn sem liggur á ská frá sökklí að efri enda stólpa til að halda honum í skorðum.
- *Stag* er vír á ská á milli efri hluta stólpa og festingar í jörðu til að halda horn- eða aflstólpa í skorðum.
- *Stagsteinn* er steinn grafinn í jörðu til festingar á stagi.
- *Stagvír*, sléttur vír notaður í stag, styrkleiki $\geq 500\text{N}$ oft um 3,75 mm.
- *Staur* er jarðfastur staur úr tré, málm, plasti eða steinsteypu með 4-10 m millibili í girðingu til að halda strengjum hennar uppi.
- *Stauraeinangrar*. Festingar fyrir rafvædda strengi á leiðandi staura.
- *Stoð* er þríhyrnd stytta, oftast úr tré, negld á staura girðingar til að varna því að girðingin fari á hliðina.
- *Túngirðingarnet* er vírnet með rétthyrndum möskvum 10-30 cm víðum.
- *Undirgirðing* er girðingarstubbur, net eða aukavírstrengir í lægð eða laut undir aðalgirðingu.
- *Vegrist* (pípuhlið, ristarhlið) er rist yfir gryfju í vegi í stað hliðgrindar til að hindra umferð búfjár.
- *Víravinda*. Áhald fyrir vírúllur þegar vírinn er rakinn út.
- *Vörslulína* er gripheld girðing, hlið og önnur mannvirki svo og náttúrulegur farartálmi sem kemur í veg fyrir frjálsa för búfjár allt árið eða á þeim tímum árs þegar búfjár er von á svæðinu.
- *Þanvír*. Sléttur vír sérfrámleiddur fyrir rafgirðingar.

II. KAFLI

Almennt um undirbúning og skipulagningu.

4. gr.

Undirbúningur.

Vanda skal til vals á girðingarstæði og skal girðing falla vel að umhverfinu. Forðast skal að valda jarðraski eða spjöllum á umhverfi þannig að til skaða geti talist. Landamerkja-girðingar skulu ætíð fylgja mörkum eftir því sem kostur er en sé það ógerlegt skulu viðkomandi aðilar semja um girðingarstæðið áður en vinna hefst.

Þegar girt er þvert í fjallshlíðum skal leitast við að hafa girðingarnar fremst á hjöllum til að létta af þeim snjóþyngslum.

Þegar girt er við mjög erfiðar aðstæður t.d. í djúpum giljum þar sem vitað er að girðingin stendur ekki af sér vetrarálag skal hafa aflstólpa á gilbrúnum til að auðvelda viðhald girðinganna. Sama máli gegnir um staði þar sem veruleg snjóflóðahætta er.

Vegalög nr. 45/1994 gilda um fjarlægðir girðinga meðfram vegum. Náttúruverndarlög nr. 44/1999 gilda um fjarlægðir girðinga meðfram vötnum. Ávallt skal þó fylgja ákvæðum girðingarlaga nr. 135/2001 varðandi frágang og uppsetningu girðinganna.

Þegar girt er í sjó fram eða þar sem flóðahætta er skal setja aflstólpa ofan við hæstu flóðamörk. Girða skal niður fyrir lægstu flóðamörk kafla sem vikur frá aðalstefnu girðingar þannig að hann komi á móti ágangi búfjár.

5. gr.

Aflstólpar.

Afl- og hornstólpar skulu vera sambærilegir að styrkleika. Þeir skulu ekki bundnir við eina efnisgerð en þurfa fyrst og fremst að vera nægilega sterkir (t.d. samsvarandi og 3" vatnsrör eða viðarstaur, 140 mm í þvermál úr góðum viði) og ná niður fyrir frost, þ.e.a.s. 1,2 m eða niður á fast. Ef klöpp er á grynna dýpi en 60 cm undir yfirborði skal bora fyrir hornstaurum að minnsta kosti 20 cm niður í klöppina eða gera ráðstafanir sem gefa viðlíka styrkleika. Þegar grafið er fyrir horn- eða aflstaura verður að grafa holu sem er a.m.k. 0,5 m í þvermál efst og skal holan víkka niður.

Á hornstaurum skulu vera stög. Á hornum sem eru á bilinu 45-135° skulu vera tvö stög en á öðrum getur eitt stag dugað. Grafa skal fyrir stögum minnst 3 m lárétt frá staur og skal dýptin vera a.m.k. 1,3 m eða niður á fast. Stagsteinar skulu vera a.m.k. 600 cm² (eða 50-60 kg) og liggja þvert á togstefnu stagsins. Skera skal í holuvegginn fyrir stagið þannig að það liggi beint frá staur í stagfestingu. Stagvírinn (um 3,75 mm) er hafður a.m.k. fjórfaldur og festur á staurinn skammt ofan við efsta streng. Heimilt er að nota aðrar aðferðir til styrkingar á aflstólpum ef þær uppfylla sömu styrkleikacröfur og að ofan greinir. Þegar notuð eru tvö stög á stefna staganna að vera 20-30 cm út úr stefnu girðingararlínu, þannig að hornið á milli staganna sé þrengra en horn girðingarinnar. Stögin skulu strekkt þannig að staurarnir halli „út úr girðingunni“ (5-10°) til þess að þeir verði sem næst lóðréttir þegar girðingin hefur verið strekkt. Æskilegt er að ljúka strekkingu staga og girðingar samtímis.

6. gr.

Girðingarstaurar.

Viðarstaurar úr lerki skulu vera minnst 6 cm að meðalgildleika. Staurar úr öðru efni skulu að lágmarki samsvara þeim að styrkleika. Æskilegt er að fúaverja viðarstaura aðra en lerkistaura. Málmstaurar aðrir en álstaurar skulu vera galvanhúðaðir (250 g/m²).

Renglur skulu hið minnsta svara til þverskurðarflatar 3x3 cm úr góðum viði að styrkleika.

7. gr.

Vír og net.

Í gaddavír skal bil á milli gadda ekki vera meira en 12,5 cm. Vírinn skal þannig vafinn að gaddarnir færast ekki til. Togþol vírsins skal vera hið minnsta 4500 N. Galvanhúð skal miðuð við að lágmarki 250 g/m². Túngirðinganet er gert úr láréttum og lóðréttum strengjum. Bil á milli lóðréttra strengja skal að hámarki vera 30 cm. Milli lóðréttra strengja er bil misjafnt og skal það minnsta vera neðst. Skilyrði er að láréttu strengirnir gangi heilir í gegnum netið. Neðstu og efstu strengir netsins eru gildari og skulu vera hið minnsta 3 mm í þvermál eða hafa togþol a.m.k. 4000 N. Þegar girt er úr neti og gaddavír skal hæð netsins frá neðsta streng vera mest 10 cm. Bil á milli efstu strengja skal ekki vera meira en 30 cm. Við uppsetningu skal ekki strengja lengra haf en 400 m jafnvel þótt á flötu landi sé. Séu notuð lóðanet (refanet), sbr. 4. lið 2. gr. t.d. í gerði, skal vír í þeim vera hið minnsta 2 mm í þvermál. Slík net skal festa óstrengd á galvanhúðaðan sléttan vír sem er strengdur á milli staura eða negld með galvanhúðuðum lykkjum á borð eða planku sbr. 2. lið 8. gr.

8. gr.

Frágangur.

Við frágang mannvirkja sem mynda vörslulínu, s.s. girðinga, hliða og ristarhliða, skal þess gætt að ekki skapist hætta á meiðslum eða slysum á fólki og búfé. Sama gildir um frágang göngustiga og þrila sem umráðamaður búfjár eða lands setur upp til að greiða fyrir lögmætri för almennings um landið, sbr. ákvæði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd um almannarétt, umgengni og útivist.

Vír og net skal festa á tréstauro með galvanhúðuðum lykkjum, 3-4 cm á lengd og 3 mm gildleika. Á járnstauro skal festa gaddavír og net með galvanhúðuðum bindivír. Sig skal grafa 120 cm niður eða þannig að ekki sé hætta á frostlyftingu. Neðst á siginu skal vera þungi eða viðnám samsvarandi 50 kg steini. Í sigin skal notaður sigvír og skal hann festur í renglu á girðingunni eða brugðið um hvern streng girðingarinnar.

Þegar girt er í skóglendi eða kjarri skal vera greiður gangur beggja vegna girðingar.

9. gr.

Hlið.

Hlið á girðingum skulu sniðin að þeirri umferð sem um þau á að fara.

Þar sem eingöngu er umferð gangandi vegfarenda nægir að hafa þrílur á girðingunni. Þrílan skal gerð úr fjórum 35x190 mm timburkjálkum sem eru festir saman að ofan og eru með 2 m bili að neðan. Í kjálkana eru fest 6 þrep og er breidd þeirra um 70 cm. Efst á þrílunni er lóðrétt handfang, 80 cm hátt. Heimilt er að nota annað smíðaefni jafngilt að styrkleika.

Hlið fyrir umferð gripa og vinnuvéla skulu vera minnst 4 m á breidd. Aðalhliðstólpanir skulu vera sömu gerðar og áður var lýst í 5 gr. Til að komast hjá því að stög aflstólpanna gangi inn á umferðarsvæðið má nota skástífur sem eru út frá hliðinu og fá spyrnu í aflstólpum sem eru í 1-2 m fjarlægð. Þær skulu hafa tilsvarende styrkleika og stögin. Milli hliðstólpanna má síðan eftir atvikum vera með laust net með renglum sem strengt er á milli stólpanna eða nota hliðgrind.

Hlið fyrir strjála bílaumferð svo sem í heimreiðum og til hliðar við vegristar á þjóðvegum skulu vera að minnst 4 m breidd. Hliðstólpanir skulu það burðarmiklir að þeir beri hliðgrindur. Uppbygging þeirra er samskonar og í 2. mgr. Hliðgrindur geta verið úr ýmsu léttu efni, ýmist ein grind eða tvískipt. Uppbygging grindanna miðast við kröfur um vörslugildi. Lokubúnaður skal vera einfaldur og öruggur.

Hlið fyrir tíða bílaumferð skulu vera með vegrist eða tilsvarende búnað að vörslugildi.

Vegristar með sléttu yfirborði skulu vera með 40 mm breiðum rimlum og rifubil 120 mm. Ristar gerðar úr röraefni skulu vera með rörum sem eru 90 mm í þvermál (utanmál) og með 90 mm bili á milli röra. Breidd rista á einbreiðum vegum skal vera 4 m og lengd 2,5 – 3,0 m háð álagi frá búfé. Lóðréttar hindranir til hliðar við ristarnar skulu vera jafn langar ristunum, 0,7 m á hæð með slá í 0,35 m hæð. Burðarþol ristanna skal miðast við álag frá umferð.

III. KAFLI

Sérákvæði um rafgirðingar.

10. gr.

Almenn ákvæði.

Ákvæði í kafla II, 4., 5. og 9. gr. gilda einnig um rafgirðingar.

Rafgirðingar eiga að valda þeim sem þær snerta óþægindum en ekki hættu. Spennugjafar skulu vera nægilega stórir til að geta haldið viðeigandi spennu á girðingunni. Til að tryggja vörslugildi þarf spennan að vera 3,5 - 5,0 kV háð leiðni jarðvegs. Til að valda ekki skaða má spennan aðeins vara hluta úr ms (millisekúndu) með u.þ.b. einnar sekúndu millibili. Spennar fá orku sína ýmist frá rafhlöðum eða veiturafmagni. Samræmi þarf að vera milli stærðar á þéttum (spennugjafa) og lengd girðingar. Allar markaðsfærðar spennistöðvar skulu hafa gerðarviðurkenningu samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

Spennugjafar sem tengdir eru veiturafmagni flokkast undir raforkuvirki. Því þarf lögiltan rafvirkja til að samþykkja uppsetningu spennugjafa og lagningu aðtauga að girðingunni (spennutauga og jarðskautstauga). Jafnframt skal tilkynna uppsetningu til viðkomandi rafveitu.

Varðandi uppsetningu á spennugjöfum er vísað til reglugerðar nr. 264/1971 um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.

11. gr.

Efni til rafgirðinga og uppsetning.

Til þess að rafgirðing virki skal jarðskautið við hana hafa viðnám að hámarki 30 Ω, og skulu tengingar við það vera með spennum eða skrúfum. Tengja skal jarðskaut spennugjafa bæði við jarðskaut girðingarinnar, og við jarðtengda strengi í girðingunni, ef þeir eru fyrir hendi. Nauðsynlegt getur reynst að setja fleiri jarðskaut meðfram girðingunni náist ekki fullnægjandi tenging á einum stað og og tengja þau saman með neðsta streng.

Í rafgirðingar skal nota til þess gerðan þanvír (high tensile wire). Nota skal að lágmarki vír sem þolir 6000 N átak og hefur galvanhúð sem svarar til 200 – 250 g/m². Í fjárheldar girðingar skulu minnst notaðir fimm strengir, og yfirleitt er neðsti strengur hafður jarðtengdur. Í stórgripagirðingar nægir að hafa 2-3 strengi.

Heimilt er að nota ýmsar gerðir af staurum í rafgirðingar en einangrun skal þannig háttað að á milli vírafestinga sé a.m.k. 50.000 Ω viðnám á milli tveggja rétt uppsettra víra á staurum (vírabil 135 mm). Á plast- og harðviðarstaurum eru festingar fyrir vírana þannig að reka þarf staurana í rétta dýpt til þess að festingar verði í réttri hæð. Við erfið skilyrði þarf að hafa 10-20 m staurabil.

Vírana á að festa þannig á staura að þeir séu lausir og geti runnið til í festingunum. Á renglum eru efsti vír og neðsti festir þétt þannig að renglan færist ekki til eða skekkist á girðingunni, en aðrir vírar skulu geta runnið til í festingunum. Harðviðarstaurar skulu þannig gerðir að áðurnefnt viðnám á milli víra sé tryggt.

Sig skulu vera sams konar og fyrir hefðbundnar girðingar en þó er heimilt að setja 80 – 100 cm járntein (steypujárn) þvert undir girðinguna, leggja hæfilega þunga steina ofan á teininn sinn hvoru megin og festa svo rengluna í teininn. Einnig er heimilt að nota sig-

skrúfur, en þær henta ekki í öllum jarðvegsgerðum. Í gil, skurði o.þ.h. verður að setja undirgirðingar en óheimilt er að raftengja þær, sbr. reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki ásamt síðari breytingum. Ekki má vera skemmra á milli stakra girðinga en 2 m, hvort sem um er að ræða rafgirðingar eða ekki. Ef loka þarf bili á milli þeirra, skal það gert með einangrunarefni. Ekki má tengja rafgirðingu við eldri girðingar, svo sem gaddavírs- eða netgirðingar, sbr. reglugerð nr. 264/1971. Á girðingunni þarf að tengja saman þá strengi sem eiga að vera með rafmagni og eru í sömu hæð. Það skal gert með því að tengja vírstubb á milli þeirra við horn- eða aflstaur. Festa verður vírendann á strengina með þar til gerðum víraklemmum til að minnka orkutap.

Skylt er að hafa viðvörðunarskilti á rafgirðingum. Þau skulu gerð úr vönduðu efni og þess vandlega gætt, að þau sláist ekki til í vindi og slitni af. Texti skiltisins: „VIÐVÖRUN - RAFMAGNSGIRÐING“, skal vera einn sér í tveimur efstu línunum í þeim lit og þeirri stærð, sem tilskilið er í reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki með síðari breytingum.

IV. KAFLI

Færanlegar og tímabundnar girðingar.

12. gr.

Girðingar sem ekki uppfylla ákvæði um lágmarksvörslugildi.

Ákvæði III. kafla um rafgirðingar gilda ekki um færanlegar og tímabundnar rafgirðingar.

Færanlegar og tímabundnar girðingar geta verið úr ýmiss konar efni t.d. plasti, næloni og/eða vír. Girðingarhaldari þessara girðinga ber fulla ábyrgð á að gerð og uppsetning þeirra valdi ekki tjóni. Þær uppfylla ekki ákvæði reglugerðarinnar um lágmarksvörslugildi fyrir búfé sbr. V. kafla.

V. KAFLI

Ákvæði um vörslu eftir búfjártegundum.

13. gr.

Varsla fyrir annað búfé en stóðhesta og naut.

Lágmarkskröfur fyrir girðingar og önnur mannvirki sem teljast grípheld fyrir hverja búfjártegund skulu vera eftirfarandi:

A. Fjárheld girðing.

Netgirðing sjá 1. lið 2. gr. Gaddavírsgirðing sjá 2. lið 2. gr. með sex gaddavírsstrengjum. Rafgirðing sjá 3. lið 2. gr. með fimm strengjum.

B. Hrossheld girðing.

Allar fjárheldar girðingar, sbr. A. lið en ekki er gerð krafa um gaddavírsstreng neðan við netið. Í gaddavírsgirðingum er nægjanlegt að hafa þrjá gaddavírsstrengi. Rafmagnsgirðing sbr. 3. lið 2. gr. skal vera með tveimur vírstrengjum. Óheimilt er að nota gaddavír og háspennnar rafgirðingar umhverfis gerði eða hólf þar sem hross hafa ekki aðgang að beit, sbr. ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 132/1999 um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit hrossa.

C. Nautgripaheld girðing.

Allar hrossheldar girðingar, sbr. ákvæði B. liðar að því undanskildu að gaddavírsgirðing með tveimur gaddavírsstrengjum er fullnægjandi varsla fyrir mjólkurkúr.

D. Aðrar grípheldar girðingar.

Um grípheldar girðingar fyrir alifugla, kanínur, loðdýr og svín gilda ákvæði reglugerðar um slíkt búfjárhald en búnaðarsamband metur vörslugildi girðinga fyrir geitfé.

E. Hlið og ristarhlið.

Gera skal sömu vörslukröfur til hliða og ristarhliða og annarra hluta vörslulínu, sjá 9. gr.

14. gr.

Sérákvæði um vörslu stóðhesta og nauta.

Til vörslu stóðhesta og nauta utanhúss skal gera eftirfarandi lágmarkskröfur:

A. Vörsluhólf.

1. *Hrossheld rafgirðing*, sbr. ákvæði 13. gr.

2. *Fjárheld netgirðing*, sbr. ákvæði 13. gr. að viðbættum 2-3 gaddavírsstrengjum þannig að hæð girðingar verði allt að 1,30 m.

B. Gerði við hús.

Hæð skilveggja skal vera minnst 2,00 m. Séu skilveggir ekki heilir (lokaðir) skulu þeir vera það þéttklæddir að gripir í nærliggjandi gerðum nái ekki saman.

VI. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

15. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 135/2001 um girðingar og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. október 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

*Atli Már Ingólfsson.***AUGLÝSING****um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.**

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Tanga hf., kt. 551265-0219, til að reka fiskimjölsverksmiðju á Vopnafirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins, 21. október 2002.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.

REGLUR

um Lyfjafræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Lyfjafræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á fræðasviðum lyfjafræðinnar og eiturefnafræðinnar. Stofnunin heyrir undir læknaeild og lyfjafræðideild sameiginlega samkvæmt samningi sem deildirnar gera sín á milli um verkefni á fræðasviðum læknisfræði og lyfjafræði og um fjármál.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Lyfjafræðistofnunar er:

- a. að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í lyfjafræði, læknisfræði og skyldum greinum sem unnið er að við Háskóla Íslands,
- b. að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi og rannsóknatengdu námi (sem hluta af námi til fyrstu háskólagráðu, meistara- og doktorsnámi) aðstöðu og búnað til rannsóknarstarfa eftir því sem kostur er,
- c. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði lyfjafræði, læknisfræði og í öðrum heilbrigðisvísindagreinum og sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf,
- d. að stunda þjónusturannsóknir á sviðum lyfjafræði og eiturefnafræði gegn greiðslu,
- e. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í lyfjafræði og eiturefnafræði,
- f. að veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi lyfjafræði og eiturefnafræði,
- g. að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum í lyfjafræði og eiturefnafræði.

3. gr.

Stofuskipulag.

Lyfjafræðistofnun skiptist í fimm rannsóknastofur:

1. Rannsóknastofu í lyfjaefnafræði (þar á meðal eðlislyfjafræði).
2. Rannsóknastofu í lyfja- og efnafræði náttúruafna.
3. Rannsóknastofu í lyfjagerðarfræði (þar á meðal aðgengisfræði).
4. Rannsóknastofu þjónusturannsókna sem skipt er í einingar eftir því sem mælt er fyrir um í samþykkt um þjónusturannsóknir sbr. 3. mgr. 7. gr. þessara reglna.
5. Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, en innan hennar starfa rannsóknastofa í eiturefnafræði og rannsóknastofa í líflyfjafræði (þar á meðal klínísk lyfjafræði).

Stjórn stofnunarinnar er heimilt með samþykki læknaeildar og lyfjafræðideildar, að ákveða aðra skiptingu í rannsóknastofur. Stjórnin kveður á um skiptingu fræðigreina milli stofa og getur ákveðið að skipta rannsóknastofum upp í deildir.

4. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 8. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

5. gr.

Stjórn.

Læknadeild og lyfjafraeðideild skipa lyfjafraeðistofnun sex manna stjórn til tveggja ára í senn. Skulu þrír stjórnarmanna koma úr lyfjafraeðideild og þrír úr læknisfraeðiskor læknadeildar.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður við stofnunina kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

6. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir þreflega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti læknadeildar, forseti lyfjafraeðideildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forsetum læknadeildar og lyfjafraeðideildar.

Ef forstöðumaður er ekki kjörinn stjórnarmaður situr hann stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

7. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart læknadeild og lyfjafraeðideild sbr. 1. gr., samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildanna um fjárveitingar og skiptingar þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin efnir til ársfundar með starfsmönnum Lyfjafraeðistofnunar þar sem ársskýrsla er lögð fram og fjallað um önnur mál svo sem kveðið er á um í reglum fyrir Háskóla Íslands.

8. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu deildanna tveggja, læknadeildar og lyfjafraeðideildar, og á grundvelli umsagnar stjórnar stofnunarinnar, sbr. 6. tölul. 27. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Stofustjórar skulu valdir samkvæmt starfsreglum stofnunarinnar sem stjórn setur.

Starfsmenn stofnunarinnar eru auk forstöðumanns:

- a. Próffessorar, dósentar, lektorar og aðjúnktar við læknadeild og lyfjafraeðideild og þeir sem hafa fengið starfsaðstöðu á stofnuninni.
- b. Gistikennarar, sérfræðingar, stundakennarar og nemar í rannsóknatengdu námi, sem sinna tímabundnum verkefnum í lyfjafraeði, eiturefnafræði eða skyldum greinum, skv. ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

- c. Stúdentar sem vinna að verkefnum í tengslum við nám.
- d. Skrifstofustjóri og annað starfsfólk á skrifstofu og rannsóknastofum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglum fyrir Háskóla Íslands, fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

9. gr.

Fjármál.

Tekjur Lyfjafræðistofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. framlag frá læknadeild og lyfjafræðideild,
- b. styrkir til einstakra verkefna,
- c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- d. tekjur af útgáfustarfsemi,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfundum læknadeildar og lyfjafræðideildar.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 126/1997 um lyfjafræðistofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 17. október 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUGERÐ

**um tilteknar epoxy afleiður til notkunar í efni
og hluti sem ætlað er að snerta matvæli.**

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir fyrir efni og hluti sem í sínu lokaástandi er ætlað að snerta matvæli og framleidd eru úr eða innihalda eitt eða fleiri af eftirtöldum efnum, svokölluðum epoxy afleiðum:

1. 2,2-bis(4-hýdroxýfenýl)própanbis(2,3-epoxýprópýl)eter, hér eftir kallað BADGE, og tilteknar afleiður þess;

2. bis(hýdroxýfenýl)metanbis(2,3-epoxýprópýl)etera, hér eftir kallað BFDGE, og tilteknar afleiður þeirra;
3. aðra novolac glýkídýl etera, hér eftir NOGE, og tilteknar afleiður þeirra.

Reglugerðin gildir ekki um ílát eða geymslutanka sem eru stærri en 10.000 lítrar að rúmmáli eða leiðslur sem tilheyra eða tengjast þeim og eru varðar með sérstakri slitþolinni húð.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari merkja efni og hlutir:

- a) efni og hluti úr öllum tegundum plasts;
- b) efni og hluti sem þaktir eru yfirborðshúð;
- c) límefni.

3. gr.

Meginregla.

Efni og hlutir skulu ekki gefa frá sér efnin sem talin eru upp í viðauka 1 í magni umfram það sem þar er tilgreint. BADGE skal ekki vera til staðar í efnunum og hlutum eftir 31. desember 2004. Efni og hlutir skulu ekki gefa frá sér efnin sem talin eru upp í viðauka 2 í magni sem, að viðbættu BADGE og afleiðum þess sem taldar eru upp í viðauka 1, er umfram það sem tilgreint er í viðauka 2.

BFDGE skal ekki vera til staðar í efnunum og hlutum eftir 31. desember 2004.

4. gr.

Frá og með 1. mars 2003 skulu NOGE sameindir með fleiri en tveimur arómatískum hringjum og a.m.k. einum epoxý hóp, ásamt afleiðum þeirra sem hafa klórhýdrínvirkni og mólmasa undir 1000 dalton, ekki greinast í efnunum og hlutum. Greiningarmörk eru 0,2 mg/6 dm², greiningarvirkmörk innifalín.

NOGE skal ekki vera til staðar í efnunum og hlutum eftir 31. desember 2004.

5. gr.

Fram til 1. mars 2003 gilda skilyrði þessarar reglugerðar ekki um efni og hluti sem eru skilgreindir í b- og c-lið 2. gr. Slík efni og hluti mega vera á markaði til 1. mars 2003 að því tilskildu að þökkunardagur komi fram á umbúðum og að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla með síðari breytingum.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla (tilskipun 2002/16/EBE um tilteknar epoxý afleiður til notkunar í efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli). Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 28. október 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

VIÐAUKI 1

Flæðimörk fyrir BADGE og tiltekna afleiður þess.

- Summa flæðimarkna fyrir eftirtalin efni:
 - BADGE (=2,2-bis(4-hýdroxýfenýl)própanbis(2,3-epoxýprópýl)eter);
 - BADGE.H₂O;
 - BADGE.HCl;
 - BADGE.2HCl;
 - BADGE.H₂O.HCl;skal ekki fara yfir neðangreind mörk:
 - 1 mg/kg í matvælum eða matvælahermmum, þar sem ekki er tekið tillit til greiningarvirkmarka, eða;
 - 1 mg/6 dm², í samræmi við tilvik sem lýst er í reglugerð um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli.
- Flæðiprófanir skulu framkvæmdar í samræmi við reglur sem gefnar eru upp í viðaukum við reglugerð um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli. Fyrir vatnsleysanlega herma á framangreint gildi einnig við um BADGE.2H₂O. Þetta á þó ekki við ef fram kemur í merkingu að efnið eða hluturinn sé aðeins til notkunar fyrir matvæli og/eða drykki þar sem sýnt hefur verið fram á að summa flæðimarkna þeirra 5 efna sem tilgreind eru í 1. tölul. geti ekki farið yfir þau mörk sem þar eru sett.
- Flæðimörk þeirra efna sem tilgreind eru í a-, b-, c-, d- og e-lið 1. tölul. skulu ákvörðuð með viðurkenndum og stöðluðum aðferðum.

VIÐAUKI 2

Flæðimörk fyrir BFDGE og tiltekna afleiður þess.

- Summa heildarflæðimarkna fyrir:
 - BFDGE (=2,2-bis(4-hýdroxýfenýl)metanbis(2,3-epoxýprópýl)eterar);
 - BFDGE.H₂O;
 - BFDGE.HCl;
 - BFDGE.2HCl;
 - BFDGE.H₂O.HCl;að viðbætti summu þeirra efna sem tilgreind eru í viðauka 1 skal ekki fara yfir eftirtalin mörk:
 - 1 mg/kg í matvælum eða matvælahermmum þar sem ekki er tekið tillit til greiningarvirkmarka, eða;
 - 1 mg/6 dm², í samræmi við tilvik sem lýst er í reglugerð um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli.
- Flæðiprófanir skulu framkvæmdar í samræmi við reglur sem gefnar eru upp í viðaukum við reglugerð um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli. Fyrir vatnsleysanlega herma á framangreint gildi einnig við um BFDGE.2H₂O. Þetta á þó ekki við ef fram kemur í merkingu að efnið eða hluturinn sé aðeins til notkunar fyrir matvæli og/eða drykki þar sem sýnt hefur verið fram á að summa flæðimarkna þeirra 5 efna sem tilgreind eru í 1. mgr. þessa viðauka og 1. mgr. viðauka 1 geti ekki farið yfir þau mörk sem þar eru sett.
- Flæðimörk þeirra efna sem tilgreind eru í a-, b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. skulu ákvörðuð með viðurkenndum og stöðluðum aðferðum.

REGLUGERÐ

um styrki og uppbætur Tryggingastofnunar ríkisins til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið með reglugerð þessari er að auðvelda umsækjendum að sækja um lögbundna styrki og uppbætur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna bifreiða hreyfihamlaðra einstaklinga. Jafnframt er það markmið með styrkjum og uppbótum vegna bifreiða að gera hreyfihömluðum einstaklingum kleift að stunda atvinnu eða skóla þótt önnur sjónarmið geti einnig réttlætt slíkar bætur, s.s. hvort sækja þurfi reglubundna endurhæfingu eða lækni meðferð. Þá er markmið með styrk til nauðsynlegrar ökuþjálfunar að aðstoða þá sem eru mikið hreyfihamlaðir við að öðlast færni við að stjórna bifreið og stuðla með þeim hætti að öryggi þeirra og annarra í umferðinni.

Reglugerð þessi gildir um styrki til að afla hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta skv. a-lið 1. mgr. 33. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og styrki til nauðsynlegrar ökuþjálfunar skv. b-lið 1. mgr. 33. gr. sömu laga. Ennfremur gildir reglugerðin um uppbætur vegna kaupa og reksturs bifreiða skv. 11. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðarinnar.

2. gr.

Uppbót vegna reksturs bifreiðar skv. 2. mgr. 11. gr. laga um félagslega aðstoð.

Heimilt er að greiða elli- og örorkulífeyrisþega og örorkustyrkþega uppbót kr. 7.496 á mánuði til að mæta kostnaði við rekstur bifreiðar ef bótaþega er nauðsyn að hafa bifreið vegna hreyfihömlunar og sýnt er að hann geti ekki komist af án uppbótarinnar. Mánaðarleg fjárhæð uppbótarinnar tekur breytingum með sama hætti og aðrar bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Uppbót er eingöngu heimilt að veita þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Hinn hreyfihamlaði er undir 75 ára aldri.
2. Hinn hreyfihamlaði hefur sjálfur ökuréttindi eða annar heimilismaður.
3. Nauðsyn á bifreið vegna hreyfihömlunar er ótvíræð og mat á hreyfihömlun liggur fyrir.
4. Mat á ökuhæfni liggur fyrir.

Við mat á umsóknum skal fyrst og fremst líta á bifreiðina sem hjálpartæki hreyfihamlaðra og m.a. taka tillit til eftirfarandi efnisatriða:

1. Umferðarhömlunar umsækjanda.
2. Hvort umsækjandi þurfi bifreið til að komast ferða sinna, s.s. til vinnu, í skóla eða í reglubundna endurhæfingu eða lækni meðferð.
3. Félagslegra aðstæðna umsækjanda, þ.e. heimilis- og fjölskylduaðstæðna.
4. Hárra útgjalda vegna meiri háttar viðhalds- eða viðgerðarkostnaðar á eldri bifreið sem ekki mátti búast við. Skulu lögð fram gögn er staðfesta útgjöld.

Áður en Tryggingastofnun ríkisins greiðir uppbótina skulu lagðar fram upplýsingar um eignarhald bifreiðar. Skilyrði er að hinn hreyfihamlaði eða maki hans sé skráður eigandi hennar.

3. gr.

*Styrkur vegna hjálpartækja í bifreið**skv. a-lið 1. mgr. 33. gr. laga um almannatryggingar.*

Veita skal sjúkratryggðum styrk til að afla hjálpartækja í bifreið sem nauðsynleg eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta.

Tryggingastofnun ríkisins skal meta þörf fyrir hjálpartæki og hvaða bifreið henti þeim, þ.e. fólksbifreið eða sendibifreið.

Eftirfarandi gildir um þau hjálpartæki í bifreiðar sem veittir eru styrkir til kaupa á (númeraflokkun fer eftir alþjóðaflokkunarkerfinu ISO/FDIS 9999:2001):

Heimilt er að veita einstaklingi 75 ára og yngri styrk til kaupa á *sjálfskiptingu* og *öðrum stýribúnaði* (m.a. breytingum á bremsum og bensíngjöf) í eigin bifreið (eða bifreið maka), ef færniskerðing er slík, að hann getur ekki ekið bifreið nema með slíkum búnaði. Skilyrði fyrir styrkveitingu eru ökuréttindi, regluleg notkun bifreiðar og að mat á ökuhæfni liggja fyrir.

Fullur styrkur er veittur á fjögurra ára fresti. Ef búnaður er endurnýjaður fyrir er heimilt að veita fjórðung af fullum styrk fyrir hvert ár sem liðið er frá síðustu styrkveitingu.

Lyftur í bifreiðar: Fyrir þá sem eru með verulega færniskerðingu í öllum útlimum.

Aðlögun bifreiðar til að geta nýtt aukastjórnúnað, s.s. spegla, læsingar, þurrkur, miðstöð og ljós: Fyrir þá sem eru með verulega færniskerðingu í öllum útlimum.

Skriðstillir í bifreið: Heimilt er að samþykkja skriðstilli í bifreið með 70% greiðsluhlutdeild Tryggingastofnunar ríkisins, þó aldrei hærri upphæð en kr. 30.000 (ísetning innifalin) til þeirra sem þurfa stjórnúnað í stýri til að geta ekið bifreið, eru með verulega skerta færni í höndum og þurfa að sækja þjónustu um langan veg.

Bílsæti fyrir börn: Tryggingastofnun ríkisins greiðir einungis bílsæti fyrir börn yngri en 12 ára og að jafnaði ekki bílsæti fyrir börn yngri en tveggja ára.

12 12 04 Aðlögun á stýribúnaði bifvéla. Til að stjórna bremsum og bensíngjöf 100%, að hámarki kr. 41.000 í breytingu á bensíngjöf, kr. 41.000 í breytingu á bremsum. Sjálfskipting 50% að hámarki kr. 60.000

12 12 07 Aðlögun á stýrisbúnaði í bifreiðum 70% (t.d. stýrishnúðar/stýrispinnar, hand-/fótstýring og skriðstillir (að hámarki kr. 30.000, sbr. að ofan))

12 12 08 Aðlögun bifreiða til að geta nýtt aukastjórnúnað s.s. spegla, læsingar, þurrkur, miðstöð og ljós 100%

12 12 09 Belti og ólar í bifreiðar 100%
(þriggja punkta beltí (ef ekki staðalbúnaður í bifreiðinni) og fjögurra punkta beltí, vesti, ólar sem styðja einstaklinga við akstur)

12 12 12 Bílsæti og púðar með sérstökum eiginleikum 100%, sbr. að ofan
Sleðar fyrir sæti bifreiða 100% (fyrir snúning og fram/aftur færslu)

12 12 15 Lyftur til að lyfta einstaklingum inn í bifreiðar 100%

12 12 18 Lyftur til að lyfta hjólastólum með notendur inn í bifreiðar 100%

12 12 21 Lyftur til að setja hjólastóla á eða inn í bifreiðar 100%

12 12 24 Útbúnaður til að festa hjólastóla í bifreiðar 100%

12 12 90 Ísetning tækja í bifreiðar 100%

12 12 91 Viðgerðir á lyftum í bifreiðar 100%

12 12 92 Flutningur á stýribúnaði bifvéla milli bifreiða 100% að hámarki kr. 30.000

12 12 94 Sjálfvirkir hurðaopnarar fyrir bifreiðar 100%

12 12 95 Vinkiljárn á hurðir bifreiða 100%

12 12 96 Hanskar með sérgripi fyrir akstur bifreiða 50%.

4. gr.

Uppbót vegna kaupa á bifreið skv. 1. mgr. 11. gr. laga um félagslega aðstoð.

Heimilt er að greiða elli- og örorkulífeyrisþega og örorkustyrkþega uppbót vegna kaupa á bifreið sem bótaþega er nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af án uppbótarinnar. Þá er heimilt að veita uppbót til framfærenda hreyfihamlaðra barna sem njóta umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð en í þeim tilvikum skal sýna fram á þörf á að koma hreyfihömluðu barni til reglubundinnar þjálfunar, meðferðar eða í skóla og þá gilda eftirfarandi skilyrði eftir því sem við á.

Uppbót er eingöngu heimilt að veita þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Hinn hreyfihamlaði er undir 75 ára aldri.
2. Hinn hreyfihamlaði hefur sjálfur ökuréttindi eða annar heimilismaður.
3. Nauðsyn á bifreið vegna hreyfihömlunar er ótvíræð og mat á hreyfihömlun liggja fyrir.
4. Mat á ökuhæfni liggja fyrir.

Við mat á umsóknum skal fyrst og fremst líta á bifreiðina sem hjálpartæki hreyfihamlaðra og m.a. taka tillit til eftirfarandi efnisatriða:

1. Umferðarhömlunar umsækjanda eða umönnunarþarfar barns.
2. Hvort umsækjandi þurfi bifreið til að komast ferða sinna, þ.e. til vinnu, í skóla eða í reglubundna endurhæfingu eða lækni meðferð.
3. Hvers konar bifreið umsækjandi hyggst kaupa, þ.e. hvort bifreiðin sé í samræmi við þörf umsækjanda og hvaða hjálpartæki eru nauðsynleg.
4. Félagslegra aðstæðna umsækjanda, þ.e. heimilis- og fjölskylduáðstæðna.

Fjárhæðir uppbóta eru eftirfarandi:

1. Kr. 250.000 til þeirra sem uppfylla ofangreind skilyrði og eru minna hreyfihamlaðir en þeir sem getið er um í 5. gr.
2. Kr. 500.000 til þeirra sem uppfylla ofangreind skilyrði, eru minna hreyfihamlaðir en þeir sem getið er um í 5. gr. og eru að fá uppbót í fyrsta sinn.

Kaupverð bifreiðar skal ekki vera lægra en fjárhæð uppbótar að teknu tilliti til niðurfellds vörugjalds þegar það á við. Uppbót er heimilt að veita á fjögurra ára fresti vegna sama einstaklings.

Áður en Tryggingastofnun ríkisins greiðir uppbótina skulu lagðar fram upplýsingar um kaupverð og kaup bifreiðar. Einnig skal hinn hreyfihamlaði eða maki hans vera skráður eigandi bifreiðarinnar. Skilyrði er að mat liggja fyrir um þörf á bifreið með hliðsjón af notkun hjálpartækja.

Óheimilt er að selja bifreið fyrr en fjórum árum eftir veitingu uppbótar nema að fengnu sérstöku leyfi Tryggingastofnunar ríkisins og skal kvöð þess efnis þinglýst á bifreiðina. Heimilt er að víkja frá áðurgreindum tímamörkum eyðileggist bifreið á tímabilinu eða vegna andláts.

5. gr.

Styrkur til kaupa á bifreið skv. a-lið 1. mgr. 33. gr. laga um almannatryggingar.

Veita skal sjúkratrygðum styrk til að afla bifreiðar sem nauðsynleg er vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta.

Styrkur skal vera kr. 1.000.000 og skal eingöngu veittur þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Hinn hreyfihamlaði er undir 75 ára aldri.
2. Hinn hreyfihamlaði hefur sjálfur ökuréttindi.
3. Nauðsyn á bifreið vegna hreyfihömlunar er ótvíræð og mat á hreyfihömlun liggja fyrir.

4. Hinn hreyfihamlaði er bundinn hjólastól, notar hækjur, spelkur eða gervilimi.
5. Mat á ökuhæfni liggir fyrir.

Heimilt er að víkja frá kröfunni um ökuréttindi í 2. tölul. ef þörf er fyrir bifreið vegna mikillar hreyfihömlunar. Í þeim tilvikum skal tilnefna heimilismann sem ökumann bifreiðarinnar.

Heimilt er að veita styrk samkvæmt 2. mgr. til framfæranda hreyfihamlaðs barns sem nýtur umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð en þá skal sýna fram á þörf á að koma hreyfihömluðu barni til reglubundinnar þjálfunar, meðferðar eða í skóla. Skilyrði skv. 2. mgr. gilda í þeim tilvikum eftir því sem við á. Þá er heimilt að veita styrk allt að 50-60% af kaupverði bifreiðar, þ.e. grunnverði án aukabúnaðar, sé um að ræða einstakling sem ekki kemst af án sérútbúinnar og dýrrar bifreiðar vegna mikillar fötlunar. Heimildin á þó einungis við þegar umsækjandi ekur sjálfur og þarf á bifreið að halda til að stunda launaða vinnu eða skóla.

Þegar um er að ræða styrk skv. 2. mgr. skal kaupverð bifreiðar ekki vera lægra en fjárhæð styrksins að teknu tilliti til niðurfellds vörugjalds þegar það á við. Styrk skv. 2. mgr. er heimilt að veita á fjögurra ára fresti en styrk skv. 3. málsl. 4. mgr. á fimm ára fresti vegna sama einstaklings.

Áður en Tryggingastofnun ríkisins greiðir styrkinn skulu lagðar fram upplýsingar um kaupverð og kaup bifreiðar. Skilyrði er að mat liggir fyrir um þörf á bifreið með hliðsjón af notkun hjálpertækja. Einnig skal hinn hreyfihamlaði eða maki hans vera skráður eigandi bifreiðarinnar.

Styrkþegum er óheimilt að selja bifreið fyrr en fjórum árum eftir styrkveitingu nema að fengnu sérstöku leyfi Tryggingastofnunar ríkisins og skal kvöð þess efnis þinglýst á bifreiðina. Þegar um er að ræða styrk skv. 3. málsl. 4. mgr. er óheimilt að selja bifreið fyrr en fimm árum eftir veitingu. Heimilt er að víkja frá áðurgreindum tímamörkum eyðileggist bifreið á tímabilinu eða vegna andláts styrkþega.

6. gr.

Styrkur til nauðsynlegrar ökuþjálfunar

skv. b-lið 1. mgr. 33. gr. laga um almannatryggingar.

Veita skal sjúkratryggðum styrk til ökuþjálfunar að undangengnu ökuhæfnismati sem leiðir í ljós nauðsyn ökuþjálfunar. Styrkur til ökuþjálfunar skal nema að hámarki tíu ökutímum en heimilt er að samþykkja allt að tíu viðbótartíma að fenginni rökstuddri greinargerð þeirra sem annast ökuhæfnismat samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Tryggingastofnun getur ákveðið að ökuþjálfunin verði einungis gerð í tengslum við endurhæfingarstað sem annast ökuhæfnismat. Styrkurinn er ekki veittur til þjálfunar í almennum ökuskóla heldur einungis til ökuþjálfunar í eigin bifreið hins hreyfihamlaða og þegar aðstæður kalla á frekari þjálfun. Skal styrkurinn vera 70% af samþykktum kostnaði.

Styrkur til ökuþjálfunar skal eingöngu veittur þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Hinn hreyfihamlaði er undir 75 ára aldri.
2. Hinn hreyfihamlaði hefur sjálfur ökuréttindi og er skráður eigandi bifreiðarinnar. Ef hinn hreyfihamlaði hefur ekki haft ökuréttindi áður þá skal hann hafa staðist bóklega hluta náms til ökuréttinda.
3. Nauðsyn á bifreið vegna hreyfihömlunar er ótvíræð og mat á hreyfihömlun liggir fyrir.
4. Mat á ökuhæfni liggir fyrir.

Ökuþjálfun skal fara fram í samræmi við gildandi reglugerð um ökuskírteini.

7. gr.

Umsóknir og afgreiðsla þeirra.

Sækja skal um styrki og uppbætur samkvæmt reglugerð þessari hjá Tryggingastofnun ríkisins og skulu umsóknir vera á eyðublöðum stofnunarinnar eða með rafrænum hætti á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar. Umsækjanda er skylt að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um veitingu styrks eða uppbóta. Einnig er maka umsækjanda eða bótaþega skylt að veita upplýsingar um sig ef þær kunna að hafa áhrif á afgreiðslu umsóknar.

Styrkir og uppbætur vegna bifreiðakaupa skulu greiddar út fjórum sinnum á ári. Styrkir og uppbætur sem ekki eru nýttir innan 12 mánaða falla niður en ákvarða má styrk á ný ef rökstudd umsókn berst, sbr. 2. mgr. 49. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

Um umsóknir og framkvæmd að öðru leyti fer skv. 47., 48. og 50. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 33. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 118/1993, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2003 og gildir um umsóknir sem berast eftir þann tíma. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 170/1987 um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 690/2000 um greiðslu sérstakrar fjárhæðar til rekstrar ökutækis hreyfihamlaðra. Þá falla brott óbirtar reglur tryggingaráðs frá 22. mars 2002 um afgreiðslu umsókna um styrki til bifreiðakaupa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 24. október 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Varmaorkugjöld og önnur gjöld.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, skammstafað HAB.

HAB selur heitt vatn úr veitukerfi sínu í heildsölu og smásölu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

Gjaldskrá þessi er tvískipt, annars vegar fyrir sölu úr stofnæð HAB frá Deildartunguhver og holum í Bæjarsveit og að Borgarbyggð og Akranesi, hins vegar fyrir sölu á heitu vatni sem aflað er úr borholum í Bifröst og á Svartagili í Norðurárdal.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

2. gr.
Gjaldskrá.

2.1 Varmaorkugjöld.

Almennt skiptast orkugjöld í tvo þætti, fast gjald og breytilegt gjald:

- Fast gjald (kr./ár) felur í sér kostnað óháðan notkun.
- Breytilegt gjald (kr./m³ eða kr./mínútu/ítra/ár) greiðist fyrir hverja melda einingu og er í beinu hlutfalli við notkun.

2.2 Tengigjöld.

Tengigjöld skulu greidd fyrir hverja tengingu húsveitu við dreifikerfi hitaveitunnar.

Tengigjald greiðist eftir að umsókn hefur verið samþykkt af hitaveitunni og áður en til afhendingar á heitu vatni kemur.

Stærð heimæðar miðast við hámarksrennsli til húsveitunnar og ákvarðast af hitaveitunni. Hámarksstærð heimæðar samkvæmt gjaldskrá er 50 mm. Sé óskað eftir sverari lögn eða meira rennsli en 50 mm lögnin annar, skal gerður sérstakur samningur um tenginguna. Að auki greiðist sérstaklega fyrir hverja tengigrind sem tengd er heimtauginni.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimæðar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal notandi greiða þann kostnað sem er umfram 50% samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar enda hafi notandanum verið gert ljóst fyrirfram að um kostnaðarauka verði að ræða.

Þegar um langar lagnir vegna heits vatns er að ræða er áskilinn réttur til að hafna tengingu eða tengja með takmörkunum svo sem um hitastig og þátttöku húseiganda í kostnaði við tengingu. Miða skal við 50 metra hámarks lengd heimæðar og heimilt er að innheimta sérstaklega fyrir hvern metra umfram hámarks lengd.

Þar sem ekki er dagleg viðvera getur hitaveitan krafist þess að settir verði upp tengikassar utandyra, á kostnað notanda sem innihalda nauðsynlegan mælibúnað og eru aðgengilegir starfsmönnum hitaveitunnar.

Þegar heimæð er stækkuð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimæð að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimæðar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

2.3 Álestrargjald.

Reglubundinn álestur mælitækja er innifalinn í varmaorkugjöldum. Að jafnaði er lesið á mælitæki einu sinni á ári. Óski notandi þess að oftar sé lesið á mælitæki er honum gerður sérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

2.4 Innheimtugjald.

Undirbúningur að stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila notanda telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

Komi til stöðvunar orkuafhendingar vegna vanskila notanda skal hann greiða gjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt fyrri málsgrein.

2.5 Tengikassar.

Þar sem sumarhús og annað húsnaði, þar sem ekki er dagleg viðvera, tengjast hitaveitunni, er gerð krafa um að settur verði upp tengikassi. Hitaveitan býður slíka kassa sem uppfylla kröfur um vatnsheldni, einangrunargildi og rykþéttni í tveimur stærðum.

Sá minni nægir undir tengigrind hitaveitunnar en sá stærri rýmir tengigrindina og nauðsynlegan búnað húseigenda.

Sala úr stofnað HAB frá Deildartungu og Bæjarsveit.

3. gr.

3.1 Varmaorkugjöld.

3.1.1 Fast gjald.

Fast gjald í heildsölu er eftirfarandi:

Sala til Orkuveitu Reykjavíkur á Akranesi 82.400.000 kr./ár

Sala til Orkuveitu Reykjavíkur í Borgarbyggð 30.900.000 kr./ár

Fast gjald í smásölu er háð afköstum rennismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.

Því er skipt í þrjá flokka:

A: 15 mm til 20 mm 19,46 kr./dag

B: 25 mm til 50 mm 40,64 kr./dag

C: 65 mm og stærri 82,39 kr./dag

Fasta gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

3.1.2 Breytilegt gjald.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetramælingu. Heimilt er að selja heitt vatn til sumarhúsa í formi hámarksrennslis, svokallaðan hemilskammt. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorkunnar og/eða lækunar á hita vatnsins. Sækja skal skriflega um annan taxa en IC1 Almenn heitavatsnotkun.

IC1. Almenn heitavatsnotkun 59,00 kr./m³

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslur.

IC2. Almenningsundlaugar 17,72 kr./m³

Taxtinn gildir fyrir almenningsundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.

IC3. Gróðurhús 29,50 kr./m³

Taxtinn gildir fyrir garðyrkjubændur með gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir á almannan markað.

IC4. Sundlaugar 29,50 kr./m³

Taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlaugar. Heimilt er að tengja baðvatn taxtanum ef sundlaugin er aðalþáttur starfseminnar.

IC5. Sérsamningar I 23,60 kr./m³

Samkvæmt samningi á milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar gildir taxtinn fyrir heildsölu til Orkuveitu Reykjavíkur á Akranesi og í Borgarbyggð.

IC6. Sumarhús 16.082 kr./mínútulítra/ár

Taxtinn gildir fyrir sumarhús. Selt er samkvæmt hemli hámarksrennslis til sumarhússins. Lágmarks hemilskammtur er 3 lítrar á mínútu. Breytingu á hemilskammti til aukningar eða lækunar er einungis hægt að gera einu sinni á ári.

ID2. Fiskeldi 29,50 kr./m³

Taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

ID3. Íþróttavellir 44,30 kr./m³
 Taxtinn gildir fyrir upphitaða íþróttavelli utandyra.

ID4. Iðnaðarvatn 29,50 kr./m³
 Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki sem nýta vatnið í framleiðsluferlum og þar með til verðmætasköpunar. Taxtinn gildir ekki fyrir hitun iðnaðarhúsnæðis.

3.2 Tengigjöld.

Stærð heimæðar til nýrra notenda ákvarðast af hitaveitunni hverju sinni. Þar sem lengd heimæðar er minni en 50 metrar gildir eftirfarandi gjaldskrá. Fyrir hvern metra umfram 50 metra er heimilt að innheimta allt að 1% af tengigjöldum viðkomandi málstærðar.

Málstærð	Gjald í krónum
15 mm	88.580
20 mm	177.160
25 mm	369.770
32 mm	565.470
40 mm	1.148.450
50 mm	1.919.920

15 mm málstærð er einungis í boði fyrir sumarhús.

Ein tengigrind er innifalin í hverju tengigjaldi.

Auka tengigrind ásamt mæli eða hemli kostar 10.570 krónur.

3.3 Álestrargjöld. kr.
 Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda 1.215

3.4 Innheimtugjöld.

Seðilgjald	200
Vanskilatilkynning	450
Ítrekunartilkynning vegna vanskila	900
Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar	1.800

3.5 Tengikassar.

Stærri kassi (rými fyrir tengigrind hitaveitu og stjórnbúnað)	37.750
Minni kassi (rými fyrir tengigrind hitaveitu)	26.900

Sala í Bifröst og Svartagili.

4. gr.

4.1 Varmaorkugjöld.

4.1.1 Fast gjald.

Fast gjald er háð afköstum rennismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.

Því er skipt í þrjá flokka:

A: 15 mm til 20 mm	19,46 kr./dag
B: 25 mm til 50 mm	40,64 kr./dag
C: 65 mm og stærri	82,39 kr./dag

Fasta gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

4.1.2 Breytilegt gjald.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetramælingu. Heimilt er að selja heitt vatn til sumarhúsa í formi hámarksrennslis svokallaðan hemilskammt. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorkunnar og/eða lækkunar á hita vatnsins. Sækja skal skriflega um annan taxa en IN1 Almenn heitavatnsnotkun.

IN1. Almenn heitavatnsnotkun 64,50 kr./m³
Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslur.

IN4. Sundlaugar 32,25 kr./m³
Taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlaugar. Heimilt er að tengja baðvatn taxt-
anum ef sundlaugin er aðalþáttur starfseminnar.

IN6. Sumarhús 16.082 kr./mínútulítra/ár
Taxtinn gildir fyrir sumarhús. Selt er samkvæmt hemli hámarksrennsli til sumarhúss-
ins. Lágmarks hemilskammtur er 3 lítrar á mínútu. Breytingu á umsömdum hemilskammti
til aukningar eða lækkunar er einungis hægt að gera einu sinni á ári.

IN7. Sérsamningur I 29,50 kr./m³
Samkvæmt samningi dags. 11. apríl 2002 milli Orkuveitu Reykjavíkur og Viðskipta-
háskólans Bifröst ber að veita Viðskiptaháskólanum 50% afslátt frá gjaldskrá Orkuveitu
Reykjavíkur í 10 ár frá undirskrift samnings.

IN8. Sérsamningur II 3.618 kr./mínútulítra/ár
Samkvæmt samningi dags. 11. apríl 2002 milli Okurveitu Reykjavíkur og Hitaveitufé-
lags Norðdælinga ber að selja fyrrverandi eigendum hitaveitufélagsins heitt vatn samkvæmt
sömu gjaldskrá og í gildi var fyrir undirskrift samnings. Gjaldið gildir í 15 ár frá 11. apríl
2002 að telja og skal það endurskoðað miðað við vísitölu neysliverðs í mars ár hvert.
Breytingu á umsömdum hemilskammti til aukningar eða lækkunar er einungis hægt að gera
einu sinni á ári.

4.2 Tengigjöld.

Stærð heimæðar til nýrra notenda ákvarðast af hitaveitunni hverju sinni. Þar sem lengd
heimæðar er minni en 50 metrar gildir eftirfarandi gjaldskrá. Fyrir hvern metra umfram 50
metra er heimilt að innheimta allt að 1% af tengigjöldum viðkomandi málstærðar.

Málstærð	Gjald í krónum
15 mm	88.580
20 mm	177.160
25 mm	369.770
32 mm	565.470
40 mm	1.148.450
50 mm	1.919.920

15 mm málstærð er einungis í boði fyrir sumarhús.

Ein tengigrind er innifalin í hverju tengigjaldi.

Auka tengigrind ásamt mæli eða hemli kostar 10.570 krónur.

4.3 Álestrargjöld.

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda	kr. 1.215
--------------------------------------	--------------

4.4 Innheimtugjöld.

Seðilgjald	200
Vanskilatilkynning	450
Ítrekunartilkynning vegna vanskila	900
Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar	1.800

4.5 Tengikassar.

Stærri kassi (rými fyrir tengigrind hitaveitu og stjórnþúnað)	37.750
Minni kassi (rými fyrir tengigrind hitaveitu)	26.900

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 949 frá 28. desember 2000, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. október 2002.

Porgeir Örlygsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Orkuveita Reykjavíkur og ríkissjóður eiga og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, skammstafað HAB, hér eftir nefnt hitaveitan.

Hitaveitan er stofnuð með samningi 23. mars 1979. Gerður var nýr samningur 8. desember 1995.

Hitaveitan er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili hitaveitunnar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórnarfundir fara með æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn hitaveitunnar skal skipuð 3 mönnum sem tilnefndir eru af eigendum þess á aðalfundi. Stjórnin skiptir með sér verkum. Hún stýrir öllum málefnum hitaveitunnar milli aðalfunda, veitir prókúruumboð og gerir samninga fyrir hennar hönd. Stjórnin tekur ákvarðanir um breytingar á gjaldskrá sem samþykkt skal af iðnaðarráðherra hverju sinni. Skoðunarmenn hitaveitunnar og endurskoðandi skulu kjörnir á aðalfundi.

3. gr.

Verkefni hitaveitunnar er að virkja jarðhita svo og aðra orkugjafa og rekstur hitaveitu sem selur heitt vatn í heildsölu og í smásölu eftir því sem ákveðið kann að verða og hagkvæmt þykir. Í þessu skyni skal hitaveitan leita eftir samningum um borunar- og virkjunarrétt, bora eftir heitu vatni og virkja þegar hagkvæmt þykir, leggja veitukerfi og annast sölu á heitu vatni eða varma til notenda. Hitaveitunni er heimilt að reka og þjónusta hitaveitur fyrir aðra aðila svo sem Orkuveitu Reykjavíkur og skulu gjaldskrár þeirra veitna auglýstar á sama hátt og HAB.

4. gr.

Hitaveitunni er heimilt að setja í tengiskilmála ákvæði um lagningu heimæða og tengingu þeirra við húsveitur húseigenda. Húsveita sem tengist veitukerfi hitaveitunnar skal fullnægja kröfum sem settar eru í reglugerðum og tengiskilmálum.

Heimæðar ásamt tengigrind eru eign hitaveitunnar ef ekki er sérstaklega um annað samið og þótt tengigjald hafi verið greitt.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss og getur hitaveitan þá ákveðið að húsið

skuli tengt dreifikerfi þess með takmörkunum. Fullnægi húsveita ekki þeim skilyrðum sem sett eru í orkulögum, skipulagslögum, byggingarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, þá getur hitaveitan ákveðið að tengja hús með takmörkunum eða að hús sé ekki tengt.

Umsókn um heimæð eða breytingu á henni skal undirrituð af húseiganda er skuldbindur sig jafnframt til þess með undirskrift sinni að greiða tengigjald það sem kveðið er á um í gjaldskrá hitaveitunnar. Húseigandi ber kostnað við þær breytingar á heimæðum sem framkvæmdar eru að hans ósk. Þegar heimæð hefur verið tengd er tengigjald gjaldkræft.

Viðskiptavinur skal gæta þess að ekki sé hætt á að vatn frjósi í tengigrind eða inn-taki og viðskiptavinur skal tryggja nægjanlegt rennsli til þess. Sé þess ekki kostur ber honum að tilkynna það hitaveitunni eins fljótt og auðið er, svo unnt sé að aftengja húsið. Kostnaður við það skal greiddur af viðskiptavini samkvæmt gjaldskrá.

Hitaveitan getur krafist breytinga á húsveitum eða sett skilyrði fyrir tengingu þeirra ef af þeim er bein slyshætta og ef tækjabúnaður eða virkni húsveitna hafa óæskileg áhrif á rekstur veitukerfa hitaveitunnar eða á nærliggjandi viðskiptavini. Sinni viðskiptavinur ekki kröfum hitaveitunnar um úrbætur er heimilt að stöðva orkuafhendingu.

Ef viðskiptavinur óskar eftir því að aftengjast dreifikerfinu um tíma, er heimilt að taka aukagjald samkvæmt gjaldskrá.

5. gr.

Komi til skömmunar á heitu vatni í lengri eða skemmri tíma, skal þess gætt að heitt vatn til húshitunar njóti forgangs.

Hitaveitunni er ekki skylt að veita afslátt af sölu heits vatns vegna lágs hitastigs þess á afhendingarstað enda geri hitaveitan þær ráðstafanir sem má ætlast til af henni til að halda hitastiginu í eðlilegu horfi.

Hitaveitunni er heimilt að nota bakrennslisvatn sem runnið hefur í gegnum húsveitur.

6. gr.

Stöðvun á rekstri veitunnar, eða hluta hennar, vegna viðgerða og tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, og koma skal á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem unnt er.

Réttur viðskiptavinar til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæðum sé ávallt nægilegur, enda geri hitaveitan þær ráðstafanir sem ætlast má til af henni til að halda þrýstingnum í eðlilegu horfi.

Hitaveitan undanþiggur sig bótaábyrgð á tjóni, jafnt beinu sem óbeinu, sem rekja má til frosts, bilana eða takmarkana á orkuvinnslunni, spennubreytinga rafmagns, þrýstibreytinga heits vatns, stöðvunar orkuafhendingar eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í hitaveituæð er stöðvað eða vegna annarra nauðsynlegra aðgerða hitaveitunnar. Viðskiptavinir eiga ekki bótakröfu á hendur hitaveitunni, þótt rennsli hafi verið stöðvað fyrirvaralaust.

Hitaveitan ber ekki ábyrgð á óbeinu eða afleiddu tjóni orkukaupanda eða húseiganda. Hitaveitan tekur ekki ábyrgð á veitu viðskiptavinar með úttekt eða tengingum.

Ábyrgðartakmörkun samkvæmt þessari grein er bundin því að beint tjón orkukaupanda/húseiganda verði ekki rakið til mistaka starfsmanna hitaveitunnar.

7. gr.

Hitaveitan lætur setja upp nauðsynlegan mælibúnað vegna sölu og ákveður fjölda, tegund og staðsetningu. Mælibúnaðinn má ekki flytja til án samþykkis hitaveitunnar en hitaveitan getur krafist flutnings hans, ef staðsetningin er óhentug. Starfsmenn og umboðsmenn hitaveitunnar skulu ætíð hafa aðgang að mælibúnaði og þeir einir mega rjúfa innsigli hans.

Verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að skylda þann orkukaupanda sem ábyrgur er fyrir notkun um mælitækið til að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun þess.

Mælitæki telst sýna rétt ef mesta skekkja þess er innan 5% marka. Hafi mælitækið sýnt meira en sem nemur mestri leyfilegri skekkju þess, ber hitaveitunni að leiðrétta reikninga viðkomandi orkukaupanda. Hafi mælitækið sýnt minna en sem nemur mestri leyfilegri skekkju þess er hitaveitunni heimilt að leiðrétta reikninga viðkomandi viðskiptavinar, enda sé um veruleg frávik frá hámarksskekkju að ræða.

Við leiðréttingu á reikningum skal miða við mælt frávik mælisins að teknu tilliti til fyrri notkunar viðkomandi orkukaupanda og annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingar um það hvenær mælitækið bilaði. Ekki skal miða leiðréttingu reikninga við lengra tímabil en eitt ár enda hafi orkukaupanda ekki verið ljóst eða mátt vera það ljóst, að um bilun mælitækis væri að ræða.

8. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn í samræmi við reglugerð þessa, tengiskilmála og gjaldskrá sem staðfest skal af ráðherra.

Hitaveitunni er heimilt að gera sérsamninga um sölu á þjónustu og heitu vatni.

9. gr.

Gjöld fyrir heitt vatn verða krafín mánaðarlega samkvæmt nánari ákvæðum gjaldskrár, en heimilt er að láta lengri tíma líða milli gjalddaga. Við verðbreytingar á breytilegum og fastagjöldum skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til. Hitaveitan ákveður gjalddaga reikninga.

Hitaveitan má byggja reikninga á áætlun um notkun viðskiptavinar og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun. Reikningar sem eru byggðir á notkun nefnast „uppgjörreikningar“, en reikningar sem eru byggðir á áætlaðri notkun nefnast „áætlunarreikningar“.

Notkun skal sannreyna u.þ.b. árlega. Þegar notkun hefur verið sannreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Leiði aukin notkun af galla á búnaði orkukaupanda, er hitaveitunni ekki skylt að lækka reikning vegna þess.

Viðskiptavinur getur jafnan, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjör miðað við mælda notkun. Enn fremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um notkun vegna nýrra forsendna.

Heimilt er að skipta reikningi vegna notkunar um einn mæli. Sé það gert bera orku kaupendur um þann mæli hver um sig ábyrgð in solidum á greiðslu hvers reiknings. Við vanskil á einum eða fleiri reikningum er heimilt að stöðva orkuafhendingu um hinn sameiginlega mæli. Bera viðkomandi viðskiptavinir allan aukakostnað sem hinni auknu þjónustu er samfara.

Reikninga skal að jafnaði senda á heimili viðskiptavina.

Heimilt er að beita rafrænni greiðslumiðlun til greiðslu á reikningum að ósk viðskiptavinar. Í þeim tilfellum skal senda viðkomandi viðskiptavini yfirlit um skuldfærslur og notkun árlega. Notkun greiðslumæla er heimil með samþykki hitaveitunnar og viðskiptavinar.

Viðskiptavininum er skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár og breytingum sem þar kunna að verða á.

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunar- eða uppgjörreikning, má hitaveitan áskilja sér og innheimta dráttarvexti frá og með gjalddaga reiknings til greiðsludags, auk kostnaðar sem af innheimtu kröfunnar hlýst.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heits vatns að húsi eða íbúð viðskiptavinar, sem vanrækir að greiða orkureikninga eða vanrækir skyldur sínar skv. reglugerð þessari. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir gjalddaga og að undangenginni skriflegri aðvörun, sem send er viðskiptavini með hæfilegum fyrirvara, sem eigi skal vera skemmtari en þrjú dagar. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar.

Heimild þessi er til staðar hvort sem um er að ræða uppgjörsreikning eða áætlunarreikning.

Beri viðskiptavinur ábyrgð á orkukaupum um fleiri en einn mæli má stöðva orkuafhendingu um hvern þeirra sem er eða alla, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við einn þeirra.

Stöðvun orkuafhendingar hefur engin áhrif á greiðsluskyldu orkukaupenda á skuldum við hitaveituna.

Skuldari greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Sé lokað vegna vanskila getur hitaveitan ákveðið að opna ekki aftur, nema ekki sé lengur um vanskil eða aðrar vanefndir að ræða og/eða trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Skráður orkukaupandi ber ábyrgð á notkun um þau mælitæki húsveitunnar sem hann er skráður fyrir, þar til hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkun eða tilkynnt flutning. Uppsögn eða flutning skal tilkynna hitaveitunni með eðlilegum fyrirvara, sem annast lokaálestur.

Hitaveitan getur átt kröfu á hendur öðrum en skráðum notanda, færi hitaveitan sönnur á að um málamyndagerning sé að ræða.

Hafi eigi annar viðskiptavinur sótt um að fá mælitæki skráð á sitt nafn, skal loka því, og eigi skal hefja orkusölu á ný um tækið, fyrr en tilkynnt hefur verið um nýjan kaupanda.

Tilkynningu um breytingu á notkun, þ.e. að hún geti fallið undir annan gjaldskrárlið, skal senda hitaveitunni með mánaðar fyrirvara.

Ef húseigandi eða trúnaðarmaður hans verður þess var, að orkukaupendaskipti hafi orðið, án þess að þau hafi verið tilkynnt hitaveitunni, ber honum að gera hitaveitunni aðvart um það án tafar. Vanræki húseigandi þessa tilkynningarskyldu sína ber hann einfalda ábyrgð vegna ógreiddrar orkunotkunar þess aðila.

12. gr.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað með öðrum hætti en um er samið, raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingum þannig, að ekki komi fram öll notkun, skal hitaveitan áætla það magn sem notað hefur verið í óleyfi og gera reikning fyrir það magn í samræmi við gjaldskrá og skal notandi greiða fyrir það gjald eftir gjaldskrá þann tíma sem liðinn er frá síðasta aflestri. Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um sennilega notkun má miða við undangengna hámarksnotkun. Við endurtekningu skal rjúfa tengingar viðkomandi við veitukerfið.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari eða skilmálum hitaveitunnar varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal fara að hætti opinberra mála. Sektir renna í ríkissjóð.

Brot á reglugerð þessari getur og varðað bótaskyldu samkvæmt almennum reglum.

Vanræki viðskiptavinur að gera úrbætur sem hitaveitan hefur mælt fyrir um, í samræmi við reglugerð þessa, getur hitaveitan látið framkvæma það sem þörf krefur, á kostnað viðskiptavinar.

14. gr.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af stjórn hitaveitunnar er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 664 frá 22. desember 1995.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. október 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 692/2001, um ársreikninga lánastofnana,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Töluliður 8 í yfirliti yfir skuldir og eigið fé í 4. gr. verður eftirfarandi:

8. Eigið fé.

- 8.1. Hlutfé/stofnfé.
- 8.2. Varasjóðir.
- 8.3. Endurmatsreikningur.
- 8.4. Óráðstafað eigið fé.

2. gr.

Liðurinn „Reiknuð gjöld/tekjur vegna verðlagsbreytinga“ undir 2. töluliði í yfirliti yfir liði rekstrarreiknings í 5. gr. fellur niður.

3. gr.

2. mgr. 8. gr. fellur niður.

4. gr.

Í stað núverandi 3.-5. mgr. 31. gr. koma eftirfarandi málsgreinar:

Á eiginfjárliði 8.3, „Endurmatsreikningur“ skal færa endurmat á varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum.

Á eiginfjárliði 8.4, „Óráðstafað eigið fé“, skal færa þann hluta af hagnaði ársins eða hagnaði fyrri ára sem hefur ekki verið ráðstafað á aðra eiginfjárliði.

5. gr.

5. mgr. 43. gr. fellur niður.

6. gr.

Í stað núverandi 49. gr. komi eftirfarandi grein:

Eignir samkvæmt liðum 9, 10 og 11 skulu metnar á kostnaðarverði, enda sé það í samræmi við góða reikningsskilavenju. Ef raunvirði eigna samkvæmt 1. málslíð er verulega hærra en kostnaðarverð af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi og skal matsbreytingin færð undir eiginfjárlið 8.3, „Endurmatsreikningur“. Afskriftir skulu reiknast af kostnaðarverði. Séu þessir fjármunir endurmetnir samkvæmt 2. ml. reiknast afskriftir af endurmetnu verði þeirra. Við útreikning á kostnaðarverði samkvæmt 1. og 2. ml. skal taka tillit til framreiknings vegna áhrifa verðlagsbreytinga fram til ársins 2001.

7. gr.

Í stað núverandi 1. undirliðar 3. mgr. 53. gr. komi eftirfarandi:

Hlutabréf skal færa á markaðsverði eða upprunalegu kaupverði, endurmetnu fyrir áhrifum gengisþróunar sé um að ræða verðbréf í erlendri mynt, - eftir því hvort verðið er lægra á uppgjörsdegi. Við útreikning á kaupverði samkvæmt 1. ml. skal taka tillit til framreiknings vegna áhrifa verðlagsbreytinga fram til ársins 2001.

8. gr.

6. undirliður 2. mgr. 65. gr. fellur niður.

9. gr.

Í stað núverandi eignaliðs 6.2 í viðauka III komi eftirfarandi eignaliður:

Eignaliður 6.2. „Fjárfestingarhlutabréf“. *

<i>Hreyfingar á árinu:</i>	Kr.
Bókfært verð 1.1.	
Keypt á árinu	
Selt á árinu	
Gjaldmiðilsbreytingar	
Bókfært verð 31.12.	

*) Enda komi þessar upplýsingar ekki fram í sjóðstreymisýfirliti.

10. gr.

Töluliður 8.3 og undirliðir hans undir eiginfjárhreyfingum í viðauka III falla niður.

11. gr.

Töluliður 8.4 undir eiginfjárhreyfingum í viðauka III breytist í tl. 8.3 og fær heitið „Endurmatsreikningur“.

12. gr.

Töluliður 8.5 undir eiginfjárhreyfingum í viðauka III breytist í tl. 8.4.

13. gr.

Í stað núverandi 3. ml. 1. mgr. í viðauka IV komi eftirfarandi málslíður:

Við útreikning á áhrifum rekstrarliða á handbært fé skal leiðrétta fyrir áhrifum gengismunar og verðbreytinga en ekki fyrir vöxtum þar eð sú forsenda er gefin að vextir ársins séu greiddir.

14. gr.

Í stað núverandi upptalningar undir: Sjóðstreymi, Rekstrarhreyfingar í viðauka IV komi eftirfarandi:

SJÓÐSTREYMI*Rekstrarhreyfingar:*

Hagnaður ársins

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:

Verðbætur og gengismunur

Framlag í afskriftareikning útlána

Tekjuskattur, breyting á skattskuldbindingu

Aðrir liðir

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum

Handbært fé frá rekstri

15. gr.

Við reglurnar bætist ákvæði til bráðabirgða sbr. eftirfarandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgu-reikningsskilum í árslok 2001 skal leystur upp og færður með óráðstöfuðu eigin fé í reikningsskilum fyrir árið 2002.

16. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 3. mgr. 57. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 30. október 2002.

Páll Gunnar Pálsson.**Ragnar Hafliðason.****AUGLÝSING****um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.**

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð í landi Kaupangs. Á skipulagsreitnum, sem er um 4,3 ha, er gert ráð fyrir 10-12 lóðum fyrir íbúðarhús og auk þess athafnasvæði fyrir léttan iðnað, verkstæði eða vörugeymslur.

Eyjafjarðarsveit, 25. október 2002.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um sérfæði.

I. KAFLI

Gildissvið og almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um matvæli sem eru ætluð sem sérfæði og eru markaðssett sem slík.

2. gr.

Sérfæði eru matvæli sem vegna tiltekinnar samsetningar eða framleiðsluaðferðar eru ætluð einstaklingum sem hafa sérstakar næringarfræðilegar þarfir. Það skal vera auðkenn-
anlegt frá öðrum matvælum og uppfylla tiltekin næringarfræðileg skilyrði.

3. gr.

Sérfæði skal fullnægja tilteknum næringarfræðilegum sérþörfum einhverra eftirtalinna:

- a) heilbrigðra ungbarna og heilbrigðra barna að 3ja ára aldri;
- b) fólks með meltingar- eða efnaskiptasjúkdóma;
- c) fólks sem af sérstökum lífeðlisfræðilegum ástæðum hefur ávinning af stýrðri neyslu á tilteknum efnum í matvælum.

4. gr.

Sérfæði má aðeins selja í neytendaumbúðum og skulu þær umlykja vöruna að öllu leyti. Eftirlitsaðila er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði svo framarlega sem vör-
unni fylgja þær upplýsingar sem kveðið er á um í 7. og 8. grein.

5. gr.

Einungis er heimilt að nota næringarefnin sem skráð eru í viðauka í framleiðslu á sér-
fæði. Notkun efnanna skal vera í samræmi við sérákvæði sem um þessi efni gilda og eru
í undirflokkum sem tilgreindir eru í 12. gr. Notkun næringarefna í sérfæði skal leiða til
framleiðslu örugggra vara sem fullnægja sérstökum næringarþörfum þeirra sem sérfæðið er
ætlað eins og viðurkennd vísindagögn vitna um.

6. gr.

Fyrir efnin, sem skráð eru í viðauka, skulu gilda þau hreinleikaskilyrði sem sett eru
um sömu efni þegar þau eru notuð í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í þessari
reglugerð. Þegar hreinleikaskilyrði eru ekki tilgreind fyrir efnin sem koma fram í viðauka
skulu almennt viðtekin hreinleikaskilyrði, sem alþjóðastofnanir mæla með, gilda þar til að
hreinleikaskilyrði um efnin verða tilgreind.

II. KAFLI

Merking.

7. gr.

Merking sérfæðis skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um merkingu, auglýsingu
og kynningu matvæla og reglugerðar um merkingu næringargildis matvæla, með þeim und-
antekningum eða viðbótum sem um getur í þessari reglugerð og sérreglugerðum um sér-
fæði.

8. gr.

Við merkingu sérfæðis skal tilgreina eftirfarandi:

- a) Í tengslum við heiti vörunnar skal tilgreina sérstaka næringarfræðilega eiginleika hennar. Þegar um er að ræða matvæli fyrir ungbörn og börn að 3 ára aldri skal þess í stað tilgreina fyrir hvaða aldur varan er ætluð;
- b) tegund og magn þeirra innihaldsefna og/eða framleiðsluáðferð sem gefa vörunni sérstaka næringarfræðilega eiginleika;
- c) orkugildi vörunnar í kílójoulum (kJ) og kílókaloríum (kcal). Orkuefni (prótein, kolvetni, og fitu) í 100 g eða 100 ml og þar sem við á, einnig í tilteknum skammti eða einingu í samræmi við ráðleggingar um neyslu vörunnar. Í þeim tilvikum þegar orkugildi er minna en 50 kJ (12 kcal) í 100 g eða 100 ml er heimilt að tilgreina eftirfarandi upplýsingar í stað orkugildis: „Orkugildi er minna en 50 kJ (12 kcal) í 100 g/100 ml.“

9. gr.

Þær vörur sem um getur í b- eða c-lið 3. gr. má merkja og markaðssetja með orðinu „sérfæði“. Önnur matvæli má ekki merkja eða markaðssetja á þennan hátt nema það hafi verið heimilað skv. ákvæðum 7. eða 13. greinar.

10. gr.

Við merkingu, auglýsingu og kynningu sérfæðis má ekki eigna því þá eiginleika að það fyrirbyggi eða vinni á sjúkdómum manna, hafi lækningarmátt eða að vísa til þess háttar eiginleika.

Þetta skal þó ekki koma í veg fyrir dreifingu nytsamlegra upplýsinga eða ábendinga sem eingöngu er beint til þeirra sem hafa menntun á sviði læknisfræði, næringarfræði eða lyfjafræði.

III. KAFLI

Eftirlit og tilkynningarskylda.

11. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

12. gr.

Þegar sérfæði er sett á markað í fyrsta skipti skal framleiðandi eða dreifandi tilkynna um slíkt og senda sýnishorn af merkingu vörunnar til Hollustuverndar ríkisins, ásamt upplýsingum um þau ríki sem þegar hafa fengið slíka tilkynningu. Eftirlitsaðili getur krafist nánari upplýsinga og skjalfestingar á því að sérfæði uppfylli þær kröfur sem settar eru í reglugerð þessari.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um eftirtalda flokka sérfæðis, sem sérreglur geta gilt um:

- a) ungbarnablöndur og stoðblöndur;
- b) tilbúinn barnamat fyrir ungbörn og smábörn;
- c) megrunaræði;
- d) matvæli til nota í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi;
- e) matvæli ætluð þeim sem verða fyrir mikilli vöðvaáreynslu, einkum íþróttamönnum.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði og gildistaka.

13. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þær vörur sem um getur í 2. og 12. gr. séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og almenn ákvæði um hollustuhætti matvæla.

14. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli sbr. og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla (tilskipanir 89/398/EB, 96/8/EB, 99/41/EB og 01/15/EB). Einnig með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð, nr. 446/1994 um sérfæði.

Umhverfissráðuneytinu, 21. október 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

VIÐAUKI

Efni sem heimilt er að bæta í sérfæði.

- Í þessari töflu er merking eftirfarandi skammstafana sem hér segir:
- „SSLT“: sérfæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi,
 - „Allt sérfæði“: sérfæði, þ.m.t. SSLT, þó ekki ungbarnablöndur og stoðblöndur eða tilbúinn barnamat fyrir ungbörn og smábörn, en í þeim tilfellum skulu efnin vera í samræmi við ákvæði sem um þessi efni gilda og mælt er fyrir um í viðeigandi reglugerðum.

Efni	Notkunarskilyrði	
	Allt sérfæði	SSLT
I. flokkur		
Vítamín		
A-VÍTAMÍN		
— retínól	x	
— retínýlasetat	x	
— retínýlpalmítat	x	
— beta-karótín	x	
D-VÍTAMÍN		
— kólealsíferól	x	
— ergókalsíferól	x	
E-VÍTAMÍN		
— D-alfa-tókóferól	x	
— DL-alfa-tókóferól	x	
— D-alfa-tókóferólasetat	x	
— DL-alfa-tókóferýlasetat	x	
— D-alfa-tókóferólsúksínsýra	x	

Efni	Notkunarskilyrði	
	Allt sérfaði	SSLT
K-VÍTAMÍN — fýllókínón (fýtómenadíón)	X	
B1-VÍTAMÍN — þíamínhýdróklóríð — þíamínmonónítrat	X X	
B2-VÍTAMÍN — ríbfóflavín — natríumríbfóflavín-5'-fosfat	X X	
NÍASÍN — nikótínsýra — nikótínamíð	X X	
PANTÓPENSÝRA — Kalsíum-D-pantóþenat — Natríum-D-pantóþenat — dexpanþenól	X X X	
B6-VÍTAMÍN — píridoxínhýdróklóríð — píridoxín-5'-fosfat — píridoxíndípalmítat	X X X	
FÓLÍNSÝRA — teróýlmónóglútamínsýra	X	
B12-VÍTAMÍN — sýanókóbalamín — hýdroxókóbalamín	X X	
BÍÓTÍN — D-bíótín	X	
C- VÍTAMÍN — L-askorbínsýra — natríum L-askorbat — kalsíum L-askorbat — kalíum L-askorbat — L-askorbýl-6-palmítat	X X X X X	
2. flokkur Steinefni KALSÍUM — karbónat — klóríð — sölt sítrónusýru — glúkónat — glýserófosfat — laktat — sölt ortófosfórsýru — hýdroxíð — oxíð	X X X X X X X X X X	
MAGNESÍUM — asetat — karbónat — klóríð — sölt sítrónusýru — glúkónat — glýserófosfat — sölt ortófosfórsýru — laktat — hýdroxíð — oxíð — súlfat	X X X X X X X X X X X	
JÁRN — ferrókarbónat — ferrósítrat — ferriammoníumsítrat	X X X	

Efni	Notkunarskilyrði	
	Allt sérfæði	SSLT
— ferróglúkonat	x	
— ferrófúmarat	x	
— ferrínatríumdífosfat		
— ferrólaktat	x	
— ferrósúlfat	x	
— ferrídífosfat (ferrípýrófosfat)	x	
— ferrísakkarat	x	
— járn (afoxað úr karbonýl, rafgreint eða vetnisafoxað)	x	
KOPAR		
— kúpríkarbónat	x	
— kúprísítrat	x	
— kúpríglúkonat	x	
— kúprísúlfat	x	
— koparlýsínflóki	x	
JOÐ		
— kalíumjoðið	x	
— kalíumjoðat	x	
— natríumjoðið	x	
— natríumjoðat	x	
SINK		
— asetat	x	
— klóríð	x	
— sítrat	x	
— glúkonat	x	
— laktat	x	
— oxíð	x	
— karbónat	x	
— súlfat	x	
MANGAN		
— karbónat	x	
— klóríð	x	
— sítrat	x	
— glúkonat	x	
— glýserófosfat	x	
— súlfat	x	
NATRÍUM		
— bíkarbónat	x	
— karbónat	x	
— klóríð	x	
— sítrat	x	
— glúkonat	x	
— laktat	x	
— hýdroxíð	x	
— sölt ortófosfórsýru	x	
KALÍUM		
— bíkarbónat	x	
— karbónat	x	
— klóríð	x	
— sítrat	x	
— glúkonat	x	
— glýserófosfat	x	
— laktat	x	
— hýdroxíð	x	
— sölt ortófosfórsýru	x	
SELEN		
— natríumselenat	x	
— natríumvetnisselentín	x	
— natríumselenít	x	

Efni	Notkunarskilyrði	
	Allt sérfaði	SSLT
KRÓM (III) og sexvetningar þess		
— klóríð	X	
— súlfat	X	
MÓLYBDEN (VI)		
— ammoníummólybdat	X	
— natríummólybdat	X	
FLÚOR		
— kalíumflúoríð	X	
— natríumflúoríð	X	
3. flokkur		
Aminósýrur		
Að því er aminósýrur varðar er einnig heimilt að nota natríum-, kalíum-, kalsíum- og magnesíumsölt og hýdróklóríð þeirra, svo framarlega sem það á við.		
— L-alanín	X	
— L-arginín	X	
— L-asparssýra		X
— L-sítrúllín		X
— L-systín	X	
— systín	X	
— L-histidín	X	
— L-glútamínsýra	X	
— L-glútamín	X	
— glýsín		X
— L-ísólefsín	X	
— L-lefsín	X	
— L-lýsín	X	
— L-lýsínasetat	X	
— L-metiónín	X	
— L-ornítín	X	
— L-fenýlalanín	X	
— L-prólín		X
— L-þreónín	X	
— L-tryptófan	X	
— L-týrósín	X	
— L-vaflín	X	
4. flokkur		
Karnítín og tárín		
— L-karnítín	X	
— L-karnítínhýdróklóríð	X	
— tárín	X	
5. flokkur		
Núkleótíð		
— adenósín 5'-fosfórsýra (AMP)	X	
— natríumsölt AMP	X	
— sýtidín 5'-mónófosfórsýra (CMP)	X	
— natríumsölt CMP	X	
— gúanósín 5'-fosfórsýra (GMP)	X	
— natríumsölt GMP	X	
— insósín 5'-fosfórsýra (IMP)	X	
— natríumsölt af IMP	X	
— úridín 5'-fosfórsýra (UMP)	X	
— natríumsölt UMP	X	
6. flokkur		
Kólín og inósítól		
— kólín	X	
— kólínklóríð	X	
— kólínbitartrat	X	
— kólínsítrat	X	
— inósítól	X	

REGLUR

um breytingu (13) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Sjöunda málsgrein 43. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Dórnefnd er enn fremur skylt að hafa til hliðsjónar framgangsreglur Háskóla Íslands, nr. 863/2001. Við nýráðningu skal þó ekki gera kröfu um lágmarksstig fyrir kennslu, sbr. 4. gr. áðurnefndra framgangsreglna. Dórnefnd er heimilt að hafa til hliðsjónar þau gögn sem kunna að vera til um umsækjendur í vörslum háskólans og snerta starfshæfni og vinnuframlag.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 17. október 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

24. október 2002

Nr. 759

SAMÞYKKT

um notkun og hreinsun rotþróa í Skorradalshreppi.

1. gr.

Fráveituvatn frá sérhverri húseign í Skorradalshreppi skal leiða gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á 3 ára fresti.

3. gr.

Hreinsun fer fram á vegum Skorradalshrepps eða rotþróareiganda og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd skal kynnt verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist.

4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró sem sveitarfélagið lætur annast, skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald og skal það standa undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustu-hætti og mengunarvarnir sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Rotþróargjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. febrúar og skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Skorradalshrepps.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

6. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer skv. VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Skorradalshrepps er hér með staðfest skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 24. október 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Ásland 2. áfangi“ vegna legu Ásbrautar, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 9. apríl 2002 breytingu á deiliskipulagi „Ásland 2. áfangi“ vegna legu Ásbrautar í Hafnarfirði.

Breytingin varðar legu Ásbrautar frá Goðatorgi að Kaldársselsvegi, skipulagsmörk breytast og jafnframt eru stígar aðlagðir að þeim breytingum.

Farið var með tillöguna samkv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 24. október 2002.

Lilja Grétarsdóttir arkitekt.

AUGLÝSING

um deiliskipulag hátæknigarðs í Urriðaholti í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi fyrir hátæknigarð í Urriðaholti sunnan við Reykjanesbraut í Garðabæ.

Í deiliskipulaginu felst m.a. að afmarkað er svæði fyrir 1. áfanga hátæknigarðs þar sem gerð er grein fyrir aðkomu og meginhugmynd að uppbyggingu og notkun svæðisins. Jafnframt var gerð breyting á aðalskipulagi Garðabæjar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 22. október 2002.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

REGLUR

um (2.) breytingu á reglum nr. 213/1999 um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands.

1. gr.
2. gr. fellur brott.
2. gr.
4. mgr. 3. gr. fellur brott.
3. gr.
3. másl. 4. gr. fellur brott.

4. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

„Tryggingastofnun ákvarðar um rétt til endurgreiðslu ferðakostnaðar samkvæmt reglum þessum, þar á meðal um gildistíma ferðaheimildar. Með umsókn sinni um endurgreiðslu skal sjúklingur leggja fram staðfestingu á hverri komu frá þeim sem meðferðina veitir auk staðfestingar frá sjúkrahúsi um sjúkrahúslegu eftir því sem við á.

Sé um að ræða tvær ferðir sjúklings á tólf mánaða tímabili samkvæmt 1. mgr. 3. gr. skal sjúklingur framvísa staðfestingu læknis í héraði á því að hann hafi þurft að vísa sjúklingi til meðferðar utan héraðs þar sem þjónustan sé ekki fyrir hendi í heimahéraði og ekki hafi verið unnt að nota eða bíða eftir skipulögðum lækningaferðum.

Til þess að unnt sé að ákvarða um endurgreiðslu vegna langra ítrekaðra ferða samkvæmt 2. mgr. 3. gr. skal læknir í héraði senda Tryggingastofnun skýrslu um sjúkling þar sem kemur skýrt fram að læknirinn geti ekki sinnt tilfellinu og skulu rök færð fyrir því. Einnig skulu koma fram almennar upplýsingar um sjúkling, sjúkdómsgreining og sjúkdómsgreiningarnúmer (ICD-númer). Þar skal enn fremur gera grein fyrir sjúkrasögu í stuttu máli, nauðsyn meðferðar, tímabilum hennar og fyrirhuguðum fjölda ferða. Þegar um er að ræða stuttar ítrekaðar ferðir samkvæmt 4. gr. skal meðferðaraðili senda Tryggingastofnun skýrslu. Hið sama gildir um ferðir vegna fræðslunámskeiða samkvæmt 5. mgr. 5. gr. og þegar sjúklingi er ekki unnt að nota almenningsfarartæki af heilsufarslegum ástæðum, sbr. 6. mgr. 5. gr.

Ákvörðun Tryggingastofnunar samkvæmt 3. mgr. skal að jafnaði liggja fyrir áður en ferð er farin nema um bráðatilvik sé að ræða.“

5. gr.

Reglur þessar sem settar eru af tryggingaráði á grundvelli staflíðs i í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. og 3. mgr. 36. gr. s.l., staðfestast hér með og öðlast gildi 1. janúar 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. október 2002.

Jón Kristjánsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey.

1. gr.

Daggjöld fyrir vistun dýra við einangrunarstöð gæludýra í Hrísey verða sem hér segir:

	kr.
Kettir	1.550
Hundar að 20 kg þyngd	1.700
Hundar 20 kg og yfir	1.750

Virðisaukaskattur, 24,5%, leggst á ofangreindar fjárhæðir.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey, nr. 364/2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. október 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um fráveitu í Ólafsfirði.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu í lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðar.

2. gr.

Ólafsfjarðarbær starfrækir fráveitu, bæjarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

Tæknideild bæjarins fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu bæjarins í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu og ræsivatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtakanda.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn, en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Bæjarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufræræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær til, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi og götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir, skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Tæknideild bæjarins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði, þar sem fráveita bæjarins liggur, er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita, skulu húseigendur halda skólpi og ofanvatni aðskildu í tvöfaldri fráveitulögn og tengja hana tvöfaldri fráveitu bæjarins. Að öðru leyti er vísað til ákvæða reglugerðar nr. 789/1999 um fráveitur og skólpi.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu bæjarins, skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að safnbrunni með sjálfvirkum dælubúnaði, sem dælir fráveituvatninu að brunni, þannig staðsettum, að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu bæjarins.

7. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær ekki til, skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur að viðtaka. Ólafsfjarðarbær kostar niðursetningu og annan frágang rotþróar og lagna, en húseigandi leggur til rotþró sem samþykkt er af byggingarfulltrúa og hlotið hefur viðurkenningu Hollustuverndar ríkisins. Húseigandi annast allt viðhald.

Þegar fráveita bæjarins hefur verið lögð, skulu húseigendur kosta og tengja fráræsi húseigna við hana.

8. gr.

Þegar tengja skal fráræsi húseigna við fráveitu bæjarins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró, sé þess ekki kostur að tengja fráræsislögn frá húseign við fráveitu, skal sækja um það til byggingareftirlits bæjarins á þar til gerðum eyðublöðum, sem þar eru látin í té. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráræsum frá húseignum sem tengja á fráveitu bæjarins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar, er sýni gerð þeirra og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka, auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða.

9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

10. gr.

Byggingareftirlit bæjarins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Það skal tekið út og fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu bæjarins eða rotþrær viðurkenndar áður en lagnir eru huldar.

11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því, að lagnir fráveitu bæjarins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Ólafsfjarðarbær er skylt að

halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

12. gr.

Ekki er heimilt að veita fráveituvatni frá húseignum í fráveitu bæjarins, ef það inniheldur mikið af fitu frá stórum eldhúsum og matvælaíðnaði, súrum vökvum, lífrænum leysi-efnum og öðrum hættulegum efnaúrgangi frá iðnaðar- og framleiðslustarfsemi, bensíni og olíum frá bensínstöðvum, bifreiðaverkstæðum og smurstöðvum, sandi frá þvottaplönnum, fiskúrgangi frá fiskvinnslustöðvum eða öðru sem valdið getur skemmdum og rekstrartruflunum á fráveitu bæjarins og skaðlegri mengun á viðtaka.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn innihaldi ofangreind efni, ber eiganda húseignar að gera ráðstafanir til að fjarlægja þau eða gera óskaðleg, áður en fráveituvatninu er veitt í fráveitu bæjarins. Ólafsfjarðarbær getur krafist þess að viðurkenndum búnaði sé komið fyrir til að hindra að ofangreind efni komist í fráveitukerfi bæjarins.

13. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og sjá um hreinsun á frárásum og gæta þess að þau stíflist ekki.

Rotþrær ber að hreinsa að minnsta kosti einu sinni á ári. Skiljur á fráráesilögnum ber að hreinsa reglulega þannig að tryggt sé að hreinsibúnaðurinn gegni hlutverki sínu. Ólafsfjarðarbær sér um hreinsun rotþróa.

14. gr.

Þar sem hætta er á, að fráveituvatn frá fráveitu bæjarins flæði til baka um frárennslislagnir frá húseigendum, vegna vatnborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu, skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

15. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðarbæjar, sem liggja við vegi, götur eða opin svæði, þar sem holrásalagnir fráveitu bæjarins liggja, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því m.a. varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins.

16. gr.

Álagningastofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa. Fráveitugjald skal miðast við ákveðinn hundraðshluta af álagningarstofni og hlíta ákvæðum um minnsta og mesta gjald, samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

17. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

18. gr.

Fráveitugjald má innheimta með fjárnámi og er það tryggt með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

19. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á samþykkt þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

20. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um holræsi í Ólafsfjarðarkaupstað nr. 192/1988.

Umhverfissráðuneytinu, 14. október 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 55/2000, um ársreikninga lífeyrissjóða.

1. gr.

11. mgr. 9. gr. fellur niður.

2. gr.

Í stað núverandi 15. gr. kemur eftirfarandi grein:

Undir lið 10 *Matsbreytingar* skal færa endurmat óefnislegra eigna samkvæmt lið 1, húseigna og lóða samkvæmt lið 2.1 og varanlegar rekstrarfjármuna samkvæmt lið 4.1.

3. gr.

Í stað núverandi 26. gr. kemur eftirfarandi grein:

Óefnislegar eignir samkvæmt lið 1, húseignir og lóðir samkvæmt lið 2.1 og varanlegir rekstrarfjármunir samkvæmt lið 4.1 skulu færðir á kostnaðarverði. Ef raunvirði samkvæmt 1. ml. er verulega hærra en kostnaðarverð af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi og skal matsbreytingin færð undir lið 10, „Matsbreytingar“.

Eignir samkvæmt 1. mgr., sem nýtast takmarkaðan tíma vegna aldurs, slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu afskrifaðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma þeirra. Óefnislegar eignir skulu þó ekki afskrifaðar á lengri tíma en fimm árum. Afskriftir skulu reiknast af kostnaðarverði. Séu þessir fjármunir endurmetnir samkvæmt 2. ml. 1. mgr. reiknast afskriftir af endurmetnu verði þeirra. Við útreikning á kostnaðarverði samkvæmt 1. og 2. ml. 1. mgr. skal taka tillit til framreiknings vegna áhrifa verðlagsbreytinga fram til ársins 2001.

4. gr.

Í stað núverandi 1. mgr. 29. gr. kemur eftirfarandi málsgrein:

Hlutabréf skal færa á kaupverði eða markaðsverði, hvort sem lægra er í lok reikningsárs, sbr. þó 30. gr.

5. gr.

Í stað núverandi 1. mgr. 31. gr. kemur eftirfarandi málsgrein:

Þegar fjárfestingar eru færðar á kaupverði skal tilgreina ætlað markaðsverð þeirra í skýringum ársreikningsins.

6. gr.

Í stað núverandi 35. gr. kemur eftirfarandi málsgrein:

Við útreikning á kaup- eða kostnaðarverði samkvæmt ákvæðum 26., 29. og 31. gr. skal taka tillit til framreiknings vegna áhrifa verðlagsbreytinga fram til ársins 2001.

7. gr.

Í stað núverandi 2. mgr. 36. gr. kemur eftirfarandi málsgrein:

Í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris: *Kaflí III: Lið 2.1 í 8. gr., liði 3.5-3.9 í 9. gr., lið 6 í 12. gr., lið 7 í 13. gr. og lið 9 í 14. gr.*

8. gr.

Í stað núverandi 37. gr. VI. kafla kemur eftirfarandi grein:

Gera skal grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við mat á hinum ýmsu liðum ársreiknings. Greint skal frá aðferðum við endurmat og afskriftir svo og við uppfærslur og niðurfærslur. Einnig skal tilgreina það gengi sem miðað er við þegar einstakir liðir eru umreiknaðir frá öðrum gjaldmiðli í íslenskar krónur.

9. gr.

Tl. 3.10 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris í viðauka I fellur niður.

10. gr.

Í stað 1. tl. í viðauka III kemur eftirfarandi:

1. Hrein raunávöxtun.

Hjá lífeyrissjóðum sem reikna daglegt gengi eigna er raunávöxtun reiknuð samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$r = \frac{(1+i)}{(1+j)} - 1$$

þar sem r táknar hreina raunávöxtun; i táknar breytingu á gengi sjóðsins á árinu og j táknar hækkun vísitölu á árinu.

Hjá lífeyrissjóðum sem reikna ekki daglegt gengi eigna er hrein raunávöxtun reiknuð samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$r = \frac{(1+i)}{(1+j)} - 1$$

þar sem r táknar hreina raunávöxtun; i táknar ávöxtun eigna sbr. sérstaka formúlu hér á eftir og j táknar hækkun vísitölu á árinu. Formúla fyrir ávöxtun eigna er eftirfarandi:

$$i = \frac{2(F - K)}{(A + B - (F - K))}$$

þar sem F táknar fjárfestingartekjur, sbr. lið 3, að frádregnum fjárfestingargjöldum, sbr.

lið 4; K táknað rekstrarkostnað, sbr. lið 5, að viðbættum gjöldum, sbr. lið 7, en að frá-dregnum tekjum, sbr. lið 6; A táknað hreina eign til greiðslu lífeyris í ársbyrjun, sbr. lið 12 og B táknað hreina eign til greiðslu lífeyris í árslok, sbr. lið 13 á yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

11. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 40. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 30. október 2002.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjubæjarstofu.

1. gr.

Kirkjubæjarstofa er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er á Kirkjubæjarklaustri.

2. gr.

Stofnendur eru sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og félög, sem vilja styðja stofuna í samræmi við þessa skipulagsskrá. Eftirtaldir aðilar hafa gerst stofnendur og greitt til hennar stofnfé:

Búnaðarfélag Álftavers
 Búnaðarfélag Leiðvallahrepps
 Byggðastofnun
 Bær hf.
 Ferðamálafélag Skaftárhrepps
 Ferðaskrifstofa Íslands
 Háskóli Íslands
 Kvenfélagið Eyrarrós
 Landgræðslufélag Skaftárhrepps
 Náttúrustofa Suðurlands
 Skaftárhreppur
 Skógræktarfélagið Mörk
 Starfsmannafélag Mjólkurbús Flóamanna
 Verkalýðsfélagið Samherjar

Aðrir sem leggja til stofnfé fyrir 31. desember 1997 teljast stofnendur.

3. gr.

Stofnfé stofunnar er kr. 500.000. Skal það varðveitt í fasteign eða tryggum verðbréfum og má aldrei skerða. Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna stofunnar.

4. gr.

Markmið og hlutverk stofunnar er að reka fræðslu- og rannsóknarstofu á Kirkjubæjarklaustri til þess að:

- a) safna saman gögnum um alla þá þekkingu sem unnt er að afla um náttúru, menningu og sögu héraðsins,
- b) stuðla að rannsóknum á öllum sviðum hinnar fjölbreyttu og sískapandi náttúru héraðsins,
- c) styrkja, með nútímalegri upplýsingamiðlun, stöðu héraðsins sem náttúrulegs sýningar-svæðis í eldvirkni, landeyðingu og uppgræðslu, jökulmyndunum og hinni öru landmótun, vegna þess hve auðsæ þessi einkenni eru,
- d) kynna sérstæða menningu og sögu sem mótuð er af sambúð íbúanna við óblíð náttúruöfl og stórbrotið umhverfi,
- e) rannsaka umhverfisáhrif ferðapjónustu í héraðinu og stuðla að góðri umgengni ferðamanna. Tengja saman ferðapjónustu og umhverfisvernd og stefna þannig að sjálfbærri þróun ferðapjónustu í héraðinu.

5. gr.

Tekjur stofunnar eru rekstrartekjur, vaxtatekjur, gjafir og hvers konar styrktarfé og önnur framlög sem veitt er viðtöku eða aflað. Tekjum skal einungis ráðstafað til starfsemi skv. 4. gr. skipulagsskrár þessarar.

6. gr.

Stjórn stofunnar skal skipuð fimm mönnum. Tveir skulu skipaðir af sveitarstjórn Skaftárhrepps og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar. Skipunartímabil þeirra er hið sama og sveitarstjórnar. Háskóli Íslands skal skipa einn fulltrúa til þriggja ára í senn.

Tveir fulltrúar skulu kosnir af fullskipaðri stjórn, án tilnefningar, til þriggja ára í senn. Heimilt er stjórn að kjósa sama mann að nýju til setu í stjórninni, þó þannig að hann sitji að hámarki tvö tímabil, eða sex ár samfleytt. Fráfarandi stjórnarmanni er heimilt að standa að kjöri stjórnarmanns enda þótt hann gefi sjálfur kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórn stofunnar er heimilt að tilnefna þriggja manna samráðsnefnd sem í eiga sæti formaður stjórnar, forstöðumaður, einn stjórnarmaður og einn til vara. Samráðsnefndin fjallar um málefni stofunnar á milli formlegra stjórnarfunda ef þörf krefur. Fundargerðir frá fundum samráðsnefndarinnar skulu lagðar fyrir formlega stjórnarfundi.

Með stjórn og forstöðumanni, sé hann ráðinn, starfar fagrád sem stjórnin skipar á grundvelli ábendinga frá stofnendum Kirkjubæjarstofu og öðrum aðilum sem stofan er í samstarfi við um fagleg verkefni. Um fjölda í fagráði og skipunina að öðru leyti gilda samþykktir stjórnar.

7. gr.

Stjórnarfundi skal boða með tryggilegum hætti og er fundurinn lögmætur ef meirihluti stjórnar mætir. Stjórnin skal halda gerðabók um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eigum stofunnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning.

Stjórninni er heimilt að ráða forstöðumann sem annast daglegan rekstur og setur honum erindisbréf. Forstöðumaður getur ráðið annað starfslíð eftir því sem stjórnin ákveður.

8. gr.

Árlega skal halda almennan fund með fulltrúum stofnenda og öðrum áhugamönnum til að kynna og fjalla um starfsemi stofunnar.

9. gr.

Reikningsár stofunnar er almanaksárið. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar, viðurkenndar reikningsskilavenjur og endurskoðaðir samkvæmt ákvæðum laga.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki fjögurra stjórnarmanna. Sama gildir ef stofan er lögð niður og ganga þá eignir hennar til Skaftárhrepps sem ráðstafar þeim í samræmi við markmið og hlutverk stofunnar, sbr. 4. gr.

Staðfestingar dómsmálaráðherra skal leita á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir Kirkjubæjarstofu sem staðfest var af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. október 1997.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. október 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUR

um breytingu (12) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Tólfta málsgrein 114. gr. reglnanna, sem fjallar um kennslugreinar, prófgráður og námsgreinar í félagsvísindadeild, breytist og verður svohljóðandi:

M.A.-nám í uppeldis- og menntunarfræði er sérstaklega skipulagt 45 eða 60 eininga nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Námið samanstendur af skipulögðum námskeiðum og lokaritgerð. Heimilt er að bjóða upp á ólíkar námslínur samkvæmt nánari ákvörðun félagsvísindadeildar.

2. gr.

Þrettánda málsgrein 114. gr. reglnanna, sbr. 1. gr. reglna nr. 182/2001, fellur niður.

3. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 24. september 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar.

„STARFSREGLUR

um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Á vegum þjóðkirkjunnar skal staðið að kirkjutónlistarmálum á grundvelli stefnu þjóðkirkjunnar sem kirkjuþing samþykkir. Meginviðfangsefni hennar eru söngur og tónlistarflutningur við helgiathafnir kirkjunnar, fræðsla um kirkjutónlist og menntun starfsmanna á því sviði.

2. gr.

Biskup ábyrgist framkvæmd kirkjutónlistarstefnu í samræmi við önnur ákvæði starfsreglna þessara og setur nánari fyrirmæli um útfærslu hennar.

3. gr.

Framkvæmd kirkjutónlistarstefnu skal einkum felast í því að:

- a) veita prestum, organistum, kirkjukórum og öðrum sem að kirkjulegu starfi koma, stuðning, aðstoð og ráðgjöf,
- b) halda uppi kennslu í kirkjutónlist og líturgískum fræðum,
- c) mennta organista til starfa.

4. gr.

Starfrækja skal Tónskóla þjóðkirkjunnar sem annast um menntun organista og kirkjutónlistarfræðslu, sbr. b og c lið 3. gr. Skólinn starfar eftir námsskrá sem kirkjuráð samþykkir.

Meginverkefni skólans er að sjá til þess að ávallt sé nægur fjöldi organista og annarra starfsmanna á sviði kirkjutónlistar er hafi viðhlítandi menntun og færni til að sinna mál-efninu.

5. gr.

Tónskólinn heyrir undir kirkjuráð. Kirkjuráð getur samið við kirkjulega aðila, ríki, sveitarfélög eða aðra um þjónustu er skólanum er ætlað að veita skv. 2. gr.

6. gr.

Með yfirstjórn skólans fer þriggja manna stjórn, skipuð af kirkjuráði til fjögurra ára, frá og með 1. júlí, árið eftir kjör til kirkjuráðs. Kirkjuráð skipar þrjá varamenn frá sama tíma. Kirkjuráð velur formann og varaformann.

Stjórnin ber ábyrgð á að skólinn sinni skyldum sínum og haldi sig innan fjárheimilda hverju sinni.

7. gr.

Stjórnin gerir árlega starfs- og rekstraráætlun og leggur fyrir kirkjuráð til samþykktar fyrir lok septembermánaðar. Starfs- og rekstrarár skólans er almanaksárið. Stjórn og skólastjóri skulu á hverju reikningsári semja ársreikning. Jafnframt skal samin skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Stjórn og skólastjóri skulu undirrita ársreikninginn. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir kirkjuráð.

8. gr.

Stjórnin, í samráði við kirkjuráð, ræður skólastjóra og setur honum erindisbréf. Skóla-

stjóri annast daglega yfirstjórn skólans og ræður annað starfsfólk hans í samráði við stjórn. Heimilt er að semja við annan aðila um rekstrarþjónustu við skólann svo sem um fjárhald og bókhald, rekstur húsnæðis, skrifstofu og upplýsingakerfis, annan almennan skrifstofu-
rekstur og aðra sambærilega þætti.

9. gr.

Færa skal til bókar meginatriði þess sem fram fer á fundum stjórnar og ákvarðanir hennar. Fundargerðir skulu sendar kirkjuráði reglulega.

10. gr.

Tónskólanum er heimilt að afla sértekna samkvæmt gjaldskrá er staðfest skal af kirkjuráði.

11. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2003. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um söngmál og tónlistarfræðslu á vegum þjóðkirkjunnar nr. 825/2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð núverandi stjórnar Tónskólans gildir til loka júnímánaðar 2003.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

**um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum
um meðferð kynferðisbrota nr. 739/1998.**

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um meðferð kynferðisbrota nr. 739/1998.

1. gr.

Ákvæði 2. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Kirkjuráð útnefnið fagråd um meðferð kynferðisbrotamála. Fagråd er skipað þremur einstaklingum og þremur til vara, er hafa sérþekkingu á kynferðisbrotum. Einn ráðsmanna skal vera lögfræðingur, annar skal vera guðfræðingur og sá þriðji skal vera læknir, sálfræðingur eða hjúkrunarfræðingur, eða hafa sambærilega menntun. Varamenn hvers ráðsmanns skulu uppfylla sömu skilyrði. Ráðsmenn skipa einn úr sínum hópi til þess að vera formaður fagráðsins.

2. gr.

Við 1. lið 3. gr. bætast orðin: og ráðgjöf.

3. gr.

Í stað „Kirkjuráð“ í 1. mgr. 4. gr. komi: Biskup.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Æskilegt er, að talsmaður gegni ekki öðrum störfum innan kirkjunnar.

5. gr.

Í stað orðanna „sbr. 12. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992“ í lokaml. 1. mgr. 6. gr. komi: sbr. 16. og 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

6. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Mæli lög ekki á annan veg er talsmanni, fagráðsmönnum og öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar skylt að gæta þagmælsku um einstök mál sem kunna að verða rekin á grundvelli starfsreglna þessara.

7. gr.

8. gr. orðist svo: Kirkjuleg yfirvöld skulu sjá til þess að sálgæsla verði veitt meintum geranda, fjölskyldu hans og þeim, sem í kirkjulegu starfi hafa verið í mikilvægu samstarfi við hann. Æskilegt er að sálgæsla þessi sé veitt af presti í heimahéraði, innan sóknar eða prófastsdæmis.

8. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. nóvember 2002. 2. ml. 10. gr. reglnanna fellur brott frá sama tíma.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

**um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum
um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000.**

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000.

1. gr.

Í 4. ml. 20. gr. starfsreglna um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000 falla brott orðin „lánnum úr kirkjubygingasjóði, sbr. lög nr. 21/1981, og“.

2. gr.

Ákvæði 22. gr. og 23. gr. starfsreglna um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000 falla brott.

3. gr.

Núverandi 24. gr. og 25. gr. verða 22. gr. og 23. gr.

4. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2003.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998.

1. gr.

Ákvæði b-liðar 1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Safnaðarfulltrúar og formenn sóknarnefnda eða varamenn þeirra.

Ákvæði 1. ml. 3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Á héraðsfundi hafa atkvæðisrétt tveir fulltrúar frá hverri sókn, sbr. b-lið 2. gr., starfandi prestar og djáknar.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2003.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998.

1. gr.

Ákvæði 10. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 732/1998, sbr. 2. gr. starfsreglna um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 821/1999, falla brott.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2003.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Borgarfjarðarsveit.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag
Daltúns í landi Steindórsstaða.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglu-
gerð nr. 318/1985.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

23. október 2002.

Fyrir hönd hreppsnefndar,

Linda Björk Pálsdóttir skrifstofustjóri Borgarfjarðarsveitar.

STJÓRNARTÍÐINDI B 124 – 2002

8. nóvember 2002

1909

Nr. 774

REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum við Suðausturland.

1. gr.

Frá og með 9. nóvember 2002 eru allar síldveiðar bannaðar á svæði við Suðausturland sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. $64^{\circ} 48'10$ N – $13^{\circ} 50'00$ V
2. $64^{\circ} 48'10$ N – $12^{\circ} 28'00$ V
3. $64^{\circ} 18'00$ N – $12^{\circ} 28'00$ V
4. $64^{\circ} 00'00$ N – $15^{\circ} 00'00$ V
5. $63^{\circ} 20'00$ N – $17^{\circ} 00'00$ V
6. $63^{\circ} 20'00$ N – $18^{\circ} 00'00$ V
7. $63^{\circ} 30'40$ N – $18^{\circ} 00'00$ V

Að norðan afmarkast svæðið við fjöruborð.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. nóvember 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum við Suðvesturland.

1. gr.

Frá og með 9. nóvember 2002 eru allar síldveiðar bannaðar á svæði við Suðvesturland sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 63° 56'40 N – 24° 01'40 V
2. 63° 42'00 N – 22° 58'00 V
3. 63° 42'00 N – 22° 25'00 V
4. 63° 20'00 N – 22° 25'00 V
5. 63° 20'00 N – 24° 33'00 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. nóvember 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 125 – 2002

12. nóvember 2002

1911

Nr. 776

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Bandaríkjunum vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá bandarískum dýrasjúkdóma-
yfirvöldum um upprætingu á „Newcastle Disease“, er framlengt bann landbúnaðarráðu-
neytisins sem sett var með auglýsingu nr. 700/2002, við innflutningi til landsins á lifandi
fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Bandaríkjunum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um
dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma
og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir
til 15. desember 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. nóvember 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

12. nóvember 2002

Nr. 777

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Danmörku vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dönskum dýrasjúkdómayfir-
völdum um upprætingu á „Newcastle Disease“, er framlengt bann landbúnaðarráðuneytis-
ins sem sett var með auglýsingu nr. 695/2002, við innflutningi til landsins á lifandi fuglum,
frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Danmörku.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um
dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Gutenberg

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Innflutningsbannið var tilkynnt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/34/EB um reglur um tilhögun upplýsinga-skipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 15. desember 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. nóvember 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 15. nóvember 2002 til og með 31. desember 2002, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°39'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 15. nóvember 2002 til og með 30. apríl 2003, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. nóvember 2002.

Árni M. Mathiesen.

Pórður Eypórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 126 – 2002

14. nóvember 2002

1913

Nr. 779

REGLUGERÐ

um bann við línu- og handfæraveiðum út af Deild.

1. gr.

Frá og með 16. nóvember 2002 eru allar línu- og handfæraveiðar bannaðar á svæði út af Deild sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 16'60 N – 23° 32'90 V
2. 66° 11'60 N – 23° 15'40 V
3. 66° 10'50 N – 23° 16'00 V
4. 66° 11'72 N – 23° 28'50 V
5. 66° 14'00 N – 23° 38'00 V

Milli punkta 3 og 4 afmarkast svæðið af ströndinni.

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. nóvember 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, göngustígur frá Hagaföt að Molduhrauni.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. nóvember 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin felst í því að aðalstígur frá Flötum að Molduhrauni færist að mestu til vesturs. Í stað tengingar við opið svæði á milli Sunnuflatar og Bakkaflatar verður tenging við stíg til suðurs frá Hagaföt. Við Molduhraun færist tenging u.þ.b. 70 m til vesturs.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 12. nóvember 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ

um sjálfvirkar vogir.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi fjallar um markaðssetningu og mælifræðilegar kröfur til löggildingarskyldra sjálfvirkra voga. Hér eftir er sjálfvirk vog nefnd vog.

2. gr.

Skilgreiningar.

Frum sannprófun (EBE-frumsannprófun) er aðferð til að tryggja að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar. Aðferðinni er lýst nánar í viðeigandi reglugerðum.

Gerðarviðurkenning (EBE-gerðarviðurkenning) byggir á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðeigandi reglugerða eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

WELMEC (The European cooperation in legal metrology) eru samtök evrópskra ríkja í lög mælifræði.

Flokkunarvog er sjálfvirk ósamfelld vog sem vegur einstaka hluti og flokkar þá í tvo eða fleiri flokka eftir massa þeirra.

Sjálfvirk ósamfelld vog er sjálfvirk vog sem vegur einstaka hluti eða afmarkaða skammta efnis en ekki samfellt streymi efnis.

Sjálfvirk ósamfelld samlagningarvog er sjálfvirk vog sem finnur massa búlka efnis með því að vigta það í hlutum og leggja saman, efninu er síðan skilað aftur í búlka.

Sjálfvirk samfelld samlagningarvog er sjálfvirk vog sem finnur massa búlka efnis með því að vigta samfellt flæði efnis eftir færibaldi, án þess að skipta því upp í skammta og með stöðugri hreyfingu færibandsins.

Sjálfvirk sekkjunarvog er sjálfvirk vog sem fyllir ílát með fyrirfram ákveðnum og nær föstum massa efnis. Vogin samanstendur af sjálfvirkum færslubúnaði og einni eða fleiri vogum ásamt viðeigandi stjórn- og áfyllingarbúnaði.

Sjálfvirk úrtaksvog er sjálfvirk ósamfelld vog sem vegur einstaka hluti og flokkar eftir mismun á massa þeirra og fyrirfram ákveðnu stilligildi.

Sjálfvirk verðmerkivog er sjálfvirk ósamfelld vog sem merkir eða verðmerkir vegna hluti.

Sjálfvirk vog er vog sem ákvarðar massa hlutar án afskipta notanda og fylgir fyrirfram ákveðnu sjálfvirku ferli sem einkennir vögina.

3. gr.

Markaðssetning.

Markaðssetning sjálfvirkra voga hér á landi er heimil svo fremi að vogargerðin hafi gerðarviðurkenningu frá Löggildingarstofu.

4. gr.

Gerðarviðurkenning.

Framleiðandi vogar eða viðurkenndur umboðsaðili hans getur sótt um gerðarviðurkenningu til Löggildingarstofu. Löggildingarstofa gefur út landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir sjálfvirkar vogir og gildir gerðarviðurkenning í allt að tíu ár frá útgáfudegi.

Landsviðurkenningin er byggð á eftirfarandi:

1. Samkomulagi WELMEC um gagnkvæma viðurkenningu á gerðarviðurkenningum sjálfvirkra voga.
2. Gerðarviðurkenningu skv. tilskipunum 75/410/EBE og 78/1031/EBE um sjálfvirkar vogir.
3. Landsbundinni gerðarviðurkenningu frá aðildarlöndum hins evrópska efnahagssvæðis.
4. Löggildingarstöðu vogagerðar fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.
5. Prófunum sem Löggildingarstofa hefur framkvæmt eða látið framkvæma.

Við mat á gerðarviðurkenningum skv. 3. t. l. og við prófanir skv. 5. t. l. skal miðað við kröfur viðauka I. Fyrir vogir með eldri löggildingar skal framfylgja kröfum um lágmarksmerkingar skv. viðauka I.

Gögn sem leggja þarf fram, þegar sótt er um gerðarviðurkenningu, eru tilgreind í viðauka II.

5. gr.

Frum sannprófun.

Ekki er krafist frumsannprófunar nýrra voga en söluaðili ber ábyrgð á því að vogir séu í samræmi við viðurkennda gerð.

6. gr.

Málskot.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 4. nóvember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

VIÐAUKI I

Mælifræðilegar kröfur og lágmarksmerkingar.*Inngangsorð um mælifræðilegar kröfur.*

Kröfurnar um hámarksfrávik í þessum viðauka eiga við þegar prófanir eru framkvæmdar vegna gerðarviðurkenningar sbr. 4. gr. Við ákvörðun um hvort hægt sé að veita gerðarviðurkenningu er einnig lagt mat á aðra þætti eins og merkingar og kröfur samkvæmt tæknilyngu framleiðanda.

Hámarksfrávik.

1. Sjálfvirk ósamfelld vog (A, A1, A2 og A3 í viðauka III):

Leyfileg hámarksfrávik fara eftir nákvæmnisflokki vogarinnar. Nákvæmnisflokkarnir eru táknaðir með $X(x)$ eða $Y(y)$.

Flokkur $X(x)$ á við vogir sem notaðar eru til að kanna massa fyrir e-merкта forpakk-aða vöru sbr. reglugerðir nr. 131/94 og 133/94. Flokkur $Y(y)$ er fyrir allar aðrar sjálfvirkar, ósamfelldar vogir.

Annars vegar gildir tafla 1 fyrir flokk $X(x)$ um mesta leyfilega frávik fyrir meðalgildi. Taflan er aðgreind eftir því hvort x er > 1 eða ekki. Hins vegar gildir tafla 2 um mesta leyfilega staðalfrávik fyrir grunnflokkinn $X(1)$. Þann dálk skal margfalda með nákvæmnisstuðli x , sem framleiðandinn tilgreinir. Stuðullinn getur haft gildin (1, 2 eða 5) $\times 10^k$, þar sem k er \pm heil tala eða núll.

Flokkur $Y(y)$ samanstendur af tveim flokkum $Y(a)$ og $Y(b)$, sjá töflu 3.

Vogir í flokki $X(x)$:

Tafla 1: Leyfileg frávik meðalgildis.

Ásettur massi (m) í lögdeilingum, e		Mesta leyfilega frávik fyrir meðalgildi
$(x) \leq 1$	$(x) > 1$	
$0 < m \leq 500$	$0 < m \leq 50$	$\pm 0,5e$
$500 < m \leq 2\,000$	$50 < m \leq 200$	$\pm 1,0e$
$2\,000 < m \leq 10\,000$	$200 < m \leq 1000$	$\pm 1,5e$

Dæmi: Pakkning 1000 g, $e=1$ g og nákvæmnisstuðull $x=0,2$.

Lausn: $m=1000$ og leyfileg frávik meðalgildis allt að $\pm 1,0$ g.

Tafla 2: Staðalfrávik.

Ásettur massi (m)	Mesta leyfilega staðalfrávik fyrir grunnflokk $X(1)$
$m \leq 50$ g	0,48%
50 g $< m \leq 100$ g	0,24 g
100 g $< m \leq 200$ g	0,24%
200 g $< m \leq 300$ g	0,48 g
300 g $< m \leq 500$ g	0,16%
500 g $< m \leq 1\,000$ g	0,8 g
$1\,000$ g $< m \leq 10\,000$ g	0,08%
$10\,000$ g $< m \leq 15\,000$ g	8,0 g
$15\,000$ g $< m$	0,053%

Dæmi: Pakkning 1000 g, $e=1$ g og nákvæmnisstuðull $x=0,2$.

Lausn: $m=1000$ g og staðalfrávik allt að $0,2 \times 0,8$ g = 0,16 g.

Vogir í flokki $Y(y)$:

Tafla 3:

Ásettur massi (m) í lögdeilingum, e		Leyfileg hámarksfrávik
Flokkur $Y(a)$	Flokkur $Y(b)$	
$0 < m \leq 500$	$0 < m \leq 50$	$\pm 1,5e$
$500 < m \leq 2\,000$	$50 < m \leq 200$	$\pm 2,0e$
$2\,000 < m \leq 10\,000$	$200 < m \leq 1000$	$\pm 2,5e$

Dæmi: Pakkning 1000 g og $e=1$ g

Lausn: $m=1000$ og leyfilegt hámarksfrávik $\pm 2,0$ g í flokki $Y(a)$ en $\pm 2,5$ g í flokki $Y(b)$

Vogir í nákvæmnisflokki Y(y) skulu hafa lágmarksvigtunargetu sem er 20e fyrir Y(a), 10e fyrir Y(b) og 5e fyrir vogir til nota fyrir ákvörðun burðargjalda, hvort heldur þær eru af flokki Y(a) eða Y(b).

2. Sjálfvirk sekkjunarvog (D í viðauka III):

Leyfileg hámarksfrávik fara eftir nákvæmnisflokki vogarinnar, nákvæmnisflokkurinn er táknaður með X(x). Leyfilegt hámarksfrávik fyrir hverja áfyllingu er fundið með því að margfalda viðeigandi fráviksgildi úr töflunni hér að neðan með (x). Gildi (x) getur verið 1×10^k , 2×10^k eða 5×10^k , þar sem k getur verið jákvæð eða neikvæð heil tala eða núll.

Leyfileg hámarksfrávik fyrir hverja áfyllingu (sekkjun) frá meðaltali fyrir flokk X(1).

Massi áfyllingar M í g	Leyfileg hámarksfrávik fyrir nákvæmnisflokk X(1)
$M \leq 50$	6,3%
$50 < M \leq 100$	3,15 g
$100 < M \leq 200$	3,15%
$200 < M \leq 300$	6,3 g
$300 < M \leq 500$	2,1%
$500 < M \leq 1\ 000$	10,5 g
$1\ 000 < M \leq 10\ 000$	1,05%
$10\ 000 < M \leq 15\ 000$	105 g
$15\ 000 < M$	0,7%

Ath.: Aðlaga má frávikatöfluna einingastærð þess efnis sem verið er að fylla með.

Viðmiðunargildi fyrir fjölda áfyllinga til að finna meðaltalið í töflunni hér að ofan:

Markgildi áfyllingar (m)	Fjöldi áfyllinga
$m \leq 10\text{ kg}$	60
$10\text{ kg} < m \leq 25\text{ kg}$	32
$25\text{ kg} < m \leq 100\text{ kg}$	20
$100\text{ kg} < m$	10

Þegar unnt er að stilla markgildi áfyllingar, má mismunur markgildis og raunverulegs meðaltals ekki fara yfir hlutfallið 0,36 af leyfilegu hámarksfrávik frá meðaltali.

3. Sjálfvirk ósamfelld samlagningarvog (B í viðauka III):

Leyfileg hámarksfrávik eru:

Nákvæmnisflokkur	Leyfileg hámarksfrávik á samanlagðri vigtun
0,2	$\pm 0,10\%$
0,5	$\pm 0,25\%$
1	$\pm 0,50\%$
2	$\pm 1,00\%$

Samlagningardeiling (d_t) skal vera á bilinu: $0,01\% \text{ Max} < d_t < 0,2\% \text{ Max}$.

Lágmarks samanlögð vigtun (Σ_{\min}) skal vera stærri en lágmarksvigtun (Min) og einnig stærri en sá vegni massi sem gefur leyfileg hámarksfrávik jöfn d_t .

Dæmi:

Max: 1000 kg

Min: 200 kg

$d_t = 0,2$ kg (liggur í tilskildu bili)

Nákvæmnisflokkur: 0,5

$\Sigma_{\min} > \text{Min} = 200$ kg

$\Sigma_{\min} > d_t/0,25\% = 80$ kg

Stærri talan gildir þ.e. lágmarks samanlögð vigtun skal vera stærri en 200 kg.

4. Sjálfvirk samfelld samlagningarvog (C í viðauka III):

Lágmarksvigtun (Min) á hverjum tíma skal ekki vera minna en 20% af hámarksgetu (Max).

Lágmarks samanlögð vigtun (Σ_{\min}) skal ekki vera minni en stærsta eftirfarandi gildi:

- 2% af samanlögðum massa við hámarksflæði í eina klukkustund.
- Veginn massi við hámarksflæði og færslu færibands um einn hring.
- Veginn massi sem jafngildir eftirfarandi fjölda samlagningardeilinga d_t :
 - 800 fyrir vogir í nákvæmnisflokki 0,5.
 - 400 fyrir vogir í nákvæmnisflokki 1.
 - 200 fyrir vogir í nákvæmnisflokki 2.

Leyfileg hámarksfrávik

Nákvæmnisflokkur	Prósent af massa samanlagðrar vigtunar
0,5	0,25
1	0,50
2	1,00

Færsluhraði færibands skal vera tilgreindur af framleiðanda og má hraðinn ekki víkja frá uppgefnu gildi um meira en 5%.

Lágmarksmerkingar.

5. Lágmarksmerkingar eru sem hér segir:

1. Vogargerð og framleiðandi.
2. Hámarksgeta.
3. Lágmarksgeta.
4. Lágmarks leyfileg samanlögð vigtun, ef við á.
5. Skerðingargildi.
6. Raðnúmer.

VIÐAUKI II

Gögn vegna umsóknar um gerðarviðurkenningu.

1. Umsókn.

- 1.1. Á umsókninni skulu koma fram eftirfarandi atriði:
 - Nafn umsækjanda.
 - Kennitala.

- Aðsetur.
 - Nafn framleiðanda vogar.
 - Gerð vogar.
 - Kennistærðir vogar.
 - Hönnunarlýsing.
- 1.2. Staðfesting framleiðanda eða eiganda vogar að vogargerðinni verði ekki breytt án samráðs við Löggildingarstofu. Löggildingarstofa metur hvort breytingar sem gera skal á vog séu óverulegar eða hvort þörf sé á að gefa út viðauka við landsviðurkenningu þar sem breytingarnar eru tilgreindar eða séu þess eðlis að fella þurfi gerðarviðurkenninguna úr gildi.
2. Fylgigögn.
- 2.1. Með umsókn skulu fylgja gögn því til staðfestingar að kröfur 4. gr. séu uppfylltar. Ef gerðarviðurkenningin er lögð fram samkvæmt ákvæðum WELMEC samkomulags, þarf ekki frekari gögn og íslensk landsviðurkenning er gefin út án tafar.
3. Annað.
- 3.1. Umsækjandi ábyrgist að tilkynna Löggildingarstofu um allar breytingar sem gerðar eru á voginni. Löggildingarstofa leggur mat á hvort breytingarnar séu þess eðlis að nauðsynlegt sé að gefa út viðauka við landsviðurkenninguna og skal matið rökstutt.
- 3.2. Umsækjandi greiðir kostnað við gerðarviðurkenningu.

VIÐAUKI III

Vogargerðir.

	Vogargerð	Ensk heiti samsvarandi vogargerða samkvæmt Alþjóða lögmælifræðistofnuninni OIML
A	Sjálfvirk ósamfelld vog	Automatic catchweigher. Tilmæli OIML R 51-1
A1	Sjálfvirk úrtaksvog	Automatic checkweigher
A2	Flokkunarvog	Weightgrader
A3	Sjálfvirk verðmerkivog	Weigh labeller / price labeller
B	Sjálfvirk ósamfelld samlagningarvog	Discontinuous totalizer. Tilmæli OIML R 107-1
C	Sjálfvirk samfelld samlagningarvog	Continuous totalizer. Tilmæli OIML R 50-1
D	Sjálfvirk sekkjunarvog	Automatic gravimetric filling instrument. Tilmæli OIML R 61-1

REGLUGERÐ

fyrir Skagafjarðarveitur ehf.

I. KAFLI

Rekstrarform, tilgangur o.fl.

Eignarhald.

1. gr.

Skagafjarðarveitur ehf. er einkahlutafélag sem er í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og er starfrækt sem sjálfstætt fyrirtæki, í reglugerð þessarri nefnt SkV.

Tilgangur.

2. gr.

Tilgangur SkV er að meginstefnu rekstur hitaveitna og önnur sú starfsemi sem tengist vinnslu, dreifingu og sölu á heitu vatni.

Veitusvæði.

3. gr.

Veitusvæði SkV er lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar, en auk þess þau önnur sveitarfélög sem gera samkomulag við SkV þar að lútandi. Sveitarstjórn Skagafjarðar fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagafjarðar framseldi þann 8. október 2002 einkaleyfi sitt til SkV á dreifingu og sölu á heitu vatni í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar til 25 ára, að undanskildu því svæði, sem Hitaveita Hjaltadals nær nú til.

II. KAFLI

Stjórn Skagafjarðarveitna ehf.

Stjórn.

4. gr.

Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. fer með stjórn SkV samkvæmt lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994 og er kosinn á lögmatum hluthafafundi. Stjórnin skal skipuð 3 mönnum og 3 til vara.

Stjórnin er ákvörðunarþær þegar meirihluti hennar sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum.

Rétt til setu á fundum stjórnar, með málfrelsi og tillögurétt, hefur framkvæmdastjóri SkV sbr. 6. gr.

Verksvið stjórnar.

5. gr.

Helstu verkefni stjórnar eru:

1. Annast stefnumótun um uppbyggingu, rekstur og þjónustusvið veitnanna.
2. Gera áætlanir um öflun og dreifingu á heitu vatni og vinna að framkvæmd þeirra í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma.
3. Gera gjaldskrá fyrir SkV.
4. Gera meiriháttar samninga um sölu á heitu vatni.
5. Gera árlega fjárhagsáætlun og eftir atvikum langtímaáætlun, samkv. gildandi lögum og reglum.
6. Gefa hluthöfum þær skýrslur sem óskað er eftir.
7. Semja nánari reglur um einstök framkvæmdatriði reglugerðarinnar.

Framkvæmdastjóri.

6. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra SkV. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur SkV. Hann ræður starfsmenn til veitnanna eftir þörfum. Framkvæmdastjóri situr fundi stjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Fjárhagur.

7. gr.

SkV skal hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reikningshald. Reikningsár SkV er alm-anaksárið.

Tekjum SkV skal varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstri og stofnkostnaði þannig að tryggður sé öruggur rekstur veitnanna, svo og til greiðslu afborgana og vaxta af skuldum fyrirtækisins vegna stofnkostnaðar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af stjórn.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.*Húsveita, kaupandi o.fl.*

8. gr.

Eigandi húseignar, eða annarra mannvirkja er hafa húsveitur tengdar SkV, telst eigandi húsveitu. Kaupandi vatns er sá sem skráður er fyrir viðkomandi mæli eða hemli hjá SkV hverju sinni.

Afhending og meðferð vatns, eignarréttur o.fl.

9. gr.

SkV afhendir heitt vatn um veitukerfi sitt í samræmi við gildandi reglugerð og gjaldskrá á hverjum tíma.

Framkvæmdastjóra SkV er heimilt að semja sérstaklega um sölu á vatni utan almennra söluskilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki stjórnar.

SkV er heimilt að nota aftur heitt vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi hvers húseiganda (bakrennslisvatn), endurgjaldslaust. Heimilt er að leyfa frekari nýtingu þess, svo sem til upphitunar í gripahúsum, bílastæðum, gróðurhúsum o.s.frv.

SkV ber enga ábyrgð á tjóni er kann að leiða af notkun bakrennslisvatns, s.s. frostskeimmdum o.þ.h. Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og annan slíkan búnað við framrás eða bakrás hitaveitu. Húseiganda er heimilt að setja varmaskipta á heitt neysluvatn og vatn til kyndingar, enda kosti hann þá framkvæmd sjálfur.

Breytingar á þrýstingi, magni o.fl.

10. gr.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi eða magni á heitu vatni eru án ábyrgðar SkV. Sama gildir um hitastig heita vatnsins. Um breytingar, er stafa af öðrum ástæðum, skal SkV tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara sé þess nokkur kostur.

Þar sem svo hagar til að þrýstingsmunur er umtalsverður á kerfum hita- og vatnsveitu kann að vera nauðsynlegt að setja þrýstimminkara á húskerfi til að jafna þrýsting. Húseiganda ber að setja slíkan búnað upp á sinn kostnað telji pípulagningameistari hússins, byggingarfulltrúi eða SkV það nauðsynlegt.

Rekstrartruflanir o.fl.

11. gr.

Ef nauðsyn krefur, vegna viðgerða á dælustöðvum, vatnsgeymum, vatnsæðum og öðrum lögnum veitukerfa SkV eða af öðrum ástæðum, getur SkV fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, takmarkað vatnsrennsli eða lokað fyrir vatn, eftir því sem þörf krefur hverju sinni, enda tilkynni SkV fyrirfram um slíkar takmarkanir, ef unnt er.

SkV ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartruflunum er kunna að verða á veitukerfunum svo sem vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar. Þurfi að takmarka notkun á heitu vatni ákveður SkV hvar og hvernig takmarkanir fara fram. Takmörkun um skamman tíma hefur ekki áhrif á skyldu til greiðslu mælaleigu eða fasta- og hemlagjalda.

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og SkV skal kappkosta að koma á eðlilegum rekstri svo fljótt sem verða má.

Full vatnsgjöld, svo og fastagjald hitaveitu eða mælaleigu ber að greiða, þótt lokun fari fram og SkV ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við veitukerfi SkV, rafmagnstruflana eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum.

SkV er ekki skylt að greiða bætur vegna takmörkunar á vatnsafhendingu eða vegna tímabundinnar lækkunar á hitastigi heita vatnsins.

Viðhald húsveitu.

12. gr.

Í samræmi við skyldur samkvæmt byggingarlögum og reglugerðum er húsráðendum skylt að halda vel við vatnslögnum og vatnstækjum innanhúss.

Endursala.

13. gr.

Kaupendum er óheimil endursala á heitu vatni nema um það sé sérstaklega samið.

IV. KAFLI

Gjaldskrár og söluskilmálar.*Gild umsókn um tengingu húsveitu.*

14. gr.

Skilyrði fyrir sölu á vatni er að í gildi sé samþykkt umsókn um tengingu viðkomandi húsveitu við veitukerfi SkV. Sækja skal um tengingu á þar til gerðu eyðublaði.

Samningur um kaup á heitu vatni.

15. gr.

Upphaf og lok samnings um kaup á heitu vatni er við skráningu tilkynningar hjá SkV þess efnis. Tilkynningin skal undirrituð af báðum aðilum, þ.e.a.s. þeim er hyggst hætta viðskiptum og þeim er tekur við.

Mælar, hemlar, stærð, gerð, prófanir o.fl.

16. gr.

SkV ákveður stærð og gerð hemla og rennislismæla sem notaðir eru í mælagrundur. Miðað er við að fyrirtæki noti rennislismæla en eigendur íbúðarhúsnæðis geta valið á milli rennislismælis eða hemils fyrir heitt vatn. SkV breytir stillingu hemils eftir óskum húseig-

anda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitakerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við SkV fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt heitavatsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítri. Selt vatns-magn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skal SkV greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða SkV, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

Fastagjald og gjald fyrir mælda notkun.

17. gr.

Gjaldi vegna kaupa á heitu vatni er skipt í fast gjald, gjald eftir hemli (lítri á mínútu) og gjald fyrir hvern seldan rúmmetra vatns samkvæmt rennismæli auk mælaleigu. Greiðsla fastagjalds eða mælaleigu hefst þegar uppsetningu mælagrindar er lokið, óháð því hvenær vatnskaup hefjast.

Kaupandi skal greiða fastagjaldið/mælaleigu þrátt fyrir stöðvun á vatnsafhendingu vegna vanskila eða annarra vanefnda kaupanda þar til samningur um kaup á heitu vatni er úr gildi fallinn vegna uppsagnar.

Reikningar, uppgjör o.fl.

18. gr.

Kaupandi skal greiða SkV fyrir heitt vatn samkvæmt gildandi gjaldskrá SkV. Við breytingar á gjaldskrá skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til. SkV má byggja reikninga á áætlun um vatnskaup og innheimta samkvæmt slíkri áætlun.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, eða ef vatnsmælir bilar áætla SkV heitavatsnotkun með hliðsjón af eðlilegri þörf viðkomandi húss/mannvirkis. Reikningar, sem byggjast á staðreyndri vatnsnotkun, nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri notkun, nefnast áætlunarreikningar.

Vatnsnotkun samkvæmt mælum skal staðreynd eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar vatnsnotkun hefur verið staðreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Kaupandi getur þó jafnan, gegn greiðslu mælaálestrargjalds, krafist aukaálestrar og uppgjors. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um vatnskaupin vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda kaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur. Reikninga ber að greiða á tilgreindum gjalddaga og eigi síðar en á eindaga. Sé reikningur eigi greiddur innan tilgreinds frests (fyrir eindaga) er fram kemur á reikningi, reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Útsending reikninga fyrir vatnsnotkun skal fara fram eigi sjaldnar en annan hvern mánuð.

V. KAFLI

Lagning veitukerfa, viðhald o.fl.

Veitukerfið.

19. gr.

SkV lætur leggja og á allar lagnir veitukerfisins. Með veitukerfi er átt við aðveituæðar,

stofnæðar, dreifiæðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss til og með stofnkрана, vatnsmæli eða hemli enda er skylt að þeir séu á inntaki, sbr. 22. gr. um inntaksrými.

Heimæðar.

20. gr.

Sækja skal um lagningu heimæða til SkV á þar til gerðu eyðublaði þegar framkvæmdir hefjast á lóð. Umsókn skulu fylgja viðeigandi teikningar samþykktar af byggingaryfirvöldum í Skagafirði og skal á þeim gerð grein fyrir afstöðu húss/mannvirkis og væntanlegum inntaksstað fyrir heitt vatn. Hönnuðir skulu hafa samráð við SkV um væntanlega legu lagna á lóð og gera grein fyrir þeim á teikningum.

SkV er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð, og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir heitt vatn við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar ef húsið er kjallaraalaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna.

SkV ber ekki skylda til að leggja heimæðar meðan frost er í jörðu eða á tímabilinu frá 1. október til 1. júní nema greiðsla á áföllnum aukakostnaði komi til.

Um tengibúnað.

21. gr.

Sækja skal um uppsetningu tengibúnaðar og kaup á vatni á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípu-lagningameistara þeim sem verkið á að annast. Mælagrind hitaveitu er sett upp þegar heimæðargjald hefur verið greitt.

Um lagningu heimæða og gerð inntaksrýmis.

22. gr.

Við hönnun húsa skal gera ráð fyrir og staðsetja á uppdrætti rými fyrir stofnloka heimæðar mæli eða hemil og annan búnað í eigu SkV. Inntaksrými skal uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar. Tengja skal öryggisloka hitakerfis við frárennislagnir. Inntaksrými skal vera aðgengilegt starfsmönnun SkV.

SkV annast lagningu eigin veitukerfis og tengingu við húsveitur. Þó skal húseigandi/húsbyggjandi koma fyrir inntaksvinklum og/eða ídráttarinntaksbeygjum í samráði við SkV.

SkV ákveður hvort lagt er einfalt eða tvöfalt (framrásar- og bakrásarkerfi) kerfi að húsi. Við framkvæmdir skal SkV halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal SkV færa allt til fyrra horfs, eftir því sem við verður komið.

Húseigandi á ekki kröfu til sérstakrar greiðslu vegna lagningar veitukerfa SkV.

Kostnaður við tengingu.

23. gr.

SkV kostar lagningu eigin veitukerfis, en húseigandi greiðir heimæðargjald samkvæmt gjaldskrá, fyrir hverja heimæð með mæli eða hemli.

Kostnaður við breytingar.

24. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi greiða.

Húseigandi greiðir breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi SkV.

Áhleyplingar.

25. gr.

Engir aðrir en umboðsmenn SkV mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu. Pípuþingameistari skal annast prófun hitalagna í samráði við byggingarfulltrúa sem sér um úttekt kerfisins og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

Aðgangur að veitukerfi, lögnum o.fl.

26. gr.

SkV hefur rétt til aðgangs að húsnæði því, sem tengt er veitukerfi hennar, til viðhalds, eftirlits og breytinga.

Í þeim undantekningartilfellum, þar sem inntak hitaveitu og mælagrind eru ekki í sama herbergi, skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stökk sem auðvelt er að opna, og ber hús-eigandi ábyrgð á tjóni er leki á slíkri millilögn kann að valda.

Óheimilt er að hylja mælagrind á þann hátt að það valdi erfiðleikum við viðhald og viðgerðir og eigi má setja hillur eða annað ofan við mæli þannig að það hindri eðlilegan aflestur, og getur SkV krafist úrbóta sé frágangur umhverfis mælagrind ekki í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. SkV getur lagfært slíka ágalla á kostnað húseiganda verði dráttur á úrbótum, sbr. 30. gr.

Viðhald heimæða.

27. gr.

Við viðhald heimæðar skulu starfsmenn SkV halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um. Sé nauðsynlegt vegna bilunar eða endurnýjunar á heimæð að grafa upp heimæðina er starfsmönnum veitunnar það heimilt, en færa skulu þeir lóð til fyrra horfs eins og unnt er.

Starfsmönnum SkV er heimilt vegna endurnýjunar heimæðar að leggja hana á öðrum stað frá dreifiæð í hús, telji þeir það heppilegra til að forðast skemmdir. Enn fremur er starfsmönnum heimilt að höfðu samráði við húseiganda, að fara með heimæð inn í hús á öðrum stað, ef ekki er unnt að nota þann stað sem fyrir er, nema valda miklu og/eða óbæt-anlegu tjóni. Hafi húseigandi gróðursett trjáplöntur, steypt vegg, stéttar, bifreiðastæði eða annað sambærilegt yfir heimæð, eða lagt yfir hana snjóbræðslukerfi, ber SkV ekki ábyrgð á því tjóni sem kann að verða vegna nauðsynlegra aðgerða veitunnar, nema tjónið verði rakið til gáleysis starfsmanna hennar.

Eigandi fasteignar á ekki kröfu á sérstakri greiðslu fyrir óþægindi vegna viðhalds eða endurnýjunar heimæðar.

VI. KAFLI

Innheimta vanskila, viðurlög við brotum o.fl.*Um stöðvun vatnsafhendingar vegna vanskila.*

28. gr.

SkV hefur rétt til að stöðva afhendingu á heitu vatni til kaupanda sem greiðir ekki áætlunar- eða álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari.

Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa að undangenginni skriflegri aðvörun sem sendist kaupanda með fimm daga fyrirvara. SkV ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar.

SkV hefur rétt til að krefja kaupanda um greiðslu gjalds samkvæmt gjaldskrá hafi komið til stöðvunar vatnsafhendingar af ástæðum sem um getur í 1. mgr. Heimilt er SkV að krefjast greiðslu þessarar áður en heitavatnsafhending er hafin á ný. Þó ekki komi til stöðvunar á afhendingu á heitu vatni er SkV heimilt að krefja kaupanda um gjald vegna undirbúnings að stöðvun. Fastagjald/mælaleiga greiðist þó vatnsafhending hafi verið stöðvuð.

Innsigli, ólögmæt notkun o.fl.

29. gr.

Starfsmenn SkV innsigla hemla og vatnsmæla, svo og annan þann inntaksbúnað í eigu SkV, er þurfa þykir. Þessi innsigli mega engir aðrir en starfsmenn SkV rjúfa. Ef rofið er innsigli á búnaði SkV varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum, sama á við um ólögmæta vatnsnotkun (vatnsstuld).

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli en þá skal viðkomandi strax tilkynna SkV um atvikið (neyðartilvik).

Húseigandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu SkV og greiðir hann kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar sem verður fyrir skemmdum af hans völdum eða þeirra aðila sem hann ber ábyrgð á.

Húseiganda/kaupanda ber tafarlaust að tilkynna, til SkV, ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum veitunnar.

Enginn má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem SkV hefir veitt umboð til þess. Sé húsveita tengd heitavatnskerfi SkV í heimildarleysi, getur SkV aftengt húsveituna fyrirvaralaust. Fara skal með slíkt brot sem ólögmæta vatnsnotkun.

Verði uppvíst að vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun, skal SkV áætla það vatnsmagn sem notað hefur verið með ólögmætum hætti og innheimta sérstaklega.

Vanræksla.

30. gr.

Vanræki húseigandi að vinna verk, sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari að framkvæma, eða sé verk ekki unnið á viðunandi hátt, er SkV heimilt að láta vinna það á hans kostnað, hafi hann ekki orðið við tilmælum um að vinna verkið innan tiltekins frests.

Aðför - Fjárnám.

31. gr.

Öll gjöld vegna heits vatns þ.m.t. heimæðargjald samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með fjárnámi, skv. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, og 79. gr. orkulaga nr. 58/1967, með síðari breytingum.

Viðurlög.

32. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Gildistaka o.fl.

33. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Með gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð um Hitaveitu Skagafjarðar nr. 871/1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 5. nóvember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Suðurhafnar“ vegna olíubirgðastöðvar í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 15. október 2002 breytingu á deiliskipulagi „Suðurhafnar“ vegna olíubirgðastöðvar í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að byggingarreitum á lóð dælustöðvar á reit 5.4a og lóðum A1 og A2 á reit 5.4c er breytt og afmarkaður er sérstakur byggingarreitur fyrir olúgeyma innan almenns byggingarreits á lóð A1 ásamt nýjum ákvæðum, kvöðum og skilmálum.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 7. nóvember 2002.

Hafðís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997 - 2017, gatnamót hringvegur og Snæfellsnesvegur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. nóvember 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. júní 1998.

Breytingin varðar breytta legu gatnamóta við hringveg og Snæfellsnesveg og fyrirhugað hringtorg. Við breytinguna breytist afmörkun aðliggjandi landnotkunarsvæðis lítillega.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 7. nóvember 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 139, 28. febrúar 1994 um rennismæla fyrir kalt vatn.

1. gr.

Við 2. gr. bætast 3 nýjar málsgreinar er orðist svo:

EA (European cooperation for Accreditation) eru samtök evrópskra ríkja í faggildingum.

Kaldavatnsmælir er rennismælir fyrir kalt vatn.

WELMEC (European cooperation in legal metrology) eru samtök evrópskra ríkja í lög-mælifræði.

2. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Kaldavatnsmæla með rafeindabúnaði er heimilt að setja á markað ef þeir standast kröfur viðauka II, bera gild auðkenni þar að lútandi og eru innsiglaðir.

3. gr.

3. mgr. tl. 3.5 í viðauka orðist svo: Raunveruleg eða sýnileg hæð stafanna skal ekki vera lægri en 4 mm.

4. gr.

Nýr viðauki um rafeindamæla bætist við reglugerðina.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992 og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 4. nóvember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Borgeir Örlygsson.

VIÐAUKI II

1. Rafeindamælar.

Þessi viðauki á aðeins við um kaldavatnsmæla með rafeindabúnaði. Þeir nefnast hér rafeindamælar, en mælar er byggjast á aflfræðilegri virkni, sbr. fyrri viðauka, nefnast hér aflfræðilegir mælar.

2. Tæknilegar kröfur.

Rafeindamælar skulu uppfylla sambærilegar kröfur og aflfræðilegir mælar. Til að sýna fram á að rafeindamælir uppfylli tæknilegar kröfur þarf hann að hljóta gerðarviðurkenningu og vera frumsannprófaður í samræmi við kröfur þessa viðauka.

3. Gerðarviðurkenning.

Einungis má markaðssetja rafeindamæla hafi Löggildingarstofa veitt þeim innlenda gerðarviðurkenningu. Löggildingarstofu er heimilt að byggja gerðarviðurkenningu á

viðurkenningum frá aðildarlöndum WELMEC og á prófunum frá prófunarstofum sem eru faggiltar innan EA til gerðarprófana á rafeindamælum.

4. Frumsannprófun.

Við frumsannprófun rafeindamæla skulu mælarnir standast kröfur sambærilegar þeim sem gerðar eru til aflfræðilegra mæla og skal hafa aðferðir EBE um mælifræðilegt eftirlit skv. reglugerð nr. 129/1994 til hliðsjónar. Löggildingarstofu er heimilt að samþykka frumsannprófanir rafeindamæla frá aðildarlöndum WELMEC. Prófanir unnar af prófunarstofum sem eru faggiltar innan EA til frumsannprófana á rafeindamælum teljast fullgildar.

5. Hlutverk Löggildingarstofu.

Löggildingarstofa gefur út gerðarviðurkenningu rafeindamæla samkvæmt 3. tölul. Löggildingarstofa hefur umsjón með frumsannprófunum innanlands og leggur mat á erlendar frumsannprófanir rafeindamæla samkvæmt 4. tölul. Faggiltar prófunarstofur geta tekið að sér frumsannprófanir í umboði Löggildingarstofu. Löggildingarstofa sker úr um hvaða kröfur eru gerðar til gerðarviðurkenningar og frumsannprófunar rafeindamæla samkvæmt þessum viðauka. Úrskurði hennar má þó vísa til ráðherra til endanlegrar ákvörðunar, enda sé það gert innan fjögurra vikna frá því að Löggildingarstofa kvað upp úrskurð sinn.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000.

1. gr.

Stafliður b í 1. mgr. 11. gr. starfsreglna um kirkjuráð fellur brott.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. nóvember 2002.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um skipan sókna,
prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

1. gr.

Ákvæði 2. ml. 5. gr. starfsreglna um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998 falla brott.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. desember 2002.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um þjálfun prestsefna.

„STARFSREGLUR

um þjálfun prestsefna.

1. gr.

Biskup Íslands ábyrgist starfsþjálfun prestsefna og setur nánari fyrirmæli um innihald
hennar. Starfsþjálfunarnefnd skipuð af biskupi til fjögurra ára annast um framkvæmd starfs-
þjálfunar. Biskup setur nefndinni erindisbréf.

2. gr.

Starfsþjálfun skal tryggja að prestsefni öðlist sem mesta færni til að starfa sem prestur
þjóðkirkjunnar.

3. gr.

Heimilt er hverjum guðfræðinema sem hug hefur á kirkjulegu starfi að loknu námi, að
sækja um starfsþjálfun er hann hefur lokið 60 eininga námi við guðfræðideild Háskóla
Ísland hið minnsta.

4. gr.

Guðfræðinema skal skylt að taka þátt í starfsþjálfun með fullnægjandi hætti að mati starfsþjálfunarnefndar á hverjum tíma.

Fyrri hluta starfsþjálfunar sem veitir réttindi til að sækja um prestsembætti lýkur að jafnaði um leið og nemi lýkur kandidatsprófi. Síðari hluti starfsþjálfunar fer fram þegar kandidat hefur fengið embætti.

Kirkjuráð kveður nánar á um greiðslur vegna starfsþjálfunar að fengnum tillögum starfsþjálfunarnefndar.

5. gr.

Að loknum fyrri hluta starfsþjálfunar veitir starfsþjálfunarnefndin biskupi umsögn um guðfræðinema. Þar skal nefndin m.a. láta í té álit sitt á því hvort hlutaðeigandi sé hæfur til að gegna prestsembætti.

Að því loknu gefur biskup út staðfestingu á því að guðfræðinemi hafi lokið lögboðinni starfsþjálfun með fullnægjandi hætti og sé hæfur til að taka prestsvígslu.

6. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. 38. gr. og 59. gr. laga nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2003. Starfsreglur um þjálfun prestsefna nr. 736/1998 falla brott frá sama tíma.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

1. gr.

Orðið „prófasti“ í 2. mál. 15. gr. fellur brott.

2. gr.

Við 16. gr. bætist nýr málsl. svohljóðandi:

Hlutaðeigandi prófasti skal gefinn kostur á að lýsa við valnefndina sjónarmiðum sem varða prófastsdæmið í heild.

3. gr.

Við 18. gr. bætist: og umsækjendur.

4. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar öðlast gildi 1. janúar 2003.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um
skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

1. gr.

Ákvæði 12. gr. breytast sem hér segir:

1. Kjalarnessprófastsdæmi.

Kirkjuvogssókn sem tilheyrir Grindavíkurprestakalli skal tilheyra Njarðvíkurprestakalli.

Vallasókn nefnist Ástjarnarsókn og Vallaprestakall nefnist Tjarnaprestakall.

Kálfatjarnarsókn sem tilheyrir Garðaprestakalli skal tilheyra Tjarnaprestakalli.

Saurbæjarsókn skiptist milli Brautarholtssóknar og Reynivallasóknar. Sóknarmörk eru hin sömu og mörk Reykjavíkur og Kjósarhrepps.

2. Ísafjarðarprófastsdæmi.

Melgraseyrar- og Nauteyrarsóknir, sem tilheyra Staðarprestakalli, skulu tilheyra Hólma-
víkurprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi.

2. gr.

Starfsreglur þessar öðlast gildi 1. nóvember 2002. Stofnun Grafarholtsprestakalls, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, er frestað til 1. júlí 2004. Fram að þeim tíma tilheyrir Grafarholtssókn Árbæjarprestakalli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sett verði í sóknarprestsembætti í Prestsbakkaprestakalli frá 1. nóvember 2002 til árs-
loka 2003.

Sett verði í sóknarprestsembætti í Bíldudalsprestakalli frá 1. nóvember 2002 til ársloka 2003.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um kirkjuþing nr. 729/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um kirkjuþing nr. 729/1998.

1. gr.

Við 1. gr. bætist nýr málsl. svohljóðandi:

Ennfremur hafa þeir prestar kosningarrétt sem settir eru til þjónustu í kjördæminu til lengri tíma en eins árs samfellt.

2. gr.

Í stað orðanna „tvo menn í stjórn Kirkjubyggingasjóðs, sbr. lög um Kirkjubyggingasjóð nr. 21 18. maí 2002 og mann í skipulagsnefnd kirkjugarða“ í 1. mgr. 35. gr. komi: og kjósa fulltrúa í kirkjugararáð.

1.-4. tl. 1. mgr. 35. gr. falla brott. 5. tl. verður 1. tl. og 6. tl. verður 2. tl.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. nóvember 2002.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

REGLUGERÐ

um löggildingu kaldavatnsmæla.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi mælir fyrir um prófanir og löggildingu kaldavatnsmæla sem eru löggildingarskyldir sbr. 5. gr. í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu.

2. gr.

Skilgreiningar.

Frum sannprófun (EBE-frumsannprófun) er aðferð til að sannreyna að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar. Aðferðinni er lýst nánar í viðeigandi reglugerðum.

Gerðarviðurkenning (EBE-gerðarviðurkenning) byggir á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðkomandi tilskipana og reglugerða eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

Heimiluð hámarksfrávik eru stærstu gildi sem leyfð eru fyrir frávik í reglugerðum, stöðlum og öðrum kröfuskjölum fyrir tiltekin mælitæki.

Mæligrunnur merkir ápreifanlegan mælikvarða, mælitæki eða mælibúnað til þess að skilgreina, raungera, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.

3. gr.

Hæfniskröfur.

Löggildingaraðili skal uppfylla þær hæfniskröfur sem fram koma í reglugerð nr. 648/2000 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Prófunarmaður skal vera vél- eða málmiðnaðarmaður eða hafa sambærilega menntun og hafa yfir að ráða nægilegri tæknikunnáttu til að annast löggildingar kaldavatnsmæla og meta ástand þeirra út frá prófunum eða skoðunum. Tryggt skal að kunnáttu hans sé haldid við með endurmenntun. Hann skal kunna skil á þeim reglum sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið setur varðandi kaldavatnsmæla.

Tæknilegur stjórnandi skal vera verkfræðingur eða tækni-fræðingur og hafa þekkingu á kaldavatnsmælum og reynslu af löggildingu þeirra. Undanþágu má gera frá framangreindum skilyrðum um þekkingu og reynslu ef viðkomandi hefur menntun eða starfsreynslu og þjálfun sem faggildingarsvið Löggildingarstofu telur fullnægjandi. Tæknilegur stjórnandi er ábyrgur fyrir öllum löggildingum sem löggildingaraðili vinnur.

4. gr.

Mælitæki notuð við löggildingu.

Allir mæligrunnar, sem löggildingaraðili notar í tengslum við löggildingar kaldavatnsmæla, skulu vera kvarðaðir og skal kvörðunin rekjanleg til landsmæligrunna á Íslandi.

Löggildingaraðili skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum mælitækjum til að staðfesta að umhverfi kaldavatnsmælis henti honum.

5. gr.

Aðstæður.

Flutningur löggilts kaldavatnsmælis frá prófunarstofu á notkunarstað skal uppfylla kröfur gæðakerfis um flutning.

Uppsetning löggildingarskylds kaldavatnsmælis skal vera í samræmi við ákvæði í reglugerðum, stöðlum og fyrirmæli framleiðanda um umhverfisaðstæður og frágang.

Kaldavatnsmælar eru löggiltir á prófunarstofu þar sem tryggt hefur verið með faggildingu að kröfum um umhverfisþætti er fullnægt.

6. gr.

Löggildingarhæfni.

Löggildingarhæfni kaldavatnsmælis skal staðfest með því að skoða eða prófa hvort hann uppfylli eftirfarandi atriði:

1. Ákvæði reglugerða um markaðssetningu kaldavatnsmæla.
2. Að merkingar og áletranir séu í samræmi við kröfur reglugerða um markaðssetningu kaldavatnsmæla.
3. Að aðstæður og notkun henti kaldavatnsmælinum.
4. Að mælifræðilegir eiginleikar séu í samræmi við kröfur staðla og reglugerða um markaðssetningu kaldavatnsmæla, þetta skal staðfest með prófun. Einkum er um að ræða staðfestingu þess að kröfum um heimiluð hámarksfrávik sé fullnægt við þrenns konar rennsli.
5. Að kaldavatnsmælirinn sé innsiglaður frá frumsannprófunaraðila.
6. Löggildingarstofa getur heimilað löggildingar eldri mælagarða þó að ákvæðum 1., 2. og 5. liðar sé ekki fullnægt.

Staðfesta má löggildingarhæfni nýrra mæla út frá gögnum um frumsannprófun og staðfesta má löggildingarhæfni safns kaldavatnsmæla í notkun með úrtaksprófun.

7. gr.

Löggilding kaldavatnsmæla.

Ekki má taka kaldavatnsmæli í notkun nema að undangenginni löggildingu.

Í samræmi við 10. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu, ber ábyrgðarmanni kaldavatnsmælis að sjá til þess að hann sæti reglubundnu eftirliti og uppfylli þær kröfur sem til hans eru gerðar samkvæmt lögum og reglugerðum og að löggilding hans sé ætíð í gildi.

Kaldavatnsmæli má löggilda hafi löggildingarhæfni hans eða þess mælasafns, sem hann tilheyrir, verið staðfest með skoðun og prófun. Sé kaldavatnsmælir löggildingarhæfur er festur á hann löggildingarmiði með ártali löggildingar og telst hann þá löggiltur. Einnig er mælirinn innsiglaður ef þörf krefur.

Ef prófunarstofa með starfsleyfi til löggildingar kaldavatnsmæla annast einnig stillingu og viðgerðir þeirra skal halda þeim verkþáttum greinilega aðskildum frá löggildingunum í samræmi við kröfur staðla.

8. gr.

Tíðni löggilinga.

Tímabil löggildingar kaldavatnsmæla miðast við heil ár og hefst löggildingartímabilið 1. dag næsta mánaðar eftir að löggilding fer fram. Viðmiðunartímar fyrir gildistíma löggilinga kaldavatnsmæla eru sem hér segir:

1. Löggilding fyrir nýja mæla, sem vinna eftir aflfræðilegum lögmálum og eru fyrir málrennsli allt að 2,5 m³/h gildir í 9 ár.
2. Löggilding fyrir nýja mæla, sem vinna eftir aflfræðilegum lögmálum og eru fyrir málrennsli frá og með 2,5 m³/h til og með 10 m³/h gildir í 6 ár.
3. Löggilding fyrir nýja mæla, sem vinna eftir aflfræðilegum lögmálum og eru fyrir málrennsli yfir 10 m³/h gildir í 5 ár.

4. Löggilding fyrir nýja rafeindamæla gildir í 12 ár.
5. Ef unnt er að sýna fram á með úrtaksprófun að kaldavatnsmælur í notkun standist settar kröfur, sem um mælana gilda, er heimilt að framlengja gildistíma viðkomandi mælasafns um allt að 5 ár.

Þrátt fyrir viðmiðunartímana hér að ofan fer gildistími löggildinga á kaldavatnsmælum eftir gerð mæla, gæðum vatns og aðstæðum. Rekstraraðili dreifiveitu og/eða eigandi mælasafns má gera tillögu til Löggildingarstofu um aðra lengd löggildingartímabils en að ofan greinir.

Leggja skal aðferðir við úrtaksprófanir til samþykkis fyrir Löggildingarstofu.

9. gr.

Afturköllun löggildingar.

Löggildingin fellur úr gildi, þrátt fyrir að gildistími skv. 8. gr. sé ekki liðinn, ef:

- a) kaldavatnsmælir bilar,
- b) innsigli er rofið,
- c) viðgerð er framkvæmd á kaldavatnsmælinum sem áhrif getur haft á mæliniðurstöðu hans,
- d) frávik eru meiri en tvöföld heimiluð hámarksfrávik.

10. gr.

Skýrslugerð.

Skýrslugerð skal vera í samræmi við verklagsreglur og reglugerð nr. 648/2000 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Eftirfarandi upplýsingar skulu m.a. koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingu:

- a) Umsögn um merkingar.
- b) Fjöldi mæla í safni og hve margir þeirra voru prófaðir.
- c) Frávik við mælingu.
- d) Aðstæður.

Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum Löggildingarstofu.

11. gr.

Málskot.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

12. gr.

Gildistaka.

8. gr. um gildistíma á við um nýja mæla. Rekstraraðili dreifiveitu og/eða eigandi eldri mæla gerir tillögur um úrtaksprófanir vegna framlengingar gildistíma þeirra. Fylgjast skal með ástandi eldra mælasafns jafnvel þótt þeir mælur verði ekki löggiltir en veita skal aðlögunartíma, 9 ár. Að þeim tíma liðnum skulu allir mælur hafa hlotið löggildingu skv. 7. gr. og 8. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu og öðlast gildi við birtingu.

Viðskiptaráðuneytinu, 4. nóvember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um löggildingu ósjálfvirkra voga.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til prófana og löggildinga ósjálfvirkra voga, þ.m.t. sjóvoga, af öllum stærðum sem löggildingarskyldar eru sbr. 5. og 16. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu. Hér eftir nefnast þær vogir.

2. gr.

Skilgreiningar.

EB-gerðarviðurkenning byggir á ítarlegri EB-gerðarprófun þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðkomandi tilskipana og reglugerða eða annarra kröfuskjala. EB-gerðarviðurkenning er forsenda EB-sannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

EB-sannprófun er aðferð til að ganga úr skugga um að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar. Aðferðinni er lýst nánar í viðkomandi reglugerðum.

EB-yfirlýsingin um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu) er málsmeðferð þar sem framleiðandi lýsir því yfir að viðkomandi tæki séu í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar. Skilyrði er að tilnefndur aðili hafi viðurkennt gæðakerfi framleiðandans. Aðferðinni er lýst nánar í viðkomandi reglugerðum.

Heimiluð hámarksfrávik eru stærstu gildi sem leyfð eru fyrir frávik í reglugerðum, stöðlum og öðrum kröfuskjölum fyrir tiltekin mælitæki.

Mæligrunnur merkir ápreifanlega mælikvarða, mælitæki eða mælibúnað til þess að skilgreina, raungera, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.

Sjóvog er vog notuð um borð í fiskiskipi. Í þessari reglugerð er eingöngu fjallað um sjóvogir, sem notaðar eru sem ósjálfvirkar vogir. Þær eru með búnaði sem leiðréttir fyrir hreyfingum skipsins og þurfa að vera stillanlegar af notanda og því ekki innsiglaðar, öflugt við það sem almennt er leyft fyrir löggiltar vogir m.a. vegna þess að farið er yfir stór svæði þar sem þyngdarsvið er breytilegt.

Tilnefndur aðili er óháður prófunar-, vottunar- eða skoðunaraðili, sem stjórnvöld tilnefna, til að annast samræmismat skv. reglugerð nr. 616/2000.

3. gr.

Hæfniskröfur.

Löggildingaraðili skal uppfylla hæfniskröfur sem settar eru fram í reglugerð nr. 648/2000 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Prófunarmaður skal vera vél- eða raffræðingur eða hafa sambærilega menntun og hafa nægilega tæknikunnáttu til að annast löggildingar voga og meta ástand þeirra út frá prófunum eða skoðunum. Tryggt skal að kunnáttu hans sé haldið við með endurmenntun. Hann skal kunna skil á þeim reglum sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið setur varðandi ósjálfvirkar vogir.

Tæknilegur stjórnandi skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa þekkingu á vogum og reynslu af löggildingum þeirra. Undanþágu má gera frá framangreindum skilyrðum um þekkingu og reynslu ef viðkomandi hefur menntun eða starfsreynslu og þjálfun

sem faggildingarsvið Löggildingarstofu telur fullnægjandi. Tæknilegur stjórnandi er ábyrgur fyrir öllum löggildingum sem löggildingaraðili vinnur.

Tæknilegur stjórnandi og prófunarmaður aðila með B-faggildingu á sviði löggildinga skulu uppfylla sömu hæfniskröfur og prófunarmaður.

4. gr.

Mælitæki notuð við löggildingu.

Allir mæligrunnar, sem löggildingaraðili notar í tengslum við löggildingar voga, skulu vera kvarðaðir og skal kvörðunin rekjanleg til landsmæligrunna á Íslandi.

Löggildingaraðili skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum mælitækjum til að staðfesta að umhverfi vogar henti henni.

Lóð, sem notuð eru við löggildingu voga, skulu vera í samræmi við kröfur gildandi reglugerða um lóð og skulu þau henta aðstæðum og vog þeirri sem verið er að prófa.

Frávik í massa lóða mega ekki vera meiri en þriðjungur af heimiluðu hámarksfráviki á því vigtarsviði sem verið er að prófa en þetta telst uppfyllt ef farið er eftir töflunni hér að neðan.

Lágmarksnákvæmnisflokkar lóða notaðir við löggildingu.

Hámarks- geta vogar	Skerðing vogar							
	100 g	10 g	1 g	100 mg	10 mg	1 mg	0,1 mg	≤0,01 mg
Allt að 200 g				M1	M1	F2	F1	E2
200 g til 1 kg			M1	M1	F2	F1/E2	E2	E2
1 kg til 30 kg	M2	M2	M1	F2	E2	E2	E2	
30 kg til 100 kg	M2	M1	F2	F1	E2			
Meira en 100 kg	M2	M1/F1	F1	E2				

Lóðaflokkur M2 samsvarar lóðum skilgreindum í reglugerð nr. 137/1994.

5. gr.

Aðstæður.

Undirlag voga skal hæfa vogargerð og notkun. Það skal vera stöðugt og laust við óhreinindi sem áhrif gætu haft á mæliniðurstöður vogarinnar. Umhverfishiti skal hæfa vog. Óheimilt er að löggilda vog ef hitastig þar sem vegin er notuð er utan þess sviðs sem vegin er gerð fyrir.

Sé undirlag vogar hallandi skal unnt að stilla hana lárétt og ekki má vera hætta á að vegin skriði undan hallanum.

Vog skal ekki löggilt nema veðuráun eða aðrir umhverfispættir hafi hverfandi áhrif á niðurstöður.

6. gr.

Löggildingarhæfni.

Löggildingarhæfni vogar skal staðfest með því að skoða eða prófa hvort hún uppfylli eftirfarandi atriði:

1. Ákvæði reglugerðar nr. 616/2000 um markaðssetningu. Tekið skal tillit til aðlögunar-ákvæða 15. gr. og ákvæða um vogir undanþegnar EB-gerðarprófun, sbr. a-lið 1. tölul. 8. gr. reglugerðar nr. 616/2000 um markaðssetningu.
2. Að merkingar séu í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 616/2000.
3. Að aðstæður og notkun henti veginni.

4. Að mælifræðilegir eiginleikar hennar séu í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 616/2000, þetta skal staðfest með prófun. Einkum er um að ræða staðfestingu þess að kröfum um heimiluð hámarksfrávik, endurtekningarhæfni og hornaskekkju sé fullnægt.
5. Sé vog notuð til beinnar sölu til almennings skal hún einnig standast kröfur sem fram koma í 14. tölul. í viðauka I í reglugerð nr. 616/2000.

Heimilt er að löggilda vog sem markaðssett var fyrir setningu reglugerðar nr. 616/2000 þó svo að merkingar séu ekki í samræmi við kröfur reglugerðarinnar að því tilskildu að lágmarksmerkingar komi fram. Lágmarksmerkingar eru:

1. Vogargerð.
2. Hámarksgeta.
3. Lágmarksgeta.
4. Skerðingargildi.
5. Raðnúmer.

Þegar vog uppfyllir ekki kröfur reglugerðar nr. 616/2000 um merkingar skal löggildingaraðili gera athugasemd um að merkingum sé ábótavant og að vogin verði ekki endurlöggilt nema úr verði bætt. Athugasemdin skal komið á framfæri við ábyrgðarmann vogar og Löggildingarstofu.

Til þess að vog standist prófun mega frávik ekki vera meiri en heimiluð hámarksfrávik í samræmi við töflu 3 í viðauka I í reglugerð nr. 616/2000. Gildir þetta um hvert atriði sem prófað er.

7. gr.

Löggilding voga.

Ný vog, sem staðist hefur samræmismat eftir viðauka II í reglugerð nr. 616/2000 og ber öll gild auðkenni þar að lútandi, telst vera löggilt enda hafi vogin verið innsiglið af framleiðanda eða tilnefndum aðila.

Ekki má taka vog til þeirra nota, sem eru löggildingarskyld skv. lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu, nema að vogin teljist löggilt.

Í samræmi við 10. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu ber ábyrgðarmanni vogar að sjá til þess að hún sæti reglubundnu eftirliti og uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum og reglugerðum og að hún sé ætíð með gilda löggildingu.

Vog má löggilda hafi löggildingarhæfni hennar verið staðfest með skoðun og prófun. Sé vog löggildingarhæf er festur á hana löggildingarmiði og telst vogin þá löggilt. Hafi vogin búnað sem notanda er óheimilt að fjarlægja eða stilla skal tryggja gegn slíku með innsigli áður en löggildingarmiði er festur á vogina.

Prófunarstofa með starfsleyfi til löggildingar mælitækja má ekki gera við vog. Þegar frávik vogar reynist vera komið út fyrir leyfileg fráviksmörk er löggildingaraðila þó heimilt að stilla vogina sé slík stilling gerð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða viðurkenndar aðferðir þegar leiðbeiningarnar eru ekki til.

8. gr.

Tíðni löggildinga.

Gildistími löggildinga voga er sem hér segir:

1. Löggilding vog, sem notaðar eru í framleiðslu, iðnaði, við matvælavinnslu, utanhúss, hvers konar annarri framleiðslu eða þar sem þær verða fyrir mikilli áraun og löggilding sjóvoga, gildir í eitt ár.
2. Löggilding annarra voga gildir í tvö ár.

Gildistími fyrir nýjar vogir miðast við ártalið í CE-merkingunni. Þannig skal vog endurlöggildast fyrir árslok næsta árs á eftir ártalinu í CE-merkingunni falli hún undir 1. tölulið en fyrir árslok þar næsta árs á eftir ártalinu í CE-merkingunni falli hún undir 2. tölulið.

9. gr.

Afturköllun löggildingar.

Löggilding fellur úr gildi, þrátt fyrir að gildistími skv. 8. gr. sé ekki liðinn, ef:

1. vog bilar,
2. innsigli er rofið,
3. viðgerð er framkvæmd á voginni sem áhrif getur haft á mæliniðurstöður hennar,
4. vog er flutt á annað þyngdarsvæði en hún var löggilt eða stillt fyrir,
5. frávik eru meiri en tvöföld þau heimiluð hámarksfrávik sem gefin eru upp í lið 4.1 í viðauka I reglugerðar nr. 616/2000.

10. gr.

Skýrslugerð.

Skýrslugjöf til Löggildingarstofu skal vera í samræmi við reglugerð nr. 648/2000 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingu:

1. Núllfrávik.
2. Vigtarfall og frávik í þeim punktum sem prófaðir eru.
3. Hornaskekka.
4. Endurtekningarhæfni.
5. Frávik með törun.
6. Aðstæður.

Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum Löggildingarstofu.

11. gr.

Sérákvæði um sjóvogir.

Þegar löggilda skal sjóvogir eru ekki gerðar sömu kröfur um löggildingarhæfni og fyrir vogir í landvinnslu sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 100/1992.

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. um halla undirlags og ákvæði 6. gr. um löggildingarhæfni eiga ekki við um sjóvogir.

Ákvæði 1. mgr. 7. gr. á ekki við um sjóvogir. Löggilding sjóvogar skal ávallt fara fram áður en sjóvog er tekin í notkun.

Framleiðandi sjóvogar skal leggja fyrir Löggildingarstofu gögn um prófanir og viðurkenningar á þeim hluta vogarinnar sem svarar til ósjálfvirkar landvogar og ef þau staðfesta löggildingarhæfni getur Löggildingarstofa gefið út vottorð þar að lútandi. EB-gerðarviðurkenning fyrir ósjálfvirkar landvogir gildir á Íslandi en sýna þarf fram á að sjóvog er byggir á landútfærslu vogar uppfylli mælifræðilegar kröfur einnig við hreyfingu og breytilegt þyngdarsvið. Aðrar gerðarviðurkenningar skulu skoðaðar með hliðsjón af EB-kröfum sbr. reglugerð nr. 616/2000 um ósjálfvirkar vogir og með sömu skilmálum.

Útgerð skal senda Löggildingarstofu lista yfir löggildingarskyldar sjóvogir í hverju fiskiskipi og upplýsingar um heimahöfn. Útgerð gerir tillögu til löggildingaraðila um hvenær ársins löggilding fari fram og lætur vita með a.m.k. 10 virkra daga fyrirvara hvenær skip er væntanlegt til hafnar standi löggilding fyrir dyrum. Að öðru leyti fer staður og tímasetning löggildingar eftir samkomulagi við löggildingaraðila.

Prófa skal sjóvogir a.m.k. daglega í vinnslusal ef þær eru í notkun. Það skal gert með löggiltum lóðum í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Lóðin skulu vera í nákvæmnisflokk M1 og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 136/1994 um lóð. Þau skulu lagfærð, stillt og endurlöggilt a.m.k. árlega. Halda skal lóðunum hreinum m.a. til að hindra ryðmyndun.

Ábyrgðarmaður sjóvoga og lóða sem fylgja þeim skal vera löggiltur vigtarmaður. Almenn ákvæði reglugerðar þessarar gilda um sjóvogir að öðru leyti.

12. gr.

Þjónustugjald.

Löggildingarstofa innheimtir þjónustugjald fyrir framlagða vinnu vegna vottorða um löggildingarhæfni sjóvoga.

13. gr.

Málskot.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingingu og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 57/2001 um löggildingingu ósjálfvirkra voga.

Viðskiptaráðuneytinu, 4. nóvember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um löggildingingu sjálfvirkra voga.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til prófana og löggildinga sjálfvirkra voga af öllum stærðum sem löggildingarskyldar eru sbr. 5. og 16. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingingu. Sjálfvirkar vogir nefnast hér eftir vogir.

2. gr.

Skilgreiningar.

Frummannprófun (EBE-frummannprófun) er aðferð til að sannreyna að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar. Aðferðinni er lýst nánar í viðeigandi reglugerðum.

Gerðarviðurkenning (EBE-gerðarviðurkenning) byggir á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðkomandi tilskipana og reglugerða eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frummannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

Heimiluð hámarksfrávik eru stærstu gildi sem leyfð eru fyrir frávik í reglugerðum, stöðlum og öðrum kröfuskjölum fyrir tiltekin mælitæki.

Mæligrunnur merkir áþreifanlegan mælikvarða, mælitæki eða mælibúnað til þess að skilgreina, raungera, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.

3. gr.

Hæfniskröfur.

Löggildingaraðili skal uppfylla hæfniskröfur sem settar eru fram í reglugerð nr. 648/2000 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Prófunarmaður skal vera vél- eða raffræðingur eða hafa sambærilega menntun og hafa nægilega tæknikunnáttu til að annast löggildingar voga og meta ástand þeirra út frá prófunum eða skoðunum. Tryggt skal að kunnáttu hans sé haldið við með endurmenntun. Hann skal kunna skil á þeim reglum sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið setur varðandi sjálfvirkar vogir.

Tæknilegur stjórnandi skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa þekkingu á vogum og reynslu af löggildingum þeirra. Undanþágu má gera frá framangreindum skilyrðum um þekkingu og reynslu ef viðkomandi hefur menntun eða starfsreynslu og þjálfun sem faggildingarsvið Löggildingarstofu telur fullnægjandi. Tæknilegur stjórnandi er ábyrgur fyrir öllum löggildingum sem löggildingaraðili vinnur.

Tæknilegur stjórnandi og prófunarmaður aðila með B-faggildingu á sviði löggildinga skulu uppfylla sömu hæfniskröfur og prófunarmaður.

4. gr.

Mælitæki notuð við löggildingu.

Allir mæligrunnar, sem löggildingaraðili notar í tengslum við löggildingar voga, skulu vera kvarðaðir og skal kvörðunin rekjanleg til landsmæligrunna á Íslandi.

Löggildingaraðili skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum mælitækjum til að staðfesta að umhverfi vogar henti henni.

Lóð, sem notuð eru við löggildingu voga, skulu vera í samræmi við kröfur gildandi reglugerða um lóð og skulu þau henta aðstæðum og vog þeirri sem verið er að prófa. Lóðin skulu a.m.k. standast nákvæmniskröfur sem gerðar eru til lóða í flokki M1.

5. gr.

Aðstæður.

Undirlag voga skal hæfa vogargerð og notkun og það skal vera traust og stöðugt. Festingar skulu þola það vinnsluálag sem voginni er ætlað. Vog skal vera lárétt og ekki má vera hætta á að vugin skríði undan hallanum. Umhverfishiti skal hæfa vog. Hlífar og annar búnaður má ekki hafa áhrif á niðurstöður vigtunar.

Óheimilt er að löggilda vog ef hitastig þar sem vugin er notuð er utan þess sviðs sem vugin er gerð fyrir. Vog skal ekki löggilt nema veðuráraun og aðrir umhverfisþættir hafi hverfandi áhrif á niðurstöður.

6. gr.

Löggildingarhæfni.

Löggildingarhæfni vogar skal staðfest með því að skoða eða prófa hvort hún uppfylli eftirfarandi atriði:

1. Ákvæði um markaðssetningu í reglugerð nr. 781/2002 um sjálfvirkar vogir.

2. Að merkingar og áletranir séu í samræmi við gerðarviðurkenningu. Þegar vog uppfyllir ekki þessar kröfur skal gerð athugasemd um að vogin verði ekki endurlöggilt nema úr verði bætt.
3. Að aðstæður og notkun henti voginni.
4. Að aðgengilegt sé að prófa, stilla og löggilda vogina.
5. Að mælifræðilegir eiginleikar séu í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 781/2002 um sjálfvirkar vogir, þetta skal staðfest með prófun. Einkum er um að ræða staðfestingu þess að kröfum um heimiluð hámarksfrávik sé fullnægt.
6. Að hægt sé að innsigla vogina.

7. gr.

Löggilding voga.

Þegar vog er löggilt í fyrsta skipti skal löggildingaraðili meta mælifræðilega þætti gaumgæfilega í samræmi við mælifræðilegar kröfur í reglugerð nr. 781/2002 um sjálfvirkar vogir, enda er ekki gerð önnur krafa um frumsannprófun.

Ekki má taka vog til þeirra nota, sem eru löggildingarskyld skv. lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu, nema að vogin teljist löggilt.

Í samræmi við 10. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu ber ábyrgðarmanni vogar að sjá til þess að hún sæti reglubundnu eftirliti og uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum og reglugerðum og að hún sé ætíð með gilda löggildingu.

Vog má löggilda hafi löggildingarhæfni hennar verið staðfest með skoðun og prófun. Sé vog löggildingarhæf er festur á hana löggildingarmiði og telst vogin þá löggilt. Hafi vogin búnað, sem notanda er óheimilt að fjarlægja eða stilla, skal tryggja gegn slíku með innsigli áður en löggildingarmiði er festur á vogina.

Prófunarstofa með starfsleyfi til löggildingar mælitækja má ekki gera við vog. Þegar frávik vogar reynist vera komið út fyrir leyfileg fráviksmörk er löggildingaraðila þó heimilt að stilla vogina sé slík stilling gerð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða viðurkenndar aðferðir þegar leiðbeiningarnar eru ekki til.

Eigandi vogar skal veita alla aðstoð með aðstöðu og efni sem nota þarf við prófun vogarinnar.

8. gr.

Tíðni löggildinga.

Gildistími löggildinga voga er sem hér segir:

1. Löggilding voga, sem notaðar eru í framleiðslu, iðnaði, við matvælavinnslu, utanhúss, hvers konar annarri framleiðslu eða þar sem þær verða fyrir mikilli áraun, gildir í eitt ár.
2. Löggilding annarra voga gildir í tvö ár.

9. gr.

Afturköllun löggildingar.

Löggilding fellur úr gildi, þrátt fyrir að gildistími skv. 8. gr. sé ekki liðinn, ef:

1. Vog bilar.
2. Innsigli er rofið.
3. Viðgerð er framkvæmd á voginni sem áhrif getur haft á mæliniðurstöður hennar.
4. Vog er tekin niður og sett upp aftur.
5. Frávik eru meiri en tvöföld heimiluð hámarksfrávik, nema fyrir sjálfvirkar sekkjunarvogir, gildir 1,43 x heimiluð hámarksfrávik. Heimiluð hámarksfrávik eru gefin upp í reglugerð nr. 781/2002 um sjálfvirkar vogir.

10. gr.

Skýrslugerð.

Skýrslugjöf til Löggildingarstofu skal vera í samræmi við reglugerð nr. 648/2000 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingunni:

1. Frávik í þeim punktum sem prófaðir eru.
2. Aðstæður.

Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum Löggildingarstofu.

11. gr.

Málskot.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Heimilt er að löggilda vogir einu sinni eftir gildistöku reglugerðar þessarar þótt þær hafi ekki hlotið gerðarviðurkenningu hafi vogirnar verið löggiltar áður. Sækja skal um gerðarviðurkenningu fyrir vogir sem löggilda þarf oftar. Finnist enginn ábyrgðaraðili, þ.e. framleiðandi eða fulltrúi hans, má eigandi óska eftir gerðarviðurkenningu.
2. Hyggist söluaðili vogargerðar, sem heimilt hefur verið að nota án gerðarviðurkenningar við löggildingarskylda starfsemi, halda áfram að selja hana skal hann sækja um gerðarviðurkenningu fyrir 1. júní 2003.
3. Hafi notkun vogar verið látin átölulaus við starfsemi sem nú er löggildingarskyld með því skilyrði að notuð væri önnur löggilt vog til úrtaksviktunar er heimilt að hafa sama hátt á til loka ársins 2003.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingunni og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 4. nóvember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING**um deiliskipulag í Borgarbyggð.**

1. Frístundabyggðar í Heyholti - deiliskipulag.
2. Golfvöllur í landi Hreðavatns - deiliskipulag.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreind skipulög.

Deiliskipulögin hafa fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags-

og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og verið yfirfarin af Skipulagsstofnun samkvæmt sömu lögum.

Ofangreind skipulög öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 11. nóvember 2002.

Sigurður Páll Harðarson bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

REGLUR

um innkaup og sölu tóbaks og skilmálar í viðskiptum við birgja.

1. Reglur um flokka tóbaks.

1.1 Tóbaki er deilt í 4 söluflokka¹:

- Kjarna.
- Reynsluflokk.
- Sérflokk.
- Sérpantanir.

1.2 Í *kjarna* eru sölutegundir¹ (vörunúmer) sem flust hafa úr reynsluflokki í kjarna og vörur sem voru í þeim flokki 15. nóvember 1996 og eigi hafa fallið úr kjarna samkvæmt ákvæðum reglna ÁTVR um innkaup og sölu tóbaks. Kjarninn er endurmetinn í mánuði hverjum. Náí sölutegund í kjarna ekki 0,2% af heildarsölu vöruflokks¹ á undanförunum 12 mánuðum fellur hún úr kjarna. Birgðir sölutegundar, sem felld hefur verið úr kjarna, má selja sem um vöru í kjarna væri að ræða. Séu tvær eða fleiri sölutegundir sömu tóbakstegundar¹ boðnar til sölu og hvorug eða engin þeirra nær áskildu söluhlutfalli en samanlögð sala tóbakstegundar nær söluhlutfallinu, þá skal sú sölutegund, sem birgir velur, haldast áfram í kjarna en aðrar sölutegundir falla úr kjarna.

1.3 Í *reynsluflokki* eru að jafnaði 40% af tölu sölutegunda sem eru í kjarna. Vara er í reynslusölu í 24 mánuði. Að loknu því tímabili flyst sölutegundin í kjarna, hafi hún náð 0,2% af heildarsölu vöruflokksins. Við útreikning skal miða við sölu í 12 heila mánuði er næstir koma á undan síðasta mánuði sölutímans og salan borin saman við heildarsölu vöruflokksins á sama tímabili.

1.4 Vara, sem fellur úr reynslusölu vegna ónógrar eftirspurnar, verður ekki tekin aftur til reynslu fyrr en 12 mánuðir hafa liðið frá því sölu hennar var hætt. ÁTVR getur ákveðið að taka aðeins eina tegund í hverjum vöruflokki til reynslusölu eða á biðlista til reynslusölu frá sama birgi.

1.5 *Sérflokkur* tekur til vöru sem er keypt inn til að auka fjölbreytni í úrvali vindla og píputóbaks. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða tegundir tóbaks eru faltar í sérflokki. Sala vöru í sérflokki telst ekki, þegar metinn er söluárangur í kjarna eða í reynsluflokki.

1.6 Tóbak sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má sérpanta.

1.7 Tóbaki í kjarna og reynslusölu er skipt í eftirfarandi vöruflokka:

¹ Sjá orðskýringar í tl. 1.8.

- 90 Neftóbak
- 91 Reyktóbak
- 92.1 Vindlingar, tjara ≤ 4 mg
- 92.2 Vindlingar, tjara $5 \leq 6 \leq 7$ mg
- 92.3 Vindlingar, tjara $8 \leq 9 \leq 12$ mg (10 mg eftir 1. janúar 2004)
- 93.1 Vindlar $\leq 3,15$ gr/stk.
- 93.2 Vindlar $> 3,15 < 4 \leq 4,25$ gr/stk.
- 93.3 Vindlar $> 4,25$ gr/stk.
- 94 Skro

1.8 Orðskýringar.

- Söluflokkur:** Röðun vöru í hóp eftir rétti til söluframboðs hjá ÁTVR.
Dæmi: Kjarni.
- Vöruflokkur:** Skipan vöru í hóp eftir megineinkennum er tengjast mismunandi framleiðsluáðferðum.
Dæmi: Vindlingar, neftóbak.
- Tóbakstegund:** Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum.
Dæmi: London Docks.
- Sölutegund:** Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í söluskrám ÁTVR.
Dæmi: 10 vindla pakki af London Docks.

2. Um meðferð tilboða á vöru í reynslusölu.

- 2.1 Sótt skal um hverja sölutegund á eyðublaði sem ÁTVR lætur í té. Færa skal erindi í skrá í þeirri röð sem þau berast. Sendi birgir tvö eða fleiri boð samtímis, skal hann skrá á tilboðsblöðin þá röð, sem hann óskar að fylgt verði við skráninguna. Skráin sýni nafn tilboðsgjafa, heiti vöru og umbúðastærð, magn tjöru og nikótíns, sé um vindlinga að ræða, þyngd vindla og kornastærð neftóbaks. Skráin liggi frammi í afgreiðslu ÁTVR, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík, þeim til skoðunar, sem óska.
- 2.2 Tilboð og sýnishorn fara til vöruvalnefndar sem metur vöruna og gefur skriflega umsögn, leggist hún gegn reynslusölu. Umsögnin skal fól þeim sem bauð fram vöruna.
- 2.3 Að fengnu mati vöruvalnefndar skal tilkynna þeim sem tilboð gaf niðurstöðu. Hafi nefndin ekki mælt gegn reynslusölu, tilkynnir innkaupastjóri birgi, hvenær reynslusala eigi að hefjast og gengur frá samningi við tilboðsgjafa í samræmi við tilboðið og innkaupaskilmála ÁTVR. Samningur skal gerður a.m.k. 3 mánuðum áður en reynslusala hefst. Hefjist sala eigi innan mánaðar frá upphafsdegi sölu skv. samningi, fellur samningurinn úr gildi.

3. Um sérpantanir.

- 3.1 ÁTVR sérpantar tóbak af frísvæði eða erlendis frá fyrir einstaklinga til eigin neyslu gegn greiðslu á 400 kr. í pöntunarkostnað sem eru óafturkræfar nema því aðeins að engin pantaðra tegunda sé fánleg. Greiðslan er óháð magni og fjölda tegunda. Að auki greiðir sá er pantar ÁTVR tryggingarfé er nemur áætluðu cif-verði vörunnar. Sérpantaðri vöru verður ekki skilað nema hún teljist ónothæf vegna galla.
- 3.2 Sala sérpantaðrar vöru telst ekki, þegar metinn er söluárangur í kjarna eða í reynsluflokki.

4. Skilmálar í viðskiptum við birgja.

- 4.1 Reglur fyrir birgja sem selja vilja tóbak í kjarna eða í reynsluflokki.
- 4.2. Senda skal ÁTVR tilboð um vöru, verð og staðfestingu þess að þeim séu kunnir innkaupaskilmálar ÁTVR og þeir séu reiðubúnir að hlíta þeim. Birgi á EES svæði er heimilt að bjóða verð vöru í mynt lands innan svæðisins að eigin vali. Birgir utan svæðisins skal bjóða verð í USD, GBP eða EUR. Allir verðþættir vöru skulu vera í sömu mynt.
- 4.3 Tilboði skal skila á þar til gerðum eyðublöðum sem ÁTVR lætur í té. Texti eyðublaðanna er á íslensku og ensku.
- 4.4 Sýnishorn, tvær sölueiningar og vöruvottun, skulu send ÁTVR án endurgjalds, þegar þess er óskað, að jafnaði 4 mánuðum áður en reynslusala hefst. Eyðublað fyrir vottun er fylgiskjal með reglum þessum.
- 4.5 Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við íslensk lög og reglur, og reglur og staðla Evrópusambandsins. Strikamerki – EAN eða UPS – verða að vera á hverri sölu-einingu og á hverjum kassa (ytri umbúðum).
- 4.6 Um aðvörunarmerki á umbúðum tóbaks fer skv. þeirri reglugerð sem í gildi er hverju sinni.
- 4.7 Vara, sem ÁTVR kaupir, skal vera óbreytt að gerð samningstímans nema ÁTVR samþykki annað. Það telst breyting á vöru fáa hún nýtt efnainnihald, breytta stærð og útlit umbúða og gerð sölueiningar.
- 4.8 ÁTVR kaupir ekki fínkornótt neftóbak og ekki munntóbak að undanskildu skrotóbaki.
- 4.9 Vindlingur má ekki gefa frá sér meira magn tjöru en 12 mg. Eftir 1. janúar 2004 er leyfilegt hámarks magn tjöru 10 mg.
- 4.10 Þeir sem bjóða vöru í reynslusölu skuldbinda sig til að lána ÁTVR hana (cif-verð) reynslutímans. ÁTVR greiðir birgi mánaðarlega andvirði seldrar vöru. Birgjar skuldbinda sig einnig til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok reynslutímans. Verði varan valin í kjarna fer samkvæmt samningi birgis og ÁTVR hversu mikið af hinni óseldu vöru ÁTVR kaupir. Sé birgir utan Evrópu eða Bandaríkjanna kaupir ÁTVR vöru á cif-verði frá viðkomandi höfn. Inkóskilmálar 1990 gilda um allar vörusendingar.
- 4.11 Í samningi skal tilgreina, hvenær fyrsta afhending vöru til ÁTVR geti hafist. Pöntun skal jafnan staðfesta innan 9 daga. Með staðfestingu fylgi upplýsingar um afhendingartíma. Berist ÁTVR ekki staðfesting eða upplýsingar um afhendingu vöru innan 30 daga frá pöntun fellur samningur um kaup vörunnar úr gildi. Skeiki meiru en 30 dögum, að afhending vöru sé í samræmi við upplýsingar, fellur samningurinn úr gildi.
- 4.12 ÁTVR greiðir vöru 60 dögum eftir dagsetningu reiknings birgis.
- 4.13 Birgjar geta hækkað verð sitt þrisvar á ári: 1. febrúar, 1. júní og 1. október. Tilkynna skal verðhækkun skriflega með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara, þ.e. eigi síðar en 1. nóvember, 1. mars og 1. júlí.

5. Ábyrgð á vöru.

- 5.1 Um ábyrgð gagnvart þriðja aðila gilda almennar reglur.
- 5.2 Birgir taki til sín og endurgreiði við móttöku vöru sem er ósöluhæf vegna gallaðra umbúða eða innihalds.
- 5.3 Taki birgir eigi til sín gallaða vöru eða vöru sem ekki hefur selst nægilega í reynslu-

flokki áskilur ÁTVR sér rétt til að krefjast geymslugjalds fyrir vöruna. ÁTVR er heimilt að láta eyða vörunni á kostnað birgis þegar tvær vikur eru liðnar frá því birgi var tilkynnt að hann ætti að taka vöruna til sín. Heimilt er að skuldajafna kostnaði við andvirði sölu á vörum birgis.

Reglur þessar koma í stað reglna nr. 642/2000 og taka gildi 1. janúar 2003.

Reykjavík, 22. október 2002.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen. Sigurður M. Magnússon. Anna Margrét Jóhannesdóttir.

Reglur þessar um innkaup og sölu tóbaks og skilmála í viðskiptum við birgja staðfestast hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 8. nóvember 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jóna Björk Guðnadóttir.

GJALDSKRÁ

Skagafjarðarveitna ehf.

I. KAFLI

1. gr.

Skagafjarðarveitur ehf., í gjaldskrá þessari hér eftir nefndar SkV, selja afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hafa umráðarétt yfir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfest af iðnaðarráðherra fyrir SkV.

2. gr.

SkV láta hverju húsi, sem tengt er við vatnsæðar veitnanna, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. SkV lætur setja rennslismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennslis til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennslismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á. SkV ræður gerð rennslismæla og hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

3. gr.

Einungis starfsmenn veitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. SkV breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til SkV. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skal SkV greiða kostnað við prófunina og leiðrétt reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða SkV, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

II. KAFLI

4. gr.

SkV rekur nú þrjú aðskilin hitaveitusvæði og dreifikerfi með vatni sem hefur mismunandi efnainnihald og hita. Þessi svæði eru á Sauðárkróki, í Varmahlíð og á Steinsstöðum. Gjöld fyrir eininguna af heitu vatni (m^3 eða $l/mín$) verða því mishá eftir svæðum. Fast gjald hjá þeim notendum, sem kaupa heitt vatn eftir hemli, skal vera krónur 227,00 pr. mán.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir.

Sauðárkróksveita:

Vatnsgjald kr. 1.112,10 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

Varmahlíðarveita:

Vatnsgjald kr. 1.662,00 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

Steinsstaðaveita:

Vatnsgjald kr. 884,40 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. gr. og 8. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, í bönkum eða pósthúsum. Gjald-dagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald SkV fyrir heitt vatn skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í þéttbýli:

<i>Rúmmál húss (utanmál)</i>	<i>Heimæðargjald</i>			
400 - 2.000 m^3	= 100.000 kr. f.	400 m^3	= 80 kr./ m^3	þar yfir
2.000 - 6.000 m^3	= 240.000 kr. f.	2.000 m^3	= 75 kr./ m^3	þar yfir
6.000 - 10.000 m^3	= 540.000 kr. f.	6.000 m^3	= 70 kr./ m^3	þar yfir
Meira en 10.000 m^3	= 810.000 kr. f.	10.000 m^3	= 50 kr./ m^3	þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Skagafjarðar. Heimæðargjald SkV fyrir heitt vatn skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í dreifbýli:

<i>Rúmmál húss (utanmál)</i>	<i>Heimæðargjald</i>		
400 m^3	= 300.000 kr. f.	400 m^3	= 240 kr./ m^3 þar yfir

Auk heimæðargjalds sem að framan greinir, skal greiða 1.600 kr. fyrir hvern lengdar-metra heimæðar frá stofnæð umfram 100 metra.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sér-staks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er stjórn SkV heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Samkvæmt ákvæðum í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda um rúmmetramæli. SkV setur upp slíka mæla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn samkvæmt rúmmetramæli er heimilt að innheimta mæla-leigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera:

Sauðárkróksveita: kr. 50.70

Varmahlíðarveita: kr. 76.05

Steinsstaðaveita: kr. 40.25

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla $\frac{1}{2}$ " – $\frac{3}{4}$ " kr. 227 pr. mán.

Fyrir mæla 1" – $2\frac{1}{2}$ " kr. 1.033 pr. mán.

Fyrir mæla 3" og stærri kr. 2.099 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda, sbr. 31. gr. reglugerðar fyrir SkV og 79. gr. orkulaga nr. 58/1967 með síðari breytingum.

10. gr.

SkV hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar fyrir SkV.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og mánaðarleiga á 3" mæli samkvæmt 8. gr. gjaldskrár þessarar í hvert skipti og gjald fyrir mælaálestur (aukaálestur) skal vera það sama og mánaðarleiga á 1" – $2\frac{1}{2}$ " mæli samkvæmt 8. gr. þessarar gjaldskrár.

Eftirlitsmanni SkV skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Skagafjarðarveitna ehf., staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá nr. 187, 14. mars 2000 fyrir Hitaveitu Sauðárkróks.

Iðnaðarráðuneytinu, 5. nóvember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um kakó- og súkkulaðivörur.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um kakó- og súkkulaðivörur sem skilgreindar eru í A hluta, viðauka 1. Reglugerðin gildir ekki um vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ekki er heimilt að markaðssetja þær vörur sem skilgreindar eru í A hluta viðauka 1, nema í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. gr.

Jurtafita.

Heimilt er að bæta jurtafitu, sbr. viðauka 2, annarri en kakósmjöri, í þær súkkulaðivörur sem eru skilgreindar í 3., 4., 5., 6., 8. og 9. tölul. í A hluta viðauka 1.

Jurtafita skal ekki fara yfir 5% af fullunninni vöru eftir að heildarþungi annars neysluhæfs efnis, sem er notað í samræmi við B hluta viðauka 1, hefur verið dreginn frá, án þess að með því sé minnkað lágmarks innihald kakósmjörs eða heildarmagn kakóþurrefnis.

Heimilt er að markaðssetja súkkulaðivörur sem skv. 1. mgr. innihalda jurtafitu aðra en kakósmjör að því tilskildu að til viðbótar merkingu þeirra, sbr. ákvæði 3. gr., sé áberandi og auðlæsileg yfirlýsing: „Inniheldur jurtafitu auk kakósmjörs“. Yfirlýsing þessi skal birtast á sama stað og upptalning innihaldsefna eru tilgreind, en greinilega aðskilin frá þeirri upptalningu, með letri sem er a.m.k. jafnstórt og feitt og nálægt vöruheitinu. Þrátt fyrir þessa kröfu má vöruheitið einnig koma fram annars staðar á umbúðum.

3. gr.

Merkingar.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla með síðari breytingum skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum um kakó- og súkkulaðivörur:

- Heiti vörunnar í samræmi við skilgreiningar í A hluta viðauka 1;
- ef vörunnar sem skilgreindar eru í 3., 4., 5., 6., 7. og 10. tölul. í A hluta viðauka 1 eru seldar í blönduðu úrvali er heimilt að „Úrval af súkkulaði“ eða „Úrval af fylltu súkkulaði“ eða áþekk heiti komi í stað vöruheitanna. Í slíkum tilvikum er heimilt að birta eina innihaldslýsingu fyrir allar vörunnar í hinu blandaða úrvali;
- í merkingum kakó- og súkkulaðivara sem eru skilgreindar í 2.c, 2.d, 3., 4., 5., 8. og 9. tölul. í A hluta viðauka 1 skal koma fram hvert heildarmagn kakóþurrefnis er með því að fella inn eftirfarandi: „Kakóþurrefni:.....% að lágmarki“;
- í merkingum kakó- og súkkulaðivara sem eru skilgreindar í 2.b og 2.d tölul. í A hluta viðauka 1 skal koma fram í merkingu hvert magn kakósmjörs er;
- við heitin „Suðusúkkulaði“, „Mjólkursúkkulaði“ og „Hjúpsúkkulaði“ er heimilt að bæta tilvísun til ákveðinna gæða vörunnar ef:
 - Í suðusúkkulaðinu eru a.m.k. 43% af kakóþurrefnum, þar af a.m.k. 26% kakósmjör;
 - í mjólkursúkkulaðinu eru a.m.k. 30% kakóþurrefni og a.m.k. 18% mjólkurþurrefni fengin með þykkingu eða þurrkun á nýmjólk, léttmjólk, undanrennu, rjóma, smjöri eða mjólkurfitu, þar af a.m.k. 4,5% mjólkurfita;
 - í hjúpsúkkulaði er a.m.k. 16% fitusnautt kakóþurrefni.

4. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

5. gr.

Viðurlög.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla (tilskipun 2000/36/EBE um kakó- og súkkulaðivörur). Einnig með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 218/1996 um kakó- og súkkulaðivörur.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir kakó- og súkkulaðivörur sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og ekki eru í samræmi við ákvæði hennar er veittur frestur til 1. janúar 2004 til að koma á breytingum til að uppfylla kröfur reglugerðar þessarar. Hafi breytingar ekki verið gerðar að þeim tíma liðnum er sala vörunnar óheimil.

Umhverfissráðuneytinu 21. október 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

VIÐAUKI 1

Vöruheiti, skilgreiningar og eiginleikar afurða.*A hluti**Vöruheiti og skilgreiningar.***1. Kakósmjör.**

Kakósmjör er fita sem fæst úr kakóbaunum eða hluta þeirra og skal ekki innihalda fríar fitusýrur yfir 1,75% (gefið upp sem olíusýra) eða ósápanlegt efni yfir 0,5% (ákvarðað með petróleum eter). Þegar um er að ræða pressað kakósmjör skal ósápanlegt efni ekki fara yfir 0,35%.

2. (a) Kakó, kakóduft.

Vara sem fæst með því að breyta hreinsuðum, afhýddum og ristuum kakóbaunum í duft. Varan skal innihalda a.m.k. 20% kakósmjör miðað við þyngd þurrefnis og að hámarki 9% vatn.

(b) Fituskert kakó, fituskert kakóduft.

Kakóduft sem inniheldur minna en 20% kakósmjör miðað við þyngd þurrefnis.

(c) *Súkkulaðiduft.*

Vara sem fæst með því að blanda saman kakódufti og sykri og inniheldur a.m.k. 32% kakóduft.

(d) *Súkkulaði í drykki, sykrað kakó, sykrað kakóduft.*

Vara sem fæst með því að blanda saman kakódufti og sykri og inniheldur a.m.k. 25% kakóduft. Þegar varan er fituskert sbr. skilgreiningu í (b) lið skal orðið „Fituskert“ koma fram í heiti vörunnar.

3. Suðusúkkulaði.

(a) Vara sem framleidd er úr kakóvörum og sykri og inniheldur a.m.k. 35% kakóþurrefni að heildarmagni, þar með talið a.m.k. 18% kakósmjör og a.m.k. 14% fitusnautt kakóþurrefni.

(b) *Súkkulaðispænil/súkkulaðiflögur.*

Súkkulaði í spónum eða flögum sem skal innihalda a.m.k. 32% kakóþurrefni að heildarmagni, þar með talið a.m.k. 12% kakósmjör og a.m.k. 14% fitusnautt kakóþurrefni.

Hjúpsúkkulaði.

Súkkulaði sem inniheldur a.m.k. 35% kakóþurrefni að heildarmagni, þar með talið a.m.k. 31% kakósmjör og a.m.k. 2,5% fitusnautt kakóþurrefni.

Súkkulaðihnetumassi („Gianduja“ eða annað orð dregið af „gianduja“).

Vara sem annars vegar er framleidd úr súkkulaði sem í er a.m.k. 32% kakóþurrefni að heildarmagni, þar af a.m.k. 8% fitusnautt kakóþurrefni, og hins vegar framleidd úr minnst 20% og mest 40% af fínmöluðum heslihnetum. Einnig er heimilt að bæta við:

- Mjólk og/eða mjólkurþurrefni þó þannig að fullunnin vara innihaldi ekki meira en 5% mjólkurþurrefni;
- möndlum, heslihnetum og öðrum hnetutegundum, annað hvort heilum eða í bitum, þó þannig að samanlagt magn, ásamt möluðu heslihnetunum, sé ekki meira en 60% af heildarþyngd vörunnar.

4. Mjólkursúkkulaði.

(a) Vara sem framleidd er úr kakóvörum, sykri og mjólk eða mjólkurvörum og inniheldur:

- fitu samtals a.m.k. 25% (kakósmjör og mjólkurfita);
- kakóþurrefni samtals a.m.k. 25%;
- mjólkurþurrefni samtals a.m.k. 14%, fengin með þykkingu eða þurrkun á nýmjólk, léttmjólk, undanrennu, rjóma, smjöri eða mjólkurfitu;
- fitusnautt kakóþurrefni samtals a.m.k. 2,5%;
- mjólkurfitu samtals a.m.k. 3,5%.

(b) *Mjólkursúkkulaðispænil/mjólkursúkkulaðiflögur.*

Mjólkursúkkulaði í spónum eða flögum, skal innihalda a.m.k. 20% kakóþurrefni að heildarmagni, 12% mjólkurþurrefni, fengin með þykkingu eða þurrkun á nýmjólk, léttmjólk, undanrennu, rjóma, smjöri eða mjólkurfitu og a.m.k. 12% fitu alls (kakósmjör og mjólkurfita).

Hjúpmjólkursúkkulaði.

Vara sem inniheldur a.m.k. 31% fitu að heildarmagni (kakósmjör og mjólkurfita).

Mjólkursúkkulaðihnetumassi („Gianduja“ eða annað orð dregið af „gianduja“).

Vara sem annars vegar er framleidd úr mjólkursúkkulaði sem í eru a.m.k. 10% mjólkurþurrefni, fengin með þykkingu eða þurrkun á nýmjólk, léttmjólk, undanrennu, rjóma, smjöri eða mjólkurfitu, og hins vegar úr fínmöluðum heslihnetum að lágmarki 15% og að hámarki 40%. Möndlum, heslihnetum og öðrum hnetutegundum má bæta við, annaðhvort heilum eða í bitum, þó þannig að samanlagt, ásamt möluðu heslihnetunum, séu þær ekki meira en 60% af heildarþyngd vörunnar.

(c) Þar sem orðinu „mjólk“ í þessu heiti er skipt út fyrir orðið: „Rjómi“ skal varan innihalda a.m.k. 5,5% mjólkurfitu; „Undanrenna“ skal varan innihalda að hámarki 1% mjólkurfitu.

5. Ljóst mjólkursúkkulaði.

Vara sem er framleidd úr kakóvörum, sykri og mjólk eða mjólkurvörum og inniheldur a.m.k. 20% kakóþurrefni að heildarmagni, 20% mjólkurþurrefni, fengin með þykkingu eða þurrkun á nýmjólk, léttmjólk, undanrennu, rjóma, smjöri eða mjólkurfitu, 2,5% fitusnautt kakóþurrefni, 5% mjólkurfitu og 25% fitu að heildarmagni (kakósmjör og mjólkurfita).

6. Hvítt súkkulaði.

Vara sem er framleidd úr kakósmjöri, mjólk eða mjólkurvörum og sykri og inniheldur a.m.k.:

- 20% kakósmjör;
- mjólkurþurrefni samtals a.m.k. 14%, fengin með þykkingu eða þurrkun á nýmjólk, léttmjólk, undanrennu, rjóma, smjöri eða mjólkurfitu, þar af mjólkurfita a.m.k. 3,5%.

7. Fyllt súkkulaði eða súkkulaði með fyllingu.

Fyllt vara þar sem ysta lagið er úr einni af þeim vörum sem eru skilgreindar í 3., 4., 5. og 6. tölul. Ysta lagið skal vera a.m.k. 25% af heildarþyngd vörunnar. Skilgreiningin gildir ekki um vörur sem eru fylltar með bakarísvörum, sætabrauði, kexi eða neyslühæfum ís.

8. Chocolate a la taza.

Vara sem er framleidd úr kakóvörum, sykri og mjöli eða hveiti-, hrísgrjóna- eða maíssterkju. Varan skal innihalda a.m.k. 35% kakóþurrefni að heildarmagni, þar með talið a.m.k. 18% kakósmjör og a.m.k. 14% fitusnautt kakóþurrefni og ekki yfir 8% mjöl eða sterkju.

9. Chocolate familiar a la taza.

Vara sem er framleidd úr kakóvörum, sykri og mjöli eða hveiti-, hrísgrjóna- eða maíssterkju. Varan skal innihalda a.m.k. 30% (heildar) kakóþurrefni, þar með talið a.m.k. 18% kakósmjör og a.m.k. 12% fitusnautt kakóþurrefni og ekki yfir 18% mjöl eða sterkju.

10. Konfekt.

Vara sem er einn munnbiti að stærð og gerð úr:

- fylltu súkkulaði eða hreinu súkkulaði eða

- samsettu súkkulaði eða blöndu af súkkulaði, sbr. skilgreiningar í 3., 4., 5. eða 6. tölul. og öðrum neysluhæfum efnum. Súkkulaðið skal vera a.m.k. 25% af heildarþyngd vörunnar.

B hluti

Valfrjáls, leyfileg innihaldsefni.

1. Heimilt er að bæta öðrum neysluhæfum efnum í súkkulaðivörunnar sem eru skilgreindar í 3., 4., 5., 6., 8. og 9. tölul. í A hluta þessa viðauka. Þó er óheimilt að bæta við:
 - Dýrafitu og efnablöndum úr henni sem ekki eru eingöngu úr mjólk;
 - mjóli og sterkju í korn- eða duftformi nema því aðeins að viðbótin sé í samræmi við skilgreiningar sem mælt er fyrir um í 8. og 9. tölul. í A hluta þessa viðauka. Magn viðbættra efna skal ekki fara yfir 40% af heildarþyngd fullunninnar vöru.
2. Í þær vörur sem eru skilgreindar í 2., 3., 4., 5., 6., 8. og 9. tölul. í A hluta þessa viðauka er aðeins heimilt að bæta bragðefnum sem ekki eru eftirlíking af súkkulaði- eða mjólkurfítubragði.

C hluti

Útreikningar.

Reikna skal lágmarksinnihald í vörunum í 3., 4., 5., 6., 8. og 9. tölul. í A hluta þessa viðauka eftir að þyngd innihaldsefnanna sem kveðið er á um í B hluta hefur verið dregin frá. Þegar um er að ræða vörunnar í 7. og 10. tölulið í A hluta þessa viðauka skal reikna lágmarksinnihald eftir að þyngd innihaldsefnanna sem kveðið er á um í B hluta hefur verið dregin frá ásamt þyngd fyllingar.

Reikna skal súkkulaðiinnihald varanna, sem eru skilgreindar í 7. og 10. tölul. í A hluta þessa viðauka að teknu tilliti til heildarþyngdar fullunninnar vöru ásamt fyllingu.

D hluti

Sykur.

Sykur í þessari reglugerð takmarkast ekki eingöngu við sykur og sykurvörur sem fjallað er um í reglugerð nr. 426/1995 með síðari breytingum, heldur er heimilt að nota annan sykur sem ætlaður er til manneldis.

VIÐAUKI 2

Jurtafita sem um getur í 2. gr.

Jurtafítan sem um getur skv. reglugerð þessari er, ein sér eða í blöndu, kakósmjörsgildi og skal uppfylla eftirfarandi viðmið:

- a) jurtafita án lársýru og er auðug af samhverfum, einómettuðum þríglýseríðum af gerðinni POP, POSt og StOSt¹;
- b) hún blandast í öllum hlutföllum við kakósmjör og samrýmist eðliseiginleikum þess (bræðslumarki, hitastigi kristöllumar, bræðsluhraða og temprun);
- c) er einvörðungu framleidd með hreinsunar- og/eða skiljunaraðferðum sem útilokar ensímatískar breytingar á byggingu þríglýseríðanna.

Heimilt er, í samræmi við viðmiðanirnar hér að framan, að nota jurtafitu sem er fengin úr þeim plöntum sem eru taldar upp hér að neðan:

¹ P(palmitínsýra), O (olíúsýra), St (sterínsýra).

Venjuleg heiti jurtafitu

1. Illípesmjör, Borneótólg eða Tengkawang
2. Pálmaolía
3. Salsmjör
4. Sheasmjör
5. Kokúmolía
6. Mangókjarnaolía

Vísindaheiti plantnanna sem unnt er að framleiða fitutegundirnar úr

Shorea tegundir
Elaeis guineensis
Elaeis olifera
Shorea robusta
Butyrospermum parkii
Garcinia indica
Mangifera indica

Pá er heimilt að nota kókosfeiti í súkkulaði sem er notað til framleiðslu á ís og frosnum vörum.

5. nóvember 2002

Nr. 799

REGLUGERÐ

um Blindrabókasafn Íslands.

1. gr.

Heiti stofnunarinnar er Blindrabókasafn Íslands. Til hennar er stofnað með lögum nr. 35 frá 7. maí 1982. Stofnunin heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Hlutverk Blindrabókasafns Íslands er að sjá blindum, sjónskertum, og öðrum þeim, sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt, fyrir alhliða bókasafnsþjónustu. Hér getur m.a. verið um að ræða blinda og sjónskerta, hreyfihamlaða, þroskahefta, aldraða, langlegusjúklinga og fólk með sértæka lestrarörðugleika. Sérstök áhersla er lögð á námsþjónustu.

3. gr.

Safnið annast framleiðslu, útgáfu og dreifingu á safnefni, í formi hljóðbóka, blindraletursbóka og á öðrum viðeigandi formum. Safnið skal leitast við að koma sér upp sem fjölbreyttustum bókakosti til útlána.

4. gr.

Safnið leggur sérstaka áherslu á þjónustu við námsmenn, meðal annars með því að gefa framleiðslu námsefnis verulegan forgang umfram almennt efni og með einstaklingsbundnari þjónustu.

Safninu er ætlað að liðsinna blindum og sjónskertum með viðeigandi efni til símenntunar í starfi sínu.

5. gr.

Blindrabókasafn fylgist með nýjungum á sínu sviði og leitast meðal annars við að notfæra sér tækninýjungar varðandi form efnis, svo sem nýjar gerðir hljóðbóka, framleiðslu og miðlun efnis.

6. gr.

Safnið kynnir þjónustu sína þegar þörf þykir á fyrir fagaðilum, svo sem kennurum, samtökum fatlaðra og stofnunum.

7. gr.

Í safninu eru þrjár deildir, útláns- og upplýsingadeild, námsbókadeild og tæknideild. Verkefni deilda eru í gegndráttum eftirfarandi:

1. Útláns- og upplýsingadeild.

- a) Deildin sér um útlán almenns efnis og miðlun upplýsinga um bókakost safnsins. Samskipti við lánþega fara aðallega fram í gegnum síma. Bókaverðir deildarinnar veita upplýsingar um bókakost og aðstoða lánþega við bókavalið.
- b) Bókaverðir veita ráðgjöf um val á bókum til innlestrar og um val lesara.
- c) Deildin annast kynningu á Blindrabókasafni Íslands í heild m.a. með útgáfu bæklinga og móttöku hópa og einstaklinga sem vilja kynna sér safnið.

2. Námsbókadeild.

- a) Deildin aflar sér upplýsinga um kennsluefni hjá kennurum og nemendum og hefur samráð við þá eftir þörfum um hvaða form kennsluefnis henti best, og um einstök úrlausnarefni varðandi framsetningu, svo sem línurita.
- b) Deildin ræður lesara í samráði við tæknideild þegar um hljóðbókagerð er að ræða.
- c) Deildin sér um framleiðslu blindraleturs.
- d) Deildin kynnir starfsemi sína í skólum og hjá samtökum fatlaðra.
- e) Efni framleitt í námsbókadeild skal skrá með öðrum bókakosti safnsins og vera til almennra útlána að því marki sem nemendur þurfa ekki á því að halda hverju sinni.

3. Tæknideild.

- a) Deildin skipuleggur innlestur hljóðbóka.
- b) Deildin annast hljóðritun og fjölföldun hljóðbóka og efnis á öðrum miðlum en blindralettri.
- c) Deildin annast varðveislu frumgagna og viðhald þeirra sem og bókakosts safnsins.
- d) Deildin getur tekið að sér hljóðritunavinnu fyrir aðra aðila í samráði við forstöðumann.
- e) Deildin fylgist með nýjungum á sviði hljóðtækni og vinnur að tæknilegri framþróun á hljóðritun efnis.

8. gr.

Forstöðumaður Blindrabókasafns Íslands skal skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára að fenginni umsögn stjórnar safnsins. Forstöðumaður er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi Blindrabókasafns Íslands. Hann ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma Blindrabókasafnsins séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir safnsins séu nýttir á árangursríkan hátt. Hann gerir árlegar fjárhagsáætlanir vegna undirbúnings fjárlaga, sem ráðuneytið fer fram á. Forstöðumaður ræður starfslið stofnunarinnar.

9. gr.

Stjórnin skal fjalla um öll meiriháttar málefni safnsins og fyrir stjórnina skal leggja til staðfestingar fjárhagsáætlun, fjárlagatillögur, ársáætlun samkvæmt árangursstjórnunarsamningi og tengd gögn sem forstöðumaður leggur fram. Stjórnin skal halda tvo stjórnarfundi á ári og fleiri ef sérstakt tilefni gefst til. Þá heldur stjórnin fundi þegar forstöðumaður, stjórnarformaður og meirihluti stjórnar telja þörf á. Forstöðumaður tekur þátt í fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétt og ritar fundargerð.

10. gr.

Hlutverk bókvalsnefndar er að móta stefnu í bókavali og gæta jafnvægis milli fræðslu- og skemmtiefnis. Forstöðumaður boðar bókvalsnefndarfundir og nefndin vinnur í nánnum tengslum við starfsmenn safnsins.

11. gr.

Rekstur safnsins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt á fjárlögum. Aðrar tekjur eru meðal annars:

- a) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- b) Gjafir.
- c) Hagnaður af sölu hljóðbóka.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 35/1982 um Blindrabókasafn Íslands og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 201/1987 um Blindrabókasafn Íslands.

Menntamálaráðuneytinu, 5. nóvember 2002.

Tómas I. Olrich.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Listasafn Sigurjóns Ólafssonar nr. 592 30. nóvember 1989.

Stjórn Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina, sem staðfest var 30. nóvember 1989:

Við 4. gr. bætist einn liður er verði i-liður og orðist svo:

- (i) að stuðla að verndun á náttúrulegu umhverfi safnsins og búsetulandslagi á Laugarnesi.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Listasafn Sigurjóns Ólafssonar staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. nóvember 2002.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniásson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verði sem hér segir frá og með 1. desember 2002 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,40 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	1,00 kr. á kg
flugvélabensín	0,75 kr. á lítra
flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,10 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 11. nóvember 2002.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 790/2001 um reikningsskil sveitarfélaga.

1. gr.

Við 3. gr. bætast eftirfarandi skilgreiningar:

Samantekin reikningsskil: Samantekin reikningsskil eru reikningsskil A-hluta og B-hluta sveitarfélags sameinuð í eitt. Að svo miklu leyti sem við á gilda um samantekin reikningsskil reglur um samstæðureikningsskil, sbr. ákvæði laga um ársreikninga, nr. 144/1994.

Skuldapak:

Skuldapak sýnir hversu miklar skuldir sveitarfélagið þolir til lengri tíma miðað við greiðslugetu þess á grundvelli framlegðar og gefinna forsendna um meðalvexti lána og endurgreiðslutíma. Skuldapak sveitarfélags er reiknað sem núvirði þess hluta framlegðar sem ráðstafa má til hreinna afborgana og vaxta á þeim tíma sem eðlilegt getur talist að sveitarfélag greiði upp núverandi skuldir sínar. Við útreikning skuldapaks skal miða við forsendur um meðalvexti, endurgreiðslutíma lána og hlutfall framlegðar sem varið er til hreinna afborgana og fjármagnsgjalda samkvæmt reglum sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga setur.

2. gr.

Skilgreining á fyrirtækjum sveitarfélags í 3. gr. verður þannig:

Fyrirtæki sveitarfélags: Fyrirtæki sveitarfélags eru fjárhagslega sjálfstæðar rekstrarein-

ingar sem falla undir b-lið 13. gr. reglugerðar nr. 944/2000. Um framsetningu fjárhagslegra upplýsinga fyrirtækja sveitarfélaga í samanteknum reikningsskilum sveitarfélags skulu, að svo miklu leyti sem við á, gilda reglur um framsetningu dóttur- og hlutdeildarfélaga í samstæðureikningsskilum, sbr. lög um ársreikninga, nr. 144/1994.

3. gr.

Ákvæði 9. gr. verður svohljóðandi:

Reikningsskil sveitarfélags.

Reikningsskil A- og B-hluta sveitarfélags skulu tekin saman og gerð í samræmi við almenna reikningsskilavenju, sbr. þó önnur ákvæði þessarar greinar.

Eignarhlutir í öðrum félögum.

Í samanteknum reikningsskilum sveitarfélaga skal beitt hlutdeildaraðferð við meðhöndlun eignarhluta og afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga.

Eignarhlutar í eigu sveitarsjóðs (A-hluta) skulu færðir til eignar á kostnaðarverði, sbr. III. kafla laga um ársreikninga nr. 144/1994. Í reikningsskilum sveitarsjóðs er eigi heimilt að beita hlutdeildaraðferð við meðhöndlun eignarhluta og afkomu fyrirtækja sveitarfélaga þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna.

Byggðasamlög sveitarfélaga falla undir B-hluta sveitarfélags og skulu í samanteknum reikningsskilum meðhöndluð á sama hátt og fyrirtæki sveitarfélaga. Í skýringum í ársreikningi sveitarfélags skal þó sérstaklega gerð grein fyrir hlutdeild sveitarfélagsins í heildar eignum og heildarskuldum byggðasamlagsins.

Um reikningsskil dóttur- og hlutdeildarfélaga fyrirtækja sveitarfélaga fer eftir almennum reikningsskilavenjum.

Rekstrarframlög til stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga.

Hafi sveitarfélag falið stofnunum sínum eða fyrirtækjum að sjá um lögbundin verkefni eða önnur venjubundin verkefni sveitarfélaga ber aðalsjóði að reikna og færa árlega framlag til viðkomandi stofnana og fyrirtækja til þess að mæta rekstrarhalla þeirra. Þetta á við þegar um viðvarandi rekstrarhalla er að ræða og starfsemi viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis er ekki í samkeppnisrekstri. Framlagið færist til gjalda á viðkomandi málaflokk í aðalsjóði og til tekna sem rekstrarframlag hjá viðkomandi stofnun eða fyrirtæki.

Dæmi um stofnanir og fyrirtæki eru:

Félagslegar íbúðir

Almenningssamgöngur

Hafnarsjóðir

Hafi sveitarfélag ekki reiknað framlag til framangreindra stofnana hingað til skal leiðréttá framlög fyrri ára, með færslu á eigin fé hjá aðalsjóði annars vegar og viðkomandi stofnun eða fyrirtæki hins vegar.

Veiti sveitarfélag B-hluta fyrirtæki framlag til að mæta tilfallandi rekstrarhalla skal slíkt gert í formi lánveitingar með skuldarviðurkenningu milli aðila.

Sveitarfélagi er óheimilt að afla sér tekna með framlögum frá B-hluta fyrirtækjum yfir í A-hluta umfram þann arð sem ákvarðaður er, sbr. 7. gr. sveitarstjórnarlaganna, þrátt fyrir að rekstrarhalla fyrirtækjanna hafi áður verið mætt með framlögum úr sveitarsjóði.

Óvenjulegir liðir.

Útgjöld eða tekjur sveitarfélaga sem ekki falla undir venjulegan rekstur þeirra skal sýna sem óvenjulega liði, enda hafi þau veruleg áhrif á afkomu sveitarfélags og skekki

samanburð milli ára og milli sveitarfélaga. Dæmi um óvenjulega liði má nefna verulegan hagnað/tap af sölu hlutabréfa í fyrirtækjum sem ekki tengjast beint starfsemi sveitarfélags og verulegan hagnað/tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna, enda sé um að ræða varanlega rekstrarfjármuni sem óvenjulegt er að sveitarfélagið selji.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. reglugerðar nr. 944/2000, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. nóvember 2002.

Páll Pétursson.

Garðar Jónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 414/2001 um flokkun og greiningu í bókhaldi og reikningskilum sveitarfélaga.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. auglýsingar nr. 414/2001:

- a. Við bætist málaflakkurinn 20 Framlög til B-hluta fyrirtækja.
- b. Við bætist málaflakkurinn 27 Óvenjulegir liðir.
- c. Heiti málaflakks 28 verður: Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

- a. Undir málaflakki 09 bætist við rekstrareiningin 09-7 Lóðir og lendur.
- b. Undir málaflakki 10 fellur niður rekstrareiningin 2 Nýbygging gatna (gatnagerð).
- c. Við bætist málaflakkurinn 20 svohljóðandi:
Framlög til B-hluta fyrirtækja.
Framlög skulu sundurliðuð niður á hvert fyrirtæki sveitarfélags.
- d. Við bætist í málaflakki 21 rekstrareining 21-3 Ónotaðar eignir.
- e. Undir málaflakki 28 fellur niður rekstrareining 9 Reiknuð áhrif verðlagsbreytinga.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

- a. Heiti undirtegundar 70 undir höfuðtegund 7 verður vaxta- og verðbótatekjur.
- b. Heiti undirtegundar 71 undir höfuðtegund 7 verður vaxta- og verðbóttagjöld.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. reglugerðar nr. 944/2000, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. nóvember 2002.

Páll Pétursson.

Garðar Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 128 – 2002

15. nóvember 2002

1963

Nr. 804

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Halamiðum.

1. gr.

Frá kl. 17.00 18. nóvember 2002 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á Halamiðum á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 46'00 N – 24° 47'00 V
2. 66° 42'50 N – 24° 49'60 V
3. 66° 38'00 N – 24° 54'50 V
4. 66° 38'00 N – 24° 50'50 V
5. 66° 42'50 N – 24° 45'00 V
6. 66° 46'00 N – 24° 44'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. nóvember 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð, nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum.

1. gr.

3. tölul. 2. mgr. 14. gr. orðast svo:

Bifreið skal að jafnaði leigð út til þriggja vikna eða skemur vegna tímabundinna þarfa leigutaka, svo sem vegna ferðalaga eða tímabundins afnotamissis eigin bifreiðar. Leigutími skal aldrei vera lengri en 30 dagar. Bílaleigu er óheimilt að gera leigusamning við sama leigutaka, einstakling eða lögaðila, eða aðila tengdan honum, innan 45 daga frá því að fyrri leigusamningur rennur út, hvort sem um sömu bifreið eða aðra bifreið er að ræða.

2. gr.

2. mgr. 20. gr. orðast svo:

Ef um er að ræða lækkun til bílaleigu, sbr. 14. gr., skal tollstjóri, hafi réttthafi brotið gegn skilyrðum 3. tölul. 14. gr., innheimta ógreitt vörugjald ásamt 50% álagi. Hafi réttthafi brotið gróflega eða ítrekað gegn skilyrðum 14. gr. fyrir lækkun skal innheimta ógreitt vörugjald ásamt 50% álagi og jafnframt svipta hina brotlegu bílaleigu rétti til lækkunar vörugjalds skv. 14. gr. í þrjú ár. Lögveð tekur ekki til álags samkvæmt þessari málsgrein.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. tölul. 5. gr. og 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 15. nóvember 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jóna Björk Guðnadóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Djúpavogshrepps.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps er skipuð fimm sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Djúpavogshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa sveitarfélagsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Djúpavogshrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, fyrsta fimmtudag hvers mánaðar að Bakka 1, í fundarsal sveitarstjórnar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00 Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og skylt er að halda aukafundi í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður sveitarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, sbr. þó 14. gr., boðar sveitarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita sveitarstjórnar og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórnna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir hreppsráðs, nefnda, ráða og stjórnna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og framkvæmdastjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmanna óskar að tekin verði á dagskrá.

Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það framkvæmdastjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem framkvæmdastjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fund. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

12. gr.

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samín, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórn ákveður.

14. gr.

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni, skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sveitarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti sveitarstjórnar stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaoddvitar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti oddvitastörfum nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafn-

framt getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórn enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundi hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja sveitarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til framkvæmdastjóra sveitarfélagsins sem boðar þá varamenn hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Þar sem sveitarstjórn hefur verið kjörin bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn sveitarstjórnarmaður.

Sveitarstjórn getur heimilað að maður utan sveitarstjórnar kveðji sér hljóðs á sveitarstjórnarfundum.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um framkvæmdastjóra sveitarfélagsins né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn, að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi

verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi og slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartilögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundi ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fram fara í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál eru afgreidd. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hver skráði, hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanns.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í hreppsráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það framkvæmdastjóra sveitarfélags skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða öðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarstjórnar samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmanna óskar þess. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi hreppsráðs ef þess er óskað.

45. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórn ákveði annað. Oddviti sveitarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

46. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

47. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

48. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

49. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

50. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

51. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsráðs og/eða sveitarfélagsins og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsráðs og/eða sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsráðs og/eða sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktun ætíð lögð fyrir hreppsráð og/eða sveitarstjórnina.

52. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Kjörstjórn*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Kjörstjórn fer jafnframt með kosningar til sveitarstjórna skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998.
2. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
3. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fer jafnframt með málefni vatnsveitu samkvæmt lögum nr. 81/1991.
4. *Félagsmálaráð*. Í samstarfi við Breiðdalshrepp, Stöðvarhrepp, Fáskrúðsfjarðarhrepp og Búðarhrepp samkvæmt samþykktum nefndarinnar. Fimm aðalmenn eru kjörnir, einn úr hverju sveitarfélagi, og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð fer með verkefni skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Ráðið fer jafnframt með störf þau sem barnaverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 80/2002, öldrunarmál skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og málefni jafnréttisnefndar samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
5. *Hafnarstjórn*. Þrjú aðalmenn og þrjú til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
6. *Heilbrigðisnefnd*. Einn fulltrúi skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samkomulagi milli Hornafjarðar og Djúpavogshrepps þar um.
7. *Húsnæðisnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
8. *Skólanefnd grunnskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Jafnframt fer skólanefnd með málefni tónlistarskólans skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónskóla nr. 75/1985 og með málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
9. *Atvinnu-, ferða- og umhverfismálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar samkvæmt samþykktum atvinnu- og ferðamálanefndar frá 2. júlí 1998 og skv. 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.
10. *Menningarmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Menningarmálanefnd fer með málefni bókasafnsnefndar skv. 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997.
11. *Forðagæslu- og fjallskilanefnd*. Fimm aðalmenn og þrjú til vara sem fer með málefni búfjárefntirlits samkvæmt lögum um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og fjallskilamál samkvæmt lögum um afréttamálefni nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur nr. 472/1991.

53. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum.

Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

54. gr.

Sveitarstjórn ræður framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjórnann þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

55. gr.

Ef ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri sveitarfélagsins hefur oddviti með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar og hreppsráðs, annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og hreppsráðs og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita þar sem ekki er starfandi framkvæmdastjóri skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórninni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir störf samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu sveitarfélagsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

56. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórnin hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórnin er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til. Framkvæmdastjórnunum er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórnin er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnin ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

57. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

58. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

59. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

60. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

61. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 60. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samninsbundin eða samþykkt af sveitarstjórn.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

62. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

63. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

64. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 60. gr. og þriggja ára áætlun skv. 63. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 62. gr.

65. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Djúpavogshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarskóp Djúpavogshrepps nr. 226/1999, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. nóvember 2002.

F. h. r.

Garðar Jónsson.

Guðjón Bragason.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarskóp Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps er skipuð sjö hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna Skeiða- og Gnúpverjahrepps og vera í fyrirsvari fyrir sveitarfélagið og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að Skeiða- og Gnúpverjahreppur taki að sér verkefni sem varðar íbúa sveitarfélagsins sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, hreppsráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, að jafnaði fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn hreppsnefndarfulltrúi sem á að baki lengstu setu í hreppsnefnd kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarfulltrúar átt jafnlengi setu í hreppsnefnd fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar hreppsnefndarfundi í samráði við oddvita og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, svo og ráðningar framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir byggðarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum hreppsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu hreppsins, skrifstofu hreppsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni, skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaoddvitar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

17. gr.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgengi fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefndin ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dag-skrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál sem ekki hefur verið á dag-skrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.

4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Þar sem hreppsnefnd hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í hreppsnefnd.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga hreppsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn bríglum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les

upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjárseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmat forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum hreppsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó

getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í hreppsráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það framkvæmdastjóra sveitarfélags skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í hreppsnefnd kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldprotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar

hreppsnefndar getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í hreppsráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Hreppsnefnd skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá hreppsnefndarmenn í hreppsráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í hreppsnefnd eru einir kjörgengir sem aðalmenn í hreppsráð.

Sveitarstjóri situr fundi hreppsráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé hreppsnefndarmaður og kjörinn í hreppsráðið.

Hreppsnefnd getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í hreppsnefnd en ekki hefur fengið kjörinn hreppsráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er hreppsnefnd að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir hreppsnefndar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Hreppsráð skal að jafnaði halda fund seinasta þriðjudag hvers mánaðar. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður hreppsráðsins eða a.m.k. tveir hreppsráðsmenn óska þess.

46. gr.

Sveitarstjóri undirbýr hreppsráðsfundi í samráði við formann hreppsráðsins. Hann sér um að hreppsráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti hreppsráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sveitarstjóra um forföll og boðar sveitarstjörinn varamann hans á fund.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins hreppsráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara hreppsráðsins. Formaður hreppsráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsráðsins. Heimilt er að taka

mál til meðferðar í hreppsráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver hreppsráðsmanna óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið sér fundarritara utan hreppsráðs. Um ritun fundargerða hreppsráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn hreppsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Hreppsráð hefur umsjón með stjórnslu hreppsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarstjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórnar og leggur þau fyrir hreppsnefnd í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér hreppsráð um að ársreikningar sveitarstjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja hreppsins lagðir fyrir hreppsnefnd til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Hreppsráð gerir tillögur til hreppsnefndar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Hreppsráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarstjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli hreppsráðsmanna eða við framkvæmdastjóra hreppsins um slíka afgreiðslu. Hreppsráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur hreppsnefnd falið hreppsráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum hreppsins að sitja fundi hreppsráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu teknar á dagskrá hreppsráðs og/eða hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsráðsins og/eða hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsráðsins og/eða hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsráðið og/eða hreppsnefndina.

57. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Yfirkjörstjórn*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Undirkjörstjórnir fyrir kjördeild í:
 - a. *Árnesi*. Þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
 - b. *Brautarholt*. Þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
2. *Oddvitakjör*. Oddviti og varaoddviti skv. 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
3. *Hreppsráð*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
4. *Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga*. Þrjú fulltrúar og þrjú til vara samkvæmt samþykktum samtakanna.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Aðalfundur Afréttamálafélags Flóa og Skeiða*. Einn fulltrúi og einn til vara, sbr. ákvæði í fjallskilasamþykkt og lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
2. *Almannavarnanefnd Árborgar og nágrennis*. Hreppsnefndir Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Bláskógabyggðar og Grímsness- og Grafningshrepps velja sameiginlega tvo fulltrúa og tvo til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
3. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis í atvinnumálum og hafa frumkvæði að tillögugerð á því sviði til hreppsnefndar.
4. *Bókasafnsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
5. *Búffjáreftirlitsmenn*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.
6. *Byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu*. Einn fulltrúi og einn til vara skv. 6. gr. skipu-

- lags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og samningi sveitarfélaganna um sameiginlega byggingarnefnd.
7. *Félagsmálanefnd uppsveita Árnassýslu*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og samningi sveitarfélaganna um sameiginlega félagsþjónustu.
 8. *Fjallskilanefnd*. Hreppsnefnd fer með verkefni fjallskilanefndar samkvæmt lögum um afréttamálefni nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt fyrir Árnassýslu nr. 472/1991.
 9. *Fulltrúaráð Brunavarna Árnassýslu*. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt samþykktum Brunavarna Árnassýslu.
 10. *Héraðsnefnd Árnesinga*. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt samningi um héraðsnefnd.
 11. *Húsnæðisnefnd*. Hreppsnefnd fer með verkefni húsnæðisnefndar samkvæmt ákvæðum laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
 12. *Hússtjórn Þjóðveldisbæjar í Þjórsárdal*. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt mál-daga um Þjóðveldisbæinn, dagsettum 19. júlí 2002.
 13. *Jafnréttisnefnd*. Hreppsnefnd fer með verkefni jafnréttisnefndar samkvæmt ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
 14. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og einn til vara, sbr. lög sambandsins.
 15. *Ráðgjafarnefnd um friðun Þjórsárvera*. Einn fulltrúi og einn til vara.
 16. *Rekstrarnefnd sundlaugar, tjaldsvæðis og félagsheimilis í Brautarholti*. Tveir fulltrúar og tveir til vara.
 17. *Sameiginleg almannavarnanefnd*. Tveir fulltrúar og tveir til vara samkvæmt samkomu-lagi Gnúpverjahrepps og Hrunamannahrepps um sameiginlega almannavarnanefnd, sbr. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
 18. *Sameiginleg brunamálanefnd*. Tveir fulltrúar og tveir til vara samkvæmt samkomulagi Gnúpverjahrepps og Hrunamannahrepps um rekstur slökkviliðs og eldvarnaeftirlits, sbr. heimild í 4. gr. laga um brunavarnir og brunamál nr. 41/1992.
 19. *Samgöngunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis um samgöngumál og gera tillögur um nýframkvæmdir og úrbætur í umferðar- og samgöngumálum.
 20. *Skipulagsnefnd*. Hreppsnefnd fer með verkefni skipulagsnefndar samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
 21. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 22. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
 23. *Skólanefnd Flúðaskóla*. Tveir fulltrúar og tveir til vara samkvæmt samkomulagi við Hrunamannahrepp.
 24. *Stjórn heilsugæslustöðvar Laugarásslæknishéraðs*. Sveitarstjórnir uppsveita Árnassýslu kjósa þrjá fulltrúa skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
 25. *Stjórn hitaveitu í Brautarholti*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.
 26. *Þjónustuhópur aldraðra*. Starfar skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og í honum skal vera einn sameiginlegur fulltrúi fyrir sveitarfélög sem aðild eiga að Laugarásslæknishéraði. Samkvæmt erindisbréfi sameiginlegrar félagsmálanefndar uppsveita Árnassýslu skal formaður hennar vera fulltrúi sveitarfélaganna sem að henni standa í umboði sveitarstjórna á heilsugæslusvæðinu.
 27. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum nr. 44/1999 o.fl.

58. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

59. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

60. gr.

Ef ekki er ráðinn sveitarstjóri hefur oddviti með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og hreppsráðs, annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsráðs og annarra málefna hreppsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita þar sem ekki er starfandi sveitarstjóri skulu ákveðin sérstaklega af hreppsnefndinni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum hreppsins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu hreppsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

61. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsráðs og hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum hreppsnefndarinnar og hreppsráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsráðið og hreppsnefndina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og málefna hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki hreppsnefndarinnar þarf til. Sveitarstjóranum er heimilt með samþykki hreppsnefndarinnar að veita öðrum starfsmanni hreppsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Sveitarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

62. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda hreppsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

63. gr.

Hreppsráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 62. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem hreppsnefnd hefur sett.

64. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

65. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

66. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hreppsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

67. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 66. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

68. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í hreppsnefnd með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

69. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

70. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 66. gr. og þriggja ára áætlun skv. 69. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 68. gr.

71. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. nóvember 2002.

F. h. r.

Garðar Jónsson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Jófríðarstaðir - Skuld“ vegna leikskólans Hvamms í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 3. september 2002 breytingu á deiliskipulagi „Jófríðarstaðir - Skuld“ vegna leikskólans Hvamms í Hafnarfirði.

Breytingin felur í sér að lóð og byggingarreitur leikskólans Hvamms er stækkaður og lega göngustíga breytist.

Farið var með tillöguna samkv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 13. nóvember 2002.

Lilja Grétarsdóttir arkitekt.

REGLUGERÐ

um friðunarsvæði við Ísland.

I. Bann við togveiðum.

1. gr.

Veiðar með fiskibotn- og flotvörpu eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Fyrir Vesturlandi á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|-----------------------------|-----------------------------|
| 1. 65°36'00 N – 26°35'00 V | 14. 63°01'40 N – 24°38'00 V |
| 2. 65°29'00 N – 26°46'00 V | 15. 63°01'00 N – 24°37'80 V |
| 3. 64°38'00 N – 26°46'00 V | 16. 62°58'70 N – 24°44'70 V |
| 4. 64°38'00 N – 26°40'00 V | 17. 63°19'00 N – 25°32'00 V |
| 5. 64°00'50 N – 26°07'66 V | 18. 63°24'00 N – 25°45'00 V |
| 6. 64°10'00 N – 25°37'00 V | 19. 63°35'00 N – 26°06'00 V |
| 7. 63°53'00 N – 25°07'00 V | 20. 63°45'00 N – 26°17'00 V |
| 8. 63°38'00 N – 25°45'00 V | 21. 63°53'00 N – 26°32'00 V |
| 9. 63°06'50 N – 24°44'30 V | 22. 64°25'00 N – 26°58'00 V |
| 10. 63°11'70 N – 24°25'85 V | 23. 64°55'00 N – 27°14'00 V |
| 11. 63°09'00 N – 24°24'00 V | 24. 65°26'00 N – 27°16'00 V |
| 12. 63°06'00 N – 24°25'70 V | 25. 65°36'00 N – 26°55'00 V |
| 13. 63°03'00 N – 24°32'00 V | |

Þrátt fyrir ofangreint bann er þó heimilt að stunda veiðar innan svæðisins þannig:

- A. Frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 8.00 að morgni á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 65°36'00 N – 26°35'00 V | 5. 65°26'00 N – 26°54'00 V |
| 2. 65°29'00 N – 26°46'00 V | 6. 65°26'00 N – 27°16'00 V |
| 3. 64°38'00 N – 26°46'00 V | 7. 65°36'00 N – 26°55'00 V |
| 4. 64°38'00 N – 26°54'00 V | |

- B. Frá og með 1. febrúar til og með 15. apríl á svæði á „Mehlsack“, sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 63°26'77 N – 25°23'25 V | 4. 63°19'00 N – 25°32'00 V |
| 2. 63°06'50 N – 24°44'30 V | 5. 63°21'95 N – 25°39'65 V |
| 3. 63°03'36 N – 24°55'51 V | |

2. Á svæði á Fylkishóli, 1 sjómílu umhverfis 62°45'50 N – 25°14'50 V.

3. Á Litlabanka á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 62°53'00 N – 24°44'00 V | 3. 62°43'00 N – 24°50'00 V |
| 2. 62°50'00 N – 24°38'00 V | 4. 62°45'00 N – 24°55'00 V |

4. Á Tánni á tímabilinu frá og með 1. júní til og með 31. október á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 63°10'00 N – 22°00'00 V | 3. 63°05'40 N – 22°09'00 V |
| 2. 63°09'20 N – 21°55'50 V | 4. 63°02'80 N – 22°23'50 V |

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 5. 63°03'00 N – 22°31'00 V | 8. 63°11'00 N – 22°42'00 V |
| 6. 63°06'00 N – 22°41'00 V | 9. 63°05'00 N – 22°24'00 V |
| 7. 63°09'20 N – 22°46'00 V | |

5. Við Hrollaugseyjar á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 64°11'00 N – 15°42'50 V | 4. 63°54'00 N – 15°59'00 V |
| 2. 63°57'70 N – 15°28'70 V | 5. 64°02'00 N – 16°11'20 V |
| 3. 63°54'20 N – 15°46'50 V | |

Að norðan markast svæðið af stórstraumsfjöruborði.

II. Bann við tog- og línuveiðum.

2. gr.

Veiðar með fiskibotn- og flotvörpu og línuveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Frá og með 1. mars til og með 15. október á svæði norður af Horni er markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 66°36'40 N – 23°22'00 V | 4. 67°02'00 N – 22°00'00 V |
| 2. 66°42'50 N – 23°42'50 V | 5. 67°02'94 N – 21°45'00 V |
| 3. 66°57'50 N – 22°00'00 V | 6. 66°29'20 N – 21°45'00 V |

Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. Norðaustur af Horni á svæði er markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 66°29'20 N – 21°45'00 V | 5. 66°34'50 N – 21°11'72 V |
| 2. 67°02'95 N – 21°45'00 V | 6. 66°36'43 N – 20°45'30 V |
| 3. 67°06'50 N – 20°48'50 V | 7. 66°19'80 N – 20°45'15 V |
| 4. 67°04'00 N – 20°42'00 V | |

Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. Á Sporðagrunni á svæði er markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 66°34'42 N – 20°20'50 V | 4. 66°51'60 N – 19°21'89 V |
| 2. 66°38'44 N – 20°16'67 V | 5. 66°38'32 N – 19°24'68 V |
| 3. 66°47'37 N – 19°52'94 V | |

4. Norðan Haganesvíkur á svæði er markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 66°22'10 N – 19°32'30 V | 3. 66°29'48 N – 18°58'76 V |
| 2. 66°26'99 N – 19°32'94 V | 4. 66°23'98 N – 18°53'78 V |

Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. Fyrir Norðausturlandi á svæði sem að vestan markast af línu sem dregin er 10° réttvísandi frá Hraunhafnartanga (viðmiðunarstaður 9) og að austan af línu, sem dregin er 45° réttvísandi frá Langanesi (viðmiðunarstaður 10). Að utan markast svæðið af línu sem dregin er 20 sjómíllur utan viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, en að sunnan af línu sem dregin er 12 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
6. Á Langanesgrunni á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
- | | |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 66°36'39 N – 13°57'27 V | 6. 66°38'28 N – 13°10'60 V |
| 2. 66°40'53 N – 13°47'16 V | 7. 66°48'28 N – 13°28'79 V |
| 3. 66°37'72 N – 13°37'58 V | 8. 66°48'29 N – 13°47'64 V |
| 4. 66°31'81 N – 13°42'41 V | 9. 66°55'07 N – 14°01'34 V |
| 5. 66°29'29 N – 13°39'41 V | 10. 66°40'00 N – 14°15'00 V |
7. Á Digranesflaki á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 66°12'00 N – 13°48'00 V | 4. 66°03'00 N – 12°36'80 V |
| 2. 66°23'00 N – 12°51'00 V | 5. 66°00'00 N – 12°51'80 V |
| 3. 66°14'00 N – 12°40'00 V | 6. 65°59'00 N – 13°34'00 V |
8. Á Glettinganesgrunni á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 65°32'33 N – 12°26'34 V | 3. 65°23'99 N – 12°49'52 V |
| 2. 65°26'46 N – 12°11'41 V | 4. 65°33'64 N – 12°51'07 V |

III. Önnur ákvæði.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 494, 12. ágúst 1998, um friðunarsvæði við Ísland, ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. nóvember 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í Stangarholti, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 19. nóvember 2002.

Sigurður Páll Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að breyta akstursstefnu um Bergstaðastræti þannig að þar verði einstefna til suðurs, milli Laugavegar og Skólavörðustígs.

Akvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. nóvember 2002.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Íbúðasvæðis á Völlum, 1. áfanga“ í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 12. nóvember 2002 breytingu á deiliskipulagi „Íbúðasvæðis á Völlum, 1. áfanga“ í Hafnarfirði.

Breytingin felur í sér m.a. stækkun byggingarreita og aukna nýtingu lóða.

Farið var með tillöguna samkv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 25. nóvember 2002.

Anna Margrét Tómasdóttir arkitekt.

REGLUR

um Tækniháskóla Íslands.

I. KAFLI

Hlutverk skólans.

1. gr.

Tækniháskóli Íslands er menntastofnun á háskólastigi. Háskólinn veitir nemendum sínum menntun til þess að gegna ýmsum ábyrgðarstörfum í atvinnulífinu þar sem æðri menntunar er krafist. Tækniháskóli Íslands leggur áherslu á að veita hagnýta menntun á tæknisviðum. Háskólanum er heimilt að sinna hagnýtum rannsóknum og þróunarstörfum, auk þess að veita símenntun í þeim fræðum sem stunduð eru í deildum hans.

II. KAFLI

Stjórnskipulag.

2. gr.

Yfirstjórn og hlutverk háskólaráðs.

Tækniháskóli Íslands heyrir undir menntamálaráðuneytið. Stjórn hans er falin háskólaráði, rektor og deildum. Um skipan háskólaráðs fer eftir lögum.

Háskólaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan háskólans og hefur yfirumsjón með málefnum er varða háskólann í heild. Háskólaráð stuðlar að, skipuleggur og hefur umsjón með samvinnu deilda og samskiptum við aðila utan skólans, þar með talið samstarfi við aðra skóla og rannsóknastofnanir.

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og er jafnframt forseti þess.
2. Tveir fulltrúar kennara sem ráðnir eru ótímabundið við háskólann og tveir til vara, kosnir til tveggja ára í senn á almennum fundi kennara.
3. Einn fulltrúi nemenda og einn til vara, kosnir til tveggja ára í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans.
4. Tveir fulltrúar og tveir til vara, skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn.

Varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa ótímabundið ráðinna kennara.

Rektor boðar til funda í háskólaráði eftir þörfum, þó að jafnaði ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Óski tveir háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Varamenn sitja fundi ráðsins í forföllum aðalfulltrúa og boða aðalmenn varamenn sína á fund í forföllum. Háskólaráð er ályktunarhæft ef helmingur ráðsmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors úrslitum. Færa skal til bókar ákvarðanir ráðsins og skulu fundargerðirnar vera öllum aðgengilegar. Háskólaráð tekur ákvörðun um tilnefningu rektors.

Háskólaráð tilnefnir tvo fulltrúa í dómnefnd sem hefur það hlutverk að dæma um hæfni umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósentis eða lektors. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Háskólaráð kveður á um skipulagningu deilda og námsbrauta innan deilda. Háskólaráð staðfestir reglur um skráningu nemenda í einstakar deildir, þar sem m.a. er kveðið á um inntökuskilyrði í viðkomandi deildir og um mat á menntun og starfsreynslu þeirra sem ekki hafa lokið stúdentsprófi eða prófi frá frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands.

Háskólaráð staðfestir, með nauðsynlegum fyrirvara og ekki síðar en í apríl ár hvert, dagatal, námskrá og kennsluskra fyrir komandi skólaár. Í námskrá er kveðið á um mark-

mið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar á meðal starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við. Í kennsluskrá er m.a. gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmáti.

Háskólaráð skipar fulltrúa skólans í gæðaráð sem vinnur að gæðaeftirliti skólans í samræmi við reglur menntamálaráðuneytisins nr. 331/1999.

Háskólaráð heldur árlega opinn fund þar sem starfsemi og rekstur háskólans eru kynnt.

Rektor heldur í upphafi hvers kennslumisseris almennan fund með öllum starfsmönnum háskólans þar sem skýrt er frá helstu atriðum í starfsemi háskólans og boðið er upp á umræður um málefni hans.

3. gr.

Rektor.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára í senn eftir tilnefningu háskólaráðs. Staða rektors skal auglýst laus til umsóknar.

Háskólaráð skipar hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfni umsækjenda til að gegna stöðu rektors. Menntamálaráðuneytið tilnefnir einn mann í nefndina en háskólaráð hina tvo og er annar þeirra formaður. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa æðri prófgráðu við háskóla og öðlast stjórnunarreynslu á háskólastigi og/eða í atvinnulífinu. Hæfni umsækjenda um rektorsembætti skal metin m.a. eftir stjórnunarreynslu, reynslu af rannsóknar- og þróunarstörfum og kennslureynslu við háskóla. Engum má veita embætti rektors við Tækniháskóla Íslands nema meirihluti dómnefndar hafi látið í ljós það álit að viðkomandi sé hæfur til þess. Einungis má skipa í stöðu rektors þann sem lokið hefur æðri prófgráðu úr háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu.

Ef skipaður rektor sækist eftir endurtilnefningu skal hann víkja af fundi háskólaráðs við afgreiðslu málsins. Ef aðeins skipaður rektor sækir um starfið telst hann sjálfkjörinn.

Falli rektor frá eða láti af störfum áður en embættistími hans er liðinn, skal háskólaráð skipa staðgengil hans þangað til nýr rektor hefur verið skipaður samkvæmt lögum nr. 136/1997.

Rektor er yfirmaður stjórnýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans. Hann vinnur að mörkun heildarstefnu í málefnum háskólans og ber ásamt háskólaráði ábyrgð á rekstri skólans, kennslu, rannsóknum, þjónustu og annarri starfsemi, í samræmi við lög nr. 136/1997 og lög nr. 53/2002.

Rektor ræður alla starfsmenn háskólans en þó getur deildarforseti, í umboði rektors, ráðið stundakennara. Rektor skal, í umboði háskólaráðs, sjá til þess að til séu starfslýsingar fyrir allt starfsfólk skólans, að svo miklu leyti sem þær koma ekki fram í lögum og kjarasamningum.

Rektor hefur yfirumsjón með sjóðum skólans og öðrum eignum. Um stjórnir sjóða fer að öðru leyti eftir því sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um.

Rektor hefur umsjón með árbók háskólans og sér til þess að hún komi út eigi síðar en í apríl ár hvert. Í árbókinni skal vera skýrsla um starfsemi skólans, stofnanir hans og sjóði og ráðstöfun á fé því sem háskólinn hefur haft til umráða, svo og um málefni nemenda.

4. gr.

Fjármálastjóri.

Við skólann starfar fjármálastjóri. Fjármálastjóri stýrir fjárreiðum skólans í umboði rektors og í samvinnu við deildarforseta. Með sama hætti undirbýr fjármálastjóri árlega fjárhagsáætlun, hefur eftirlit með því að rekstur skólans sé í samræmi við gildandi heimildir og hefur umsjón með bókhaldi og sjóðstreymi skólans.

5. gr.

Um yfirstjórn deilda.

Með yfirstjórn deilda háskólans fara deildarforsetar, deildarráð og deildarfundir. Heimilt er að skipta deildum upp í svið, allt eftir umfangi þeirra.

Deildarforseti, í umboði rektors, hefur yfirumsjón með starfsemi og rekstri deildar og vinnur að stefnumörkun í málefnum hennar.

Deildarforseti hefur yfirumsjón með kennslu, námskrár- og kennsluskrárgerð deildar sinnar, gerð stundaskráa og próftöflu. Hann sér einnig um að aðföng námsbóka, handbóka, annarra kennslugagna og tækja séu sem skyldi. Hann hefur yfirumsjón með kynningu á námi í deildinni, skráningu nemenda og eftirliti með námsframvindu þeirra. Hann hefur yfirumsjón mála sem snerta rannsóknir deildarinnar. Deildarforseti er formaður deildarráðs og boðar til funda í deildarráði og stjórnar þeim. Hann boðar einnig til deildarfunda og stjórnar þeim. Hann gerir fjárhagsáætlanir fyrir deild sína í samvinnu við fjármálastjóra háskólans. Deildarforseti er ábyrgur fyrir rekstri deildar eins og fjárhagsáætlun segir til um. Deildarforseti beitir sér fyrir samstarfi við aðrar deildir, sbr. 14. gr.

Rektor ræður deildarforseta til þriggja ára í senn að höfðu samráði við háskólaráð. Starf deildarforseta skal auglýst laust til umsóknar. Umsækjendur skulu uppfylla hæfniskilyrði um háskólakennara, sbr. lög nr. 136/1997 um háskóla, á vettvangi fræða sem annaðhvort eru kennd í viðkomandi deild eða tengjast viðfangsefnum hennar. Dómnefnd skal meta hæfni umsækjenda með sama hætti og hæfni umsækjenda um starf háskólakennara er metin, sbr. 3. gr. laga nr. 53/2002 um Tækniháskóla Íslands, auk þess sem dómnefnd skal við matið leggja áherslu á stjórnunarlega þekkingu og reynslu umsækjenda.

Deildarforseta er heimilt, í samráði við rektor og að fenginni umsögn deildarráðs, að velja sviðsstjóra námssviðs til allt að tveggja ára í senn. Sviðsstjóri starfar í umboði deildarforseta og skal deildarforseti skilgreina starfsskyldur hans, að fenginni umsögn deildarráðs, allt eftir umfangi viðkomandi námssviðs. Einungis má velja sem sviðsstjóra þann sem ráðinn hefur verið ótímabundinni ráðningu sem kennari á viðkomandi námssviði.

Deildarforseti gerir tillögu til rektors um starfsskyldur einstakra háskólakennara, þar á meðal sviðsstjóra námssviða, og um ráðningu stundakennara. Deildarforseta er heimilt, í umboði rektors, að ráða stundakennara.

Deildarforseti tryggir virkt samráð við atvinnulífið á einstökum námssviðum og námsbrautum deildarinnar, m.a. með vinnu í fagráðum innan deildar.

Deildarforseta er heimilt, að höfðu samráði við rektor, að leita eftir utanaðkomandi ráðgjöf við skipulagningu náms í deild sinni.

6. gr.

Deildarráð og deildarfundir.

Deildarráð markar og fylgir eftir stefnu deildarinnar um tilhögun og framkvæmd náms og rannsókna í samvinnu við deildarforseta. Ráðið metur þörf fyrir nýjar eða breyttar námsbrautir og tekur þátt í að móta þeim stefnu. Það vinnur að undirbúningi námssviða, námsbrauta og námskeiða, mótar náms- og kennsluskrá og reglur um inntöku nemenda. Deildarráð skilgreinir námskröfur, setur meginreglur um námsmat og mat á öðru námi, gefur umsögn um starfsskyldur og val á sviðsstjórum námssviða og umsjónarmönnum námskeiða og mótar tillögur um nýjar kennarastöður eftir því sem ástæða er til. Deildarráð fylgist með gæðum náms og kennslu í deildinni og ákveður úrbætur eftir því sem þörf gerist. Það hefur samvinnu við aðrar deildir, yfirstjórn háskólans, stofnanir hans og aðrar menntastofnanir, innlendar og erlendar. Deildarráð fjallar um álitamál og ágreiningsefni sem upp kunna að koma í deildinni.

Deildarráðsfundi skal halda að lágmarki einu sinni í mánuði á starfstíma háskólans.

Deildarráð er þannig skipað:

1. Deildarforseti sem er sjálfkjörinn.
2. Einn fulltrúi skipaður af háskólaráði til tveggja ára í senn, að fenginni tillögu rektors.
3. Einn fulltrúi kennara kosinn á deildarfundi til tveggja ára í senn.
4. Einn fulltrúi nemenda kjörinn til eins árs í senn, í samræmi við reglur nemendafélags skólans.
5. Sviðsstjórar námssviða þar sem þeir eru starfandi.

Varamenn skulu valdir með sama hætti og aðalmenn. Deildarráð kýs varaforseta deildarinnar og skal hann vera einn þeirra starfsmanna deildarinnar sem situr í deildarráði.

Deildarfundur fjallar um málefni deildarinnar og er ráðgefandi fyrir deildarráð. Deildarfundur staðfestir tillögur deildarráðs um náms- og kennsluskrá. Akvarðanir deildarráðs heyra að öðru leyti ekki undir deildarfundi. Ef atkvæði í deildarráði og á deildarfundum falla jöfn skal atkvæði deildarforseta skera úr um niðurstöðuna.

Á deildarfundum eiga sæti deildarforseti, próffessorar, dósentar, lektorar og aðjúnktar hvort sem þeir gegna fullu starfi eða hlutastarfi, svo og stundakennarar sem kenna a.m.k. 50% námskeiðs. Einnig eiga þar sæti tveir fulltrúar nemenda og skulu þeir kjörnir til eins árs í senn af nemendaráði. Rektor og fjármálastjóra háskólans er heimilt að sitja deildarfundi með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Deildarfundi skal halda að lágmarki einu sinni á kennslumisseri.

7. gr.

Fagráð.

Við hverja námsbraut starfar fagráð samkvæmt nánari ákvörðun deildarráðs. Í fagráði sitja fulltrúar atvinnulífs, hagsmunaaðila, samstarfsaðila og námsbrautar. Sviðsstjóri viðkomandi námssviðs er formaður fagráðs. Deildarráð tekur ákvörðun um skipan og starfssvið fagráða og setur þeim starfsreglur. Hlutverk fagráðs er að gera tillögur að námi og námsskipulagi, meta þörf fyrir nám og námskeið og að gera tillögur til úrbóta um hvaðeina er varðar starfsemi viðkomandi námsbrautar. Deildarráð tekur tillögur fagráðs til umfjöllunar og afgreiðslu. Deildarráð getur einnig leitað eftir umsögn eða tillögum fagráðs um hvaðeina er varðar starfsemi viðkomandi námsbrautar.

8. gr.

Háskólafundur.

Rektor boðar til háskólafundar einu sinni á ári þar sem starfsemi skólans er kynnt og boðið upp á umræður um þróun hans og starfsáherslur. Á háskólafundi sitja, auk rektors og háskólaráðs, deildarforsetar, fulltrúar deildarráða, sviðsstjórar, forstöðumenn stoðþjónustu og fulltrúar fagráða innan námsbrauta. Háskólafundur er samstarfsvettvangur deilda og geta háskólaráð og rektor leitað umsagnar fundarins um hvaðeina er varðar starf og þróun skólans.

9. gr.

Um samráð við aðra háskóla og samstarfsstofnanir háskólans.

Tækniháskóli Íslands og einstakar deildir hans skulu fyrir sitt leyti hafa samráð og samstarf við aðra skóla á háskólastigi til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttari menntun í samræmi við lög nr. 136/1997. Í því skyni skulu samstarfsaðilar m.a. setja sér framkvæmdareglur um gagnkvæma viðurkenningu einstakra námsþátta. Tækniháskólanum er einnig heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfssviði skólans um kennslu, þjónusturannsóknir, verkefnavinnu og ráðningar starfsfólks.

Í samstarfssamningum er heimilt að kveða á um að starfsmenn samstarfsstofnana, sem hafa kennsluskyldu við skólann, en gegna rannsóknaskyldu sinni við samstarfsstofnun, eigi rétt á eða sé skylt, að dómnefnd meti hæfni þeirra til að gegna þar lektors-, dósents- eða prófessorsstöðu. Sá er hlýtur slíkan hæfnisdóm skal njóta sambærilegra réttinda og gegna sambærilegum skyldum og lektorar, dósentar eða prófessorar, eftir því sem við á, þó að ráðning sé við aðra stofnun, enda sé slíkt í samræmi við lög, reglugerðir og kjarasamninga er gilda fyrir viðkomandi stofnun.

10. gr.

Gæðaráð.

Háskólaráð skipar gæðaráð sem vinnur að gæðamálum háskólans í samræmi við reglur menntamálaráðuneytisins nr. 331/1999. Gæðaráð setur sér starfsreglur sem háskólaráð staðfestir. Háskólaráð tilnefnir þrjá fulltrúa í ráðið og er einn þeirra formaður, fundur haldinn af ótímabundið ráðnum starfsmönnum tilnefnir tvo fulltrúa og nemendafélag háskólans tilnefnir einn fulltrúa.

Gæðaráð hefur yfirumsjón með kennslukönnunum og skal gæðaráð setja sérstakar reglur þar um.

11. gr.

Bókasafn.

Við Tækniháskóla Íslands er sérfræðibókasafn sem tengist fræðasviðum skólans. Hlutverk þess er að veita nemendum, kennurum og öðrum lánþegum safnsins sérhæfða þjónustu vegna náms, kennslu og rannsókna.

12. gr.

Námsráðgjöf.

Við Tækniháskóla Íslands er starfrækt námsráðgjöf fyrir nemendur skólans og þá sem hug hafa á að stunda þar nám. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa við skólann er að standa vörð um velferð nemenda, veita þeim ráðgjöf meðan á námi stendur og veita ráðgjöf við náms- og starfsval.

13. gr.

Rannsóknir.

Við deildir háskólans eru stundaðar þjónusturannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Með þjónusturannsóknum er átt við rannsóknir sem unnar eru fyrir eða í tengslum við aðila utan skólans gegn gjaldi. Deildir skulu setja sérstakar reglur um rannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Við háskólann er heimilt að stofna rannsóknastofnun þar sem stundaðar eru þjónusturannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Háskólaráð skal setja sérstakar starfsreglur um stofnunina sem menntamálaráðherra staðfestir. Í þeim reglum skal m.a. fjalla um ráðstöfun tekna af þjónusturannsóknum.

Kennarar háskólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar.

Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við rannsóknastofnunina.

Háskólaráð skal setja reglur um skipulag og ráðstöfun á rannsóknasjóðum sem háskólinn hefur til umráða.

III. KAFLI

Kennarar, deildir og stofnanir háskólans.

14. gr.

Deildir háskólans, nám og kennsla.

Í Tækniháskóla Íslands eru heilbrigðisdeild, rekstrardeild og tæknideild.

Frumgreinadeild er starfrækt við skólann samkvæmt sérstökum reglum þar um.

Deildir háskólans skulu hafa með sér náð samstarf. Stefnt skal að því að bjóða upp á fjölbreytta menntun og tryggja hagkvæmni í rekstri með samnýtingu mannafla, bókasafns, kennslutækja og annarrar aðstöðu. Í þessu skyni má nýta starfsskyldu þeirra sem ráðnir eru til starfa við einstakar deildir skólans í þágu annarra deilda eða skólans í heild, innan ramma þess sem kveðið er á um í gildandi kjarasamningum.

Við heilbrigðisdeild fer fram kennsla á tveimur náms sviðum:

- 1) Geislafræðisvið. Ein námsbraut í geislafræði sem er 120 eininga nám til BS gráðu.
- 2) Meinatæknisvið. Ein námsbraut í meinatækni sem er 120 eininga nám til BS gráðu.

Við rekstrardeild fer fram kennsla á einni námsbraut:

Rekstrarfræði sem er 60 eininga diplománám og framhaldsnám sem er 30 eininga nám og lýkur með BS gráðu í viðskiptafræði. Einnig fer fram nám í rekstrariðnfræði, sem er 15 eininga diplománám, ætlað þeim sem lokið hafa iðnfræði.

Við tæknideild fer fram kennsla á fjórum náms sviðum:

- 1) Byggingartæknisvið. Sviðið skiptist í tvær námsbrautir: Byggingariðnfræði sem er 45 eininga diplománám og byggingartæknifræði sem er 105 eininga nám til BS gráðu.
- 2) Rafmagns- og tölvutæknisvið. Sviðið skiptist í þrjár námsbrautir: Rafiðnfræði sem er 45 eininga diplománám, rafmagnstæknifræði sem er 105 eininga nám til BS gráðu og tölvu- og upplýsingatæknifræði sem er 105 eininga nám til BS gráðu.
- 3) Vél tæknisvið. Sviðið skiptist í þrjár námsbrautir: Véliðnfræði sem er 45 eininga diplománám, vél tæknifræði sem er 105 eininga nám til BS gráðu og orkutækni-fræði sem er 105 eininga nám til BS gráðu.
- 4) Iðnaðartæknisvið. Ein námsbraut í iðnaðartæknifræði sem er 105 eininga nám til BS gráðu.

Deildir háskólans skulu setja reglur um námsgengi nemenda. Þeim er heimilt að setja skilyrði um að námsefni tiltekins námsárs skuli lokið áður en námi er haldið áfram. Deildir skulu setja reglur um hámarksnámstíma og skal að jafnaði miða við að hámarksnámstími sé ekki lengri en 50% umfram skipulagðan námstíma, eins og hann er tilgreindur í námskrá skólans. Deildir skulu setja reglur um hámarksfjölda endurtekningaprófa sem nemandi má þreyta á námstímanum. Deildarráði er heimilt að veita undanþágur frá ákvæði um hámarksnámstíma.

Við Tækniháskóla Íslands er heimilt að bjóða upp á þjónustu sem ekki telst innan þeirrar lögmætu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Dæmi um þetta er sí- og endurmenntun, fjarnám, sérstök námskeið, ráðgjöf og undirbúningsnám. Heimilt er að innheimta gjald fyrir þessa þjónustu.

15. gr.

Kennarar háskólans og veiting kennarastarfa.

Fastráðnir kennarar háskólans eru lektorar, dósentar og prófessorar. Einnig starfa aðjúnktar og stundakennarar við skólann. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma. Þá kennara eina má fastráða sem lektora, dósentu eða prófessora sem lokið hafa meistaraþrófi hið minnsta eða hafa jafngilda

þekkingu og starfsreynslu að mati dómnefndar. Um kennara í frumgreinadeild er fjallað í sérstökum reglum um frumgreinadeild.

Umsækjandi um starf prófessors, dósentis eða lektors skal láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um námsferil sinn og starfsreynslu úr atvinnulífínu á fagsviði sínu, vísindastörf, ritsmíðar, rannsóknir, hönnunarstörf, kennslustörf og stjórnunarstörf. Um skipan dómnefndar og mat á umsóknum fer eftir 3. gr. laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands.

Allar stöður lektora, dósentis og prófessora skólans skulu auglýstar lausar til umsóknar áður en ráðið er í þær.

Heimilt er að flytja kennara úr lektorsstöðu í dósentisstöðu og úr dósentisstöðu í prófessorsstöðu í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga og samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur.

Háskólaráð ákveður að fenginni umsögn deildarráðs hvernig starfsskyldur einstakra háskólakennara, þ.m.t. sviðsstjóra námssviða, skiptast milli kennslu og annarra starfsþátta innan ramma gildandi kjarasamninga. Um starfsskyldur og réttindi kennara fer að öðru leyti eftir kjarasamningum og nánari ákvæðum í lögum og reglugerðum.

Við skólann starfar þriggja manna kennslumatsnefnd. Í nefndinni eiga sæti rektor, einn deildarforseti og einn fulltrúi kennara tilnefndur af stjórn kjarafélags kennara. Skipta skal um deildarforseta og fulltrúa kennara í nefndinni eftir viðfangsefnum sem um er fjallað hverju sinni. Kennslumatsnefnd skal meta vinnu kennara við kennslu og önnur störf til vinnustunda samkvæmt nánari reglum þar um.

16. gr.

Um leyfi og styrki.

Háskólaráði er heimilt að veita starfsmönnum háskólans leyfi um allt að eins árs skeið á föstum launum, enda liggja fyrir fullnægjandi greinargerð um það hvernig umsækjandi hyggst verja leyfinu til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum rannsóknaverkefnum eða ritstörfum. Leita skal umsagnar deildarráðs varðandi umsóknir kennara um leyfi og umsagnar viðkomandi yfirmanns varðandi umsóknir annarra starfsmanna.

Háskólaráð setur sérstakar reglur um aukabókun til kennara fyrir sérverkefni. Háskólaráð skal setja nánari reglur um leyfi og styrkveitingar.

IV. KAFLI

Nemendur, kennsla og próf.

17. gr.

Háskólaár og kennsla.

Háskólaárið telst frá 1. ágúst ár hvert til jafnlengdar næsta árs. Kennsluárið skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri og vormisseri. Próftímabil skal að jafnaði ekki taka lengri tíma en tvær vikur í lok hvors misseris. Haustmisseri skal ljúka í síðasta lagi 21. desember og vormisseri hefjast í fyrsta lagi 4. janúar. Um páska skal hvorki kennt á miðviku-degi fyrir skírdag né á þriðjudegi eftir páska. Engin kennsla fer fram 1. desember, á helgidögum Þjóðkirkjunnar eða á öðrum lögboðnum frídögum. Háskólaráð getur ákveðið að fella niður kennslu á öðrum dögum en hér eru tilgreindir.

Háskólaráð samþykkir kennsluskrá fyrir komandi skólaár, sem koma skal út ekki síðar en í apríl ár hvert. Kennsluskráin skal að jafnaði gilda fyrir nemendur sem innritast á viðkomandi námsári og stunda nám með eðlilegri námsframvindu. Í kennsluskránni skulu vera skráð númer og nöfn allra námskeiða ásamt stuttri lýsingu á hverju námskeiði fyrir sig. Í námskeiðslýsingu skulu, eftir því sem kostur er, koma fram upplýsingar um umsjónarkennara, markmið námskeiðsins, námsmat, námsgögn og námsefni. Tilgreina ber öll skil-

yrði um undanfara einstakra námskeiða þegar það á við. Nemandi má ekki stunda nám í námskeiði nema hafa lokið námi í undanföllum með tilskildum árangri.

Kennsla fer fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Fullt nám telst 30 einingar á námsári að jafnaði og endurspeglar alla námsvinnu nemenda og viðveru í kennslustundum. Ein eining svarar að jafnaði til einnar viku námsvinnu, 40-60 vinnustunda. Fyrirlestrar og æfingar eru fyrir þá nemendur sem hafa skráð sig í viðkomandi námskeið og greitt skrásetningargjald. Fyrirlestrar eru öðrum opnir, eftir nánari reglum sem háskólaráð setur og með samþykki kennara.

Deildum er heimilt að setja reglur um skyldu nemenda til þátttöku í verklegum æfingum, verklegu námi og vettvangsþjálfun.

18. gr.

Nemendur.

Hver sá sem lokið hefur stúdentsprófi frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, prófi frá frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands eða viðurkenndu erlendu stúdentsprófi getur sótt um að skrá sig til náms við háskólann. Háskólaráði er heimilt, í samræmi við lög nr. 136/1997 um háskóla, að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðrum prófum en að ofan greinir, ef hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur að um sé að ræða fullnægjandi undirbúning. Hver deild skólans skal setja skilyrði um starfsreynslu og frekari skilyrði um bóklegan undirbúning, t.d. hvort krafist sé stúdentsprófs af ákveðnu sviði. Inntaka nemenda er í höndum deildarforseta samkvæmt fyrir mælum háskólaráðs þar um. Háskólaráði er heimilt að takmarka fjölda þeirra sem hefja nám við deildir skólans og einnig að setja reglur um fjöldatakmörkanir að loknu fyrsta misseri.

Regluleg skrásetning nýnema fer fram á tímabilinu 15. maí til 10. júní ár hvert fyrir þá sem hefja nám að hausti og fyrir 15. október fyrir þá sem hefja nám um áramót. Skráning annarra nemenda fer fram í eina viku í nóvember fyrir nám á vormisseri og í eina viku í apríl fyrir nám á haustmisseri. Beiðni um skrásetningu nýnema skulu fylgja staðfest afrit af prófskírteini og önnur gögn sem nánar kann að vera kveðið á um af hálfu viðkomandi deildar. Háskólaráð skal á hverju ári ákveða skrásetningargjald í samræmi við lög nr. 53/2002. Skrásetningargjald skal greiddast í síðasta lagi 10. júlí fyrir þá sem hefja nám að hausti og fyrir 15. nóvember fyrir þá sem hefja nám um áramót. Þeim nemendum sem ekki greiða á gjalddaga skal gert að greiða 15% viðbótargjald.

Nemendur mega ekki sækja fyrirlestra, verklegar æfingar eða gangast undir próf nema þeir uppfylli framangreind skilyrði. Skráning í námskeið fer fram um leið og skrásetning í skólann. Skráning í námskeið er einnig innritun í próf í viðkomandi námskeiði. Endurskoðun á skráningu í námskeið er heimil í upphafi kennslu og skal vera lokið eigi síðar en 3 vikum eftir að kennsla hefst.

Rektor getur, með heimild í 11. gr. laga nr. 53/2002, veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla tímabundið eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða reglum skólans eða ef framkoma hans gagnvart starfsmönnum eða öðrum nemendum skólans er ósæmileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar viðkomandi deildar og gefa nemandanum kost á því að tjá sig um málið. Nemandi er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til sérstakrar áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum nr. 136/1997 um háskóla. Málskot frestar því að ákvörðun rektors komi til framkvæmda. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað nemanda, sem vikið hefur verið að fullu úr skóla, að skrá sig aftur til náms ef aðstæður hafa breyst. Nemandi er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

19. gr.
Próf.

Próf eru haldin í lok hvors kennslumisseris. Deildir geta sett sérstakar reglur um próf á öðrum tíma. Sjúkra- og endurtekningarpróf skulu haldin á tímabilinu 4. til 15. janúar vegna haustmisseris og fyrir 1. júní vegna vormisseris. Próftími í skriflegum prófum skal að jafnaði ekki vera lengri en þrjár klukkustundir.

Prófstjóri starfar í umboði rektors og annast undirbúning og framkvæmd skriflegra prófa í samráði við viðkomandi deildarforseta. Hann birtir nemendum og kennurum dagskrá prófa í upplýsingakerfi skólans. Endanleg dagskrá prófa skal birt eigi síðar en 5 vikum áður en próftímabil hefst.

Háskólakennarar standa fyrir prófum en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér innan marka þessara reglna. Próf eru ýmist munnleg, skrifleg eða verkleg. Heimilt er að meta ritgerðir, skýrslur o.þ.h. í stað prófs eða sem hluta af námsmati og áskilja lágmarkseinkunn í hverjum hluta fyrir sig. Skal um þetta vera samráð á milli deildarforseta og hlutaðeigandi kennara og ákvörðun kunngerð nemendum eigi síðar en við upphaf kennslu í viðkomandi námskeiði.

Skráning í námskeið gildir sem skráning í próf, sem haldið er að námskeiðinu loknu, þar sem það á við. Nemandi sem ætlar ekki að þreyta próf í námskeiði sem hann hefur skráð sig í, verður að segja sig úr viðkomandi námskeiði eigi síðar en 4 vikum fyrir upphaf próftímabils. Síðasta úrsagnardag úr prófum á hverju misseri skal birta í dagatali skólans. Nemandi sem segir sig úr prófi fær ekki að þreyta prófið á endurtökutímabili þess misseris.

Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda skal tilkynna forföll til skrifstofu skólans áður en próf hefst eða meðan á prófi stendur. Læknisvottorði skal skila til skrifstofu skólans eigi síðar en þremur virkum dögum eftir að próf var haldið, annars telst nemandi hafa þreytt prófið. Sama gildir ef um veikindi barns nemanda er að ræða.

Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Lágmarkseinkunn til þess að standast próf er einkunnin 5,5. Heimilt er að taka upp prófnúmer sem nemandi skráir á úrlausnarblöð í stað nafns.

Við munnleg og verkleg lokapróf er heimilt að skipa prófdómara. Við lokaverkefni skal ætíð vera prófdómari hvort sem prófið er munnlegt eða skriflegt. Önnur skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar. Rektor skipar prófdómara að fengnum tillögum viðkomandi deildar. Deildir skulu setja frekari reglur um lokaverkefni.

Kennarar skulu skila lokaeykingum námskeiða til skrifstofu eigi síðar en 10 dögum eftir próftöku. Prófstjóra er heimilt, í samráði við viðkomandi kennara, að stytta þennan tíma, en þó má aldrei gera ráð fyrir styttri tíma en 4 dögum. Niðurstöður sjúkra- og endurtekningarprófa skulu liggja fyrir eigi síðar en 4 dögum eftir próftöku.

Nemandi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati úrlausnar sinnar á skriflegu, verklegu eða munnlegu prófi eða á lokaverkefni, óski hann þess innan 15 daga frá birtingu einkunna. Vilji nemandi, sem ekki hefur staðist próf, eigi una mati kennara getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta innan 15 daga frá því að hann fékk útskýringar kennarans á matinu og óskað eftir mati prófdómara, ef ekki var prófdómari við upphaflegt mat úrlausnarinnar eða verkefnisins. Skipa skal prófdómara í hverju tilviki fyrir sig og er úrskurður hans endanlegur. Einnig getur meirihluti nemenda í námskeiði óskað eftir skipun prófdómara í einstöku prófi og skal þá skipa prófdómara, sé það nægjanlega rökstutt að mati deildarráðs og rektors.

Nemandi sem kemur ekki til prófs sem hann er skráður í og hefur ekki boðað forföll telst hafa þreytt prófið. Honum er þá ekki heimilt að skrá sig í endurtekningarpróf á því próftímabili. Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist skrifstofu skólans eigi síðar en 4 vikum fyrir prófdag.

Standist nemandi ekki próf er honum heimilt að endurtaka það tvisvar. Hafi nemandi ekki náð prófi í þriðja sinn skal hann taka námskeiðið upp aftur. Nemandi er heimilt að endurtaka að hámarki þrjú próf á kennslumisseri, þó aldrei fleiri en 9 einingar. Deildir skulu setja reglur um hámarksfjölda endurtekningarprófa sem nemandi má þreyta á námstímanum. Háskólaráð skal setja reglur um gjaldtöku fyrir endurtekningarpróf.

Prófstjóri skal birta prófreglur og viðurlög við brotum á þeim. Háskólaráði er heimilt að setja nánari reglur um prófahald en hér er kveðið á um.

Starfsmenn á skrifstofu háskólans sjá um færslu lokaekunnna og varðveislu þeirra. Þeir sjá einnig um að birta nemendum lokaekunnir. Að liðnum fjórum árum frá prófdegi skulu úrlausnir eyðilagðar.

V. KAFLI Gildistaka.

20. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga, nr. 136/1997, um háskóla og laga, nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 22. nóvember 2002.

Tækniháskóla Íslands, 22. nóvember 2002.

Stefanía Katrín Karlsdóttir.

Stefán Pétur Eggertsson.

Sigríður Snæbjörnsdóttir.

Haraldur Auðunsson.

Ingunn Sæmundsdóttir.

Ágúst Kristján Steinarrsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Þorlákshafnar.

Varmaorkugjöld og önnur gjöld.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Þorlákshafnar, hér eftir nefnd hitaveitan.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

Gjaldskrá þessi er tvískipt, annars vegar fyrir sölu úr stofnæð frá Bakka í Ölfusi og innan Þorlákshafnar, Þorlákshafnarveitu og hins vegar fyrir sölu á heitu vatni sem aflað er úr borholum í Öndverðarnesi og selt er í Grímsnesi, Grímsnesveitu.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

2. gr.
Gjaldskrá.

2.1 *Varmaorkugjöld.*

Almennt skiptast orkugjöld í tvo þætti, fast gjald og breytilegt gjald:

- Fast gjald (kr./ár) felur í sér kostnað óháðan notkun.
- Breytilegt gjald (kr./m³ eða kr./mínútulíttra/ár) greiðist fyrir hverja melda einingu og er í beinu hlutfalli við notkun.

2.2 *Tengigjöld.*

Tengigjöld skulu greidd fyrir hverja tengingu húsveitu við dreifikerfi hitaveitunnar.

Tengigjald greiðist eftir að umsókn hefur verið samþykkt af hitaveitunni og áður en til afhendingar á heitu vatni kemur.

Stærð heimæðar miðast við hámarksrennsli til húsveitunnar og ákvarðast af hitaveitunni. Hámarksstærð heimæðar samkvæmt gjaldskrá er 80 mm, sé óskað eftir sverari lögnum eða meira rennsli en 80 mm lögnin annar, skal gerður sérstakur samningur um tenginguna. Að auki greiðist sérstaklega fyrir hverja tengigrind sem aukalega er tengd heimæðinni.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimæðar verði meira en 50% hærrí en gildandi gjaldskrá segir til um, skal notandi greiða þann kostnað sem er umfram 50% samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar enda hafi notandanum verið gert ljóst fyrirfram að um kostnaðarauka verði að ræða.

Þegar um langar lagnir vegna heits vatns er að ræða er áskilinn réttur til að hafna tengingu eða tengja með takmörkunum svo sem um hitastig og þátttöku húseiganda í kostnaði við tengingu. Miða skal við 50 metra hámarks lengd heimæðar og heimilt er að innheimta sérstaklega fyrir hvern metra umfram hámarks lengd.

Þar sem ekki er dagleg viðvera getur hitaveitan krafist þess að settir verði upp tengikassar utandyra, á kostnað notanda, sem innihalda nauðsynlegan mælibúnað og eru aðgengilegir starfsmönnum hitaveitunnar.

Þegar heimæð er stækkuð, skal greiða fullt verð fyrir hina nýju heimæð að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimæðar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

2.3 *Álestrargjald.*

Reglubundinn álestur mælitækja er innifalinn í orkugjöldum. Að jafnaði er lesið á mælitæki einu sinni á ári. Óski notandi þess að oftast sé lesið á mælitæki er honum gerður sérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

2.4 *Innheimtugjald.*

Undirbúningur að stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila notanda telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

Komi til stöðvunar orkuafhendingar vegna vanskila notanda skal hann greiða gjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt fyrri málsgrein.

3. gr.
Þorlákshafnarveita.

3.1 *Varmaorkugjöld.*

3.1.1 *Fast gjald.*

Fast gjald í smásölu er háð afköstum rennismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.

Því er skipt í þrjá flokka:

A: 15 mm til 20 mm	19,46 kr./dag
B: 25 mm til 50 mm	40,64 kr./dag
C: 65 mm og stærri	82,39 kr./dag

Fasta gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

3.1.2 Breytilegt gjald.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetramælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorkunnar og/eða lækkunar á hita vatnsins. Sækja skal skriflega um annan taxta en IH1 Almenn heitavatnsnotkun.

IH1. Almenn heitavatnsnotkun 59,00 kr./m³

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslur.

IH2. Almenningsundlaugar 17,72 kr./m³

Taxtinn gildir fyrir almenningsundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.

IH3. Gróðurhús 29,50 kr./m³

Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir.

IH4. Sundlaugar 29,50 kr./m³

Taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlaugar. Heimilt er að tengja baðvatn taxtanum ef sundlaugin er aðalþáttur starfseminnar.

IV2. Fiskeldi. 29,50 kr./m³

Taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

IV3. Íþróttavellir 44,30 kr./m³

Taxtinn gildir fyrir upphitaða íþróttavelli utandyra.

IV4. Iðnaðarvatn 29,50 kr./m³

Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki sem nýta vatnið í framleiðsluferlum og þar með til verðmætasköpunar. Taxtinn gildir ekki fyrir hitun iðnaðarhúsnæðis.

3.2 Tengigjöld.

Stærð heimæðar til nýrra notenda ákvarðast af hitaveitunni hverju sinni. Þar sem lengd heimæðar er minni en 50 metrar gildir eftirfarandi gjaldskrá. Fyrir hvern metra umfram 50 metra er heimilt að innheimta allt að 1% af tengigjöldum viðkomandi málstærðar.

Málstærð	Gjald í krónum
20 mm	59.132
25 mm	117.018
32 mm	175.728
40 mm	350.828
50 mm	582.578
65 mm	1.116.528
80 mm	2.327.398

Ein tengigrind er innifalin í hverju tengigjaldi.

Auka tengigrind ásamt mæli eða hemli kostar 5.778 krónur.

3.3 Álestrargjöld.

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda	1.215 kr.
--------------------------------------	-----------

3.4 Innheimtugjöld.

Seðilgjald	200 kr.
Vanskilatilkynning	450 kr.
Ítrekunartilkyning vegna vanskila	900 kr.
Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar	1.800 kr.

4. gr.

*Grímsnesveita.**4.1 Varmaorkugjöld.**4.1.1 Fast gjald.*

Fast gjald í smásölu er háð afköstum rennismælisins en óháð töxtum að öðru leyti. Því er skipt í þrjá flokka:

A: 15 mm til 20 mm	19,46 kr./dag
B: 25 mm til 50 mm	40,64 kr./dag
C: 65 mm og stærri	82,39 kr./dag

Fasta gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

4.1.2 Breytilegt gjald.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetramælingu, heimilt er að selja heitt vatn til sumarhúsa. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorkunnar og/eða lækkunar á hita vatnsins. Sækja skal skriflega um annan taxa en IH1 Almenn heitavatnsnotkun.

IH1. Almenn heitavatnsnotkun	64,50 kr./m ³
------------------------------	--------------------------

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslur.

IH2. Almenningsundlaugar	19,35 kr./m ³
--------------------------	--------------------------

Taxtinn gildir fyrir almenningsundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.

IH6. Sumarhús - grunnjald	13.394 kr./mínútulítra/ár
---------------------------	---------------------------

Taxtinn gildir fyrir sumarhús. Selt er samkvæmt hemli hámarksrennsli til sumarhússins. Lágmarks hemilskammtur er 3 lítrar á mínútu. Breytingu á umsömdum hemilskammti til aukningar eða lækkunar er einungis hægt að gera einu sinni á ári.

IH6. Sumarhús - aukagjald	8.355 kr./mínútulítra/ár
---------------------------	--------------------------

Taxtinn gildir fyrir sumarhús þegar seldur er vatnsskammtur umfram 3 lítra á mínútu. Breytingu á umsömdum hemilskammti til aukningar eða lækkunar er einungis hægt að gera einu sinni á ári.

4.2 Tengigjöld.

Stærð heimæðar til nýrra notenda ákvarðast af hitaveitunni hverju sinni. Þar sem fjarlægð frá dreifikerfi er minni en 50 metrar gildir eftirfarandi gjaldskrá. Fyrir hvern metra umfram 50 metra er heimilt að innheimta allt að 1% af tengigjöldum viðkomandi málstærðar.

Málstærð	Gjald í krónum
15 mm	88.580
20 mm	177.160
25 mm	369.770
32 mm	565.470
40 mm	1.148.450
50 mm	1.919.920
65 mm	3.857.350
80 mm	7.729.120

15 mm málstærð er einungis í boði fyrir sumarhús.

Ein tengigrind er innifalin í hverju tengigjaldi.

Auka tengigrind ásamt mæli eða hemli kostar 10.570 krónur.

4.3 Álestrargjöld.

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda 1.215 kr.

4.4 Innheimtugjöld.

Seðilgjald 200 kr.

Vanskilatilkynning 450 kr.

Ítrekunartilkynning vegna vanskila 900 kr.

Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar 1.800 kr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 259, 20. mars 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. nóvember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir sjúkratryggðum vegna tannlæknaþjónustu samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samkvæmt 37. grein almannatryggingalaga eða gildandi samningum sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hefur gert á hverjum tíma.

Sá sem verið hefur búsettur hér á landi í sex mánuði telst sjúkratryggður nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 32. gr. og 9. gr. a laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn og unglingar yngri en 18 ára eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpborn og fósturbörn.

Tryggingastofnun ríkisins ákvarðar hvort einstaklingur telst sjúkratryggður. Að öðru leyti gildir, um það hverjir teljist sjúkratryggðir hér á landi, reglugerð nr. 463/1999 um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við almennar tannlækningar hjá þeim sem ekki eru sjúkratryggðir nema milliríkjasamningar kveði á um annað.

II. KAFLI

Þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við almennar tannlækningar samkvæmt 37. gr., sbr. 36. gr., laga um almannatryggingar nr. 117/1993.

2. gr.

Greiðsluþátttaka.

Greiðslur til sjúkratryggðra samkvæmt þessum kafla skulu vera það hlutfall af gjaldskrá ráðherra sem hér segir:

1. 100%: Vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. þó 5. gr.
2. 75%: Vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar, sbr. þó 5. gr.
3. 75%: Vegna barna og unglinga, yngri en 18 ára. Þó skal ein skoðun á ári greidd að fullu samkvæmt gjaldskrá ráðherra. Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði vegna gullfyllinga, króna, brúa eða annarrar sambærilegrar meðferðar, svo sem tannplanta.
4. 50%: Vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta ekki tekjutryggingar, sbr. þó 5. gr.

3. gr.

Ábyrgðartannlæknir.

Sjúkratryggð börn, yngri en 18 ára, skulu hafa ábyrgðartannlækni sem annast allar almennar tannlækningar þeirra. Ábyrgðartannlæknir skal kalla þau börn inn til reglulegs eftirlits sem skráð eru hjá honum og skrá ástand tanna og munnhols.

4. gr.

Skorufyllur og tannfyllingar.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði við skorufyllur fullorðinsbakjaxla annarra en endajaxla. Tryggingastofnun ríkisins er auk þess heimilt að taka þátt í kostnaði við skorufyllur annarra tanna en fullorðinsbakjaxla þeirra sjúkratryggðu einstaklinga sem eru í sérstakri áhættu vegna tannátu.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við gerð fyllingar í tönn ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að fylling eða skorufylla var sett í sama flöt tannarinnar.

5. gr.

Tanngervi og tannplantar.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega vegna smíði gervigóma (heilgóma eða stálparta) á sex ára fresti hið mesta og fóðrana þeirra ef meira en þrjú ár eru liðin frá smíði eða fóðrun viðkomandi gervigóms. Þegar sérstakar ástæður krefja er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði að undangenginni umsókn.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að undangenginni umsókn, að taka þátt í kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við gerð tveggja gullhetta með eða án smellufestinga á tvær stoðennur ásetugóms. Á sama hátt er heimilt að taka þátt í kostnaði við ísetningu tveggja tannplanta til stuðnings heilgómi í ótenntan neðri góm og allt að fjögurra tannplanta í ótenntan efri góm, auk smíði tannplantagóma. Tryggingastofnun tekur ekki þátt í kostnaði

við endurtekna plantameðferð. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði að undangenginni umsókn.

III. KAFLI

Pátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma og slysa, sbr. c-lið 1. mgr. 33. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993.

6. gr.

Almennt.

Tryggingastofnun ríkisins skal veita sjúkratryggðum einstaklingum styrk til nauðsynlegra aðgerða hjá tannlækni vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa eða sjúkdóma.

Sækja skal um styrk til Tryggingastofnunar ríkisins áður en meðferð, önnur en bráðameðferð, hefst. Umsækjandi skal leggja fram nauðsynleg gögn sem sanna að um afleiðingar fæðingargalla, slyss eða sjúkdóms sé að ræða. Samþykkt Tryggingastofnunar ríkisins á umsókn um styrk vegna tannlækninga gildir í eitt ár nema annað komi fram í ákvörðun stofnunarinnar um bótageiðslu.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka þátt í kostnaði við nauðsynlega endurnýjun tannaðgerða, annarra en tannréttinga, sem stofnað hefur verið til vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa sem falla undir reglugerð þessa, enda sé endurnýjunar þörf vegna takmarkaðs endingartíma viðurkenndra efna eða aðferða.

7. gr.

Börn með umönnunargreiðslur og andlega þroskahamlaðir.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 90% kostnaðar samkvæmt gjaldskrá ráðherra við nauðsynlega almenna tannlæknismeðferð þeirra barna sem falla undir 1., 2. og 3. flokk reglugerðar nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna. Ekki þarf að sækja sérstaklega um styrk í þessum tilvikum, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 90% kostnaðar samkvæmt gjaldskrá ráðherra við nauðsynlega almenna tannlæknismeðferð andlega þroskahamlaðra einstaklinga 18 ára og eldri. Áður en til fyrstu endurgreiðslu kemur þarf að sækja sérstaklega um hana en ekki í öðrum tilvikum.

8. gr.

Meðfæddir fæðingargallar og sjúkdómar.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 80% kostnaðar samkvæmt gjaldskrá ráðherra við nauðsynlegar tannlækningar, aðrar en tannréttingar, vegna eftirtalinna tilvika, enda sé um sannanlegar alvarlegar afleiðingar fæðingargalla eða sjúkdóma að ræða:

1. Meðfædd vöntun einnar eða fleiri fullorðinstanna framan við endajaxla.
2. Vansköpun fullorðinstanna framan við tólfarájaxla sem leiðir til alvarlegra útlitsgalla eða starfrænna truflana tyggingarfæra.
3. Rangstæðar tennur sem líklegar eru til að valda alvarlegum skaða.
4. Alvarleg einkenni frá kjálkaliðum eða tyggivöðvum.
5. Alvarleg sýrueyðing glerungs og tannbeins fullorðinstanna framan við tólfarájaxla.
6. Alvarlegt niðurbrot á stoðvefjum tanna einstaklinga 30 ára og yngri.
7. Alvarlegar tansskemmdir sem leiða af varanlega mikið skertri munnvatnsframleiðslu af völdum geislameðferðar, Sjögrenssjúkdóms eða lyfja. Próf á munnvatnsflæði er skilyrði fyrir samþykkt umsóknar.
8. Önnur sambærileg alvarleg tilvik.

9. gr.

Tannréttingar.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 95% kostnaðar, samkvæmt gjaldskrá ráðherra fyrir tannréttingar, við nauðsynlegar tannréttingar vegna eftirtalinna tilvika:

1. Skarð í vör eða gómi sem valdið getur alvarlegri tannskekku.
2. Meðfædd vöntun fjögurra eða fleiri fullorðinstanna, framan við endajaxla, sem ekki verður bætt án tannréttingar.
3. Önnur sambærilega alvarleg tilvik, svo sem alvarlegt misræmi í vexti beina í höfuðkúpu og kjálka.

10. gr.

Styrkur vegna tannréttinga.

Tryggingastofnun ríkisins skal veita styrk vegna kostnaðar við tannréttingar barna og ungmenna vegna annarra tilvika en um getur í 9. gr., samkvæmt eftirfarandi, enda hafi meðferð hafist fyrir 21 árs aldur viðkomandi:

1. Endurgreiðsla vegna tannréttinga skal hefjast að lokinni ísetningu fastra tækja. Með upphafi meðferðar er átt við þann dag þegar föst tæki voru sett í fyrri góm. Með orðunum föst tæki er átt við réttngaboga sem festur er á tyllur eða bönd sem sett hafa verið á a.m.k. 10 fullorðinstennur annars góms.
2. Meðferð telst lokið þegar föst tæki hafa verið fjarlægð af tönnum samkvæmt staðfestingu tannréttingalæknis umsækjanda.
3. Veittur er styrkur að upphæð allt að kr. 150.000 vegna tannréttingar sem krefst meðferðar með föstum tækjum í a.m.k. annan góm. Styrkur greiðist á eftirfarandi hátt, enda sé framvísað reikningum tannréttingalæknis vegna viðkomandi meðferðar sem eru jafnháir eða hærri en neðangreindar fjárhæðir, miðað við gjaldskrá ráðherra fyrir tannréttingar:
 - a. Að hámarki kr. 50.000 þegar meðferð er hafin skv. 1. tölul.
 - b. Að hámarki kr. 50.000 a.m.k. 12 mánuðum eftir greiðslu 1. hluta styrks eða að meðferð lokinni, samkvæmt 2. tölul., taki hún skemmri tíma en 12 mánuði.
 - c. Að hámarki kr. 50.000 a.m.k. 12 mánuðum eftir greiðslu 2. hluta styrks eða að meðferð lokinni, skv. 2. tölul., taki hún skemmri tíma en 24 mánuði.

Ekki er veittur styrkur vegna endurtekinnar meðferðar sem áður hefur verið styrkt af Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt þessu ákvæði eða eldri reglum um þátttöku Tryggingastofnunar í kostnaði við tannréttingar. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði að undangenginni umsókn.

11. gr.

Alvarlegir slysaatburðir.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 80% kostnaðar samkvæmt gjaldskrá ráðherra við nauðsynlegar tannlækningar, aðrar en tannréttingar, vegna sannanlegra alvarlegra afleiðinga slysaatburða þegar bætur þriðja aðila, þar með talið tryggingafélaga, fást sannanlega ekki greiddar og slysatryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar bæta ekki kostnað enda verði slys ekki rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis umsækjanda. Tryggingastofnun ríkisins er aðeins heimilt að taka þátt í kostnaði vegna tannskaða af völdum slysa sem tilkynnt hafa verið til stofnunarinnar innan 10 ára frá því að slys átti sér stað.

Áverkavottorð, gert af þeim tannlækni sem sinni umsækjanda fyrst eftir slys, skal fylgja umsókn um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði vegna slysaatburða.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 3. mgr. 33., lokamálsgrein 36., 37. og 66. gr., laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. desember 2002. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 28/1999 um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við almennar tannlækningar og reglur nr. 29/1999 um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma og slysa. Þá falla brott reglur tryggingaráðs sem settar voru á grundvelli 5. gr. reglna nr. 29/1999.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Dalabyggð.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund sbr. lið e í 2. grein samþykktar um hundahald í Dalabyggð nr. 20/1998, skal vera kr. 8.000 fyrir allt árið eða hluta úr ári.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. júlí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 7. grein framangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000 auk þess sem greiða skal kr. 700 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

3. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar samkvæmt 25. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hundahald í Dalabyggð.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Búðardal, 15. október 2002.

Haraldur L. Haraldsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti.

Markmið.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að setja mörk fyrir fallryk, einkum í andrúmsloftinu.

Gildissvið.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti. Reglugerðin gildir einnig um atvinnurekstur sem kann að valda fallryksmengun hér á landi utan eigin lóðar. Reglugerðin gildir um athafnir einstaklinga eftir því sem við á.

Skilgreiningar.

3. gr.

Fallryk er ryk sem sest sjálfkrafa á rakt yfirborð.

Styrkur fallryks og sýnataka.

4. gr.

Styrkur fallryks sem ekki er vatnsleysanlegt skal ekki vera yfir 10 g/m² miðað við mánaðarsöfnunartíma.

Við sýnatöku og mælingar á styrk fallryks í sýnum skal fara eftir þeim viðmiðunum og aðferðum sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir.

Fallrykssýnum skal safnað þar sem þörf er talin á af hálfu Hollustuverndar ríkisins, heilbrigðisnefnda eða framkvæmdaaðila.

Ráðstafanir.

5. gr.

Þar sem fallryk er yfir umhverfismörkum skulu hlutaðeigandi aðilar grípa til viðeigandi aðgerða til að draga úr rykmenguninni.

Gildistaka.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 13. nóvember 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps hefur samþykkt deiliskipulag fyrir frístunda-
byggð í landi Þverár.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglu-
gerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

30. september 2002.

Fyrir hönd hreppsnefndar,

Guðbjartur Gunnarsson oddviti.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Borgarfjarðarsveit.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag
vatnsaflsvirkjunar og flugvallar í landi Húsafells III.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulags-
reglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Borgarfjarðarsveit, 25. nóvember 2002.

Fyrir hönd hreppsnefndar,

Linda Björk Pálsdóttir, skrifstofustjóri Borgarfjarðarsveitar.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 42/1999, með síðari breytingum, fyrir tannlækningar veittar sjúklingum sem tryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum.

1. gr.

Fjárhæðir í gjaldskrá nr. 42/1999, með síðari breytingum, skulu hækka um 20% frá og
með 1. desember 2002, að undanskildum gjaldlið 110.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 37. gr., sbr. 33. gr. laga um almannatryggingar nr.
117/1993, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. desember 2002.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUR

um breytingu (14) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Þriðja málsgrein 8. gr. regnanna breytist og verður svohljóðandi:

Rektor ræður starfslið háskólans, nema lög mæli fyrir um annað, og setur því erindisbréf eða starfslýsingar. Rektor tekur ákvörðun í málum sem varða sérstakt hæfi einstakra starfsmanna háskólans til þess að fara með tiltekið mál í sameiginlegri stjórnslu háskólans, sbr. II. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993. Þegar um er að ræða að fundur í deild, skor eða stjórn háskólastofnunar undirbúi mál sem rektor á endanlegt ákvörðunarvald um, skal viðkomandi fundur taka afstöðu til þess hvort deildar-, skorar- eða stjórnarmaður viku sæti. Komi upp ágreiningur skal málinu skotið til rektors og efnislegri meðferð málsins frestað þar til úrskurður hans liggur fyrir. Í umboði rektors hafa framkvæmdastjórar stjórnslu, einn eða fleiri, yfirumsjón og eftirlit með sameiginlegri stjórnslu háskólans. Deildarforsetar hafa eftirlit og yfirumsjón með starfi og stjórnslu deilda.

2. gr.

Önnur málsgrein 42. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraþrófi eða hliðstæðu prófi úr háskóla. Formaður dómnefndar skal hafa verið metinn hæfur til að gegna sambærilegu starfi og dómnefnd fjallar um. Rektor er þó heimilt að víkja frá þessu hæfisskilyrði fyrir formann dómnefndar, ef sá sem skipaður er telst viðurkenndur sérfræðingur á sínu sviði, hefur lokið doktorsþrófi og augljóst má telja að hann uppfylli að öðru leyti þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til háskólakennara.

3. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 21. nóvember 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðastöðvaverði mjólkur, auk þess er:

	kr.
- gjald á sædda kú í skýrsluhaldi	1.000
- gjald á sædda kú utan skýrsluhalds	2.000
- gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	4.800
- viðbótargjald á holdanautasæðingu	900

2. gr.

Ýmiss konar útseld vinna eða sérhæfð þjónusta og ráðgjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki s.s. áætlanagerð, matsgerðir, umsóknir, vottorð, mælingar og fleiri verkefni er undir lögum falla:

tímagjald allt að

kr. 2.800

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998, að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar nr. 539/2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. nóvember 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. janúar 2003 að telja um 3,2% frá því sem þær voru í desember 2002.

Til viðbótar hækkun skv. 1. mgr. skal hækka frá 1. janúar 2003 tekjutryggingu um 3.028 kr., tekjutryggingarauka fyrir einhleypa um 2.255 kr. og tekjutryggingarauka fyrir hjón og sambýlisfólk um 2.255 kr.

2. gr.

Til viðbótar við árlega almenna hækkun skv. 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 skal frá 1. janúar 2004 hækka upphæð tekjutryggingar um 2.000 kr., tekjutryggingarauka fyrir einhleypa um 2000 kr. og tekjutryggingarauka fyrir hjón og sambýlisfólk um 2.000 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. og 17. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr.,
sbr. 22. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 83/1984.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 829.077.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 59.672.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 2002 og gildir til 30. nóvember 2003.

Fjármálaráðuneytinu, 26. nóvember 2002.

F. h. r.

Ragnheiður Snorradóttir.

Elva Ósk S. Wíium.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Útgerðarfélag Akureyringa, kt. 670269-4429, til að reka fiskeldisstöð í Rauðuvík í Eyjafirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. desember 2009.

Hollustuvernd ríkisins, 15. nóvember 2002.

Davíð Egilson, settur forstjóri.

*Þór Tómasson,
staðgengill forstöðumanns.*

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir SR-mjöl, kt. 560793-2279, til að reka fiskimjölsverksmiðju á Seyðisfirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins, 20. nóvember 2002.

Davíð Egilson, settur forstjóri.

*Þór Tómasson,
staðgengill forstöðumanns.*

REGLUGERÐ

um ferðastyrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna brýnnar sjúkdómsmeðferðar erlendis.

1. gr.

Ferðastyrkur.

Sjúkratryggðir einstaklingar, sem brýn nauðsyn er að vista á erlendu sjúkrahúsi skv. 35. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, skulu eiga rétt á ferðastyrk frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt reglugerð þessari, sbr. þó reglugerð nr. 201/1998 um greiðslu læknishjálpar við glasaftrjógvun erlendis. Heimilt er stofnuninni að greiða ferðastyrk að hluta eða að fullu samkvæmt reglugerð þessari fyrir aðra sjúkratryggða einstaklinga sem af ótvíræðri nauðsyn leita sjúkdómsmeðferðar erlendis.

2. gr.

Fargjald.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir að fullu fargjald hins sjúkratryggða, sbr. 1. gr., frá Íslandi og til þess staðar þar sem meðferð er fyrirhuguð og aftur til Íslands.

Fargjald innanlands (frá heimili sjúklings til millilandaflugvallar) skal jafnframt endurgreitt, þó þannig að sjúklingur greiði sjálfur 1.500 kr. Sé eigin bifreið notuð skal endurgreitt samkvæmt kílómetragjaldi skv. 3. mgr. 3. gr. og 6. mgr. 6. gr. reglna nr. 213/1999 um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands. Fjárhæð sjúklingshluta skal fylgja hámarksfjárhæð sjúklingshluta samkvæmt 3. mgr. 3. gr. sömu reglna.

3. gr.

Fylgdarmaður.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir ferðastyrk vegna fylgdarmanns ef sjúklingur er yngri en 18 ára, ósjálfbjarga eða mjög mikil áhætta fylgir meðferð og/eða ferðalagi. Ef aðstæður eru þannig að nauðsyn er á að heilbrigðisstarfsmaður fylgi sjúklingi greiðir stofnunin ferðastyrk vegna starfsmannsins. Að jafnaði skal einungis greiddur ferðastyrkur vegna eins fylgdarmanns en ef læknisfræðilegar ástæður krefjast þess að heilbrigðisstarfsmaður fylgi sjúklingi er heimilt að greiða ferðastyrk vegna tveggja fylgdarmanna og þá aðallega ef sjúklingur er yngri en 18 ára. Ef um er að ræða erfiða sjúkdómsmeðferð vegna lífshættulegs sjúkdóms er heimilt að greiða ferðastyrk fyrir báða foreldra (eða tvo nánustu aðstandendur) ef sjúklingur er yngri en 18 ára.

Ef sjúklingur, sem fengið hefur samþykta fylgd, verður að dveljast erlendis a.m.k. sex vikur þá er heimilt að greiða ferðastyrk vegna skipta á fylgdarmanni á fjögurra vikna fresti.

4. gr.

Uppihaldskostnaður.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir dagpeninga vegna nauðsynlegs uppihaldskostnaðar sjúklings erlendis utan sjúkrastofnunar svo og nauðsynlegs uppihaldskostnaðar fylgdarmanns skv. 3. gr. Greiðsla dagpeninga fer eftir sömu reglum og gilda um þjálfun, nám og eftirlitsstörf ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis, sbr. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar og umburðarbréf nefndarinnar sem í gildi er á hverjum tíma. Einungis skal greiða fjórðung dagpeninga fyrir börn yngri en fjögurra ára og hálfu dagpeninga fyrir fjögurra til ellufu ára börn. Ef fylgd heilbrigðisstarfsmanns hefur reynst nauðsynleg skal hann eiga rétt á greiðslu dagpeninga í samræmi við gildandi kjarasamninga. Ef samþykktur hefur verið ferðastyrkur fyrir báða foreldra (nánustu aðstandendur) barns greiðast dagpeningar að fullu til annars foreldris en að hálfu til hins.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 33. gr., sbr. d-lið 1. mgr. 33. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur tryggingaráðs frá 16. október 1998 nr. 622/1998 um ferðastyrk sjúklinga vegna brýnnar sjúkdómsmeðferðar erlendis.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ**um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins vegna læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasis- og exemsjúklinga.**

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða kostnað vegna psoriasis- og exemsjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasis- og exemsjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar í samræmi við samninga Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. þó reglugerð nr. 660/1998 um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, með síðari breytingu. Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki kostnað við ferðir vegna meðferðarinnar.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur einungis þátt í kostnaði við meðferð sjúklings ef mat læknis á meðferðarþörf hefur farið fram og verið staðfest af húðlækni þess aðila sem veitir meðferðina.

3. gr.

Greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins takmarkast við allt að 23 skipti hjá hverjum sjúklingi á hverju meðferðartímabili.

4. gr.

Beri meðferð hér á landi ekki árangur og sjúklingi því brýn nauðsyn að vistast á erlendu sjúkrahúsi eða meðferðarstofnun getur sjúklingur sótt um greiðsluþátttöku hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna slíkrar meðferðar samkvæmt 35. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 33. gr., sbr. 2. mgr. 33. gr., og 3. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma falla úr gildi reglur tryggingaráðs frá 8. maí 1998 nr. 305/1998 um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í meðferð psoriasis- og exemsjúklinga.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 130 – 2002

28. nóvember 2002

2021

Nr. 829

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 622/2001 um innkaup og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja.

5. ml. í tl. 1.15 orðist svo:
Skráin sé til sýnis á birgjavef ÁTVR.

1. ml. í tl. 1.16 orðist svo:
Fjórum mánuðum áður en reynslusala á að hefjast kynnir ÁTVR á birgjavef sínum öllum þeim, sem leyfi hafa til að selja ÁTVR áfengi, þá vöru sem hefja á reynslusölu á og óskar verðboðs í vöruna.

Á eftir 3. ml. í tl. 1.19 - kemur nýr málslíður - svohljóðandi:
Sölutíminn „jólamánuður“ hefst þriðja fimmtudag í nóvember og lýkur 6. janúar.

1. ml. í tl. 1.25 orðist svo:
Vara fer úr vörslu ÁTVR hafi hún ekki selst fyrir a.m.k. 100 þús. kr. á hverju 12 mánaða tímabili.

3. ml. í tl. 1.26 orðist svo:
Sérpantaðri vöru verður ekki skilað nema hún teljist ónothæf vegna galla.

1. ml. í tl. 4.11 orðist svo:
Að minnsta kosti skal velja söluhæstu tegundina af öðru áfengi en bjór.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vegna hækkunar á gjaldi af áfengi, sem fellur undir 3. tl. 3. gr. laga nr. 96/1995, er birgjum heimilt að breyta verði á því áfengi til og með 3. desember 2002. ÁTVR breytir verði í verslunum 2., 3. og 4. desember eftir því sem ný verð berast.

Við gildistöku þessara reglna fellur skráning á biðlista til reynslusölu skv. reglum nr. 622/2001 úr gildi. Heimilt er að skrá vöru, sem var á biðlistanum fyrir gildistöku þessara reglna, að nýju. Við endurskráningu skal vara halda þeirri röð, sem hún var í á biðlistanum, eftir því sem við á.

Endurskráningu skal lokið 31. desember 2002.

Reykjavík, 27. nóvember 2002.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins,

Sigurður M. Magnússon. Anna Margrét Jóhannesdóttir. Þórhallur Jósefsson.

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast reglur þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 28. nóvember 2002.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ragnheiður Snorradóttir.

REGLUGERÐ

um síldveiðar með vörpu.

1. gr.

Allar veiðar á íslenskri sumargotssíld með vörpu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

Heimilt er að veita skipum sem aflamark hafa í síld leyfi til síldveiða með vörpu innan tímabilsins 1. september til 31. maí á hverju fiskveiðiári en ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til síldveiða með vörpu sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

2. gr.

Eingöngu er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu samkvæmt 5. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með þeim takmörkunum sem síldveiðum eru settar í sérstökum reglugerðum eða skyndilökunum.

3. gr.

Við færslu afladagbókar skal tilgreind dagsetning, nákvæm staðsetning veiðisvæðis, aflí og dýpi í hverju togi. Enn fremur skal allur aukaafli skráður nákvæmlega.

4. gr.

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til síldveiða með vörpu vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar, ákvæðum leyfisbréfa til síldveiða með vörpu og ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til síldveiða með vörpu.

5. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála. Brot varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 718, 11. október 2000, um síldveiðar með vörpu.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. nóvember 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUR

Seðlabanka Íslands um meðferð trúnaðarupplýsinga og verðbréfa- og gjaldeyrisviðskipti starfsmanna.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 37. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti. Reglurnar taka m.a. til meðferðar á trúnaðarupplýsingum eins og þær eru skilgreindar í 2. gr. sömu laga.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur reglnanna er að tryggja að meðferð trúnaðarupplýsinga í Seðlabanka Íslands sé í samræmi við lög og reglur sem gilda á verðbréfamarkaði og ákvæði 1. og 2. mgr. 35. gr. laga um bankann, nr. 36/2001. Reglunum er ætlað að stuðla að því að viðskipti starfsmanna með verðbréf og gjaldeyri séu trúverðug.

2. gr.

*Skilgreiningar.**Trúnaðarupplýsingar:*

Upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinber væru. Upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með opinberum og viðurkenndum hætti. Tilkynningar til kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan, sbr. lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Verðbréf:

- a. Hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.
- b. Skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa samkvæmt a-lið. Afleiður teljast til verðbréfa skv. þessum lið.

3. gr.

Gildissvið.

Reglurnar taka samkvæmt lögum til viðskipta starfsmanna Seðlabanka Íslands með verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Þeim ber þó einnig að beita eftir því sem við á um viðskipti með óskráð verðbréf

og trúnaðarupplýsingar um þau eða útgefanda þeirra. Reglur þessar gilda jafnframt um gjald-eyrisviðskipti starfsmanna Seðlabankans eftir því sem við getur átt, þó ekki um kaup á gjald-eyri til greiðslu fyrir vörur eða þjónustu eða vegna ferðalaga til útlanda eða sölu gjaldeyris vegna hins sama eða vegna greiðslu skulda í erlendum gjaldmiðli.

Reglurnar taka til starfsmanna Seðlabankans, bankastjóra og bankaráðsmanna, í þessum reglum nefndir starfsmenn. Þær taka einnig til Seðlabankans sjálfs eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Trúnaðarupplýsingar.

Trúnaðarupplýsingar geta t.d. legið fyrir í Seðlabanka Íslands sem hér segir:

- a. vitneskja um vaxtabreytingar,
- b. vitneskja um breytingar á gengi gjaldmiðla,
- c. vitneskja um málefni einstakra fjármálastofnana,
- d. vitneskja um aðgerðir stjórnvalda í efnahagsmálum,
- e. tölfraðilegar upplýsingar um einstaklinga eða lögaðila.

Starfsmönnum Seðlabankans sem búa yfir eða hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum er óheimilt:

- a. að nýta sér trúnaðarupplýsingarnar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa eða gjaldeyris,
- b. að láta þriðja aðila trúnaðarupplýsingarnar í té nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir, og skal viðtakandi upplýsinganna áminntur um þagnarskyldu sína,
- c. að ráðleggja þriðja aðila á grundvelli trúnaðarupplýsinganna að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með slík verðbréf.

5. gr.

Viðskipti starfsmanna með verðbréf og gjaldeyri fyrir eigin reikning.

Eins og að framan greinir er starfsmönnum Seðlabanka Íslands óheimilt að eiga sjálfir viðskipti fyrir sig eða aðra eða hvetja til viðskipta með verðbréf og gjaldeyri búi þeir yfir eða hafi aðgang að trúnaðarupplýsingum sem líklegar eru til þess að hafa áhrif á markaðs- verð þeirra.

Bann þetta þýðir að starfsmenn Seðlabankans mega ekki kaupa, selja eða hvetja til kaupa eða sölu verðbréfa eða gjaldeyris, hvort sem er fyrir eigin reikning eða þriðja manns (t.d. fjölskyldu eða vina), þegar hlutaðeigandi starfsmenn búa yfir trúnaðarupplýsingum.

Bann þetta gildir hvort sem viðskiptin með verðbréfin eða gjaldeyrinn eiga sér stað í bankanum sjálfum eða utan hans.

Starfsmenn bera ábyrgð á að reglum þessum sé fylgt í viðskiptum þeirra með verðbréf og gjaldeyri. Þeim ber jafnframt að leitast við að tryggja að viðskipti annarra fjölskyldumeð- lima (maka og ófjárráða barna, stjúpbarna og fósturbarna) veki ekki upp spurningar um trú- verðugleika viðskiptanna.

Aður en viðskipti eiga sér stað skal starfsmaður ganga úr skugga um að hann hafi ekki aðgang að trúnaðarupplýsingum hvort sem viðskiptin snúast um verðbréf eða gjaldeyri.

Aður en bankaráðsmaður á viðskipti með verðbréf skal hann ganga úr skugga um að hann búi ekki yfir eða hafi aðgang að trúnaðarupplýsingum skv. reglum þessum.

6. gr.

Eftirlit með trúnaðarupplýsingum innan sviða og deilda.

Framkvæmdastjórar og forstöðumenn í Seðlabanka Íslands eru ábyrgir fyrir því að trún-

aðarupplýsingar sem berast sviðum eða deildum þeirra lendi ekki í höndum óviðkomandi aðila. Þeir skulu sérstaklega hafa aðgát við geymslu skjala, afhendingu gagna, ljósritun slíkra gagna og skjala, tölvuskráningu gagna og upplagningu.

Sömu aðilar skulu hafa reglu á því innan sviða og deilda sinna hvaða undirmenn hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum og hvernig þeir miðla slíkum upplýsingum milli sviða og deilda.

Sömu aðilar skulu jafnframt ákveða hvernig fara skuli með sé starfsmaður í vafa um hvort um trúnaðarupplýsingar sé að ræða eða ekki og hvort heimilt sé að láta slíkar upplýsingar í té til þriðja aðila þ.m.t. til annarra sviða og deilda bankans eða annarra starfsmanna.

Almennt skal ekki farið með trúnaðarupplýsingar út úr bankanum og einungis ef slíkt er nauðsynlegt vegna starfa eða erinda fyrir hann. Í þeim tilvikum skal viðhafa ítrustu aðgæslu við meðferð gagnanna hvort sem þau eru á pappír eða á rafrænu formi, s.s. í ferðatölvum.

Sérstök aðgæsla skal viðhöfð þegar senda þarf trúnaðarupplýsingar frá Seðlabankanum. Trúnaðarupplýsingar skal ekki senda um tölvupóst nema gripid sé til sérstakra öryggisráðstafana. Ganga skal úr skugga um að trúnaðarupplýsingar berist einungis réttum viðtakanda.

Þegar um viðkvæmar upplýsingar er að ræða skal leitast við að takmarka aðgang að þeim við þá starfsmenn sem vinna við verkefnið.

Eyða skal á tryggilegan hátt upplýsingum sem heimilt er að farga og innihalda trúnaðarupplýsingar.

Að öðru leyti er vísað í öryggisstefnu Seðlabanka Íslands.

7. gr.

Viðskipti yfirmanna.

Bankastjórar og starfsmenn Seðlabanka Íslands sem sitja reglulega peninga- og fjármála-fundi, sbr. starfsreglur frá 14. janúar 2002, um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum, og starfsmenn peningamálasviðs, skulu tilkynna regluverði skv. 8. gr. um alla verðbréfaeign sína, maka, ófjárráða barna, stjúpbarna og fósturbarna fyrir 1. apríl ár hvert. Framangreindir aðilar skulu tilkynna regluverði fyrirfram um viðskipti með verðbréf og gjaldeyri, sem nema hærrí fjárhæð en ein milljón krónur í hverjum einstökum viðskiptum. Hlutaðeigandi skal gefa regluverði hæfilegt ráðrúm til þess að kanna hvort trúnaðarupplýsingar séu til staðar sem vakið geti spurningar eftir á um réttmæti viðskiptanna. Reynist svo vera skal regluvörður gera athugasemd við fyrirhuguð viðskipti og leggja fyrir hlutaðeigandi að hann fresti þeim.

Undanþegin ákvæðum þessarar greinar um tilkynningarskyldu til regluvarðar eru viðskipti aðila með verðbréf sem tengd eru öflun eða sölu eigin húsnæðis og eru í eðlilegu framhaldi af slíkum viðskiptum.

8. gr.

Yfirumsjón með framkvæmd reglnanna og skráning samskipta.

Aðallögfræðingur Seðlabanka Íslands hefur yfirumsjón með framkvæmd reglnanna og gegnir hlutverki regluvarðar.

Hann skal halda skrá yfir gjaldeyris- og verðbréfaeign og tilkynnt viðskipti, þar sem fram kemur um hvaða verðbréf og gjaldeyrisviðskipti var að ræða, fjárhæð nafnverðs og gengi, og á hvaða tíma fyrirhuguð kaup áttu að eiga sér stað.

Um viðskipti regluvarðar með verðbréf og gjaldeyri fer samkvæmt 7. grein. Regluvörður skal þó tilkynna formanni bankaráðs um viðskipti sín fyrirfram og halda sérstakt yfirlit yfir þau.

9. gr.

Viðskipti fullvalda ríkis eða seðlabanka.

Ákvæði laganna um meðferð trúnaðarupplýsinga eiga ekki við um viðskipti fullvalda ríkis, seðlabanka þess eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu hlutaðeigandi ríkis í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

10. gr.

Viðurlög.

Brot á reglum þessum skulu tilkynnt bankastjórn Seðlabanka Íslands og getur hún, eftir eðli og umfangi brots, beitt án fyrirvara ákvæðum 11.2.5 í kjarasamningi bankamanna (fyrirvaralaus brottvikning úr starfi) áður en brot er kært til hlutaðeigandi yfirvalda.

Brot gegn ákvæðum V. kafla laga um verðbréfiðskipti (meðferð trúnaðarupplýsinga) varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Jafnframt er heimilt að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur með broti gegn ákvæðum hans.

Tilraun og hlutdeild í brotum eru refsiverðar eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

11. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast gildi 1. desember 2002. Jafnframt falla úr gildi reglur hliðstæðs efnis frá 23. júní 1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

Regluvörður skal hafa lokið fyrstu skráningu upplýsinga skv. ákvæðum 7. gr., sbr. ákvæði 8. gr., eigi síðar en 1. apríl 2003.

Reykjavík, 28. nóvember 2002.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson,
formaður bankastjórnar.

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri.

REGLUGERÐ**um bann við síldveiðum við Austurland.**

1. gr.

Frá kl. 15.00 30. nóvember 2002 eru allar síldveiðar bannaðar á svæði við Austurland sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65° 25'00 N – 13° 40'00 V
2. 65° 25'00 N – 12° 10'00 V
3. 64° 48'10 N – 12° 28'00 V
4. 64° 48'10 N – 13° 50'00 V

Milli punkta 1 og 4 afmarkast svæðið af strandlengjunni.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. nóvember 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 131 – 2002

Nr. 833

2028

29. nóvember 2002

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Aflagrandi 34.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. nóvember 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Aflagrandi 34.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kleppsvík Vogabakki, Holtavegur 3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 3. september 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Holtaveg 3, Vogabakka.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sigtúnsreit, Engjateigur 7.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 29. október 2002, óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Sigtúnsreit, Engjateig 7.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun gerði athugasemd við auglýsingu erindisins. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgarhverfi, Vættaborgir 84-96.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 22. október 2002, óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgarhverfi, Vættaborgir 84-96.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun gerði athugasemd við auglýsingu erindisins. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 29. nóvember 2002.

Helga Bragadóttir, skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 715/2002, um skipulag opinberra framkvæmda.

1. gr.

2. másl. 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 23. gr. laga nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 27. nóvember 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Hafsteinn S. Hafsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 132 – 2002

Nr. 835

2030

4. desember 2002

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 804, 15. nóvember 2002,
um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Halamiðum.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 804, 15. nóvember 2002, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Halamiðum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 6. desember 2002.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. desember 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B133 – 2002

22. nóvember 2002

2031

Nr. 836

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit í
Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 6.100
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 7.500

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að breyta eftirlitsáætlun hjá einstaka fyrirtæki verði eftirlit frábrugðið samþykktri áætlun.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald	1,0 tímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á	

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald	1,5 tímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Önnur leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Leyfisgjald	1,5 tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títmagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykkt settra samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir greiðist tímagjald samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin með heimild í 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps 12. nóvember 2002, bæjarstjórn Garðabæjar 21. nóvember 2002, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 12. nóvember 2002 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 12. nóvember 2002, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 920/2001 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

Garðabæ, 22. nóvember 2002.

F.h. heilbrigðisnefndar,

Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

Heiti atvinnugreinar	Gjald kr.	Heiti atvinnugreinar	Gjald kr.
Alifuglarækt < 40.000 stæði	25.925	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	39.525
Apótek	25.925	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttöku-eldhúsi	25.925
Áfengisverslun	8.388	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	22.875
Áhaldahús sveitarfélags	21.350	Fiskbúðir	27.325
Baðhús	57.700	Fiskvinnsla, harðfiskverkun	24.781
Bakarí	55.600	Fiskverkun – heitloftsþurrkun fiskafurða	50.325
Bakarí, lítið	40.350	Fiskverkun á ferskum fiski	32.406
Bakarí, lítil kökugerð	22.050	Fiskverkun, saltfiskverkun	24.781
Bakarí, sala án vinnslu	27.325	Fótaaðgerðarstofur	14.869
Bakarí með veitingasölu	55.600	Framköllunarþjónusta, sérhæfð	22.875
Bensínstöð án matvöru	24.400	Framleiðsla á plötum og rörum úr plasti	21.350
Bensínstöð með matvöru	60.938	Framleiðsla á baunasípírum	23.513
Bensínstöð með veitingasölu	86.100	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	21.350
Bensínstöð, ómönnuð	19.825	Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	34.950
Bið- og endastöðvar strætisvagna	7.625	Framleiðsla á umbúðaplasti	21.350
Biðstöðvar leigubifreiða	7.625	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	21.350
Bifreiða- og vélaverkstæði, margþætt starfsemi	39.650	Framleiðsla matvöru til matvælavinnslu	28.850
Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	9.913	Framleiðsla tilbúinna rétta	50.200
Bifreiðavarahlutaverslanir, með efnavöru	25.925	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	21.350
Bílgrein, bifreiðasprautun	20.588	Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappir og pappa	10.675
Bílgrein, bifreiða- eða vélaverkstæði	22.875	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – án mótuneytis	16.013
Bílgrein, bifreiðaréttingar	18.300	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – með fullbúnu eldhúsi	48.675
Bílgrein, hjólbarðaverkstæði	12.200	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – með móttökueldhúsi	42.700
Bílgrein, litlar bónstöðvar og bílaleigur	16.775	Fræðslustarfsemi, verknám í matvælavinnslu	48.675
Bílgrein, lítil bifreiða- eða vélaverkstæði	16.775	Fræðslustarfsemi, tónlistarskólar o.þ.h.	9.913
Bílgrein, partasala < 3 stæði	24.400	Fræðslustarfsemi ótalin	9.913
Bílgrein, partasala > 3 stæði	30.500	Gasbirgðastöðvar	21.350
Bílgrein, ryðvarmverkstæði	30.500	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	22.875
Bílgrein, smurstöð	21.350	Gámastöð	12.200
Bílgrein, verkstæði fyrir þungavinnutæki	33.550	Gistiheimili án veitingasölu	24.400
Bílgrein, véla- og tækjageymsla með olúbirgðum	21.350	Gisting – heimagisting	4.956
Bílgrein, þvotta- og bónstöðvar	18.300	Gisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	12.963
Bílgrein o.fl., verkstæði fyrirtækja	21.350	Gisting með veitingasölu – hótél	74.600
Bólstrun	9.150	Gisting, starfsmannabúðir	24.400
Braudstofur	14.425	Gisting, starfsmannabústaður	24.400
Brennur	18.300	Gleriðnaður, framleiðsla á glerplötum	9.150
Byggingavöruverslanir með mikið af efnavöru	50.325	Gleriðnaður, framleiðsla glerlíta	9.150
Byggingavöruverslanir, lítið af efnavöru	9.913	Gleriðnaður, skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	18.300
Dagmómmur með > 6 börn	9.913	Grunnskólar án mótuneytis	16.013
Dvalar- og hjúkrunarheimili, án mótuneytis	12.963	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	55.475
Dvalar- og hjúkrunarheimili, með fullbúnu eldhúsi	65.831	Grunnskólar með móttökueldhúsi	44.925
Dvalar- og hjúkrunarheimili, með móttökueldhúsi	40.031	Gæludýraverslun	9.913
Dýralæknastofur án röntgen	7.625	Gæsluvellir	19.825
Dýralæknastofur með röntgen	9.913	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	12.200
Dýraspítalar	10.675	Hárgreiðslustofur	10.675
Efnalaugar	21.350	Heildverslun með hreingeringarefni	25.925
Endurhæfing	9.913	Heildverslun með flugelda	19.825
Endurhæfingar-, dvalar- og hjúkrunarheimili með sundlaug	115.275	Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru	28.975
Endurvinnsla úrgangs	27.450		
Fangageymsla	15.250		
Fangelsi	27.450		
Farfuglaheimili og fjallaskálar, hálfársnotkun	7.625		
Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	9.150		

Heiti atvinnugreinar	Gjald kr.	Heiti atvinnugreinar	Gjald kr.
Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru, lítil	18.300	Málmiðn, vélsmiða- og vélaviðgerða- verkstæði	24.400
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjar- vöru og tóbak	27.325	Málmsteypa < 20 tonn á dag	12.200
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjar- vöru og tóbak, lítil	47.150	Málningavöruverslanir	32.025
Heildverslun, varasöm efni	25.925	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	18.300
Heildverslun, varasöm efni (minni háttar)	9.913	Móttaka brotamálms	56.775
Heilsugæslustöðvar	9.913	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi	33.425
Heimili fyrir börn og unglinga	5.719	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	26.625
Hestahald, hesthúshverfi	25.925	Mötuneyti með móttökueldhúsi	29.675
Hreinlætisvöruverksmiðjur	73.200	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	19.825
Hundahótel	19.825	Nám og vinnsla á steinefnum til efnaíðnaðar og áburðargerðar	32.025
Húðflúrstofur	19.825	Niðurrif bifreiða	45.750
Húðgötun	19.825	Nuddstofur	10.675
Húsdýragarðar	12.200	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breyti- lega staðsetningu	30.500
Íþróttahús, lítil	19.825	Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	10.675
Íþróttahús, stór	32.025	Plastiðnaður	21.350
Íþróttavellir	21.350	Prentiðnaður	10.675
Járnvöruverslanir og minni háttar efnavöru- sala	9.913	Pökkun á sápuefnum o.þ.h.	21.350
Kappaksturs- og æfingabrautir	18.300	Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði	9.913
Kattahótel	19.825	Rafvélaverkstæði	9.913
Kertaverksmiðja	4.956	Rannsóknarstofur í læknisfræði	10.675
Kírópraktor	9.913	Röntgenstofur	9.913
Kjöttvinnsla með reykingu	88.200	Sala á tilbúnum mat	57.063
Kjöttvinnsla með reykingu, lítil	34.950	Sala á tilbúnum mat, lítil	41.050
Kjöttvinnsla	72.700	Salatgerð	44.100
Krár, kaffihús án matsölu	36.600	Samkomusalir án eldhúss	9.913
Krár, kaffihús með matsölu	60.875	Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	26.625
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	23.575	Samkomusalir með móttökueldhúsi	19.825
Kvikmyndahús	13.725	Sjúkrahús, deildaskipt, án mötuneytis	16.013
Kvikmyndahús með veitingastarfsemi	44.925	Sjúkrahús, deildaskipt, með fullbúnu eldhúsi	90.169
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta	31.200	Sjúkrahús, deildaskipt, með móttökueldhúsi	45.750
Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	21.350	Sjúkraþjálfun	9.913
Leikskólar án mötuneytis	33.550	Skemmtistaður án matsölu	15.250
Leikskólar með fullbúnu eldhúsi	69.200	Skíðaskáli, skíðasvæði, vélageymsla og við- gerðaraðstaða	38.063
Leikskólar með móttökueldhúsi	58.650	Skotvellir	15.250
Líkamsræktarstöðvar	21.350	Skólphreinsistöðvar > 10.000 þe	25.925
Líkamsræktarstöðvar	19.825	Skólphreinsistöðvar, aðrar	19.825
Líkamsræktarstöðvar, með heitum pottum	39.525	Skyndibitastaðir	76.000
Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	48.675	Skyndibitastaðir, litlir	56.175
Ljósmyndastofur með framköllun	15.250	Smjörflíkisgerð	34.950
Lyfjagerð	33.550	Snyrtistofur	10.675
Læknahús með aðgerðarstofum	11.438	Snyrtivöruframleiðsla	73.200
Læknastofur	9.913	Snyrtivörusala, minni háttar	15.250
Malar- og sandnám; vikurnám	32.025	Snyrtivöruverslun	25.925
Matsölustaðir	83.625	Sorpflutningar og sorphirða	12.963
Matsölustaðir, litlir	72.313	Sólbaðstofur	21.350
Matsöluvagnar	25.800	Sólbaðstofur með heitum pottum	39.525
Matvöruverslun án vinnslu	53.250	Spennaviðgerðir	11.438
Matvöruverslun, sérverslun	27.325	Spennistöðvar	9.913
Málmiðn, blikksmiði	12.200	Steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum	32.025
Málmiðn, flotkví	68.625	Steinsmiði	18.300
Málmiðn, húðun málma	24.400	Steinsmiði lítil	9.150
Málmiðn, járn-, ál- og stálsmiðjur	19.825	Stórmarkaðir > 400 m ² , án matvælavinnslu	94.300
Málmiðnaður, kælitækjapjónusta, viðgerðir og nýsmíði	28.975	Stórmarkaðir > 400 m ² , með matvæla- vinnslu	132.425
Málmiðnaður, sandblástur	24.400	Sultu- og ávaxtagrautargerð	34.950
Málmiðnaður, slippur og tengdur rekstur	38.125		

Heiti atvinnugreinar	Gjald kr.	Heiti atvinnugreinar	Gjald kr.
Sumarbúðir	24.400	Vatnsveitur 1.000 – 5.000 íbúa	142.350
Sundstaðir	144.250	Vatnsveitur 10.000 – 50.000 íbúa	299.700
Sundstaðir, litlir	79.050	Vatnsveitur 5.000 – 10.000 íbúa	269.700
Súkkulaði- og sælgætisgerð	34.250	Vatnsveitur, einka	21.225
Söluturnar án óvarinna matvæla	48.675	Verslun með varasöm efni í smásölu	21.350
Söluturnar með óvarin matvæli	69.900	Verslunarmiðstöðvar	25.925
Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	44.863	Véla- og tækjageymsla án olíubirgða	10.675
Tannlæknastofur	18.300	Véla- og tækjasölur, lítið af efnavöru	9.913
Tannsmíðar	9.913	Viðgerðaraðstaða	15.250
Te- og kaffiframleiðsla	14.425	Vinnsla með plast- og frauðefni	10.675
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði	16.775	Vinnsla með trefjaplast	36.600
Trésmíðja án lökkunar	11.438	Vistheimili	11.438
Trésmíðja með lökkun	22.875	Vörugeymslur	21.350
Trésmíðja, þrýstifúavörn á viði	24.400	Vörugeymslur, litlar	9.913
Varaafstöðvar með olíubirgðum	9.913	Yogastofur, heilun o.fl.	9.913
Varaafstöðvar með olíubirgðum < 1600 l	4.956	Þakpappaverksmiðjur	9.913
Varahlutaverslanir, lítið af efnavöru	9.913	Þvottahús	9.150
Vatnsveitur < 1.000 íbúa	21.225		

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Íbúðabyggðar á norðuröxl Fjárhúsholts“ vegna Háabergs 31 í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 1. október 2002 breytingu á deiliskipulagi „Íbúðabyggð á norðuröxl Fjárhúsholts“ vegna Háabergs 31 í Hafnarfirði.

Breytingin felur í sér að súrheysturn á lóðinni megi standa áfram og verða felldur inn í íbúðarhús og að byggingarreitur stækki.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 25. nóvember 2002.

Hafdis Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

REGLUR

um viðurkenningu Háskóla Íslands á akademísku hæfi starfsmanna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og veitingu akademískrar nafnbótar.

1. gr.

Veiting akademískrar nafnbótar.

Háskólamenntuðum starfsmönnum Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH), sem gegna klínískum eða paraklínískum störfum í að a.m.k. 70% starfshlutfalli, er heimilt að sækja um viðurkenningu Háskóla Íslands (H.Í.) á akademísku hæfi sínu, enda séu þeir ekki þegar ráðnir til H.Í. í starf háskólakennara eða sérfræðings þar sem hæfnisdóms er krafist.

Háskólarektor, í umboði háskólaráðs, gefur út viðurkenningu á akademísku hæfi, að fengnu álitu dómnefndar og tillögu háskóladeildar.

Viðurkenning á akademísku hæfi veitir akademíska nafnbót eftir því sem fyrir er um mælt í reglum þessum. Akademískri nafnbót verður ekki jafnað til ráðningar í starf háskólakennara eða sérfræðings við H.Í., sbr. 12. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og III. kafla reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands og nafnbótin veitir ekki önnur réttindi en þau sem kveðið er á um í 6. gr.

Þeir sem ráðnir eru til H.Í. og hafa hlotið hæfnisdóm geta ekki sótt um viðurkenningu á akademísku hæfi sínu skv. þessum reglum.

2. gr.

Akademísk nafnbót.

Akademísk nafnbót er veitt í tengslum við einhverja af heilbrigðisvísindadeildum H.Í., þ.e. læknadeild, hjúkrunarfræðideild, tannlæknadeild og lyfjafræðideild. Nafnbótin er veitt á grundvelli hæfnisdóms dómnefndar og viðurkenningar á akademísku hæfi skv. eftirtöldu:

1. Starfsmaður LSH sem ráðinn hefur verið til þess að gegna klínískum eða para-klínískum störfum við spítalann og hefur sótt um viðurkenningu á akademísku hæfi og fengið hæfnisdóm sem lektor má að fenginni heimild háskóladeildar kalla sig klínískan lektor.
2. Starfsmaður LSH sem ráðinn hefur verið til þess að gegna klínískum eða para-klínískum störfum við spítalann og hefur sótt um viðurkenningu á akademísku hæfi og fengið hæfnisdóm a.m.k. sem dósent má að fenginni heimild háskóladeildar kalla sig klínískan dósent.
3. Starfsmaður LSH sem ráðinn hefur verið til þess að gegna klínískum eða para-klínískum störfum við spítalann og hefur sótt um viðurkenningu á akademísku hæfi og fengið hæfnisdóm a.m.k. sem prófessor má að fenginni heimild háskóladeildar kalla sig klínískan prófessor.

Heimilt er að veita starfsmönnum heilbrigðisstofnana, annarra en LSH, akademískar nafnbætur, sbr. 1. mgr., enda sé gert ráð fyrir því í samstarfssamningi sem H.Í. hefur gert við viðkomandi stofnun.

Ennfremur er heimilt að veita akademískar nafnbætur við aðrar deildir Háskóla Íslands enda gegni sá starfsmaður sem um nafnbótina sækir starfi við LSH eða aðra heilbrigðisstofnun, sbr. 2. mgr., sem fyllilega er sambærilegt við störf þau sem skilgreind eru í 1. mgr. 1. gr.

3. gr.

Umsókn um viðurkenningu á akademísku hæfi.

Umsókn um viðurkenningu skal berast viðkomandi heilbrigðisvísindadeild Háskóla Íslands fyrir lok janúar ár hvert. Með hæfilegum fyrirvara skal birt tilkynning til starfsmanna LSH um að tekið sé við umsóknum og hvaða reglur gildi um meðferð þeirra. Umsókn skal uppfylla sömu skilyrði og hverju sinni eru í gildi varðandi umsóknir um laus störf og framgang, sbr. 37. og 39. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

4. gr.

Móttaka umsókna.

Þegar umsókn berst skal tekin ákvörðun um meðferð málsins í samræmi við reglur hverrar deildar. Hafi deild ekki sett sér reglur um meðferð umsókna skal farið eftir almenn-um reglum um veitingu starfa, að breyttu breytanda.

Ef mikill fjöldi umsókna berst, er deild heimilt að flokka umsóknir á grundvelli akademískra sjónarmiða enda sé kveðið á um það í reglum deildar. Skulu þá þær umsóknir teknar til áframhaldandi meðferðar sem best uppfylla slík skilyrði.

Umsækjanda skal tilkynnt um móttöku umsóknar og hvenær hún verður tekin til meðferðar. Hafi farið fram forval á vegum deildar, sbr. 2. mgr., skal umsækjanda tilkynnt um það með greinargóðum rökstuðningi, ef ákveðið hefur verið að taka umsókn hans ekki til áframhaldandi meðferðar.

5. gr.

Skipun dómnefndar.

Rektor skipar til þriggja ára í senn sjö manna dómnefnd til þess að meta umsóknir skv. reglum þessum. Skulu fjórir skipaðir skv. tilnefningum heilbrigðisvísindadeilda, einn skv. tilnefningu háskólaráðs, einn skv. tilnefningu menntamálaráðherra og einn án tilnefningar og er sá formaður nefndarinnar. Í nefndina má þá eina skipa sem lokið hafa meistaraþrófi eða hliðstæðu prófi úr háskóla. Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Formaður skiptir verkum milli nefndarmanna. Ritari dómnefnda við Háskóla Íslands er nefndinni til aðstoðar og fylgist með störfum hennar.

Þrjú nefndarmanna fjalla um hverja umsókn og fara með málið við alla meðferð þess fyrir nefndinni. Einn þessara þriggja er sá nefndarmanna sem tilnefndur er af viðkomandi heilbrigðisvísindadeild. Heimilt er rektor að skipa mann „ad hoc“ til þess að fjalla um einstaka umsókn ef hæfisskilyrði eða aðrar ástæður krefjast þess. Þriggja manna nefnd er heimilt að leita álits eins til tveggja viðurkenndra sérfræðinga á fræðasviði umsækjenda.

6. gr.

Málsmeðferð.

Þegar ákvörðun deildar liggur fyrir um að taka umsókn um mat á akademísku hæfi til meðferðar sendir deildin umsóknina til rektors ásamt greinargerð um það hvort senda skuli umsókn til dómnefndar. Ennfremur skal koma fram ef gögn eru fyrirbyggjandi um umsækjanda í formlegu gæðakerfi skólans.

Áliti rektor að auðsýnt sé að umsækjandi uppfylli ekki akademísk hæfisskilyrði, er honum heimilt að hafna umsókninni. Að öðrum kosti sendir hann umsóknina til meðferðar hjá dómnefnd.

Um mat á hæfi umsækjanda og meðferð dómnefndar á málinu að öðru leyti, gilda eftir því sem við á:

1. Reglur fyrir Háskóla Íslands, nr. 458/2000, III. kafli.
2. Reglur um framgang kennara, sérfræðinga og fræðimanna við Háskóla Íslands, nr. 863/2001.
3. Reglur læknadeildar Háskóla Íslands um ráðningu og framgang starfsmanna með hæfnisdóm, nr. 498/2002.

Þegar álit dómnefndar liggur fyrir skal viðkomandi heilbrigðisvísindadeild gera tillögu um hvort gefa skuli út viðurkenningu á hæfi umsækjanda og hvaða akademíska nafnbót skuli veita. Rektor leggur tillögu deildar fyrir háskólaráð til afgreiðslu.

Fallist háskólaráð á viðurkenninguna, gefur rektor út skjal því til staðfestu.

Viðurkenning á akademísku hæfi er tímabundin og gildir ekki lengur en í fimm ár frá útgáfu. Nafnbótin fellur niður láti viðkomandi af störfum við LSH eða heilbrigðisstofnun sem H.Í. hefur gert samstarfssamning við.

7. gr.

Samningur um akademíska nafnbót.

Þegar fyrir liggur viðurkenning á hæfi gerir deildarforseti að höfðu samráði við háskóla- rektor samning við viðkomandi starfsmann LSH um þau akademísku réttindi og skyldur sem nafnbót hans fylgja, svo sem um þátttöku í kennslu og rannsóknum.

Í slíkum samningi skal kveðið á um að viðkomandi starfsmaður hlíti reglum um gæðamat á störfum, eftir því sem við getur átt, sbr. 41. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands. Nafnbótarhafa er meðal annars skylt að skila árlegri rannsóknaskýrslu til rannsóknasviðs H.Í. Heimilt er að taka upp í samning skilyrði um að viðkomandi uppfylli á samningstímanum tilteknar kröfur samkvæmt formlegu gæðakerfi H.Í.

Akademískri nafnbót fylgir ekki réttur til þess að sækja um framlög úr rannsóknarsjóðum H.Í. og vinnumatssjóði. Deild getur heimilað styrki úr sérstökum sjóðum í vörslu deildar, samkvæmt skipulagsskrá viðkomandi sjóðs.

Um seturétt á deildarfundum og önnur slík atriði fer eftir reglum hvernar deildar.

8. gr.

Gildistaka og endurskoðun.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og samstarfssamninga, dags. 10. maí 2001 og 28. júní 2002 milli Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss, öðlast þegar gildi. Reglurnar skulu endurskoðaðar fyrir lok árs 2007 í samráði við Landspítala – háskólasjúkrahús.

Háskóla Íslands, 7. nóvember 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR**Háskóla Íslands um aldurs- og árangurstengda tilfærslu starfsþátta kennara við 55 og 60 ára aldur.**

1. gr.

Markmið.

Markmið reglna þessara er að efla Háskóla Íslands sem alþjóðlegan rannsóknaháskóla í anda vísinda- og menntastefnu skólans. Reglunum er ætlað að auka virkni í rannsóknum við Háskóla Íslands, enda er grunnforsenda þeirra að tilfærsla vinnuskyldu frá kennslu til rannsókna grundvallist á virkni og árangri í rannsóknum. Ennfremur er með setningu reglna þessara stefnt að því að auka jafnræði á milli kennara Háskóla Íslands.

2. gr.

Mat á rannsóknavirkni.

Virkni í rannsóknum er mæld í rannsóknastigum sem fást fyrir birt rit- og hugverk í samræmi við reglur kjaranefndar og Háskóla Íslands um mat á störfum. Grundvöllur matsins er rannsóknaskýrsla sem akademískum starfsmönnum ber að skila ár hvert.

3. gr.

Aldurs- og árangurstengd tilfærsla frá kennslu til rannsóknna.

Tilfærsla vinnustunda frá kennslu til rannsókna er ákvörðuð árlega og gildir frá 1. janúar ár hvert. Til að ákvarða tilfærslu vinnustunda milli starfsþátta fyrir tiltekið ár skal byggja á þriggja ára meðaltali rannsóknastiga sem skal liggja fyrir 1. september, 16 mánuðum áður en tilfærslan á sér stað.

Hafi kennari með hæfnisdóm fengið 10 rannsóknastig að meðaltali á ári í þrjú almanaksár skal lækka kennsluskyldu hans við 55 ára aldur um 100 vinnustundir og auka rannsóknaskyldu samsvarandi. Tilfærsla vinnustunda skal hækka hlutfallslega, með fjölgun rannsóknastiga í 20 stig að meðaltali á ári í þrjú almanaksár, í 160 vinnustunda tilfærslu frá kennslu til rannsókna.

Hafi kennari fengið 15 rannsóknastig að meðaltali, á ári í þrjú almanaksár, skal lækka kennsluskyldu við 60 ára aldur um 200 vinnustundir og auka rannsóknaskyldu samsvarandi. Tilfærsla vinnustunda skal hækka hlutfallslega, með fjölgun rannsóknastiga í 25 stig að meðaltali á ári í þrjú almanaksár, í 320 vinnustunda tilfærslu frá kennslu til rannsókna.

Tilfærsla vinnustunda miðað við virkni og aldur skal vera sem hér segir:

Tafla 1 – Tilfærsla vinnustunda miðað við virkni og aldur:

55 til 59 ára		60 ára og eldri*	
Stig	Vinnustundir	Stig	Vinnustundir
10	100	15	200
11	106	16	212
12	112	17	224
13	118	18	236
14	124	19	248
15	130	20	260
16	136	21	272
17	142	22	284
18	148	23	296
19	154	24	308
20	160	25	320

* Hafi kennari, 60 ára eða eldri, 10 til 14 rannsóknastig á ári samkvæmt þriggja ára meðaltali, verður tilfærsla á vinnustundum frá kennslu til rannsókna í samræmi við það sem gildir fyrir aldurshópið 55-59 ára.

Skipting vinnuskyldu prófessora og tilfærsla eftir aldri, að uppfylltum ofangreindum skilyrðum um virkni í rannsóknum, er þá eins og hér segir:

Tafla 2a. – Skipting vinnuskyldu prófessora með hámarks tilfærslu:

Aldur	< 30 ár	30-37 ára	38-54 ára	> 55 ára	> 60 ára
Kennsla	792	781	769	609	449
Stjórnun	198	195	192	192	192
Rannsóknir	660	650	641	801	961
Samtals	1650	1626	1602	1602	1602

Tafla 2b. – Skipting vinnuskyldu prófessora án tilfærslu:

Aldur	< 30 ár	30-37 ára	38-69 ára
Kennsla	792	781	769
Stjórnun	198	195	192
Rannsóknir	660	650	641
Samtals	1650	1626	1602

Skipting vinnuskyldu lektora og dósentna og tilfærsla eftir aldri, að uppfylltum ofangreindum skilyrðum um virkni í rannsóknum, er eins og hér segir:

Tafla 3a. – Skipting vinnuskyldu lektora og dósentna með hámarks tilfærslu:

Aldur	< 30 ár	30-37 ára	38-54 ára	> 55 ára	> 60 ára
Kennsla	842	829	817	657	497
Stjórnun	99	98	96	96	96
Rannsóknir	709	699	689	849	1009
Samtals	1650	1626	1602	1602	1602

Tafla 3b. – Skipting vinnuskyldu lektora og dósentna án tilfærslu:

Aldur	>30 ár	30-37 ára	38-69 ára
Kennsla	842	829	817
Stjórnun	99	98	96
Rannsóknir	709	699	689
Samtals	1650	1626	1602

4. gr.

Gildistaka og endurskoðun.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur samþykkt, eru settar á grundvelli 11. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 41/1999 og 32. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, nr. 458/2000. Reglur þessar öðlast gildi 1. janúar 2003 fyrir lektora og dósentna, en 1. janúar 2005 fyrir prófessora og fellur þá úr gildi samþykkt háskólaráðs um aldursafslátt prófessora frá 1987. Endurskoða skal reglur þessar fyrir árslok 2007. Nánar skal kveða á um framkvæmd reglna þessara í verklagsreglum sem háskólaráð staðfestir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tilfærsla vinnustunda frá kennslu til rannsókna hjá þeim dósentum og lektorum sem náð hafa 55 ára aldri þann 1. janúar 2003 skal byggja á meðaltali rannsóknastiga viðkomandi kennara almanaksárin 1999, 2000 og 2001 og taka gildi þann 1. júlí 2003. Sú tilfærsla gildir til 31. desember 2004 en tilfærsla vinnustunda frá kennslu til rannsókna byggð á árunum 2000, 2001 og 2002 tekur gildi þann 1. janúar 2005.

Háskóla Íslands, 7. nóvember 2002.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Skorradalshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skorradalshrepps er heimilt, í samræmi við 4. gr. samþykktar nr. 759/2002 um notkun og hreinsun rotþróa í Skorradalshreppi, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í hreppnum.

2. gr.

Gjaldið er árlegt, sem hér greinir:

<i>rotþró</i>	<i>kr.</i>
minni en 2000 l	3.120
2000 – 4000 l	3.780
4001 – 6000 l	4.450

Fyrir rotþrær stærri en 6000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 2.136 á rúmmetra við losun.

Purfi að nota barka lengri en 50 m er innheimt álag við hverja losun kr. 4.288.

Purfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt 50% álag á tæmingargjald.

Gjaldið verður endurskoðað tvisvar á ári, þ.e. 1. janúar og 1. júlí og breytist í samræmi við eftirtaldar vísitölur. Gjaldið mun að hálfum hluta fylgja vísitölu byggingarkostnaðar (08 Vélavinna, akstur og uppfylling) sem birt er í „Byggingarvísitölur“, mánaðarlegu riti Hagstofu Íslands og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Byggingarvísitala 08, júlímánaðar árið 2002 er lögð til grundvallar og er hún 312,0 stig. Breytingar skulu að hálfum hluta fylgja launavísitölu sem birt er í „Hagtíðindum“, riti Hagstofu Íslands. Launavísitala júlímánaðar 2002 er lögð til grundvallar og er hún 226,3 stig.

Fyrsta endurskoðun gjaldsins verður 1. janúar 2003.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skorradalshrepps með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Skorradalshrepps 9. október 2002.

Grund, 15. nóvember 2002.

Davíð Pétursson, oddviti Skorradalshrepps.

REGLUGERÐ

um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun.

1. gr.

Greiðslur vegna sjúkratryggðra einstaklinga.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 75% af þjálfunarkostnaði fyrstu 15 skiptin á ári fyrir sjúkratryggð börn og unglinga yngri en 18 ára, einstaklinga með umönnunarkort, ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega. Þjálfunin skal fara fram á stofu þjálfara, sem starfar samkvæmt samningi sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hefur gert. Ef þjálfunarskipti verða fleiri en 15 á einu ári greiðir Tryggingastofnun ríkisins þjálfunina að fullu út árið, þ.e. í 365 daga talið frá fyrsta þjálfunarskipti.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 50% af þjálfunarkostnaði fyrstu 24 skiptin á ári fyrir aðra sjúkratryggða einstaklinga en eftir það 75% kostnaðarins út árið, þ.e. í 365 daga talið

frá fyrsta þjálfunarskipti. Þjálfunin skal fara fram á stofu þjálfara, sem starfar samkvæmt samningi sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hefur gert.

Ef samið er um hærri greiðslur fyrir tilskilda hópa/meðferð greiðir Tryggingastofnun ríkisins að fullu það sem er umfram almennt meðferðargjald sjúklings.

Tilskilinn skiptafjöldi einstaklings til aukinnar hlutdeildar Tryggingastofnunar ríkisins skal staðfestur með útgáfu skírteinis (þjálfunarkorts) sem sækja þarf um til stofnunarinnar. Miðað er við samanlagðan skiptafjölda sjúkratryggðs á ári í sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun, samkvæmt samningi samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

2. gr.

Heimasjúkraþjálfun.

Sjúkraþjálfari sem starfar samkvæmt samningi samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu þarf að sækja fyrirfram um þátttöku stofnunarinnar í kostnaði við heimasjúkraþjálfun. Tryggingastofnun ríkisins greiðir í þessum tilfellum viðbótarstyrk þannig að sjúklingur greiði sama gjald fyrir heimasjúkraþjálfun og vegna sjúkraþjálfunar á stofu, sbr. 1. gr. Tryggingayfirlækni er þó heimilt að samþykkja að stofnunin greiði að fullu heimasjúkraþjálfun ef um mjög alvarlegt sjúkdómsástand (t.d. krabbamein eða sjúkdóm Parkinsons á lokastigi) eða mjög alvarlega fötlun er að ræða.

3. gr.

Hóþjálfun.

Hver tvö skipti í hóþjálfun hjá þjálfara sem starfar samkvæmt samningi samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu teljast svara til eins skiptis í annarri sjúkraþjálfun við útgáfu þjálfunarkorts.

4. gr.

Þjálfun á göngudeildum opinberra sjúkrastofnana.

Greiðslukvittanir þar sem fram kemur staðfesting á skiptafjölda í viðurkenndri iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun og talþjálfun sem veitt er á göngudeildum opinberra sjúkrastofnana, þ.m.t. Heynar- og talmeinastöð, geta nýst til öflunar skírteinis fyrir þjálfun (þjálfunarkorts) enda séu greiðslufjárhæðir svipaðar og þegar um er að ræða sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun, sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hefur gert samninga um.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 33. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 33. gr., laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur tryggingaráðs nr. 153/2002 um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUR

um Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir félagsvísindadeild og er vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs á fræðasviðum félagsvísinda.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Félagsvísindastofnunar er:

- a. að efla rannsóknir í félagsvísindum sem unnið er að við Háskóla Íslands,
- b. að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi aðstöðu og búnað til rannsóknarstarfa eftir því sem kostur er,
- c. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði félagsvísinda og sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf,
- d. að sinna þjónustuverkefnum á sviði félagsvísinda,
- e. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í félagsvísindum,
- f. að veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi félagsvísindaleg málefni,
- g. að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum um félagsvísindi.

3. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 8. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.

Skipulag.

Stjórn Félagsvísindastofnunar er heimilt að koma á fót sjálfstæðum rannsóknastofum, í samræmi við 27. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

Stjórn Félagsvísindastofnunar setur hverri stofu starfsreglur. Í starfsreglum stofu kemur m.a. fram hverjir standa að stofunni og tengsl stofu og stofnunar eru nánar tilgreind. Stofustjóri er fyrir hverri stofu, valinn í samræmi við starfsreglur stofunnar og ber á henni fjárhagslega ábyrgð.

Stofustjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Félagsvísindastofnunar í starfi sínu, leggur fram rekstraráætlanir og stýrir rannsóknarverkefnum.

Stofustjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri stofunnar og hefur eftirlit með starfsmönnum hennar, fjármálum og rannsóknarverkefnum.

Heimilt er að stofna rannsóknastofur um langtíma þjónustuverkefni.

5. gr.

Stjórn.

Stjórn Félagsvísindastofnunar er skipuð til þriggja ára. Hver skor félagsvísindadeildar kys einn fulltrúa í stjórnina, en auk þess sitja þar forseti félagsvísindadeildar og einn fulltrúi starfsmanna stofnunarinnar, kosinn úr þeirra hópi.

Stjórnin kys sér formann úr hópi kennara og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Sé

ekki ráðinn forstöðumaður við stofnunina kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd hennar, annast daglegan rekstur og sér um framkvæmd á ákvörðunum stjórnar.

6. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréflaga, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfundir óski forseti félagsvísindadeildar eða tveir eða fleiri aðrir stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur hann þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum, en ekki atkvæðisrétt.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta félagsvísindadeildar.

7. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingar þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin efnir til ársfundar með starfsmönnum félagsvísindadeildar og Félagsvísindastofnunar þar sem ársskýrsla er lögð fram og fjallað um önnur mál svo sem kveðið er á um í reglum fyrir Háskóla Íslands.

8. gr.

Starfsmenn.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar og með samþykki deildar. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

9. gr.

Fjármál.

Tekjur Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. framlag frá félagsvísindadeild,
- b. styrkir til einstakra verkefna,
- c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- d. tekjur af útgáfustarfsemi,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Stofnunin hefur sjálfstætt fjárhald en félagsvísindadeild ber á henni fjárábyrgð. Fjárhagsáætlanir og uppgjör skulu borin undir forseta félagsvísindadeildar.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 243/1985 um Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 7. nóvember 2002.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 111/2001 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja.

1. gr.

27. gr. orðast svo:

Skammtaöskjur og skömmtnunarlyfseðlar.

Óski útgefandi lyfseðils að ávísuð lyf séu afhent í skammtaöskju er lyfjafræðingi heimilt að rjúfa pakkningar lyfs í því skyni og telst skammtaaskjan þá vera umbúðir.

Læknir skal merkja við viðeigandi reit á lyfseðli með upphafsstöfum sínum, sé þess óskað að lyf verði afhent í skammtaöskju. Slíkir lyfseðlar nefnast skömmtnunarlyfseðlar. Óheimilt er að ávísa á sama lyfseðli lyfi sem afgreiða á í skammtaöskju og lyfi sem ekki á að afgreiða í skammtaöskju.

Um skömmtnunarlyfseðla gilda eftirfarandi reglur:

1. Engin fjöldatakmörkun er á afgreiðslum skv. lyfseðlinum. Gildistími hans miðast við útgáfudag og gildir lengst í 12 mánuði, ef læknir takmarkar ekki gildistíma hans, sbr. 33. gr.
2. Rita má tvær lyfjaávísanir á hvern lyfseðil.
3. Skömmtnunarlyfseðill skal merktur sérstaklega og geymdur með skömmtnunarkorti/skömmtnunardeiðni í þeirri lyfjabúð, sem ber ábyrgð á skömmtnuninni.
4. Skömmtnunarlyfseðli má ekki breyta í almennan lyfseðil. Sé lyfjaskömmtnun hætt er skömmtnunarlyfseðill ógildur.
5. Skömmtnunarlyfseðil má hvorki senda með rafrænum hætti né myndsenda.

Um afgreiðslu lyfja í skammtaöskju fer samkvæmt sérstakri reglugerð um skömmtnun lyfja.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr.:

a. 2. másl., 2. mgr. orðast svo:

Einungis má ávísa einu lyfi með hverjum fjölnota lyfseðli og gildir hann mest fyrir fjórar afgreiðslur, sbr. þó skömmtunarylfseðil skv. 27. gr.

b. 4. mgr. orðast svo:

Óheimilt er að ávísa eftirritunarskyldum lyfjum með fjölnota lyfseðli, þó er heimilt að víkja frá þessu, ef tilgreint er á lyfseðli að skammta eigi lyfið og er þá engin fjöldatak-mörkun á afgreiðslum skv. lyfseðlinum. Gildistími hans miðast við útgáfudag og gildir lengst í 12 mánuði, ef læknir takmarkar ekki gildistíma hans, sbr. 33. gr. Fjölnota lyfseðla má hvorki senda með rafrænum hætti né myndsenda.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 12. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breyt-ingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 91/2001 um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja.

1. gr.

22. gr. orðast svo:

Eftirritunarskyld lyf.

Lyfsalar og aðrir, sem hafa leyfi til lyfjasölu, skulu halda eftir lyfseðlum og lyfjapönt-unum, er hljóða á eftirritunarskyld lyf.

Frumrit þessara lyfseðla og pöntunarblaða skulu boðsend eða send Lyfjastofnun í ábyrgðarpósti fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir að lyfið var afgreitt. Ef greiðslu þarf að innheimta hjá Tryggingastofnun ríkisins, skal nota ljósrit af lyfseðlinum.

Þegar eftirritunarskyldu lyfi er skammtað í skammtaöskju ber að senda Lyfjastofnun afrit af skömmtunarylfseðli fyrir hverja afhendingu, svo og mánaðarlega samantekt yfir heildarmagn skammtaðra eftirritunarskyldra lyfja, þar sem fram kemur nafns lyfsins, lyfja-form, styrkleiki og heildarmagn, sem afgreitt er til einstaklings, lyfjabúðar eða til heilbrigð-isstofnunar. Frumrit skömmtunarylfseðils skal sent Lyfjastofnun eftir síðustu afhendingu lyfs samkvæmt honum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Endurprentað blað.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðanna Brekkuskógar 9 og 11, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 12. nóvember 2002 breytingu á deiliskipulagi lóðanna Brekkuskógar 9 og 11 í Bessastaðahreppi. Breytingin felur í sér að í stað þess að byggja á lóðunum einbýlishús á tveimur hæðum að hluta verði heimilt að byggja einbýlishús með aukarúð á neðri hæð húsanna. Gerð verður krafa um fimm bílastæði á hvorri lóð í stað þriggja.

Skipulagsuppráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 28. nóvember 2002.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 699/1996 um innflutning og heildsöludreifingu lyfja.

1. gr.

Við 1. mgr. 34. gr. bætist nýr töluliður:

7) fyrirtækjum, sem hafa leyfi til vélskömmunar lyfja.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

Af hundum í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi skal Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 15. gr. samþykktar nr. 154/2000 um hundahald í ofangreindum sveitarfélögum.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald kr. 6.100

Skráningargjald eftir útrunninn frest kr. 9.150

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

Bráðabirgðaskráning kr. 3.000

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem bráðabirgðaskráning gildir.

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur kr. 9.600

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Afhending kr. 16.000

Fyrsta afhending skráðs hunds ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun kr. 8.000

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. grein er 1. febrúar og eindagi 1. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega eftirlitsgjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðisefirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld skv. 3. grein gjaldskrár þessarar um allt að helming, enda mæli ekki önnur atriði á móti því sbr. samþykkt um hundahald nr. 154/2000. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 12. nóvember 2002, bæjarstjórn Garðabæjar 22. nóvember 2002, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 12. nóvember 2002 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 12. nóvember 2002, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 919/2001 fyrir hundahald í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

Garðabæ, 22. nóvember 2002.

F.h. heilbrigðisnefndar,

Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni.

1. gr.

Við 10. gr. bætist ný mgr.:

Víkja má frá ákvæðum 1. og 2. mgr., ef læknir óskar eftir því á lyfseðli að þessi lyf verði skömmtuð í sérstakar skammtaöskjur, ásamt öðrum lyfseðilsskyldum lyfjum, sbr. ákvæði reglugerðar um gerð lyfseðla og ávísun lyfja nr. 111/2001.

2. gr.

Fylgiskjöl I og II við reglugerðina skulu vera sem hér segir:

Fylgiskjal I.

Skýringar:

B Efni sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði, sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 með síðari breytingum og 2. gr. þessarar reglugerðar.

NI – IV Efni listuð á fylgiskjölum I-IV með alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni 1961 með síðari breytingum (Single Convention on Narcotic Drugs of 1961, and the Protocol of 25 March 1972 amending the Single Convention on Narcotic Drugs of 1961).

PI – IV Efni listuð á fylgiskjölum I-IV með alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni 1971 með síðari breytingum (Convention on Psychotropic Substances 1971).

Efni	Annað nafn	Alþjóða-samningar	Bannað	Undanþágur og athugasemdir
2C-B	4-bromo-2,5-dimethoxyphenethylamine	P II	x	
3-methylfentanyl		N I+IV		
3-methylthiofentanyl		N I+IV		
4-methylaminorex		P I	x	
4-MTA	α -methyl-4-methylthiophenethylamine	P I	x	
Acetorphine		N I+IV	x	
Acetyl- α -methylfentanyl		N I+IV		
Acetyldihydrocodeine		N II+III		1)
Acetylmethadol		N I		
Alfentanil		N I		
Allobarbital		P IV	x	
Allylprodine		N I		
Alphacetylmethadol		N I		
Alphameprodine		N I		
Alphamethadol		N I		
<i>alpha</i> -metylfentanyl		N I+IV		
<i>alpha</i> -methylthiofentanyl		N I+IV		

Efni	Annað nafn	Alþjóða-samningar	Bannað	Undanþágur og athugasemdir
Alphaprodine		N I		
Alprazolam		P IV		
Amfepramone	diethylpropion	P IV		
Amfetamine	amphetamine	P II	x	4)
Aminorex		P IV		
Amobarbital		P III		
Anileridine		N I		
Barbital		P IV		
Benzethidine		N I		
Benzfetamine	benzphetamine	P IV		
Benzylmorphine		N I		
Betacetylmethadol		N I		
<i>beta</i> -hydroxy-3-methylfentanyl		N I+IV		
<i>beta</i> -hydroxyfentanyl		N I+IV		
Betameprodine		N I		
Betamethadol		N I		
Betaprodine		N I		
Bezitramide		N I		
Brolamfetamine	DOB	P I	x	
Bromazepam		P IV		
Brotizolam		P IV	x	
Buprenorphine		P III		
Butalbital		P III		
Butobarbital		P IV	x	
Camazepam		P IV		
Cannabis	Kannabis, Hass, Marihuana	N I+IV	x	
Cannabis-harpix	Kannabis harpax	N I+IV	x	
Cathine	(+)-norpseudoephedrine	P III	x	
Cathinone		P I	x	
Chlordiazepoxide		P IV		
Clobazam		P IV		
Clonazepam		P IV		
Clonitazene		N I		
Clorazepate		P IV		
Clotiazepam		P IV		
Cloxazolam		P IV		
Coca blöð	Folium coca	N I		
Cocaine		N I+III	x	
Codeine		N II+III		1)
Codoxime		N I		
Cyclobarbital		P III		
Delorazepam		P IV		

Efni	Annað nafn	Alþjóða-samningar	Bannað	Undanþágur og athugasemdir
Desomorphine		N I+IV	x	
DET	3-[2-(diethylamino)ethyl]indole	P I	x	
Dexamfetamine	dexamphetamine	P II	x	
Dextromoramide		N I		
Dextropropoxyphene		N II+III		3)
Diampromide		N I		
Diazepam		P IV		
Diethylthiambutene		N I		
Difenoxin		N I+III		
Dihydrocodeine		N II+III		1)
Dihydroetorphine		N I	x	
Dihydromorphine		N I		
Dimenoxadol		N I		
Dimepheptanol		N I		
Dimethylthiambutene		N I		
Dioxaphetyl butyrate		N I		
Diphenoxylate		N I+III		2)
Dipipanone		N I		
DMA	(+)-2,5-dimethoxy- α -methylphenethylamine	P I	x	
DMHP	3-(1,2-dimethylheptyl)-7,8,9,10-tetrahydro-6,6,9-trimethyl-6H-dibenzo[<i>b,d</i>]pyran-1-ol	P I	x	
DMT	3-[2-(dimethylamino)ethyl]indole	P I	x	
DOET	(+)-4-ethyl-2,5-dimethoxy- α -methylphenethylamine	P I	x	
Dronabinol	δ 9-tetrahydrocannabinol og stereoaflíður	P II	x	
Drotebanol		N I		
Ecgonine	ásamt estum og afbrigðum þeirra sem hægt er að breyta í ecgonin eða kókaín	N I		
Estazolam		P IV		
Ethchlorvynol		P IV		
Ethinamate		P IV		
Ethylloflazepate		P IV		
Ethylmethylthiambutene		N I		
Ethylmorphine		N II+III		1)
Eticyclidine	PCE	P I	x	
Etilamfetamine	<i>N</i> -ethylamphetamine	P IV	x	
Etonitazene		N I		
Etorphine		N I+IV	x	
Etoxidine		N I		
Etryptamine		P I	x	
Fencamfamin		P IV		

Efni	Annað nafn	Alþjóða-samningar	Bannað	Undanþágur og athugasemdir
Fenetylline		P II	x	
Fenproporex		P IV		
Fentanyl		N I		
Fludiazepam		P IV		
Flunitrazepam		P III		
Flurazepam		P IV		
Furethidine		N I		
<i>gamma</i> -hydroxybutyric acid	GHB	P IV	x	
Glutethimide		P III		
Halazepam		P IV		
Haloxazolam		P IV		
Heroin	diacetylmorphine	N I+IV	x	
Hydrocodone		N I		
Hydromorfinol		N I		
Hydromorphone		N I		
Hydroxypethidine		N I		
Isomethadone		N I		
Ketazolam		P IV		
Ketobemidone		N I+IV	x	4)
Lefetamine	SPA	P IV	x	
Levamphetamine	levamphetamine	P II	x	
Levomethamphetamine		P II	x	
Levomethorphan		N I		
Levomoramide		N I		
Levophenacymorphan		N I		
Levorphanol		N I		
Loprazolam		P IV		
Lorazepam		P IV		
Lormetazepam		P IV		
Lysergide	LSD, LSD-25	P I	x	
Mazindol		P IV	x	
MDE (<i>N</i> -ethyl-MDA)	(+)- <i>N</i> -ethyl- α -methyl-3,4-(methylenedioxy)phenethylamine	P I	x	
MDMA	(+)- <i>N</i> , α -dimethyl-3,4-(methylenedioxy)phenethylamine	P I	x	
Mecloqualone		P II	x	
Medazepam		P IV		
Mefenorex		P IV		
Meprobamate		P IV		
Mescaline		P I	x	
Mesocarb		P IV		
Metazocine		N I		

Efni	Annað nafn	Alþjóða- samningar	Bannað	Undanþágur og athugasemdir
Methadone		N I		
Methadone-intermediate	4-cyano-2-dimethylamino-4,4-diphenylbutane	N I		
Methamphetamine	methamphetamine	P II	x	
Methamphetamine racemate	methamphetamine racemate	P II	x	
Methaqualone		P II	x	
Methcathinone		P I	x	
Methyldesorphine		N I		
Methyldihydromorphine		N I		
Methylphenidate		P II	x	4)
Methylphenobarbital		P IV		
Methypylon		P IV		
Metopon		N I		
Midazolam		P IV		
MMDA	5-methoxy- α -methyl-3,4-(methylenedioxy)phenethylamine	P I	x	
Moramide-intermediate	2-methyl-3-morpholino-1,1-diphenylpropane carboxylic acid	N I		
Morpheridine		N I		
Morphine		N I		
Morphine methobromide	og önnur morfínúrefni með 5-gildu köfnunarefni	N I		
Morphine-N-oxide		N I		
MPPP	1-methyl-4-phenyl-4-piperidinol propionate (ester)	N I+IV		
Myrophine		N I		
N-ethyl-MDA (MDE)	(+)-N-ethyl- α -methyl-3,4-(methylenedioxy)phenethylamine	P I	x	
N-hydroxy-MDA	(+)-N[α -methyl-3,4-(methylenedioxy)phenethyl]hydroxylamine	P I	x	
Nicocodine		N II+III		1)
Nicodicodine		N II+III		1)
Nicomorphine		N I		
Nimetazepam		P IV		
Nitrazepam		P IV		
Noracymethadol		N I		
Norcodeine		N II+III		1)
Nordazepam		P IV		
Norlevorphanol		N I		
Normethadone		N I		
Normorphine		N I		
Norpipanone		N I		
Opium		N I+III		
Oxazepam		P IV		
Oxazolam		P IV		

Efni	Annað nafn	Alþjóða- samningar	Bannað	Undanþágur og athugasemdir
Oxycodone		N I		
Oxymorphone		N I		
<i>para</i> -fluorofentanyl		N I+IV		
Parahexyl		P I	x	
Pemoline		P IV	x	4)
Pentazocine		P III		
Pentobarbital		P III		
PEPAP	1-phenethyl-4-phenyl-4-piperidinol acetate	N I+IV		
Pethidine		N I		
Pethidine intermediate, A	4-cyano-1-methyl-4-phenylpiperidine	N I		
Pethidine intermediate, B	4-phenylpiperidine-4-carboxylic acid ethyl ester	N I		
Pethidine intermediate, C	1-methyl-4-phenylpiperidine-4- carboxylic acid	N I		
Phenadoxone		N I		
Phenampromide		N I		
Phenazocine		N I		
Phencyclidine	PCP	P II	x	
Phendimetrazine		P IV	x	
Phenmetrazine		P II	x	
Phenobarbital		P IV		
Phenomorphane		N I		
Phenoperidine		N I		
Phentermine		P IV		
Pholcodine		N II+III		1)
Piminodine		N I		
Pinazepam		P IV		
Pipradrol		P IV		
Piritramide		N I		
PMA	<i>p</i> -methoxy- α -methylphenethylamine	P I	x	
Poppy straw (valmúastrá)	ásamt þykkni unnu úr valmúastrái	N I		
Prazepam		P IV		
Proheptazine		N I		
Propерidine		N I		
Propiram		N II+III		
Psilocine (Psilotsin)		P I	x	
Psilocybine		P I	x	
Pyrovalerone		P IV		
Racemethorphan		N I		
Racemoramide		N I		
Racemorphan		N I		
Remifentanyl		N I		

Efni	Annað nafn	Alþjóða-samningar	Bannað	Undanþágur og athugasemdir
Rolicyclidine	PHP, PCPY	P I	x	
Secbutabarbitál		P IV		
Secobarbitál		P II	x	
STP (DOM)	2,5-dimethoxy- α -4-dimethylphenethylamine	P I	x	
Sufentanil		N I		
Temazepam		P IV		
Tenamfetamine	MDA	P I	x	
Tenocyclidine	TCP	P I	x	
Tetrahydrocannabinol	og öll isomer þess og afleiður	P I	x	
Tetrazepam		P IV		
Thebacon		N I		
Thebaine		N I		
Thiofentanyl		N I+IV		
Tilidine		N I		
TMA	(+)-3,4,5-trimethoxy- α -methylphenethylamine	P I	x	
Triazolam		P IV		
Trimeperidine		N I		
Vinylbital		P IV	x	
Zipeprol		P II	x	
Zolpidem		P IV		

Undanþágur og athugasemdir.

- 1) Innflutnings-/útflutningsleyfi þarf ekki fyrir lyf sem innihalda minna en 100 mg í hverjum afmældum skammti eða minna en 2,5% efnisins.
- 2) Ekki þarf innflutnings-/útflutningsleyfi vegna taflna, sem innihalda allt að 2,5 mg dífenoxýlats, ef þær innhalda einnig minnst 25 mcg af atrópínsúlfati í hverri töflu.
- 3) Ekki þarf innflutnings-/útflutningsleyfi sérstaklega vegna lyfja, sem innihalda minna en 135 mg dextróprópoxyfen í hverri afmældri einingu eða 2,5% efnisins í óskömmtuðu lyfjaformi. Lyfið má hins vegar ekki innihalda nein önnur ávana- og fíkniefni merkt P I – P IV í fylgiskjali I.
- 4) Undanþegin eru: Efni sem veitt hefur verið undanþága fyrir skv. 3. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 með síðari breytingum, lyf sem hafa markaðsleyfi Lyfjastofnunar skv. 1. mgr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, lyf sem heimiluð hafa verið skv. 7. mgr. 7. gr. sömu laga, og efni sem veitt hefur verið leyfi til að flytja inn eða út, framleiða og selja í heildsölu skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Fylgiskjal II.

Skýringar:

DI - II

Efni listuð á fylgiskjölum I - II með Alþjóðasamningi gegn ólöglegri verslun með ávana- og fíkniefni 1988 (Convention against Illicit Traffic in Narcotic Drugs and Psychotropic Substances 1988).

Efni	Annað nafn	D I - II	Hámark án innflutningsleyfis
1-phenyl-2-propanone	Fenýlaseton, benzýlmetýlketón	D I	
3,4-methylenedioxyphenyl-2-propanone		D I	
Acetic anhydride	Edíksýruanhýdríð	D I	
Acetone	Asetón	D II	
Anthranilic acid	Antranílsýra	D II	1 kg
Ephedrine	Efedrín	D I	
Ergometrine	Ergometrín, Ergónóvín	D I	
Ergotamine	Ergotamín	D I	
Ethyl ether	Etýleter, eter, díetýleter	D II	
Hydrochloric acid	Saltsýra, múríatínsýra	D II	
Isosafrole	Ísósafról	D I	
Lysergic acid	Lýsergsýra	D I	
Methyl ethyl ketone	2-bútanón, MEK	D II	
N-acetylanthranilic acid	N-asetylantranílsýra	D I	
Norephedrine		D I	
Phenylacetic acid	Fenýledíksýra	D II	1 kg
Piperidine	Piperídín, hexahydropyridín	D II	0,5 kg
Piperonal	Piperonal, heliótrópín	D I	
Potassium permanganate	Kalíumpermanganat	D I	
Pseudoephedrine	Pseudóefedrín	D I	
Safrole	Safról	D I	
Sulphuric acid	Brennisteinssýra, vítríólólía	D II	
Toluene	Tólúen, metýlbensen	D II	

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. og 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum og 2. gr., 3. gr. og 4. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Teigahverfis, vestan Jónsteigs, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag Teigahverfis, vestan Jónsteigs, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 18. september 2002.

Deiliskipulagið felur í sér fyrirkomulag íbúðarlóða á um 6,5 ha svæði, með samtals 122 nýjum íbúðum þar af 85 í fjölbýli. Á svæðinu eru fyrir 4 íbúðarhús. Skipulagssvæðið afmarkast af Reykjavegi til suðurs, Vesturlandsvegi til vesturs, Stekkjaföt til norðurs og Jónsteigi til austurs.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 29. nóvember 2002.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

REGLUGERÐ

um skömmtun lyfja.

I. KAFLI

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi fjallar um skömmtun lyfja. Með lyfi er átt við lyf sem hafa markaðsleyfi á Íslandi, lyf sem undanþága hefur verið veitt fyrir, sbr. ákvæði 8. mgr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, lyf til klínískra prófana og forskriftarlyf, sem hægt er að skammta og falla undir skilgreiningu 5. gr. lyfjalaga.

Reglugerðin nær einnig til stakskömmtunar lyfja og skömmtunar í neyðarbakka, neyðartöskur eða neyðarvagna, lyfjakistur sjúkrabíla, flugvéla og skipa.

Um skömmtun lyfja gilda reglur um framleiðslu lyfja eftir því sem við á hvað varðar aðstöðu, aðferðir og starfshætti við skömmtunina. Hráefnið í framleiðsluna eru þau lyf sem eru skömmtuð.

Lyfjatiltekt og skömmtun lyfja í heimahúsi, sem heimahjúkrun annast, er undanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Skilgreiningar.

1. *Handskömmtun lyfja:* Með handskömmtun lyfja er átt við skömmtun lyfja í skammtaöskjur í lyfjabúðum eða sjúkrahúsapótekum.
2. *Lyfjatiltekt:* Með lyfjatiltekt er átt við tiltekt á einstökum skammti lyfs handa einstökum sjúklingi, hverju sinni sem lyf er notað.
3. *Skammtaaskja:* Með skammtaöskju er átt við hentugar umbúðir eða flát (afhendingarflát) sem lyfjum er skammtað í. Skammtaöskjur skulu vera hinar endanlegu umbúðir.
4. *Skömmtun í skammtaöskju:* Með skömmtun í skammtaöskju er átt við hvers kyns þökkun lyfja í sérstaka skammtaöskju fyrir tilgreindan sjúkling.

5. *Stakskömmtnun lyfja*: Með stakskömmtnun lyfja er átt við pökkun lyfja í stakan lyfja-skammt (unit dose) fyrir nánar tilgreindan eða ótilgreindan sjúkling.
6. *Vélskömmtnun lyfja*: Með vélskömmtnun er átt við skömmtnun lyfja með þar til gerðri vél í viðurkenndar umbúðir.

II. KAFLI

Heimild til skömmtnunar.

3. gr.

Heimild til handskömmtnunar.

Lyfjabúðum og sjúkrahúsapótekum er heimilt að handskammta í skammtaöskjur, enda sé farið að almennum heimildum um framleiðslu og afgreiðslu lyfja og um sé að ræða lyf sem afgreidd eru beint til sjúklinga. Heilbrigðisstofnunum, þar sem starfrækt er sjúkrahúsapótek eða sem gert hafa samning við lyfjafræðing um lyfjafræðilega þjónustu, sbr. 35. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, er einnig heimilt að skammta lyf fyrir einstaka vistmenn stofnunar, enda séu uppfyllt skilyrði 9. gr.

4. gr.

Heimild til vélskömmtnunar.

Til vélskömmtnunar lyfja þarf framleiðsluleyfi, samkvæmt 31. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum sbr. ákvæði reglugerðar nr. 700/1996 um framleiðslu lyfja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur, að fenginni umsögn Lyfjastofnunar, veitt fyrirtæki sem ekki fellur undir 3. gr., framleiðsluleyfi til vélskömmtnunar, enda uppfylli það skilyrði 32. gr. lyfjalaga um skilyrði þess að fá framleiðsluleyfi og geri samning við heilbrigðisstofnun eða lyfsöluleyfshafa um vélskömmtnun. Í slíkum samningi skal skýrt kveðið á um skyldur hvors um sig og ábyrgð aðila gagnvart hvor öðrum. Þar skal koma fram hvernig ábyrgðarhafinn framfylgir skyldum sínum og hvar og hvernig lokasamþykkt vörunnar fer fram. Slíkur samningur er háður samþykki Lyfjastofnunar.

Leyfshafi hefur leyfi til að selja skömmtnuð lyf til heilbrigðisstofnana eða lyfsöluleyfshafa.

Áður en vélskömmtnun lyfja hefst skal liggja fyrir staðfesting Lyfjastofnunar um að vél- og hugbúnaður hafi verið gildaður.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

5. gr.

Við skömmtnun í skammtaöskjur skal fyllsta öryggis gætt, með það fyrir augum að komið sé í veg fyrir mistök. Húsnæði, búnaður og starfshættir skulu hæfa starfseminni og fylgja gildandi leiðbeiningum um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð (GMP; Good Manufacturing Practice) eftir því sem við á.

Hver sá, sem skammtar lyf skal koma á gæðatryggingu og heildstæðri gæðahandbók um starfsemina.

6. gr.

Við skömmtnun í skammtaöskjur skal þess gætt, að heilbrigðisstarfsfólk og sjúklingar fái nauðsynlegar upplýsingar með skömmtnuðum lyfjum.

Heimilt er þeim, sem leyfi hefur til að skammta lyf, að rjúfa pakkningar lyfja til að annast skömmtnun samkvæmt þessari reglugerð. Sérstök skylda er lögð á þann sem annast skömmtnun að hann gangi úr skugga um að lyf henti til skömmtnunar með tilliti til geymsluþols, lyfjafræðilegra og tæknilegra eiginleika lyfsins og milliverkana við önnur lyf.

Lyfjastofnun gefur út lista yfir lyf sem talin eru hæf til vélskömmtnunar.

IV. KAFLI Framkvæmd.

7. gr.

Peir sem annast skömmtun í skammtaöskjur skulu setja sér skýrar og skriflegar reglur um áfyllingu og afhendingu skammtaaskja, er tryggja skulu öryggi varðandi eftirfarandi þætti, eftir því sem við á:

1. Að rétt lyf sé afgreitt til réttis sjúklings.
2. Að fyrir hendi sé möguleiki á sannkennslu ávísaðs lyfs.
3. Að notkunarfyrirmæli læknis komist rétt til skila.
4. Að ljóst sé af umbúðum hverjum lyf sé ætlað.
5. Að notanda sé gert ljóst hver geymsluskilyrði og fyrning lyfs eru, ef um er að ræða lyf með takmarkað geymsluþol.
6. Að áfyllingin fari fram með þeim hætti að ekki geti átt sér stað víxlun lyfja, mengun eða önnur breyting á lyfi.
7. Að tryggt sé að umbúðir þær sem notaðar eru – skammtaöskjurnar – og áfyllingar-áhöld hafi ekki áhrif á verkun og útlit lyfs.
8. Að hver áfylling sé þannig skráð að sjá megi á hverjum tíma;
 - a. eingilt númer (s.s. raðnúmer lyfseðils),
 - b. hvaða áfyllingar hafi farið fram,
 - c. til hvaða sjúklinga,
 - d. samkvæmt hvaða fyrirmælum,
 - e. frá hvaða lækni,
 - f. hvaða lyf hafi verið fyllt á,
 - g. hvaða lotunúmer og fyrningu áfyllt lyf hafi borið,
 - h. hvenær áfyllingin hafi farið fram,
 - i. hver hafi annast áfyllinguna og
 - j. hvaða lyfjafræðingur hafi annast eftirlit með áfyllingunni.
9. Að lyfjafræðingur beri ábyrgð á að ofanefnd atriði séu virt og beri endanlega ábyrgð á afhendingu lyfs í skammtaöskju.

8. gr.

Við skömmtun í skammtaöskjur fyrir tilgreindan sjúkling skal fylgja skriflegum fyrirmælum læknis sem leyfi hefur til að ávísa því lyfi sem um ræðir. Fyrirmælin skulu vera með þeim hætti sem lög og stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um og skulu ná til allra lyfja sem skammtað er. Í fyrirmælum læknis skal koma greinilega fram hve mikið magn skuli afhent hverju sinni og á hvaða tíma sólarhrings það skuli notað.

9. gr.

Lyfjafræðingur ber ábyrgð á skömmtun í skammtaöskjur. Heimilt er að fela lyfjatæknum eða í undantekningartilvikum öðru sérþjálfuðu starfsfólki að annast skömmtunina enda annist lyfjafræðingur lokaeftirlit og skulu báðir aðilar kvitta fyrir rétttri framkvæmd.

Um skömmtun í skammtaöskjur gilda sömu reglur og um afgreiðslu lyfseðla, þ.á m. um faglegt eftirlit lyfjafræðings með ávísuðu lyfi.

Við vélskömmtun lyfja skulu fyrirmæli læknis yfirfærð á skömmtunarbeiðni, sem lyfjafræðingur staðfestir, í þeirri lyfjabúð, þar sem óskað er afgreiðslu á viðkomandi lyfseðli. Um allar breytingar á lyfseðli fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja nr. 91/2001. Skömmtunaraðila er óheimilt að breyta skömmtunarbeiðni og skal ábyrgðarhafi eða lyfjafræðingur í hans þjónustu tryggja að rétt sé skammtað.

10. gr.

Heimilt er að skammta fleiri en einum sjúklingi úr sömu lyfjapakkningu. Þegar lyfjapakknun er rofin skal merkja hana dagsetningu þess dags.

Þegar um vélskömmun er að ræða skal miðað við að lyf sé ekki utan upprunalegrar pakknunar lengur en nauðsyn krefur og aldrei lengur en tvo mánuði frá því að lyf fer í skömmunarvél og þar til sjúklingur á að hafa tekið það inn, nema fyrir liggi geymslupólsprófanir, sem Lyfjastofnun hefur samþykkt.

Þegar um er að ræða skammtaöskjur tilgreindra einstaklinga skal að jafnaði ekki skammta til lengri tíma en eins mánaðar í senn.

11. gr.

Í merkingu skammtaöskju skal eftirfarandi koma fram:

1. Auðkenni þeirrar lyfjabúðar, sem afhendir skammtað lyf.
2. Sérheiti lyfs eins og það er tilgreint á umbúðum.
3. Styrkur.
4. Lyfjaform.
5. Fyrirmæli um notkun, sbr. 8. gr.

Þegar skammtað er handa einstökum sjúklingi skal eftirfarandi einnig koma fram:

1. Nafn sjúklings.
2. Kennitala sjúklings.
3. Kódanúmer eða nafn læknis sem ávísaði.

Þegar um er að ræða skammtaöskju sem ekki er ætluð tilgreindum sjúklingi skal eftirfarandi einnig koma fram:

1. Auðkennisnúmer, sbr. 4. mgr.
2. Dagsetning skömmunar.
3. Fyrning lyfs.
4. Heiti lyfjabúðar eða sjúkrahúsapóteks.

Auðkennisnúmeri, sem lyfjabúð eða sjúkrahúsapótek úthlutar, er ætlað að tryggja rekjanleika lyfja í skammtaöskju með tilliti til lotunúmera lyfjanna og hver annaðist áfyllingu og eftirlit með henni.

12. gr.

Lyfjabúð eða sjúkrahúsapótek sem afhendir skömmtuð lyf til sjúklings skal hafa eftirlit með að innihald skammtaöskju sé í samræmi við fyrirmæli, sem liggja til grundvallar skömmuninni, sbr. 9. gr.

V. KAFLI

Varðveisla gagna.

13. gr.

Í sjúkrahúsapótekum og öðrum heilbrigðisstofnunum, þar sem skömmun lyfja fer fram, skulu skrifleg fyrirmæli læknis um skömmun í skammtaöskjur og gögn, sem varða rekjanleika lyfjaskömmunar varðveitt í eitt ár frá skömmun.

Framangreind gögn skulu vera aðgengileg Lyfjastofnun og Landlækni.

Um varðveislu lyfseðla, sem liggja til grundvallar skömmun ásamt skömmunarkortum, fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 91/2001 um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja.

VI. KAFLI

Eftirlit, viðurlög og gildistaka.

14. gr.

Lyfjastofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Verði við lyfjaskömmtnun alvarleg mistök skulu þau þegar tilkynnt Lyfjastofnun, sem skal framkvæma sérstaka rannsókn á málsatvikum og gera skýrslu þar um. Skýrslan skal látin málsaðilum í té og eitt eintak hennar skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum XV. kafla lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum. Um mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, fer að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. sbr. XII. kafla lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 493/1999 um skömmtnun í lyfjaöskjur.

Bráðabirgðaákvæði.

Eldri áður útgefin leyfi, samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 493/1999 um skömmtnun í lyfjaöskjur, halda gildi sínu. Þó skulu þeir sem fengið hafa leyfi samkvæmt eldri reglugerð og hyggjast halda starfseminni áfram aðlaga starfsemi sína að ákvæðum reglugerðar þessarar innan eins árs frá gildistöku hennar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ**um grænt bókhald.**

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að veita almenningi, félagasamtökum og stjórnvöldum upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í starfsemi sem haft getur í för með sér mengun. Ennfremur er það markmið reglugerðarinnar að hvetja rekstraraðila til að fylgjast vel með helstu umhverfisþáttum starfseminnar og leitast við að tryggja að þróun starfseminnar sé jákvæð fyrir umhverfið.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um færslu græns bókhalds og skýrslur um grænt bókhald fyrir starfsleyfisskylda starfsemi sem tilgreind er á lista í viðauka með reglugerð þessari.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari merkir:

Grænt bókhald: Efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi, aðallega í formi tölulegra upplýsinga

Skýrsla um grænt bókhald: Niðurstöður græns bókhalds fyrir hvert bókhaldstímabil þess.

Útgefandi starfsleyfis: Heilbrigðisnefnd eða Umhverfisstofnun.

Hráefni: Allt efni, bæði lífrænt og ólífrænt, sem notað er við framleiðslu varnings eða frekari vinnslu á afurðum úr náttúrunni.

Úrgangur: Efni hvort sem það er í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og er losað frá starfsleyfissskyldu fyrirtæki.

Spilliefni: Úrgangur sem merktur er með stjörnu * í I. viðauka með reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang og einnig annar úrgangur sem hefur einn eða fleiri eiginleika sem tilteknir eru í III. viðauka með tilvitnaðri reglugerð.

Viðtaki: Svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.

Viðurkennd umhverfisstjórnunarkerfi: Vottuð umhverfismálakerfi ESB (EMAS) eða ISO 14001.

4. gr.

Bókhaldsaðilar.

Færa skal grænt bókhald fyrir atvinnustarfsemi sem háð er starfsleyfi samkvæmt 5. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og nánar greinir í fylgiskjali með reglugerð þessari.

Þeir aðilar sem tilgreindir eru á fylgiskjali með reglugerð þessari, en reka atvinnustarfsemi sem er minni að umfangi en þar greinir er heimilt að skila útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald og óska eftir birtingu þess. Um slíkar skýrslur fer samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Framkvæmd

Umhverfisstofnun annast framkvæmd reglugerðar þessarar. Umhverfisstofnun annast gerð skriflegra leiðbeininga um færslu græns bókhalds í samvinnu við hagsmunaaðila og skal veita upplýsingar til almennings og hagsmunaaðila um grænt bókhald ef óskað er eftir. Ennfremur annast Umhverfisstofnun birtingu skýrslna um grænt bókhald. Birting skýrslna um grænt bókhald felur ekki í sér viðurkenningu Umhverfisstofnunar á þeim upplýsingum sem þar koma fram.

Útgefandi starfsleyfis skal kanna hvort skýrslan um grænt bókhald fullnægi kröfum sem fram koma í 6.-8. gr.

II. KAFLI

Skýrslur um grænt bókhald.

6. gr.

Almennar upplýsingar.

Í skýrslu um grænt bókhald skal tilgreina:

1. nafn og heimilisfang starfsleyfishafans, útgefanda starfsleyfis, ásamt því hvaða aðili hafi eftirlit með starfsleyfi fyrirtækisins,
2. númer fyrirtækjaflokks skv. fylgiskjali með reglugerð þessari,
3. stjórn fyrirtækisins,

4. tímabil sem græna bókhaldið nær yfir, ef það er annað en reikningsárið,
5. hvort fyrirtækið hafi sótt um undanþágu frá færslu græns bókhalds, sbr. 14. gr.,
6. gildistíma starfsleyfisins.

Í grænu bókhaldi skulu koma fram upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi. Skal þannig gerð grein fyrir helstu áhrifaþáttum í umhverfismálum starfseminnar. Einnig skal gera stuttlega grein fyrir því með hvaða hætti þær upplýsingar sem skráðar eru skv. 7. gr. reglugerðar þessarar eru valdar til útskýringar á því hvernig umhverfismálum er háttað í starfseminni.

7. gr.

Hráefna- og auðlindanotkun.

Í skýrslu um grænt bókhald skulu koma fram upplýsingar um meginnotkun fyrirtækisins á hráefnum, orku, jarðhitavatni og köldu vatni á bókhaldstímabilinu, ásamt helstu tegundum og magni efna sem valda mengun:

1. í framleiðslu- eða vinnsluferli,
2. sem losað er út í andrúmsloft, vatn, sjó og jarðveg,
3. í framleiðsluvörinni,
4. í úrgangi frá framleiðslunni þ.m.t. spilliefni,
5. sem eiturefni og hættuleg efni, skv. lögum um eiturefni og hættuleg efni.

Ekki er skylt að tilgreina aðrar mæliniðurstöður varðandi mengandi efni en kveðið er á um í gildandi starfsleyfi.

Orku, vatn, hráefni og úrgang og aðra losun skal gefa upp í eftirfarandi mælieiningum:

Raforka	kwst
Jarðefnaeldsneyti	lítrar/tonn
Gas	rúmmetrar
Jarðhitavatn	rúmmetrar
Kalt vatn	rúmmetrar
Hráefni	massi
Losun efna í viðtaka	massi
Svifryk	massi
Frárennsli	lítrar/tonn
Spilliefni/úrgangur	massi/rúmmál

Einnig er heimilt að gefa efnanotkun og losun upp sem magn á hverja framleidda einingu.

Upplýsingar þær sem fyrir koma í 3. mgr. skal birta sem magntölur, þó getur fyrirtækið, ef það telst nauðsynlegt vegna framleiðsluleyndar, birt tölurnar sem hlutfallstölur miðað við umsetningu yfir árið, miðað við grunnárið sem er táknað með tölunni 100.

Velji fyrirtækið að birta upplýsingarnar sem vísitölur, sbr. 5. mgr., skal grunnárið vera undangengið ár þ.e. árið á undan fyrsta græna bókhaldsárinu eða fyrsta græna bókhaldsárið.

Setja skal upplýsingar fram á almennu máli og með því auðvelda þeim aðilum sem ekki eru kunnugir rekstrinum skilning á skýrslunni.

8. gr.

Yfirlýsing fyrirtækisins.

Starfleyfishafi ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslu um grænt bókhald og stjórn fyrirtækisins skal staðfesta þær upplýsingar sem nefndar eru í 6.-7. gr.

Ef veruleg frávik hafa orðið í rekstri viðkomandi bókhaldsaðila sem varða umhverfismál hans svo sem aukin framleiðsla, breyting á samsetningu framleiðslu, bilun í tæknibúnaði, mengunaróhapp, vélarbilun svo og ef breytt hefur verið um tæknibúnað skal gera grein fyrir því.

9. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Upplýsingar sem stjórn fyrirtækisins telur framleiðsluleyndarmál er ekki skylt að birta í skýrslu um grænt bókhald, enda séu slík atriði tilgreind í skýrslunni og ekki gerðar athugasemdir við það af hálfu útgefanda starfsleyfis.

Fallist útgefandi starfsleyfis ekki á framsetningu starfsleyfishafa með vísan til þessa ákvæðis skal starfsleyfishafa tilkynnt þar um. Slíkum ágreiningi má skjóta til úrskurðarnefndar skv. 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

10. gr.

Endurskoðun.

Skýrsla um grænt bókhald skal endurskoðuð á sambærilegan hátt og fjárhagsbókhald fyrirtækja.

Endurskoðun græns bókhalds skal framkvæmd af aðila sem hefur yfir að ráða þekkingu á sviði framleiðslu- og umhverfismála viðkomandi fyrirtækis þ.m.t. mikilvægum umhverfisþáttum í starfseminni. Hann skal ennfremur vera óháður og hlutlaus.

Endurskoðun skýrslu um grænt bókhald fellst í staðfestingu á því að tölur sem gefnar eru upp séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins og þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga. Endurskoðandi skýrslu um grænt bókhald skal gera grein fyrir endurskoðun skýrslunnar og staðfesta endurskoðunina með undirritun sinni.

11. gr.

Skil á skýrslum.

Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald fyrir viðkomandi bókhaldsár.

Sé heilbrigðisnefnd útgefandi starfsleyfis skal hún senda Umhverfisstofnun viðkomandi skýrslu um grænt bókhald að lokinni könnun á kröfum sbr. 6.-8. gr. í reglugerð þessari. Heilbrigðisnefnd skal senda Umhverfisstofnun skýrslu um grænt bókhald innan þriggja vikna til birtingar.

12. gr.

Birting.

Umhverfisstofnun skal birta skýrslu um grænt bókhald innan fjögurra vikna frá móttöku skýrslunnar.

13. gr.

Undanþágur.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og Umhverfisstofnunar, veitt undanþágu frá skyldu til færslu græns bókhalds. Í umsókn um undanþágu frá skyldu um færslu græns bókhalds skal tilgreina ástæður þess að starfsleyfishafi óskar undanþágu og áætlun um hvenær viðkomandi hyggst hefja færslu græns bókhalds.

Fyrirtæki sem eiga að færa skýrslu um grænt bókhald geta samið við Umhverfisstofnun um að taka upp viðurkennt umhverfisstjórnunarkerfi og fengið frest til að taka upp grænt bókhald þó eigi lengur en til 1. janúar 2006. Í samkomulaginu verði sett fram tímasett

áætlun um áfanga í innleiðingu vottaðs umhverfistjórnunarkerfis og skal stofnunin upplýst reglulega um framgang áætlunarinnar.

Fyrirtækið skal upplýsa Umhverfisstofnun um að það muni hefja vinnu við grænt bókhald og senda skýrslu fyrir fyrsta reikningsárið þegar eftir liðinn frest, skv. reglugerð þessari og tilkynna ráðherra hvaða reikningsár um verður að ræða, skv. 2. mgr.

Fyrirtæki sem fresta að skila inn skýrslu fyrir fleiri en eitt grænt bókhaldsár, verða að senda eftir hvert liðið bókhaldsár yfirlýsingu, sem lýsir stöðunni varðandi innleiðingu vottaðs umhverfistjórnunarkerfis skv. ISO 14001 eða EMAS.

Umsókn um frestun á færslu græns bókhalds skal hafa borist umhverfisráðherra fyrir 1. september viðkomandi bókhaldsárs.

III. KAFLI Ýmis ákvæði.

14. gr.

Ný starfsleyfi.

Heilbrigðisnefndir skulu tilkynna Umhverfisstofnun um útgáfu nýrra starfsleyfa til fyrirtækja og reksturs sem heyrir undir reglugerð þessa í síðasta lagi 4 vikum eftir útgáfu þeirra.

15. gr.

Gjaldtaka.

Umhverfisstofnun er heimilt að taka gjald fyrir birtingu skýrslna um grænt bókhald fyrirtækja samkvæmt gjaldskrá, sbr. 21. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Slíkt gjald skal eigi vera hærra en sem nemur kostnaði við birtingu skýrslunnar.

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að taka gjald sem samsvarar kostnaði við athugun á því hvort skýrsla um grænt bókhald fullnægir formkröfum 6.-8. gr. reglugerðar þessarar samkvæmt gjaldskrá, sbr. 21. og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

16. gr.

Þvingunarúrræði.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt reglugerð þessari, getur útgefandi starfsleyfis veitt áminningu. Jafnframt skal veita hæfilegan frest til úrbóta ef þeirra er þörf.

Ef aðili sinnir ekki fyrirætlun innan tiltekins frests getur útgefandi starfsleyfis ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir má innheimta með fjárnámi.

17. gr.

Úrskurðir.

Um málsmeðferð og úrskurði gilda ákvæði VII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

18. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar verða sektum. Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu

hans starfa gerast sekir um brot. Mál út af brotum gegn lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum sveitarfélaga skulu sæta meðferð opinberra mála.

19. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 17. tl. 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skilyrdur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. sömu laga, tekur gildi 1. janúar 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrsta bókhaldsár græns bókhalds er árið 2003 og fyrstu skýrsluskil eru 1. júní 2004.

Umhverfissráðuneytinu, 25. nóvember 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigrún Ágústsdóttir.

Fylgiskjal.

Starfsemi sem færa skal grænt bókhald.

1. Orkuiðnaður.

- 1.1. Brennslustöðvar með meiri nafnhitaafköst en 50 MW.
- 1.2. Jarðolíu- og gashreinsunarstöðvar.
- 1.3. Koksverksmiðjur.
- 1.4. Iðjuver þar sem kolagösun og þétting fer fram.

2. Framleiðsla og vinnsla málma.

- 2.1. Álframleiðsla.
- 2.2. Kísiljárnframleiðsla.
- 2.3. Kísilmálmframleiðsla.
- 2.4. Kísil- og kísilgúrframleiðsla.
- 2.5. Járn- og stálframleiðsla.
- 2.6. Sinkframleiðsla.
- 2.7. Framleiðsla á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum.

3. Jarðefnaiðnaður.

- 3.1. Sements- og kalkframleiðsla.
- 3.2. Stöðvar þar sem vinnsla asbests og framleiðsla vara sem innihalda asbest fer fram.
- 3.3. Glerullarframleiðsla. Stöðvar þar sem framleiðsla glers, einnig glertréfa, fer fram og sem geta brætt meira en 20 tonn á dag.
- 3.4. Steinullarframleiðsla. Stöðvar þar sem bræðsla jarðefna, einnig steinullartrefja, fer fram og sem geta brætt meira en 20 tonn á dag.
- 3.5. Stöðvar þar sem framleiðsla leirvara fer fram með brennslu, einkum þakflísa, múrsteina, eldfastra múrsteina, flísa, leirmuna eða postulíns, sem geta framleitt meira en 75 tonn á dag og/eða rúmtak ofns er meira en 4 m³ og setþéttleiki hans er meiri en 300 kg/m³.

4. Efnaiðnaður.

Með framleiðslu í starfsemi sem fellur undir þennan þátt er átt við mikla framleiðslu með efnafræðilegri vinnslu efna eða flokka efna sem er getið í liðum 4.1–4.6.

- 4.1. Efnaverksmiðjur sem framleiða lífræn grunnefni, svo sem:
 - a) einföld vetniskolefni,
 - b) vetniskolefni með súrefni, svo sem alkóhól, aldehyð, ketón, karboxýlsýrur, estera, asetót, etera, peroxíð, epoxýresín,
 - c) brennisteinsvetniskolefni,
 - d) köfnunarefnisvetniskolefni, svo sem amín, amíð, nítursambönd, nítrósambönd eða nítratsambönd, nítríl, sýanöt, ísósýanöt,
 - e) vetniskolefni með fosfór,
 - f) halógenvetniskolefni,
 - g) lífræn málsambönd,
 - h) plastefni,
 - i) gervigúmmí,
 - j) litarefni og dreifuliti,
 - k) yfirborðsvirk efni.
- 4.2. Efnaverksmiðjur sem framleiða ólífræn grunnefni, svo sem:
 - a) gös, svo sem ammóníak, klór eða vetnisklóríð, flúor eða vetnisflúoríð, koloxíð, brennisteinsambönd, köfnunarefnisoxíð, vetni, brennisteinsdíoxíð, karbónýlklóríð,
 - b) sýrur, svo sem krómsýru, flúorsýru, fosfórsýru, saltpéturssýru, saltsýru, brennisteinssýru, óleum, brennisteinstvísýriling,
 - c) basa, svo sem ammóníumhýdroxíð, kalíumhýdroxíð, natríumhýdroxíð,
 - d) sölt, svo sem ammóníumklóríð, kalíumklórat, kalíumkarbónat, natríumkarbónat, perbórat, silfurnítrat,
 - e) málmleysingja, málmoxíð eða önnur ólífræn sambönd, svo sem kalsíumkarbíð, kísil, kísilkarbíð.
- 4.3. Áburðarframleiðsla. Efnaverksmiðjur sem framleiða áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig áburðarblöndur).
- 4.4. Efnaverksmiðjur sem framleiða grunnvörur fyrir plöntuheilbrigði og sæfiefni.
- 4.5. Stöðvar þar sem notaðar eru efnafræðilegar og líffræðilegar aðferðir við framleiðslu grunnlyfjavara.
- 4.6. Efnaverksmiðjur sem framleiða sprengiefni.
- 4.7. Kítín- og kítosanframleiðsla.
- 4.8. Lím- og málningarvöruframleiðsla.

5. Úrgangsstarfsemi.

- 5.1. Stöðvar fyrir meðhöndlun, förgun eða endurnýtingu spilliefna.
- 5.2. Stöðvar fyrir sorpbrennslu sem geta afkastað meira en 3 tonnum á klukkustund.
- 5.3. Stöðvar fyrir förgun úrgangs annars en spilliefna sem geta afkastað meira en 50 tonnum á dag.
- 5.4. Urðunarstaðir sem taka við meira en 10 tonnum á dag eða geta afkastað meira í heild en 25.000 tonnum af óvirkum úrgangi.

6. Önnur starfsemi.

- 6.1. Pappír- og trjákvöðuframleiðsla. Iðjuver sem framleiða:
 - a) deig úr viði eða önnur trefjaefni,
 - b) pappír og pappa og geta framleitt meira en 20 tonn á dag.

- 6.2. Stöðvar þar sem fram fer formeðferð eða litun trefja eða textílefna og vinnslugeta er meiri en 10 tonn á dag.
- 6.3. Sútunarverksmiðjur. Stöðvar þar sem fram fer sútun á húðum og skinum og vinnslugeta er meiri en 12 tonn af fullunninni vöru á dag.
- 6.4. Matvælavinnsla:
 - a) Sláturhús sem geta framleitt meira en 50 tonn af skrokkum á dag.
 - b) Meðferð og vinnsla fyrir matvælaframleiðslu úr:
 - hráefnum af dýrum, öðrum en mjólk, þar sem hægt er að framleiða meira en 75 tonn af fullunninni vöru á dag,
 - hráefnum af jurtum þar sem hægt er að framleiða að meðaltali meira en 300 tonn af fullunninni vöru á dag.
 - c) Meðferð og vinnsla mjólkur, tekið er á móti meira en 200 tonnum af mjólk á dag miðað við meðaltal á ársgrundvelli.
- 6.5. Stöðvar þar sem förgun eða endurvinnsla skrokka og úrgangs af dýrum fer fram og afkastageta er meiri en 10 tonn á dag.
- 6.6. Stöðvar þar sem þauleiddi alifugla eða svína fer fram með fleiri en:
 - a) 40.000 stæði fyrir alifugla,
 - b) 2.000 stæði fyrir alisvín yfir 30 kg eða
 - c) 750 stæði fyrir gyltur.
- 6.7. Stöðvar þar sem fram fer yfirborðsmeðferð efna, hluta eða afurða með lífrænum leysi-efnum, einkum pressun, prentun, húðun, fituhreinsun, vatnsþétting, meðhöndlun eða þakning með límvatni, málun, hreinsun eða gegndreyping og meira en 150 kg eru notuð á klukkustund eða meira en 200 tonn á ári.
- 6.8. Stöðvar þar sem fram fer framleiðsla kolefna eða rafgrafíts með brennslu eða umbreytingu í graffít.
- 6.9. Fiskimjölsverksmiðjur með meiri framleiðsluafköst en 400 tonn á sólarhring.
- 6.10. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera þar sem ársframleiðsla er meiri en 200 tonn og fráveita til sjávar eða ársframleiðsla er meiri en 20 tonn og fráveita í ferskvatn.
- 6.11. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu.

STJÓRNARTÍÐINDI B 134 – 2002

6. desember 2002

2069

Nr. 852

REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 716, 6. október 2000,
um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Breiðdalsgrunni.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 716, 6. október 2000, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Breiðdalsgrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 7. desember 2002.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. desember 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

29. nóvember 2002

Nr. 853

AUGLÝSING

um deiliskipulag Kirkjumós, Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag Kirkjumós við Æsustaðarveg í Mosfellsdal, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 30. október 2002.

Í deiliskipulaginu felst afmörkun lóðar og byggingarreits fyrir íbúðarhús og þjónustubyggingar í samræmi við landnotkun svæðisins.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins sem öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 29. nóvember 2002.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á skipulagsskilmálum við Blikanes 1, Arnarnesi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Blikanesi 1, Arnarnesi í Garðabæ. Í breytingunni felst að heimilað verður að reisa þak sem verði allt að 1,75 m hátt en eldri skilmálar heimiluðu aðeins 1 m. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á skipulagi við Móaflöt 59 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Móaflöt 59 í Garðabæ. Í breytingunni felst að lóð stækkar um 8,6 m² við enda gangstígs og byggingareitur húss stækkar lítillega. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á skipulagi við Haukanes 20, Arnarnesi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Haukanes 20, Arnarnesi í Garðabæ. Í breytingunni felst að heimilað verður að breyta einbýlishúsi í tvíbýlishús. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á skipulagi við Suðurhraun 4 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Suðurhraun 4 í Garðabæ.

Í breytingunni felst að heimilað verður að reisa GSM mastur á suðurgafli hússins. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 6. desember 2002.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 135 – 2002

9. desember 2002

2071

Nr. 855

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Reitur 1.161.1/2 – Garðastræti 41.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 29. október 2002, óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Garðastræti 41.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Leirubakki 34-36.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. nóvember 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Leirubakka 34-36.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grundarhverfi, Kjalarnesi, Jörfagrund 25-39.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 8. október 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Jörfagrund 25-39, Kjalarnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.171.3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 17. september 2002, deiliskipulag fyrir reit 1.171.3 sem afmarkast af Laugavegi, Bergstaðastræti og Skólavörðustíg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 9. desember 2002.

Helga Bragadóttir, skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um búsetu fatlaðra, nr. 296/2002, sbr. reglugerð nr. 685/2002.

1. gr.

Í stað 4. - 7. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar koma 4.-6. mgr., svohljóðandi:

Gerður skal húsaleigusamningur við hvern og einn íbúa sambýlisins um þann hluta sambýlisins sem hann hefur afnot af. Eigi íbúi óhægt með að undirrita leigusamning og gera sér grein fyrir þýðingu hans, skal forsvarsmáður svæðisskrifstofu eða þjónustu við fatlaða á viðkomandi svæði, staðfesta yfirlýsingu þar sem lýst er því húsnaði sem íbúinn hefur afnot af.

Um leigufjárhæð fer sem hér segir:

Leiga á mánuði:

Herbergi minna en 10 m ²	kr. 11.000
Herbergi 10 – 14 m ²	kr. 13.000
Herbergi stærra en 14 m ²	kr. 15.000
Herbergi með snyrtingu	kr. 18.000
Ígildi 2ja herbergja íbúðar	kr. 23.000

Fjárhæð húsaleigu er endurskoðuð í janúarmánuði ár hvert og tekið mið af bótum almannatrygginga eða vísitölu neysluverðs eftir því sem er fötluðum hagstæðara.

Samanlagt framlag íbúa til heimilissjóðs og húsaleigu, að teknu tilliti til húsaleigubóta, nemi þó ekki hærri fjárhæð en 80% af örorkulífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka eða jafngildi þess.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og með stöð í 3. gr. laga nr. 52/2001, um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, öðlast gildi 1. janúar 2003.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. desember 2002.

Páll Pétursson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum frá Noregi.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. sérstökum samningi milli Íslands og Noregs um viðskipti með landbúnaðarvörur og á grundvelli viðauka IV A við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993. Reglugerð þessi gildir um innflutning á smurosti frá Noregi og með upprunavottorð þaðan.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0406.3000	Smurostur	01.01.2003 - 31.12.2003	13.000	0	0

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgða-tollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar nr. 416/2002 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 65. gr. og 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn stk.	Verðtollur %	Magntollur kr./stk.
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta áv.	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0602.3000	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
Annað:					
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
	Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar				
0602.9041	Skógartré	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
Annað:					
0602.9045	Græðlingar með rót og unglöntur	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
	Aðrar útiplöntur:				
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
	Inniplöntur:				
0602.9070	Græðlingar með rót og unglöntur ekki kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
Annað:					
0602.9091	Kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0602.9092	Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0602.9093	Plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0602.9094	Plöntur af ættkvíslum brönu-grasa „orchids“	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0602.9095	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.01.-30.06.03	3.400	30	0
0602.9099	Annars (pottapl. yfir 1 metri á hæð)	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
Nýtt:					
0603.1002	Innflutningur á öðrum tíma (nellikur, lokaskegg o.fl.)	01.05.-30.11.03	ótilgr.	15	48
0603.1003	Ættkvíslirnar Prote, Bankasía o.fl.	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0603.1005	Blóm af ættkvíslum brönu-grasa „orchids“	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0603.1006	Forsythia (páskagreinar)	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (afskorin blóm)	01.01.-30.06.03	175.000	30	0
0603.9000	Annað (þurrkuð blóm)	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
Annað:					
0604.9101	Jólatré, án rótar	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0604.9102	Jólatrésgreinar	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 65. gr. og 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 136 – 2002

Nr. 859

2076

9. desember 2002

REGLUGERÐ um innflutning loðdýra.

1. gr.

Yfirstjórn og skilgreiningar.

Embætti yfirdýralæknis og héraðsdýralæknar annast eftirlit með því að reglum um heilbrigði, innflutning og einangrun loðdýra sé framfylgt.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Loðdýr; eru minkar og refir, en einnig önnur dýr sem alin eru vegna verðmætis skinnanna, landbúnaðarráðherra sker úr um hvort dýrategund telst til loðdýra eða ekki.

Loðdýrarækt, þegar dýr eru alin vegna verðmætis skinnanna, eingöngu eða aðallega, enda skinnin ætluð til sölu.

Sóttvarnarstöð, nefnist hús eða aðstaða til geymslu á innfluttum loðdýrum, sem við-urkennd er af landbúnaðarráðuneytinu, að fenginni umsögn yfirdýralæknis.

2. gr.

Innflutningur.

Óheimilt er að flytja til landsins loðdýr nema með leyfi landbúnaðarráðherra, að fenginni umsögn embættis yfirdýralæknis. Skrifleg umsókn skal send til landbúnaðarráðuneytisins ásamt upplýsingum um hvaðan dýrin koma, tegund, fjölda þeirra, kyn og aldur. Þau bú sem óskað er eftir að flytja dýr frá þurfa að hafa hlotið samþykki fagráðs í loðdýrarækt.

Óheimilt er að flytja inn læður sem átt hafa hvolpa.

Ekki er heimilt að veita innflutningsleyfi fyrir loðdýrum til Íslands nema fyrir liggja skriflegar upplýsingar heilbrigðisyfirvalda í viðkomandi landi um að eigi hafi orðið vart smitsjúkdóma undanfarin þrjú ár á því búi eða 5 km umhverfis það bú sem flytja á dýrin frá.

Öll þau bú eða staðir sem flutt er frá þurfa að vera og hafa verið laus við plasmacytosis (aleutian disease), refafár/minkafár (distemper) og veiruskitu í mink (mink viral enteritis) síðastliðin 3 ár. Einnig skulu dýr sem flutt verða inn prófuð fyrir plasmacytosis og veiruskitu í mink. Refur þarf auk þess að vera laus við refavanka (encephalitozoonosis, nosematosis) og maurakláða (scabies).

Auk þessa getur embætti yfirdýralæknis krafist frekari rannsókna eða annarra vottorða með viðkomandi dýrum eða búi telji yfirdýralæknir þörf á.

Óheimilt er að flytja til landsins dýr sem hafa verið bólusettt fyrir smitsjúkdómum. Heimilt er að flytja inn óbólusettt dýr frá búum sem hafa bólusettt til öryggis gegn smitsjúkdómum enda búið með vottorð þarlandra opinberra dýralækna um að enginn smitsjúkdómur hafi komið upp á viðkomandi búi og í nánasta umhverfi þess síðastliðin 3 ár. Við innflutning frá búum sem hafa bólusettt samkvæmt ofangreindu skal yfirdýralæknir setja fram kröfur um auknar sýnatökur bæði á þeim búum sem flutt er frá og meðan á einangrun stendur.

3. gr.

Skoðun.

Strax og dýrin koma til landsins skulu þau skoðuð af embættisdýralækni sem ganga skal úr skugga um að þau séu heilbrigð og að þeim fylgi tilskilin vottorð og aðrar þær upplýsingar sem krafist var er innflutningsleyfi var veitt.

4. gr.

Sóttvarnarstöð og einangrun.

Ef innflutt loðdýr reynast heilbrigð og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum skulu þau sett beint inn á áður viðurkennda sóttvarnarstöð. Dýrunum skal haldið í einangrun eins lengi og yfirdýralæknir telur nauðsynlegt, en eigi skemur en 24 vikur.

Sóttvarnarstöð fyrir loðdýr skal uppfylla öll skilyrði um dýrheldni búra og húsa samkvæmt reglugerð um aðbúnað loðdýra. Einnig skal húsið vera afgirt þannig að sauðfé, hross eða nautgripir komist ekki í snertingu við það.

Umgengnisreglur skulu ákvarðast af yfirdýralækni hverju sinni og skal héraðsdýralæknir yfirfara og samþykkja aðstöðuna áður en innflutningsleyfi er veitt.

Úrgang frá einangrunarstöð má ekki fjarlægja fyrr en að lokinni einangrun og skal hann þá meðhöndlaður eins og annar úrgangur. Komi hins vegar upp sjúkdómur skal öllum úrgangi eytt samkvæmt fyrir mælum yfirdýralæknis.

Að einangrunartíma loknum skal prófa alla minka sem selja á frá búinu fyrir plasmacytosis. Einnig skal prófa fyrir öðrum sjúkdómum sé þess talin þörf af yfirdýralækni.

Ef loðdýrabúi í rekstri er breytt í sóttvarnarstöð skulu gerðar til þess sömu kröfur og gerðar eru til sóttvarnarstöðva og skal búið sækja um leyfi til landbúnaðarráðuneytisins, sbr. 7. gr. Allt búið telst vera í einangrun. Búið sem flutt er inn á skal hafa verið viðurkennt A-bú samkvæmt reglugerð um aðbúnað loðdýra 3 síðastliðin ár þar á undan. Áður en einangrun er aflétt skulu öll fullorðin dýr (eldri en 6 mánaða), á búinu og/eða ásetningsdýr prófuð fyrir plasmacytosis. Einnig skal prófa fyrir öðrum sjúkdómum sé þess talin þörf af yfirdýralækni.

5. gr.

Leyfisveiting og afturköllun leyfis.

Allir þeir sem reka sóttvarnarstöð fyrir loðdýr, skulu hafa til þess skriflegt leyfi landbúnaðarráðuneytisins. Umsókn um leyfi til þess að reka sóttvarnarstöð, skal senda landbúnaðarráðuneytinu, sem aflar umsagnar yfirdýralæknis. Ennfremur skal fylgja umsókn lýsing á stærð og gerð húsnæðis stöðvarinnar.

Landbúnaðarráðuneytið getur afturkallað leyfi til reksturs sóttvarnarstöðvar, ef ástæða þykir til t.d. vegna sjúkdóma eða alvarlegra eða ítrekaðra brota á settum reglum, án þess að bætur komi fyrir.

Ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða getur landbúnaðarráðuneytið, að fengnum tilmælum yfirdýralæknis, einnig látið lóga bótalaust, á kostnað eiganda, öllum þeim dýrum sem í einangrun eru.

6. gr.

Framkvæmd einangrunar.

Í upphafi einangrunar skal yfirdýralæknir afhenda eiganda eða umráðamanni dýranna skrifleg fyrirsmáli um hvaða varúðarráðstafanir séu nauðsynlegar til að varna því að smitsjúkdómar berist frá eða í hin innfluttu dýr og hvernig haga beri sýnatökum meðan á einangrun stendur. Hundahald á einangrunarstöð er bannað meðan á einangrun stendur. Ketti sem haldið er á einangrunarbúum skal bólusetja fyrir kattafári (feline panleukopenia).

Meðan innflutt dýr eru í einangrun skulu þau skoðuð reglulega af embættisdýralækni samkvæmt nánari fyrirsmælum yfirdýralæknis. Eigandi eða umráðamaður skal veita nauðsynlega aðstoð við skoðun dýranna. Umráðamaður dýranna skal án tafar gera embættisdýralækni viðvart ef upp kemur sjúkdómur í dýrunum. Öll hræ skal senda strax til rannsóknar. Embættisdýralæknir hlutast til um, í samráði við yfirdýralækni, að staðfest sé um hvaða sjúkdóm sé að ræða. Skal hann í samráði við yfirdýralækni þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu og tjón af völdum sjúkdómsins.

7. gr.

Smitsjúkdómar.

Komi upp smitsjúkdómur í innfluttum loðdýrum meðan þau eru í einangrun er landbúnaðarráðherra, að fenginni tillögu yfirdýralæknis, heimilt að láta lóga öllum dýrum í einangrunarstöðinni bótafast, á kostnað eiganda. Hræjum og öðru er smithætta getur stafað af skal eyða á tryggilegan hátt að fyrirsmælum yfirdýralæknis og er eiganda innfluttu dýranna skylt að leggja fram nauðsynlega vinnu við hreinsun og sóttgreinsun að lokinni slátrun.

Sé talið nauðsynlegt að eyða búrum eða öðrum útbúnaði skal það gert á kostnað eiganda, bótafast af hálfu ríkissjóðs.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um innflutning dýra nr. 54/1990 og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998.

Jafnframt eru felld úr gildi ákvæði 3.-10. gr. reglugerðar um loðdýrarækt og innflutning loðdýra nr. 444/1982. Reglugerðin tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 137 – 2002

16. desember 2002

2079

Nr. 860

GJALDSKRÁ Landmælinga Íslands.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldtökuheimild.

Landmælingar Íslands gefa út kort og framleiða landfræðilegar upplýsingar. Fyrir sölu, birtingu og útgáfu efnis og sérhæfða þjónustu sem veitt er samkvæmt gjaldskrá þessari skal stofnunin innheimta gjöld af viðskiptamönnum sínum, þ.m.t. ríkisstofnunum.

2. gr.

Orðskýringar.

Merking orða í gjaldskrá þessari er sem hér segir:

Efni frá Landmælingum Íslands: Allar upplýsingar, þ.m.t. öll gögn og annað efni frá Landmælingum Íslands, sem nýtur höfundarréttar.

Gjald: Greiðsla fyrir efni frá Landmælingum Íslands eða gjald fyrir sérhæfða þjónustu.

Leyfisþegi: Sá sem fær takmarkað, óframseljanlegt leyfi til notkunar á efni frá Landmælingum Íslands.

Nákvæm endurgerð efnis: Efni sem óbreytt byggist á efni frá Landmælingum Íslands og er framleitt í lit eða í svart hvítu, og er í sama eða svipuðum mælikvarða eða stærð og hið upprunalega efni.

Notkunarleyfi: Takmarkaður afnotaréttur sem Landmælingar Íslands veita til notkunar á efni frá stofnuninni.

Smáskort: Einföld kort með takmörkuðum upplýsingum um staðfræði, sem birt eru í stærðinni A4 eða minni, og notuð eru til skýringar með texta, t.d. í dagblöðum, bókum eða tímaritum.

3. gr.

Höfundaréttur.

Íslenska ríkið er eigandi að öllum réttindum sem Landmælingar Íslands hafa öðlast. Stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar á öllu því efni sem hún hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við mælingar, kort eða myndir af Íslandi. Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög nr. 73/1972, með síðari breytingum.

II. KAFLI

Kaup og áskrift að efni frá Landmælingum Íslands.**A. Prentað efni.**

4. gr.

Landmælingar Íslands selja prentað efni. Um upphæð gjalda fer samkvæmt fylgiskjali 1 með gjaldskrá þessari.

B. Loftmyndir og ljósmyndir.

5. gr.

Landmælingar Íslands selja eftirgerðir loftmynda og ljósmynda sem stofnunin framleiðir eða er í vörslu hennar. Um upphæð gjalda fer samkvæmt fylgiskjali 2 með gjaldskrá þessari.

C. Stafrænt efni.

6. gr.

Kaup og áskrift.

Landmælingar Íslands selja og bjóða áskrift að stafrænu efni frá stofnuninni samkvæmt gjaldskrá þessari. Um upphæð gjalda fer samkvæmt fylgiskjali 3 með gjaldskrá þessari.

7. gr.

Notkunarleyfi.

Við kaup eða áskrift að stafrænu efni frá Landmælingum Íslands fær kaupandi notkunarleyfi fyrir efninu og gengst við almennum skilmálum sem stofnunin setur um notkun þess, nema um annað sé samið.

8. gr.

Fjöldi notkunarleyfa.

Notkunarleyfi fyrir kaup eða áskrift að stafrænu efni frá Landmælingum Íslands skiptast í tvo gjaldflokka sem hér segir:

1. Leyfi fyrir einn notanda.
2. Leyfi fyrir tvo eða fleiri notendur.

III. KAFLI

Sérhæfð þjónusta.

9. gr.

Almennt.

Landmælingar Íslands taka að sér ráðgjöf og sérhæfða þjónustu á fagsviði stofnunarinnar. Með sérhæfðri þjónustu er átt við vinnslu landupplýsinga, loftmynda og einnig landmælingar, fjarkönnun og kortagerð sem viðskiptavinir stofnunarinnar óska sérstaklega eftir. Um upphæð gjalda fer samkvæmt fylgiskjali 4 með gjaldskrá þessari.

IV. KAFLI

Útgáfa og birting.

10. gr.

Útgáfu- og birtingarleyfi.

Veitt eru leyfi til afnota, útgáfu og birtingar efnis sem nýtur höfundarréttar ríkisins, svo sem:

1. Ljósmyndir, loftmyndir og gervitungramyndir.
2. Kort.

3. Stafræn gögn.
4. Annað efni í vörslu Landmælinga Íslands.

11. gr.

Umsókn um leyfi.

Sá sem hyggst birta, gefa út eða endurprenta efni sem byggt er á efni frá Landmælingum Íslands skal sækja skriflega um útgáfu- og birtingarleyfi til stofnunarinnar. Þar skal meðal annars koma fram hvar fyrirhugað er að birta efnið, á hvaða formi, í hvaða upplagi, stærð og/eða mælikvarða.

Í framhaldi af umsókn skal gerður samningur þar sem kveðið er á um gjald og nánari skilmála fyrir útgáfu eða birtingu efnisins.

12. gr.

Gjaldflokkar.

Gjald fyrir leyfi til útgáfu- og birtingar á efni samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal miðað við gjaldflokkanana í þessari grein nema ákvæði 13. gr. eigi við. Um upphæð gjaldsins, þ. á m. afslætti fer samkvæmt fylgiskjöllum 5 og 6 með gjaldskrá þessari.

Gjaldflokkarnir eru sem hér segir:

Flokkur 1.

Gjald fyrir útgáfu efnis þegar um er að ræða:

1. Nákvæma endurgerð efnis.
2. Birt efni í endanlegri útfærslu sem inniheldur meira en 60% af kortagögnum, texta, myndefni eða öðru efni frá Landmælingum Íslands.

Flokkur 2.

Gjald fyrir útgáfu efnis sem endurgert er eftir efni frá Landmælingum Íslands þegar um er að ræða:

1. Mikilsverðar breytingar án endurtekningar eða einföldunar.
2. Birt efni í endanlegri útfærslu sem inniheldur 30-60% af kortagögnum, texta, myndefni eða öðru efni frá Landmælingum Íslands.

Flokkur 3.

Gjald fyrir það efni sem unnið hefur verið upp úr grunngögnum Landmælinga Íslands sem innihalda á bilinu 10-30% af birtu efni. Ekki skal innheimta gjald sé efni Landmælinga Íslands undir 10% af birtu efni. Birting loftmynda Landmælinga Íslands skal gjaldtekin samkvæmt þessum flokki.

13. gr.

Birting í fjölmiðlum.

Greiða skal sérstakt gjald fyrir eftirfarandi birtingu efnis frá Landmælingum Íslands í fjölmiðlum samkvæmt því sem hér segir nema 18. gr. eigi við:

1. Greiða skal fyrir hverja birtingu í dagblaði, án tillits til upplags.
2. Greiða skal fyrir hverja birtingu í tímariti, án tillits til upplags.
3. Greiða skal fyrir hverja birtingu í sjónvarpi á korti/mynd sem varir lengur en 10 sekúndur. Fyrir reglubundna og stöðuga notkun á kortum, loftmyndum og gervitungla-myndum í sjónvarpi skal greiða árgjald án tillits til fjölda birtinga á ári.
4. Greiða skal árgjald fyrir birtingu í lokuðum myndbandakerfum.

Þegar dagblöð og tímarit hafa greitt gjald samkvæmt 1. mgr. er þeim heimilt að birta sömu kort á heimasíðum sínum á Internetinu og birtust á hinu prentaða formi, án þess að sérstakt leyfi komi til. Þegar birting fer fram með þessum hætti skal þó ávallt gætt ákvæða 17. gr. um áletrun.

Um upphæð gjalda fer samkvæmt fylgiskjali 7 með gjaldskrá þessari.

14. gr.

Birting á veraldarvefnum.

Fyrir birtingu og útgáfu stafræns efnis á veraldarvefnum (world wide web) skal innheimta gjald samkvæmt fylgiskjali 8 með gjaldskrá þessari. Þegar birting fer fram með þessum hætti skal ávallt gætt ákvæða 17. gr. um áletrun.

15. gr.

Endurgerð lendir milli tveggja stærðaflokka.

Ef endurgerð korts lendir milli tveggja stærðaflokka skal ávallt reikna gjaldið eftir þeim stærri.

16. gr.

Kortabækur o.fl.

Við ákvörðun á stærðarflokki korta í kortabókum, leiðsögubókum og öðrum slíkum ritum skal telja saman heildarflatarmál kortanna. Við útreikninginn skal draga frá 20% af heildarflatarmálinu vegna endurtekningar á kortasvæðum milli blaðsíðna.

17. gr.

Áletrun.

Efni sem á uppruna sinn að rekja til efnis frá Landmælingum Íslands skal merkt á eftirfarandi hátt: „© **Landmælingar Íslands**“.

Þegar fleiri en einn aðili á höfundarétt að endanlegri útgáfu kortagagna skal samráð haft við Landmælingar Íslands um það hvernig merkja skuli efni frá stofnuninni.

18. gr.

Smákort.

Ekki skal innheimta gjald fyrir birtingar- og útgáfuleyfi þegar um er að ræða:

1. Smákort eða skýringarmyndir á veraldarvefnum
2. Smákort eða skýringarmyndir á prentuðu formi í A4 stærð eða minni eða í mælikvarða 1:2.000.000 eða minni. Þó skal geta heimilda skv. 17. grein.

19. gr.

Kort og myndir í vísindalegum tilgangi.

Heimilt er að veita undanþágu frá greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari þegar um er að ræða kort og myndir sem birt eru í vísindalegum tilgangi. Þar er um að ræða birtingar innan skólakerfisins, í fagtímaritum og skýrslum opinberra aðila, á prentuðu eða stafrænu formi. Þó skal ávallt gerður samningur skv. 3. mgr. 11. gr. og gætt skal ákvæða 17. gr. um áletrun.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Hlutdeild viðskiptamanna í gögnum.

Ef efni frá Landmælingum Íslands á að einhverju leyti uppruna sinn að rekja til hlutaðeigandi viðskiptamanns skal lækka gjaldið í hlutfalli við magn þess efnis sem er frá honum komið.

21. gr.
Ágreiningur.

Ágreiningi um framkvæmd gjaldskrár þessarar er heimilt að skjóta til ráðherra með stjórnslukæru.

22. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga nr. 95/1997 um landmælingar og kortagerð með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá Landmælinga Íslands nr. 141/2001.

Umhverfisstjórnuneytinu, 16. desember 2002.

F. h. r.

Pórður H. Ólafsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fylgiskjal 1.

Prentuð kort.

	Útsöluverð	Heildsöluverð
Atlaskort 1:100 000	538	385
Staðfræðikort 1:50 000	538	385
Staðfræðikort 1:25 000	538	385
Veiðisvæðakort	859	615
Upphleypt kort	2.651	1.890
Stjórnslumörk	1.036	740
Sveitarfélagakort	795	568
Jarðskjálftakort	538	385
Jarðfræðikort 1:250 000	683	490
Jarðfræðikort Orkustofnunar	538	385

Ofangreint verð er án virðisaukaskatts.

Fylgiskjal 2.

Loftmyndir og ljósmyndir frá Landmælingum Íslands.

Snertimyndir, svart/hvítar	Verð án vsk. kr.
Pappír	1.308
Filma „dífapósítív“	3.131

Snertimyndir í lit	
Pappír	3.410
Filma „dífapósítív“	5.549

Stækkanir, svart/hvítar	
Pappír 0,2 m ²	3.964
Pappír 0,4 m ²	6.705
Pappír 0,6 m ²	8.655
Pappír 0,8 m ²	11.164
Pappír 1,0 m ²	13.674
Filma 0,2 m ²	5.945
Filma 0,4 m ²	9.480
Filma 0,6 m ²	12.419
Filma 0,8 m ²	16.184
Filma 1,0 m ²	19.951

Stækkanir, litmyndir	
Pappír 0,1 m ²	6.027
Pappír 0,2 m ²	8.570
Pappír 0,3 m ²	11.662
Pappír 0,4 m ²	16.183
Pappír 0,5 m ²	19.433
Filma 0,1 m ²	10.181
Filma 0,2 m ²	12.923
Filma 0,3 m ²	15.521
Filma 0,4 m ²	20.013
Filma 0,5 m ²	23.403

Útrentun mynda/korta	
Pappír 0,25 m ²	3.000
Pappír 0,50 m ²	5.000
Pappír 1,0 m ²	8.000

Magnafsláttur reiknast af snertimyndum á pappír í svart/hvítu og lit á eftirfarandi hátt:

10-19 stk. 5%

20-49 stk. 10%

50 stk. eða fleiri 15% afsláttur.

Fleiri en ein eftirgerð af sömu mynd gefur 25% afslátt. Sé mynd stækkuð í aðra stærð en verðskrá gerir ráð fyrir, skal hún reiknast samkvæmt næsta stærðarflokki fyrir ofan viðkomandi stærð. Stærri myndir en að framan greinir reiknast út frá verði eins fermetra.

Skönnun svart/hvítra loftmynda.

Upplausn	Verð 1-9 stk.	Verð 10-49 stk.
800 dpi	1.308 kr.*	10% afsl
1200 dpi	1.700 kr.*	10% afsl

*Verð pr. skönnun án vsk.

Skönnun loftmynda í lit.

Upplausn	Verð 1-9 stk.	Verð 10-49 stk.
800 dpi	1.625 kr.*	10% afsl
1200 dpi	2.112 kr.*	10% afsl

*Verð pr. skönnun án vsk.

Gögnum er skilað á TIFF formati og eru þau afhent á CD-ROM diskum. Viðskiptavinur greiðir fyrir miðla s.s. CD-ROM og sendingarkostnað.

Sýnismyndir með stafrænni myndavél.

Upplausn	Verð 1-9 stk.	Verð 10 myndir
75 dpi	600 kr. *	300 kr. *

*Verð án vsk.

Með sýnishornum geta viðskiptavinir skoðað og afmarkað svæði sem óskað er eftir til stækkunar. Myndina er hægt að fá senda í tölvupósti. Verði af pöntun, dregst kostnaður við sýnismyndir frá kostnaði við myndagerð.

Fvlgiskjal 3.**Stafrænt kortaefni frá Landmælingum Íslands.****KORT Á GEISLADISKUM STAFRÆN KORT OG GAGNASÖFN**

Heiti	Mælikvarði	Útgáfuár	Verð án vsk.
Á flugi yfir Íslandi			1.590
Íslandskort – kortadiskur 1			2.393
Yfirlitskort	1:2 000 000	2002	2.900
Ferðakort IS 500 R	1:500 000	2001	795
Aðalkort IS 250 R	1:250 000	1990-1997	795
Atlaskort IS 100 R	1:100 000	1986-1990	795
Staðfræðikort IS 50 R	1:50 000	1977-1990	795
Staðfræðikort IS 25 R	1:25 000	1988-1989	795
Aðalkort IS 250 R (samsett 9 blöð)	1:250 000	1990-1997	7.000

Grunngjald vegna afgreiðslu skannaðra kortagagna er kr. 1.000.

Vigruð kort 1)				
Heiti	Pema	Mælikvarði	Áskrift	Kaupverð án vsk.
Heildarkort IS 3000 V		1:3 000 000		7.800
Heildarkort IS 2000 V		1:2 000 000		30.000
Ferðakort IS 500 V	Hæðarlínur	1:500 000	30.000	90.000
Ferðakort IS 500 V	Vatnakerfi	1:500 000	20.000	60.000
Ferðakort IS 500 V	Vegakerfi	1:500 000	10.000	30.000

Ferðakort IS 500 V	Stjórnsýslumörk	1:500 000	12.500	37.500
Ferðakort IS 500 V	Örnefni	1:500 000	10.000	30.000
Ferðakort IS 500 V	Allar þekjur	1:500 000	75.000	225.000
Ferðakort IS 500 V	Strandlína	1:500 000		10.000
Staðfræðikort IS 50 V	Hæðarlínur	1:50 000	12.000	36.000
Staðfræðikort IS 50 V	Vatnakerfi	1:50 000	8.000	24.000
Staðfræðikort IS 50 V	Yfirborð	1:50 000	4.000	12.000
Staðfræðikort IS 50 V	Samgöngur	1:50 000	5.000	15.000
Staðfræðikort IS 50 V	Byggð	1:50 000	5.000	15.000
Staðfræðikort IS 50 V	Mörk	1:50 000	2.000	6.000
Staðfræðikort IS 50 V	Örnefni	1:50 000	4.000	12.000
Staðfræðikort IS 50 V	Heilt kortblað	1:50 000	40.000	120.000
Staðfræðikort IS 25 V	Hæðarlínur	1:25 000	15.000	45.000
Staðfræðikort IS 25 V	Vatnakerfi	1:25 000	10.000	30.000
Staðfræðikort IS 25 V	Vegir	1:25 000	6.250	18.750
Gróðurmynd	Gervitunglamynd	100x100m	10.000	30.000
Landsat gervitunglamynd, s/h innrauð eða lit	30x30 m myndeiningar		30.000	90.000
Landsat gervitunglamynd, s/h innrauð eða lit	90x90 m myndeiningar		10.000	30.000
Hæðarlíkan DTED level 1		90x90m		100.000
Hluti DTED verð pr. ferkm. 3)				16

Verð segulmiðla s.s. CD-ROM diska bætis við ofangreind verð. Gjald fyrir hvern geisladisk er kr. 300.

- 1) Verð miðast við einn notanda sbr. 8. grein gjaldskrár. Ef gögnin eru notuð af fleiri en einum á neti (intraneti) þá margfaldast ofangreind verð með stuðlinum 1,5.
- 2) Sumt efni er fáanlegt í áskrift. Áskrifendur greiða áskriftarverð við gerð samnings og síðan uppfærsluverð í hvert sinn sem þeir uppfæra þekjur.
- 3) Grunnjald 4.000 kr. án virðisaukaskatts.

Afsláttur á IS 50 V:

1-5 kort keypt	fullt verð
6-20 kortblöð	25% afsláttur
21-50 kortblöð	50% afsláttur
fleiri en 50 kortblöð	75% afsláttur

Fylgiskjal 4.

Gjald vegna sérhæfðrar þjónustu Landmælinga Íslands.

Tímagjald kr. 4.665 pr. klst. án virðisaukaskatts.

Fylgiskjal 5.**Birting og útgáfa efnis frá Landmælingum Íslands.**

Stærð korta og mynda sem á að gefa út	A6 og minna 155 cm ² kr.	A5 og minna 310 cm ² kr.	A4 og minna 625 cm ² kr.	A3 og minna 1250 cm ² kr.	A2 og minna 2500 cm ² kr.	A1 og minna 5000 cm ² kr.	A0 og minna 10000 cm ² kr.
Flokkur 1	2,00	4,00	10,00	20,00	33,00	46,00	65,00
Flokkur 2	1,50	3,00	7,50	15,00	25,00	35,00	50,00
Flokkur 3	1,00	1,50	2,50	5,00	7,50	10,00	15,00

Lágmarksupphæð vegna útgáfu og birtingar efnis kr. 4.000 án virðisaukaskatts.

Afsláttur vegna flokks 1 og 2	1.000-2.499 stk.	5%
	2.500-4.999 stk.	10%
	5.000-9.999 stk.	15%
	10.000 stk. eða fleiri	25%

Afsláttur vegna flokks 3	10.000-24.999 stk.	25%
	25.000-49.999 stk.	50%
	50.000 stk. eða fleiri	75%

Afsláttur vegna flokks 3 er veittur í þrepum þannig að ef að gefin eru út 35.000 eintök af korti þá reiknast 10.000 stk. án afsláttar, 15.000 stk., með 25% afslætti og 10.000 stk., með 50% afslætti. Allar fjárhæðir eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

Fylgiskjal 6.**Tafla um hlutfallslega skiptingu á efni þekja í stafrænum kortagrunni.**

Hæðarlínur, mælipunktar:	30%
Vatnafar, ár, lækir og vötn:	20%
Samgöngur, vegir, flugvellir, ferjuleiðir:	10%
Stjórnsýslumörk, hreppar, sýslur o.fl.:	5%
Örnefni:	10%
Yfirborð, s.s. gróður, hraun, sandar:	10%
Byggingar og mannvirki:	10%
Annað:	5%

Fylgiskjal 7.**Birting efnis frá Landmælingum Íslands í fjölmiðlum.**

1. Dagblöð: Greiða skal kr. 5.000 fyrir hverja birtingu í dagblaði, án tillits til upplags.
2. Tímarit: Greiða skal kr. 5.000 fyrir hverja birtingu í tímariti, án tillits til upplags.
3. Sjónvarp: Greiða skal kr. 1.000 fyrir hverja birtingu á korti sem varir lengur en 10 sekúndur. Fyrir reglubundna stöðuga notkun skal greiða kr. 200.000 árgjald, án tillits til fjölda birtinga á ári.
4. Myndbandakerfi: Greiða skal árgjald kr. 10.000 fyrir birtingu í myndbandakerfum, án tillits til fjölda birtinga.

Allar fjárhæðir eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

Fylgiskjal 8.**Birting og útgáfa efnis Landmælinga Íslands á vefnum.**

Upprunaleg stærð korts og mynda sem á að gefa út	A6 og minna 155 cm ²	A5 og minna 310 cm ²	A4 og minna 625 cm ²	A3 og minna 1250 cm ²	A2 og minna 2500 cm ²	A1 og minna 5000 cm ²	A0 og minna 10000 cm ²
	Árgjald kr.	Árgjald kr.	Árgjald kr.	Árgjald kr.	Árgjald kr.	Árgjald kr.	Árgjald kr.
Flokkur 1	2.500	5.000	7.500	11.250	16.800	25.000	38.000
Flokkur 2	1.250	2.500	5.000	7.500	11.250	16.800	25.000
Flokkur 3	-	1.250	2.500	5.000	7.500	11.250	16.800

Birting á vefnum telst vera ein mynd eða kort sem hluti af heimasíðu viðskiptavinar. Allar fjárhæðir eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 830, 28. nóvember 2002,
um síldveiðar með vörpu.**

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr málslíður sem orðist svo: Ennfremur eru allar síldveiðar með vörpu bannaðar á svæðum þar sem togveiðar með fiskibotnvörpu eru bannaðar með reglugerðum, skyndilokunum eða þar sem áskilin er notkun smáfiskaskilju.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 18. desember 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. desember 2002.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING**um bann við innflutningi frá Bandaríkjunum vegna Newcastle-veiki.**

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá bandarískum dýrasjúkdóma- yfirvöldum um upprætingu á „Newcastle Disease“, er framlengt bann landbúnaðarráðuneytisins sem sett var með auglýsingu nr. 776/2002, við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Bandaríkjunum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 20. janúar 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. desember 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Danmörku vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dönskum dýrasjúkdómayfirvöldum um upprætingu á „Newcastle Disease“, er framlengt bann landbúnaðarráðuneytisins sem sett var með auglýsingu nr. 777/2002, við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Danmörku.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Innflutningsbannið var tilkynnt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/34/EB um reglur um tilhögun upplýsinga-skipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 20. janúar 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. desember 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 120/2000, um innstæðuþryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

1. gr.

Við 10. gr. bætist eftirfarandi málsl.: Þessi grein gildir ekki um sameiginlega fjárfestingu í verðbréfum.

2. gr.

Við 3. mgr. 12. gr. bætast eftirfarandi málsl.: Viðskiptavinum skal greint frá því að viðbótarþrygging falli niður og hvenær hún falli úr gildi. Útibú skal á afgreiðslustöðum sínum hafa til reiðu skriflegar upplýsingar um aðild sína að sjóðnum. Skulu upplýsingarnar vera á íslensku og ávallt til reiðu þannig að auðvelt sé að nálgast þær.

3. gr.

Við 3. mgr. 15. gr. bætast eftirfarandi málsl.: Útibú skal á afgreiðslustöðum sínum hafa til reiðu skriflegar upplýsingar um aðild sína að sjóðnum. Skulu upplýsingarnar vera á íslensku og ávallt til reiðu þannig að auðvelt sé að nálgast þær.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 6. desember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Benedikt Árnason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 138 – 2002

9. desember 2002

2091

Nr. 865

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Úr tollnúmeri:</i> 0407.0000 Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	01.01.03-31.12.03	ótilgr.	0	0
<i>Tollnúmer:</i> 0404.9000 Annað (mysuduft)	01.01.03-31.12.03	ótilgr.	0	5

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407.0000) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 65. gr. og 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýrallyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk.

1. gr.

A. Ákvæðum I. viðauka reglugerðar nr. 653/2001 er breytt sem hér segir:
Við töflu 1.2.1. Pensillín, bætist:

1.2.1. Pensillín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Nafsillín	Nafsillín	Nautgripir	300 µg/kg 300 µg/kg 300 µg/kg 300 µg/kg 30 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra Mjólk	Einungis til nota í mjólkurkirtla

Við töflu 1.2.2. Sefalósporín, bætist:

1.2.2. Sefalósporín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Sefapírín	Summan af sefapíríni og desasetýlsefapíríni	Nautgripir	50 µg/kg 50 µg/kg 100 µg/kg 60 µg/kg	Vöðvi Fita Nýra Mjólk	
Sefóperasón	Sefóperasón	Nautgripir	50 µg/kg	Mjólk	
Sefasetríl	Sefasetríl	Nautgripir	125 µg/kg	Mjólk	Einungis til nota í mjólkurkirtla

Við töflu 1.2.4. Makrólíð, bætist:

1.2.4. Makrólíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Tilmíkósín	Tilmíkósín	Kalkúnn	75 µg/kg 75 µg/kg 1 000 µg/kg 250 µg/kg	Vöðvi Húð og fita Lifur Nýra	

Við töflu 1.2.5. Flórfeníkól og skyld efnasambönd, bætist Flórenfíkol.

1.2.5. Flórfeníkól og skyld efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Flórfeníkól	Summan af flórfeníkóli og umbrotsefnum þess, mælt sem flórfeníkolamín	Fiskar með uggum	1 000 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum	

Við töflu 1.2.8. Plevrómútilín, bætist:

1.2.8. Plevrómútilín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Tíamúlín	Samtala af umbrotsefnum sem geta vatnssundrast í 8-a-hýdroxýmútilín	Kalkúnn	100 µg/kg 100 µg/kg 300 µg/kg	Vöðvi Húð og fita Lifur	

Við töflu 1.2.9. Linkósamíð, bætist:

1.2.9. Linkósamíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Linkómýsín	Linkómýsín	Sauðfé	100 µg/kg 50 µg/kg 500 µg/kg 1 500 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra	
		Svín	150 µg/kg 100 µg/kg 50 µg/kg 500 µg/kg 1 500 µg/kg	Mjólk Vöðvi Húð og fita Lifur Nýra	
		Kjúklingar	100 µg/kg 50 µg/kg 500 µg/kg 1 500 µg/kg 50 µg/kg	Vöðvi Húð og fita Lifur Nýra Egg	

Við töflu 1.2.12. Pólýpeptíð, bætist:

1.2.12. Pólýpeptíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Bakítasín	Summa af bakítasíni A, bakítasíni B og bakítasíni C	Nautgripir	100 µg/kg	Mjólk	

Við töflu 1.2.13. Betalaktamasa-hemlar, bætist:

1.2.13. Betalaktamasa-hemlar

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Klavúlansýra	Klavúlansýra	Nautgripir	100 µg/kg 100 µg/kg 200 µg/kg 400 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra	
		Svín	200 µg/kg 100 µg/kg 100 µg/kg 200 µg/kg 400 µg/kg	Mjólk Vöðvi Fita Lifur Nýra	

Við töflu 2.1.1. Salísýlanílið, bætist Rafoxaníð.

2.1.1. Salísýlanílið

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Rafoxaníð	Rafoxaníð	Nautgripir	30 µg/kg 30 µg/kg 10 µg/kg 40 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis
		Sauðfé	100 µg/kg 250 µg/kg 150 µg/kg 150 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra	

Við töflu 2.1.3. Bensímídasól og pró-bensímídasól, bætist:

2.1.3. Bensímídasól og pró-bensímídasól

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Mebendasól	Summan af mebendasólmetýli (5-1(1-hýdroxý, 1-fenýl) metýl-1H bensímídasól-2-ýl) karbamat og (2-amínó-1H-bensímídasól-5-ýl) fenýlmetanón, gefið upp sem mebendasól-hliðstæður	Sauðfé, geitur, hestar	60 µg/kg	Vöðvi	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis
			60 µg/kg	Fita	
			400 µg/kg	Lifur	
			60 µg/kg	Nýra	
Netóbímín	Samtala af albendasólóxíðum, albendasólífóni og albendasól 2-amínósúlífóni, gefið upp sem albendasól	Kalkúnn	100 µg/kg 100 µg/kg 1 000 µg/kg 500 µg/kg 100 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra Mjólk	Einungis til inntöku

Við töflu 2.2.1. Lífræn fosföt, bætist:

2.2.1. Lífræn fosföt

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði			
Foxím	Foxím	Sauðfé	50 µg/kg 400 µg/kg 50 µg/kg	Vöðvi Fita Nýra	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.			
			Svín	20 µg/kg 700 µg/kg 20 µg/kg		Vöðvi Húð og fita Lifur		
						20 µg/kg	Nýra	
				100 µg/kg		Hunang		
		Kúmafós	Kúmafós	Býflugur		100 µg/kg	Hunang	

Við töflu 2.2.3. Pýretróíð, bætist:

2.2.3. Pýretróíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Deltametrín	Deltametrín	Nautgripir	10 µg/kg 50 µg/kg 10 µg/kg 10 µg/kg 20 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra Mjólk	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis
		Sauðfé	10 µg/kg 50 µg/kg 10 µg/kg 10 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra	
		Fiskar með uggum	10 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum	
Sýhalótrín	Sýhalótrín (samtala af ísómerum)	Nautgripir	500 µg/kg 50 µg/kg 50 µg/kg 10 µg/kg	Fita Nýra Mjólk Vöðvi	Fara ber að öðrum ákvæðum tilskipunar ráðsins 94/29/EBE.
Sýflútrín	Sýflútrín (samtala af ísómerum)	Nautgripir	50 µg/kg 10 µg/kg 10 µg/kg 20 µg/kg	Fita Lifur Nýra Mjólk	

Við töflu 2.2.6. Tríasínafleiður bætist:

2.2.6. Tríasínafleiður

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Sýrómasín	Sýrómasín	Sauðfé	300 µg/kg 300 µg/kg 300 µg/kg 300 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis

Við töflu 2.3.1. Avermektín, bætist:

2.3.1. Avermektín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Dóramektín	Dóramektín	Hjartardýr, þar með talin hreindýr	20 µg/kg 100 µg/kg 50 µg/kg 30 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra	
Moxídektín	Moxídektín	Nautgripir	40 µg/kg	Mjólk	

Við töflu 2.4.3. Karbanílið, bætist:

2.4.3. Karbanílið

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Ímídókarb	Ímídókarb	Nautgripir	300 µg/kg 50 µg/kg 2 000 µg/kg 1 500 µg/kg 50 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra Mjólk	

Við töflu 4.1.4. Oxíkamaflleiður, bætist:

4.1.4. Oxíkamaflleiður

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Meloxíkam	Meloxíkam	Svín	20 µg/kg 65 µg/kg 65 µg/kg	Vöðvi Lifur Nýra	

B. Ákvæðum II. viðauka reglugerðar nr. 653/2001 er breytt sem hér segir:

2. Lífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
A-vítamín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Ammoníumlárylsúlfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Amprólíum	Alifuglar	Einungis til inntöku
Línuleg alkýlbensensúlfonsýra með alkýlkeðjulengd á bilinu C ₉ til C ₁₃ þar sem innan við 2,5% keðjanna eru lengri en C ₁₃ .	Nautgripir	Eingöngu til staðbundinnar notkunar
Brónópól	Fiskar með uggum	
Kalsíumpantóþenat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Sorbitantríóleat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Tíluðrónsýra, tvínatríumsalt	Hestar	Einungis til notkunar í bláæð
Tósýlklóramíðnatríum	Nautgripir	Eingöngu til staðbundinnar notkunar

6. Efni úr jurtaríkinu

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Menthae arvensis aetherileum	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	

C. Ákvæðum III. viðauka reglugerðar nr. 653/2001 er breytt sem hér segir:

Við töflu 1.2.4. Sefalósporín, bætist:

1.2.4. Sefalósporín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Sefalóníum	Sefalóníum	Nautgripir	10 µg/kg	Mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks- magn leifa falla úr gildi 1.1.2003
Sefasetríl	Sefasetríl	Nautgripir	125 µg/kg	Mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks- magn leifa falla úr gildi 1.1.2002 Einungis til nota í mjólkurkirtla

Við töflu 1.2.5. Amínóglýkósíð, bætist Kanamýsin.

1.2.5. Amínóglýkósíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Kanamýsín	Kanamýsín	Kanínur	100 µg/kg 100 µg/kg 600 µg/kg 2 500 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks- magn leifa falla úr gildi 1.1. 2004
		Nautgripir, sauðfé	100 µg/kg 100 µg/kg 600 µg/kg 2 500 µg/kg 150 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra Mjólk	
		Svín, kjúklingar	100 µg/kg 100 µg/kg 600 µg/kg 2 500 µg/kg	Vöðvi Skind og fita Lifur Nýra	

Við töflu 1.2.6. Kínólón, bætist:

1.2.6. Kínólón

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Oxólínsýra	Oxólínsýra	Nautgripir	100 µg/kg	Vöðvi	Bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks- magn leifa falla úr gildi 1.1. 2003 Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.
			50 µg/kg	Fita	
			150 µg/kg	Lifur	
		Svín	150 µg/kg	Nýra	
			100 µg/kg	Vöðvi	
			50 µg/kg	Húð og fita	
		Kjúklingar	150 µg/kg	Lifur	
			150 µg/kg	Nýra	
			100 µg/kg	Vöðvi	
			50 µg/kg	Húð og fita	
Fiskar með uggum	150 µg/kg	Lifur			
	150 µg/kg	Nýra			
	50 µg/kg	Egg			
		300 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum		

Við töflu 2.1.3. Tetrahýdrópýrimíð, bætist:

2.1.3. Tetrahýdrópýrimíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Morantel	Summan af leifum sem hægt er að vatnsrjúfa í N-metýl-1,3-própandíamín og gefið upp sem morantel-hliðstæður	Nautgripir, geitur Svín	100 µg/kg 100 µg/kg 800 µg/kg 200 µg/kg 100 µg/kg 100 µg/kg 800 µg/kg 200 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra Mjólk Vöðvi Húð og fita Lifur Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks- magn leifa falla úr gildi 1.7. 2003

Við töflu 2.1.5. Píperasínafleiður, bætist:

2.1.5. Píperasínafleiður

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Píperasín	Píperasín	Svín Kjúklingar	400 µg/kg 800 µg/kg 2 000 µg/kg 1 000 µg/kg 2 000 µg/kg	Vöðvi Húð og fita Lifur Nýra Egg	Bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks- magn leifa falla úr gildi 1.7. 2003

Við töflu 2.2.3. Pýretróíð, bætist:

2.2.3. Pýretróíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Deltametrín	Deltametrín	Kjúklingar	10 µg/kg 50 µg/kg 10 µg/kg 10 µg/kg 50 µg/kg	Vöðvi Húð og fita Lifur Nýra Egg	Bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks- magn leifa falla úr gildi 1.7. 2003
Permetrín	Permetrín (samtala af ísómerum)	Kjúklingar, svín Nautgripir, geitur	50 µg/kg 500 µg/kg 50 µg/kg 50 µg/kg 50 µg/kg	Mjólk Húð og fita Lifur Nýra Vöðvi Fita Lifur Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks- magn leifa falla úr gildi 1.1. 2003 Bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks- magn leifa falla úr gildi 1.1. 2003

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
		Kjúklingar	50 µg/kg 50 µg/kg	Mjólk Egg	Fara ber að öðrum ákvæðum tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/82/EBE (Stjtíð. EB L 290, 29.10.1998, bls. 25). Bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarksmagn leifa falla úr gildi 1.1. 2001

Við töflu 5.1.3. Pýrasólonafleiður, bætist:

5.1.3. Pýrasólonafleiður

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks- magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Metamísól	4-metýlamínóantí- pýrín	Nautgripir, geitur, hestar	200 µg/kg 200 µg/kg 200 µg/kg 200 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarksmagn leifa falla úr gildi 1.7. 2003. Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slárun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum ásamt síðari breytingum. Einnig með hliðsjón af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar nr. 2908/2000, 807/2001/EB, 1274/2001/EB, 1322/2001/EB, 1478/2001/EB, 1553/2001/EB, 1680/2001/EB, 1815/2001/EB og 1879/2001/EB, sem vísað er til í XIII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2002, 12/2002, 13/2002 og 52/2002.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. desember 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Eilífsvatna.

1. gr.

Félagið heitir veiðifélag Eilífsvatna. Heimili þess og varnarþing er í Reykjahlíð, Skútu-staðahreppi.

2. gr.

Félagið nær til allra lögbýla sem land eiga að Eilífsvötnum, en þau eru: Reykjahlíð I, Reykjahlíð II, Reykjahlíð III, Reykjahlíð IV, Bjarg, Reynihlíð og Víðihlíð.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. einnig að stuðla að góðri umgengni um vatnasvæðið og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök föföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok ágústmánaðar ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ásamt síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir framangreind ákvæði er Umhverfisstofnun heimilt að leyfa tímabundna sölu matvæla, sem innihalda þau efni sem um ræðir, þegar ekki er talin hættu á heilsutjóni vegna neyslu þeirra. Umhverfisstofnun getur einnig fellt tímabundið úr gildi eða breytt hámarks-gildum sem fram koma í viðaukum 2 og 3 með þessari reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hollustuvernd ríkisins fer með hlutverk Umhverfisstofnunar til og með 31. desember 2002.

Umhverfísráðuneytinu, 3. desember 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á skipulagsskrá fyrir Suzukitónlistarskólann í Reykjavík nr. 389 19. maí 2000.

Skólanefnd Suzukitónlistarskólans í Reykjavík hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 19. maí 2000.

7. gr. orðist svo:

Skólanefnd er skipuð þremur mönnum til 1 árs í senn. Einn er tilnefndur af Reykjavíkurborg, einn af kennurum skv. tilnefningu kennarafundar, og einn af foreldraráði skólans. Sá kennari sem tekur sæti í skólanefnd skal hafa minnst 3ja ára starfsreynslu sem Suzukikennari og próf í a.m.k. 2 Suzukiréttindastigum. Það foreldri sem tekur sæti í skólanefnd skal, ef þess er nokkur kostur, hafa faglega þekkingu af rekstri stofnana eða fyrirtækja. Það foreldri sem situr í skólanefnd má ekki eiga barn í námi hjá þeim kennara sem einnig situr í skólanefnd. Sé skólanefnd ekki fullskipuð, af ástæðum sem ekki verður við ráðið skal skólastjóri fara með oddaatkvæði þar sem við á.

Skólastjóri skal sjá til þess að nefndin sé fullskipuð og starfhæf í síðasta lagi 1. október ár hvert.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Suzukitónlistarskólann í Reykjavík staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. nóvember 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

Nr. 870

9. desember 2002

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald atvinnurekenda árið 2003.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota skal árið 2002 vera 0,04% af gjaldstofni, sbr. 6. gr. laga um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett skv. 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. desember 2002.

Páll Pétursson.

Gylfi Kristinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, Tindaflöt 16, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 26. nóvember 2002, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, Tindaflöt 16, Akranesi.

Um er að ræða snúningsás við enda götu sem tekinn er af lóðinni nr. 16 við Tindaflöt.

Deiliskipulagsbreytingin var kynnt samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlags nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Engar athugasemdir bárust.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 9. desember 2002.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.

GJALDSKRÁ

um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, Garðabæ.

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 90.500 á hvert hús.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Taðþróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. samþykkt um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ frá árinu 1998 og gildir frá 1. janúar 2003.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 5. desember 2002.

Guðjón Erling Friðrikson bæjarritari.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps, nr. 376/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 7. gr. orðast svo: Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 5. desember 2002.

F. h. r.

Garðar Jónsson.

Guðjón Bragason.

Nr. 874

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2001.

Rekstrarreikningur.

Rekstrartekjur:	Kr.
Innheimtupóknun vegna erlendrar innheimtu	2.953.795
Innheimtupóknun önnur	5.053.249
Endurkrafinn fjárnámskostnaður	6.625.890
Innheimtir dráttarvextir og aðrar vaxtatekjur	252.139.773
	<u>266.772.707</u>
Rekstrargjöld:	
Laun og launatengd gjöld	63.454.854
Húsnæðiskostnaður	2.332.539
Kostnaður við fjárnám	12.850.264
Annar rekstrarkostnaður	32.830.161
Vextir og verðbætur	945.078
	<u>112.412.896</u>
Tekjur umfram gjöld	<u>154.359.811</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2001.

Peningalegar eignir:	Kr.
Veltufjármunir:	46.786.582
Handbært fé	3.755.366
Öinnheimtar kröfur	7.890.200.662
Meðlagskröfur til innheimtu	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	<u>7.940.742.610</u>
	<u>7.940.742.610</u>

Peningalegar eignir samtals

Skuldir:

Skuldir og eigið fé:	
Ógreiddur kostnaður	3.400.716
Tryggingastofnun ríkisins	39.986.105
Erlendar innheimtur	738.579
Félagsmálaráðuneytið	<u>7.810.265</u>
<i>Skuldir samtals</i>	<u>51.935.665</u>
Peningaleg staða	<u><u>7.888.806.945</u></u>

Aðrir liðir:

Framlag jöfnunarsjóðs	6.237.833.296
Annað eigið fé	<u>1.650.973.649</u>
Aðrir liðir samtals	<u><u>7.888.806.945</u></u>

Reykjavík, 22. apríl 2002.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Sigurgeir Sigurðsson.

Húnbogi Þorsteinsson.

Snorri Björn Sigurðsson.

Hilmar Björgvinsson.

28. nóvember 2002

Nr. 875

AUGLÝSING

um starfsreglur Kirkjubings um breyting á starfsreglum um Prestssetrasjóð nr. 826/2000.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um Prestssetrasjóð nr. 826/2000.

1. gr.

Við 3. gr. starfsreglna um prestssetrasjóð bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Eignir og réttindi sem fylgja prestssetrum, en prestur óskar eftir að undanskilja afnotarétti sínum eða þau sem tilgreind eru með ákveðnum hætti að séu ekki inni í grunni til afgangjalds, falla til ráðstöfunar stjórnar prestssetrasjóðs.

2. gr.

5. gr. starfsreglnanna breytist svo:

Í 1. málsgrein breytist síðasta setningin þannig:

Í stað „sbr. 2. gr. reglna þessara“ komi „sbr. 3. gr. reglna þessara.“

Á eftir 2. málsgrein komi ný 3. málsgrein svohljóðandi:

„Til viðmiðunar skulu einnig vera hlunnindi eða önnur verðmæti sem ekki eru talin til fasteignamats, en hafa sannanlegt verðgildi og prestur nýtir.“

3. málsgrein sem verður 4. málsgrein verður óbreytt nema í stað „1. mars.“ í lok grein-
arinnar, standi „1. maí.“

3. gr.

Við 6. gr. 1. tölulið bætist eftirfarandi setning: „Hér er þó ekki átt við íbúðarhúsnæði“.

4. gr.

Í 16. gr. falli niður setningin „Stjórn prestssetrasjóðs getur samið við prófast
öðrum en presti.“

5. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um um stöðu, stjórn og
starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2003.

Gjört í Reykjavík, 28. nóvember 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 28. nóvember 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

REGLUGERÐ

um barnamat fyrir ungbörn og smábörn.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um eftirtalin matvæli sem er ætlað að fullnægja sérstökum nær-
ingarpörfum ungbarna og smábarna, þ.e. ungbarna sem verið er að venja af brjósti og smá-
barna sem viðbót við mataræði þeirra og/eða þegar verið er að venja þau á almennt fæði:

- a) Tilbúinn barnamat þar sem korn er uppistaðan sem skiptist niður í eftirfarandi fjóra flokka:
 - 1) Einfaldar kornblöndur sem eru hrærðar út eða hræra skal út með mjólk eða öðrum heppilegum næringarvökva;
 - 2) kornblöndur, að viðbættum próteinríkum fæðutegundum, sem eru hrærðar út eða hræra skal út með vatni eða öðrum próteinfríum vökva;
 - 3) pasta sem nota skal eftir að það hefur verið soðið í vatni eða öðrum heppilegum vökva;

- 4) tvíbökur og kex sem neyta má beint eða mylja út í vatn, mjólk eða annan heppilegan vökva.
- b) Annan barnamat fyrir ungbörn og smábörn þar sem uppistaðan er ekki korn.
- Reglugerðin gildir ekki um mjólkurvörur.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

- a) *Varnarefnaleifar* eru leifar af varnarefnum, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, að meðtöldum umbrots-, niðurbrots- og myndefnum þeirra, í tilbúnum barnamat þar sem korn er uppistaðan og öðrum barnamat fyrir ungbörn og smábörn;
- b) *ungbörn* eru börn yngri en 12 mánaða;
- c) *smábörn* eru börn á aldrinum eins til þriggja ára.

II. KAFLI

Samsetning, merkingar og markaðssetning.

3. gr.

Markaðssetning.

Óheimilt er að markaðssetja vörurnar sem um getur í 1. gr. nema þær uppfylli ákvæði reglugerðar þessarar.

4. gr.

Samsetning innihaldsefna.

Barnamat skal framleiddur úr innihaldsefnum sem samkvæmt niðurstöðum viðurkenndra vísindarannsókna er staðfest að henti næringarþörf ungbarna og smábarna.

Tilbúinn barnamat þar sem korn er uppistaðan skal uppfylla viðmiðanirnar um samsetningu sem eru tilgreindar í I. viðauka.

Annar barnamat fyrir ungbörn og smábörn, sem er lýst í II. viðauka, skal uppfylla viðmiðanirnar um samsetningu sem þar eru tilgreindar.

Við framleiðslu á barnamat er einungis heimilt að bæta í matvælin þeim næringarefnum sem eru skráð í IV. viðauka.

5. gr.

Aðskotaefni.

Í barnamat skulu ekki vera nein efni í því magni sem stefnt getur heilsu ungbarna og smábarna í hættu. Þá skal hámarks magn leifa einstakra varnarefna ekki vera meira en 0,01 mg/kg í barnamat þar sem korn er uppistaðan og öðrum barnamat fyrir ungbörn og smábörn sem er tilbúinn til neyslu eða endurgerður samkvæmt fyrirmælum frá framleiðanda. Nota skal staðlaðar og almennt viðurkenndar greiningaraðferðir til þess að ákvarða hámarks magn varnarefnaleifa.

6. gr.

Merkingar og sérstök notkun.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla með síðari breytingum og reglugerðar nr. 446/1994 um sérfaði með síðari breytingum skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum:

- a) Upplýsingar um þann aldur barna sem varan er ætluð með hliðsjón af samsetningu hennar, áferð og öðrum sérstökum eiginleikum. Óheimilt er að merkja vöru þannig að hún sé ætluð ungbörnum yngri en fjögurra mánaða;

- b) upplýsingar um hvort glúten er í vörunni eða ekki sé hún ætluð ungbörnum yngri en sex mánaða;
- c) orkugildi í kílójoulum (kJ) og kílókaloríum (kcal) ásamt prótein-, kolvetna- og fituinnihaldi. Merking næringargildis samkvæmt þessari grein skal gefin upp í tölugildum í 100 g eða 100 ml vörunnar í því ástandi sem hún er seld og þar sem við á, miðað við það magn tilbúinnar vöru sem ráðlagt er að neyta;
- d) fyrir sérhvert steinefni og sérhvert vítamín, sem gildi er gefið fyrir í I. og II. viðauka, skal meðalmagn gefið upp í tölugildum í 100 g eða 100 ml af vöru í því ástandi sem hún er seld og, þar sem við á, miðað við það magn tilbúinnar vöru sem ráðlagt er að neyta;
- e) leiðbeiningar um hvernig ber að tilreiða vöruna ef nauðsyn krefur og áminning um mikilvægi þess að fylgja þeim leiðbeiningum.

Auk þess er heimilt að eftirfarandi upplýsingar komi fram:

- a) Meðalmagn næringarefnanna sem talin eru upp í IV. viðauka komi það ekki fram samkvæmt ákvæði d-liðar 1. mgr. Meðalmagnið skal gefið upp í tölugildum í 100 g eða 100 ml af vöru í því ástandi sem hún er seld og, þar sem við á, miðað við það magn tilbúinnar vöru sem ráðlagt er að neyta;
- b) auk upplýsinga í tölum skulu koma fram upplýsingar um vítamín og steinefni sem talin eru upp í V. viðauka. Skulu þær tilgreindar sem hlutfall af viðmiðunargildunum sem þar eru gefin fyrir 100 g eða 100 ml vörunnar í því ástandi sem hún er seld og þar sem við á, miðað við það magn vöru sem ráðlagt er að neyta, að því tilskildu að magn vítamínanna og steinefnanna í vörunni sé að minnsta kosti 15% af viðmiðunargildunum.

Heimilt er að mæla með notkun vara fyrir ungbörn frá fjögurra mánaða aldri nema óháðir aðilar með þekkingu á sviði læknisfræði, næringarfræði eða lyfjafræði eða annað fagfólk, sem er ábyrgt fyrir ungbarna- og mæðravernd, ráðleggi annað.

III. KAFLI Eftirlit og gildistaka.

7. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hafa hver á sínum stað, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

8. gr.

Viðurlög.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli sbr. og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla (tilskipanir 1996/5/EB, 1998/36/EB og 1999/39/EB um tilbúinn barnamat úr korni eða öðru hráefni og barnamat fyrir ungbörn og smábörn). Einnig með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af I. viðauka, bókunar 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Vörur sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og ekki eru í samræmi við ákvæði hennar má selja til 1. september 2003. Að þeim tíma liðnum er sala vörunnar óheimil.
2. Yfirumsjón skv. 7. gr. reglugerðarinnar er í höndum Hollustuverndar ríkisins til og með 31. desember 2002.

Umhverfissráðuneytinu, 21. nóvember 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

I. VIÐAUKI**Samsetning tilbúins barnamatar þar sem korn er uppistaðan og sem ætlaður er ungbörnum og smábörnum.**

Kröfurnar um næringarefni eiga við um vörur sem eru tilbúnar til notkunar og eru markaðssettar sem slíkar eða endurgerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

1. Korninnihald.

Tilbúinn barnamatur þar sem korn er uppistaðan er aðallega framleiddur úr einni eða fleiri tegundum malaðs korns og/eða sterkjuríkum rótarávöxtum.

Magn korns og/eða sterkjuríkra rótarávaxta skal vera hið minnsta 25% af þurrviggt endanlegu blöndunnar.

2. Prótein.

2.1. Próteininnihald í vörum sem tilgreindar eru í 2. og 4. tl. a-liðar 1. gr. skal ekki vera meira en 1,3 g/100 kJ (5,5 g/100 kcal).

2.2. Magn viðbætts próteins í vörum sem tilgreindar eru í 2. tl. a-liðar 1. gr., skal ekki vera minna en 0,48 g/100 kJ (2 g/100 kcal).

2.3. Magn próteinríkra fæðutegunda, sem notaðar eru við framleiðslu á kexi, sbr. 4. tl. a-liðar 1. gr., og eru kynntar sem slíkar skal ekki vera minna en 0,36 g/100 kJ (1,5/100 kcal).

2.4. Efnastuðull viðbætts próteins skal vera að minnsta kosti 80% af viðmiðunarpróteininu (kaseini, eins og það er skilgreint í III. viðauka) eða próteinorkuhlutfall (PER) próteinsins í blöndunni skal jafngilda a.m.k. 70% af próteinorkuhlutfalli viðmiðunarpróteinsins. Einungis er heimilt að bæta við aminosýrum í þeim að auka næringargildi próteinblöndunnar og þá aðeins í þeim hlutföllum sem nauðsynleg eru til þess að ná því markmiði.

3. Kolvetni.

3.1. Ef súkrósa, frúktósa, glúkósa, glúkósasírópi eða hunangi er bætt út í vörurnar sem um getur í 1. og 4. tl. a-liðar 1. gr. skal:

a) Magn viðbættra kolvetna af þessum uppruna ekki vera meira en 1,8 g/100 kJ (7,5 g/100 kcal);

b) magn viðbætts frúktósa ekki vera meira en 0,9 g/100 kJ (3,75 g/100 kcal).

3.2. Ef súkrósa, frúktósa, glúkósasírópi eða hunangi er bætt út í vörurnar sem um getur í 2. tl. a-liðar 1. gr. skal:

- a) Magn viðbættra kolvetna af þessum uppruna ekki vera meira en 1,2 g/100 kJ (5 g/100 kcal);
 b) magn viðbættis frúktósa ekki vera meira en 0,6 g/100 kJ (2,5 g/100 kcal).

4. Fituefni.

- 4.1. Innihald fituefna í vörum sem eru tilgreindar í 1. og 4. tl. a-liðar 1. gr., skal ekki vera meira en 0,8 g/100 kJ (3,3 g/100 kcal).
 4.2. Innihald fituefna í vörum sem eru tilgreindar í 2. tl. a-liðar 1. gr. skal ekki vera meira en 1,1 g/100 kJ (4,5 g/100 kcal). Ef innihald fituefna er meira en 0,8 g/100 kJ (3,3 g/100 kcal) skal:
 a) Magn lársýru ekki vera meira en 15% af heildarinnihaldi fituefna;
 b) magn mýristínsýru ekki vera meira en 15% af heildarinnihaldi fituefna;
 c) magn línólsýru (á formi glýseríða = línóleata) ekki vera minna en 70 mg/100 kJ (300 mg/100 kcal) og ekki meira en 285 mg/100 kJ (1200 mg/100 kcal).

5. Steinefni.

5.1. Natríum.

Einungis er heimilt að bæta við natríumsöltum í tilbúinn barnamat þar sem uppistaðan er korn í tæknilegum tilgangi. Magn natríums í tilbúnum barnamat þar sem korn er uppistaðan skal ekki vera meira en 25 mg/100 kJ (100 mg/100 kcal).

5.2. Kalsíum.

- 5.2.1. Magn kalsíums í vörum sem tilgreindar eru í 2. tl. a-liðar 1. gr. skal ekki vera minna en 20 mg/100 kJ (80 mg/100 kcal).
 5.2.2. Magn kalsíums í vörum sem tilgreindar eru í 4. tl. a-liðar 1. gr. og sem framleiddar eru með viðbót af mjólk (mjólkurkex) og kynntar sem slíkar, skal ekki vera minna en 12 mg/100 kJ (50 mg/100 kcal).

6. Vítamín.

- 6.1. Í tilbúnum barnamat þar sem korn er uppistaðan skal magn þíamíns vera að minnsta kosti 25 • g/100 kJ (100 • g/100 kcal).
 6.2. Fyrir vörur sem tilgreindar eru í 2. tl. a-liðar 1. gr. gildir eftirfarandi:

	Í 100 kJ		Í 100 kcal	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
A-vítamín (• g RJ) ⁽¹⁾	14	43	60	180
D-vítamín (• g) ⁽²⁾	0,25	0,75	1	3

⁽¹⁾ RJ = altrans-retínóljafngildi.

⁽²⁾ Sem kólekalísferól, þar af 10 • g = 400 alþjóðaeiningar (a.e.) af D-vítamíni.

Þessi mörk gilda einnig um annan tilbúinn barnamat þar sem korn er uppistaðan og sem A- og D-vítamíni er bætt í.

II. VIÐAUKI

Samsetning barnamatar fyrir ungbörn og smábörn.

Kröfurnar um næringarefni eiga við um vörur sem eru tilbúnar til notkunar og eru markaðssettar sem slíkar eða endurgerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

1. Prótein.

- 1.1. Ef kjöt, alifuglar, fiskur, innmatur eða aðrir hefðbundnir próteingjafar eru einu efnisþættimír sem tilgreindir eru í heiti vörunnar, þá skal:
 - a) Hver tegund af kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum vega samanlagt að minnsta kosti 40% af heildarþyngd vörunnar;
 - b) hver einstök tegund af kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum vega samanlagt að minnsta kosti 25% af heildarþyngd tilgreindra próteingjafa;
 - c) heildarpróteinið úr tilgreindum próteingjöfum vera að minnsta kosti 1,7 g/100 kJ (7 g/100 kcal).
- 1.2. Ef kjöt, alifuglar, fiskur, innmatur eða aðrir hefðbundnir próteingjafar, hver fyrir sig eða til samans, er tilgreint fremst í heiti vörunnar, hvort sem varan er sett fram sem máltíð eða ekki, þá skal:
 - a) Hver tegund af kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum vega samanlagt að minnsta kosti 10% af heildarþyngd vörunnar;
 - b) hver einstök tegund af tilgreindu kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum vega samanlagt að minnsta kosti 25% af heildarþyngd próteingjafanna;
 - c) próteinið úr tilgreindum próteingjöfum vera að minnsta kosti 1 g/100 kJ (4 g/100 kcal).
- 1.3. Ef kjöt, alifuglar, fiskur, innmatur eða aðrir hefðbundnir próteingjafar, hver fyrir sig eða til samans, er tilgreint í heiti vörunnar, en þó ekki alveg fremst, gildir eftirfarandi hvort sem varan er kynnt sem máltíð eða ekki:
 - a) Hver tegund af tilgreindu kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum skal vega samanlagt að minnsta kosti 8% af heildarþyngd vörunnar;
 - b) hver einstök tegund af tilgreindu kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum skal vega samanlagt að minnsta kosti 25% af heildarþyngd próteingjafanna;
 - c) próteinið úr tilgreindum próteingjöfum skal vega að minnsta kosti 0,5 g/100 kJ (2,2 g/100 kcal);
 - d) heildarmagn próteins í vörunni, frá öllum próteingjöfum, skal vera að minnsta kosti 0,7 g/100 kJ (3 g/100 kcal).
- 1.3.1. Ef ostur er tilgreindur ásamt öðrum innihaldsefnum í nafni bragðmikillar vöru, hvort sem varan er talin vera máltíð eða ekki, þá skal:
 - a) Próteinið úr mjólkurvörunum vera 0,5 g/100 kJ (2,2 g/100 kcal) hið minnsta;
 - b) heildarmagn próteins í vörunni, frá öllum próteingjöfum, vera 0,7 g/100 kJ (3 g/100 kcal) hið minnsta.
- 1.4. Ef á fram kemur á merkimiða að líta ber á vöruna sem máltíð en hvergi er minnst á kjöt, alifugla, fisk, innmat eða aðra hefðbundna próteingjafa í heiti hennar þá skal:
 - a) Heildarmagn próteins í vörunni, frá öllum próteingjöfum, vera að minnsta kosti 0,7 g/100 kJ (3 g/100 kcal).
- 1.4.1. Sósur, sem eru tilgreindar sem meðlæti með mat, eru undanþegnar kröfunum í lið 1.1 til 1.4, að báðum meðtöldum.

- 1.4.2. Í eftirrétum, þar sem mjólkurvörur eru tilgreindar sem fyrstu eða einu innihaldsefni í heitinu, skal mjólkurprótein vera 2,2 g/100 kcal hið minnsta. Allir aðrir eftirrétir eru undanþegnir kröfunum í lið 1.1 til 1.4.
- 1.5. Einungis er heimilt að bæta aminosýrum við í þeim tilgangi að auka næringargildi próteinblöndunnar og þá aðeins í þeim hlutföllum sem nauðsynleg eru til þess að ná því markmiði.

2. Kolvetni.

- 2.1. Heildarmagn kolvetna í aldinsafa, grænmetissafa og nektarsafa, hreinum ávaxtaréttum, eftirrétum og búðingum skal ekki vera meira en:
- 10 g/100 ml fyrir grænmetissafa og drykki sem byggjast á þeim;
 - 15 g/100 ml fyrir aldinsafa og nektarsafa og drykki sem byggjast á þeim;
 - 20 g/100 g fyrir hreina ávaxtarétti;
 - 25 g/100 g fyrir eftirrétti og búðinga;
 - 5 g/100 g fyrir aðra drykki sem innihalda ekki mjólk.

3. Fita.

- 3.1. Eftirfarandi á við um vörur sem vísað er til í lið 1.1. í þessum viðauka: ef kjöt eða ostur eru einu efnisþættirnir eða þeir tilgreindir fremst í heiti vörunnar þá skal heildarmagn fitu úr öllum fitugjöfum ekki vera meira en 1,4 g/100 kJ (6 g/100 kcal).
- 3.2. Í öllum öðrum vörum skal heildarmagn fitu úr öllum fitugjöfum ekki vera meira en 1,1 g/100 kJ (4,5 g/100 kcal).

4. Natríum.

- 4.1. Endanlegt magn natríums í vöru skal annaðhvort ekki vera meira en 48 mg/100 kJ (200 mg/100 kcal) eða ekki meira en 200 mg á 100 g. Ef ostur er eini tilgreindi efnisþátturinn í heiti vörunnar skal endanlegt natríummagn vörunnar þó ekki vera meira en 70 mg/100 kJ (300 mg/100 kcal).
- 4.2. Ekki má bæta natríumsöltum í vörur, sem gerðar eru úr ávöxtum, eða í eftirrétti og búðinga nema í tæknilegum tilgangi.

5. Vítamín.

- 5.1. C-vítamín.
- Endanlegt magn C-vítamíns í aldinsafa, nektarsafa eða grænmetissafa skal annaðhvort vera að minnsta kosti 6 mg/100 kJ (25 mg/100 kcal) eða að minnsta kosti 25 mg á 100 g.
- 5.2. A-vítamín.
- Endanlegt magn A-vítamíns í grænmetissafa skal vera að minnsta kosti 25 • g RJ/100 kJ (100 • g RJ/100 kcal) ⁽¹⁾;
 - ekki má bæta A-vítamíni í annan barnamat en um getur í viðauka þessum.
- 5.3. D-vítamín.
- Ekki má bæta D-vítamíni í barnamat.

⁽¹⁾ RJ = altransretínóljafngildi.

III. VIÐAUKI
Aminósýrusamsetning kaseins.

(g í 100 g próteins)

Argínín	3,7
Systín	0,3
Histidín	2,9
Ísóleusín	5,4
Leusín	9,5
Lýsín	8,1
Metíónín	2,8
Fenýlalanín	5,2
Preónín	4,7
Trýptófan	1,6
Týrósín	5,8
Valín	6,7

IV. VIÐAUKI
Næringarefni.

1. **Vítamín***A-vítamín*

Retínól

Retínýlasetat

Retínýlpalmítat

Beta-karótín

Pantópensýra

Kalsíum-D-pantóþenat

Natríum-D-pantóþenat

Dexpanþenól

D-vítamín

D2-vítamín (= ergókalsiferól)

D3-vítamín (kólekalsiferól)

Fólat

Fólínsýra

B1-vítamín

Þíamínhýdróklóríð

Þíamínmonónítrat

B12-vítamín

Sýanókóbalamín

Hýdroxókóbalamín

B2-vítamín

Ríboflavín

Natríumríboflavín-5'-fosfat

Bíótín

D-bíótín

Níásín

Nikótínamið

Nikótínsýra

C- vítamín

L-askorbínsýra

Natríum-L-askorbat

Kalsíum-L-askorbat

6-palmítýl-L-askorbínsýra

(askorbýlpalmítat)

Kalíumaskorbat

B6-vítamín

Pýridoxínhýdróklóríð

Pýridoxín-5-fosfat

Pýridoxíndípalmitat

K-vítamín

Fýllókínón (fýtómenadíón)

E-vítamín

D-alfa-tóköferól
DL-alfa-tóköferól
D-alfa-tóköferólasetat
DL-alfa-tóköferólasetat

2. **Aminósýrur**

L-arginín
L-systín
L-histidín
L-ísóleusín
L-leusín
L-lýsín
L-systín
L-metiónín
L-fenýlalanín
L-þreónín
L-tryptófan
L-týrósín
L-valín

} og hýdróklóríð þeirra

3. **Annað**

Kólín
Kólínklóríð
Kólínsítrat
Kólínbitartrat
Inósítól
L-karnítín
L-karnítínhýdróklóríð

4. **Sölt steinefna og snefilefni**

Kalsíum
Kalsíumkarbónat
Kalsíumklóríð
Kalsíumsalt af sítrónusýru
Kalsíumglúkonat
Kalsíumglýserófosfat
Kalsíumlaktat
Kalsíumoxíð
Kalsíumhýdroxíð
Kalsíumsölt af ortófosfórsýru

Magnesíum

Magnesíumkarbónat
Magnesíumklóríð
Magnesíumsalt af sítrónusýru
Magnesíumglúkonat
Magnesíumoxíð
Magnesíumhýdroxíð
Magnesíumsölt af ortófosfórsýru
Magnesíumsúlfat
Magnesíumlaktat
Magnesíumglýserófosfat

Kalíum

Kalíumklóríð
Kalíumsalt af sítrónusýru
Kalíumglúkonat
Kalíumlaktat
Kalíumglýserófosfat

Járn

Ferrósítrat
Ferríammoníumsítrat
Ferróglúkonat
Ferrólaktat
Ferrósúlfat
Ferrófúmarat
Ferrídífosfat (ferrípýrófosfat)
Járn (karbonyl + raflausn + vetnisafoxað)
Ferrísakkarat
Natríumferrídífosfat
Ferrókarbónat

Kopar

Kopar-lýsínflóki
Kúprikarbónat
Kúprísítrat
Kúpríglúkonat
Kúprísúlfat

Sink

Sinkasetat
Sinkklóríð
Sinksítrat
Sinklaktat
Sinksúlfat
Sinkoxíð
Sinkglúkonat

Mangan

Mangankarbónat
Manganklóríð
Mangansítrat
Manganglúkonat
Mangansúlfat
Manganglýserófosfat

Jod

Natríumjodíð
Kalíumjodíð
Kalíumjodæt
Natríumjodæt.

V. VIÐAUKI

Viðmiðunargildi fyrir næringargildismerkingar á barnamat fyrir ungbörn og smábörn.

Næringarefni	Ráðlagður dagskammtur (RDS) ⁽¹⁾
A-vítamín	(• g) 400
D-vítamín	(• g) 10
C-vítamín	(mg) 25
Þíamín	(mg) 0,5
Ríboflavín	(mg) 0,8
Níásínjafngildi	(mg) 9
B6-vítamín	(mg) 0,7
Fólat	(• g) 100
B12-vítamín	(• g) 0,7
Kalsíum	(mg) 400
Járn	(mg) 6
Sink	(mg) 4
Joð	(• g) 70
Selen	(• g) 10
Kopar	(mg) 0,4

⁽¹⁾ RDS-gildi sem hér koma fram eru viðmiðunargildi til notkunar við umbúðamerkingar og geta sem slík verið frábrugðin ráðlögðum dagskömmtum gefnum út af manneldisráði Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

VI. VIÐAUKI

Hámarks magn fyrir vítamín, steinefni og snefilefni ef þeim er bætt út í barnamat þar sem korn er uppistaðan og annan barnamat fyrir ungbörn og smábörn.

Kröfurnar varðandi næringarefnin eiga við vörur tilbúnar til neyslu sem eru markaðssettar sem slíkar eða endurgerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans, að undanskildu kalíum og kalsíum þar sem kröfurnar eiga við um selda vöru.

Næringarefni	Hámark í 100 kcal
A-vítamín (• g RJ) ⁽¹⁾	180 ⁽⁴⁾
E-vítamín (mg a-TJ) ⁽²⁾	3
C-vítamín (mg)	12,5/25 ⁽⁵⁾ /125 ⁽⁶⁾
Þíamín (mg)	0,25/0,5 ⁽⁷⁾
Ríboflavín (mg)	0,4
Níásín (mg NJ) ⁽³⁾	4,5
Vítamín B6 (mg)	0,35
Fólínsýra (1 • g)	50
Vítamín B12 (• g)	0,35
Pantóþensýra (mg)	1,5
Bíótín (• g)	10
Kalíum (mg)	160
Kalsíum (mg)	80/180 ⁽⁸⁾ /100 ⁽⁹⁾
Magnesíum (mg)	40
Járn (mg)	3
Sink (mg)	2
Kopar (• g)	40
Joð (• g)	35
Mangan (mg)	0,6

- (¹) Retínóljafngildi; 1 RJ = 1 • g retínól eða 6 • g beta-karótín.
- (²) alfa-tóköferóljafngildi; 1 alfa-TJ = 1 mg d-alfa-tóköferól.
- (³) Níásínjafngildi; 1 NJ = 1 mg níásín eða 60 mg tryptófan.
- (⁴) Í samræmi við ákvæði í I. og II. viðauka.
- (⁵) Mörk sem gilda um vörur sem eru járnþættar.
- (⁶) Mörk sem gilda um rétti sem byggjast á aldinum, aldinsafa, nektarsafa og grænmetisafa.
- (⁷) Mörk sem gilda um barnamat þar sem korn er uppistaðan.
- (⁸) Mörk sem gilda um vörur sem um getur í i- og ii-lið a-liðar 1. gr.
- (⁹) Mörk sem gilda um vörur sem um getur í iv-lið a-liðar 1. gr.

SAMÞYKKT

um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar er skipuð 11 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Reykjanesbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bærinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Reykjanesbæjar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarins og stofnana hans og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bænum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.

3. Að stjórn fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða bæjarstjóra og starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bænum, sbr. starfsmannastefnu Reykjanesbæjar.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, fyrsta og þriðja þriðjudag og skulu þeir að jafnaði hefjast kl. 17.00. Bæjarstjórnarfundir falla niður á sumarleyfistíma, þ.e. síðari fundur júlímánaðar og fyrri fundur ágústmánaðar.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og/eða forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. fjórir bæjarfulltrúar krefjast þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá bæjarfulltrúi sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri, að undanskilinni 8. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum bæjarins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningar forseta og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórnar á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bænum, sbr. 6. gr. samþykktar þessarar.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórnar á vegum bæjarins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi fjórum sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum og jafnmörgum varafulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg bæjarbúum þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu bæjarins, skrifstofu bæjarins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum og jafnmörgum varafulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta bæjarfulltrúa skal hann víkja sæti og kjör forseta fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta, 1. og 2. varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórn-málaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundi að undangenginni atkvæðagreiðslu.

23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða

umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs, stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. fjórir bæjarfulltrúar óska þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fram fara í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við kjör forseta bæjarstjórnar.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða. Fundargerðir bæjarstjórnar skal skrá í tölvu. Í gerðabók bæjarstjórnar skal bóka

númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út, lesin upp og hún undirrituð af bæjarfulltrúum. Forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn bæjarfulltrúi skulu setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem blaðsíðusettar skulu vera í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók bæjarstjórnar til varanlegrar varðveislu. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða. Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í bæjarstjórn. Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera nema leiðréttá þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Bæjarstjórn getur einnig ákveðið að umræðurnar skuli gefnar út á prenti, ásamt því sem fest hefur verið í gerðabækur, svo og önnur skjöl eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef bæjarstjórn ákveður slíka útgáfu skal hún jafnframt kjósa nefnd tveggja bæjarfulltrúa ásamt forseta til að hafa umsjón með útgáfunni. Umræður á bæjarstjórnarfundum skulu hljóðritaðar.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund þar sem umræður hafa verið skrásettar samkvæmt framrituðu skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjöllum hennar.

Bæjarstjórn er heimilt að láta útvarpa frá fundum sínum.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

33. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslu skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

IV. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráði en varamenn í bæjarráði mega vera úr hópi varabæjarfulltrúa.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Framboðsaðili sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði má tilnefna bæjarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns skal bæjarstjóri boða varamann hans á fund.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð ræður sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutadeigandi stjórnna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til

meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Bæjarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa varaformann og ritara nefndar. Bæjarstjórn kýs formenn nefnda, nema lög kveði á um annað. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins, eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó með heimild bæjarstjórnar ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda

ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

57. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Fimm aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Fulltrúi í stjórn Sparisjóðsins í Keflavík*. Einn fulltrúi og einn til vara skv. 24. gr. samþykktar Sparisjóðsins í Keflavík frá 15. apríl 1994.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985 og samkomulagi um almannavarnanefnd Suðurnesja.
2. *Barnaverndarnefnd*. Barnavernd og ráðgjöf. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara frá Reykjanesbæ, einn aðalfulltrúi og einn til vara frá Sandgerðisbæ, einn aðalfulltrúi frá Gerðahreppi og einn varafulltrúi frá Vatnsleysustrandarhreppi samkvæmt samningi þar um milli sveitarfélaganna og skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Nefndin fer einnig með málefni er varða öryggismál barna á leikskólum, leikvöllum, skólalóðum og verkefnið „Gerum bæinn betri fyrir börnin“.
3. *Búfjáreftirlitsmaður*. Einn og annar til vara skv. IV. kafla laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.
4. *Eftirlaunasjóður starfsmanna Reykjanesbæjar*. Einn aðalmaður og einn til vara samkvæmt reglugerð staðfestri af fjármálaráðuneytinu 9. júlí 2001.
5. *Fjölskyldu- og félagsmálaráð*. Stoðþjónusta, forvarnir og þróun. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Ráðið fer ennfremur með öldrunarmál skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, verkefni jafnréttisnefndar skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 og verkefni húsnæðisnefndar, þ.e. stjórn og samræming húsnæðismála á vegum Reykjanesbæjar samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998.
6. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
7. *Fulltrúar í eigendafélagi Stapa*. Fjórir fulltrúar og jafnmargir til vara samkvæmt lögum Eigendafélags félagsheimilisins Stapa, dags. 19. mars 1987.
8. *Kjörstjórn*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Undirkjörstjórn: Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar og kjördeildir í bænum og heimilt er að kjósa þær síðar.
9. *Landsfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fulltrúafjöldi samkvæmt lögum og samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga sitja landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga með umboð Reykjanesbæjar.
10. *Atvinnu- og hafnaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Málefni: Hafnir samkvæmt hafnarreglugerð Reykjaneshafnar, atvinnusvæði sem tilheyrir hafnasvæðum og atvinnuþróun.
11. *Umhverfis- og skipulagsráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Málefni: Byggingarmál, skipulagsmál og umferð-

armál skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Enn fremur heyra undir nefndina umhverfis- og náttúruverndarmál samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og lögum um landgræðslu nr. 17/1965, eftir því sem við á, auk málefna skrudgarðs- og fegrunarnefndar. Fulltrúi samtaka fatlaðra hefur seturétt í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt, þegar á dagskrá eru ákvarðanir um almenn skipulagsmál, opinberar byggingarframkvæmdir auk framkvæmda sem krefjast þess að allur almenningur eigi þar jafnan aðgang.

12. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar).
13. *Fræðsluráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Ráðið fer ennfremur með málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994, sérfræðipjónusta/þróun.
14. *Starfskjaranefnd S.T.F.S.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Keflavíkur frá 14. júní 1970.
15. *Starfskjaranefnd V.S.F.K.* Tveir aðalmenn og tveir til vara samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Keflavíkur frá 6. október 1987.
16. *Menningar, íþrótt- og tómstundaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Málefni: Menningarmál, menningarsöfn, listasafnsnefnd, stjórn byggðasafna, bæjarskjalasafn sbr. 12. gr. laga nr. 66/1985 og bókasafnsstjórn skv. 2. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997, stjórn upplýsingaveitu, forvarnar- og æskulýðsmál, tómstundastarf og íþróttir, íþróttamannvirki á vegum sveitarfélagsins, 17. júní, stjórn vinnuskóla, framkvæmdasjóð aldraðra samkvæmt skipulagsskrá frá 1989 og einn aðalmaður og annar til vara úr hópi ráðsmanna í Bláfjallanefnd. Formaður Íþróttabandalags Reykjanesbæjar og formaður Tómstundabandalags Reykjanesbæjar hafa seturétt í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt.

58. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda, sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fast-

eigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar. Bæjarstjóranum er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni bæjarins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

61. gr.

Bæjarráð ræður í umboði bæjarstjórnar starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bænum, sbr. ákvæði starfsmannastefnu Reykjanesbæjar.

62. gr.

Forstöðumenn og millistjórnendur ráða aðra starfsmenn og veita þeim lausn frá störfum, sbr. ákvæði starfsmannastefnu Reykjanesbæjar.

63. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

64. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

65. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

66. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórninni.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum bæjarfulltrúum með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

68. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

70. gr.

Ársreikningur bæjarins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar. Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna. Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn. Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 175/2001.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. desember 2002.

F. h. r.

Garðar Jónsson.

Guðjón Bragason.

Fylgiskjal.

Nefndir sem ekki eru í bæjarmálasamþykkt.

Sögunefnd Hafna. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Málefni: Ritun sögu Hafnahrepps.

Starfsmenntunarsjóður S.T.F.S. Stjórn SSS tilnefnir.

Stýrihópur um Staðardagskrá 21. Þrjú aðalmenn.

Fulltrúar í stjórn Eignarhaldsfélags Suðurnesja hf. Tveir fulltrúar og tveir til vara.

Fulltrúar á aðalfund landeigenda. Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara.

Heilbrigðisnefnd. Einn fulltrúi og einn til vara.

Héraðsnefnd. Einn fulltrúi og einn til vara.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Einn fulltrúi og einn til vara.
Náttúruverndarnefnd Suðurnesja. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
Stjórn Bláfjallafólkvangs. Einn fulltrúi og einn til vara (tilnefnt af MÍT).
Stjórn Brunavarna Suðurnesja. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara.
Stjórn Dvalarheimila aldraðra. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara.
Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara.
Fulltrúar á aðalfund Hitaveitu Suðurnesja. Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara.
Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Einn aðalmaður og einn til vara.
Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara.
Stjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Stjórn SSS tilnefnir.
Stjórn Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Stjórn SSS tilnefnir.
Þjónustuhópur aldraðra. Stjórn SSS tilnefnir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 619/2000 um bann við notkun gróðurhindrandi efna sem í eru kvikasilfurssambönd, arsensambönd og lífræn tinsambönd.

1. gr.

3. og 4. gr. reglugerðarinnar falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórn-sýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna, eins og henni var breytt með tilskipun 2002/62/EB.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2003.

Umhverfisstofnun, 9. desember 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Fjölsmiðjan.

1. gr.

Nafn og staða.

Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun sem starfrækir verkþjálfunar- og framleiðslusetur skv. þessari skipulagsskrá sem staðfest er af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Fjölsmiðjan á lögheimili og varnarþing í Reykjavík.

Stofnendur eru: Félagsmálaráðuneytið/Vinnumálastofnun, Rauði kross Íslands, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög innan Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem jafnframt hafa skuldbundið sig til að leggja til árlegt framlag til Fjölsmiðjunnar skv. þessari skipulagsskrá og aðrir sem gerast stofnendur fyrir árslok 2003.

2. gr.

Markmið og þátttakendur (í verkþjálfun).

Fjölsmiðjan býður bæði verkþjálfun og fræðslustarfsemi ungu fólki á aldrinum 16-24 ára. Jafnframt eiga einstaklingar 25 ára eða eldri aðgang að Fjölsmiðjunni ef þeir teljast hafa sérstaka þörf fyrir aðstoð á þessu sviði.

Markmiðið er að þroska persónuleika einstaklinganna og búa í haginn fyrir þá til aukins skólanáms eða þátttöku á hinum almenna vinnumarkaði.

3. gr.

Skipulag og inntak.

Fjölsmiðjan skal gefa kost á hagnýtri vinnu, framleiðslu og fræðilegri þjálfun sem tengist þeim þáttum. Fagleg verkþjálfun skal vera ríkur þáttur í starfseminni og tengjast hinni hagnýtu vinnu. Einnig skal fara fram grunnfræðsla um samfélagið og starfsemi opinberra og einkaaðila.

Fjölsmiðjan skal ennfremur gefa þeim sem þess þurfa kost á fræðslu sem styrkir þá menntun sem þeir hafa þegar áunnið sér.

4. gr.

Starfsáætlun.

Árlega skal forstöðumaður gera starfsáætlun fyrir næsta starfsár. Starfsáætlunin skal vera í samræmi við þau markmið og skipulag sem um getur í greinum 2 og 3 í þessari skipulagsskrá og innihalda skriflega lýsingu á þeim markmiðum, undirbúningsstarfi og málaflokkum sem unnið skal að á starfsárinu ásamt lýsingu á verkþjálfun og framleiðslustarfsemi.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé er samtals kr. 20.000.000 og greiðir Rauði kross Íslands kr. 10.000.000 og félagsmálaráðuneytið/Vinnumálastofnun kr. 10.000.000.

Af stofnfé eru kr. 570.000 óskerðanlegt stofnfé sem ávaxta skal með tryggilegum hætti.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn Fjölsmiðjunnar er æðsta stjórn hennar og ber ábyrgð á fjárvörslu stofnunarinnar. Í stjórninni eiga sæti 7 manns og tilnefna eftirfarandi aðilar einn mann hver:

Félagsmálaráðuneytið

Vinnumálastofnun

Menntamálaráðuneytið
Reykjavíkurborg
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu S.S.H.
Rauði kross Íslands
Rauða kross deildir á höfuðborgarsvæðinu.

Sömu aðilar skulu tilnefna varamann fyrir hvern stjórnarmann.

Stjórnarmenn skulu tilnefndir til tveggja ára.

Í fyrstu stjórn skal helmingur stjórnarmanna tilnefndur til eins árs.

Fyrir setu í stjórn skal greiða þóknun skv. ákvörðun stjórnar.

Fulltrúar í stjórn skulu vera lögráða.

Stjórnarfundir skal að jafnaði halda mánaðarlega.

7. gr.

Hlutverk stjórnar.

Stjórnin annast yfirstjórn Fjölsmiðjunnar. Hún ber ábyrgð á að skipulagsskrá Fjölsmiðjunnar sé í gildi höfð og að aðrar settar reglur séu haldnar.

Stjórnin yfirfer og samþykkir árlega starfsáætlun forstöðumanns um starfsemi Fjölsmiðjunnar, sem skal vera í samræmi við 2. og 3. gr. skipulagsskrárinnar.

Stjórnin staðfestir reglur um val þátttakenda skv. tillögum forstöðumanns.

Stjórnin staðfestir fjárhagsáætlun Fjölsmiðjunnar skv. tillögum forstöðumanns og staðfestir ársreikninga.

Stjórnin ræður forstöðumann og veitir honum lausn frá starfi.

Stjórnin ræður leiðbeinendur og annað starfsfólk og veitir því lausn frá starfi. Stjórnin getur veitt forstöðumanni Fjölsmiðjunnar umboð til slíkra starfa.

8. gr.

Skuldbindingar Fjölsmiðjunnar.

Leyfi til að undirrita skuldbindingar fyrir Fjölsmiðjuna hafa stjórnarformaður og forstöðumaður Fjölsmiðjunnar saman. Stjórnin getur veitt forstöðumanni Fjölsmiðjunnar umboð til að skuldbinda Fjölsmiðjuna fjárhagslega hvað varðar daglegan rekstur.

Ákvarðanir varðandi kaup og sölu á eignum Fjölsmiðjunnar skal leggja fyrir stjórnina til ákvörðunar.

Samþykki 2/3 hluta stjórnar þarf varðandi kaup eða sölu á eignum Fjölsmiðjunnar. Sala og veðsetning fasteigna Fjölsmiðjunnar er háð samþykki dómsmálaráðherra.

9. gr.

Skipulag stjórnar.

Í fyrstu stjórn Fjölsmiðjunnar verður sá sem tilnefndur er af Rauða krossi Íslands formaður stjórnar en að loknu fyrsta kjörtímabili velur stjórnin sér sjálf formann og varaformann.

Stjórnin setur sér sjálf verklagsreglur.

Stjórnin getur boðið aðilum utan stjórnar að taka þátt í umræðum um afgreiðslu einstakra mála – eftir atvikum.

Forstöðumaður tekur þátt í fundum hennar án atkvæðisréttar.

10. gr.

Forstöðumaður Fjölsmiðjunnar.

Forstöðumaðurinn ber uppeldisfræðilega og rekstrarlega ábyrgð á Fjölsmiðjunni gagnvart stjórninni.

Forstöðumaðurinn annast daglega stjórnun og rekstur og ber ábyrgð á fjármálum gagnvart stjórn Fjölsmiðjunnar. Forstöðumaður skal jafnframt tryggja framkvæmd á framleiðslu og fræðslu í starfi Fjölsmiðjunnar samkvæmt skipulagsskrá og öðrum gildandi reglum.

11. gr.

Fjármál, fjárhagsáætlanir og reikningsskil.

Tekjur Fjölsmiðjunnar eru: Þátttökugjöld frá Vinnuálastofnun (Atvinnuleysistryggingasjóði), frá Rauða krossi Íslands, frá sveitarfélögum sem eru stofnendur Fjölsmiðjunnar, frá menntamálaráðuneytinu og tekjur af sölu á framleiðsluafurðum Fjölsmiðjunnar. Þátttökugjöld frá hverju og einu sveitarfélagi skal ákveða fyrir hvert fjárhagsár sem hlutfall af höfðatölu þátttakenda frá viðkomandi sveitarfélögum.

Verkþjálfunar- og námsstyrkur til þátttakenda skv. 2. gr. eiga að miðast við atvinnuleysisbætur á hverjum tíma. Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir verkþjálfunar- og námsstyrk þeirra sem eru á atvinnuleysisbótum, sveitarfélögin greiða verkþjálfunar- og námsstyrk þeirra er njóta félagslegra bóta frá þeim og Rauði kross Íslands og deildir hans á höfuðborgarsvæðinu greiða verkþjálfunar- og námsstyrk til þeirra sem eru á aldrinum 16-18 ára og njóta ekki atvinnuleysisbóta eða framlaga frá sveitarfélögum.

Forstöðumaður Fjölsmiðjunnar leggur árlega fram fjárhagsáætlun sem skal samþykkjast af stjórninni.

Reikningsár Fjölsmiðjunnar er almanaksárið. Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal senda Ríkisendurskoðun ársreikning Fjölsmiðjunnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Ársreikningarnir skulu endurskoðaðir skv. ákvörðun stjórnarinnar af löggiltum endurskoðanda.

Endurskoðandi staðfestir upplýsingar til kröfu á framlagi til Fjölsmiðjunnar frá einstökum aðilum að rekstri Fjölsmiðjunnar skv. gildandi reglum þar um.

Ársreikningarnir skulu uppsettir og endurskoðaðir skv. reglum ríkisendurskoðunar.

12. gr.

Stuðningshópar (vinafélag).

Forstöðumaður skal hafa frumkvæði að því að mynda stuðningshóp til stuðnings Fjölsmiðjunnar.

Inn í slíkan hóp er æskilegt að velja einstaklinga eða fyrirtæki sem með fjárframlögum eða sérfræðipækkingu geta stuðlað að því að ná sem best fram markmiðum Fjölsmiðjunnar. Félagar í stuðningshópnum skulu boðaðir til fundar af forstöðumanni Fjölsmiðjunnar minnst einu sinni á ári.

13. gr.

Breytingar á skipulagsskrá.

Skipulagsskrá má breyta ef 2/3 hlutar stjórnar samþykkja slíkt á tveimur stjórnarfundum. Þá stjórnarfundum skal halda með eigi minna en tveggja vikna millibili. Breytingar skulu staðfestar af stofnendum skv. 6. gr. og að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

14. gr.

Lok rekstrar.

Starfsemi Fjölsmiðjunnar verður lögð niður ef 2/3 hlutar stjórnar eru því samþykkir. Samþykki dómsmálaráðherra skal fengið áður en Fjölsmiðjan er lögð niður. Á tveimur stjórnarfundum sem haldnir eru með minnst tveggja vikna millibili skal staðfesta þá ákvörðun.

Ákvörðunin skal staðfest af þeim aðilum sem eru stofnendur að Fjölsmiðjunnar skv. 6. gr. skipulagsskrár.

Sé Fjölsmiðjan lögð niður skal stjórn hennar ráðstafa eignum í sama tilgangi og Fjölsmiðjan hefur starfað, sbr. 6. gr. laga nr. 19 5. maí 1988 að fengnu samþykki stofnenda.

Einnig skal leita umsagnar Ríkisendurskoðunar sbr. 6. gr. laga nr. 19 5. maí 1988. Stjórnin skal við niðurlagningu Fjölsmiðjunnar starfa þar til öllum formlegum frágangi fjármála og eigna er lokið.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. desember 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0702.0001	Tómatar, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.03	ótilgr.	0	0
0702.0001	Tómatar, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0702.0002	Tómatar, á öðrum tíma	16.03.-31.10.03	ótilgr.	0	0
0703.1001	Laukur	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0703.1009	Skallottlaukur	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0703.2000	Hvítlaukur	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0703.9009	Annað	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0704.2000	Rósakál	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0704.9005	Fóðurmergskál (brassica oleraceaacepjala)	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0704.9009	Annað	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0705.1111	Jöklasalat, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.03	ótilgr.	0	0
0705.1111	Jöklasalat, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0705.1112	Jöklasalat, á öðrum tíma	16.03.-31.10.03	ótilgr.	0	0
0705.1191	Annað, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.03	ótilgr.	0	0
0705.1191	Annað, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0705.1199	Annað (salat)	16.03.-31.10.03	ótilgr.	0	0
0705.1900	Annað	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0705.2100	Kaffifíffilsblöð	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0705.2900	Annað	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0706.9009	Annars	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0707.0011	Gúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.03	ótilgr.	0	0
0707.0011	Gúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0707.0012	Reitagúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.03	ótilgr.	0	0
0707.0012	Reitagúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0707.0021	Gúrkur	16.03.-31.10.03	ótilgr.	0	0
0707.0022	Reitagúrkur, á öðrum tíma	16.03.-31.10.03	ótilgr.	0	0
0708.1000	Ertur (Pisum sativum)	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0708.2000	Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.)	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0708.9000	Aðrir belgávextir	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0709.1000	Jarðartískokka	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0709.2000	Spergill	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0709.5200	Tröfflur	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0709.6001	Allrahanda (pimento)	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0709.6002	Paprika, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.03	ótilgr.	0	0
0709.6002	Paprika, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0709.6003	Græn paprika	16.03.-31.10.03	ótilgr.	0	0
0709.6004	Önnur paprika	16.03.-31.10.03	ótilgr.	0	0
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0709.7000	Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrímblaðka	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0709.9001	Sykurmaís	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0709.9002	Kúrbítur (Courgettes)	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0709.9003	Ólífur	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0709.9004	Steinselja	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0
0709.9009	Annars	01.01.-31.12.03	ótilgr.	0	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 65. gr. og 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. desember 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um notkun og hreinsun rotþróa á Austur-Héraði.

Gildissvið og almenn ákvæði.

1. gr.

Frárennsli sérhverrar húseignar á Austur-Héraði, sem ekki er unnt að tengja við hol-ræsakerfi, skal leiða gegnum rotþró og frekari hreinsun (alla jafnan siturlögn) samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar.

Húsráðendur og forsvarsmenn fyrirtækja eða stofnana eru ábyrgir fyrir því að fráveitur húsa á þeirra vegum séu í samræmi við lög og reglur þar um. Samþykki Heilbrigðiseftirlits Austurlands þarf fyrir nýjum og endurbættum fráveitum. Stærð, staðsetning og frágangur rotþróa er háð samþykki Heilbrigðiseftirlits Austurlands og úttekt byggingafulltrúa.

2. gr.

Austur-Hérað annast alla meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu, þ.e. tæmingu rotþróa, ásamt flutningi og endurnýtingu eða förgun seyru frá íbúðarhúsnæði, sumarbústöðum, stofnunum og atvinnustarfsemi. Heilbrigðiseftirlit Austurlands annast eftirlit með starfseminni.

Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum aðilum framkvæmd verksins. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

3. gr.

Hreinsun rotþróa skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins, sem sér um samskipti við þá aðila, sem málið varðar, svo sem vegna frágangs og förgunar eða nýtingar á seyru, í samræmi við reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

4. gr.

Rotþrær skulu tæmdar ekki sjaldnar en annað hvert ár, og skal húseigandi sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni.

Gjald vegna hreinsunar.

5. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins, samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Birta skal gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseiganda, þar sem hreinsun rotþróa er óvenju kostnaðarsöm, einnig ef um sérstaka rotþró er að ræða við útihús eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar hreinsunar. Gjald þetta skal þó aldrei vera hærrí en sem nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

7. gr.

Bæjarstjórn getur fellt niður eða veitt afslátt á gjaldi, þegar um er að ræða einstakling með takmarkaða greiðslugetu, ellilífeyrisþega o.s.frv. Sækja skal um afslátt eða niðurfelling til bæjarstjórnar.

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna tæmingar rotþróa eða meðhöndlunar seyru skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við framkvæmdaraðila verksins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá sveitarfélaginu, getur hann skotið málinu til Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Að öðru leyti fer um málsskot samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Mál út af brotum á samþykkt þessari eða gjaldskrám sem settar eru samkvæmt henni skal fara með sem opinbert mál.

9. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Austur-Héraðs staðfestist hér með, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast hún gildi 1. janúar 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur þeirra húseigna sem ekki tengjast fullnægjandi rotþróum við setningu samþykktar þessarar hafa frest til 1. janúar 2004 til að uppfylla ákvæði hennar.

Umhverfissráðuneytinu, 11. desember 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING**um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar
í landi Stafafells í Lóni, Sveitarfélaginu Hornafirði.**

Skipulagsskilmálar lóðar nr. 11.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur bæjarstjórn Hornafjarðar þann 19. september 2002, samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Stafafells í Lóni. Um er að ræða breytta skipulagsskilmála fyrir lóð nr. 11 og er breytingin sett fram í texta sem skilmálabreyting, dagsett 19. september 2002.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið gögn málsins og gerir, í bréfi dagsettu 6. desember 2002, ekki athugasemd við að auglýsing um deiliskipulagsbreytinguna verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 10. desember 2002.

Hákon Valdimarsson, byggingarfulltrúi Hornafjarðar.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 198/1983, um réttindi til að stjórna vinnuvélum, sbr. reglur nr. 24/1999.

1. gr.

Við kafla A. Frumnámskeið í 3. gr. reglnanna, eins og henni var breytt með reglum nr. 24/1999, bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Hleðslukranar, lyftigeta meiri en 8 tm, sérnámskeið.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 3. mgr. 49. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, að fengnum tillögum frá stjórn Vinnueftirlits ríkisins, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. desember 2002.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um óverulegar breytingar á deiliskipulagi Viðskiptaháskólans á Bifröst, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreindar breytingar á skipulagi.

Breytingin felst í að byggingarreitur fyrir kennarabústaði norðvestan við kennsluhúsnæði lengist og færist til vesturs og hús verða tveggja hæða í stað einnar.

Byggingarreitur vegna viðbyggingar kennsluhúsnæðis stækkar til norðurs jafnframt því sem bílaplan sunnan megin við skólahúsnæði er stækkað.

Breytingar á deiliskipulaginu hafa fengið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar tekur að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir vegna ofangreindra skipulagsbreytinga.

Ofangreindar breytingar á skipulaginu öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 13. desember 2002.

Sigurður P. Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

REGLUGERÐ

um sektir vegna brota á lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

1. gr.

Brot á ákvæðum 4. gr. laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, nr. 73 31. maí 2001, varða sektum að fjárhæð kr. 25.000.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef veigamikil rök mæla með því.

2. gr.

Um innheimtu sekta samkvæmt 1. gr. og um vararefsingu sektanna gilda ákvæði 52. gr. og 4.–5. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 15. gr. laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, nr. 73 31. maí 2001, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 9. desember 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

um gjald vegna námskeiðs til undirbúnings prófi til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 774/2000 um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður er gjald vegna fyrri hluta námskeiðs sem haldið verður í byrjun árs 2003 ákveðið kr. 100.000. Í námskeiðsgjaldi er innifalið gjald fyrir próf.

Gjald fyrir þátttöku á seinni hluta námskeiðs verður ákveðið síðar.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. desember 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar er öðlist gildi 1. janúar 2003.

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 87 frá 1. janúar 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

1. Allir gjaldskrárliðir raforku hækka um 2,5% og fast gjald hækkar um kr. 2.000 á ári.
2. Rofin daghitun hækkar í 4,63 kr./kWh.
3. Aðalheimtaugar hækka um 5% og bráðabirgðaheimtaugar hækka um kr. 6.000.
4. Felldar eru niður 25A og 230V heimtaugar.

Hækkanirnar eru án virðisaukaskatts.

Iðnaðarráðuneytinu, 10. desember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Helgi Bjarnason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 230/1998 um tiltekin efni sem stuðla að tilteknum gróðurhúsaáhrifum.

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. bætist við nýr liður, c) liður:

- c) sem drifefni í vörum sem falla undir reglugerð um takmörkun á markaðssetningu lampalíu, skrautmuna, leikfanga og spaug- eða gabbvarnings með tilteknum efnum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 2. mgr. 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, og 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 11. desember 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, 6. og 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar er öðlist gildi 1. janúar 2003.

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 27/1998 með áorðnum breytingum, breytist þannig: Fast gjald hitaveitu og heimæðargjald hitaveitu hækkar um 5%. Bráðabirgðaheimæðar hækka um kr. 6.000 án virðisaukaskatts.

Iðnaðarráðuneytinu, 10. desember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Helgi Bjarnason.

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað að auki heimilisuppbót að fjárhæð kr. 16.960 á mánuði.

Eigi viðkomandi rétt á skertri tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar er heimilt að greiða honum skerta heimilisuppbót.

Um skerðingu skv. 2. mgr. gilda sömu reglur og gilda um skerðingu tekjutryggingar vegna tekna. Þó skal frítækjumark heimilisuppbótar aldrei vera lægra en efra tekjumark tekjutryggingarauka einhleypings.

2. gr.

4. tölul. 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. desember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda skuli vera á götunum Barðastöðum að húsum nr. 7-23 og Bakkastöðum, hvorttveggja fyrir umferð um Barðastaði.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. desember 2002.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, hefur verið ákveðið að framúrakstur ökutækja skuli bannaður í Bjarkarholti.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. desember 2002.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Sorpstöð Suðurlands*, kt. 420481-0709, fyrir meðhöndlun á óvirkum úrgangi í Kirkjuferjuháleigu, Sveitarfélaginu Ölfusi. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 4. desember 2008.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Grundarfjarðarbæ*, kt. 520169-1729, fyrir meðhöndlun meðhöndlun á óvirkum úrgangi og garðaúrgangi sem og geymslu á úrgangstimbri á Hrafnkelsstöðum í Kolgrafarfirði, Eyrarsveit. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Akraneskaupstað*, kt. 410169-4449, fyrir meðhöndlun á óvirkum úrgangi í landi Akraneskaupstaðar. Starfsleyfið er gefið

út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Sveitarfélagið Hornafjörð*, kt. 590169-4639, fyrir meðhöndlun úrgangs á Mel í landi Fjarðar. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Öxarfjarðarhrepp*, kt. 520269-4529, fyrir meðhöndlun úrgangs. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

Hollustuvernd ríkisins, 12. desember 2002.

Davíð Egilson, settur forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.

REGLUR

um verðmerkingar á bifreiðaeldsneyti.

1. gr.

Reglur þessar taka til fyrirtækja sem selja eldsneyti á bifreiðar til neytenda og kveða á um skyldu til að verðmerkja eldsneyti á sölustað í því skyni að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð.

2. gr.

Skylt er að verðmerkja eldsneyti við eldsneytisdælu svo auðvelt sé fyrir neytendur að sjá verðið áður en byrjað er að dæla eldsneyti á bifreið. Verðupplýsingar skulu vera skýrar. Uppgefið verð skal vera endanlegt verð með virðisaukaskatti á hvern lítra.

3. gr.

Á sölustöðum bifreiðaeldsneytis sem selja eina milljón lítra eða meira á ári skal auk þess vera verðskilti. Staðsetning verðskiltis skal vera þannig að verð á þeim tegundum eldsneytis sem í boði eru á sölustaðnum sjáist auðveldlega úr bifreið þegar hún nálgast sölustaðinn.

4. gr.

Uppgefið verð á verðskilti skal miðast við lægsta verð á sölustað enda komi það skýrt fram á skiltinu. Verðið skal standa öllum neytendum til boða. Efst á verðskiltinu skal skrá verð á 95 oktana bensíni en neðst skal skrá verð á dísilolíu. Verðskilti skal vera lýst upp þegar opið er á sölustaðnum.

5. gr.

Sölustaðir bifreiðaeldsneytis sem selja minna magn en um getur í 1. mgr. 3. gr. en vilja verðmerkja með skilti skulu fara eftir 3. og 4. gr. reglna þessara.

6. gr.

Samkeppnisstofnun getur veitt undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 51. og 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 31. og 32. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast gildi þann 1. apríl 2003 nema 3. og 4. gr. sem öðlast gildi sem hér segir: Fyrir sölustaði sem selja þrjár milljónir lítra eða meira á ári þann 1. janúar 2004, fyrir sölustaði sem selja tvær milljónir lítra eða meira á ári þann 1. júlí 2004, fyrir sölustaði sem selja eina milljón lítra eða meira á ári þann 1. janúar 2005.

Samkeppnisstofnun, 12. desember 2002.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á hvalaafurðum og rjúpum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum IV A, við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0208.4001	Hvalkjöt, fryst	01.01.03-31.12.03	ótilgr.	0	0
0208.4002	Hvalaafurðir, ót.a., frystar	01.01.03-31.12.03	ótilgr.	0	0
0208.4003	Hvalkjöt og aðrar hvalaafurðir, nýtt eða kælt	01.01.03-31.12.03	ótilgr.	0	0
0208.9003	Rjúpur, frystar	01.01.03-31.12.03	ótilgr.	0	0

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 416/2002 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 65. gr. og 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. desember 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUR

um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í reglum þessum gilda ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, og um bókhald, nr. 145/1994, svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur, um gerð ársreiknings Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Gulleign bankans skal meta á síðasta skráða verði ársins, eins og það er ákvarðað af *Fixing Committee of the London Bullion Association*.

3. gr.

Kostnaðarverð varanlegra fjármuna skal gjaldfæra í rekstrarreikningi á því ári, sem þeir eru keyptir eða byggðir.

4. gr.

Framlag til ríkissjóðs af rekstrarafgangi bankans skal reikna og gjaldfæra í rekstrarreikningi og skuldfæra í efnahagsreikningi, sbr. 34. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 32. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni nr. 931/2001.

Forsætisráðuneytinu, 16. desember 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Skaftárhrepp*, kt. 480690-2069, fyrir móttöku-, flokkunar- og brennslustöð á Kirkjubæjarklaustri. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

Hollustuvernd ríkisins, 13. desember 2002.

Davíð Egilson, settur forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.

GJALDSKRÁ

fyrir tannlækningar veittar sjúklingum sem tryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum.

1. gr.

Endurgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins á kostnaði sjúkra- og slysatryggðra við tannlæknaþjónustu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 skulu reiknast út frá gjaldskrá þessari þegar um er að ræða:

1. Tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma og slysa, sbr. c-lið 1. mgr. 33. gr. laga nr. 117/1993 og reglugerð settri af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
2. Tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, sem veita ber samkvæmt 37. gr. laga nr. 117/1993 og reglugerð settri af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
3. Bætur vegna tannskaða þeirra sem slysatryggðir eru og greiðast samkvæmt d- og e-lið 1. tl. og b-lið 3. tl. 27. gr. laga nr. 117/1993 og reglugerð settri af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

2. gr.

Gjaldnr.	Heiti verks	Verð kr.
	Skoðun	
001	Viðtal	1.710
002	Bráðahjálp	1.710
003	Skoðun nýs sjúklings	2.560
004	Áfangaeftirlit	1.710
005	Tilvísun	850
006	Umsókn eða áverkavottorð til Tryggingastofnunar	1.370
007	Greinargerð að ósk Tryggingastofnunar	2.740
012	Röntgenmynd	980
013	Heildarröntgen, 10 eða fleiri smámyndir	7.300

Gjaldnr.	Heiti verks	Verð kr.
018	Röntgenstórmynd (OPG o.þ.h.)	1.960
024	Ljósmynd	280
025	Vinumódel	1.710
030	Yfirborðsdeyfing	400
031	Deyfing á tannsvæði einnar til þriggja tanna	600
032	Svæðisdeyfing	1.000
035	Glaðloft og sefjun með lyfjagjöf	1.710
040	Atferlismeðferð	1.710
052	Vefjasýni og aðrar rannsóknir	4.270
056	Munnvatnsmæling og rannsókn með greinargerð til TR	10.260
060	Vitjun	3.420
090	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Forvarnir		
101	Bein fræðsla, leiðbeiningar	1.710
104	Tannsteinshreinsun	1.710
107	Gómglaera / lyfjahald	5.900
110	Flúormeðferð barna, báðir gómar	2.700
112	Flúormeðferð einstakra tanna	850
115	Skorufylla fullorðinsbakjaxla	2.240
116	Skorufylla annarra tanna en fullorðinsbakjaxla	1.830
118	Flúormeðferð áhættueinstaklinga	2.700
190	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Fyllingar		
201	Tannlit fylling, 1 flötur	5.180
212	Tannlit fylling, 2 fletir	6.590
213	Tannlit fylling, 3 fletir	7.170
214	Tannlit fylling, 3 eða fleiri fletir í augn- eða framtönn	7.720
231	Amalgamfylling, 1 flötur	4.990
232	Amalgamfylling, 2 fletir	6.590
233	Amalgamfylling, 3 fletir	7.170
235	Amalgamkróna, 4 eða fleiri fletir	7.720
245	Bráðabirgðafylling	1.830
250	Rýmishaldari	3.420
251	Spelkun tanna	6.840
257	Stifti	2.090
258	Stál- eða plastkróna á barnatönn	6.130
260	Gúmmíúkur	600
290	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Rótfyllingar		
301	Kvikupækja	1.710
306	Kvika barnatannar fjarlægð og felld (formocresolmeðferð)	3.420
308	Rótarendaörvun með (CaOH) ₂	4.270
311	Fyrsta úthreinsun rótar, 1 gangur, sérstök heimsókn	4.270
312	Fyrsta úthreinsun rótar, 2 gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn	5.130
313	Fyrsta úthreinsun rótar, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn	8.550
315	Útvíkkun á einum rótargangi, sérstök heimsókn	4.270
316	Útvíkkun á tveimur rótargöngum í sömu tönn, sérstök heimsókn	5.130
317	Útvíkkun á 3 eða fleiri rótargöngum í sömu tönn, sérstök heimsókn	6.840
319	Gömul rótfylling fjarlægð og útvíkkun, hver gangur	3.420
320	Rótfylling, 1 gangur, sérstök heimsókn	4.270

Gjaldnr.	Heiti verks	Verð kr.
321	Rótfylling, 2 gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn	5.130
322	Rótfylling, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn	8.550
325	Hreinsun, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 1 gangur	8.550
326	Hreinsun, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 2 gangar í sömu tönn	11.970
327	Hreinsun, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn	15.390
390	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Tannvegslækningar		
406	Djúphreinsun og rótarheflun tanna með djúpa poka, fjórðungur	6.840
420	Flipaaðgerð m/án beinmótunar og sambærilegar aðgerðir, fjórðungur	11.970
422	Flipaaðgerð, ein tönn	6.840
427	Tannholdsskurður, tannholdsmótun, fjórðungur munns	6.840
428	Tannholdsskurður, tannholdsmótun, ein tönn	1.710
453	Tannholdsgræðlingur	10.260
457	Beinmótun	3.420
490	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Munn- og kjálkaskurðlækningar		
500	Hæg tönn dregin, hver tönn	1.710
501	Úrdráttur tannar með fulla beinfestu	2.560
502	Viðbótartönn í sama fjórðungi munns sbr. #501	1.710
510	Tönn fjarlægð með skurðaáðgerð	6.840
524	Opnað inn á beinlæga tönn og tylla v. tannrétinga fest á hana	10.260
526	Rótarendaáðgerð (rótastytting)	10.260
528	Fylling í rótarenda samfara áðgerð #526	4.990
530	Endurfesta brottfallinnar tannar eða tanna	10.260
536	Tannkími eða tönn plantað í nýtt tannstæði	10.260
542	Skorið á tungu- eða vararhaft	5.130
545	Beinaáðgerðir (torus- eða tuberaáðgerðir og aðrar sambærilegar áðgerðir)	8.550
555	Æxli hreinsað út	8.550
557	Ísetning eins tannplanta	60.000
558	Ísetning hvers viðbótartannplanta	30.000
570	Vefur saumaður	1.710
576	Meðferð fyrir og eftir kjálkafærsluáðgerð	25.650
580	Stungið á kýli	1.710
590	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Krónu- og brúargerð		
614	Gull- eða postulínskrónur, innlegg eða hlutakrónur	48.100
632	Steypt rötartifti án smellufestinga, undir ásetugóm	30.000
634	Steypt rötartifti með smellufestingum, undir ásetugóm	36.000
650	Uppbygging undir krónu	12.000
655	Milliliður eða svifliður	29.600
660	Ætufest steyp (bráðabirgða)brú	26.600
680	Plantakróna	48.100
690	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Heilgóma- og partagerð		
701	Stakur heilgómur	55.000
702	Heilgómasett	108.800
703	Sáragómur	60.000
704	Ásetugómur	60.000
711	Bráðabirgðapartur með 1-6 tönnum	24.100
712	Bráðabirgðapartur með 7-12 tönnum	29.300

Gjaldnr.	Heiti verks	Verð kr.
713	Stálpartur með einni eða fleiri tönnum	75.000
715	Heilgómur á tannplanta	105.000
716	Heilgómasett á tannplanta í báðum gömum	165.000
721	Fóðrun góms eða parts (relining)	17.200
722	Fóðrun góms eða parts (rebasing)	22.910
723	Bráðabirgðafóðrun góms	6.840
729	Stækkun á plastparti um eina eða fleiri tennur	8.970
731	Stækkun á stálparti um eina eða fleiri tennur	8.970
733	Varanleg mjúkfóðrun	11.900
736	Viðgerð á stálparti	10.950
740	Fóðrun plantagóms	27.490
742	Laus tanngervi merkt með kennitölu	3.420
744	Lagfæringar á lausum tanngervum vegna særinda í slímhúð	1.710
760	Viðgerð á lausum tanngervum úr plasti	8.970
790	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Bitlækningar og bittæki		
921	Gnístursplata, bithækkunarplata	11.800
922	Hörð bitspelka	27.000
923	Mjúk bithlíf	11.800
926	Bitslípun	2.560
931	Þvingunarbitsplata	27.000
932	Krossbitsplata	27.000
990	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	

3. gr.

Við beitingu á gjaldskrárliðum skal farið eftir gjaldskrárskýringum í fylgiskjali 1.

4. gr.

Endurgreiðsla reikninga frá tannlækni, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur veitt sérfræðileysi í tiltekinni grein tannlækninga, getur verið með allt að 20% álagi ofan á þá gjaldskrárliði sem falla sérstaklega undir sérgrein viðkomandi tannlækni og tilgreindir eru í fylgiskjali 2.

5. gr.

Reikningar tannlækna vegna tannlækniþjónustu sem gjaldskrá þessi tekur til, skulu gerðir á reikningsformi fyrir tannlækningar sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður, og sundurliðaðir samkvæmt gjaldskrá þessari og gjaldskrárskýringum, sbr. 3. gr. Tryggingayfirtannlækni hefur eftirlit með reikningsgerðinni.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 27. gr., 37. gr., c-lið 33. gr., sbr. síðustu málsgrein 36. gr., og 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 (með síðari breytingum) og öðlast gildi 1. janúar 2003. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 42/1999 með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. desember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal 1.**Skýringar með gjaldskrá ráðherra fyrir tannlækningar.****Skoðun**

001 Viðtal. Sjúklingi veitt viðtal, munnleg ráðgjöf og skoðun á stofu. Almenn innifalið í öðrum gjaldliðum. Endurgreiðist þegar sjúklingur kemur eingöngu í viðtal um tannvanda sinn eða, í undantekningar-tilvikum, þegar sjúklingur þarf á óvenju miklum tíma í leiðbeiningar að halda, umfram klíniska vinnu sem gjaldfærð er eftir öðrum gjaldnúmerum í sömu heimsókn.

002 Bráðahjálp. Útkall til að sinna sjúklingi, sem þarf á hjálp að halda vegna slyss eða álíka aðstæðna eða þegar tannlæknir notar óvenju mikinn tíma til að sinna bráðum vanda, umfram klíniska vinnu sem gjaldfærð er eftir öðrum gjaldnúmerum.

003 Skoðun nýs sjúklings. Fyrsta koma sjúklings. Sjúkrasaga skráð og ásigkomulag tyggingarfæra greint. Sjúklingur fræddur um ástand tanna, æskilega meðferð og áætlaðan kostnað. Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hvern nýjan sjúkling tannlæknis.

004 Áfangaeftirlit. Sjúkrasaga uppfærð og ástand tyggingarfæra greint og skráð. Sjúklingur fræddur um ástand tanna, meðferð og áætlaðan kostnað. Endurgreiðist aðeins einu sinni á ári vegna almennra tannlækninga.

005 Tilvísun. Tilvísun á tannlækni, lækni/læknisfræðilegan aðila.

006 Umsókn eða áverkavottorð til TR (Tryggingastofnunar ríkisins). Áverkavottorð fyllt út fyrir slasáðan sjúkling eða umsókn fyllt út fyrir trygðan sjúkling og sent TR.

007 Greinargerð að ósk TR. Greinargerð sem TR hefur óskað sérstaklega eftir um flókinn tannvanda tryggðs sjúklings. Endurgreiðist ekki vegna stuttra skýringa sem TR kann að óska eftir vegna reikningsfærslna tannlæknis.

012 Röntgenmynd. Smámyndir, bite-wing, periapical eða occlusal röntgenmyndir. Röntgenmyndir skal auðkenna með nafni og/eða kennitölu sjúklings ásamt tókudegi og varðveita varanlega. Greining, úrvinnsla og varanleg varðveisla innifalið. Röntgenmyndir við upphaf og lok meðferðar eru innifaldar í öllum liðum vegna rótfyllinga, krónu- og brúargerðar, tannplanta og upphafsmyndir vegna 510-536 og stoðtanna ásetugóma og parta í gjaldliðum 704, 711-713 og endurgreiðast því ekki með þeim (merkt „R“ í skýringum viðkomandi gjaldliða). Endurgreiðist mest fimm sinnum á einu ári. Gjaldliðinn má nota fyrir stafrænar röntgenmyndir jafnt sem filmur og eru skilyrði um merkingarauðkenningar og varðveislu þeirra hin sömu. Eftirtaka og fjölföldun endurgreiðist ekki sérstaklega.

013 Heildarröntgen, 10 eða fleiri smámyndir. Heildarröntgenmyndataka af fullvöxnum einstaklingi í sérstakri áhættu. Mynda skal bæði tennt og tannlaus svæði. Endurgreiðist ekki með öðrum röntgenmyndum á sama ári og ekki oftast en á 3 ára fresti fyrir sama sjúkling. Eftirtaka og fjölföldun endurgreiðist ekki sérstaklega.

018 Röntgenstórmynd (OPG o.þ.h.). Stórmynd af höfuðbeinum. Handarröntgen endurgreiðist ekki. Segulómmyndir o.þ.h. greiðast ekki. Endurgreiðist mest einu sinni á ári. Endurgreiðist ekki með öðrum röntgenmyndum. Eftirtaka og fjölföldun endurgreiðist ekki sérstaklega.

024 Ljósmynd. Á filmu eða rafrænt. Ljósmyndir skal auðkenna með nafni og/eða kennitölu sjúklings ásamt tókudegi og varðveita varanlega. Greining, úrvinnsla og varanleg varðveisla innifalið. Eftirtaka og fjölföldun endurgreiðist ekki sérstaklega.

025 Vinnumódel. Tekið mát per góm. Gjaldliður notaður þegar módel er ekki innifalið í öðrum gjaldliðum.

030 Yfirborðsdeyfling, ein eða fleiri í sömu heimsókn

031 Deyfing á tannsvæði einnar til þriggja tanna**032 Svæðisdeyfing**

035 Glæðloft og sefjun með lyfjagjöf. Slæving sjúklinga með mikla tannlæknaþælni. Endurgreiðist aðeins einu sinni í hverri heimsókn og mest fjórum sinnum á einu ári. Endurgreiðist aðeins í undantekningartilvikum fyrir aðra en börn.

040 Atferlismeðferð. Tímafrekar fortölur sjúklinga með mikla tannlæknaþælni. Endurgreiðist, í undantekningartilvikum þegar sjúklingur þarf óvenju mikinn tíma fyrir fortölur eða aðlögun umfram klíniska vinnu sem gjaldfærð er eftir öðrum gjaldnúmerum. Endurgreiðist mest þrisvar á einu ári.

052 Vefjasýni og aðrar rannsóknir. Vefjasýni úr mjúkvef eða beini, smitstrokur, munnavatnssýni og þvúmlíkt.

056 Munnavatnsmæling og rannsókn með greinargerð til TR. Munnavatnsmæling gerð til að staðfesta alvarlegan munnpurrk. Endurgreiðist aðeins viðurkenndum sérfræðingum í lyflækisfræði munnhols eða sýklafræði.

060 Vitjun. Álag vegna vitjunar til óferðafærs sjúklings utan stofu.

Forvarnir

Almennt: Farið er eftir klínískum leiðbeiningum frá landlæknisembættinu og SIGN varðandi flokkun einstaklinga í áhættuhópa vegna tannátu.

101 Bein fræðsla. Sjúklingur fræddur um ástand munnhols og leiðbeint um tannhirðu, lífsvenjur og fleira. Endurgreiðist mest einu sinni á ári.

104 Tannsteinshreinsun. Hreinsun á tannsteini bæði neðan og ofan tannholds. Bæði upphafsmeðferð flestra fullorðinna sjúklinga og viðhaldsmeðferð. Þússning á tönnum með hreinsikremi innifalín. Endurgreiðist fyrir hvorn góm fyrir sig, mest tvisvar á ári.

107 Gómglaera/lyfjahald. Plastglaera sem gerð er eftir afsteypu af tönnum sjúklings til að halda flúor- eða klórhexidínhlaupi á tönnum til að varna tannátu hjá einstaklingum í sérstakri áhættu vegna tannskemmda. Endurgreiðist fyrir hvorn góm fyrir sig, mest á 2 ára fresti.

110 Flúormeðferð barna. Báðir gómar, tannhreinsun innifalín. Endurgreiðist mest einu sinni á ári. Endurgreiðist ekki með gjaldliðum 104, 112 eða 118.

112 Flúormeðferð einstakra tanna. Flúor borinn á einstakar tennur með byrjandi rótarskemmdir eða tannátu í meðferðarskyni. Endurgreiðist mest 5 sinnum á ári fyrir sama einstakling. Endurgreiðist ekki með gjaldliðum 110 og 118.

115 Skorufylla fullorðinsbakjaxla. Skorur í tyggiflötum bakjaxla (sex ára- og tólf ára jaxla) fylltar í forvarnarskyni. Endurgreiðist hjá börnum í áhættu vegna tannátu sbr. almennar skýringar kaflans. Endurgreiðist ekki með fyllingu í sama flöt tannar eða ef fylling hefur verið sett í sama flöt tannar áður.

116 Skorufylla annarra tanna en fullorðinsbakjaxla. Skorur í tyggiflötum annarra tanna en fullorðinsbakjaxla fylltar í forvarnarskyni hjá börnum í sérstakri áhættu vegna tannátu. Endurgreiðist ekki með fyllingu í sama flöt tannar eða ef fylling hefur áður verið sett í sama flöt tannar.

118 Flúormeðferð áhættueinstaklinga. Tannhreinsun innifalín. Flúor borinn á allar tennur einstaklinga í sérstakri áhættu vegna tannátu. Endurgreiðist mest einu sinni á ári. Endurgreiðist ekki með gjaldlið 110 eða 112.

Fyllingar

Almennt: Endurgreiðsla TR miðast við að í verði gjaldliða í flokknum sé innifalið tannskurður, botnlag og aukabotnlag, sýruæting, bindiefni, ísetning, mótun, (ljós)hersla og lokafrágangur. Fylling endurgreiðist

ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því TR greiddi fyllingu eða skorufyllu í sama flöt tannar. Bráðabirgðafrágangur milli heimsókna innifalinn eftir þörfum. Fyllingar skal færa á númer tannar og flöt eða fleti skv. ISO-staðli 3950. Þótt fylling teygi sig af M-, O- eða D-fleti yfir á tungu- eða kinnarflöt tannar teljast þeir síðarnefndu ekki. Ekki er heldur heimilt að færa slíka „tungu“ á fyllingu sem sérstaka fyllingu.

201 Tannlit fylling, 1 flötur (Cl. I, III eða V) (M, B, D, O eða P)

212 Tannlit fylling, 2 fletir (MO eða DO) í aftari tennur eða Cl. IV í fremri tennur (M eða D)

213 Tannlit fylling, 3 fletir (MOD) í aftari tennur

214 Tannlit fylling, 3 eða fleiri fletir í augn- eða framtönn

231 Amalgamfylling, 1 flötur (Cl. I eða V) (M, O, D, B eða P)

232 Amalgamfylling, 2 fletir (MO eða DO)

233 Amalgamfylling, 3 eða fleiri fletir (MOD)

235 Amalgamkróna, 4 eða fleiri fletir

245 Bráðabirgðafylling. Í þeim undantekningartilvikum sem ekki er hægt að setja varanlega fyllingu í sömu setu, vegna umfangs tannátu í munni (caries control) eða atferlis sjúklings. Er innifalið í verði gjaldliða vegna tannholsaðgerða.

250 Rýmishaldari. Notað eftir ótímabært tap barnatanna þegar veruleg hættu er á alvarlegri riðlun á biti vegna tanntapsins. Almennt ekki notað eftir 4-5 ára aldur fyrir framtennur og 7-8 ára aldur fyrir barnajaxla. Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar.

251 Spelkun tanna. Ein eða fleiri lausar fullorðinstennur eru spelkaðar saman og/eða við nágrannatennur. Endurgreiðist mest einu sinni á hverjum tveimur árum fyrir sama svæði. Gjaldliðinn skal skrá á númer tanna/r.

257 Stifti. Staðlað stifti í rótargang eða í tannbein til festu fyrir viðgerð með tannfyllingarefnum.

258 Stál- eða plastkróna. Fylling undir krónu og tilskurður á tönn er innifalið. Meðal annars notað til þess að hindra ótímabært tap barnatanna þegar veruleg hættu er á alvarlegri riðlun á biti ef tönn tapast. Almennt ekki notað eftir 4-5 ára aldur fyrir framtennur og 7-8 ára aldur fyrir barnajaxla. Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar. **R**

260 Gúmmídúkur. settur til að einangra tönn eða tennur. Er innifalinn í verði gjaldliða vegna tannholsaðgerða.

Rótfyllingar

Almennt: Endurgreiðsla TR miðast við að í verði gjaldliða í flokknum sé innifalið röntgenmyndir, deyfing, gúmmídúkur og bráðabirgðafylling milli heimsókna. Varðveita skal röntgenmyndir af tönn fyrir og eftir meðferð skv. gjaldliðum kafla 3. Gjaldliður 308 endurgreiðist mest þrisvar og gjaldliðir 315-317 mest tvisvar en aðrir gjaldliðir flokksins mest einu sinni fyrir hverja tönn.

301 Kvikupækja. Kvika sem orðið hefur fyrir skaða þakin með Ca(OH)_2 kvikupasta og gengið frá með bráðabirgðafyllingu

306 Kvika barnatannar fjarlægð og felld (formocresolmeðferð). Endurgreiðist ekki með öðrum gjaldliðum fyrir rótfyllingar. Bráðabirgðafylling innifalin. **R**

308 Rótarendaörvun með Ca(OH)_2 . Endurgreiðist mest á 8 vikna fresti og mest þrisvar alls. **R**

311 Fyrsta úthreinsun rótar, 1 gangur, sérstök heimsókn. **R**

312 Fyrsta úthreinsun, 2 gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn. **R**

- 313 Fyrsta úthreinsun**, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn. **R**
- 315 Útvíkkun** á einum rótargangi, sérstök heimsókn.
Endurgreiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn. **R**
- 316 Útvíkkun** á 2 rótargöngum í sömu tönn, sérstök heimsókn.
Endurgreiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn. **R**
- 317 Útvíkkun** á 3 eða fleiri rótargöngum í sömu tönn, sérstök heimsókn.
Endurgreiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn. **R**
- 319 Gömul rótfylling fjarlægð** og tönn undirbúin fyrir rótfyllingu skv. gjaldliðum 320-322 **R**
- 320 Rótfylling**, 1 gangur, sérstök heimsókn. **R**
- 321 Rótfylling**, 2 gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn. **R**
- 322 Rótfylling**, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn **R**
- 325 Hreinsun, útvíkkun og rótfylling í einni setu**, 1 gangur **R**
- 326 Hreinsun, útvíkkun og rótfylling í einni setu**, 2 gangar í sömu tönn **R**
- 327 Hreinsun, útvíkkun og rótfylling í einni setu**, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn **R**

Tannvegslækningar

Almennt: Endurgreiðsla TR miðast við að í verði gjaldliða í flokknum sé innifalið deyfing, saumur, sáraumbúðir, saumataka og eftirmeðferð.

- 406 Djúphreinsun og rótarheflun tanna með djúpa poka, fjórðungur**
- 420 Flipaaðgerð m/án beinmótunar og sambærilegar aðgerðir, fjórðungur**
- 422 Flipaaðgerð, ein við eina tönn og aðrar sambærilegar minniháttar aðgerðir**
- 427 Tannholdsskurður, tannholdsmótun, fjórðungur munns**
- 428 Tannholdsskurður, tannholdsmótun, ein tönn**
- 453 Tannholdsgræðingur**
- 457 Beinmótun**

Munn- og kjálkaskurðlækningar

Almennt:

Endurgreiðsla TR miðast við að í verði gjaldliða í flokknum sé innifalið deyfing, saumur, sáraumbúðir, saumataka og eftirmeðferð. Í aðgerðarliðum 557 og 558 er öll vinna, efni og aðkeyptir plantahlutir innifalið, allt frá fyrstu skoðun sjúklings og umsókn til TR til þess er verki hefur verið skilað endanlega. Þegar gjaldliðum 510-536, 557 og 558 er beitt, skal varðveita röntgenmynd af viðkomandi tönn eða svæði fyrir og/eða eftir meðferð eftir því sem við á. Gjaldliði skal skrá á númer þeirra tanna eða svæða sem við á hverju sinni.

- 500 Hæg tönn dregin.** Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar.
- 501 Úrdráttur tannar með eðlilega beinfestu.** Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar.
- 502 Viðbótartönn í sama fjórðungi munns.** Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar.

510 Tönn fjarlægð með skurðaðgerð. Skorið fyrir tönn og hún fjarlægð með eða án beinaðgerðar. Öll klínísk vinna tengd aðgerðinni er innifalin, þ.m.t. deyfing, saumur og eftirmeðferð. Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar. Endajaxlataka í forvarnskyni endurgreiðist aðeins að undangenginni umsókn. **R**

524 Opnað inn á beinlæga tönn og tylla fest á hana v. tannréttinga. Öll klínísk vinna tengd aðgerðinni er innifalin, þ.m.t. deyfing, beinaðgerð, tylla, saumur og eftirmeðferð öll. Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar. **R**

526 Rótarendaáðgerð (rótastytting). Skorið inn á rötarenda, ígerð hreinsuð og rót stytt. Öll klínísk vinna og eftirmeðferð tengd aðgerðinni er innifalin. **R**

528 Fylling í rötarenda samfara aðgerð 526 **R**

530 Endurfesta brottfallinnar tannar eða tanna. Tönn, sem fallið hefur úr stæði sínu, komið á sinn stað. Öll klínísk vinna tengd meðferðinni er innifalin, þ.m.t. deyfing, saumur, spelkun og eftirmeðferð önnur en hugsanleg síðari rötfilling. Gjaldliðinn skal skrá á númer tanna/r. **R**

536 Tannkími eða tönn plantað í nýtt tannstæði. Öll klínísk vinna tengd aðgerðinni er innifalin, þ.m.t. deyfing, beinaðgerð/ir, úrdráttur eða -drættir, saumur, spelkun og eftirmeðferð öll. Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar á viðtökustæði. **R**

542 Skorið á tungu- eða vararhaft. Öll klínísk vinna tengd aðgerðinni er innifalin, þ.m.t. deyfing, saumur og eftirmeðferð. Skráist á svæði munns; 01 eða 02.

545 Beinaðgerð (torus- eða tuberaðgerð eða aðrar sambærilegar aðgerðir). Skráist á svæði munns; 10, 20, 30, 40, 01 eða 02.

555 Æxli hreinsað út

557-558 Ísetning tannplanta. Innifalið er m.a. skoðun, greining, þ.m.t. röntgenmyndir, meðferðaráætlun, tilvísun, svör við tilvísun og önnur læknaþrá, umsókn til TR, undirbúningur, mát, mátskeiðar, afsteypur, stýriskinnur, efni og vinna tannsmíðs, sóttvörn og skurðstofubúnaður, aðstoð við aðgerð, aðkeyptir planta-hlutir og önnur efnisnotkun, einnota áhöld og slit á áhöldum, deyfing/slæving, skurðaðgerð, ísetning planta-rótar og hugsanleg síðari kragaaðgerð, saumur og sáraumbúðir, plantahlutir, saumataka og önnur eftirmeðferð öll, aðlögun og eftirlit til fullra loka verks. TR er ekki heimilt að taka þátt í kostnaði við endurtekná plantameðferð nema í sérstökum undantekningartilvikum og að undangenginni umsókn.

557 Ísetning eins tannplanta **R**

558 Ísetning viðbótar tannplanta. Notað með gjaldnúmeri 557 ef settir eru fleiri tannplantar í sama sjúkling í sömu setu. Endurgreiðist eftir fjölda tannplanta **R**

570-571 Vefur saumaður. Gjaldnúmer notað þegar saumur er ekki innifalinn í öðrum gjaldliðum.

576 Meðferð fyrir og eftir kjálkafærslu. Endurgreiðist eingöngu viðurkenndum sérfræðingum í munn- og kjálkaskurðlækningum að undangenginni samþykkt á umsókn.

580 Stungið á kýli

Krónu- og brúargerð

Almennt:

Endurgreiðsla TR miðast við að í verði gjaldliða í flokknum sé innifalið tannsmíði, efni, sendingarkostnaður og annað, til fullra loka verksins. Gjaldliði skal skrá á númer tannar. Endurgreiðist aðeins að undangenginni umsókn.

614 Gull- eða postulínskróna, innlegg eða hlutakróna **R**

632 Steypt rötartifti án smellufestinga undir ásetugóm **R**

634 Steypt rötartifti með smellufestingum undir ásetugóm **R**

650 Uppbygging undir krónu. Köstuð málmuppygging eftir máti af rötargöngum viðkomandi tannar. Aðrar tegundir uppbygginga greiðast ekki eftir þessum gjaldlið. **R**

655 Milliliður eða svifliður **R**

660 Ætufest, steipt (bráðabirgða)brú. Ein eða, í undantekningartilvikum, tvær kastaðar gervitennur festar með vængjum á ótilskornar aðliggjandi tennur. Einkum notað þegar ekki er ráðlegt að skera til aðliggjandi tennur.

R

680 Plantakróna

R

Heilgóma- og partagerð

Almennt:

Endurgreiðsla TR miðast við að í verði gjaldliða í flokknum sé innifalið tannsmíði, efni, sendingarkostnaður og annað, til fullra loka verksins. Gjaldliði, aðra en 702 og 716, skal skrá á númer svæðis; 01 eða 02. Smíði samkvæmt gjaldliðum 701—704, 713, 715 og 716 endurgreiðist mest á sex ára fresti í sama góm og fódrun og bráðabirgðapartar mest á þriggja ára fresti.

701 Stakur heilgómur

702 Heilgómasett

703 Sáragómur

704 Ásetugómur

R

711 Bráðabirgðapartur með 1-6 tönnum

R

712 Bráðabirgðapartur með 7-12 tönnum

R

713 Stálpertur með einni eða fleiri tönnum

R

715 Heilgómur á tannplanta

716 Heilgómasett á tannplanta í báðum gömum

721 Fódrun góms eða parts (relining)

722 Fódrun góms eða parts (rebasing)

723 Bráðabirgðafódrun góms

729 Stækkun á plastparti um eina eða fleiri tennur

731 Stækkun á stálperti um eina eða fleiri tennur

733 Varanleg mjúkfódrun

736 Viðgerð á stálperti

740 Fódrun plantagóms

742 Laus tanngervi merkt með kennitölu

744 Lagfæringar á lausum tanngervum úr plasti vegna særinda í slímhúð. Aðeins greitt ef meira en 1 ár er síðan tanngervi var smíðað. Endurgreiðist mest þrisvar á ári.

760 Viðgerð á lausum tanngervum úr plasti

Bitlækningar og bittæki

Almennt:

Endurgreiðsla TR miðast við að í verði gjaldliða í flokknum sé innifalið tannsmíði, efni, sendingarkostnaður og annað, til fullra loka verksins. Gjaldliði, aðra en 926, skal skrá á númer svæðis; 01 eða 02. Íþróttahlífarskinnur o.þ.h. greiðast ekki samkvæmt gjaldliðum flokksins.

921 Gnístursplata, bithækkunarplata

922 Hörð bitspelka. Endurgreiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

923 Mjúk bithlíf

926 Bitslípun

931 Þvingunarbitsplata. Endurgreiðist aðeins á tannskiptaaldri og mest einu sinni. Öll aðlögun, eftirmeðferð og lok meðferðar er innifalið. Engir aðrir gjaldliðir greiðast vegna meðferðarinnar. Varðveita skal afsteypur af stöðu tanna fyrir og eftir meðferð í a.m.k. 3 ár frá því meðferð lýkur. Meðferðinni er ætlað að leiðrétta einfalda bitskekkju og koma með því í veg fyrir þörf á umfangsmeiri tannréttingum síðar. Meðferðin er því ekki upphaf tannréttinga. Endurgreiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

932 Krossbitsplata með þanskrúfu. Endurgreiðist aðeins á tannskiptaaldri og mest einu sinni. Öll aðlögun, eftirmeðferð og lok meðferðar er innifalið. Engir aðrir gjaldliðir greiðast vegna meðferðarinnar. Varðveita skal afsteypur af stöðu tanna fyrir og eftir meðferð í a.m.k. 3 ár frá því meðferð lýkur. Meðferðinni er ætlað að leiðrétta einfalda bitskekkju og koma með því í veg fyrir þörf á umfangsmeiri tannréttingum síðar. Meðferðin er því ekki upphaf tannréttinga. Endurgreiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

x90 Meðferð, ekki talin annars staðar, skv. umsókn. Í hverjum flokki gjaldskrárinnar er eitt gjaldnúmer sem notað er fyrir meðferð, sem ekki verður með góðu móti felld undir aðra gjaldliði, þegar Tryggingastofnun hefur samþykkt greiðsluþátttöku að undangenginni umsókn.

Fylgiskjal 2.

Sérfræðiálag.

Almennt: Fyrir meðferð, sem unnin er af viðurkenndum sérfræðingi í einhverri af eftirtöldum sérgreinum, er heimilt að endurgreiða allt að 20% herra gjald fyrir þá gjaldliði sem tilteknir eru við viðeigandi sérgrein.

Barnatannlækningar:	Allir gjaldliðir þegar tryggður sjúklingur er barn að aldri eða andlega þroskahamlaður.
Bitlækningar:	# 001-052, 060-090, 101, 921-990.
Munn- og kjálkaskurðlækningar:	# 001-052, 060-090, 101, 245, 250, 251, 301, 453, 457, 500-590.
Samfélagstannlækningar:	# 001-052, 060-090, 101-190.
Sýklafræði:	# 001-090, 101-190, 580.
Tann- og munn-gervallækningar:	# 001-052, 060-090, 101, 250, 251, 257, 258, 614-690, 701-790, 921, 926, 990.
Tannfylling og tannsjúkdómálækningar:	# 001-052, 060-090, 101-190, 201-290, 301, 306, 614, 650, 660.
Tannvegslækningar:	# 001-052, 060-090, 101, 104, 251, 406-490, 542-555, 557, 558, 570, 580.
Tannholslækningar:	# 001-052, 060-090, 101, 251, 301-390, 526, 528, 530, 570, 580.

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á hnetum og hnetuafurðum frá Kína.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á hnetum og hnetuafurðum sem upprunnar eru í Kína og ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

3. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn hnetur og hnetuafurðir til manneldis sem upprunnar eru frá Kína og falla undir eftirtalin tollskrárnúmer: 1202.1000, 1202.2000, 2008.1109.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum eftirlitsaðila um að varan innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

4. gr.

Vörusendingar, upprunnar í Kína, sem falla undir tollskrárnúmer nefnd í 3. gr. skulu hafa raðnúmer skráð á hverja einingu innan vörusendingarinnar og skal það samsvara því sem fram kemur á vottorði frá opinberum eftirlitsaðila. Þetta á við um vörusendingar sem sendar eru frá Kína eftir 1. september 2002.

5. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

6. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr., sbr. einnig 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsing þessi er sett með hliðsjón af ákvörðun nr. 2002/79/EB, sbr. ákvörðun nr. 2002/678/EB. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 210/2002 um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Kína.

Umhverfisstjórnuneytinu, 13. desember 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2003 fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

a) Orkugjald skv. vatnsmæli, Dalvík	kr.	39,37 pr. m ³
b) Orkugjald skv. vatnsmæli, Árskógsströnd	kr.	58,27 pr. m ³
c) Orkugjald skv. vatnsmæli, sundlaugar	kr.	15,74 pr. m ³
d) Mælagjald	kr.	14,14 pr. dag
e) Lokunargjald	kr.	2.705,00

Þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 25.000 m³ á ári er veittur 30% afsláttur af gjaldskrá af því magni sem umfram er 25.000 m³ á hvern máli.

4. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m ³ að utanmáli og heimæð allt að 50 m	kr.	137.566
og á m ³ þar yfir	kr.	173
og á m fram yfir 50 m	kr.	3.000

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimædagjald hitaveitu fyrir útihús tengdum landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti:

a. Mjólkurhús/fjós greiðir lámarksgjald	kr.	137.566
b. Fyrir hesthús að 700 m ³ skal greiða lámarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inntak.		

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 19. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks heimæðagjaldi hitaveitunnar.

5. gr.

Heimæðagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. september 2002, 277,6 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimæðagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

6. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni kr. 2.705.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest

samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hita-veitu Dalvíkur nr. 555, 18. október 1996, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. desember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á þurrkuðum fíkjum, heslihnetum, pistasíum, og afurðum úr þeim frá Tyrklandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á þurrkuðum fíkjum, heslihnetum, pistasíum, og afurðum úr þeim sem upprunnar eru frá Tyrklandi og ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

3. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn eftirtalin matvæli sem upprunnin eru frá Tyrklandi:

- Þurrkaðar fíkjur sem falla undir tollskrárnúmer 0804.2000.
- Heslihnetur sem falla undir tollskrárnúmer 0802.2100 eða 0802.2200.
- Pistasíur sem falla undir tollskrárnúmer 0802.5000.
- Blöndur af hnetum og þurrkuðum ávöxtum sem falla undir tollskrárnúmer 0813.5001 og 0813.5009, sem innihalda fíkjur, heslihnetur eða pistasíur.
- Unnar afurðir úr heslihnetum, fíkjum og pistasíum, þ.m.t. blöndur sem falla undir tollskrárnúmer 2008.1900.
- Fíkjudeig og heslihnetudeig sem falla undir tollskrárnúmer 2007.9900.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum eftirlitsaðila um að varan innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum eftirlitsaðila um að hún innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr., sbr. einnig 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsing þessi er sett með hliðsjón af ákvörðun nr. 2002/80/EB, sbr. breyting á henni nr. 2002/679/EB. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 211/2002 um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Tyrklandi.

Umhverfisstofnun, 13. desember 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ

um ráðstöfun afgangsvöru varnarliðsins.

1. gr.

Öll umsýsla er fylgir sölu á afgangsvörum varnarliðsins og liðsmanna þess, öðrum en byggingum og mannvirkjum, er í höndum sýslumannsembættisins á Keflavíkurlflugvelli.

Með afgangsvöru er átt við alla þá vöru, búnað, bifreiðar, tæki og mannvirki sem varnarliðið eða liðsmenn þess óska eftir að selja á Íslandi og hafa aflað til að sinna verkefnum varnarliðsins eða í einkaþágu og hefur verið undanþegin greiðslu opinberra gjalda með heimild í lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess og lögum nr. 82/2000, um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

2. gr.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins annast sölu á byggingum og mannvirkjum sem eru í eigu varnarliðsins og ekki telst nauðsynlegt að rífa, auk leigu eða sölu á landrymi vegna landsskila á varnarsvæðum í samræmi við reglur um ráðstöfun eigna ríkisins.

3. gr.

Sýslumannsembættið á Keflavíkurlflugvelli skal hafa eftirlit með sölu á allri annarri afgangsvöru frá varnarliðinu á Keflavíkurlflugvelli.

Sýslumannsembættið skal með sama hætti hafa eftirlit með sölu á bifreiðum, vélum, tækjum og búnaði sem liðsmenn varnarliðsins hafa flutt til landsins án greiðslu opinberra gjalda og óska að selja á Íslandi.

4. gr.

Sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli skal sinna innheimtu allra opinberra gjalda af sölu varnarliðsins eða liðsmanna þess, skv. 3. gr., á allri afgangsvöru, þar með töldum bifreiðum, vélum, tækjum og búnaði, til innlendra aðila. Við tollmeðferð slíks varnings skulu gilda ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, um vörur sem eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, hvað varðar tollverðsákvörðun, álagningu og innheimtu aðflutningsgjalda, lögveðsrétt, tolfertilit og refsíákvæði.

5. gr.

Sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli skal í samráði við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins setja nánari reglur um fyrirkomulag sölu afgangsvöru skv. 3. gr.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, sbr. lög nr. 106/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl. og öðlast gildi hinn 1. janúar 2003. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 227/1995, um Umsýslustofnun varnarmála.

Utanríkisráðuneytinu, 17. desember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu og viðarvörn.

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett til þess að takmarka notkun tiltekinna efnasambanda sem geta verið hættuleg heilsu manna eða skaðað umhverfið.

2. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til framleiðslu, innflutnings, sölu og notkunar eftirfarandi efna og vörutegunda:

1. Viðarvarnarefna sem í eru:

- | | | |
|-------------------------------------------------------------------------|-----------------------|------------|
| a) kvikasilfurs- eða arsensambönd, | | |
| b) pentaklórfenól, sölt þess og esterar | CAS-nr. ¹⁾ | 87-86-5 |
| c) eftirtalin efni og efnasambönd sem fengin eru við eimingu kolatjöru: | | |
| - kreósót | CAS-nr. | 8001-58-9 |
| - kreósótólía | CAS-nr. | 61789-28-4 |
| - naftalenólíur | CAS-nr. | 84650-04-4 |
| - kreósótólía, asenaftenþáttur | CAS-nr. | 90640-84-9 |

¹⁾ CAS-nr.: Chemical Abstract Service — Alþjóðleg númer efna og efnasambanda.

- | | | |
|-------------------------------------|---------|-------------|
| - eimingarafurðir við hátt hitastig | CAS-nr. | 65996-91-0 |
| - antrasenólía | CAS-nr. | 90640-80-5 |
| - kolatjörusýrur, óhreinsaðar | CAS-nr. | 65996-85-2 |
| - kreósót, viðartjara | CAS-nr. | 8021-39-4 |
| - lághitatjöruolíur, basískar | CAS-nr. | 122384-78-5 |
2. Málningar sem í er:
- a) blýkarbónat:
- | | | |
|------------------------------------------|---------|-----------|
| - PbCO_3 | CAS-nr. | 598-63-0 |
| - $2\text{PbCO}_3 \cdot \text{Pb(OH)}_2$ | CAS-nr. | 1319-46-6 |
- b) blýsúlfat:
- | | | |
|----------------------------|---------|------------|
| - PbSO_4 | CAS-nr. | 7446-14-2 |
| - Pb_xSO_4 | CAS-nr. | 15739-80-7 |
- c) kadmíum og efnasambönd þess.

II. KAFLI

Viðarvörn.

3. gr.

Viðarvarnarefni má einungis flytja til landsins, framleiða eða selja ef þau hafa verið skráð sem slík í samræmi við lög um eiturefni og hættuleg efni.

4. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota viðarvarnarefni sem í eru eftirtalin efnasambönd:

- a) kvikasilfurssambönd,
- b) arsensambönd.

Bann við notkun arsensambanda samkvæmt 1. mgr. tekur ekki til notkunar ólífrænna saltlausna, kopar-króm-arsen (CCA), í iðnfyrirækjum sem hafa sérstakan tækjabúnað þar sem notaður er þrýstingur eða lofttæmi til gegndreypingar á viði.

5. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota viðarvarnarefni sem í er meira en 0,1%²⁾ af pentaklórfenóli, söltum þess eða esterum.

6. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota viðarvarnarefni sem í eru eitt eða fleiri þeirra efna sem tiltekin eru í stafl. c), 1. tölul. 2. gr.

Bann skv. 1. mgr. tekur ekki til notkunar viðarvarnarefna í iðnaði eða notkunar fagmanna ef efnin innihalda minna en 0,005% af benzó(a)þýreni og/eða minna en 3% af vatnsleysanlegum fenólsamböndum, sjá þó 7. og 8. gr.

Óheimilt er að selja framangreind efni á almennum markaði. Þau má eingöngu selja eða dreifa í umbúðum sem eru a.m.k. 20 lítrar. Viðarvarnarefni þessi skulu merkt sérstaklega, auk annarra lögbundinna merkinga, með skýru og óafmáanlegu letri með eftirfarandi áletrun: „Eingöngu til nota í iðnaðarframleiðslu“.

²⁾ Hlutfall miðað við þyngd.

III. KAFLI Notkun viðar.

7. gr.

Óheimilt er að flytja inn, selja eða dreifa trjáviði sem meðhöndlaður hefur verið með efnun sem bönnuð eru samkvæmt ákvæðum 5. gr.

Óheimilt er að flytja inn, selja eða dreifa trjáviði sem meðhöndlaður hefur verið með efnun sem bönnuð eru samkvæmt ákvæðum 6. gr. nema til nota í samræmi við ákvæði 8. gr.

8. gr.

Nýjan trjávið sem meðhöndlaður hefur verið með viðarvarnarefnum, sbr. ákvæði 6. gr., má einungis nota í faglegum tilgangi og í iðnaði, t.d. í tengslum við samgöngur, raforkuflutninga og fjarskiptatækni, í girðingar, í landbúnaði (t.d. trjáplöntustoðir) og mannvirki við hafnir og siglingaleiðir.

Trjávið sem hefur verið meðhöndlaður með slíkri viðarvörn fyrir 1. janúar 2003 er heimilt að setja á endursölumarkað.

Trjávið, sem meðhöndlaður hefur verið með viðarvarnarefnum sbr. 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, er ekki heimilt að nota á eftirtöldum stöðum eða í eftirtalinn búnað:

- inni í byggingum hvort sem um er að ræða íbúðarhús, orlofshús eða vinnustaði,
- í leikföng,
- á leikvöllum,
- í almenningsgördum, á skemmtisvæðum og öðrum stöðum utanhúss þar sem hætta er á að viðurinn komist í snertingu við húð,
- í húsgögn til nota utanhúss,
- í flát sem ætluð eru til ræktunar,
- í umbúðir sem geta komist í snertingu við hráefni eða vörur sem ætlaðar eru til neyslu eða fódurs.

IV. KAFLI Málning.

9. gr.

Óheimilt er flytja inn, framleiða, selja eða dreifa málningarvörum sem í eru blýkarbónöt, blýsúlföt eða kadmíum og efnasambönd þess, sbr. 2. tölul. 2. gr., sjá þó ákvæði 3. mgr. þessarar greinar.

Í málningu sem inniheldur sink skal styrkur kadmíumleifa vera eins lítill og kostur er og ekki undir neinum kringumstæðum meiri en 0,1%.

Umhverfisráðherra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. varðandi málningu sem í eru blýkarbónöt eða blýsúlföt ef slíkt er talið nauðsynlegt vegna endurbyggingar og viðhalds á listmunum, sögulegum byggingum og innviðum þeirra. Undanþágan skal vera í samræmi við samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO) nr. 13 um notkun hvíts blýs og blýsúlfata í málningu.

V. KAFLI Eftirlit, málsmeðferð, viðurlæg og gildistaka.

10. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.

11. gr.

Um viðurlög við brotum gegn reglugerð þessari fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Einnig er höfð hlíðsjón af ákvæðum 4. tl. XV. kafla II. viðauka samnings um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslu-fyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna, ásamt breytingum í tilskipunum 89/677/EBE, 91/173/EBE, 91/338/EBE, 94/60/EB, 99/51/EB og 2001/90/EB.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2003. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 176/1998, um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu og viðarvörn, ásamt breytingum í reglugerð nr. 618/2000.

Umhverfisráðuneytinu, 16. desember 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um ríkisaðstoð (I).

1. gr.

Eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem vísað er til í liðum 1d, 1e og 1f í XV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XV. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

2. gr.

Reglugerðirnar og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 49, dags. 3. október 2002 (bls. 42), eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 16. desember 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

*Ingvi Már Pálsson.***Fylgiskjal.****ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 88/2002****frá 25. júní 2002****um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2001 frá 31. janúar 2001 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 66, 8.3.2001, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 12, 8.3.2001, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 10, 13.1.2002, bls. 30.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 10, 13.1.2002, bls. 33.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XV. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi komi aftan við lið 1c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3094/95):

„Aðstoð til menntunar

1d. **2001 R 0068:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar (Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 20).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Hugtakið „87. og 88. gr. EB-sáttmálans“ lesist „61. og 62. gr. EES-samningsins“.
- b) Hugtakið „aðildarríki“ lesist „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“.
- c) Ákvæði 1. gr. lesist „Þessi reglugerð gildir um aðstoð á öllum sviðum sem falla undir 61. til 64. gr. EES-samningsins“.
- d) Í a-lið 2. gr. lesist hugtakið „1. mgr. 87. gr. sáttmálans“ sem „1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- e) Í e-lið 2. gr. eiga orðin „eða bandalagið“ ekki við.
- f) Í 3. gr. lesist hugtakið „samrýmanlegt hinum sameiginlega markaði“ sem „samrýmanlegt framkvæmd EES-samningsins“.
- g) Í 3. gr. lesist hugtakið „3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ sem „3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“. Hugtakið 3. mgr. 88. gr. sáttmálans“ lesist sem „3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“.
- h) Í 2. og 3. mgr. 4. gr. lesist hugtökin „c-liður 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ og „a-liður 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ sem „c-liður 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“ og „a-liður 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- i) Í b-lið 6. mgr. 4. gr. lesist hugtakið „skrár bandalagsins“ sem „skrár á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til“.
- j) Í 2. mgr. 6. gr. lesist orðin „ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr.“ sem „ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.

Lágmarksaðstoð

1e. **2001 R 0069:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð (Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 30).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Hugtakið „87. og 88. gr. EB-sáttmálans“ lesist „61. og 62. gr. EES-samningsins“.
- b) Hugtakið „aðildarríki“ lesist „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“.
- c) Í 1. mgr. 1. gr. lesist orðin „öll svið“ sem „öll svið sem falla undir 61. til 64. gr. EES-samningsins“.

- d) Í stað a-liðar 1. gr. komi eftirfarandi:
„flutningsgeirinn og starfsemi sem tengist framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu á vörum sem taldar eru upp í viðbæti við þennan viðauka og falla undir gildissvið samningsins.“
- e) Í 1. mgr. 2. gr. lesist hugtökin „1. mgr. 87. gr. sáttmálans“ og „3. mgr. 88. gr. sáttmálans“ sem „1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“ og „3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.“

Ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja

- 1f. **2001 R 0070:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (Stjtíð. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Hugtakið „87. og 88. gr. EB-sáttmálans“ lesist „61. og 62. gr. EES-samningsins“.
 - b) Hugtakið „aðildarríki“ lesist „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“.
 - c) Hugtakið „framkvæmdastjórnin“ lesist „þar til bær eftirlitsstofnun eins og hún er skilgreind í 62. gr. EES-samningsins“.
 - d) Hugtakið „1. mgr. 87. gr. sáttmálans“ lesist „1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
 - e) Hugtakið „3. mgr. 88. gr. sáttmálans“ lesist „3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“.
 - f) Í 1. mgr. 1. gr. lesist orðin „bandalagsreglugerðir eða tilskipanir samkvæmt EB-sáttmálanum“ sem „reglur samkvæmt EES-samningnum“. Orðin „öll svið“ lesist „öll svið sem falla undir 61. til 64. gr. EES-samningsins“.
 - g) Í stað a-liðar 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:
„starfsemi sem tengist framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu á vörum sem taldar eru upp í viðbæti við þennan viðauka og falla undir gildissvið samningsins.“
 - h) Í 3. gr. og 5. gr. lesist orðin „samrýmanlegt hinum sameiginlega markaði“ sem „samrýmanlegt framkvæmd EES-samningsins“.
 - i) Í 3. mgr. 4. gr. lesist hugtakið „c-liður 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ sem „c-liður 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“. Hugtakið „a-liður 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ lesist sem „a-liður 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
2. Eftirfarandi bætist við í lok XV. viðauka:

„VIÐBÆTIR

Skrá yfir vörur sem vísað er til í aðlögunarlið d) í lið 1e og aðlögunarlið g) í lið 1f í XV. viðauka

Númer í Brussel-tollnafnaskránni	Vörulýsing
1. kafli	Lifandi dýr
2. kafli	Kjöt og ætir hlutar af dýrum
3. kafli	Fiskur, krabbadýr og lindýr
4. kafli	Mjólkurafurðir; fuglaegg; náttúrlegt hunang
5. kafli	
05.04	Þarmar, blöðrur og magar úr dýrum (þó ekki úr fiski), heilt og í stykkjum
05.15	Vörur úr dýraríkinu, ót.a.; dauð dýr í 1. eða 3. kafli, óhæf til manneldis
6. kafli	Lifandi tré og aðrar plöntur; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og lauf til skrauts
7. kafli	Matjurtir og tiltekna rætur og hnýði
8. kafli	Ætir ávextir og hnetur; hýði af melónum eða sítrusávöxtum
9. kafli	Kaffi, te og krydd, þó ekki maté (vöruliður nr. 09.03)
10. kafli	Korn
11. kafli	Malaðar vörur; malt og sterkja; hveitiglúten; inúlín
12. kafli	Olíufrae og olíurík aldin; ýmiss konar sáðkorn, fræ og aldin; plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja; hálmur og fóður
13. kafli	
úr 13.03	Pektín
15. kafli	
15.01	Svínafeiti (þar með talin hreinsuð svínafeiti (Lard)) og alifuglafeiti
15.02	Fita af nautgripum, kindum eða geitum; tólg (þar með talið „premier jus“) framleitt úr slíkri feiti
15.03	Svínafeitisterín, tólgarsterín, oleólía, svínaolía og tólgarolía, ekki gert að fleyti, eða unnið á annan hátt
15.04	Feiti og olíur, úr fiski eða sjávarspendýrum, einnig hreinsuð
15.07	Órokgjarnar jurtaolíur, í fljótandi eða föstu formi, hráar, hreinsaðar eða unnar
15.12	Feiti eða olíur, hertar, úr dýra- eða jurtaríkinu, einnig hreinsaðar en ekki frekar unnar
15.13	Smjörlíki, svínafeitilíki og önnur feiti til matar
15.17	Leifar sem falla til við meðferð á feitiefnum eða dýra- eða jurtavaxi

Númer í Brussel- tollnafnaskránni	Vörulýsing
16. kafli	Framleiðsla úr kjöti, fiski, krabbadýrum eða lindýrum
17. kafli 17.01 17.02 17.03 17.05	Reyr- eða rófusukur í föstu formi Annar sykur; sykursíróp; gervihunang, einnig blandað náttúrlegu hunangi; karamel Melassi, einnig aflitaður Sykur með bragðefnum eða litarefnum, síróp og melassi, þó ekki ávaxtasafi með viðbættum sykri
18. kafli 18.01 18.02	Kakaóbaunir, heilar eða muldar, hráar eða brenndar Kakaóskurn, kakaóhýði, kakaóskæni og annar kakaóúrgangur
20. kafli	Framleiðsla úr matjurtum, ávöxtum, hnetum eða öðrum plöntuhlutum
22. kafli 22.04 22.05 22.07 úr 22.08 úr 22.09 22.10	Þrúguþykkni í gerjun eða þar sem gerjun sem hefur verið stöðvuð á annan hátt en með íblöndun alkóhóls Vín úr nýjum þrúgum; þrúguþykkni þar sem gerjun sem hefur verið stöðvuð með íblöndun alkóhóls Aðrar gerjaðar drykkjarvörur (t.d. eplavín, peruvín, mjöður) Etýlalkóhól eða hlutlausir brenndir drykkir, einnig mengað, óháð styrkleika, framleitt úr landbúnaðarvörum, sem taldar eru upp í þessum viðauka, þó ekki líkkjörar og aðrir brenndir drykkir og alkóhól-blöndur (óblandaður útdráttur) til að framleiða drykkjarvörur Edik og edikslíki
23. kafli	Leifar og úrgangur frá matvælaframleiðslu; unnið skepnufóður
24. kafli 24.01	Óunnið tóbak; tóbaksúrgangur
45. kafli 45.01	Náttúrlegur korkur, óunninn, brotinn, kurlaður eða malaður korkur; korkúrgangur
54. kafli 54.01	Hör óunninn eða forunninn en ekki spunninn; hörruddi og hörúrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætlur)
57. kafli 57.01	Hampur (<i>Cannabis sativa</i> L), óunninn eða forunninn en ekki spunninn; hampruddi og hampurúrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætlur)

2. gr.

Texti reglugerða EB nr. 68/2001, 69/2001 og 70/2001 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

P. Westerlund

Ritarar

sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 68/2001

frá 12. janúar 2001

um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 frá 7. maí 1998 um beitingu 92. og 93. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins um tiltekna flokka láréttrar ríkisaðstoðar ⁽¹⁾, einkum iv-lið a-liðar 1. mgr. 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 994/98 er framkvæmdastjórninni heimilað að lýsa því yfir, í samræmi við 87. gr. sáttmálans, að við tilteknar aðstæður sé aðstoð til menntunar samrýmanleg sameiginlega markaðnum og falli ekki undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningaskyldu.
 - 2) Framkvæmdastjórnin hefur beitt 87. og 88. gr. sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar í mörgum ákvörðunum og hefur einnig sett fram stefnu sína, nú síðast í bandalagsramma um aðstoð til menntunar ⁽³⁾. Til að tryggja skilvirkt eftirlit og til að einfalda stjórnun án þess að draga úr eftirliti framkvæmdastjórnarinnar er rétt, í ljósi þess að framkvæmdastjórnin hefur mikla reynslu af að beita þessum greinum gagnvart aðstoð til menntunar, að hún nýti sér það vald sem henni er falið með reglugerð (EB) nr. 994/98.
 - 3) Til að unnt sé að koma á gagnsæri og samfelldri stefnumótun í öllum starfsgreinum þarf gildissvið þessarar reglugerðar að vera eins vítt og unnt er og ná til landbúnaðar, fiskveiða og eldis og ræktunar í sjó og vatni.
 - 4) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á möguleika aðildarríkjanna á því að tilkynna um aðstoð til menntunar. Framkvæmdastjórnin mun meta slíkar tilkynningar, einkum í ljósi viðmiðanna sem koma fram í þessari reglugerð eða í samræmi við gildandi viðmiðunarreglur og ramma bandalagsins ef slíkar reglur og ramar eru til. Eins og sakir standa á þetta við um starfsemi sem tengist framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu varanna sem eru skráðar í I. viðauka við sáttmálann og á sviði sjóflutninga. Rammaákvæðin um aðstoð til menntunar skulu felld úr gildi
- 5) Með tilliti til gagnsæis er rétt að hafa í huga að samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 51. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1257/1999 frá 17. maí 1999 um stuðning við byggingarþróun í dreifbýli frá þróunar- og ábyrgðarsjóði evrópsks landbúnaðar (EAGGF) og um breytingu og niðurfellingu tiltekinnar reglugerðar ⁽⁴⁾ gilda 87. til 89. gr. sáttmálans ekki um fjárframlög sem aðildarríkin veita vegna ráðstafana sem falla undir bandalagsstuðning til menntunar skv. 9. gr. þessarar reglugerðar.
 - 6) Með tilliti til gagnsæis er rétt að undirstrika að þessi reglugerð skal einungis gilda um menntunarráðstafanir sem eru ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans. Margar ráðstafanir vegna menntunar falla ekki undir þá grein en flokkast undir almennar ráðstafanir vegna þess að þær standa öllum fyrirtækjum í öllum starfsgreinum til boða án mismununar og vegna þess að yfirvöldin, sem beita ráðstöfununum, hafa ekki ákvörðunarrétt, t.d. almennar skattaávilnanir, svo sem sjálfvirkur skattafsláttur sem stendur öllum fyrirtækjum til boða sem fjárfesta í menntun starfsmanna sinna. Aðrar menntunarráðstafanir falla ekki undir gildissvið 1. mgr. 87. gr. sáttmálans vegna þess að þær koma fólki beint til góða alls staðar og veita tilteknum fyrirtækjum eða starfsgreinum engan ávinning öðrum fremur. Sem dæmi má nefna skólamenntun og grunnþjálfun (svo sem nám lærlinga og blandað kerfi vinnu og náms), menntun eða endurmenntun atvinnulausra, þ.m.t. starfsþjálfun í fyrirtækjum og ráðstafanir sem beinast beint að starfsmönnum eða jafnvel tilteknum hópum starfsmanna og veita þeim tækifæri til að fá menntun sem tengist ekki fyrirtækinu eða atvinnugreininni þar sem þeir stunda vinnu (t.d. með „námsreikningi“). Á hinn bóginn ber að hafa í huga að ekki er litið á framlag frá sérgreinasjóðum sem einkafjármagn ef ríkið hefur gert slíka sjóði að skyldu heldur telst það ríkisfjármagn í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans.
 - 7) Samkvæmt þessari reglugerð skal veita undanþágu fyrir alla aðstoð þar sem allar viðeigandi kröfur í þessari reglugerð eru uppfylltar og fyrir öll aðstoðarkerfi, að því tilskildu að aðstoðin, sem hægt er að veita samkvæmt slíku kerfi, uppfylli allar viðeigandi kröfur samkvæmt reglugerðinni. Til að tryggja skilvirkt eftirlit og til að einfalda stjórnun án þess að draga úr eftirliti framkvæmdastjórnarinnar skal skýr tilvísun í þessa reglugerð fylgja með aðstoð og stökum styrkveitingum sem eru ekki hluti af aðstoðarkerfi.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 142, 14.5.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtuð. EB C 89, 28.3.2000, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtuð. EB C 343, 11.11.1998, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtuð. EB L 160, 26.6.1999, bls. 80.

- 8) Til að útiloka mismun sem gæti valdið röskun á samkeppni og til að auðvelda samræmingu milli mismunandi framtaksverkefna bandalagsins og einstakra landa, sem snertir lítil og meðalstór fyrirtæki, svo og vegna stjórnunarlegs skýrleika og réttaröryggis, skal skilgreiningin á „litlum og meðalstórum fyrirtækjum“, sem er notuð í þessari reglugerð, vera sú sama og mælt er fyrir um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB frá 3. apríl 1996 um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum⁽¹⁾.
- 9) Til að ákvarða hvort aðstoð sé samrýmanleg sameiginlega markaðnum samkvæmt þessari reglugerð er nauðsynlegt að taka tillit til umfangs aðstoðarinnar og þar með fjárhæðarinnar sem er veitt til aðstoðar og tilgreind sem styrkigildi. Við útreikning á styrkigildi aðstoðar, sem skipta má í nokkrar greiðslur, og útreikning á aðstoð í formi hagstæðra lána er nauðsynlegt að nota markaðsvexti sem eru í gildi þegar lánið er veitt. Til að tryggja samræmda og einfalda beitingu reglna um ríkisaðstoð skal líta svo á að markaðsvextir séu viðmiðunarvextir að því er varðar þessa reglugerð, að því tilskildu að venjuleg trygging sé sett fyrir hagstæðum lánum og að þau hafi ekki í för með sér óeðlilega áhættu. Viðmiðunarvextir skulu vera í samræmi við það sem framkvæmdastjórnin ákveður með ákveðnu millibili á grundvelli hlutlegra viðmiðana og er birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og á Netinu.
- 10) Menntun skilar yfirleitt jákvæðum áhrifum út í samfélagið þar eð hún eykur fjölda hæfra starfsmanna, sem kemur öðrum fyrirtækjum til góða, eykur samkeppnishæfni atvinnugreina í bandalaginu og gegnir mikilvægu hlutverki að því er varðar áætlanir í atvinnuáætlunum. Þar eð fyrirtæki í bandalaginu fjárfesta almennt of lítið í menntun starfsmanna sinna getur ríkisaðstoð stuðlað að því að lagfæra þessa vöntun á markaðnum og má því líta svo á að aðstoðin geti samrýmt sameiginlega markaðnum við sérstakar aðstæður og verið undanþegin fyrirframtilkynningu af þeirri ástæðu.
- 11) Til að tryggja að ríkisaðstoð takmarkist við það lágmark sem er nauðsynlegt til að ná markmiði bandalagsins, sem markaðsöflin ein og sér getu ekki áorkað, skal miða leyfilegt umfang undanþeginnar aðstoðar við þá tegund menntunar sem er veitt, stóð fyrirtækisins og landfræðilega staðsetningu þess.
- 12) Almenn menntun veitir hæfi sem unnt er að yfirfæra og eykur verulega ráðningarhæfi þess starfsmanns sem nýtur hennar. Aðstoð í þeim tilgangi hefur minni áhrif til röskunar á samkeppni og veldur því að unnt er að líta svo á að aðstoð í verulegum mæli sé samrýmanleg sameiginlega markaðnum og undanþegin kröfunni um fyrirframtilkynningu. Hins vegar hefur sérstök menntun, sem aðallega kemur fyrirtekni til góða, í för með sér meiri hættu á samkeppnisröskun svo að umfang aðstoðar, sem telja má að sé samrýmanlegt og undanþegið kröfunni um fyrirframtilkynningu, ætti að vera miklu minna.
- 13) Í ljósi þeirra óþæginda, sem lítil og meðalstór fyrirtæki standa frammi fyrir og hlutfallslega aukins kostnaðar sem þau þurfa að bera þegar þau fjárfesta í menntun starfsmanna sinna, skal umfang þeirrar aðstoðar, sem er undanþegin tilkynningaskyldunni samkvæmt þessari reglugerð, aukið að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.
- 14) Á svæðum, sem njóta aðstoðar skv. a- og c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans, hefur menntun tiltölulega meiri áhrif út á við vegna þess að veruleg vöntun er á fjárfestingu í menntun á þessum svæðum og atvinnuleysisshlutfall herra. Þar af leiðandi ber að auka umfang aðstoðar, sem er undanþegið samkvæmt þessari reglugerð, á þessum svæðum.
- 15) Menntun í sjóflutningageiranum er sérstaks eðlis og því þarf að beita sérstökum aðferðum í þeirri starfsgrein.
- 16) Rétt er að framkvæmdastjórnin leggi áfram sérstakt mat á stórar fjárhæðir til aðstoðar áður en þær koma til framkvæmda. Þess vegna skulu fjárhæðir, sem er veitt til aðstoðar og fara yfir fasta fjárhæð sem festa ætti við 1 000 000 evrur, vera undanskildar undanþágunni sem kveðið er á um í þessari reglugerð og kröfur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans skulu gilda áfram um þær.
- 17) Undanþága samkvæmt þessari reglugerð skal ekki taka til aðstoðar sem leggst við aðra ríkisaðstoð, t.d. aðstoð sem innlend yfirvöld eða svæða- og staðaryfirvöld veita, eða bandalagsaðstoð í tengslum við sama styrkhæfa kostnaðinn ef slík uppsöfnun fer yfir efri mörkin sem eru ákveðin í þessari reglugerð.
- 18) Til að tryggja gagnsæi og skilvirkt eftirlit í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 994/98 er rétt að tekin verði upp stöðluð framsetning þar sem aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni upplýsingar í stuttu máli til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í hvert sinn sem aðstoðarkerfi er hrundið í framkvæmd eða stök aðstoð utan slíkra kerfa veitt samkvæmt þessari reglugerð. Af sömu ástæðu er rétt að setja reglur um skrárnar sem aðildarríkin eiga að halda varðandi aðstoðina sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð. Að því er varðar árlegu skýrslurnar, sem aðildarríkjunum ber að leggja fram hjá framkvæmdastjórninni, er rétt að framkvæmdastjórnin setji fram kröfur sínar varðandi þær, þ.m.t. upplýsingar í tölvutæku formi þar eð aðgangur að nauðsynlegri tækni er almennt auðveldur.

(1) Stjórn. EB L 107, 30.4.1996, bls. 4.

19) Með tilliti til reynslu framkvæmdastjórnarinnar, einkum af því að yfirleitt reynist nauðsynlegt að endurskoða stefnu um ríkisaðstoð, er rétt að takmarka gildistíma þessarar reglugerðar. Falli þessi reglugerð úr gildi án þess að gildistímin sé framlengdur skulu aðstoðarkerfi, sem þegar hafa fengið undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, vera áfram undanþegin í sex mánuði.

SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um aðstoð í öllum starfsgreinum, þ.m.t. starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu varanna sem eru skráðar í I. viðauka við sáttmálann.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „aðstoð“: allar ráðstafanir sem samræmast viðmiðunum sem mælt er fyrir um í l. mgr. 87. gr. sáttmálans;
- b) „lítill og meðalstór fyrirtæki“: fyrirtæki sem eru skilgreind í I. viðauka;
- c) „stór fyrirtæki“: fyrirtæki sem falla ekki undir skilgreininguna á litlum og meðalstórum fyrirtækjum í I. viðauka;
- d) „sérmenntun“: menntun sem felur í sér fræðslu sem nýtist beinlínis og fyrst og fremst í núverandi starfi eða framtíðarstarfi starfsmannsins í fyrirtæki, sem nýtur aðstoðar, og veitir hæfni sem er ekki eða aðeins að litlu leyti yfirferanleg yfir á önnur fyrirtæki eða starfssvið;
- e) „almenn menntun“: menntun sem felur í sér fræðslu sem nýtist ekki eingöngu eða fyrst og fremst í núverandi starfi eða framtíðarstarfi starfsmannsins í fyrirtækinu sem nýtur aðstoðar en veitir hæfni sem er að miklu leyti yfirferanleg yfir á önnur fyrirtæki eða starfssvið og eykur því að verulegu leyti ráðningarahæfi starfsmannsins. Menntun telst vera „almenn“ ef hún er t.d.,
 - skipulögð sameiginlega af mismunandi, óháðum fyrirtækjum eða ef starfsmenn mismunandi fyrirtækja geta aflað sér þessarar menntunar,
 - viðurkennd, vottuð eða metin af opinberum yfirvöldum eða aðilum eða af öðrum aðilum eða stofnunum sem aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hefur veitt nauðsynlegt umboð á þessu sviði;
- f) „umfang aðstoðar“: brúttófjárhæðin, sem er veitt til aðstoðar, tilgreind sem hlutfall af styrkhæfum kostnaði verkefnisins. Allar tölur, sem eru notaðar, skulu tilgreindar án frádráttar vegna staðgreiðslu skatta. Þegar aðstoð er veitt í öðru formi en sem styrkur skal fjárhæðin, sem er veitt til aðstoðarinnar, jafngilda aðstoð í formi styrks. Aðstoð, sem er skipt í nokkrar

greiðslur, skal reiknuð til núvirðis þegar hún er veitt. Vextirnir, sem nota skal við núvirðisreikning og til að reikna út fjárhæðina sem veitt er til aðstoðar í formi hagstæðs láns, skulu vera gildandi viðmiðunarvextir á þeim tíma sem lánið er veitt;

g) „illa staddur starfsmaður“:

- ungir einstaklingar undir 25 ára aldri sem hafa ekki áður gegnt reglubundnu, launuðu starfi,
- einstaklingur með alvarlega fötlun af völdum líkamlegra, geðrænna eða sálrænna erfiðleika en þó fær um þátttöku á vinnumarkaðnum,
- farandlaunþegar sem flytjast eða hafa flust til bandalagsríkis eða hefja búsetu þar til að stunda starf og sem þurfa á starfs- eða tungumálamenntun að halda,
- einstaklingur sem vill hefja aftur störf eftir a.m.k. þriggja ára hlé, einkum einstaklingur sem hefur hætt í starfi vegna erfiðleika við að samræma vinnu og fjölskyldulíf á fyrstu sex mánuðunum eftir ráðningu,
- einstaklingur sem er eldri en 45 ára og hefur ekki lokið gagnfræðaskólamenntun eða hliðstæðri menntun,
- einstaklingur sem hefur verið atvinnulaus um langt skeið, þ.e. einstaklingur sem hefur ekki haft vinnu í 12 mánuði samfleytt á fyrstu sex mánuðunum eftir ráðningu.

3. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

1. Stök aðstoð, sem er ekki hluti af neinu aðstoðarkerfi og uppfyllir öll skilyrði þessarar reglugerðar, telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að henni fylgi skýr tilvísun í þessa reglugerð þar sem fram kemur titill hennar og tilvísun til birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

2. Aðstoðarkerfi, sem uppfylla öll skilyrði þessarar reglugerðar, teljast samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu:

- a) að aðstoð, sem unnt er að veita samkvæmt slíku kerfi, uppfylli öll skilyrði þessarar reglugerðar;
- b) að kerfinu fylgi skýr tilvísun í þessa reglugerð þar sem fram kemur titill hennar og tilvísun til birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

3. Aðstoð, sem er veitt sem hluti af kerfunum sem um getur í 2. mgr., skal samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli algerlega öll skilyrði þessarar reglugerðar.

4. gr.

Aðstoð til menntunar sem nýtur undanþágu

1. Aðstoðarkerfi og stök aðstoð til menntunar skal uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. til 7. mgr.

2. Þegar aðstoðin er veitt til sérmenntunar skal umfang hennar ekki fara yfir 25% þegar um stór fyrirtæki er að ræða og ekki yfir 35% þegar lítil og meðalstór fyrirtæki eiga í hlut.

Þetta umfang skal aukið um fimm prósentustig vegna fyrirtækja á svæðum sem falla undir svæðisbundna aðstoð skv. c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og um 10 prósentustig vegna fyrirtækja á svæðum sem falla undir svæðisbundna aðstoð skv. a-lið 3. mgr. 87. gr. í sáttmálanum.

3. Þegar aðstoðin er veitt til almennrar menntunar skal umfang hennar ekki fara yfir 50% þegar um stór fyrirtæki er að ræða og ekki yfir 70% þegar lítil og meðalstór fyrirtæki eiga í hlut.

Þetta umfang skal aukið um fimm prósentustig vegna fyrirtækja á svæðum sem falla undir svæðisbundna aðstoð skv. c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og um 10 prósentustig vegna fyrirtækja á svæðum sem falla undir svæðisbundna aðstoð skv. a-lið 3. mgr. 87. gr. í sáttmálanum.

4. Hámarksumfangið, sem um getur í 2. og 3. mgr., skal aukið um 10 prósentustig ef menntunin er veitt illa stöddum starfsmönnum.

5. Í tilvikum þar sem bæði sérmenntun og almenn menntun eru þættir í aðstoðarverkefninu, sem ekki er hægt að aðskilja við útreikning á umfangi aðstoðarinnar, og í tilvikum þar sem ekki er unnt að fastsetja hvort um er að ræða sérmenntun eða almenna menntun, skal umfangið, sem gildir fyrir sérmenntun skv. 2. mgr. gilda.

6. Þegar aðstoð er veitt í sjóflutningageiranum getur umfangið orðið 100% hvort sem menntunarverkefnið snertir sérmenntun eða almenna menntun, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- sá sem fær menntunina skal ekki vera virkur áhafnar-meðlimur heldur skal hann vera varamaður um borð, og
- menntunin skal fara fram um borð í skipum sem eru skráð í bandalaginu.

7. Aðstoðarhæfur kostnaður við menntunarverkefni skal vera:

- starfsmannakostnaður vegna kennara,
- ferðakostnaður kennara og nemenda,
- annar tilfallandi kostnaður, svo sem efni og búnaður,
- afskriftir af tækjum og búnaði sem er einungis notaður í menntunarverkefninu,
- kostnaður við leiðbeininga- og ráðgjafarþjónustu við-víkjandi menntunarverkefninu,
- starfsmannakostnaður vegna lærlings, allt að samantlagðri fjárhæð fyrir styrkhæfan kostnað samkvæmt liðum a til e. Einungis má reikna þann tíma sem lærlingur stundar í raun nám, að frádregnum virkum vinnustundum við framleiðslu eða samsvarandi.

Styrkhæfur kostnaður skal vera studdur skriflegum sönnunargögnum, gagnsæjum og sundurliðuðum.

5. gr.

Veiting stakrar aðstoðar í miklum mæli

Ekki skal beita undanþágu ef fjárhæð aðstoðar, sem er veitt einu fyrirtæki vegna eins menntunarverkefnis, fer yfir 1 000 000 evrur.

6. gr.

Uppsöfnun

1. Efri mörk aðstoðar, sem eru ákveðin í 4. og 5. gr., skulu gilda án tillits til þess hvort aðstoðin við verkefnið er eingöngu fjármögnuð af ríkinu eða hvort hún er fjármögnuð að hluta til af bandalaginu.

2. Aðstoð, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, má ekki bætast við neina aðra ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans eða við aðra fjármögnun bandalagsins í tengslum við sama styrkhæfa kostnaðinn ef slík uppsöfnun leiðir til þess að umfang aðstoðar fer yfir mörkin sem eru ákveðin í þessari reglugerð.

7. gr.

Gagnsæi og eftirlit

1. Við framkvæmd aðstoðarkerfis eða við veitingu stakrar aðstoðar utan slíks kerfis, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni útdrátt úr upplýsingum innan 20 virkra daga varðandi slíkt aðstoðarkerfi eða staka aðstoð til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu halda nákvæmar skrár yfir aðstoðarkerfi, sem njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, staka aðstoð, sem er veitt samkvæmt þessum kerfum, og staka aðstoð sem er utan allra núverandi aðstoðarkerfa og nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð. Í slíkum skráum skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að staðfesta að skilyrði fyrir undanþágu, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu uppfyllt. Aðildarríkin skulu halda skrá yfir staka aðstoð í 10 ár frá þeim degi sem hún er veitt og, að því er varðar aðstoðarkerfi, í 10 ár frá þeim degi sem síðasta staka aðstoðin er veitt samkvæmt slíku kerfi. Viðkomandi aðildarríki skal láta framkvæmdastjórninni í té, samkvæmt skriflegri beiðni og innan 20 virkra daga eða lengri tíma, sem er tilgreindur í beiðninni, allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegt að hafa til að geta metið hvort skilyrðin í þessari reglugerð hafi verið uppfyllt.

3. Aðildarríkin skulu taka saman skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar fyrir hvert heilt almanaksár eða hluta af því, sem þessi reglugerð gildir fyrir, í því formi sem mælt er fyrir um í III. viðauka og einnig í tölvutæku formi. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té slíka skýrslu eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tímabilinu, sem fjallað er um í skýrslunni, lýkur.

8. gr.

Gildistaka og gildistími

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún skal gilda til 31. desember 2006.

2. Við lok gildistíma þessarar reglugerðar skulu aðstoðarkerfi, sem njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, vera áfram á undanþágu í sex mánaða aðlögunartíma.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. janúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

—

I. VIÐAUKI

Skilgreining á litlum og meðalstórum fyrirtækjum

(útdráttur úr tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 96/280)EB frá 3. apríl 1996 um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjóð. EB L 107, 30.4.1996, bls. 4))

„I. gr.

1. Lítil og meðalstór fyrirtæki (SME) eru skilgreind sem fyrirtæki sem:
 - hafa færri en 250 starfsmenn, og
 - hafa annaðhvort,
 - ársveltu, sem fer ekki yfir 40 milljón evrur, eða
 - heildartala efnahagsreiknings fer ekki yfir 27 milljón evrur.
 - eru í samræmi við viðmiðunina fyrir óháð fyrirtæki sem skilgreind er í 3. mgr.
2. Ef nauðsynlegt reynist að greina á milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru lítil fyrirtæki skilgreind sem fyrirtæki sem:
 - hafa færri en 50 starfsmenn, og
 - hafa annaðhvort,
 - ársveltu, sem fer ekki yfir 7 milljón evrur, eða
 - heildartala efnahagsreiknings fer ekki yfir 5 milljón evrur.
 - eru í samræmi við viðmiðunina fyrir óháð fyrirtæki sem skilgreind er í 3. mgr.
3. Fyrirtæki teljast vera óháð ef ekki er meira en 25% af fjármagni eða atkvæðisrétti þeirra í eigu eins fyrirtækis eða, eftir atvikum, í sameign margra fyrirtækja sem eru hvorki lítil né meðalstór fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu. Fara má yfir þessi mörk í eltirfarandi tveimur tilvikum:
 - ef fyrirtækið er í eigu opinberra fjárfestingarfélaga, áhættufjármagnsfyrirtækja eða stofnanafjórfaða, að því tilskildu að þau stjórnir ekki fyrirtækinu, hvorki einstaklingsbundið né sameignlega,
 - ef fjármagnið dreifist á þann hátt að ekki sé mögulegt að ákvarða eignarhald á því og ef fyrirtækið lýsir því yfir að hægt sé með réttu að álykta að ekki séu meira en 25% þess í eigu eins fyrirtækis eða, eftir atvikum, í sameign margra fyrirtækja sem eru hvorki lítil né meðalstór fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu.
4. Við útreikning á mörkunum, sem um getur í 1. og 2. mgr., er því nauðsynlegt að leggja saman viðkomandi tölur varðandi fyrirtækið sem fær aðstoð og varðandi öll fyrirtækin sem það stjórnar, beint eða óbeint, gegnum eignarhald á 25% eða meira af fjármagni eða atkvæðisrétti.
5. Ef nauðsynlegt reynist að greina örfyrirtæki frá öðrum litlum og meðalstórum fyrirtækjum eru þau skilgreind sem fyrirtæki sem hafa færri en 10 starfsmenn.
6. Ef fyrirtæki fer yfir eða undir mörk um mannafla eða efri fjárhagsmörk á lokadegi efnahagsreiknings leiðir það því aðeins til þess að það öðlist eða glati þeirri stöðu að vera lítið/medalstórt fyrirtæki, meðalstórt fyrirtæki, lítið fyrirtæki eða örfyrirtæki ef það endurtekur sig í tvö fjárhagsár samfleytt.
7. Fjöldi starfsmanna samsvarar fjölda ársverka, þ.e. fjölda starfsmanna sem eru í fullu starfi á einu ári ásamt starfsmönnum í hlutastarfi og árstíðabundnu starfi sem reiknast sem brot af ársverkum. Nota skal síðasta, samþykktu uppgjörstímabil sem viðmiðunarár.
8. Mörk fyrir veltu og heildartölu efnahagsreiknings miðast við síðasta, samþykktu 12 mánaða uppgjörstímabil. Þegar um nýlega stofnuð fyrirtæki er að ræða þar sem reikningar hafa enn ekki verið samþykktir skal ákvarða mörkin á grundvelli áreiðanlegs mats sem hefur farið fram á fjárhagsárinu.“

II. VIÐAUKI

Framsetning á samantekt upplýsinga sem skal leggja fram í hvert sinn sem aðstoðarkerfi, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, kemur til framkvæmda og í hvert sinn sem stök aðstoð, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, er veitt utan aðstoðarkerfa

Samantekt upplýsinga um ríkisaðstoð sem er veitt samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001	
Samantekt upplýsinga sem tilgreina skal	Skýringar
Aðildarríki	
Svæði	Tilgreina skal heiti svæðisins ef yfirvald utan svæðis veitir aðstoðina.
Heiti aðstoðarkerfisins eða fyrirtækisins sem fær staka aðstoð	Tilgreina skal heiti aðstoðarkerfisins eða heiti þess sem fær aðstoðina ef um staka aðstoð er að ræða. Í síðara tilvikinu er ekki nauðsynlegt að leggja fram ársskýrslu árið eftir.
Lagaákvæði	Tilgreina skal nákvæmlega innlenda lagastoð fyrir aðstoðarkerfinu eða stöku aðstoðinni.
Áætluð ársútgjöld vegna kerfisins eða heildarfjárhæð stakrar aðstoðar sem fyrirtækinu er veitt	Fjárhæðir skulu gefnar upp í evrum eða í innlendum gjaldmiðli ef við á. Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða: skal tilgreina árlega heildarfjárhæð fjárveitingar eða áætlað skattatap á ári vegna allra tegunda aðstoðar sem kerfið nær yfir. Þegar um staka úthlutun aðstoðar er að ræða: skal tilgreina heildarfjárhæð aðstoðar/skattataps. Ef við á skal einnig tilgreina á hve mörg ár aðstoðin skiptist eða í hve mörg ár skattatap á sér stað. Að því er varðar ábyrgðir skal tilgreina (hæstu) fjárhæð tryggðra lána.
Mesta umfang aðstoðar	Tilgreina skal mesta umfang eða hámarksfjárhæð sem er veitt til aðstoðar fyrir hverja styrkhæfa einingu.
Dagsetning framkvæmdar	Tilgreina skal upphafsdag aðstoðar þegar um aðstoðarkerfi er að ræða eða daginn þegar stök aðstoð er veitt.
Gildistími aðstoðarkerfis eða stakrar aðstoðar	Tilgreina skal daginn (ár og mánuð) þegar aðstoð lýkur, ef um aðstoðarkerfi er að ræða, eða, þegar um staka aðstoð er að ræða og ef við á, daginn (ár og mánuð) sem reiknað er með að síðasta greiðsla fari fram.
Markmið aðstoðar	Þegar um aðstoð til menntunar er að ræða skal tilgreina hvort það er sérmenntun eða almenn menntun. Þegar um almenna menntun er að ræða skulu skrifleg sönnunargögn fylgja (t.d. lýsing á efni menntunarinnar) til að unnt sé að flokka hana sem almenna menntun.

Samantekt upplýsinga sem tilgreina skal	Skýringar
<p>Viðkomandi starfsgrein eða starfsgreinar:</p> <p><input type="checkbox"/> allar starfsgreinar</p> <p>eða</p> <p><input type="checkbox"/> landbúnaður</p> <p><input type="checkbox"/> fiskveiðar og eldi og ræktun í sjó og vatni</p> <p><input type="checkbox"/> kolavinnsla</p> <p><input type="checkbox"/> öll framleiðsla</p> <p>eða</p> <p><input type="checkbox"/> stáliðnaður</p> <p><input type="checkbox"/> skipasmíði</p> <p><input type="checkbox"/> syntetískar trefjar</p> <p><input type="checkbox"/> vélknúin ökutæki</p> <p><input type="checkbox"/> önnur framleiðsla</p> <p><input type="checkbox"/> öll þjónusta</p> <p>eða</p> <p><input type="checkbox"/> þjónustustarfsemi í sjóflutningum</p> <p><input type="checkbox"/> önnur flutningaþjónusta</p> <p><input type="checkbox"/> fjármálaþjónusta</p> <p><input type="checkbox"/> önnur þjónusta</p> <p>Athugasemdir:</p>	<p>Veljið af listanum ef við á</p>
Heiti og heimilisfang yfirvaldsins sem veitir aðstoð	
Aðrar upplýsingar	

III. VIÐAUKI

Framsetning skýrslunnar sem senda skal reglulega til framkvæmdastjórnarinnar

Framsetning ársskýrslu um aðstoðarkerfi sem falla undir reglugerð um hópundanþágu skv. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 994/98

Aðildarríkjunum ber að nota eftirfarandi framsetningu til þess að uppfylla þá skyldu sína að skila skýrslum til framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt reglugerðum um hópundanþágur sem hafa verið samþykktar á grundvelli reglugerðar ráðsins (EB) nr. 994/98.

Einnig skal skila skýrslunum í tölvutæku formi.

Upplýsingar sem krafist er fyrir öll aðstoðarkerfi sem falla undir reglugerðir um hópundanþágu skv. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 994/98

1. Heiti aðstoðarkerfis
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um undanþágur sem við á
3. Útgjöld

Leggja skal fram sundurliðaðar tölur vegna hverrar tegundar aðstoðar innan aðstoðarkerfis eða stakrar aðstoðar (t.d. styrks, hagstæðra lána o.s.frv.). Fjárhæðir skulu tilgreindar í evrum eða í innlendum gjaldmiðli ef við á. Þegar um útgjöld vegna skatta er að ræða verður að tilgreina árlegt skattatap. Ef nákvæm tala liggur ekki fyrir má áætla slíkt tap.

Gefa skal upp útgjaldatölur samkvæmt eftirfarandi:

Tilgreina skal sérstaklega tölur fyrir hverja tegund aðstoðar innan aðstoðarkerfisins (t.d. styrk, hagstæð lán o.s.frv.) fyrir árið sem um er að ræða:

- 3.1. Fjárhæðir skuldbindinga, (áætlað) skattatap eða annar tekjumissir, gögn um ábyrgðir o.s.frv. vegna nýrra verkefna sem njóta aðstoðar. Að því er varðar ábyrgðarkerfi skal tilgreina heildarfjárhæð nýrra ábyrgða sem hafa verið gefnar út.
- 3.2. Beinar greiðslur, (áætlað) skattatap eða annar tekjumissir, gögn um ábyrgðir o.s.frv. vegna nýrra og yfirstandandi verkefna. Að því er varðar ábyrgðarkerfi skal tilgreina eftirfarandi: heildarfjárhæð útistandandi ábyrgða, iðgjaldtekjur, endurgreiðslur, tryggingagreiðslur, rekstramiðurstöður kerfisins á því ári sem um er að ræða.
- 3.3. Fjöldi nýrra verkefna sem njóta aðstoðar.
- 3.4. Áætlaður heildarfjöldi starfa sem skapast eða er viðhaldið með nýjum verkefnum (ef við á).
- 3.5. Áætluð heildarfjárhæð fjárfestinga þar sem aðstoð er veitt með nýjum verkefnum.
- 3.6. Skipting fjárhæða eftir svæðum skv. lið 3.1, annaðhvort eftir svæðum, sem eru skilgreind sem 1. flokkur 2. stig eða lægra í flokkun hagskýrslusvæða (NUTS 1), eða eftir svæðum skv. a-lið 3. mgr. 87. gr., c-lið 3. mgr. 87. gr. og svæðum sem njóta ekki aðstoðar.

(¹) Flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) er flokkunarkerfi svæðisbundinna eininga vegna hagskýrslugerðar í EB.

3.7. Skiptingu fjárhæða eftir þáttum samkvæmt lið 3.1 eftir starfsgreinum styrkþega (ef um fleiri en eina starfsgrein er að ræða skal tilgreina hlut hverrar fyrir sig):

- landbúnaður,
- fiskveiðar og eldi og ræktun í sjó og vatni,
- kolavinnsla,
- framleiðsla,
 - þ.m.t.:
 - stáliðnaður
 - skipasmíði
 - syntetískar trefjar
 - vélknúin ökutæki
 - önnur framleiðsla (tilgreinið)
- þjónusta,
 - þ.m.t.:
 - þjónustustarfsemi í sjóflutningum
 - önnur flutningaþjónusta
 - fjármálaþjónusta
 - önnur þjónusta (tilgreinið)
- aðrar starfsgreinar (tilgreinið).

4. Aðrar upplýsingar og athugasemdir

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 69/2001

frá 12. janúar 2001

um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 frá 7. maí 1998 um beitingu 92. og 93. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins um tiltekna flokka lárétrar ríkisaðstoðar ⁽¹⁾, einkum 2. mgr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafamefnina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 994/98 er framkvæmdastjórninni heimilað að setja reglugerð þar sem mörk fyrir aðstoðarráðstafanir eru ákveðin og ráðstafanir undir þeim mörkum teljast ekki standast allar viðmiðanir í 1. mgr. 87. gr. sáttmálans og falla því ekki undir málsmeðferð við tilkynningar sem kveðið er á um í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur beitt 87. og 88. gr. sáttmálans og einkum skýrt, með allmörgum ákvörðunum, hugtakið aðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans. Framkvæmdastjórnin hefur einnig lýst yfir stefnu sinni að því er varðar efri mörk lágmarksaðstoðar, sem gert er ráð fyrir að ekki verði farið yfir við beitingu 1. mgr. 87. gr., nú síðast í orðsendingu varðandi lágmarksregluna um ríkisaðstoð ⁽³⁾. Í ljósi þessarar reynslu og með það að markmiði að auka gagnsæi og réttaröryggi er rétt að mælt verði fyrir um lágmarksregluna í reglugerð.
- 3) Í ljósi sérreglna, sem er beitt í starfsgreinunum landbúnaði, fiskveiðum, eldi og ræktun í sjó og vatni og flutningum, og þeirrar áhættu að jafnvel lítil aðstoð gæti uppfyllt viðmiðanir í 1. mgr. 87. gr. sáttmálans innan þessara starfsgreina, skal þessi reglugerð ekki gilda um þessar starfsgreinar.
- 4) Samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir ⁽⁴⁾ skal ekki veita undanþágur í þessari reglugerð varðandi aðstoð við útflutning eða aðstoð sem veitir innlendum vörum forgang fram yfir innfluttar vörur. Aðstoð, sem er veitt vegna þátttöku í kaupstefnum eða vegna rannsóknna eða ráðgjafarþjónustu sem er nauðsynleg til að setja nýja eða eldri framleiðsluvörur á nýjan markað, telst að jafnaði ekki vera aðstoð við útflutning.
- 5) Í ljósi reynslu framkvæmdastjórnarinnar er unnt að færa að því rök að aðstoð, sem fer ekki yfir 100 000 evrur á þriggja ára tímabili, hafi ekki áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og/eða raski ekki samkeppni eða valdi hættu á samkeppnisröskun og falli því ekki undir 1. mgr. 87. gr. sáttmálans. Umrétt þriggja ára tímabil er breytilegt svo að við hverja nýja veitingu lágmarksaðstoðar þarf að ákvarða heildarfjárhæð lágmarksaðstoðar sem hefur verið veitt á þremur næstliðnum árum. Líta skal svo á að lágmarksaðstoð sé veitt á þeim tíma sem rétt hafi fær lagalegan rétt til slíkrar aðstoðar. Lágmarksreglan hefur ekki áhrif á möguleika fyrirtækja á að fá aðra ríkisaðstoð, sem framkvæmdastjórnin heimilar eða sem fellur undir reglugerð um hópundanþágur, einnig fyrir sama verkefni.
- 6) Til að tryggja gagnsæi, jafna meðferð og rétta beitingu efri marka um lágmarksaðstoð þurfa aðildarríkin að beita sömu aðferð við útreikninga. Til að auðvelda þennan útreikning, og í samræmi við núgildandi venju við beitingu reglunnar um lágmarksaðstoð, er rétt að fjárhæðir, sem veitt er til aðstoðar, sem eru ekki í formi úthlutunar í reidufé, séu umreiknaðar yfir í jafngildi brúttófjárhæðarinnar sem er veitt til aðstoðar. Við útreikning á styrkgildi aðstoðar, sem skipta má í nokkrar greiðslur, og útreikning á aðstoð í formi hagstæðra lána er nauðsynlegt að nota markaðsvexti sem eru í gildi þegar lánið er veitt. Til að tryggja samræmda og einfalda beitingu reglna um ríkisaðstoð skal líta svo á að markaðsvextir séu viðmiðunarvextir að því er varðar þessa reglugerð, að því tilskildu að venjuleg trygging sé sett fyrir hagstæðum lánnum og hafi ekki í för með sér óeðlilega áhættu. Viðmiðunarvextir skulu vera í samræmi við það sem framkvæmdastjórnin ákveður með ákveðnu millibili á grundvelli hlutlegra viðmiðana og er birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og á Netinu.
- 7) Framkvæmdastjórninni ber skylda til að tryggja að reglur um ríkisaðstoð séu virtar og einkum að aðstoðin, sem er veitt samkvæmt reglum um lágmarksaðstoð, sé í samræmi við skilyrðin sem þar eru sett. Í samræmi við meginregluna um samstarf, sem mælt er fyrir um í 10. gr. sáttmálans, skulu aðildarríkin auðvelda framkvæmd þessa verkefnis með því að koma á fót nauðsynlegu kerfi til að tryggja að heildarfjárhæð, sem veitt er til aðstoðar sama styrkþega samkvæmt reglunni um lágmarksaðstoð, fari ekki yfir efri mörkin, sem eru 100 000 evrur, á þriggja ára tímabili. Þess vegna er rétt að aðildarríkin greini viðkomandi fyrirtæki frá því að um lágmarksaðstoð sé að ræða þegar þau veita slíka aðstoð, að þau fái allar upplýsingar um aðra

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 142, 14.5.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjóð. EB C 89, 28.3.2000, bls. 6.

⁽³⁾ Stjóð. EB C 68, 6.3.1996, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjóð. EB L 336, 23.12.1994, bls. 156.

lágmarksaðstoð sem fengist hefur á síðustu þremur árum og gæti þess vandlega að ekki sé farið yfir efri mörk lágmarksaðstoðar með nýju lágmarksaðstoðinni. Einnig má tryggja það, með því að halda miðlæga skrá, að efri mörkin séu virt.

- 8) Með hliðsjón af reynslu framkvæmdastjórnarinnar, einkum því hve oft almennt reynist nauðsynlegt að endurskoða stefnu um ríkisaðstoð, er rétt að takmarka gildistíma þessarar reglugerðar. Falli þessi reglugerð úr gildi án þess að gildistíminn sé framlengdur skulu aðildarríkin fá sex mánaða aðlögunartíma með tilliti til lágmarksaðstoðarkerfa sem falla undir þessa reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um aðstoð sem er veitt fyrirtækjum í öllum starfsgreinum nema:

- flutningageiranum og starfsemi sem tengist framleiðslu, vinnslu eða markaðssetningu vara sem eru skráðar í I. viðauka við sáttmálann;
- aðstoð við starfsemi sem tengist útflutningi, einkum aðstoð sem tengist beint útflutningsmagni, stofnun og rekstri dreifingarnets eða öðrum tilfallandi útgjöldum í tengslum við útflutning;
- aðstoð sem er skilyrt þannig að innlendar vörur séu teknar fram yfir innfluttar vörur.

2. gr.

Lágmarksaðstoð

1. Líta skal svo á að aðstoðarráðstafanir, sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr., standist ekki allar viðmiðanirnar í 1. mgr. 87. gr. sáttmálans og falla þær því ekki undir tilkynningaskylduna sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans.

2. Heildarfjárhæð lágmarksaðstoðar, sem er veitt einu fyrirtæki, skal ekki fara yfir 100 000 evrur á þriggja ára tímabili. Þessi efri mörk skulu gilda óháð formi og markmiðum aðstoðarinnar.

3. Efri mörkin, sem um getur í 2. mgr., skulu tilgreind sem úthlutun í reiðufé. Allar tölur, sem eru notaðar, skulu vera brúttótölur, þ.e. án frádráttar vegna staðgreiðslu skatta. Þegar aðstoð er veitt í öðru formi en sem styrkur skal

fjárhæðin, sem veitt er til aðstoðarinnar, jafngilda brúttóaðstoð í formi styrks.

Aðstoð, sem er greidd með nokkrum afborgunum, skal reiknuð til núvirðis á þeim tíma þegar hún er veitt. Vextimir, sem nota skal við núvirðisreikning og til að reikna út fjárhæðina sem er veitt til aðstoðarinnar í formi hagstæðs láns, skulu vera gildandi viðmiðunarvextir á þeim tíma sem styrkurinn er veittur.

3. gr.

Uppsöfnun og eftirlit

1. Þegar aðildarríki veitir fyrirtæki lágmarksaðstoð skal það upplýsa fyrirtækið um að aðstoðin sé lágmarksaðstoð og fá hjá fyrirtækinu allar upplýsingar um aðra lágmarksaðstoð sem það hefur fengið á næstliðnum þremur árum.

Aðildarríkin mega aðeins veita nýja lágmarksaðstoð eftir að hafa gengið úr skugga um að það hækki ekki heildarfjárhæð lágmarksaðstoðar, sem fengist hefur á viðkomandi þriggja ára tímabili, þannig að aðstoðin fari yfir efri mörkin sem sett eru fram í 2. mgr. 2. gr.

2. Ef aðildarríki hefur komið upp miðlægrri skrá yfir lágmarksaðstoð, sem í eru tæmandi upplýsingar um alla lágmarksaðstoð sem yfirvöld í því aðildarríki hafa veitt, gilda kröfumar í fyrstu undirgrein 1. mgr. ekki lengur þegar skráin nær yfir þriggja ára tímabil.

3. Aðildarríkin skulu skrá og taka saman allar upplýsingar varðandi beitingu þessarar reglugerðar. Í slíkum skráum skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að sýna fram á að skilyrðin í þessari reglugerð séu uppfyllt. Halda skal skrár varðandi staka lágmarksaðstoð í 10 ár frá þeim degi sem hún er veitt og, að því er varðar aðstoðarkerfi lágmarksaðstoðar, í 10 ár frá þeim degi sem síðasta staka aðstoðin er veitt samkvæmt slíku kerfi. Viðkomandi aðildarríki skal láta framkvæmdastjórninni í té, samkvæmt skriflegri beiðni og innan 20 virkra daga eða lengri tíma, sem er tilgreindur í beiðninni, allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegt að hafa til að geta metið hvort skilyrðin í þessari reglugerð hafi verið uppfyllt, einkum heildarfjárhæð þeirrar lágmarksaðstoðar sem fyrirtæki hefur fengið.

4. gr.

Gildistaka og gildistími

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún skal gilda til 31. desember 2006.

2. Við lok gildistíma þessarar reglugerðar skulu ákvæðin um lágmarksaðstoðarkerfi, sem falla undir þessa reglugerð, gilda áfram í aðlögunartíma sem er sex mánuðir.

Á aðlögunartímanum má beita þessum kerfum áfram samkvæmt skilyrðum þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. janúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 70/2001

frá 12. janúar 2001

um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 frá 7. maí 1998 um beitingu 92. og 93. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins um tiltekna flokka láréttar ríkisaðstoðar ⁽¹⁾, einkum í-lið a-liðar og b-lið 1. mgr. 1. gr.,að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 994/98 er framkvæmdastjórninni heimilað að lýsa því yfir, í samræmi við 87. gr. sáttmálans, að við tiltekna aðstæður sé aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki samrýmanleg sameiginlega markaðnum og falli ekki undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningaskyldu.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 994/98 er framkvæmdastjórninni einnig heimilað að lýsa því yfir, í samræmi við 87. gr. sáttmálans, að aðstoð, sem er í samræmi við kortið yfir veitingu svæðisbundinnar aðstoðar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fyrir hvert aðildarríki, sé samrýmanleg sameiginlega markaðnum og falli ekki undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningaskyldu.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur, í mörgum ákvörðunum, beitt 87. og 88. gr. sáttmálans gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum, bæði innan og utan svæða sem njóta aðstoðar, og hefur einnig sett fram stefnu sína, nú síðast í viðmiðunarreglum bandalagsins um ríkisaðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki ⁽³⁾ og í viðmiðunarreglum um innlenda, svæðisbundna aðstoð ⁽⁴⁾. Til að tryggja skilvirkt eftirlit og til að einfalda stjórnun án þess að draga úr eftirliti framkvæmdastjórnarinnar er rétt, í ljósi þess að framkvæmdastjórnin hefur mikla reynslu af að beita þessum greinum gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum og í ljósi hinna almennu texta er varða

lítill og meðalstór fyrirtæki og svæðisbundna aðstoð, sem framkvæmdastjórnin gefur út á grundvelli ákvæða þeirra, að hún nýti sér það vald sem henni er falið með reglugerð (EB) nr. 994/98.

- 4) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á möguleika aðildarríkanna á því að tilkynna um aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Framkvæmdastjórnin metur slíkar tilkynningar, einkum með hliðsjón af viðmiðuninum sem koma fram í þessari reglugerð. Afnefna ber viðmiðunarreglur um lítil og meðalstór fyrirtæki frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar þar eð efni þeirra er tekið upp í þessari reglugerð.
- 5) Lítil og meðalstór fyrirtæki gegna mikilvægu hlutverki við að skapa ný störf og stuðla almennt að félagslegum stöðugleika og drifkrafti í efnahagslífinu. Þróun þeirra kann þó að takmarkast af ófullkomleika markaðarins. Þau eiga oft í erfiðleikum með að fá fjármagn og lán vegna áhættutregðu tiltekinnna fjármálamarkaða og þess hve takmarkaðar tryggingar fyrirtækin geta lagt fram. Einnig getur takmarkað fjármagn þrengt aðgang þeirra að upplýsingum, einkum að því er varðar nýja tækni og möguleika á nýjum mörkuðum. Með tilliti til þessara atriða skal tilgangur aðstoðarinnar, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, vera að auðvelda þróun efnahagsstarfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, að því tilskildu að slík aðstoð hafi ekki óhagstæð áhrif á verslun í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum almennings.
- 6) Samkvæmt þessari reglugerð skal veita undanþágu fyrir alla aðstoð, þar sem allar viðeigandi kröfur í þessari reglugerð eru uppfylltar, og fyrir öll aðstoðarkerfi, að því tilskildu að aðstoðin, sem hægt er að veita samkvæmt slíku kerfi, uppfylli allar viðeigandi kröfur samkvæmt reglugerðinni. Til að tryggja skilvirkt eftirlit og til að einfalda stjórnun án þess að draga úr eftirliti framkvæmdastjórnarinnar skal skýr tilvísun í þessa reglugerð fylgja með aðstoð og stökum styrkveitingum sem eru ekki hluti af aðstoðarkerfi.
- 7) Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á beitingu sérreglna í reglugerðum og tilskipunum um ríkisaðstoð við tiltekna starfsgreinar, svo sem gildandi reglur um skipasmíði, og hún skal ekki gilda um landbúnað, fiskveiðar og eldi og ræktun í sjó og vatni.

⁽¹⁾ Sjútið. EB L 142, 14.5.1998, bls. 1.⁽²⁾ Sjútið. EB C 89, 28.3.2000, bls. 15.⁽³⁾ Sjútið. EB C 213, 23.7.1996, bls. 4.⁽⁴⁾ Sjútið. EB C 74, 10.3.1998, bls. 9.

- 8) Til að útloka mismun sem gæti valdið röskun á samkeppni og til að auðvelda samræmingu milli mismunandi framtaksverkefna bandalagsins og einstakra landa, sem snertir lítil og meðalstór fyrirtæki, svo og vegna stjórnunarlegs skýrleika og réttaröryggis skal skilgreiningin á „litlum og meðalstórum fyrirtækjum“, sem er notuð í þessari reglugerð, vera sú sama og mælt er fyrir um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB frá 3. apríl 1996 um skilgreiningu á „litlum og meðalstórum fyrirtækjum“⁽¹⁾. Sú skilgreining var einnig notuð í viðmiðunarreglum bandalagsins um ríkisaðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki⁽²⁾.
- 9) Í samræmi við fasta venju framkvæmdastjórnarinnar og í þeim tilgangi að tryggja betur að aðstoð sé í réttum hlutföllum og takmarkist við nauðsynlega fjárhæð skal setja mörkin fyrir umfang aðstoðar í réttu hlutfalli við styrkhæfan kostnað fremur en sem hámarksfjárhæð sem er veitt til aðstoðar.
- 10) Til að ákvarða hvort aðstoð sé samrýmanleg sameiginlega markaðnum samkvæmt þessari reglugerð er nauðsynlegt að taka tillit til umfangs aðstoðarinnar og þar með fjárhæðarinnar sem er veitt til aðstoðar og tilgreind sem styrkígildi. Við útreikning á styrkígildi aðstoðar, sem greiða má í nokkrum afborgunum, og útreikning á aðstoð í formi hagstæðra lána, er nauðsynlegt að nota markaðsverti sem eru í gildi þegar styrkurinn er veittur. Til að tryggja samræmda og einfalda beitingu reglna um ríkisaðstoð skal líta svo á að markaðsvertir, að því er varðar þessa reglugerð, séu viðmiðunarvertir að því tilskildu að sett sé venjuleg trygging fyrir hagstæðum lánum og að þau hafi ekki í för með sér óeðlilega áhættu. Viðmiðunarvertir skulu vera í samræmi við það sem framkvæmdastjórnin ákveður með ákveðnu millibili á grundvelli hlutlægra viðmiðana og er birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og á Netinu.
- 11) Með hliðsjón af muninum sem er á litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum skal setja mismunandi efri mörk fyrir umfang aðstoðar til lítilla fyrirtækja og meðalstórra fyrirtækja.
- 12) Í ljósi reynslu framkvæmdastjórnarinnar er rétt að setja efri mörk fyrir umfang aðstoðar á þann hátt að jafnvægi sé á milli þess markmiðs að halda samkeppnisröskun í starfsgreininni, sem nýtur aðstoðar, í lágmarki og markmiðsins að auðvelda þróun efnahagsstarfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- 13) Rétt er að setja frekari skilyrði sem þarf að uppfylla í tengslum við öll aðstoðarkerfi og staka aðstoð sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð. Samkvæmt c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans skal slík aðstoð að jafnaði hafa þann tilgang einan að draga, samfellt eða í áföngum, úr rekstrarkostnaði sem styrkþegi þarf venjulega að bera og skal hún vera í réttu hlutfalli við þann vanda sem þarf að leysa til að tryggja félagshagfræðilegan ávinning sem telst vera hagur bandalagsins. Þess vegna er rétt að takmarka gildissvið þessarar reglugerðar við aðstoð sem er veitt í tengslum við ákveðnar efnislegar og óefnislegar fjárfestingar, ákveðna þjónustu sem er veitt styrkþegum og aðra tiltekna starfsemi. Vegna umframgetu bandalagsins í flutningageiranum, þegar frá eru talin járnbrautarfarartæki, skulu flutningateki og -búnaður ekki talin með styrkhæfum fjárfestingarkostnaði fyrirtækja sem hafa mestu efnahagsumsvif sín í flutningageiranum.
- 14) Með þessari reglugerð skal aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja njóta undanþágu, án tillits til staðsetningar. Fjárfesting og ný störf geta stuðlað að efnahagsþróun á illa settum svæðum í bandalaginu. Lítil og meðalstór fyrirtæki á þessum svæðum eiga í vanda bæði vegna erfiðleika við uppbyggingu vegna staðsetningar og vegna smáðar. Því er rétt að hærri efri mörk komi litlum og meðalstórum fyrirtækjum til góða á svæðum sem njóta aðstoðar.
- 15) Til að auka ekki hlut fjármagnsþáttarins í fjárfestingu á kostnað verkþáttarins skal mæla fyrir um ráðstafanir til að unnt sé að meta aðstoð við fjárfestingu á grundvelli annaðhvort fjárfestingarkostnaðar eða kostnaðar vegna nýráðninga í tengslum við framkvæmd fjárfestingarverkefnisins.
- 16) Samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um styrki og jöfnunarráðstafanir⁽³⁾ skal ekki veita undanþágu í þessari reglugerð varðandi aðstoð við útflutning eða aðstoð sem veitir innlendum vörum forgang fram yfir innfluttar vörur. Aðstoð, sem er veitt vegna þátttöku í kaupstefnum eða vegna rannsóknar eða ráðgjafarþjónustu sem er nauðsynleg til að setja nýja eða eldri framleiðsluvöru á nýjan markað, telst að jafnaði ekki vera aðstoð við útflutning.
- 17) Með tilliti til þess að jafnvægi þarf að vera á milli þess markmiðs að halda samkeppnisröskun í lágmarki í starfsgreinum, sem njóta aðstoðar, og markmiða þessarar reglugerðar ætti stök aðstoð, sem er yfir fastrí hámarksfjárhæð, ekki að njóta undanþágu, hvort sem hún er veitt samkvæmt aðstoðarkerfi sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð eða ekki.

⁽¹⁾ Stjórn. EB L 107, 30.4.1996, bls. 4.

⁽²⁾ Sjá 3. mgr.

⁽³⁾ Stjórn. EB L 336, 23.12.1994, bls. 156.

- 18) Til að tryggja að aðstoðarinnar sé þörf og hún hafi í för með sér hvata til að þróa tiltekna starfsemi er rétt að starfsemi, sem styrkþegi rekur nú þegar við markaðsaðstoður eingöngu, njóti ekki undanþágu samkvæmt þessari reglugerð.
- 19) Undanþága samkvæmt þessari reglugerð skal ekki taka til aðstoðar sem leggst við aðra ríkisaðstoð, t.d. aðstoð sem innlend yfirvöld eða svæða- og staðaryfirvöld veita, eða bandalagsaðstoð í tengslum við sama styrkhæfa kostnaðinn ef slík uppsöfnun fer yfir efri mörkin sem eru ákveðin í þessari reglugerð.
- 20) Til að tryggja gagnsæi og skilvirkt eftirlit í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 994/98 er rétt að tekin verði upp stöðluð framsetning þar sem aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar í stuttu máli til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í hvert sinn sem aðstoðarkerfi er hrundið í framkvæmd eða stök aðstoð utan slíkra kerta veitt samkvæmt þessari reglugerð. Af sömu ástæðu er rétt að setja reglur um skrárnar sem aðildarríkin eiga að halda varðandi aðstoðina sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð. Að því er varðar árlegu skýrsluna, sem aðildarríkjunum ber að leggja fram hjá framkvæmdastjórninni, er rétt að framkvæmdastjórnin setji fram kröfur sínar varðandi hana, þ.m.t. upplýsingar í tölvutæku formi þar eð aðgangur að nauðsynlegri tækni er almennt auðveldur.
- 21) Með tilliti til reynslu framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði, einkum af því að yfirleitt reynist nauðsynlegt að endurskoða stefnu um ríkisaðstoð, er rétt að takmarka gildistíma þessarar reglugerðar. Falli þessi reglugerð úr gildi án þess að gildistíminn sé framlengdur skulu aðstoðarkerfi, sem þegar hafa fengið undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, vera áfram undanþegin í sex mánuði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um aðstoð sem er veitt litlum og meðalstórum fyrirtækjum í öllum starfsgreinum en hefur ekki áhrif á beitingu sérstakra reglugerða eða tilskipana bandalagsins samkvæmt sáttmála EB sem gilda um ríkisaðstoð í sérstökum starfsgreinum, hvort sem þær eru takmarkandi í meira eða minna mæli en þessi reglugerð.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

- starfsemi sem tengist framleiðslu, vinnslu eða markaðssetningu vara sem eru skráðar í I. viðauka við sáttmálann;
- aðstoð við starfsemi sem tengist útlutningi, einkum aðstoð sem tengist beint útlutningsmagni, stofnun og rekstri dreifingarnets eða öðrum tilfallandi útgjöldum í tengslum við útlutning;
- aðstoð sem er skilyrt þannig að innlendar vörur séu teknar fram yfir innfluttar vörur.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „aðstoð“: allar ráðstafanir sem samræmast viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 87. gr. sáttmálans;
- „lítill og meðalstór fyrirtæki“: fyrirtæki sem eru skilgreind í I. viðauka;
- „fjárfesting í efnislegum eignum“: fjárfesting í efnislegum fastafjármunum í tengslum við nýja starfsstöð, útvíkkun starfsstöðvar sem fyrir er eða að hafin er starfsemi sem felur í sér grundvallarbreytingar á vöru eða í framleiðsluferli starfandi fyrirtækis (einkum með hagræðingu, endurskipulagningu eða nútíma-væðingu). Fjárfesting í fastafjármunum, sem fer fram í formi yfirtöku starfsstöðvar, sem hefur verið lokað eða myndi hafa verið lokað hefði hún ekki verið keypt, skal einnig teljast efnisleg fjárfesting;
- „fjárfesting í óefnislegum eignum“: fjárfesting í yfirlærslu á tækni með öflun einkaleyfa, leyfa, verkþekkingar eða tækniþekkingar án einkaleyfa;
- „umfang aðstoðar, brúttó“: fjárhæðin, sem er veitt til aðstoðar, tilgreind sem hlutfall af styrkhæfum kostnaði verkefnisins. Allar tölur, sem eru notaðar, skulu tilgreindar án frádráttar vegna staðgreiðslu skatta. Þegar aðstoð er veitt í öðru formi en sem styrkur skal fjárhæðin, sem er veitt til aðstoðarinnar, jafngilda aðstoð í formi styrks. Aðstoð, sem er greidd með nokkrum afborgunum, skal reiknuð til núvirðis þegar hún er veitt. Vextírnir, sem nota skal við núvirðis-reikning og til að reikna út fjárhæðina sem er veitt til aðstoðar í formi hagstaðs láns, skulu vera gildandi viðmiðunarvextir á þeim tíma sem lánið er veitt;
- „umfang aðstoðar, nettó“: fjárhæðin, sem er veitt til aðstoðar, eftir skatta, tilgreind sem hlutfall af styrkhæfum kostnaði verkefnisins;
- „fjöldi starfsmanna“: fjöldi starfseininga á ári, þ.e. fjöldi einstaklinga í fullu starfi á einu ári þar sem hlutastörf og árstíðabundin störf reiknast sem brot af starfseiningu.

3. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

1. Stök aðstoð, sem er ekki hluti af neinu aðstoðarkerfi og uppfyllir öll skilyrði þessarar reglugerðar, telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að henni fylgi skýr tilvísun í þessa reglugerð þar sem fram kemur titill hennar og tilvísun til birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

2. Aðstoðarkerfi, sem uppfylla öll skilyrði þessarar reglugerðar, teljast samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu:

- a) að aðstoð, sem unnt er að veita samkvæmt slíku kerfi, uppfylli öll skilyrði þessarar reglugerðar;
 - b) að kerfinu fylgi skýr tilvísun í þessa reglugerð þar sem fram kemur titill hennar og tilvísun til birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.
3. Aðstoð, sem er veitt sem hluti af kerfunum sem um getur í 2. mgr., telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli algerlega öll skilyrði þessarar reglugerðar.

4. gr.

Fjárfesting

1. Aðstoð vegna fjárfestingar í efnislegum og óefnislegum eignum, innan eða utan bandalagsins, telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrði 2. til 6. mgr.

2. Umfang aðstoðar, brúttó, skal ekki fara yfir:

- a) 15% þegar um lítil fyrirtæki er að ræða;
- b) 7,5% þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða.

3. Þegar fjárfest er á svæðum sem eiga rétt á svæðisbundinni aðstoð skal umfang aðstoðar ekki fara yfir efri mörk svæðisbundinnar aðstoðar í formi fjárfestinga, sem er ákvörðuð á kortinu sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fyrir hvert aðildarríki, um meira en:

- a) 10 prósentustig á svæðum sem falla undir c-lið 3. mgr. 87. gr., að því tilskildu að heildarumfang nettóaðstoðar fari ekki yfir 30%; eða
- b) 15 prósentustig, brúttó, á svæðum sem falla undir c-lið 3. mgr. 87. gr., að því tilskildu að heildarumfang nettóaðstoðar fari ekki yfir 75%.

Efri mörk svæðisbundinnar aðstoðar skulu því aðeins gilda að aðstoðin sé veitt með þeim skilyrðum að fjárfestingin standi yfir í a.m.k. fimm ár á svæðinu þar sem styrkurinn er veittur og að framlag styrkþega til fjármögnunar hennar sé a.m.k. 25%.

4. Efri mörkin, sem eru ákveðin í 2. og 3. gr., skulu gilda um umfang aðstoðarinnar sem er reiknuð annaðhvort sem hlutfall af styrkhæfum kostnaði við fjárfestinguna eða sem hlutfall af launakostnaði vegna þeirra starfa sem skapast við framkvæmd fjárfestingarinnar (aðstoð vegna nýrra starfa), eða sambland af þessu, að því tilskildu að aðstoðin fari ekki yfir þá fjárhæð sem hærri er af útreikningi á hvoru um sig.

5. Ef aðstoðin er reiknuð á grundvelli kostnaðar við fjárfestinguna skal styrkhæfur kostnaður við efnislega fjárfestingu vera kostnaður við fjárfestinguna vegna lands, bygginga, véla og búnaðar. Í flutningageiranum, þegar frá eru taldir jámbrautarvagnar, skulu flutningateki og -búnaður ekki talin með í styrkhæfum kostnaði. Styrkhæfur kostnaður við efnislega fjárfestingu skal vera kostnaður við tæknioflun.

6. Ef aðstoðin er reiknuð á grundvelli þess að ný störf skapast skal fjárhæðin, sem veitt er til aðstoðarinnar, tilgreind sem hlutfall af launakostnaði á tveggja ára tímabili vegna starfa sem skapast með eftirfarandi skilyrðum:

- a) störf, sem skapast, skulu tengjast framkvæmd verkefnis um fjárfestingu í efnislegum eða óefnislegum eignum. Störf skulu skapast innan þriggja ára frá því að fjárfestingu lýkur;
- b) fjárfestingarverkefnið skal valda nettóaukningu í fjölda starfa í viðkomandi starfsstöð miðað við meðaltal 12 síðustu mánaða; og
- c) störf, sem skapast, skulu halda í a.m.k. fimm ár.

5. gr.

Ráðgjöf og önnur þjónusta og starfsemi

Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði, telst vera samrýmanleg almenna markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. í sáttmálanum og skal vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans:

- a) þegar um er að ræða þjónustu sem utanaðkomandi ráðgjafar veita skal brúttóaðstoð ekki fara yfir 50% af kostnaði við slíka þjónustu. Þjónustan skal ekki vera samfelld eða reglubundin starfsemi og ekki tengjast venjulegum rekstrarútgjöldum fyrirtækisins, svo sem ráðgjöf í skattamálum, reglubundinni lögfræðiþjónustu eða auglýsingum;

- b) þegar um er að ræða þátttöku í kaupstefnum og sýningum skal brúttóaðstoð ekki fara yfir 50% af aukakostnaði vegna leigu, uppsetningar og rekstrar sýningarstöðu. Þessi undanþága skal aðeins gilda um fyrstu þátttöku fyrirtækis í tiltekinni kaupstefnu eða sýningu.

6. gr.

Veiting stakrar aðstoðar í miklum mæli

Stök aðstoð, sem uppfyllir skilyrði fyrir eitt af eftirfarandi mörkum, skal ekki njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð:

- a) heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar við verkefnið í heild er a.m.k. 25 000 000 evrur; og
- i) umfang brúttóaðstoðarinnar á svæðum, sem eiga ekki rétt á svæðisbundinni aðstoð, er a.m.k. 50% af efri mörkunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr.,
 - ii) umfang nettóaðstoðarinnar á svæðum, sem eiga rétt á svæðisbundinni aðstoð, er a.m.k. 50% af efri mörkunum sem ákveðin eru á korti yfir svæðisbundna aðstoð á viðkomandi svæði, eða
- b) heildarfjárhæð brúttóaðstoðar er a.m.k. 15 000 000 evrur.

7. gr.

Forsendur fyrir aðstoð

Aðstoð skal því aðeins njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð að áður en vinna hefst við verkefnið sem nýtur aðstoðar:

- hafi styrkþegi annaðhvort sótt um aðstoð til aðildarríkisins, eða
- aðildarríkið hafi samþykkt lagaákvæði um lagalegan rétt til aðstoðar samkvæmt hlutlægum viðmiðunum og án frekari íhlutana af hálfu aðildarríkisins.

8. gr.

Uppsöfnun

1. Efri mörk aðstoðar, sem eru ákveðin í 4., 5. og 6. gr., skulu gilda án tillits til þess hvort aðstoðin við verkefnið er eingöngu fjármögnuð af ríkinu eða hvort hún er fjármögnuð að hluta til af bandalaginu.
2. Aðstoð, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, má ekki bætast við neina aðra ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans eða við aðra fjármögnun bandalagsins í tengslum við sama styrkhæfa kostnaðinn ef slík uppsöfnun leiðir til þess að umfang aðstoðar fer yfir mörkin sem eru ákveðin í þessari reglugerð.

9. gr.

Gagnsæi og eftirlit

1. Við framkvæmd aðstoðarkerfis eða við veitingu stakrar aðstoðar utan slíks kerfis, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni útdrátt úr upplýsingum innan 20 virkra daga varðandi slíkt aðstoðarkerfi eða staka aðstoð til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* með þeirri framsetningu sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu halda nákvæmar skrár yfir aðstoðarkerfi, sem hafa undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, staka aðstoð, sem er veitt samkvæmt þessum kerfum, og staka aðstoð sem er utan allra núverandi aðstoðarkerfa og nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð. Í slíkum skráum skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að staðfesta að skilyrði fyrir undanþágu, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu uppfyllt, þ.m.t. upplýsingar um stöðu fyrirtækisins sem lítið eða meðalstórt fyrirtæki. Aðildarríkin skulu halda skrá yfir staka aðstoð í 10 ár frá þeim degi sem hún er veitt og, að því er varðar aðstoðarkerfi, í 10 ár frá þeim degi sem síðasta staka aðstoðin er veitt samkvæmt slíku kerfi. Viðkomandi aðildarríki skal láta framkvæmdastjórninni í té, samkvæmt skriflegri beiðni og innan 20 virkra daga eða lengri tíma, sem er tilgreindur í beiðninni, allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegt að hafa til að geta metið hvort skilyrðin í þessari reglugerð hafi verið uppfyllt.

3. Aðildarríkin skulu taka saman skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar fyrir hvert heilt almanaksár eða hluta af því, sem þessi reglugerð gildir, í því formi sem mælt er fyrir um í III. viðauka og einnig í tölvutæku formi. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té slíka skýrslu eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tímabilinu, sem fjallað er um í skýrslunni, lýkur.

10. gr.

Gildistaka og gildistími

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún skal gilda til 31. desember 2006.

2. Við lok gildistíma þessarar reglugerðar skulu aðstoðarkerfi, sem njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, vera áfram á undanþágu í sex mánaða aðlögunartíma.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. janúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

I. VIDAUKI

Skilgreining á litlum og meðalstórum fyrirtækjum

(útdráttur úr tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB frá 3. apríl 1996 um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtið. EB L 107, 30.4.1996, bls. 4))

„I. gr.

1. Litil og meðalstór fyrirtæki (SME) eru skilgreind sem fyrirtæki sem:
 - hafa færri en 250 starfsmenn, og
 - hafa annaðhvort,
 - ársveltu, sem fer ekki yfir 40 milljón evrur, eða
 - heildartala efnahagsreiknings fer ekki yfir 27 milljón evrur,
 - eru í samræmi við viðmiðunina fyrir óháð fyrirtæki sem skilgreind er í 3. mgr.
2. Ef nauðsynlegt reynist að greina á milli litilla og meðalstórra fyrirtækja eru litil fyrirtæki skilgreind sem fyrirtæki sem:
 - hafa færri en 50 starfsmenn, og
 - hafa annaðhvort,
 - ársveltu, sem fer ekki yfir 7 milljón evrur, eða
 - heildartala efnahagsreiknings fer ekki yfir 5 milljón evrur,
 - eru í samræmi við viðmiðunina fyrir óháð fyrirtæki sem skilgreind er í 3. mgr.
3. Fyrirtæki teljast vera óháð ef ekki er meira en 25% af fjármagni eða atkvæðisrétti þeirra í eigu eins fyrirtækis eða, eftir atvikum, í sameign margra fyrirtækja sem eru hvorki litil né meðalstór fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu. Fara má yfir þessi mörk í eftirfarandi tveimur tilvikum:
 - ef fyrirtækið er í eigu opinberra fjárfestingarféлага, áhættufjármagnsfyrirtækja eða stofnanafjárfaða, að því tilskildu að þau stjórni ekki fyrirtækinu, hvorki einstaklingsbundið né sameiginlega,
 - ef fjármagnið dreifist á þann hátt að ekki sé mögulegt að ákvarða eignarhald á því og ef fyrirtækið lýsir því yfir að hægt sé með réttu að álykta að ekki séu meira en 25% þess í eigu eins fyrirtækis eða, eftir atvikum, í sameign margra fyrirtækja sem eru hvorki litil né meðalstór fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu.
4. Við útreikning á mörkunum, sem um getur í 1. og 2. mgr., er því nauðsynlegt að leggja saman viðkomandi tölur varðandi fyrirtækið sem fær aðstoð og varðandi öll fyrirtækin sem það stjórnar, beint eða óbeint, gegnum eignarhald á 25% eða meira af fjármagni eða atkvæðisrétti.
5. Ef nauðsynlegt reynist að greina örfyrirtæki frá öðrum litlum og meðalstórum fyrirtækjum eru þau skilgreind sem fyrirtæki sem hafa færri en 10 starfsmenn.
6. Ef fyrirtæki fer yfir eða undir mörk um mannafla eða efri fjárhagsmörk á lokadegi efnahagsreiknings leiðir það því aðeins til þess að það öðlist eða glati þeirri stöðu að vera lítið/meðalstórt fyrirtæki, meðalstórt fyrirtæki, lítið fyrirtæki eða örfyrirtæki ef það endurtekur sig í tvö fjárhagsár samfleytt.
7. Fjöldi starfsmanna samsvarar fjölda ársverka, þ.e. fjölda starfsmanna sem eru í fullu starfi á einu ári ásamt starfsmönnum í hlutastarfi og árstíðabundnu starfi sem reiknast sem brot af ársverkum. Nota skal síðasta, samþykktu uppgjörstímabil sem viðmiðunarár.
8. Mörk fyrir veltu og heildartölu efnahagsreiknings miðast við síðasta, samþykktu 12 mánaða uppgjörstímabil. Þegar um er að ræða nýlega stofnuð fyrirtæki þar sem reikningar hafa enn ekki verið samþykktir skal ákvarða mörkin á grundvelli áreiðanlegs mats sem hefur farið fram á fjárhagsárinu.“

II. VIÐAUKI

Framsetning á samantekt upplýsinga sem skal leggja fram í hvert sinn sem aðstoðarkerfi, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, kemur til framkvæmda og í hvert sinn sem stök aðstoð, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, er veitt utan aðstoðarkerfa

Samantekt upplýsinga um ríkisaðstoð sem er veitt samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001	
Samantekt upplýsinga sem tilgreina skal	Skýringar
Aðildarríki	
Svæði	Tilgreina skal heiti svæðisins ef yfirvald utan svæðis veitir aðstoðina.
Heiti aðstoðarkerfisins eða fyrirtækisins sem fær staka aðstoð	Tilgreina skal heiti aðstoðarkerfisins eða heiti þess sem fær aðstoðina ef um staka aðstoð er að ræða. Í síðara tilvikinu er ekki nauðsynlegt að leggja fram ársskýrslu árið eftir.
Lagaákvæði	Tilgreina skal nákvæmlega innlenda lagastoð fyrir aðstoðarkerfinu eða stöku aðstoðinni.
Áætluð ársútgjöld vegna kerfisins eða heildarfjárhæð stakrar aðstoðar sem fyrirtækinu er veitt	Fjárhæðir skulu gefnar upp í evrum eða í innlendum gjaldmiðli ef við á. Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða: skal tilgreina árlega heildarfjárhæð fjárveitingar eða fjárveitinga eða áætlað skattatap á ári vegna allra tegunda aðstoðar sem felast í kerfinu. Þegar um staka úthlutun aðstoðar er að ræða: skal tilgreina heildarfjárhæð aðstoðar/skattataps. Ef við á skal einnig tilgreina á hve mörg ár aðstoðin skiptist eða í hve mörg ár skattatap á sér stað. Að því er varðar ábyrgðir skal tilgreina (hæstu) fjárhæð tryggðra lána.
Mesta umfang aðstoðar	Tilgreina skal mesta umfang eða hámarksfjárhæð aðstoðar fyrir hverja styrkhæfa einingu.
Dagsetning framkvæmdar	Tilgreina skal upphafsdag aðstoðar þegar um aðstoðarkerfi er að ræða eða daginn þegar stök aðstoð er veitt.
Gildistími aðstoðarkerfis eða stakrar aðstoðar	Tilgreina skal daginn (ár og mánuð) þegar aðstoð lýkur, ef um aðstoðarkerfi er að ræða, eða, þegar um staka aðstoð er að ræða og ef við á, daginn (ár og mánuð) sem reiknað er með að síðasta greiðsla fari fram.
Markmið aðstoðar	Gert er ráð fyrir því að markmiðið sé fyrst og fremst aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki. Þessi reitur veitir möguleika á því að tilgreina frekari markmið (undirmarkmið) sem eru sett (t.d. einungis fyrir lítil fyrirtæki eða fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki; aðstoð við fjárfestingu/ráðgjafarþjónustu).

Samantekt upplýsinga um ríkisaðstoð sem er veitt samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001	
Viðkomandi starfsgrein eða starfsgreinar:	Veljið af listanum ef við á
<input type="checkbox"/> allar starfsgreinar eða <input type="checkbox"/> kolavinnsla <input type="checkbox"/> öll framleiðsla eða <input type="checkbox"/> stáliðnaður <input type="checkbox"/> skipasmíði <input type="checkbox"/> syntetískar trefjar <input type="checkbox"/> vélknúin ökutæki <input type="checkbox"/> önnur framleiðsla <input type="checkbox"/> öll þjónusta eða flutningaþjónusta <input type="checkbox"/> fjármálaþjónusta <input type="checkbox"/> önnur þjónusta	
Athugasemdir:	
Heiti og heimilisfang yfirvaldsins sem veitir aðstoð	
Aðrar upplýsingar	

III. VIÐAUKI

Framsetning skýrslunnar sem senda skal reglulega til framkvæmdastjórnarinnar

Framsetning ársskýrslu um aðstoðarkerfi sem falla undir reglugerð um hópundanþágu skv. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 994/98

Aðildarríkjunum ber að nota eftirfarandi framsetningu fyrir skyldubundnar skýrslur sínar til framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt reglugerðum um hópundanþágu sem samþykktar voru á grundvelli reglugerðar ráðsins (EB) nr. 994/98. Einnig skal skila skýrslunum í tölvutæku formi.

Upplýsingar sem krafist er fyrir öll aðstoðarkerfi sem falla undir reglugerðir um hópundanþágu skv. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 994/98

1. Heiti aðstoðarkerfis
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um undanþágur sem við á
3. Útgjöld

Leggja skal fram sundurliðaðar tölur vegna hverrar tegundar aðstoðar innan aðstoðarkerfis eða stakrar aðstoðar (t.d. styrkja, hagstæðra lána o.s.frv.). Fjárhæðir skulu gefnar upp í evrum eða í innlendum gjaldmiðli ef við á. Þegar um útgjöld vegna skatta er að ræða verður að tilgreina árlegt skattatap. Ef nákvæm tala liggur ekki fyrir má áætla slíkt tap.

Gefa skal upp útgjaldatölur samkvæmt eftirfarandi:

Tilgreina skal sérstaklega tölur fyrir hverja tegund aðstoðar innan aðstoðarkerfisins (t.d. styrki, hagstæð lán o.s.frv.) fyrir árið sem um er að ræða:

- 3.1. Fjárhæðir skuldbindinga, (áætlað) skattatap eða annar tekjumissir, gögn um ábyrgðir o.s.frv. vegna nýrra verkefna sem njóta aðstoðar. Að því er varðar ábyrgðarkerfi skal tilgreina heildarfjárhæð nýrra ábyrgða sem hafa verið gefnar út.
- 3.2. Beinir greiðslur, (áætlað) skattatap eða annar tekjumissir, gögn um ábyrgðir o.s.frv. vegna nýrra og yfirstandandi verkefna. Að því er varðar ábyrgðarkerfi skal tilgreina eftirfarandi: heildarfjárhæð útistandandi ábyrgða, iðgjaldatekjur, endurgreiðslur, tryggingagreiðslur, rekstrarmiðurstöður kerfisins á því ári sem um er að ræða.
- 3.3. Fjöldi nýrra verkefna sem njóta aðstoðar.
- 3.4. Áætlaður heildarfjöldi starfa sem skapast eða er viðhaldið með nýjum verkefnum (ef við á).
- 3.5. Áætluð heildarfjárhæð fjárfestinga þar sem aðstoð er veitt með nýjum verkefnum.
- 3.6. Skipting fjárhæða eftir svæðum skv. lið 3.1, annaðhvort eftir svæðum sem eru skilgreind sem 1. flokkur 2. stig í flokkun hagskýrslusvæða (NUTS 1) eða lægra, eða eftir svæðum skv. a-lið 3. mgr. 87. gr., c-lið 3. mgr. 87. gr. og svæðum sem njóta ekki aðstoðar.
- 3.7. Skipting fjárhæða eftir þáttum skv. lið 3.1 eftir starfsgreinum styrkþega (ef um fleiri en eina starfsgrein er að ræða skal tilgreina hlut hverrar fyrir sig):
 - kolavinnsla
 - framleiðsla
 - þ.m.t.:
 - stáliðnaður
 - skipasmíði
 - syntetískar trefjar
 - vélknúin ökutæki
 - önnur framleiðsla (tilgreinið)
 - þjónusta
 - þ.m.t.:
 - flutningaþjónusta
 - fjármálaþjónusta
 - önnur þjónusta (tilgreinið)
 - aðrar starfsgreinar (tilgreinið)

4. Aðrar upplýsingar og athugasemdir.

(¹) Flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) er flokkunarkerfi svæðisbundinna eininga fyrir hagskýrslugerð í bandalaginu.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga, nr. 409 6. júlí 1998.

1. gr.

Í 7. gr. reglugerðarinnar komi í stað fjárhæðanna „220, 250, 275 eða 290 krónur“: 280, 315, 345 eða 365 krónur.

2. gr.

Í 9. gr. reglugerðarinnar komi í stað fjárhæðarinnar „460 krónur“: 580 krónur.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 48 19. maí 1988 sbr. lög nr. 123 15. desember 1997, öðlast gildi 1. janúar 2003.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. desember 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 10.500 á íbúð, m.v. 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar kr. 14.100 m.v. 240 l tunnu (lágmarkseining á hvern matshluta fasteignar). Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 pr. mánuð.

Leiga 1.100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 pr. mánuð.

Verð er með virðisaukaskatti og tekur breytingum skv. byggingavísitölu í janúar ár hvert (grunnvísitala 225,6 stig).

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 3.100 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir heil dekk greiðast kr. 5.150 fyrir hvern rúmmetra, fyrir skorin dekk kr. 2.600.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 7.800 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 7.200 fyrir tonnið. Skila skal vigtarseðlum frá Hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfssvæði Gámu er heimilt að innheimta afgreiðslu og vigtargjald að fjárhæð kr. 550 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 9.700 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 12.900 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 16.100 fyrir hvert tonn, virðisaukaskattur er innifalinn í ofangreindum verðum.

5. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 650 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 4., 5. og 6. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds, þó skal greiða fyrir móttöku ís- og frystiskápa.

7. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 l sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 l og 1100 l íláti. Endurnýjun sorpílata er á kostnað húseigenda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 939/2001 fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness 17. desember 2002. Fyrri umræða fór fram þann 26. nóvember 2002.

Akranesi, 18. desember 2002.

Gísli Gíslason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

1. gr.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til jafnlengdar í ár. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- a. Matsverð eftirtalinn fasteigna hækki um 4% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því **1,04**, sbr. þó stafliði b. og c.:
 - 1) Íbúðarhúsa og íbúðarlóða.
 - 2) Bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum.
- b. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum í Reykjanesbæ, Akranesi, Innri Akraneshreppi, Skilmannahreppi, Leirár- og Melahreppi, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Blönduósi, Sauðárkróki, Egilsstöðum, Árborg og Árnes- og Rangárvallasýslum hækki um 8% og verður framreiknistuðull samkvæmt því **1,08**.
- c. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum á svæðinu frá og með Hálsahreppi og Grýtubakkahreppi að Norður-Héraði og Vopnafjarðarhreppi, á svæðinu frá og með Búða- og Fáskrúðsfjarðarhreppi að sýslumörkum Austur- og Vestur-Skaftafellssýslu, í Vestmannaeyjum, á Dalvík, Seyðisfirði og Siglufirði verði óbreytt og verður framreiknistuðull samkvæmt því **1,0**.
- d. Matsverð atvinnuhúsa og atvinnulóða á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ, Bessastaðahreppi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ) hækki um 4% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því **1,04**.
- e. Matsverð atvinnuhúsa og atvinnulóða utan höfuðborgarsvæðisins, sbr. staflið d hér að framan, verði óbreytt og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því **1,0**.
- f. Matsverð hlunninda, sumarhúsa og sumarhúsaloða hækki um 4% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því **1,04**.

Við framreikning ársins á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningum samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins fyrir einstakar tegundir eigna.

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 31. desember 2001 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

2. gr.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum fasteignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærnum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

3. gr.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrif-

stofu Fasteignamatsins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 31. desember nk. Frá sama tíma mun hið nýja matsverð einnig koma fram í uppfléttingu hjá þeim aðilum sem eru í beinu tölvusambandi við stofnunina. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

4. gr.

Með vísan til laga nr. 6/2001 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi 31. desember 2002.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 975 frá 28. desember 2001.

Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 2002.

F. h. r.

Pórhallur Arason.

Hafsteinn S. Hafsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 139 – 2002

17. desember 2002

2197

Nr. 908

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 17. desember 2002 staðfest aðalskipulag Grindavíkur 2000-2020.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Grindavíkur 1983-2002 frá 15. nóvember 1984 og viðauki við aðalskipulag 1990-2010 frá 25. nóvember 1991 (Svartsengi) úr gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 17. desember 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

19. desember 2002

Nr. 909

REGLUGERÐ

um úthlutun á 2.000 lestum af þorski til sjávarbyggða.

1. gr.

Á fiskveiðiárinu 2002/2003 skal úthluta 2000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum reiknað til stuðnings sjávarbyggðum, sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Skal skipting þessa magns vera þannig:

1. 220 lestir samtals til sjávarbyggða á Suðurlandi og Suðvesturlandi annarra en Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Reykjanesbæjar og Vatnsleysustrandarhrepps.
2. 79 lestir samtals til sjávarbyggða frá Akranesi til Snæfellsness.

3. 126 lestir samtals til sjávarbyggða við syðri hluta Vestfjarða; Vesturbyggðar og Tálknafjarðar.
4. 305 lestir samtals til sjávarbyggða við nyrðri hluta Vestfjarða; Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Súðavíkur.
5. 331 lest samtals til sjávarbyggða við Húnaflóa.
6. 49 lestir samtals til sjávarbyggða við Skagafjörð og Siglufjörð.
7. 203 lestir samtals til sjávarbyggða við Eyjafjörð og Grimseyjar.
8. 106 lestir samtals til sjávarbyggða við Skjálfanda og Axarfjörð.
9. 209 lestir samtals til sjávarbyggða á Norðausturlandi frá Raufarhöfn til Borgarfjarðar.
10. 148 lestir samtals til sjávarbyggða á miðfjörðum Austurlands frá Seyðisfirði til Fjarðabyggðar.
11. 183 lestir samtals til sjávarbyggða á suðurfjörðum Austurlands til Hornafjarðar.
12. 41 lest samtals til Vestmannaeyja.

Ofangreindu magni skal úthlutað í eftirfarandi tegundum: Þorski, ýsu, ufsa og steinbít og skal það skipast hlutfallslega miðað við leyfilegan heildarafla í þessum tegundum og gildandi þorskígildisstuðla.

2. gr.

Ráðherra úthlutar aflaheimildum samkvæmt 1. gr. til einstakra aðila á grundvelli umsókna um aflaheimildir sem borist höfðu ráðuneytinu eigi síðar en 16. desember 2002 eða verið póstlagðar fyrir þann tíma. Við mat á umsóknum skal ráðherra m.a. líta til eftirfarandi atriða:

1. Stöðu og horfa í einstökum byggðarlögum með tilliti til þróunar veiða og vinnslu.
2. Hvort telja megi líklegt, m.a. miðað við þær áætlanir sem fram koma í umsókn um aflaheimildir, að úthlutunin styrki sjávarbyggð til lengri tíma.
3. Hvort um sé að ræða samstarfsaðila í veiðum og vinnslu innan byggða eða landsvæða.
4. Hvort aðrar sértækar aðgerðir hafa verið gerðar til styrkingar viðkomandi sjávarbyggðum.
5. Rökstuðnings sem fram kemur í umsókn.

3. gr.

Þegar fyrir liggur ákvörðun ráðherra um úthlutun aflheimilda kynnir ráðuneytið umsækjendum niðurstöðu hans. Sé aflaheimildum úthlutað til umsækjanda, sem óskað hefur eftir aflaheimildum á ákveðið fiskiskip, verður aflamarki viðkomandi fiskiskips breytt í samræmi við aukninguna. Sé aflaheimildum úthlutað til annars aðila verður hlutaðeigandi að tilkynna til Fiskistofu hvaða fiskiskip muni nýta þær aflaheimildir.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. desember 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 244/1994 um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur út, samkvæmt umsókn staðfestingu almenns lækningaleyfis til EES-ríkisborgara sem lokið hefur læknanámi í öðru EES-landi og sem uppfyllir skilyrði staðfestingar samkvæmt Norðurlandasamningnum eða skilyrðum sem talin eru upp í 2. gr., sbr. 23. gr. tilskipunar 93/16/EBE, sbr. breytingu 2001/19/EB viðauki A.

2. gr.

4. gr. orðast svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur út samkvæmt umsókn, staðfestingu sérfræðileyfis læknis til EES-ríkisborgara sem hefur lokið sérfræðinámi í öðru EES-landi.

Skilyrði staðfestingar eru:

1. að læknirinn hafi íslenskt lækningaleyfi eða fengið íslenska staðfestingu almenns lækningaleyfis,
2. að læknirinn leggi fram vottorð um sérfræðinámi samkvæmt Norðurlandasamningnum eða samkvæmt 5. gr., sbr. 24., 25. og 26. gr. tilskipunar 93/16/EBE, sbr. breytingu 2001/19/EB, viðauki B og C,
3. ef læknirinn er ríkisborgari í Lúxemborg að hann leggi fram sambærilegt vottorð um sérfræðinámi í þriðja landi enda sé sérfræðinámið viðurkennt af til þess bærum yfirvöldum í Lúxemborg og
4. að sérgreinin sé viðurkennd sem sérgrein á Íslandi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

a. Í stað orðanna „3. gr.“ komi orðin „2. gr.“ og á eftir orðunum „78/687/EBE“ komi orðin „sbr. breytingu 2001/19/EB viðauka A“.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

Í 2. tölul. 1. mgr. komi í stað orðanna „5. gr.“ orðin „4. gr.“ og á eftir orðunum „78/687/EBE“, komi orðin „sbr. breytingu 2001/19/EBE viðauka B“.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.:

Í stað orðanna „3. gr.“ komi orðin „2. gr.“ og á eftir orðunum „77/453/EBE“ komi orðin „sbr. breytingu 2001/19/EB, viðauki“.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr.:

Í stað orðanna „3. gr.“ komi orðin „1. mgr. 2. gr.“ og á eftir orðunum „80/155/EBE“ komi orðin „sbr. tilskipun 77/452/EBE, 77/453/EBE og 2001/19/EB, viðauki“.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. tölul. 9. gr.:

Í stað orðanna „4. gr.“ komi orðin „1. gr.“ og á eftir orðunum „85/432/EBE“ komi orðin „sbr. breytingu 2001/19/EB, viðauki“.

8. gr.

Eftirfarandi breyting verði á 10. gr.:

a. Í stað orðanna „10. röntgentækna“ komi orðin „10. geislafræðingar“.
b. Í 1. tölul. 2. mgr. á eftir orðunum „tilskipun 89/48/EBE“ komi orðin „með síðari breytingum“.

9. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 11. gr.:

Á eftir orðunum „tilskipun 89/48/EBE“ komi orðin „með síðari breytingum“.

10. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. 13. gr.:

Á eftir orðunum „tilskipunar 89/48/EBE“ komi orðin „með síðari breytingum“.

11. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. tölul. 14. gr.:

Í 1. tölul. á eftir orðunum „tilskipunar 89/48/EBE“ komi orðin „með síðari breytingum“.

12. gr.

18. gr. orðast svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skal svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en innan þriggja mánaða, skv. 3., 5., 7., 8. og 9. gr. eða 15. gr. og innan fjögurra mánaða skv. 2. og 4. gr. eða 15. gr. frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum eða frá þeim degi að fyrir liggja viðbótargögn, ef krefja þarf umsækjanda um þau, taka ákvörðun um staðfestingu starfsleyfis umsækjanda. Ef fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður, lengist framangreindur tími.

Sé umsókn hafnað skal sú ákvörðun rökstudd skriflega.

Skjóta má ákvörðuninni til dómstóla. Á sama hátt má skjóta ákvörðun til dómstóla hafi hún ekki verði tekin innan tiltekins frests skv. 1. mgr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjali reglugerðarinnar 1: Læknar:

Á eftir gerðinni sem vísað er til í 1. tölul. (tilskipun ráðsins 93/16/EBE) komi eftirfarandi:

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/

EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna.

Taka skal tillit til aðlögunartexta í 3. og 4. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjali reglugerðarinnar 2: Hjúkrunarfræðingar:

a) Á eftir gerðinni sem vísað er til í 1. tölul. (tilskipun ráðsins 90/658/EBE) komi eftirfarandi:

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna.

Taka skal tillit til aðlögunartexta í 5. og 6. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

b) Á eftir gerðinni sem vísað er til í 2. tölul. (tilskipun ráðsins 89/595/EBE) komi eftirfarandi:

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna.

15. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á fylgiskjali reglugerðarinnar 3: Tannlæknar:

a) Á eftir gerðinni sem vísað er til í 1. tölul. (tilskipun ráðsins 90/658/EBE) komi eftirfarandi:

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna.

Taka skal tillit til aðlögunartexta í 7. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

b) Á eftir gerðinni sem vísað er til í 2. tölul. (tilskipun ráðsins 78/687/EBE) komi eftirfarandi:

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á próf-

skírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna.

16. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á fylgiskjali reglugerðarinnar 4: Ljósmæður:

a) Á eftir gerðinni sem vísað er til í 1. tölul. (tilskipun ráðsins 90/658/EBE) komi eftirfarandi:

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna.

Taka skal tillit til aðlögunartexta í 11. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

b) Á eftir gerðinni sem vísað er til í 2. tölul. (tilskipun ráðsins 89/594/EBE) komi eftirfarandi:

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna.

17. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á fylgiskjali reglugerðarinnar 5: Lyfjafræðingar:

a) Á eftir gerðinni sem vísað er til í 1. tölul. (tilskipun ráðsins 85/432/EBE) komi eftirfarandi:

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna.

b) Á eftir gerðinni sem vísað er til í 2. tölul. (tilskipun ráðsins 90/658/EBE) komi eftirfarandi:

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna.

Taka skal tillit til aðlögunartexta í 14. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

18. gr.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn eru birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

19. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1.–5. gr. laga nr. 116/1993 um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði og 4. gr. laga um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum nr. 83/1993, öðlast gildi 1. janúar 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. desember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal 1.**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 84/2002****frá 25. júní 2002****um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við
EES-samninginn.**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2001 frá 18. maí 2001 ⁽¹⁾.
- 2) Í orðsendingu sinni til Evrópuþingsins og ráðsins um SLIM-framtaksverkefnið skuldbatt framkvæmdastjórnin sig til að leggja fram tillögur sem miða að því að einfalda uppfærslu skrána yfir prófskírteini sem viðurkenna má sjálfkrafa. Tilskipun ráðsins 93/16/EBE frá 5. apríl 1993 um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi ⁽²⁾ kveður á um einfaldaða málsmeðferð þegar um er að ræða prófskírteini heimilislækna. Reynslan hefur sýnt að málsmeðferðin býður upp á fullnægjandi réttaröryggi. Æskilegt er að víkka hana út þannig að hún taki til prófskírteina hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, lyfjafræðinga og lækna.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákveðnir aðlögunarliðir í kafla XI.D.I í I. viðauka við lögin um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálanum sem Evrópusambandið byggir á ⁽⁴⁾ skulu felldir inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 165, 21.6.2001, bls. 60 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 21.6.2001, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 165, 7.7.1993, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/48/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtið. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið skal skotið inn á milli fyrsta og annars undirliðar:

- „- **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við:

- „- **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtið. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

3. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 4. lið (tilskipun ráðsins 93/16/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

- „- **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtið. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

2. Texti aðlögunarliðar a) falli brott.

3. Eftirfarandi komi í stað texta aðlögunarliðar b):

„Efni eftirfarandi töflu yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í læknisfræði í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðauka A við tilskipunina:

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ísland	Lækningaleyfi	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og önnur starfsheiti sem veitt eru í öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og tilgreind eru í þessum viðauka		Vottorð sem lögbær yfirvöld gefa út um að starfsþjálfun hafi verið lokið
Norge	Vitnemál for fullført grad <i>candidata/candidatus medicinae</i> , stytt form <i>cand.med.</i>	Medisinsk universitetsfakultet	Bekreftelse på praktisk tjeneste som lege utstedt av kompetent offentlig myndighet

“

4. Eftirfarandi komi í stað texta aðlögunarliðar c):

„Efni eftirfarandi töflu yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í sérgreinum læknisfræði í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðauka B við tilskipunina:

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ísland	Sérfræðileyfi	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og önnur starfsheiti sem veitt eru í öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og tilgreind eru í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Vottorð sem lögbær yfirvöld gefa út um að starfsþjálfun hafi verið lokið
Norge	Spesialistgodkjenning	Den norske lægeforening ihht. delegert myndighet	

“

5. Eftirfarandi komi í stað texta aðlögunarliðar d):

„Efni eftirfarandi töflu yfir heiti náms í sérgreinum læknisfræði í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðauka C við tilskipunina:

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Svæfingalækningar

Lágmarkslengd náms: 3 ár

Ísland	Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði	
Liechtenstein	Anästhesiologie	
Norge	Anesthesiologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Almennar skurðlækningar

Lágmarkslengd náms: 5 ár

Ísland	Skurðlækningar	
Liechtenstein	Chirurgie	
Norge	Generell kirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Taugaskurðlækningar

Lágmarkslengd náms: 5 ár

Ísland	Taugaskurðlækningar	
Liechtenstein	Neurochirurgie	
Norge	Nevrokirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Fæðinga- og kvenlækningar

Lágmarkslengd náms: 4 ár

Ísland	Fæðinga- og kvenlækningar	
Liechtenstein	Gynäkologie und Geburtshilfe	
Norge	Fødselshjelp og kvinnesykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Lyflækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Ísland	Lyflækningar	
Liechtenstein	Innere Medizin	
Norge	Indremedisin	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Augnlækningar		
Lágmarkslengd náms: 3 ár		
Ísland	Augnlækningar	
Liechtenstein	Augenheilkunde	
Norge	Øyesykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Háls-, nef- og eyrnalækningar		
Lágmarkslengd náms: 3 ár		
Ísland	Háls-, nef- og eyrnalækningar	
Liechtenstein	Hals-, Nasen- und Ohrenkrankheiten	
Norge	Øre-nese-halssykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Barnalækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Barnalækningar	
Liechtenstein	Kinderheilkunde	
Norge	Barnesykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Lungnalækningar

Lágmarkslengd náms: 4 ár

Ísland	Lungnalækningar	
Liechtenstein	Pneumologie	
Norge	Lungesykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Pvagfæralækningar

Lágmarkslengd náms: 5 ár

Ísland	Pvagfæraskurðlækningar	
Liechtenstein	Urologie	
Norge	Urologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Bæklunarskurðlækningar

Lágmarkslengd náms: 5 ár

Ísland	Bæklunarskurðlækningar	
Liechtenstein	Orthopädische Chirurgie	
Norge	Ortopedisk kirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Liffærameinafræði

Lágmarkslengd náms: 4 ár

Ísland	Vefjameinafræði	
Liechtenstein	Pathologie	
Norge	Patologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Taugalækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Taugalækningar	
Liechtenstein	Neurologie	
Norge	Nevrologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Geðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Geðlækningar	
Liechtenstein	Psychiatrie und Psychotherapie	
Norge	Psykiatri	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Geislagreining		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Geislagreining	
Liechtenstein	Medizinische Radiologie/Radiodiagnostik	
Norge	Radiologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Geislameðferð		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland		
Liechtenstein	Medizinische Radiologie/Radio-Onkologie	
Norge		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Örveru- og gerlafræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Sýklafræði	
Liechtenstein		
Norge	Medisinsk mikrobiologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Lífefnafræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Klínísk lífefnafræði	
Liechtenstein		
Norge	Klinísk kjemi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Ónæmisfræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Ónæmisfræði	
Liechtenstein	Allergologie und klinische Immunologie	
Norge	Immunologi og transfusjonsmedisin	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Lýtalækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Ísland	Lýtalækningar	
Liechtenstein	Plastische- und Wiederherstellungschirurgie	
Norge	Plastikkirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Brjóstholsskurðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Ísland	Brjóstholsskurðlækningar	
Liechtenstein	Herz- und thorakale Gefäßchirurgie	
Norge	Thoraxkirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Barnaskurðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Ísland	Barnaskurðlækningar	
Liechtenstein	Kinderchirurgie	
Norge	Barnekirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Æðaskurðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Ísland	Æðaskurðlækningar	
Liechtenstein		
Norge	Karkirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Hjartalækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Hjartalækningar	
Liechtenstein	Kardiologie	
Norge	Hjertesykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Meltingarfæralækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Meltingarlækningar	
Liechtenstein	Gastroenterologie	
Norge	Fordøyelsesykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Gigtarlækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Gigtarlækningar	
Liechtenstein	Rheumatologie	
Norge	Revmatologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Blóðmeinafræði		
Lágmarkslengd náms: 3 ár		
Ísland	Blóðmeinafræði	
Liechtenstein	Hämatologie	
Norge	Blodsykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Efnaskipta- og innkirtlalækningar		
Lágmarkslengd náms: 3 ár		
Ísland	Efnaskipta- og innkirtlalækningar	
Liechtenstein	Endokrinologie-Diabetologie	
Norge	Endokrinologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Orku- og endurhæfingarlækningar		
Lágmarkslengd náms: 3 ár		
Ísland	Orku- og endurhæfingarlækningar	
Liechtenstein	Physikalische Medizin und Rehabilitation	
Norge	Fysikalsk medisin og rehabilitering	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Húð- og kynsjúkdómalækningar		
Lágmarkslengd náms: 3 ár		
Ísland	Húð- og kynsjúkdómalækningar	
Liechtenstein	Dermatologie und Venereologie	
Norge	Hudsykdommer og veneriske sykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Geislalækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Geislalækningar	
Liechtenstein		
Norge		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Hitabeltissjúkdómafræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland		
Liechtenstein	Tropenmedizin	
Norge		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Barnageðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Barna- og unglिंगageðlækningar	
Liechtenstein	Kinder- und Jugendpsychiatrie und -psychotherapie	
Norge	Barne- og ungdomspsykiatri	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Öldrunarlækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Öldrunarlækningar	
Liechtenstein	Geriatric	
Norge	Geriatric	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Nýrnalækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Nýrnalækningar	
Liechtenstein	Nephrologie	
Norge	Nyresykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Smitsjúkdómar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Smitsjúkdómar	
Liechtenstein	Infektiologie	
Norge	Infeksjonssykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Félagslækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Félagslækningar	
Liechtenstein	Prävention und Gesundheitswesen	
Norge	Samfunnsmedisin	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Lyfjafræði (lækna)		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Lyfjafræði	
Liechtenstein	Klinische Pharmakologie und Toxikologie	
Norge	Klinisk farmakologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Atvinnusjúkdómalækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Atvinnulækningar	
Liechtenstein	Arbeitsmedizin	
Norge	Arbeidsmedisin	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Ofnæmislækningar		
Lágmarkslengd náms: 3 ár		
Ísland	Ofnæmislækningar	
Liechtenstein	Allergologie und klinische Immunologie	
Norge		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Meltingarfæraskurðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Ísland		
Liechtenstein		
Norge	Gastroenterologisk kirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Geislalæknisfræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Ísótópagreining	
Liechtenstein	Nuklearmedizin	
Norge	Nukleærmedisin	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Klínísk taugalífeðlisfræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Klínísk taugalífeðlisfræði	
Liechtenstein		
Norge	Klínísk nevfysiologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Tann-, munn- og kjálkaskurðlækningar (undirstöðunám í læknisfræði og tannlækningum)		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland		
Liechtenstein	Kiefer- und Gesichtschirurgie	
Norge	Kjevekirurgi og munnhulesykdommer	

6. Texti aðlögunarliðar e) falli brott.

4. gr.

Texti 7. liðar (skrá 90/C 268/02) falli brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 8. lið (tilskipun ráðsins 77/452/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtið. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

2. Orðin „offentlig godkjent“ undir fyrirsögninni „í Noregi“ í aðlögunarlið a) falli brott.

3. Eftirfarandi komi í stað texta aðlögunarliðar b):

„Efni eftirfarandi töflu yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga (í almennri hjúkrun) í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðaukann við tilskipunina:

6. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (tilskipun ráðsins 77/453/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„- **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtið. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

7. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 10. lið (tilskipun ráðsins 78/686/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtið. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

2. Eftirfarandi komi í stað texta aðlögunarliðar b):

„Efni eftirfarandi töflu yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í tannlækningum í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðaukann við tilskipunina:

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ísland	Próf frá tannlæknadeild Háskóla Íslands	Tannlæknadeild Háskóla Íslands	
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og önnur starfsheiti sem veitt eru í öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og tilgreind eru í þessum viðauka, ásamt vottorði sem lögbær yfirvöld gefa út um að starfsþjálfun hafi verið lokið		
Norge	Vitnemál for fullført grad <i>candidata/candidatus odontologiae</i> , stytt form: <i>cand.odont.</i>	Odontologisk universitetsfakultet	

3. Eftirfarandi komi í stað texta aðlögunarliðar c):

„Efni eftirfarandi töflu yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í sérgreinum tannlækninga í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðauka B við tilskipunina:

1. Tannréttingar

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ísland			
Liechtenstein			
Norge	Bevis for gjennomgått spesialistutdanning i kjeveortopedi	Odontologisk universitetsfakultet	

8. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 11. lið (tilskipun ráðsins 78/687/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtfð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

9. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 12. lið (tilskipun ráðsins 78/1026/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

- „- **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtfð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

2. Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðarins:

„Efni eftirfarandi töflu yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í dýralækningum í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðaukann við tilskipunina:

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ísland	Prófskírteini, vottorð og önnur starfsheiti sem veitt eru í öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og tilgreind eru í þessum viðauka, ásamt vottorði sem lögbær yfirvöld gefa út um að starfsþjálfun hafi verið lokið		
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og önnur starfsheiti sem veitt eru í öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og tilgreind eru í þessum viðauka, ásamt vottorði sem lögbær yfirvöld gefa út um að starfsþjálfun hafi verið lokið		
Norge	Vitnemál for fullført grad <i>candidata/candidatus medicinae veterinariae</i> , stytt form: <i>cand.med.vet.</i>	Norges veterinærhøgskole	

“

10. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 78/1027/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„- **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtið. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

11. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 14. lið (tilskipun ráðsins 80/154/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtið. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

2. Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðar b):

„Efni eftirfarandi töflu yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í ljósmóðurfræðum í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðaukann við tilskipunina:

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ísland	1. Embættispróf í ljósmóðurfræði 2. Próf í ljósmæðrafræðum	1. Háskóli Íslands 2. Ljósmæðraskóli Íslands	
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og önnur starfsheiti sem veitt eru í öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og tilgreind eru í þessum viðauka		
Norge	Vitnemål for bestått jordmorutdanning	Høgskole	

“

12. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (tilskipun ráðsins 80/155/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

- „- **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtið. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

13. gr.

Eftirfarandi bætist við í 16. lið (tilskipun ráðsins 85/432/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtið. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

14. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 17. lið (tilskipun ráðsins 85/433/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

- „- **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtið. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

2. Eftirfarandi komi í stað texta aðlögunarliðar a):

„Efni eftirfarandi töflu yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðaukann við tilskipunina:

Land	Heiti vitnisburðar	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ísland	Próf í lyfjafræði	Háskóli Íslands

Land	Heiti vitnisburðar	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Liechtenstein	Prófskrteini, vottorð og önnur starfsheiti sem veitt eru í öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og tilgreind eru í þessum viðauka, ásamt vottorði sem lögbær yfirvöld gefa út um að starfsþjálfun hafi verið lokið	
Norge	Vitnemål for fullført grad <i>candidata/candidatus pharmaciae</i> , styt: <i>cand.pharm.</i>	Universitetsfakultet

“

15. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 18. lið (tilskipun ráðsins 85/384/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„- **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

16. gr.

Texti 19. liðar (skrá 89/C 205/06) falli brott.

17. gr.

Texti tilskipunar 2001/19/EB og aðlögunarliðanna við tilskipanir 92/51/EBE í kafla XI.D.I, 93/16/EBE í kafla XI.D.III.1, 77/452/EBE í kafla XI.D.III.2, 78/686/EBE í kafla XI.D.III.3, 78/678/EBE í kafla XI.D.III.3, 78/1026/EBE í kafla XI.D.III.4, 80/154/EBE í kafla XI.D.III.5, 85/433/EBE í kafla XI.D.III.6, 85/384/EBE í kafla XI.D.IV við I. viðauka við lögin um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálanum sem Evrópusambandið byggir á, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

18. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

19. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund
formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**TILSKIPUN EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS 2001/19/EB
frá 14. maí 2001**

um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafraeðinga og lækna

(Texti sem varðar EES)

EVROPUINGID OG RAD EVROPUSAMBANDSINS HABA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 40. gr., 1. mgr. 47. gr., fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 47. gr. og 55. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 15. janúar 2001,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þann 16. febrúar 1996 lagði framkvæmdastjórnin fyrir Evrópuþingid og ráðið skýrslu sína um framkvæmd almenna kerfisins til viðurkenningar á prófskírteinum á æðra skólastigi samkvæmt 13. gr. tilskipunar ráðsins 89/48/EBE frá 21. desember 1988 um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum, sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi, sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár ⁽⁴⁾. Í þessari skýrslu skuldbatt framkvæmdastjórnin sig til að kanna möguleika á að fella inn í þá tilskipun kvöð um að þegar umsóknir um viðurkenningu eru skoðaðar verði að taka til greina reynslu sem aflagð er að fengnu viðkomandi prófskírteini, möguleikann á að

innleiða hugtakið „lögvernduð menntun og þjálfun“. Framkvæmdastjórnin skuldbatt sig einnig til að kanna tilhögun varðandi hlutverk samræmingarhópsins, sem komið var á fót með 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/48/EBE, til að tryggja aukid samræmi í framkvæmd og túlkun tilskipunarinnar.

- 2) Hugtakið „lögvernduð menntun og þjálfun“, sem innleitt var með tilskipun ráðsins 92/51/EBE frá 18. júní 1992 um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE ⁽⁵⁾, (báðar tilskipanir nefnast hér á eftir „tilskipanir um almennt kerfi“) skal víkkað út svo það taki til upphaflega almenna kerfisins og skal byggt á sömu grundvallarreglum þar sem sömu reglur skulu gilda um það. Aðildarríkjunum skal í sjálfsveld sett hvaða aðferðir þau nota til að skilgreina hvaða starfsgreinar skuli falla undir lögverndaða menntun og þjálfun.
- 3) Samkvæmt tilskipunum um almennt kerfi er gisti-aðildarríkinu heimilt að fara fram á, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, að umsækjandinn geri ráðstafanir til úrbóta, einkum þar sem verulegur munur er á fræðilegri og/eða verklegri menntun og þjálfun sem farið hefur fram og þeirrar sem prófskírteinið, sem krafist er í gisti-aðildarríkinu, svarar til. Samkvæmt 39. og 43. gr. sáttmálans og í samræmi við túlkun dómstóls Evrópubandalaganna ⁽⁶⁾ skal gisti-aðildarríkið meta hvort starfsreynsla er fullnægjandi til að geta fært

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 28, 26.1.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 235, 27.7.1998, bls. 53.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 2. júlí 1998 (Stjtið. EB C 226, 20.7.1998, bls. 26), staðfest 27. október 1999. Sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. mars 2000 (Stjtið. EB C 119, 27.4.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 5. júlí 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 1. febrúar 2001 og ákvörðun ráðsins frá 26. febrúar 2001.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 19, 24.1.1989, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 209, 24.7.1992, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/5/EB (Stjtið. EB L 54, 26.2.2000, bls. 42).

⁽⁶⁾ C-340/89 (Vlassopoulou) 1991 ECR-I-2357.

- sönnur á að hlutaðeigandi búi yfir þeirri þekkingu sem á vantaði. Til frekari glöggvunar og til að tryggja einstaklingum, sem vilja starfa við starfsgrein sína í öðru aðildarríki, réttaröryggi er æskilegt að fella inn í tilskipanirnar um almennt kerfi þá kvöð að gisti-aðildarríkið þurfi að kanna hvort starfsreynsla, sem umsækjandi hefur aflað sér eftir að hann hlaut prófskírteini sitt/sín, falli undir framangreint.
- 4) Bæta skal og einfalda samræmingarmálsmeðferðina, sem kveðið er á um í tilskipunum um almennt kerfi, með því að gera samræmingarhópnum kleift að samþykka og birta álit um vandamál sem framkvæmdastjórnin vísar til hans og tengjast framkvæmd almenna kerfisins.
- 5) Í orðsendingu sinni til Evrópuþingsins og ráðsins um SLIM-framtaksverkefnið skuldbatt framkvæmdastjórnin sig til að leggja fram tillögur sem miða að því að einfalda uppfærslu skrána yfir prófskírteini sem viðurkenna má sjálfkrafa. Tilskipun ráðsins 93/16/EBE frá 5. apríl 1993 um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi ⁽¹⁾ kveður á um einfaldaða málsmeðferð þegar um er að ræða prófskírteini heimilislækna. Reynslan hefur sýnt að málsmeðferðin býður upp á fullnægjandi réttaröryggi. Æskilegt er að víkka hana út þannig að hún taki til prófskírteina hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, lyfjafræðinga og lækna eins og um getur í tilskipunum ráðsins 77/452/EBE ⁽²⁾, 77/453/EBE ⁽³⁾, 78/686/EBE ⁽⁴⁾, 78/687/EBE ⁽⁵⁾, 78/1026/EBE ⁽⁶⁾, 78/1027/EBE ⁽⁷⁾, 80/154/EBE ⁽⁸⁾, 80/155/EBE ⁽⁹⁾, 85/432/EBE ⁽¹⁰⁾, 85/433/EBE ⁽¹¹⁾ og 93/16/EBE (nefnast hér á eftir „starfsgreinatilskipanir“), hverri um sig.
- 6) Samkvæmt fordæmisrétti dómstóls Evrópubandalaganna, er þess ekki krafist að aðildarríkin viðurkenni prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem vottar ekki nám í einu af aðildarríkjum bandalagsins ⁽¹²⁾. Aðildarríkin skulu þó taka tillit til starfsreynslu sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur aflað sér í öðru aðildarríki ⁽¹³⁾. Með tilliti til þessa skal mælt fyrir um það í starfsgreinatilskipunum að viðurkenning aðildarríkis á prófskírteini, vottorði eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, sem gefinn er út til hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, tannlæknis, dýralæknis, ljósmóður, arkitekts, lyfjafræðings eða læknis við lok menntunar og hjálfunar í þriðja landi og starfsreynslu sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur aflað í aðildarríki, sé þáttur innan bandalagsins sem hin aðildarríkin skulu kanna.
- 7) Fastsetja skal tímabilið, sem aðildarríkin hafa til að taka ákvörðun um umsóknir um viðurkenningar á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem hjúkrunarfræðingar í almennri hjúkrun, tannlæknar, dýralæknar, ljósmæður, arkitekta, lyfjafræðingar eða lækna afla sér í þriðja landi.
- 8) Símenntun hefur öðlast sérstakt mikilvægi á sviði læknisfræði vegna örra framfara á sviði tækni og vísinda. Það er aðildarríkjanna að ákveða hvernig ber að tryggja, með viðeigandi símenntun eftir námslok, að lækna haldi við þekkingu sinni á framförum í læknisfræði. Núverandi kerfi gagnkvæmrar viðurkenningar prófskírteina verður áfram óbreytt.
- 9) Brynt er að umsækjandi hafi áfrýjunarrétt samkvæmt innlendum lögum ef umsókn hans er hafnað eða ef ákvörðun næst ekki innan þess tíma sem mælt er fyrir um. Aðildarríkin skulu rökstyðja ástæðurnar fyrir slíkum ákvörðunum varðandi viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga eða lækna. Ákveði aðildarríki að viðurkenna prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi er því í sjálfvald sett hvort það rökstyður ákvörðun sína.
- 10) Til að sanngirmi sé gætt skulu gerðar bráðabirgðaráðstafanir varðandi tiltekna tannlækna á Ítalíu sem

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 165, 7.7.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 1999/46/EB (Stjtið. EB L 139, 2.6.1999, bls. 25).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 176, 15.7.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 1994.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 176, 15.7.1977, bls. 8. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 89/595/EBE (Stjtið. EB L 341, 23.11.1989, bls. 30).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 233, 24.8.1978, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 1994.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 233, 24.8.1978, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 1994.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 362, 23.12.1978, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 1994.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 362, 23.12.1978, bls. 7. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 89/594/EBE (Stjtið. EB L 341, 23.11.1989, bls. 19).

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 33, 11.2.1980, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 1994.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 33, 11.2.1980, bls. 8. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 89/594/EBE.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 253, 24.9.1985, bls. 34.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 253, 24.9.1985, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 1994.

⁽¹²⁾ C-154/93 (Tawil Albertini) 1994 ECR I — 451.

⁽¹³⁾ C-319/92 (Haim) 1994 ECR I — 425.

hafa hlotið prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á sviði læknisfræði sem veitt eru á Ítalíu vegna háskólanáms í læknisfræði sem hafið er eftir þann dag sem mælt er fyrir um í 19. gr. 78/686/EBE.

- 11) Í 15. gr. tilskipunar 85/384/EBE ⁽¹⁾ er kveðið á um undanþágu meðan á bráðabirgðafresti stendur sem nú er útrunninn. Fella ber brott þetta atkvæði.
- 12) Gera skal skýran greinarmun í 24. gr. tilskipunar 85/384/EBE milli þeirra formsatriða sem gæta ber að þegar um er að ræða staðfesturétt og þeirra sem gæta ber að þegar um er að ræða þjónustustarfsemi, en þannig er rétturinn til að veita þjónustu sem arkitekt gerður skilvirkari.
- 13) Til að jafnræðis sé gætt í málsmeðferð skal kveðið á um bráðabirgðaráðstafanir að því er varðar tiltekna handhafa prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði sem veittur er á Ítalíu við lok náms sem er ekki í fullu samræmi við tilskipun 85/432/EBE.
- 14) Æskilegt er að víkka út gildissvið gagnkvæmrar viðurkenningar á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði á formlegri menntun og hæfi í lyfjafræði til að auðveldara sé að neyta staðfesturéttar milli Grikklands og annarra aðildarríkja. Því ber að fella brott undanþáguna sem kveðið er á um í 3. gr. tilskipunar 85/433/EBE.
- 15) Í skýrslu sinni um sérstakt nám í almennum lækningum, sem kveðið er á um í IV. bálki tilskipunar 93/16/EBE, mælti framkvæmdastjórnin með því að kröfur sem gilda um hlutanám í almennum lækningum verði lagaðar að þeim sem gilda um aðra sérfræðilækna.
- 16) Breyta ber tilskipuninum um almennt kerfi og starfsgreinitilskipuninum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. ÞÁTTUR

BREYTINGAR Á TILSKIPUNUM UM ALMENNT KERFI

1. gr.

Tilskipun 89/48/EBE er breytt sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 223, 21.8.1985, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 1994.

1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annars undirliðar a-liðar komi eftirfarandi:

„— sem sanna að handhafi hafi á fullnægjandi hátt lokið æðra námi sem staðið hefur í minnst þrjú ár eða samsvarandi tíma, hafi verið um hlutanám að ræða við háskóla eða æðri menntastofnun eða aðra stofnun á jafngildu stigi og hafi eftir atvikum lokið starfsþjálfun sem krafist er til viðbótar náminu, og“

b) eftirfarandi liður bætist við:

„d) lögvernduð menntun og þjálfun: sérhver menntun og þjálfun sem:

— er sérstaklega sniðin að iðkun ákveðinnar starfsgreinar, og

— sem tekur til náms á æðra skólastigi sem staðið hefur í minnst þrjú ár eða samsvarandi tíma, hafi verið um hlutanám að ræða, við háskóla eða æðri menntastofnun eða aðra stofnun á jafngildu stigi og hafi eftir atvikum lokið starfsþjálfun, starfsreynslutíma eða verklegri reynslu sem krafist er til viðbótar námi á æðra skólastigi. Uppbygging og námskröfur slíkrar starfsþjálfunar, starfsreynslu eða verklegrar reynslu ákvarðast af lögum og stjórnáslufyrirmælum viðkomandi aðildarríkis eða eru undir eftirliti eða viðurkennd af yfirvaldi sem er tilnefnt í því skyni.“;

2) eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fyrstu undirgrein í b-lið 3. gr.:

„Ekki er þó heimilt að krefjast tveggja ára starfsreynslu sem um getur í fyrstu undirgrein þegar prófskírteini umsækjanda, eitt eða fleiri, sem um getur í þessum lið voru gefin til staðfestingar á lögverndaðri menntun og þjálfun.“;

3) eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fyrstu undirgrein í b-lið 1. mgr. 4. gr.:

„Hyggist gistiáildarríkið krefjast þess að umsækjandi ljúki aðlögunartíma eða taki hæfnispróf verður það fyrst að kanna hvort þekking sú sem umsækjandi hefur aflað sér með starfsreynslu sinni nái fyllilega eða að hluta til yfir þann verulega mismun sem um getur í fyrstu undirgrein.“;

4) eftirfarandi liður bætast við 6. gr.:

„5. Ef gistiáildarríki krefst vottorðs um fjárhagsstöðu til að hefja eða stunda starf innan lögverndaðrar starfsgreinar skal það telja vottorð sem gefin eru út af bönkum í heimaríki eða aðildarríkinu, sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, jafngild þeim sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess.“

6. Ef lögbært yfirvald gístiaðildarríkis gerir þá kröfu til eigin ríkisborgara, sem sækjast eftir að hefja og stunda lögverndaða starfsemi, að þeir leggi fram sönnun þess að þeir séu tryggðir fyrir þeirri fjárhagslegu áhættu sem fylgir ábyrgð á atvinnustarfseminni skal gístiaðildarríkið samþykkja vottorð gefin út af váttryggingafélögum annarra aðildarríkja og telja þau jafngild þeim sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess. Slík vottorð skulu fela í sér yfirlýsingu um að váttryggingjandinn hafi farið að þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru í gístiaðildarríkinu að því er varðar skilmála og umfang váttryggingarinnar. Þau má ekki leggja fram síðar en þremur mánuðum eftir útgáfudag þeirra.“;

- 5) í stað fyrsta undirliðar annarrar undirgreinar í 2. mgr. 9. gr. komi:

„– til að auðvelda framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum með því að samþykkja og birta álit um vandamál sem framkvæmdastjórnin vísar til hans.“;

2. gr.

Tilskipun 92/51/EBE er breytt sem hér segir:

- 1) eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fyrstu undirgrein í b-lið 1. mgr. 4. gr.:

„Hyggjst gístiaðildarríkið krefjast þess að umsækjandi ljúki aðlögunartíma eða taki hæfnispróf verður það fyrst að kanna hvort þekking sú sem umsækjandi hefur aflað sér með starfsreynslu sinni nái fyllilega eða að hluta til yfir þann verulega mismun sem um getur í fyrstu undirgrein.“;

- 2) eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir annarri undirgrein í 5. gr.:

„Hyggjst gístiaðildarríkið krefjast þess að umsækjandi ljúki aðlögunartíma eða taki hæfnispróf verður það fyrst að kanna hvort þekking sú sem umsækjandi hefur aflað sér með starfsreynslu sinni nái fyllilega eða að hluta til yfir þann verulega mismun sem er á prófskírteininu og vottorðinu.“;

- 3) eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fyrstu undirgrein í a-lið 7. gr.:

„Hyggjst gístiaðildarríkið krefjast þess að umsækjandi ljúki aðlögunartíma eða taki hæfnispróf verður það fyrst að kanna hvort þekking sú sem umsækjandi hefur aflað sér með starfsreynslu sinni nái fyllilega eða að hluta til yfir þann verulega mismun sem um getur í fyrstu undirgrein.“;

- 4) eftirfarandi liðir bætist við 10. gr.:

„5. Ef gístiaðildarríki krefst vottorðs um fjárhagsstöðu til að hefja eða stunda starf innan lögverndaðrar starfsgreinar skal það telja vottorð sem gefin eru út af bönkum í heimaríki eða aðildarríkinu sem rétt hafinn kemur frá jafngild þeim sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess.“

6. Ef lögbært yfirvald gístiaðildarríkis gerir þá kröfu til eigin ríkisborgara, sem sækjast eftir að hefja eða stunda lögverndaða starfsemi, að þeir leggi fram sönnun þess að þeir séu tryggðir fyrir þeirri fjárhagslegu áhættu sem fylgir ábyrgð á atvinnustarfseminni skal gístiaðildarríkið samþykkja vottorð gefin út af váttryggingafélögum annarra aðildarríkja og telja þau jafngild þeim sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess. Slík vottorð skulu fela í sér yfirlýsingu um að váttryggingjandinn hafi farið að þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru í gístiaðildarríkinu að því er varðar skilmála og umfang váttryggingarinnar. Þau má ekki leggja fram síðar en þremur mánuðum eftir útgáfudag þeirra.“;

- 5) í stað fyrsta undirliðar annarrar undirgreinar í 2. mgr. 13. gr. komi:

„– til að auðvelda framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum með því að samþykkja og birta álit um vandamál sem framkvæmdastjórnin vísar til hans.“;

- 6) eftirfarandi málsgrein bætist við 15. gr.:

„8. Breytingar, sem gerðar eru á skránum yfir nám sem koma fram í viðaukum C og D á grundvelli málsmeðferðarinnar sem mælt er fyrir um hér að framan, skulu taka gildi þegar í stað á þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður.“

2. ÞÁTTUR

BREYTINGAR Á STARFSGREINATILSKIPUNUM

Þáttur 2.1

Hjúkrunarfræðingar í almennri hjúkrun

3. gr.

Tilskipun 77/452/EBE er hér með breytt sem hér segir:

- 1) (Gildir aðeins um grísku útgáfuna).
- 2) Í 2. gr. komi orðin „sem skráð eru í viðaukanum“ í stað orðanna „sem skráð eru í 3. gr.“

3) Ákvæði 3. gr. falli brott.

18. gr. d

4) Litið skal á tilvísanir í 3. gr. sem tilvísanir í viðaukann.

Hafni aðildarríki umsókn skal það rökstyðja á tilhlýðilegan hátt ákvörðun sína um viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

5) (Gildir aðeins um grísku útgáfuna).

6) Eftirfarandi greinar bætist við:

Umsækjendur skulu hafa áfrýjunarrétt frammi fyrir dómstólum samkvæmt landslögum. Sá áfrýjunarréttur skal á sama hátt gilda hafi ákvörðun ekki verið tekin innan tilskilins tíma.“

„18. gr. a

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau lög og stjórnáslufyrirmæli sem þau samþykkja um veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal birta viðeigandi auglýsingu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, þar sem talin eru upp þau heiti, sem aðildarríkin samþykkja fyrir viðkomandi menntun og hæfi og, þar sem við á, samsvarandi starfsheiti.

7) Viðaukinn, sem birtist í I. viðauka við þessa tilskipun, bætist við.

4. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 77/453/EBE komi orðin „eins og tilgreint er í viðauka við tilskipun 77/452/EBE“ í stað orðanna „eins og tilgreint er í 3. gr. tilskipunar 77/452/EBE“.

Þáttur 2.2

Tannlæknar

5. gr.

18. gr. b

Svari prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, ekki til þeirra heita sem skráð eru fyrir það aðildarríki í þessari tilskipun, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem þessi aðildarríki veita og þar sem með fylgir vottorð gefið út af lögþæru yfirvaldi eða stofnunum. Slíkt vottorð skal fela í sér yfirlýsingu um að viðkomandi prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi hafi verið veittur að lokinni menntun og hjálfun sem samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar og aðildarríkíð, sem veitir hann, telji hann jafngildan þeim heitum sem skráð eru þar.

Tilskipun 78/686/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1) Í 2. gr. komi orðin „skráð í viðauka A“ í stað orðanna „skráð í 3. gr.“

2) Ákvæði 3. gr. falli brott.

3) Í stað heitis III. kafla komi:

„Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi í sérgreinum tannlækninga“.

18. gr. c

Aðildarríkin skulu kanna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, sem handhafi hefur hlotið utan Evrópusambandsins, hafi þessi prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi verið viðurkennd í aðildarríki, ásamt hjálfun og/eða starfsreynslu sem aflað er í aðildarríki. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.

4) Í stað 4. gr. komi:

„4. gr.

Sérhverju aðildarríki, með ákvæði í lögum eða stjórnáslufyrirmælum á þessu sviði, ber að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi tannlækna, sem sérhæfa sig í tannrétingum og tannskurðlækningum, sem önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkjanna í samræmi við 2. og 3. gr. tilskipunar 78/687/EBE og eru

skráð í viðauka B, með því að láta hið sama gilda um slík prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á yfirtáðasvæði sínu og þau sem aðildarríkið sjálft veitir.“

5) Ákvæði 5. gr. falli brott.

6) Ákvæði 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr.:

„Það skal einnig taka tillit til hvers konar starfsreynslu, viðbótarþjálfunar og símenntunar á sviði tannlækninga sem þeir búa yfir.“;

b) í stað 3. mgr. komi:

„3. Lögbær yfirlöng eða stofnanir gístaíðildarríkis skulu, eftir að hafa metið inntak og lengd náms hlutaíeigandi einstaklings á grundvelli prófskírteina, vottorða eða annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi, sem hafa verið löng fram, og að teknu tilliti til hvers konar starfsreynslu, viðbótarþjálfunar og símenntunar á sviði tannlækninga, sem hann býr yfir, tilkynna honum um viðbótarnáms-tímabil, sem krafist er, svo og þau svið sem námið skal taka til.“;

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Aíðildarríkið skal taka ákvörðun innan fjögurra mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjólum.“

7) Í 19. gr. verða undirgreinarnar tvær að 1. mgr. og eftirfarandi mgr. bætist við:

„2. Aíðildarríkin skulu víðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í læknisfræði sem gefin eru út á Ítalíu til fólks sem hóf háskólanám í læknisfræði á tímabilinu 28. janúar 1980 til 31. desember 1984 og sem með fylgir vottorð, gefið út af lögbærum yfirlöngum á Ítalíu, með yfirlöngingu um eftirfarandi:

– að víðkomandi hafi staðist hæfnispróf fyrir sérfræð- inga sem lögbær yfirlöng á Ítalíu halda til að komast að raun um hvort þeir búa yfir sambærilegri þekkingu og hæfni og þeir sem hafa prófskírteini sem skráð eru fyrir Ítalíu í víðauka A;

– að þeir hafi raunverulega stundað á Ítalíu, á löglegan hátt og að aðalstarfi, þá starfsemi sem tiltekin er í 5. gr. tilskipunar 78/687/EBE í a.m.k. þrjú ár sam- fleytt á fimm næstlöngum árum fyrir útgáfu skírteinisins;

– og að þeir hafi leyfi til að stunda eða stundi raunverulega, á löglegan hátt og að aðalstarfi, þá starfsemi sem tiltekin er í 5. gr. tilskipunar 78/687/EBE með sömu skilyrðum og þeir sem hafa hlotið prófskírteinin sem skráð eru fyrir Ítalíu í víðauka A við þessa tilskipun.

Krafan um að taka hæfnispróf, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal felld niður þegar um er að ræða einstaklinga sem hafa lokið á fullnægjandi hátt a.m.k. þrjú ára námi sem lögbær yfirlöng víðurkenna sem jafngilt því námi sem um getur í 1. gr. tilskipunar 78/687/EBE.“

8) Litið skal á tilvísanir í 3. gr. sem tilvísanir í víðauka A og tilvísanir í 5. gr. sem tilvísanir í víðauka B.

9) Eftirfarandi greinar bætist við:

„23. gr. a

Aíðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau löng og stjórnsýslufyrirmæli sem þau samþykkja um veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal birta víðeigandi auglýsingu í *Stjórnartíðningum Evrópubandalaganna*, þar sem talin eru upp þau heiti, sem aðildarríkin samþykkja fyrir víðkomandi menntun og hæfi og, þar sem víð á, samsvarandi starfshéiti.

23. gr. b

Svari prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, ekki til þeirra heita sem skráð eru fyrir það aðildarríki í þessari tilskipun, skal sérhvert aðildarríki víðurkenna sem nægilega sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem þessi aðildarríki veita og þar sem með fylgir vottorð gefið út af lögbæru yfirlöng eða stofnunum. Slíkt vottorð skal fela í sér yfirlöngingu um að víðkomandi prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi hafi verið veittur að lokinni menntun og þjálfun sem samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar og aðildarríkið, sem veitir hann, telji hann jafngildan þeim heitum sem skráð eru þar.

23. gr. c

Aíðildarríkin skulu kanna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, sem handhafi hefur hlotið utan Evrópusambandsins, hafi þessi prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi

verið viðurkennd í aðildarríki, ásamt þjálfun og/eða starfsreynslu sem aflað er í aðildarríki. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.

23. gr. d

Hafni aðildarríki umsókn skal það rökstyðja á tilhlýðilegan hátt ákvörðun sína um viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

Umsækjandi skal hafa áfrýjunarrétt frammi fyrir dómstólum samkvæmt landslögum. Sá áfrýjunarréttur skal á sama hátt gilda hafi ákvörðun ekki verið tekin innan tilskilins tíma.“

10) Viðauki A og B, sem birtast í II. viðauka við þessa tilskipun, bætist við.

6. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 78/687/EBE komi orðin „sem um getur í viðauka A við þá tilskipun“ í stað orðanna „sem um getur í 3. gr. sömu tilskipunar“.

Þáttur 2.3

Dýralæknar

7. gr.

Tilskipun 78/1026/EBE er hér með breytt sem hér segir:

- 1) Í 2. gr. komi orðin „í viðauka“ í stað orðanna „í 3. gr.“
- 2) Ákvæði 3. gr. falli brott.
- 3) Litið skal á tilvísanir í 3. gr. sem tilvísanir í viðaukann.
- 4) Eftirfarandi greinar bætist við:

„17. gr. a

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau lög og stjórnislyfyrirmæli sem þau samþykkja um veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal birta viðeigandi

auglýsingu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, þar sem talin eru upp þau heiti, sem aðildarríkin samþykkja fyrir viðkomandi menntun og hæfi og, þar sem við á, samsvarandi starfsheiti.

17. gr. b

Svari prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, ekki til þeirra heita sem skráð eru fyrir það aðildarríki í þessari tilskipun, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburður um formlega menntun og hæfi, sem þessi aðildarríki veita og þar sem með fylgir vottorð gefið út af lögbærur yfirvaldi eða stofnunum. Slíkt vottorð skal fela í sér yfirlýsingu um að viðkomandi prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi hafi verið veittur að lokinni menntun og þjálfun sem samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar og aðildarríkið, sem veitir hann, telji hann jafngildan þeim heitum sem skráð eru þar.

17. gr. c

Aðildarríkin skulu kanna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburður um formlega menntun og hæfi á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, sem handhafi hefur hlotið utan Evrópusambandsins, hafi þessi prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi verið viðurkennd í aðildarríki, ásamt þjálfun og/eða starfsreynslu sem aflað er í aðildarríki. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.

17. gr. d

Hafni aðildarríki umsókn skal það rökstyðja á tilhlýðilegan hátt ákvörðun sína um viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

Umsækjandi skal hafa áfrýjunarrétt frammi fyrir dómstólum samkvæmt landslögum. Sá áfrýjunarréttur skal á sama hátt gilda hafi ákvörðun ekki verið tekin innan tilskilins tíma.“

- 5) Viðaukinn, sem birtist í III. viðauka við þessa tilskipun, bætist við.

8. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 78/1027/EBE komi orðin „sem um getur í viðauka við tilskipun 78/1026/EBE“ í stað orðanna „sem um getur í 3. gr. tilskipunar 78/1026/EBE“.

Þáttur 2.4

Ljósmaður

9. gr.

Tilskipun 80/154/EEC er hér með breytt sem hér segir:

- 1) Í 1. mgr. 2. gr. komi orðin „skráð eru í viðauka“ í stað orðanna „skráð eru í 3. gr.“
- 2) Í fjórða og fimmta undirlið 1. mgr. 2. gr. komi orðin „sem um getur í viðauka við tilskipun 77/452/EBE“ í stað orðanna „sem um getur í 3. gr. tilskipunar 77/452/EBE“.
- 3) Ákvæði 3. gr. falli brott.
- 4) Litið skal á tilvísanir í 3. gr. sem tilvísanir í viðaukann.
- 5) Eftirfarandi greinar bætist við:

„19. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau lög og stjórnáslufyrirmæli sem þau samþykkja um veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal birta viðeigandi auglýsingu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, þar sem talin eru upp þau heiti, sem aðildarríkin samþykkja fyrir viðkomandi menntun og hæfi og, þar sem við á, samsvarandi starfsheiti.

19. gr. b

Svari prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, ekki til þeirra heita sem skráð eru fyrir það aðildarríki í þessari tilskipun, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburður um formlega

menntun og hæfi, sem þessi aðildarríki veita og þar sem með fylgir vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi eða stofnunum. Slíkt vottorð skal fela í sér yfirlýsingu um að viðkomandi prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi hafi verið veittur að lokinni menntun og þjálfun sem samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar og aðildarríkis, sem veitir hann, telji hann jafngildan þeim heitum sem skráð eru þar.

19. gr. c

Aðildarríkin skulu kanna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburður um formlega menntun og hæfi á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, sem handhafi hefur hlotið utan Evrópusambandsins, hafi þessi prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi verið viðurkennd í aðildarríki, ásamt þjálfun og/eða starfsreynslu sem aflað er í aðildarríki. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.

19. gr. d

Hafni aðildarríki umsókn skal það rökstyðja á tilhlýðilegan hátt ákvörðun sína um viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

Umsækjendur skulu hafa áfrýjunarrétt frammi fyrir dómstólum samkvæmt landslögum. Sá áfrýjunarréttur skal á sama hátt gilda hafi ákvörðun ekki verið tekin innan tilskilins tíma.“

- 6) Viðaukinn, sem birtist í IV. viðauka við þessa tilskipun, bætist við.

10. gr.

Tilskipun 80/155/EBE er breytt sem hér segir:

- 1) Í 1. mgr. 1. gr. komi orðin „skráð er í viðaukanum“ í stað orðanna „skráð er í 3. gr.“
- 2) Í öðrum undirlið 2. mgr. 1. gr komi orðin „sem getið er í viðauka við tilskipun 77/452/EBE“ í stað orðanna „sem getið er í 3. gr. tilskipunar 77/452/EBE“.

Þáttur 2.5

Arkitektar

11. gr.

Tilskipun 85/384/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi greinar bætist við:

„6. gr.

Aðildarríkin skulu kanna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, sem handhafi hefur hlotið utan Evrópusambandsins, hafi þessi prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi verið viðurkennd í aðildarríki, ásamt þjálfun og/eða starfsreynslu sem aflað er í aðildarríki. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.

6. gr. a

Hafni aðildarríki umsókn skal það rökstyðja á tilhlýðilegan hátt ákvörðun sína um viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

Umsækjendur skulu hafa áfrýjunarrétt frammi fyrir dómstólum samkvæmt landslögum. Sá áfrýjunarréttur skal á sama hátt gilda hafi ákvörðun ekki verið tekin innan tilskilins tíma.“

2) Ákvæði 15. gr. falli brott.

3) Í 1. mgr. 24. gr. komi orðin „samkvæmt 17. og 18. gr. þegar um er að ræða staðfesturétt og samkvæmt 22. gr. þegar um er að ræða þjónustustarfsemi“ í stað orðanna „samkvæmt 17. og 18. gr.“

Þáttur 2.6

Lyfjafraeðingar

12. gr.

Í 2. gr. tilskipunar 85/432/EBE bætist eftirfarandi liður við:

„6. Sem bráðabirgðaráðstöfun og þrátt fyrir 3. og 5. mgr. getur Ítalía, þar sem lög og stjórnisýslufyrirmæli mæla fyrir um nám sem ekki hafði verið fyllilega samræmt námskröfum, sem mælt er fyrir um í þessari grein, fyrir

þann tíma sem fastsettur er í 5. gr., látið þessi ákvæði gilda áfram um einstaklinga sem hófu nám í lyfjafraeði fyrir 1. nóvember 1993 og ljúka því fyrir 1. nóvember 2003.

Sérhverju aðildarríki skal vera heimilt að krefjast þess að handhafar prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í lyfjafraeði, sem gefin eru út á Ítalíu við lok náms sem hófst fyrir 1. nóvember 1993 og lýkur fyrir 1. nóvember 2003, leggi fram ásamt prófskírteini sínu vottorð með yfirlýsingu um að þeir hafi raunverulega stundað, á löglegan hátt, í a.m.k. þrjú ár samfleytt á næstliðnum fimm árum fyrir útgáfu skírteinisins, einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr., að svo miklu leyti sem slík starfsemi er lögvernduð á Ítalíu.“

13. gr.

Tilskipun 85/433/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1) Í 1. gr. komi orðin „sem um getur í viðaukanum“ í stað orðanna „sem um getur í 4. gr.“

2) Ákvæði 3. gr. falli brott.

3) Ákvæði 4. gr. falli brott.

4) Litið skal á tilvísanir í 4. gr. sem tilvísanir í viðaukann.

5) Eftirfarandi greinar bætist við:

„18. gr. a

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau lög og stjórnisýslufyrirmæli sem þau samþykkja um veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal birta viðeigandi auglýsingu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, þar sem talin eru upp þau heiti, sem aðildarríkin samþykkja fyrir viðkomandi menntun og hæfi og, þar sem við á, samsvarandi starfsheiti.

18. gr. b

Svari prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, ekki til þeirra heita sem skráð eru fyrir það aðildarríki í þessari tilskipun, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi, sem þessi aðildarríki veita og þar sem með fylgir vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi eða stofnunum. Slíkt vottorð skal fela í sér yfirlýsingu um að viðkomandi prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi hafi verið veittur að lokinni menntun og þjálfun sem samræmist ákvæðum

þessarar tilskipunar og aðildarríkið, sem veitir hann, telji hann jafngildan þeim heitum sem skráð eru þar.

18. gr. c

Aðildarríkin skulu kanna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, sem handhafi hefur hlotið utan Evrópusambandsins, hafi þessi prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi verið viðurkenndur í aðildarríki, ásamt þjálfun og/eða starfsreynslu sem aflað er í aðildarríki. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.

18. gr. d

Hafni aðildarríki umsókn skal það rökstyðja á tilhlýðilegan hátt ákvörðun sína um viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

Umsækjandi skal hafa áfrýjunarrétt frammi fyrir dómstólum samkvæmt landslögum. Sá áfrýjunarréttur skal á sama hátt gilda hafi ákvörðun ekki verið tekin innan tilskilins tíma.“

- 6) Viðaukinn, sem birtist í V. viðauka við þessa tilskipun, bætist við.

Þáttur 2.7

Læknar

14. gr.

Tilskipun 93/16/EBE er hér með breytt sem hér segir:

- 1) Í 2. gr. komi orðin „talin upp í viðauka A“ í stað orðanna „talin upp í 3. gr.“
- 2) Ákvæði 3. gr. falli brott.

- 3) Í stað heitis II. kafla komi:

„Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi í sérgreinum læknisfræði.“

- 4) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Sérhverju aðildarríki, með ákvæði í lögum eða stjórnýslufyrirmælum á þessu sviði, ber að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í sérgreinum læknisfræði, sem önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkjanna í samræmi við 24., 25., 26. og 29. gr. og eru skráð í viðaukum B og C, með því að láta hið sama gilda um slík prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi á yfirráðasvæði sínu og þau sem aðildarríkið sjálf veitir.“

- 5) Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi, sem um getur í 4. gr. og sem eru veitt af lögbærum yfirvöldum eða stofnunum, sem talin eru upp í viðauka B, eru þau sem svara, að því er varðar viðkomandi sérnám, til þeirra skírteina sem talin eru upp í viðauka C fyrir þau aðildarríki þar sem slíkt nám er fyrir hendi.“

- 6) Heiti III. kafla og 6. og 7. gr. falli brott.

- 7) Í 8. gr.:

- a) bætist eftirfarandi undirgrein við 2. mgr.:

„Það skal einnig taka tillit til hvers konar starfsreynslu, viðbótarþjálfunar og símenntunar á sviði læknisfræði sem þeir búa yfir.“;

- b) komi eftirfarandi í stað 3. mgr.:

„3. Lögbær yfirvöld eða stofnanir gistaðildarríkis skulu, eftir að hafa metið inntak og lengd náms hlutaðeigandi einstaklings á grundvelli prófskírteina, vottorða eða annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem hafa verið lögð fram, og að teknu tilliti til hvers konar starfsreynslu, viðbótarþjálfunar og símenntunar á sviði læknisfræði, tilkynna honum um viðbótarnámstímabil sem krafist er svo og þau svið sem námið skal taka til.“;

- c) bætist eftirfarandi málsgrein við:

„4. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan fjögurra mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.“

8) Eftirfarandi málsgrein bætist við 9. gr.:

„2a Aðildarríkin skulu viðurkenna vitnisburð um formlega menntun og hæfi í sérgreinum læknisfræði sem veittur er á Spáni læknum sem luku sérnámi fyrir 1. janúar 1995 en sem uppfyllti ekki formlegar námskröfur, sem mælt er fyrir um í 24. til 27. gr., ef vitnisburðinum fylgir vottorð sem veitt er af lögbærum spænskum yfirvöldum og vottar að viðkomandi einstaklingur hafi staðist próf sem sýnir fram á starfsreynslu og sem skipulagt er samkvæmt sérstökum reglugerðarráðstöfunum í konunglegri tilskipun 1497/99 með það fyrir augum að sannreyna að viðkomandi einstaklingur búi yfir sambærilegri þekkingu og hæfni og læknar með prófskírteini sérfræðinga sem um getur í 3. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 7. gr. þegar um er að ræða Spán.“

9) Eftirfarandi málsgrein bætist við 23. gr.:

„6. Símenntun skal tryggja, í samræmi við gildandi ráðstafanir í hverju aðildarríki, að þeir einstaklingar sem lokið hafa námi geti tileinkað sér framfarir í læknisfræði.“

10) Í stað a-liðar í 1. mgr. 24. gr. komi eftirfarandi:

„a) að baki þess verður að vera sex ára nám sem er að fullu lokið innan þess námsferils sem um getur í 23. gr., og verður viðkomandi á þeim tíma að hafa aflað sér viðeigandi þekkingar á almennum lækningum;“.

11) Í stað 26. og 27. gr. komi eftirfarandi:

„26. gr.

Aðildarríki sem sett hafa ákvæði með lögum og stjórnsluflýrirmælum á þessu sviði skulu sjá til þess að lágmarkslengd sérnáms sé eigi styttri en lengd námsins sem mælt er fyrir um í viðauka C að því er varðar hvers konar nám. Slíkri lágmarkslengd náms skal breytt í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 44. gr. a.“

12) Í stað 30. gr. komi eftirfarandi:

„30. gr.

Hvert það aðildarríki sem býður á yfirráðasvæði sínu upp á það nám í heild sinni, sem um getur í 23. gr., skal koma á sérstökum námi í almennum lækningum, sem uppfyllir þau lágmarksskilyrði sem eru sett í 31. og 32. gr., á þann hátt að fyrstu prófskírteinin, vottorðin eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi verði veitt að slíku námi loknu eigi síðar en 1. janúar 2006.“

13) Í stað b-liðar í 1. mgr. 31. gr. komi eftirfarandi:

„b) það verður að vera fullt nám sem varir í þrjú ár hið minnsta og er undir umsjón þar til bærri yfirvalda eða stofnana.“

14) Í stað 2. mgr. 31. gr. komi eftirfarandi:

„2. Feli námið, sem um getur í 23. gr., í sér starfsþjálfun á viðurkenndu sjúkrahúsi eða heilsugæslustöð með viðeigandi búnaði og þjónustu á sviði almennra lækninga eða á viðurkenndri almennri læknastofu eða viðurkenndri læknaöð þar sem læknar veita frumheilsugæslu, má það þjálfunartímabil vera hluti af tímabilinu sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr., enda sé það ekki lengra en eitt ár. Þessi kostur skal aðeins standa til boða þeim aðildarríkjum þar sem lengd sérstaks náms í almennum lækningum er tvö ár þann 1. janúar 2001.“

Verði framkvæmdastjórnin, við beitingu þessarar málsgreinar, vör við að aðildarríki eigi í miklum erfðleikum að því er varðar námsstigið í b-lið 1. mgr., skal það fara að áliti nefndar háttsettra opinberra embættismanna um almannaheilbrigði, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 75/365/EBE(*), og tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögur sem miða að frekari samræmingu á lengd sérstaks náms í almennum lækningum.

(*) Stjóð. EB L 167, 30.6.1975, bls. 19.“

15) Í öðrum undirlið 1. mgr. 34. gr. komi „50%“ í stað „60%“.

16) Liðið skal á tilvísanir í 3., 6., 7. og 27. gr. sem tilvísanir í viðauka A, 4. gr., 5. gr. og 26. gr. hverja um sig.

17) Eftirfarandi greinar bætist við:

„42. gr. a

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau lög og stjórnsluflýrirmæli sem þau samþykkja um veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal birta viðeigandi auglýsingu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, þar sem talin eru upp þau heiti, sem aðildarríkin samþykkja fyrir viðkomandi menntun og hæfi og, þar sem við á, samsvarandi starfsheiti.

42. gr. b

Svari prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja, á því sviði sem tilskipun þessi nær til, ekki til þeirra heita sem skráð eru fyrir það aðildarríki í þessari tilskipun, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburður um formlega menntun og hæfi, sem þessi aðildarríki veita og þar sem með fylgir vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi eða stofnunum. Slíkt vottorð skal fela í sér yfirlýsingu um að viðkomandi prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi hafi verið veittur að lokinni menntun og þjálfun sem samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar og aðildarríkið, sem veitir hann, telji hann jafngildan þeim heitum sem skráð eru þar.

42. gr. c

Aðildarríkin skulu kanna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburður um formlega menntun og hæfi, á því sviði sem tilskipun þessi nær til, sem handhafi hefur hlotið utan Evrópusambandsins, hafi þessi prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi verið viðurkennd í aðildarríki, ásamt þjálfun og/eða starfsreynslu sem aflað er í aðildarríki. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.

42. gr. d

Hafni aðildarríki umsókn skal það rökstyðja á tilhlýðilegan hátt ákvörðun sína um viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

Umsækjendur skulu hafa áfrýjunarrétt frammi fyrir dómstólum samkvæmt landslögum. Sá áfrýjunarréttur skal á sama hátt gilda hafi ákvörðun ekki verið tekin innan tilskilins tíma.“

18) Ákvæðum 44. gr. a er breytt sem hér segir:

- a) hefur ekki áhrif á enska textann;
- b) ákvæði 2. mgr. falli brott.

19) Viðaukar A, B og C, sem birtast í IV. viðauka við þessa tilskipun, bæstast við.

3. PÁTTUR

LOKAÁKVÆÐI

15. gr.

Eigi síðar en 1. janúar 2008 skal framkvæmdastjórnin tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um hver staðan er á framkvæmd 1. og 2. liðar 1. gr. í aðildarríkjunum.

Að öllum nauðsynlegum skýrslutökum loknum skal framkvæmdastjórnin leggja fram niðurstöður sínar um hugsanlegar breytingar á núgildandi fyrirkomulagi í 1. og 2. lið 1. gr. Ef nauðsyn ber til skal framkvæmdastjórnin einnig leggja fram tillögur til að bæta núgildandi fyrirkomulag.

16. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

17. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

18. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. maí 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. LINDH

forseti.

I. VIDAUKI

„VIDAUKI

Heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga (í almennri hjúkrun)

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/Belgien	1. Diploma gegradueerde verpleger/verpleegster — Diplôme d'infirmier(ère) gradué(e) — Diplom eines (einer) graduierten Krankenpflegers (-pflegerin) 2. Diploma in de ziekenhuisverpleegkunde — Brevet d'infirmier(ère) hospitalier(ère) — Brevet eines (einer) Krankenpflegers (-pflegerin) 3. Brevet van verpleegassistent(e) — Brevet d'hospitalier(ère) — Brevet einer Pflegeassistentin	1. De erkende opleidingsinstituten/les établissements d'enseignement reconnus/die anerkannten Ausbildungsanstalten 2. De bevoegde Examencommissie van de Vlaamse Gemeenschap/le Jury compétent d'enseignement de la Communauté française/die zuständigen „Prüfungsausschüsse der Deutschsprachigen Gemeinschaft“	
Danmark	Eksamensbevis efter gennemført sygeplejerskeuddannelse	Sygeplejeskole godkendt af Undervisningsministeriet	
Deutschland	Zeugnis über die staatliche Prüfung in der Krankenpflege	Staatlicher Prüfungsausschuss	
Ελλάς	1. Πτυχίο Νοσηλευτικής Παν/μίου Αθηνών 2. Πτυχίο Νοσηλευτικής Τεχνολογικών Εκπαιδευτικών Ιδρυμάτων (Τ.Ε.Ι.) 3. Πτυχίο Αξιοματικών Νοσηλευτικής 4. Πτυχίο Αδελφών Νοσοκόμων πρώην Ανωτέρων Σχολών Υπουργείου Υγείας και Πρόνοιας 5. Πτυχίο Αδελφών Νοσοκόμων και Επισκεπτριών πρώην Ανωτέρων Σχολών Υπουργείου Υγείας και Πρόνοιας 6. Πτυχίο Τμήματος Νοσηλευτικής	1. Πανεπιστήμιο Αθηνών 2. Τεχνολογικά Εκπαιδευτικά Ιδρύματα Υπουργείο Εθνικής Παιδείας και Θρησκευμάτων 3. Υπουργείο Εθνικής Άμυνας 4. Υπουργείο Υγείας και Πρόνοιας 5. Υπουργείο Υγείας και Πρόνοιας 6. ΚΑΤΕΕ Υπουργείου Εθνικής Παιδείας και Θρησκευμάτων	
España	Titulo de Diplomado universitario en Enfermería	Ministerio de Educación y Cultura/El rector de una Universidad	
France	1. Diplôme d'Etat d'infirmier(ère) 2. Diplôme d'Etat d'infirmier(ère) délivré en vertu du décret n° 99-1147 du 29 décembre 1999	Le ministère de la santé	
Ireland	Certificate of Registered General Nurse	An Bord Altranais (The Nursing Board)	
Italia	Diploma di infermiere professionale	Scuole riconosciute dallo Stato	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Luxembourg	1. Diplôme d'Etat d'infirmier 2. Diplôme d'Etat d'infirmier hospitalier gradué	Ministère de l'Education nationale, de la Formation professionnelle et des Sports	
Nederland	1. diploma's verpleger A, verpleegster A, verpleegkundige A 2. diploma verpleegkundige MBOV (Middelbare Beroepsopleiding Verpleegkundige) 3. diploma verpleegkundige HBOV (Hogere Beroepsopleiding Verpleegkundige) 4. diploma beroepsopderwijs verpleegkundige - Kwalificatieniveau 4 5. diploma hogere beroepsopleiding verpleegkundige – Kwalificatieniveau 5	1. Door een van overheidswege benoemde examencommissie 2. Door een van overheidswege benoemde examencommissie 3. Door een van overheidswege benoemde examencommissie 4. Door een van overheidswege aangewezen opleidingsinstelling 5. Door een van overheidswege aangewezen opleidingsinstelling	
Österreich	1. Diplom als „Diplomierte Gesundheits- und Krankenschwester/Diplomierter Gesundheits- und Krankenpfleger“ 2. Diplom als „Diplomierte Krankenschwester/ Diplomierte Krankenpfleger“	1. Schule für allgemeine Gesundheits- und Krankenpflege 2. Allgemeine Krankenpflegeschule	
Portugal	1. Diploma do curso de enfermagem geral 2. Diploma/carta de curso de bacharelato em enfermagem 3. Carta de curso de licenciatura em enfermagem	1. Escolas de Enfermagem 2. Escolas Superiores de Enfermagem 3. Escolas Superiores de Enfermagem; Escolas Superiores de Saúde	
Suomi/Finland	1. Sairaanhoidajan tutkinto / sjukskötarexamen 2. Sosiaali- ja terveystieteiden ammattikorkeakoulututkinto, sairaanhoidaja (AMK) / yrkeshögskoleexamen inom hälsovård och det sociala området, sjukskötare (YH)	1. Terveystieteidenoppilaitokset / hälsövärdsläroanstalter 2. Ammattikorkeakoulu / yrkeshögskolor	
Sverige	Sjuksköterskeexamen	Universitet eller högskola	
United Kingdom	Statement of Registration as a Registered General Nurse in part 1 or part 12 of the register kept by the United Kingdom Central Council for Nursing, Midwifery and Health Visiting	Various	

II. VIDAUKI

„VIDAUKI A

Heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í tannlækningum

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/Belgien	— Diploma van tandarts — Diplôme de licencié en science dentaire	1. De universiteiten/les universités 2. De bevoegde Examencommissie van de Vlaamse Gemeenschap/le Jury compétent d'enseignement de la Communauté française	
Danmark	Bevis for tandlægeeksamen (odontologisk kandidateksamen)	Tandlægehøjskolerne, Sundhedsvidenskabeligt universitetsfakultet	Autorisation som tandlæge, udstedt af Sundhedsstyrelsen
Deutschland	Zeugnis über die Zahnärztliche Prüfung	Zuständige Behörden	
Ελλάς	Πτυχίο Οδοντιατρικής	Πανεπιστήμιο	
España	Título de Licenciado en Odontología	El rector de una Universidad	
France	Diplôme d'Etat de docteur en chirurgie dentaire	Universités	
Ireland	Bachelor in Dental Science (B.Dent.Sc.) / Bachelor of Dental Surgery (BDS) / Licentiate in Dental Surgery (LDS)	Universities / Royal College of Surgeons in Ireland	
Italia	Diploma di laurea in Odontoiatria e Protesi Dentaria	Università	Diploma di abilitazione all'esercizio dell'odontoiatria e protesi dentaria
Luxembourg	Diplôme d'Etat de docteur en médecine dentaire	Jury d'examen d'Etat	
Nederland	Universitair getuigschrift van een met goed gevolg afgelegd tandartsexamen	Faculteit Tandheelkunde	
Österreich	Bescheid über die Verleihung des akademischen Grades „Doktor der Zahnheilkunde“	Medizinische Fakultät der Universität	
Portugal	Carta de curso de licenciatura em medicina dentária	Faculdade / Institutos Superiores	
Suomi/Finland	Hammaslääketieteen lisensiaatin tutkinto / odontologie licentiatexamen	1. Helsingin yliopisto / Helsingfors universitet 2. Oulun yliopisto 3. Turun yliopisto	Terveysturvakeskuksen päätös käytännön palvelun hyväksymisestä / Beslut av Rättsskyddscentralen för hälsovården om godkännande av praktisk tjänstgöring
Sverige	Tandläkarexamen	Universitetet i Umeå Universitetet i Göteborg Karolinska Institutet Malmö Högskola	Endast för examensbevis som erhållits före den 1 juli 1995, ett utbildningsbevis som utfärdats av Socialstyrelsen
United Kingdom	Bachelor of Dental Surgery (BDS or B.Ch.D.) / Licentiate in Dental Surgery	Universities / Royal Colleges	

VIDAUKI B

Heiti prófskirteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í sérgreinum tannlækninga

1. Tannréttingar

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/Belgien	—		
Danmark	Bevis for tilladelse til at betegne sig som specialtandlæge i ortodonti	Sundhedsstyrelsen	
Deutschland	Fachzahnärztliche Anerkennung für Kieferorthopädie	Landes Zahnärztekammer	
Ελλάς	Τίτλος Οδοντιατρικής ειδικότητας της Ορθοδοντικής	1) Νομαρχιακή Αυτοδιοίκηση 2) Νομαρχία	
España	—		
France	Titre de spécialiste en orthodontie	Conseil National de l'Ordre des chirurgiens dentistes	
Ireland	Certificate of specialist dentist in orthodontics	Competent authority recognised for this purpose by the competent minister	
Italia	—		
Luxembourg	—		
Nederland	Bewijs van inschrijving als orthodontist in het Specialistenregister	Specialisten Registratie Commissie (SRC) van de Nederlandse Maatschappij tot bevordering der Tandheelkunde	
Österreich	—		
Portugal	—		
Suomi/Finland	Erikoishammaslääkäarin tutkinto, hampaiston oikomishoito / specialtandläkarexamen, tandreglering	1. Helsingin yliopisto / Helsingfors universitet 2. Oulun yliopisto 3. Turun yliopisto	
Sverige	Bevis om specialistkompetens i tandreglering	Socialstyrelsen	
United Kingdom	Certificate of Completion of specialist training in orthodontics	Competent authority recognised for this purpose	

2. Tannskurðlækningar

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/Belgien	—		
Danmark	Bevis for tilladelse til at betegne sig som specialtandlæge i hospitalsodontologi	Sundhedsstyrelsen	
Deutschland	Fachzahnärztliche Anerkennung für Oralchirurgie/Mundchirurgie	Landes Zahnärztekammer	
Ελλάς	Τίτλος Οδοντιατρικής ειδικότητας της Γναθοχειρουργικής	3) Νομαρχιακή Αυτοδιοίκηση 4) Νομαρχία	
España	—		
France	—		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ireland	Certificate of specialist dentist in oral surgery	Competent authority recognised for this purpose by the competent minister	
Italia	—		
Luxembourg	—		
Nederland	Bewijs van inschrijving als kaakchirurg in het Specialistenregister	Specialisten Registratie Commissie (SRC) van de Nederlandse Maatschappij tot bevordering der Tandheelkunde	
Österreich	—		
Portugal	—		
Suomi/Finland	Erikoishammaslääkärin tutkinto, suu- ja leukakirurgia / specialtandläkarexamen, oral och maxillofacial kirurgi	1. Helsingin yliopisto / Helsingfors universitet 2. Oulun yliopisto 3. Turun yliopisto	
Sverige	Bevis om specialistkompetens i tandsystemets kirurgiska sjukdomar	Socialstyrelsen	
United Kingdom	Certificate of completion of specialist training in oral surgery	Competent authority recognised for this purpose"	

III. VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í dýralækningum

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/Belgien	— Diploma van dierenarts — Diplôme de docteur en médecine vétérinaire	1. De universiteiten/les universités 2. De bevoegde Examencommissie van de Vlaamse Gemeenschap/le Jury compétent d'enseignement de la Communauté française	
Danmark	Bevis for bestået kandidateksamen i veterinærvidenskab	Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole	
Deutschland	Zeugnis über das Ergebnis des Dritten Abschnitts der Tierärztlichen Prüfung und das Gesamtergebnis der Tierärztlichen Prüfung	Der Vorsitzende des Prüfungsausschusses für die Tierärztliche Prüfung einer Universität oder Hochschule	
Ελλάς	Πτυχίο Κτηνιατρικής	Πανεπιστήμιο Θεσσαλονίκης και Θεσσαλίας	
España	Título de Licenciado en Veterinaria	Ministerio de Educación y Cultura/ El rector de una Universidad	
France	Diplôme d'Etat de docteur vétérinaire		
Ireland	1. Diploma of Bachelor in/of Veterinary Medicine (MVB) 2. Diploma of Membership of the Royal College of Veterinary Surgeons (MRCVS)		
Italia	Diploma di laurea in medicina veterinaria	Università	Diploma di abilitazione all'esercizio della medicina veterinaria
Luxembourg	Diplôme d'Etat de docteur en médecine vétérinaire	Jury d'examen d'Etat	
Nederland	Getuigschrift van met goed gevolg afgelegd diergeneeskundig/veeartsenijkundig examen		
Österreich	1. Diplom-Tierarzt 2. Magister medicinae veterinariae	Universität	1. Doktor der Veterinärmedizin 2. Doctor medicinae veterinariae 3. Fachtierarzt
Portugal	Carta de curso de licenciatura em medicina veterinária	Universidade	
Suomi/Finland	Eläinlääketieteen lisensiaatin tutkinto / veterinärmedicinens licentiatexamen	Helsingin yliopisto / Helsingfors universitet	
Sverige	Veterinärexamen	Sveriges Landbruksuniversitet	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
United Kingdom	1. Bachelor of Veterinary Science (BVSc)	1. University of Bristol	
	2. Bachelor of Veterinary Science (BVSc)	2. University of Liverpool	
	3. Bachelor of Veterinary Medicine (BvetMB)	3. University of Cambridge	
	4. Bachelor of Veterinary Medicine and Surgery (BVM&S)	4. University of Edinburgh	
	5. Bachelor of Veterinary Medicine and Surgery (BVM&S)	5. University of Glasgow	
	6. Bachelor of Veterinary Medicine (BvetMed)	6. University of London“	

IV. VIDAUKI

„VIDAUKI

Heiti prófskirteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í ljósmóðurfræðum

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/Belgien	— Diploma van vroedvrouw/ — Diplôme d'accoucheuse	1. De erkende opleidingsinstituten/les établissements d'enseignement 2. De bevoegde Examencommissie van de Vlaamse Gemeenschap/le Jury compétent d'enseignement de la Communauté française	
Danmark	Bevis for bestået jordemodereksamen	Danmarks jordemoderskole	
Deutschland	Zeugnis über die staatliche Prüfung für Hebammen und Entbindungspfleger	Staatlicher Prüfungsausschuss	
Ελλάς	1. Πτυχίο Τμήματος Μαιευτικής Τεχνολογικών Εκπαιδευτικών Ιδρυμάτων (Τ.Ε.Ι.) 2. Πτυχίο του Τμήματος Μαιών της Ανωτέρας Σχολής Στελεχών Υγείας και Κοινων. Πρόνοιας (ΚΑΤΕΕ) 3. Πτυχίο Μαιάς Ανωτέρας Σχολής Μαιών	1. Τεχνολογικά Εκπαιδευτικά Ιδρύματα (Τ.Ε.Ι.) 2. ΚΑΤΕΕ Υπουργείου Εθνικής Παιδείας και Θρησκευμάτων 3. Υπουργείο Υγείας και Πρόνοιας	
España	Título de matrona / asistente obstétrico (matrona) / enfermería obstétrica-ginecológica	Ministerio de Educación y Cultura	
France	Diplôme de sage-femme	L'Etat	
Ireland	Certificate in Midwifery	An Board Altranais	
Italia	Diploma d'ostetrica	Schools recognised by State	
Luxembourg	Diplôme de sage-femme	Ministère de l'Education nationale, de la Formation professionnelle et des Sports	
Nederland	Diploma van verloskundige	Door het Ministerie van Volksgezondheid, Welzijn en Sport erkende opleidingsinstellingen	
Österreich	Hebammen-Diplom	Hebammenakademie / Bundeshebammenlehranstalt	
Portugal	1. Diploma de enfermeiro especialista em enfermagem de saúde materna e obstétrica 2. Diploma/carta de curso de estudos superiores especializados em enfermagem de saúde materna e obstétrica 3. Diploma (do curso de pós-licenciatura) de especialização em enfermagem de saúde materna e obstétrica	1. Ecolas de Enfermagem 2. Escolas Superiores de Enfermagem 3. Escolas Superiores de Enfermagem; Escolas Superiores de Saúde	
Suomi/Finland	1. Kättilön tutkinto / barmorskeexamen 2. Sosiaali- ja terveysalan ammattikorkeakoulututkinto, kättilö (AMK) / yrkeshögskoleexamen inom hälsovård och det sociala området, barmorska (YH)	1. Terveystieteiden tutkimuskeskus / hälsovårdsläroanstalter 2. Ammattikorkeakoulut / yrkeshögskolor	
Sverige	Barmorskeexamen	Universitet eller högskola	
United Kingdom	Statement of registration as a Midwife on part 10 of the register kept by the United Kingdom Central Council for Nursing, Midwifery and Health visiting	Various	

V. VIDAUKI

„VIDAUKI

Heiti prófskirtaina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Belgique/ België/Belgien	Diploma van apotheker Diplôme de pharmacien	1. De universiteiten / les universités 2. De bevoegde Examencommissie van de Vlaamse Gemeenschap / le Jury compétent d'enseignement de la Communauté française
Danmark	Bevis for bestået farmaceutisk kandidateksamen	Danmarks Farmaceutiske Højskole
Deutschland	Zeugnis über die Staatliche Pharmazeutische Prüfung	Zuständige Behörden
Ελλάς	Άδεια άσκησης φαρμακευτικού επαγγέλματος	Νομαρχιακή Αυτοδιοίκηση
España	Título de licenciado en farmacia	Ministerio de Educación y Cultura / El rector de una Universidad
France	Diplôme d'Etat de pharmacien/Diplôme d'Etat de docteur en pharmacie	Universités
Ireland	Certificate of Registered Pharmaceutical Chemist	
Italia	Diploma o certificato di abilitazione all'esercizio della professione di farmacista ottenuto in seguito ad un esame di Stato	Università
Luxembourg	Diplôme d'Etat de pharmacien	Jury d'examen d'Etat + visa du ministre de l'éducation nationale
Nederland	Getuigschrift van met goed gevolg afgelegd apothekersexamen	Faculteit Farmacie
Österreich	Staatliches Apothekerdiplom	Bundesministerium für Arbeit, Gesundheit und Soziales
Portugal	Carta de curso de licenciatura em Ciências Farmacêuticas	Universidades
Suomi/Finland	Proviisorin tutkinto / provisorexamen	1. Helsingin yliopisto / Helsingfors universitet 2. Kuopion yliopisto
Sverige	Apotekarexamen	Uppsala universitet
United Kingdom	Certificate of Registered Pharmaceutical Chemist"	

VI. VIDAUKI

„VIDAUKI A

Heiti prófskrírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í læknisfræði

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/Belgien	— Diploma van arts — Diplôme de docteur en médecine	1. De universiteiten/les universités 2. De bevoegde Examencommissie van de Vlaamse Gemeenschap/le Jury compétent d'enseignement de la Communauté française	
Danmark	Bevis for bestået lægevidenskabelig embedseksamen	Medicinsk universitetsfakultet	1. Autorisation som læge, udstedt af Sundhedsstyrelsen og 2. Tilladelse til selvstændigt virke som læge (dokumentation for gennemført praktisk uddannelse), udstedt af Sundhedsstyrelsen
Deutschland	1. Zeugnis über die Ärztliche Prüfung 2. Zeugnis über die Ärztliche Staatsprüfung und Zeugnis über die Vorbereitungszeit als Medizinalassistent, soweit diese nach den deutschen Rechtsvorschriften noch für den Abschluss der ärztlichen Ausbildung vorgesehen war	Zuständige Behörden	1. Bescheinigung über die Ableistung der Tätigkeit als Arzt im Praktikum 2. —
Ελλάς	Πτυχίο Ιατρικής	1) Ιατρική Σχολή Πανεπιστημίου 2) Σχολή Επιστημών Υγείας, Τμήμα Ιατρικής Πανεπιστημίου	
España	Título de Licenciado en Medicina y Cirugía	Ministerio de Educación y Cultura/ El rector de una Universidad	
France	Diplôme d'Etat de docteur en médecine	Universités	
Ireland	Primary qualification	Competent examining body	Certificate of experience
Italia	Diploma di laurea in medicina e chirurgia	Università	Diploma di abilitazione all'esercizio della medicina e chirurgia
Luxembourg	Diplôme d'Etat de docteur en médecine chirurgie et accouchements	Jury d'examen d'Etat	Certificat de stage
Nederland	Getuigschrift van met goed gevolg afgelegd artsexamen	Faculteit Geneeskunde	
Österreich	1. Urkunde über die Verleihung des akademischen Grades Doktor der gesamten Heilkunde (bzw. Doctor medicinae universae, Dr.med.univ.) 2. Diplom über die spezifische Ausbildung zum Arzt für Allgemeinmedizin bzw. Facharzt diplom	1. Medizinische Fakultät einer Universität 2. Österreichische Ärztekammer	
Portugal	Carta de Curso de licenciatura em medicina	Universidades	Diploma comprovativo da conclusão do internato geral emitido pelo Ministério da Saúde

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Suomi/Finland	Lääketieteen lisensiaatin tutkinto / medicine licentiatexamen	1. Helsingin yliopisto / Helsingfors universitet 2. Kuopion yliopisto 3. Oulun yliopisto 4. Tampereen yliopisto 5. Turun yliopisto	Todistus lääkärin perusterveydenhuollon lisäkoulutuksesta / examensbevis om tilläggsutbildning för läkare inom primärvården
Sverige	Läkarexamen	Universitet	Bevis om praktisk utbildning som utfärdas av Socialstyrelsen
United Kingdom	Primary qualification	Competent examining body	Certificate of experience

VIDAUKI B

Heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í sérgreinum lækisfræði

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/Belgien	Bijzondere beroepstitel van geneesheer-specialist/Titre professionnel particulier de médecin spécialiste	Minister bevoegd voor Volksgezondheid/Ministre de la Santé publique	
Danmark	Bevis for tilladelse til at betegne sig som speciallæge	Sundhedsstyrelsen	
Deutschland	Fachärztliche Anerkennung	Countryesärztekammer	
Ελλάς	Τίτλος Ιατρικής Ειδικότητας	1. Νομαρχιακή Αυτοδιοίκηση 2. Νομαρχία	
España	Título de Especialista	Ministerio de Educación y Cultura	
France	1. Certificat d'études spéciales de médecine 2. Attestation de médecin spécialiste qualifié 3. Certificat d'études spéciales de médecine 4. Diplôme d'études spécialisées ou spécialisation complémentaire qualifiante de médecine	1. 3. 4. Universités 2. Conseil de l'Ordre des médecins	
Ireland	Certificate of Specialist doctor	Competent authority	
Italia	Diploma di medico specialista	Università	
Luxembourg	Certificat de médecin spécialiste	Ministre de la Santé publique	
Nederland	Bewijs van inschrijving in een Specialistenregister	1. Medisch Specialisten Registratie Commissie (MSRC) van de Koninklijke Nederlandsche Maatschappij tot Bevordering der Geneeskunst 2. Sociaal-Geneskundigen Registratie Commissie van de Koninklijke Nederlandsche Maatschappij tot Bevordering der Geneeskunst 3. Huisarts en Verpleeghuisarts Registratie Commissie (HVRC) van de Koninklijke Nederlandsche Maatschappij tot Bevordering der Geneeskunst	
Österreich	Facharzt Diplom	Österreichische Ärztekammer	
Portugal	1. Grau de assistente e/ou 2. Título de especialista	1. Ministério da Saúde 2. Ordem dos Médicos	
Suomi/Finland	Erikoislääkärin tutkinto / specialläkarexamen	1. Helsingin yliopisto / Helsingfors universitet 2. Kuopion yliopisto 3. Oulun yliopisto 4. Tampereen yliopisto 5. Turun yliopisto	
Sverige	Bevis om specialkompetens som läkare, utfärdat av Socialstyrelsen	Socialstyrelsen	
United Kingdom	Certificate of Completion of specialist training	Competent authority	

VIDAUKI C

Heiti náms í sérgreinum læknisfræði

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Svæfingalækningar		
Lágmarkslengd náms: 3 ár		
Belgique/België/Belgien	Anesthésie-réanimation/Anesthésie reanimatie	
Danmark	Anæstesiologi	
Deutschland	Anästhesiologie	
Ελλάς	Ανασθησιολογία	
España	Anestesiología y Reanimación	
France	Anesthésiologie-Réanimation chirurgicale	
Ireland	Anaesthesia	
Italia	Anestesia e rianimazione	
Luxembourg	Anesthésie-réanimation	
Nederland	Anesthesiologie	
Österreich	Anästhesiologie und Intensivmedizin	
Portugal	Anestesiologia	
Suomi/Finland	Anestesiologia ja tehohoito / anestesiologi och intensivvård	
Sverige	Anestesi och intensivvård	
United Kingdom	Anaesthetics	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Almennar skurðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Belgique/België/Belgien	Chirurgie/heelkunde	
Danmark	Kirurgi eller kirurgiske sygdomme	
Deutschland	Chirurgie	
Ελλάς	Χειρουργική	
España	Cirugía general y del aparato digestivo	
France	Chirurgie générale	
Ireland	General surgery	
Italia	Chirurgia generale	
Luxembourg	Chirurgie générale	
Nederland	Heelkunde	
Österreich	Chirurgie	
Portugal	Cirurgia geral	
Suomi/Finland	Yleiskirurgia / allmän kirurgi	
Sverige	Kirurgi	
United Kingdom	General surgery	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Taugaskurðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Belgique/België/Belgien	Neurochirurgie	
Danmark	Neurokirurgi eller kirurgiske nervesygdomme	
Deutschland	Neurochirurgie	
Ελλάς	Νευροχειρουργική	
España	Neurocirugía	
France	Neurochirurgie	
Ireland	Neurological surgery	
Italia	Neurochirurgia	
Luxembourg	Neurochirurgie	
Nederland	Neurochirurgie	
Österreich	Neurochirurgie	
Portugal	Neurocirurgia	
Suomi/Finland	Neurokirurgia / Neurokirurgi	
Sverige	Neurokirurgi	
United Kingdom	Neurosurgery	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Fæðinga- og kvenlækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Belgique/België/Belgien	Gynécologie — obstétrique/gynaecologie en verloskunde	
Danmark	Gynækologi og obstetrik eller kvindesygdomme og fødselshjælp	
Deutschland	Frauenheilkunde und Geburtshilfe	
Ελλάς	Μαιευτική-Γυναικολογία	
España	Obstetricia y ginecología	
France	Gynécologie — obstétrique	
Ireland	Obstetrics and gynaecology	
Italia	Ginecologia e ostetricia	
Luxembourg	Gynécologie — obstétrique	
Nederland	Verloskunde en gynaecologie	
Österreich	Frauenheilkunde und Geburtshilfe	
Portugal	Ginecologia e obstetricia	
Suomi/Finland	Naistentaudit ja synnytykset / kvinnosjukdomar och förlossningar	
Sverige	Obstetrik och gynekologi	
United Kingdom	Obstetrics and gynaecology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Lyflækningar

Lágmarkslengd náms: 5 ár

Belgique/België/Belgien	Médecine interne/inwendige geneeskunde	
Danmark	Intern medicin	
Deutschland	Innere Medizin	
Ελλάς	Παθολογία	
España	Medicina interna	
France	Médecine interne	
Ireland	General medicine	
Italia	Medicina interna	
Luxembourg	Médecine interne	
Nederland	Inwendige geneeskunde	
Österreich	Innere Medizin	
Portugal	Medicina interna	
Suomi/Finland	Sisätaudit / inre medicin	
Sverige	Internmedicin	
United Kingdom	General (internal) medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Augnlækningar

Lágmarkslengd náms: 3 ár

Belgique/België/Belgien	Ophtalmologie/oftalmologie	
Danmark	Oftalmologi eller øjensygdomme	
Deutschland	Augenheilkunde	
Ελλάς	Οφθαλμολογία	
España	Oftalmología	
France	Ophtalmologie	
Ireland	Ophthalmology	
Italia	Oftalmologia	
Luxembourg	Ophtalmologie	
Nederland	Oogheekunde	
Österreich	Augenheilkunde und Optometrie	
Portugal	Oftalmologia	
Suomi/Finland	Silmätaudit / ögonsjukdomar	
Sverige	Ögonsjukdomar (oftalmologi)	
United Kingdom	Ophthalmology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Háls-, nef- og eyrnalækningar		
Lágmarkslengd náms: 3 ár		
Belgique/België/Belgien	Oto-rhino-laryngologie/ otorhinolaryngologie	
Danmark	Oto-rhino-laryngologi eller øre-næse-halssygdomme	
Deutschland	Hals-Nase-Ohrenheilkunde	
Ελλάς	Ωτορινολαρυγγολογία	
España	Otorrinolaringología	
France	Oto-rhino-laryngologie	
Ireland	Otolaryngology	
Italia	Otorinolaringoiatria	
Luxembourg	Oto-rhino-laryngologie	
Nederland	keel-, neus- en oorheelkunde	
Österreich	Hals-, Nase- und Ohrenkrankheiten	
Portugal	Otorrinolaringologia	
Suomi/Finland	Korva-, nenä- ja kurkkutaudit / öron-, näs- och halssjukdomar	
Sverige	Öron-, näs- och halssjukdomar (oto-rhino-laryngologi)	
United Kingdom	Otolaryngology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Barnalækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Belgique/België/Belgien	Pédiatrie/pediatrie	
Danmark	Pædiatri eller sygdomme hos børn	
Deutschland	Kinderheilkunde	
Ελλάς	Παιδιατρική	
España	Pediatría sus áreas específicas	
France	Pédiatrie	
Ireland	Paediatrics	
Italia	Pediatria	
Luxembourg	Pédiatrie	
Nederland	Kindergeneeskunde	
Österreich	Kinder- und Jugendheilkunde	
Portugal	Pediatria	
Suomi/Finland	Lastentaudit / barnsjukdomar	
Sverige	Barn- och ungdomsmedicin	
United Kingdom	Paediatrics	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Lungnalækningar**Lágmarkslengd náms: 4 ár**

Belgique/België/Belgien	Pneumologie	
Danmark	Medicinske lungesygdomme	
Deutschland	Pneumologie	
Ελλάς	Φυματιολογία-Πνευμονολογία	
España	Neumología	
France	Pneumologie	
Ireland	Respiratory medicine	
Italia	Malattie dell'apparato respiratorio	
Luxembourg	Pneumologie	
Nederland	Longziekten en tuberculose	
Österreich	Lungenkrankheiten	
Portugal	Pneumologia	
Suomi/Finland	Keuhkosairaudet ja allergologia / lungsjukdomar och allergologi	
Sverige	Lungsjukdomar (pneumologi)	
United Kingdom	Respiratory medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Pvagfæralækningar**Lágmarkslengd náms: 5 ár**

Belgique/België/Belgien	Urologie	
Danmark	Urologi eller urinvejenes kirurgiske sygdomme	
Deutschland	Urologie	
Ελλάς	Ουρολογία	
España	Urología	
France	Urologie	
Ireland	Urology	
Italia	Urologia	
Luxembourg	Urologie	
Nederland	Urologie	
Österreich	Urologie	
Portugal	Urologia	
Suomi/Finland	Urologia / urologi	
Sverige	Urologi	
United Kingdom	Urology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Bæklunarskurðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Belgique/België/Belgien	Chirurgie orthopédique/Orthopedische heekunde	
Danmark	Ortopædisk kirurgi	
Deutschland	Orthopädie	
Ελλάς	Ορθοπαιδική	
España	Traumatología y cirugía ortopédica	
France	Chirurgie orthopédique et traumatologie	
Ireland	Orthopaedic surgery	
Italia	Ortopedia e traumatologia	
Luxembourg	Orthopédie	
Nederland	Orthopedie	
Österreich	Orthopädie und Orthopädische Chirurgie	
Portugal	Ortopedia	
Suomi/Finland	Ortopedia ja traumatologia / ortopedi och traumatologi	
Sverige	Ortopedi	
United Kingdom	Trauma and orthopaedic surgery	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Lífærameinafræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Belgique/België/Belgien	Anatomie pathologique/pathologische anatomie	
Danmark	Patologisk anatomi eller vævs- og celleundersøgelser	
Deutschland	Pathologie	
Ελλάς	Παθολογική Ανατομική	
España	Anatomía patológica	
France	Anatomie et cytologie pathologiques	
Ireland	Morbid anatomy and histopathology	
Italia	Anatomia patologica	
Luxembourg	Anatomie pathologique	
Nederland	Pathologie	
Österreich	Pathologie	
Portugal	Anatomia patológica	
Suomi/Finland	Patologia / patologi	
Sverige	Klinisk patologi	
United Kingdom	Histopathology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Taugalækningar

Lágmarkslengd náms: 4 ár

Belgique/België/Belgien	Neurologie	
Danmark	Neuromedicin eller medicinske nervesygdomme	
Deutschland	Neurologie	
Ελλάς	Νευρολογία	
España	Neurología	
France	Neurologie	
Ireland	Neurology	
Italia	Neurologia	
Luxembourg	Neurologie	
Nederland	Neurologie	
Österreich	Neurologie	
Portugal	Neurologia	
Suomi/Finland	Neurologia / neurologi	
Sverige	Neurologi	
United Kingdom	Neurology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Geðlækningar

Lágmarkslengd náms: 4 ár

Belgique/België/Belgien	Psychiatrie	
Danmark	Psykiatri	
Deutschland	Psychiatrie und Psychotherapie	
Ελλάς	Ψυχιατρική	
España	Psiquiatría	
France	Psychiatrie	
Ireland	Psychiatry	
Italia	Psichiatria	
Luxembourg	Psychiatrie	
Nederland	Psychiatrie	
Österreich	Psychiatrie	
Portugal	Psiquiatria	
Suomi/Finland	Psykiatria / psykiatri	
Sverige	Psykiatri	
United Kingdom	General psychiatry	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Geislagreining**Lágmarkslengd náms: 4 ár**

Belgique/België/Belgien	Radiodiagnostic/röntgendiagnose	
Danmark	Diagnostik radiologi eller røntgenundersøgelse	
Deutschland	Diagnostische Radiologie	
Ελλάς	Ακτινοδιαγνωστική	
España	Radiodiagnóstico	
France	Radiodiagnostic et imagerie médicale	
Ireland	Diagnostic radiology	
Italia	Radiodiagnostica	
Luxembourg	Radiodiagnostic	
Nederland	Radiologie	
Österreich	Medizinische Radiologie-Diagnostik	
Portugal	Radiodiagnóstico	
Suomi/Finland	Radiologia / radiologi	
Sverige	Medicinsk radiologi	
United Kingdom	Clinical radiology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Geislameðferð**Lágmarkslengd náms: 4 ár**

Belgique/België/Belgien	Radiothérapie-oncologie/radiotherapie-oncologie	
Danmark	Onkologi	
Deutschland	Strahlentherapie	
Ελλάς	Ακτινοθεραπευτική - Ογκολογία	
España	Oncología radioterápica	
France	Oncologie radiothérapique	
Ireland	Radiotherapy	
Italia	Radioterapia	
Luxembourg	Radiothérapie	
Nederland	Radiotherapie	
Österreich	Strahlentherapie/Radioonkologie	
Portugal	Radioterapia	
Suomi/Finland	Syöpätaudit / cancersjukdomar	
Sverige	Tumörsjukdomar (allmän onkologi)	
United Kingdom	Clinical oncology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Klínísk líffræði**Lágmarkslengd náms: 4 ár**

Belgique/België/Belgien	Biologie clinique/clinische biologie	
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España	Análisis clínicos	
France	Biologie médicale	
Ireland		
Italia	Patologia clinica	
Luxembourg	Biologie clinique	
Nederland		
Österreich	Medizinische Biologie	
Portugal	Patologia clínica	
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Blóðrannsóknir**Lágmarkslengd náms: 4 ár**

Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España		
France	Hématologie	
Ireland		
Italia		
Luxembourg	Hématologie biologique	
Nederland		
Österreich		
Portugal	Hematologia clínica	
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Örveru- og gertafræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Klinisk mikrobiologi	
Deutschland	Mikrobiologie und Infektionsepidemiologie	
Ελλάς	1. Ιατρική Βιοπαθολογία 2. Μικροβιολογία	
España	Microbiología y parasitología	
France		
Ireland	Microbiology	
Italia	Microbiologia e virologia	
Luxembourg	Microbiologie	
Nederland	Medische microbiologie	
Österreich	Hygiene und Mikrobiologie	
Portugal		
Suomi/Finland	Kliininen mikrobiologia / klinisk mikrobiologi	
Sverige	Klinisk bakteriologi	
United Kingdom	Medical microbiology and virology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Lífefnafræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Klinisk biokemi	
Deutschland		
Ελλάς		
España	Bioquímica clínica	
France		
Ireland	Chemical pathology	
Italia	Biochimica clinica	
Luxembourg	Chimie biologique	
Nederland	Klinische chemie	
Österreich	Medizinische und chemische Labordiagnostik	
Portugal		
Suomi/Finland	Kliininen kemia / klinisk kemi	
Sverige	Klinisk kemi	
United Kingdom	Chemical pathology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Ónæmisfræði

Lágmarkslengd náms: 4 ár

Belgique/België/Belgien		
Danmark	Klinisk immunologi	
Deutschland		
Ελλάς		
España	Immunología	
France		
Ireland	Clinical immunology	
Italia		
Luxembourg		
Nederland		
Österreich	Immunologie	
Portugal		
Suomi/Finland		
Sverige	Klinisk immunologi	
United Kingdom	Immunology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Lýtalækningar

Lágmarkslengd náms: 5 ár

Belgique/België/Belgien	Chirurgie plastique, reconstructrice et esthétique/plastische, reconstructieve en esthetische heekunde	
Danmark	Plastikkirurgi	
Deutschland	Plastische Chirurgie	
Ελλάς	Πλαστική Χειρουργική	
España	Cirugía plástica y reparadora	
France	Chirurgie plastique, reconstructrice et esthétique	
Ireland	Plastic surgery	
Italia	Chirurgia plastica e ricostruttiva	
Luxembourg	Chirurgie plastique	
Nederland	Plastische chirurgie	
Österreich	Plastische Chirurgie	
Portugal	Cirurgia plástica e reconstrutiva	
Suomi/Finland	Plastiikkirurgia / plastikkirurgi	
Sverige	Plastikkirurgi	
United Kingdom	Plastic surgery	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Brjóstholsskurðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Belgique/België/Belgien	Chirurgie thoracique/heelkunde op de thorax	
Danmark	Thoraxkirurgi eller brysthulens kirurgiske sygdomme	
Deutschland	Herzchirurgie	
Ελλάς	Χειρουργική Θώρακος	
España	Cirurgía torácica	
France	Chirurgie thoracique et cardiovasculaire	
Ireland	Thoracic surgery	
Italia	Chirurgia toracica	
Luxembourg	Chirurgie thoracique	
Nederland	Cardio-thoracale chirurgie	
Österreich		
Portugal	Cirurgia cardiotorácica	
Suomi/Finland	Sydän- ja rintaelinkirurgia / hjärt- och thoraxkirurgi	
Sverige	Thoraxkirurgi	
United Kingdom	Cardo-thoracic surgery	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Barnaskurðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland	Kinderchirurgie	
Ελλάς	Χειρουργική Παιδών	
España	Cirurgía pediátrica	
France	Chirurgie infantile	
Ireland	Paediatric surgery	
Italia	Chirurgia pediatrica	
Luxembourg	Chirurgie pédiatrique	
Nederland		
Österreich	Kinderchirurgie	
Portugal	Cirurgia pediátrica	
Suomi/Finland	Lastenkirurgia / barnkirurgi	
Sverige	Barn- och ungdomskirurgi	
United Kingdom	Paediatric surgery	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Æðaskurðlækningar**Lágmarkslengd náms: 5 ár**

Belgique/België/Belgien	Chirurgie des vaisseaux/bloedvatenheelkunde	
Danmark	Karkirurgi eller kirurgiske blodkarsygdomme	
Deutschland		
Ελλάς	Αγγειοχειρουργική	
España	Angiología y cirugía vascular	
France	Chirurgie vasculaire	
Ireland		
Italia	Chirurgia vascolare	
Luxembourg	Chirurgie vasculaire	
Nederland		
Österreich		
Portugal	Cirurgia vascular	
Suomi/Finland	Verisuonikirurgia / kärlkirurgi	
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Hjartalækningar**Lágmarkslengd náms: 4 ár**

Belgique/België/Belgien	Cardiologie	
Danmark	Kardiologi	
Deutschland		
Ελλάς	Καρδιολογία	
España	Cardiología	
France	Pathologie cardio-vasculaire	
Ireland	Cardiology	
Italia	Cardiologia	
Luxembourg	Cardiologie et angiologie	
Nederland	Cardiologie	
Österreich		
Portugal	Cardiologia	
Suomi/Finland	Kardiologia / kardiologi	
Sverige	Kardiologi	
United Kingdom	Cardiology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Meltingarfæralækningar**Lágmarkslengd náms: 4 ár**

Belgique/België/Belgien	Gastro-entérologie/gastroenterologie	
Danmark	Medicinsk gastroenterologi eller medicinske mave-tarm-sygdomme	
Deutschland		
Ελλάς	Γαστρεντερολογία	
España	Aparato digestivo	
France	Gastro-entérologie et hépatologie	
Ireland	Gastro-enterology	
Italia	Gastroenterologia	
Luxembourg	Gastro-entérologie	
Nederland	Gastro-enterologie	
Österreich		
Portugal	Gastrenterologia	
Suomi/Finland	Gastroenterologia / gastroenterologi	
Sverige	Medicinsk gastroenterologi och hepatologi	
United Kingdom	Gastro-enterology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Gigtarlækningar**Lágmarkslengd náms: 4 ár**

Belgique/België/Belgien	Rhumatologie/reumatologie	
Danmark	Reumatologi	
Deutschland		
Ελλάς	Ρευματολογία	
España	Reumatología	
France	Rhumatologie	
Ireland	Rheumatology	
Italia	Reumatologia	
Luxembourg	Rhumatologie	
Nederland	Reumatologie	
Österreich		
Portugal	Reumatologia	
Suomi/Finland	Reumatologia / reumatologi	
Sverige	Reumatologi	
United Kingdom	Rheumatology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Blóðmeinafræði		
Lágmarkslengd náms: 3 ár		
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Hæmatologi eller blodsygdomme	
Deutschland		
Ελλάς	Αιματολογία	
España	Hematología y hemoterapia	
France		
Ireland	Haematology	
Italia	Ematologia	
Luxembourg	Hématologie	
Nederland		
Österreich		
Portugal	Imuno-hemoterapia	
Suomi/Finland	Kliininen hematologia / Klinisk hematologi	
Sverige	Hematologi	
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Efnaskipta- og innkirtlalækningar		
Lágmarkslengd náms: 3 ár		
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Medicinsk endokrinologi eller medicinske hormonsygdomme	
Deutschland		
Ελλάς	Ενδοκρινολογία	
España	Endocrinología y nutrición	
France	Endocrinologie, maladies métaboliques	
Ireland	Endocrinology and diabetes mellitus	
Italia	Endocrinologia e malattia del ricambio	
Luxembourg	Endocrinologie, maladies du métabolisme et de la nutrition	
Nederland		
Österreich		
Portugal	Endocrinologia	
Suomi/Finland	Endokrinologia / endokrinologi	
Sverige	Endokrina sjukdomar	
United Kingdom	Endocrinology and diabetes mellitus	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Orku- og endurhæfingarlækningar		
Lágmarkslengd náms: 3 ár		
Belgique/België/Belgien	Médecine physique et réadaptation/fysische geneeskunde en revalidatie	
Danmark		
Deutschland	Physikalische und Rehabilitative Medizin	
Ελλάς	Φυσική Ιατρική και Αποκατάσταση	
España	Rehabilitación	
France	Rééducation et réadaptation fonctionnelles	
Ireland		
Italia	Medicina fisica e riabilitazione	
Luxembourg	Rééducation et réadaptation fonctionnelles	
Nederland	Revalidatiegeneeskunde	
Österreich	Physikalische Medizin	
Portugal	Fisiatria ou Medicina física e de reabilitação	
Suomi/Finland	Fysiatria / fysiatri	
Sverige	Rehabiliteringsmedicin	
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Munnfræði		
Lágmarkslengd náms: 3 ár		
Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España	Estomatología	
France	Stomatologie	
Ireland		
Italia	Odontostomatologia	
Luxembourg	Stomatologie	
Nederland		
Österreich		
Portugal	Estomatologia	
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Taugageðlækningar**Lágmarkslengd náms: 5 ár**

Belgique/België/Belgien	Neuropsychiatrie	
Danmark		
Deutschland	Nervenheilkunde (Neurologie und Psychiatrie)	
Ελλάς	Νευρολογία - Ψυχιατρική	
España		
France	Neuropsychiatrie	
Ireland		
Italia	Neuropsichiatria	
Luxembourg	Neuropsychiatrie	
Nederland	Zenuw- en zielsziekten	
Österreich	Neurologie und Psychiatrie	
Portugal		
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Húð- og kynsjúkdómalækningar**Lágmarkslengd náms: 3 ár**

Belgique/België/Belgien	Dermato-vénérologie/dermato-venerologie	
Danmark	Dermato-venerologi eller hud- og kønssygdomme	
Deutschland	Haut- und Geschlechtskrankheiten	
Ελλάς	Δερματολογία - Αφροδισιολογία	
España	Dermatología médico-quirúrgica y venereología	
France	Dermatologie et vénéréologie	
Ireland		
Italia	Dermatologia e venerologia	
Luxembourg	Dermato-vénérologie	
Nederland	Dermatologie en venerologie	
Österreich	Haut- und Geschlechtskrankheiten	
Portugal	Dermatovenereologia	
Suomi/Finland	Ihotaudit ja allergologia / hudsjukdomar och allergologi	
Sverige	Hud- och könssjukdomar	
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Húðsjúkdómafræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Belgique/België/Belgien	Dermatology	
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España		
France		
Ireland		
Italia		
Luxembourg		
Nederland		
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Kynsjúkdómafræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Belgique/België/Belgien	Venereology	
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España		
France		
Ireland		
Italia		
Luxembourg		
Nederland		
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Geislalækningar**Lágmarkslengd náms: 4 ár**

Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland	Radiologie	
Ελλάς	Ακτινολογία - Ραδιολογία	
España	Electrorradiología	
France	Electro-radiologie	
Ireland		
Italia	Radiologia	
Luxembourg	Électroradiologie	
Nederland	Radiologie	
Österreich	Radiologie	
Portugal	Radiologia	
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Hitabeltissjúkdómafræði**Lágmarkslengd náms: 4 ár**

Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España		
France		
Ireland	Tropical medicine	
Italia	Medicina tropicale	
Luxembourg		
Nederland		
Österreich	Spezifische Prophylaxe und Tropenhygiene	
Portugal	Medicina tropical	
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom	Tropical medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Barnageðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Børne- og ungdomspsykiatri	
Deutschland	Kinder- und Jugendpsychiatrie und -psychotherapie	
Ελλάς	Παιδοψυχιατρική	
España		
France	Pédo-psychiatrie	
Ireland	Child and adolescent psychiatry	
Italia	Neuropsichiatria infantile	
Luxembourg	Psychiatrie infantile	
Nederland		
Österreich		
Portugal	Pedopsiquiatria	
Suomi/Finland	Lastenpsykiatria / barnpsykiatri	
Sverige	Barn- och ungdomspsykiatri	
United Kingdom	Child and adolescent psychiatry	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Öldrunarlækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Geriatrí eller alderdommens sygdomme	
Deutschland		
Ελλάς		
España	Geriatría	
France		
Ireland	Geriatrics	
Italia	Geriatría	
Luxembourg		
Nederland	Klinische geriatrie	
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland	Geriatría / geriatri	
Sverige	Geriatrík	
United Kingdom	Geriatrics	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Nýrnalækningar**Lágmarkslengd náms: 4 ár**

Belgique/België/Belgien		
Danmark	Nefrologi eller medicinske nyresygdomme	
Deutschland		
Ελλάς	Νεφρολογία	
España	Nefrología	
France	Néphrologie	
Ireland	Nephrology	
Italia	Nefrologia	
Luxembourg	Néphrologie	
Nederland		
Österreich		
Portugal	Nefrologia	
Suomi/Finland	Nefrologia / nefrologi	
Sverige	Medicinska njursjukdomar (nefrologi)	
United Kingdom	Renal medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Smitsjúkdómar**Lágmarkslengd náms: 4 ár**

Belgique/België/Belgien		
Danmark	Infektionsmedicin	
Deutschland		
Ελλάς		
España		
France		
Ireland	Communicable diseases	
Italia	Malattie infettive	
Luxembourg		
Nederland		
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland	Infektiosairaudet / infektionssjukdomar	
Sverige	Infektionssjukdomar	
United Kingdom	Infectious diseases	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Félagslækningar

Lágmarkslengd náms: 4 ár

Belgique/België/Belgien		
Danmark	Samfundsmedicin	
Deutschland	Öffentliches Gesundheitswesen	
Ελλάς	Κοινωνική Ιατρική	
España	Medicina preventiva y salud pública	
France	Santé publique et médecine sociale	
Ireland	Community medicine	
Italia	Igiene e medicina sociale	
Luxembourg	Santé publique	
Nederland	Maatschappij en gezondheid	
Österreich	Sozialmedizin	
Portugal		
Suomi/Finland	Terveysthuolto / hälsövård	
Sverige	Socialmedicin	
United Kingdom	Public health medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Lýfjafraði (lækna)

Lágmarkslengd náms: 4 ár

Belgique/België/Belgien		
Danmark	Klinisk farmakologi	
Deutschland	Pharmakologie und Toxikologie	
Ελλάς		
España	Farmacología clínica	
France		
Ireland	Clinical pharmacology and therapeutics	
Italia		
Luxembourg		
Nederland		
Österreich	Pharmakologie und Toxikologie	
Portugal		
Suomi/Finland	Kliininen farmakologia ja lääkehoito / klinisk farmakologi och läkemedelsbehandling	
Sverige	Klinisk farmakologi	
United Kingdom	Clinical pharmacology and therapeutics	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Atvinnusjúkdómalækningar**Lágmarkslengd náms: 4 ár**

Belgique/België/Belgien	Médecine du travail/arbeidsgeneeskunde	
Danmark	Arbejdsmedicin	
Deutschland	Arbeitsmedizin	
Ελλάς	Ιατρική της Εργασίας	
España		
France	Médecine du travail	
Ireland	Occupational medicine	
Italia	Medicina del lavoro	
Luxembourg	Médecine du travail	
Nederland	Arbeid en gezondheid, bedrijfsgeneeskunde Arbeid en gezondheid, verzekeringsgeneeskunde	
Österreich	Arbeits- und Betriebsmedizin	
Portugal	Medicina do trabalho	
Suomi/Finland	Työterveyshuolto / företagshälsovård	
Sverige	Yrkes- och miljömedicin	
United Kingdom	Occupational medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Ofnæmislækningar**Lágmarkslengd náms: 3 ár**

Belgique/België/Belgien		
Danmark	Medicinsk allergologi eller medicinske overfølsomhedssygdomme	
Deutschland		
Ελλάς	Αλλεργιολογία	
España	Alergología	
France		
Ireland		
Italia	Allergologia ed immunologia clinica	
Luxembourg		
Nederland	Allergologie en inwendige geneeskunde	
Österreich		
Portugal	Imuno-alergologia	
Suomi/Finland		
Sverige	Allergisjukdomar	
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Meltingarfæraskurðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Belgique/België/Belgien	Chirurgie abdominale/heelkunde op het abdomen	
Danmark	Kirurgisk gastroenterologi eller kirurgiske mave-tarm-sygdomme	
Deutschland		
Ελλάς		
España	Cirugía del aparato digestivo	
France	Chirurgie viscérale et digestive	
Ireland		
Italia	Chirurgia dell'apparato digestivo	
Luxembourg	Chirurgie gastro-entérologique	
Nederland		
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland	Gastroenterologinen kirurgia / gastroenterologisk kirurgi	
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Geislalæknisfræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Belgique/België/Belgien	Médecine nucléaire/nucleaire geneeskunde	
Danmark	Klinisk fysiologi og nuklearmedicin	
Deutschland	Nuklearmedizin	
Ελλάς	Πυρηνική Ιατρική	
España	Medicina nuclear	
France	Médecine nucléaire	
Ireland		
Italia	Medicina nucleare	
Luxembourg	Médecine nucléaire	
Nederland	Nucleaire geneeskunde	
Österreich	Nuklearmedizin	
Portugal	Medicina nuclear	
Suomi/Finland	Kliininen fysiologia ja isotooppilääketiede / klinisk fysiologi och nukleärmedicin	
Sverige		
United Kingdom	Nuclear medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Slysa- og bráðalækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España		
France		
Ireland	Accident and emergency medicine	
Italia		
Luxembourg		
Nederland		
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom	Accident and emergency medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Klínísk taugalífefðlisfræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Klínísk neurofysiologi	
Deutschland		
Ελλάς		
España	Neurofisiología clínica	
France		
Ireland	Neurophysiology	
Italia		
Luxembourg		
Nederland		
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland	Kliininen neurofysiologia / klínísk neurofysiologi	
Sverige	Klínísk neurofysiologi	
United Kingdom	Clinical neurophysiology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Kjálkaskurðlækningar (undirstöðunám í læknisfræði)

Lágmarkslengd náms: 5 ár

Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España	Cirugía oral y maxilofacial	
France	Chirurgie maxillo-faciale et stomatologie	
Ireland		
Italia	Chirurgia maxillo-facciale	
Luxembourg	Chirurgie maxillo-faciale	
Nederland		
Österreich	Mund-, Kiefer- und Gesichtschirurgie	
Portugal		
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
------	--------------------	-------------------------------

Tann-, munn- og kjálkaskurðlækningar (undirstöðunám í læknisfræði og tannlækningum)

Lágmarkslengd náms: 4 ár

Belgique/België/Belgien	Stomatologie et chirurgie orale et maxillo-faciale/stomatologie en mond-, kaak- en aangezichts chirurgie	
Danmark		
Deutschland	Mund-, Kiefer- und Gesichtschirurgie	
Ελλάς		
España		
France		
Ireland	Oral and maxillo-facial surgery	
Italia		
Luxembourg	Chirurgie dentaire, orale et maxillo-faciale	
Nederland		
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland	Suu- ja leukakirurgia / oral och maxillofacial kirurgi	
Sverige		
United Kingdom	Oral and maxillo-facial surgery**	

ARÐSKRÁ

fyrir Veðifélag Ytri-Rangár og vesturbakka Hólsár.

Jarðir:	Einingar:
1. Landmannaafreittur	-
2. Merkihvoll	115,518
3. Næfurholt/Hólar	219,442
4. Galtalækur	105,235
5. Leirubakki, Vatnagarðar, Réttarnes	238,193
6. Haukadalur	53,359
7. Svínhagi	243,143
8. Stóru-Vellir	67,984
9. Húsagarður	112,055
10. Bolholt	142,363
11. Hrólfsstaðahellir	145,466
12. Kaldbakur/Þingskálar	167,461
13. Tjörfastaðir	64,661
14. Kaldbakur	130,320
15. Bjalli, Efra-Sel, Neðra-Sel	115,785
16. Lunaðsholt	2,172
17. Lækjarbotnar	1,713
18. Holtsmúli	0,057
19. Heiði	96,551
20. Austvaðsholt	116,444
21. Snjallsteinshöfði	121,923
22. Geldingalækur	210,897
23. Ketilhúsahagi	5,990
24. Árbakki	79,773
25. Árbær, Árbæjarhjáleiga, Breiðibakki, Árbæjarhellir	727,314
26. Heiðarbrún	248,830
27. Helluvað I-III, Nes	1.099,479
28. Ægissíða I-IV	1.616,753
29. Gaddstaðir	1.231,718
30. Selalækur	204,837
31. Selalækur/Oddahverfi	182,976
32. Hrafnatóftir I-II	732,378
33. Oddahverfi	239,433
34. Bjóla/Bjóluhjáleiga	530,102
35. Pykkvibær	629,675
Samtals	10.000

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. desember 2002.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2003.

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga. Tekjuskattshlutfall á árinu 2003 verður 25,75%. Með-alútsvar á árinu 2003, samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna, verður 12,80%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2003 verður því 38,55%.

Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 2002.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Jón Guðmundsson.

Nr. 913

20. desember 2002

REGLUR

um gjaldeyrismarkað.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 18. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, sbr. og ákvæði 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

1. gr.

Aðild að millibankamarkaði með gjaldeyri.

Aðilar að millibankamarkaði með gjaldeyri (markaðsaðilar) geta þeir orðið, auk Seðlabanka Íslands, sem hafa ótakmarkað starfsleyfi til gjaldeyrisviðskipta á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1992, sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 679/1994, enda taki þeir á sig ábyrgð og skyldur viðskiptavaka með Bandaríkjadal gagnvart íslenskrí krónu samkvæmt ákvæðum þessara reglna. Nefndir aðilar auk ríkissjóðs hafa einir rétt til gjaldeyrisviðskipta við Seðlabankann.

Sækja þarf skriflega til Seðlabanka Íslands um að verða viðskiptavaki á gjaldeyrismarkaði skv. reglum þessum. Seðlabankinn sendir skriflegt svar við fullbúinni umsókn innan eins mánaðar frá því að hún berst. Samþykki bankinn umsóknina tilkynnir hann það öllum aðilum á markaðnum fimm viðskiptadögum áður en aðild umsækjanda tekur gildi.

Um uppsögn viðskiptavaka er fjallað í 13. gr.

2. gr.

Skyldur viðskiptavaka.

Viðskiptavaka er skylt að gefa upp bindandi kaup- og söluverð Bandaríkjadals ef annar markaðsaðili óskar þess. Sé fjárhæð eigi tilgreind skal viðskiptavaki miða við 1.500.000 Bandaríkjadali, og er honum skylt að eiga viðskipti fyrir þá fjárhæð á tilgreindu verði. Hafi markaðsaðili aðra fjárhæð í huga skal hann tilgreina hana, en þarf ekki að segja til um hvort hann vill kaupa eða selja. Viðskiptavaka er ekki skylt að láta uppi verð fyrir aðra fjárhæð en 1.500.000 Bandaríkjadali. Seðlabanki Íslands er undanþeginn þessu ákvæði og getur átt viðskipti við viðskiptavaka utan hefðbundins markaðstíma skv. 3. gr.

Endurprentað blað.

Viðskipti í öðrum gjaldmiðli en Bandaríkjadal eru háð samþykki beggja aðila, og getur viðskiptavaki þá vikist undan að gefa upp verð þótt þess sé óskað.

3. gr.

Markaðstími.

Millibankamarkaður með gjaldeyri stendur frá kl. 9.15 til 16.00 hvern viðskiptadag.

4. gr.

Leiðbeinandi verðtilboð.

Viðskiptavakar skuldbinda sig til þess að uppfæra reglulega leiðbeinandi verðtilboð, þ.e. kaup- og sölugengi Bandaríkjadals, á sérstakri síðu í upplýsingakerfi Reuters. Einungis markaðsaðilar skulu hafa aðgang að þessum síðum. Leiðbeinandi verð skal uppfæra eigi sjaldnar en á 30 sekúndna fresti. Þar skal að öðru jöfnu sýnt það verð sem viðskiptavaki er reiðubúinn að kaupa og selja 1.500.000 Bandaríkjadali á.

5. gr.

Upplýsingakvöð viðskiptavaka.

Viðskiptavaki, sem gefið hefur upp verð er leitt hefur til viðskipta, skal tilkynna Seðlabanka Íslands símleiðis, með tölvupósti eða eftir öðrum sambærilegum boðleiðum um viðskipti sem nema 500.000 Bandaríkjadöllum eða meira eða jafngildi þess í öðrum gjaldmiðli eigi síðar en 5 mínútum eftir að viðskipti hafa átt sér stað. Þar skal koma fram í hvaða gjaldmiðli viðskiptin fóru fram, hver mótaðili var, fjárhæð og verð (gengi). Seðlabankinn ákveður hvaða boðleið skuli notuð í þessu skyni.

Viðskiptavakar skulu jafnframt skila Seðlabanka Íslands tvenns konar yfirliti, daglegu og mánaðarlegu, um gjaldeyrisviðskipti á millibankamarkaði og gjaldeyrisjöfnuð – í því formi sem Seðlabankinn mælir fyrir um. Upplýsingar vegna hvers viðskiptadags skulu berast fyrir kl. 14.00 næsta dag, en yfirlit um hvern mánuð eigi síðar en kl. 16.00 sjöunda virkan dag næsta mánaðar.

Viðskiptavökum ber einnig að veita Seðlabanka Íslands símleiðis aðrar upplýsingar um viðskipti og annað það sem líklegt er til þess að hafa umtalsverð áhrif á markaðinn. Viðskiptavökum ber að veita slíkum símtölum eðlilegan forgang.

6. gr.

Upplýsingakvöð Seðlabanka Íslands.

Í tengslum við ákvörðun opinbers viðmiðunargengis birtir Seðlabanki Íslands vísitölu gengisskráningar einu sinni á dag á Reutersíðu.

Seðlabanki Íslands sendir reglulega öllum viðskiptavökum upplýsingar um heildarviðskipti á millibankamarkaði með gjaldeyri.

7. gr.

Skráning opinbers viðmiðunargengis.

Seðlabanki Íslands skráir gengisvísitölu og opinbert viðmiðunargengi íslensku krónunnar með hliðsjón af leiðbeinandi verðtilboðum viðskiptavaka eða því verði sem myndast hefur í viðskiptum Seðlabankans og viðskiptavaka. Hvern viðskiptadag milli kl. 10.45 og 11.00 skoðar Seðlabankinn tilboð allra viðskiptavaka, reiknar út miðgengi Bandaríkjadals, skráir opinbert viðmiðunargengi á þeim grundvelli og reiknar út gengi annarra gjaldmiðla í hinni opinberu gengisskráningu sinni. Enn fremur getur Seðlabankinn skráð opinbert viðmiðunargengi á grundvelli síðasta viðskiptaverðs á þessu tímabili.

Seðlabanki Íslands ákveður hvaða gjaldmiðlar verða skráðir í opinberu viðmiðunar-

gengi og birtir kaup- og sölugengi þeirra. Gengisbil hvers gjaldmiðils skal taka mið af meðalgengisbili almenns gengis allra viðskiptavaka í sama gjaldmiðli og skal endurskoðað eigi sjaldnar en árlega. Gengisbili Seðlabankans verður þó aðeins breytt ef gildandi gengisbil bankans vîkur frá meðalgengisbili almenns gengis viðskiptavaka um meira en 0,05 af hundraði. Gengisbil gjaldmiðla frá löndum Efnahags- og myntbandalags Evrópu skal vera hið sama og gengisbil evru.

8. gr.

Viðskipti Seðlabanka Íslands.

Seðlabanka Íslands er ekki skylt að eiga viðskipti við aðra markaðsaðila þótt eftir því sé leitað. Viðskiptavaka er hins vegar skylt að eiga viðskipti við bankann í samræmi við reglur þessar.

9. gr.

Fjöldi aukastafa í verðtilboðum.

Viðskiptavakar skulu nota sama fjölda aukastafa í verðtilboðum og gert er við skráningu opinbers viðmiðunargengis hjá Seðlabanka Íslands.

10. gr.

Gildisdagsetning viðskipta.

Í viðskiptum með erlendan gjaldeyri skulu gilda sömu reglur og á erlendum gjaldeyrismörkuðum um gildisdagsetningar og millifærslur á erlenda bankareikninga.

11. gr.

Hæfniskröfur.

Viðskiptavakar skulu sjá til þess að starfsmenn þeirra, sem annast viðskipti á millibankamarkaði, hafi næga þekkingu til að annast gjaldeyrisviðskipti. Viðskiptavakar skulu hafa yfir að ráða fullnægjandi innri eftirlitskerfum til að meta og stýra áhættu í gjaldeyrisviðskiptum. Þá skal innra skipulag viðskiptavaka vera þannig að skýr skil séu milli gjaldeyrisviðskipta og frágangs þeirra. Ef þess er óskað skal viðskiptavaki veita Seðlabanka Íslands upplýsingar um eftirlitskerfi og innri reglur sem viðskiptavaki hefur sett sér í gjaldeyrisviðskiptum. Ef starfsemi viðskiptavaka tekur breytingum eða skipt er um yfirmenn gjaldeyrisviðskipta skal Seðlabankanum tilkynnt um slíkt fyrirfram. Jafnframt skulu viðskiptavakar tilkynna Seðlabankanum um hverjir sinna gjaldeyrisviðskiptum á millibankamarkaði fyrir þeirra hönd.

12. gr.

Fundir markaðsaðila, siðareglur o.fl.

Viðskiptavakar skulu tilnefna tengiliði vegna samskipta við Seðlabanka Íslands og skal við það miðað að þeir séu yfirmenn gjaldeyrisviðskipta viðskiptavaka. Með reglulegu millibili skal Seðlabankinn boða til funda tengiliða, þar sem fjallað verður um leikreglur markaðarins. Markaðsaðilar skulu stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum, m.a. með því að setja siðareglur fyrir millibankamarkað með gjaldeyri með hliðsjón af alþjóðlegum siðareglum.

Viðskiptavakar skulu fylgjast með öllum vísbendingum um óeðlilegt atferli að því er varðar umfang, tíðni og frágang viðskipta og tilkynna Seðlabanka Íslands um slíkt verði þeir þess áskynja og enn fremur um hvaðeina annað sem óeðlilegt gæti talist.

13. gr.

Uppsögn viðskiptavaka og viðurlög.

Viðskiptavaki, sem hyggst segja upp aðild að millibankamarkaði samkvæmt reglum þessum, skal tilkynna Seðlabanka Íslands þá ákvörðun skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Telji Seðlabanki Íslands að viðskiptavaki standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt reglum þessum getur bankinn svipt hann rétti til viðskipta við sig.

14. gr.

Neyðarviðbrögð.

Verði búnaður sá sem notaður er við tilboð og viðskipti óstarfhæfur um tíma, getur Seðlabanki Íslands án fyrirvara ákveðið að viðskipti skuli fara fram með öðrum hætti en lýst er í reglum þessum og skal öllum aðilum að markaðnum tilkynnt um það án tafar. Ef upp koma tímabundnar bilanir á búnaði viðskiptavaka, sem valda því að hann hefur ekki aðgang að nauðsynlegum upplýsingum, getur hann vikist undan að gefa upp verð þótt þess sé óskað samkvæmt 2. gr.

15. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast gildi hinn 1. janúar 2003. Jafnframt falla þá úr gildi reglur nr. 742 frá 19. október 2000 um gjaldeyrismarkað.

Reykjavík, 20. desember 2002.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson,
formaður bankastjórnar.

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri.

REGLUGERÐ

um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum.

1. gr.

Námi á framhaldsskólastigi er veitir undirbúning til náms á háskólastigi lýkur með stúdentsprófi sem skal samræmt í tilteknum námsgreinum. Samræmd stúdentspróf eru hluti af skilgreindum námslokum til stúdentsprófs.

Með samræmdum stúdentsprófum er átt við yfirlitspróf í tilteknum námsgreinum miðað við námsmarkmið í kjarna, sbr. aðalnámskrá framhaldsskóla. Prófin eru lögð fyrir alla nemendur á viðkomandi námsbrautum og aðra þá er þreyta prófin, sbr. 3. og 4. gr. þessarar reglugerðar, á sama tíma, við sömu eða sambærilegar aðstæður og með sama hætti, sbr. 11. gr.

2. gr.

Tilgangur samræmdra stúdentsprófa er m.a. að:

- veita nemendum og viðkomandi skóla upplýsingar um námsárangur nemenda og námsstöðu í þeim námsgreinum þar sem haldin eru samræmd stúdentspróf,
- veita viðtökuskólum upplýsingar um námsstöðu einstakra nemenda og vera viðmið fyrir inntöku í einstakar deildir á háskólastigi,
- veita fræðslufirvöldum upplýsingar um námsárangur, m.a. eftir framhaldsskólum, og hvort markmiðum aðalnámskrár hafi verið náð.

3. gr.

Samræmd stúdentspróf skal halda í þeim framhaldsskólum sem útskrifa stúdenta og þeim framhaldsskólum sem bjóða upp á skilgreint viðbótarnám til stúdentsprófs að loknu námi á starfs- eða listnámsbrautum. Þessum skólum er skylt að leggja til húsnæði vegna fyrirlagnar prófanna.

4. gr.

Samræmd stúdentspróf skulu vera markmiðsbundin skv. aðalnámskrá og skulu þau haldin einu sinni á ári, á tímabilinu 4.-10. janúar. Menntamálaráðherra leggur framhaldsskólum til samræmd próf og tilkynnir dagsetningu prófa með að lágmarki eins árs fyrirvara.

Samræmd stúdentspróf skulu haldin í íslensku, ensku og stærðfræði.

Menntamálaráðherra getur einnig lagt fyrir samræmd stúdentspróf í náttúrufræðigreinum og samfélagsgreinum. Skal slík ákvörðun tilkynnt með a.m.k. tveggja ára fyrirvara.

Öllum nemendum er þreyta stúdentspróf, þ.e. nemendum af félagsfræðabraut, mála- braut, náttúrufræðibraut, upplýsinga- og tæknibraut og starfs- eða listnámsbrautum með viðbótarnámi er skylt að ljúka samræmdu stúdentsprófi í tveimur námsgreinum skv. 2. mgr.

Heimilt er nemanda að þreyta fleiri samræmd próf en honum er skylt.

Heimilt er einnig öðrum að þreyta prófin enda hafi þeir til þess gilda ástæðu vegna áframhaldandi náms.

5. gr.

Einkunnir á samræmdum stúdentsprófum skulu vera sambærilegar milli prófa hvers árs og milli ára.

Einkunnir á samræmdum stúdentsprófum skulu gefnar í heilum tölum á einkunnakvarðanum 1 til 10. Lágmarkseinkunn til að standast samræmt stúdentspróf er 5 og verður sú einkunn ákvörðuð með greiningu á prófverkefnum þannig að einkunnin endurspegli skilgreindar lágmarkskröfur. Ágætiseinkunn verður skilgreind með sama hætti.

6. gr.

Nemandi skráir sig í samræmt stúdentspróf þegar hann telur sig hafa náð þeim markmiðum námsgreinarinnar sem prófkröfur miðast við, sbr. 1. og 4. gr. Fer skráning fram á tímabilinu 15. september til 15. október á því skólaári sem prófið er þeytt.

Skólameistarar bera ábyrgð á skráningu nemenda í skóla sínum og einnig á því að framkvæmdaaðila prófanna séu sendar upplýsingar um próftaka eigi síðar en 1. nóvember á því skólaári sem prófið er þeytt.

Hætti nemandi við próftöku ber honum að tilkynna það skriflega viðkomandi skóla eigi síðar en fjórum vikum áður en prófið er haldið. Skólameistari ber ábyrgð á að koma upplýsingum um skráningu úr prófi til þess aðila sem annast framkvæmd prófanna. Misbrestur á því að skrá sig úr prófi jafngildir falli á prófinu, mæti nemandi ekki til prófs.

7. gr.

Sjúkrapróf skulu haldin í maí fyrir þá nemendur sem samkvæmt læknisvottorði eru veikir á prófdegi og eru þeir sjálfkrafa skráðir til sjúkraprófs.

Sjúkrapróf eru jafnframt endurtökupróf fyrir þá nemendur sem þess óska og hafa til þess rétt.

8. gr.

Standist nemandi ekki lágmarkskröfur á samræmdu stúdentsprófi, sbr. 5. gr., eða fullnægi ekki kröfum viðtökuskóla eða háskóladeildar er honum heimilt að endurtaka prófið

tvisvar. Nemendur sem óska að endurtaka próf í maí skrá sig til prófs innan þeirra tíma-
marka sem framkvæmdaaðili prófanna setur.

Velji nemandi að endurtaka próf sem hann hefur staðist skal síðari einkunnin gilda.

9. gr.

Menntamálaráðherra felur Námsmatsstofnun eða öðrum hæfum aðila framkvæmd sam-
ræmdra stúdentsprófa með sérstökum samningi. Í samningi þessum skal m.a. kveðið á um
samningu, fyrirlögn og úrvinnslu samræmdra stúdentsprófa. Jafnframt skal í samningnum
kveðið á um ráðningu eftirlitsmanna með fyrirlögn prófanna í framhaldsskólum.

Ekki er heimilt að ráða kennara til að semja samræmt stúdentspróf ef hann kennir þeim
nemendum sem þreyta prófið það skólaár sem prófið er haldið.

10. gr.

Þagnar- og trúnaðarskylda hvílir á þeim sem bera ábyrgð á, semja og/eða meta úrlausnir
á samræmdum stúdentsprófum. Þeim er óheimilt að fjalla um eða birta, að hluta eða í heild,
úrlausnir nemenda.

11. gr.

Við fyrirlögn samræmdra stúdentsprófa ber að fara nákvæmlega eftir þeim fyrirmælum
sem fylgja prófi. Frávik frá reglum um fyrirlögn eru ekki heimil nema með samþykki þess
aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd prófanna. Eftirlitsmenn, sbr. 9. gr., fylgjast með fyrir-
lögn prófanna.

Heimilt er að víkja frá almennum reglum um fyrirlögn samræmdra stúdentsprófa þegar
um er að ræða líkamlega fötlun, langvarandi veikindi eða aðra erfiðleika af líffræðilegum
orsökum enda séu þessar aðstæður nemandans staðfestar af sérfræðingi á viðkomandi sviði.
Framkvæmdaaðili prófanna setur reglur um slík frávik og um staðfestingar sérfræðinga í
samráði við menntamálaráðuneytið.

Sá nemandi sem í hlut á sækir sjálfur um frávik frá reglum um fyrirlögn og skulu
umsóknir sendar þeim aðila sem ábyrgð ber á framkvæmd samræmdra prófa. Umsókn um
frávik frá reglum um fyrirlögn skal fylgja staðfesting skólameistara og sérfræðings á við-
komandi sviði. Sérfræðingar teljast eftir atvikum læknar, sálfræðingar og námsráðgjafar, en
þeir síðastnefndu skulu hafa samráð við sérmenntaða aðila á viðkomandi sviði. Fram-
kvæmdaaðili tekur ákvörðun um heimild til fráviks á grunni upplýsinga í umsókn nem-
anda, sérfræðingsmats og frammistöðu á fyrri samræmdum prófum, eftir því sem við á.

Þeir sem ekki eru skráðir í framhaldsskóla en óska eftir að þreyta samræmt stúdents-
próf með frávikum frá fyrirlögn, skulu sækja um frávik til framkvæmdaaðila. Umsókn skal
fylgja staðfesting sérfræðings.

12. gr.

Eigi síðar en 24 dögum eftir að síðasta samræmt stúdentspróf er haldið sendir fram-
kvæmdaaðili prófanna niðurstöður til viðkomandi skóla í ábyrgðarpósti eða á annan tryggan
hátt.

Skólar skulu birta nemendum einkunnir úr samræmdum stúdentsprófum eigi síðar en
2 virkum dögum eftir að einkunnir úr öllum greinum sem prófað er úr samræmt hafa bor-
ist viðkomandi skólum.

13. gr.

Sætti nemandi sig ekki við niðurstöðu námsmats á samræmdu stúdentsprófi getur hann
óskað skýringa frá framkvæmdaaðila innan þriggja vikna frá því að niðurstöður voru birtar

nemanda. Sætti nemandi sig ekki við fram komnar skýringar getur hann fengið afrit af prófúrlausn sinni og telji hann niðurstöður matsins rangar færir hann rök fyrir því í umsókn sinni um endurmat. Skal sú umsókn hafa borist framkvæmdaaðila prófanna innan þriggja vikna frá því skýringar bárust nemanda. Framkvæmdaaðili lætur innan tveggja vikna frá því umsókn barst honum fara fram endurmat á prófúrlausn nemandans.

Nemandi sem þreytti samræmt stúdentspróf getur í fyrsta lagi tveimur mánuðum frá því að niðurstöður prófsins voru birtar honum krafist þess að fá úrlausn sína afhenta enda fer þá ekki endurmat fram á prófi hans eftir það. Framkvæmdaaðili prófanna skal halda eftir afriti af úrlausn sem afhent er nemanda. Úrlausnir nemenda teljast vera svarblöð og þau prófhefti sem þeir skrá svör í.

Framkvæmdaaðili prófanna er ábyrgur fyrir því að öllum prófúrlausnum sé eytt á tryggilegan hátt að einu ári liðnu frá því að prófið var haldið, þ.m.t. öllum vinnublöðum sem fylgja prófúrlausn.

14. gr.

Framkvæmdaaðili samræmdra stúdentsprófa skal eigi síðar en þremur mánuðum eftir að próf eru haldin gefa út yfirlit yfir heildarniðurstöður prófanna og senda menntamálaráðuneyti, skólameisturum og skólanefndum framhaldsskóla og skólum á háskólastigi. Þar skulu koma fram meðaltöl einstakra skóla eftir prófum, fjöldi og hlutfall nemenda með hverja einkunn, meðaltöl allra skóla og aðrar þær upplýsingar sem þarf til að skýra niðurstöðurnar og auðvelda túlkun á þeim.

Ef 10 nemendur eða færri þreyta tiltekið samræmt stúdentspróf í framhaldsskóla skulu meðaltöl viðkomandi skóla ekki birt í þeirri námsgrein.

15. gr.

Óheimilt er að veita öðrum en viðkomandi nemanda upplýsingar um einkunnir hans á samræmdum stúdentsprófum, nema með samþykki hans.

Þó skal heimilt að veita þessar upplýsingar vegna kannana sem fræðsluyfirvöld standa fyrir og vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og fengin heimild Persónuverndar.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 24. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi og skal koma til framkvæmda skólaárið 2003-2004.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. skal einungis halda samræmt stúdentspróf í íslensku í janúar 2004 og sjúkra- og endurtökupróf í maí sama ár.

Þeir nemendur sem ljúka stúdentsprófi í lok haustannar 2003 eru undanþegnir samræmdum stúdentsprófum skv. reglugerð þessari.

Menntamálaráðuneytinu, 17. desember 2002.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 909/2000, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, sbr. reglugerð nr. 969/2001.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað 60.195 kr. kemur: 62.121 kr.
- b. Í stað 83.426 kr. kemur: 86.096 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir 2. málslíð kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Heimilt er veita undanþágu frá skilyrðum um fullt nám þegar foreldri á eftir minna en sem nemur 75% af námi á síðustu önn í námi og ljóst er að viðkomandi er að ljúka ákveðinni prófgráðu.
- b. Í stað orðanna „Heimilt er“ í 3. málslíð kemur: Enn fremur er heimilt.

3. gr.

2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Leggja skal fram staðfestingu frá viðkomandi skóla um að foreldri hafi verið skráð í 75–100% nám og hafi sýnt viðunandi námsárangur. Þá er heimilt að taka tillit til ástundunar náms á þeirri önn er barn fæðist.

4. gr.

Á eftir 14. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein, 14. gr. a, svohljóðandi:

Heimilt er að greiða móður fæðingarstyrk sem námsmanni þó að hún fullnægi ekki skilyrðum 2. mgr. 14. gr. um viðunandi námsárangur og/eða ástundun enda hafi hún ekki getað stundað nám á meðgöngu vegna heilsufarsástæðna, sbr. 2. mgr. 7. gr. Skal hún sannanlega hafa verið skráð í nám skv. 1. mgr. 14. gr. og fengið greidda sjúkradagpeninga sem námsmaður eða verið á biðtíma eftir dagpeningum á þeim tíma.

Umsókn skal fylgja staðfesting frá viðkomandi skóla um að móðir hafi verið skráð í nám á því tímabili sem um ræðir og vottorð frá lækni. Tryggingayfirlæknir skal meta læknisfræðilega hvort skilyrði 1. mgr. séu uppfyllt.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað 38.015 kr. kemur: 39.232 kr.
- b. Í stað 85.798 kr. kemur: 88.544 kr.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, öðlast gildi 1. janúar 2003. Enn fremur fellur úr gildi reglugerð nr. 261/2002, um breytingu á reglugerð um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, nr. 909/2000.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 2002.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Loðnavinnsluna hf.*, kt. 581201-2650, til að reka fiskimjölsverksmiðju á Fáskrúðsfirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Vesturbyggð*, kt. 510694-2369, til að reka brennslustöð og urðunarstað á Patreksfirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Sorpsamlag Þingeyinga*, kt. 711001-2470, fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs í flokkunar- og böggunarstöð á Húsa-vík. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

Hollustuvernd ríkisins, 19. desember 2002.

Davíð Egilson, settur forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 603, 9. ágúst 2002, um veiðar í atvinnuskyni 2002/2003.

1. gr.

Í stað „23.000“ í 2 tl. 3. gr. komi 30.000.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. desember 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um beingreiðslur í garðyrkju árið 2003.

I. KAFLI

Heildarfjárhæð beingreiðslna, framkvæmd og skipting milli afurða.

1. gr.

Heildarfjárhæð og framkvæmd beingreiðslna.

Árið 2003 skal greiða beingreiðslur að fjárhæð 195 milljónir kr. úr ríkissjóði til framleiðenda á gúrkum, tómötum og papriku eftir nánari ákvæðum í þessari reglugerð. Fjárhæðin skiptist upp eftir áðurnefndum tegundum og greiðist til framleiðenda miðað við selt magn af þessum afurðum.

Bændasamtök Íslands hafa umsjón með og annast framkvæmd beingreiðslna á árinu 2003.

2. gr.

Skipting beingreiðslna milli afurða.

Heildarfjárhæð beingreiðslna skiptist á afurðir sem hér segir:

- a) Tómatar (að meðtöldum kirsuberja-, plómu-, kjöt- og klasatómötum) alls 81 milljón kr.
- b) Gúrkur alls 74 milljónir kr.
- c) Paprika alls 40 milljónir kr.

Ef í ljós kemur að framleiðsluáætlanir gefa til kynna umtalsverða breytingu á framleiðslumagn milli tegunda er heimilt að endurskoða ofangreinda skiptingu.

3. gr.

Útreikningur beingreiðslna á afurðaeiningar.

Heildarfjárhæð beingreiðslna sem er til ráðstöfunar fyrir hverja afurð samkvæmt 2. gr. skal deilt á selt magn innan ársins, frá og með 1. janúar 2003 að telja. Flokka skal gúrkur, tómat og papriku eftir flokkunarreglum Sambands garðyrkjubænda um gæðaflokkun þessara afurða og skulu beingreiðslur einungis greiddar út á selt magn afurða sem fara í fyrsta flokk.

Beingreiðslur sem koma á tómatu skulu ákvarðaðar þannig að á hvert kg tómatu sem seldir eru í maí greiðast tvöfalt hærri beingreiðslur en á hvert kg selt í öðrum mánuðum ársins. Greiða skal 25% álag á beingreiðslur vegna framleiðslu á litaðri papriku, þ.e. annarri en grænni.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir áætlun að fengnum upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands um sölumagn þessara afurða yfir árið. Áætla skal beingreiðslur pr. kg miðað við áætlað sölumagn og greiða 80% af áætluðum beingreiðslum pr. kg sem fyrstu greiðslu eftir sölu hvers mánaðar.

Við lokauppgjör samkvæmt 12. gr. skal finna út beingreiðslur á hvert kg afurðar miðað við heildarfjárhæð beingreiðslna samkvæmt 2. gr. með því að deila þeim á það magn, sem staðfest er að selt hafi verið á árinu og skulu þær greiddar framleiðendum að frádregnum þeim greiðslum sem fram hafa farið. Ef upp kemur ágreiningur um rétt til beingreiðslna skulu þeir fjármunir sem um er deilt ekki koma til greiðslu við lokauppgjör fyrr en leyst hefur verið úr ágreiningnum.

4. gr.

Endurskoðun á einingaverði beingreiðslna.

Bændasamtök Íslands skulu tvisvar á árinu 2003, fyrir 1. júlí og fyrir 1. október endurskoða spár um framleiðslumagn ársins og á grundvelli þess gera tillögur til framkvæmdanefndar búvörusamninga um breytingar á fyrirframgreiðslu á selda einingu, sbr. 3. gr. Ef til lækkunar kemur á beingreiðslum á einingu afurðar til hvers handhafa skulu þær endur-reiknaðar frá upphafi árs í samræmi við breytingar á einingaverðum á þann hátt að til útborgunar á árinu komi að hámarki 88% af áætluðum beingreiðslum á einingu við endurskoðun 1. júlí. Við endurskoðun 1. október skal breyta fyrirframgreiðslum í 93% af áætluðum beingreiðslum á einingu. Bændasamtök Íslands tilkynna handhöfum beingreiðslna þessar ákvarðanir hverju sinni.

II. KAFLI

Réttur til beingreiðslna, umsóknir, gjalddagar, ofgreiddar beingreiðslur o.fl.

5. gr.

Réttur til beingreiðslna.

Réttur til beingreiðslna árið 2003 er bundinn því skilyrði að framleiðsla á gúrkum, tómötum eða papriku hafi átt sér stað á hlutaðeigandi garðyrkjubýli árið 2001 eða hafist þar eigi síðar en 1. mars 2002. Þessi réttur er bundinn við framleiðslustað en ekki framleiðanda. Með garðyrkjubýli er hér átt við lögaðila eða býli með virðisaukaskattskylda veltu, sem framleiðir grænmeti (útirækt/ylrækt), skrautjurtir, garðplöntur eða tré og runna.

Framleiðendur, sem tóku við beingreiðslum á árinu 2002 þurfa ekki að sækja sérstaklega um beingreiðslur fyrir árið 2003, en þeir skulu skila áætlun til Bændasamtaka Íslands fyrir 1. febrúar 2003, þar sem fram kemur flatarmál gróðurhúsa, sem ætlað er til framleiðslu fyrir hverja tegund svo og áætluð framleiðsla af hverri tegund á árinu 2003.

6. gr.

Umsóknir.

Þeir aðilar sem ekki tóku við beingreiðslum á árinu 2002 en vilja öðlast rétt til þeirra að uppfylltum skilyrðum, sbr. 5. gr., skulu senda umsókn til Bændasamtaka Íslands fyrir 1. febrúar 2003. Hverri umsókn skal fylgja útskrift úr tölvubókhaldi er beri með sér færslur á tekjulykla í virðisaukaskattsbókhaldi ásamt ljósriti af virðisaukaskattskýrslum þar sem sönnuð er virðisaukaskattskyld framleiðsla áður nefndra afurða á árinu 2001. Sé tölvubókhald ekki fært skal leggja fram ljósrit af tekjusíðum virðisaukaskattsbókhalds og afrit (ljósrit) af afreikningum eða sölunótum er sýni framleiðslu á gúrkum, papriku eða tómötum á áður nefndu tímabili. Einnig upplýsingar um selt magn í I. flokki og ræktunarflatarmál, eftir tegundum á árunum 2001 og 2002.

Hafi framleiðsla ekki hafist fyrr en á árinu 2002 skal skila öllum ofangreindum gögnum fyrir það ár. Þá skulu umsækjendur skila áætlunum skv. 5. gr.

Ef fullnægjandi gögnum samkvæmt 1.–2. mgr. er ekki skilað á réttum tíma verða beingreiðslur ekki greiddar fyrr en framleiðendur hafa gert úrbætur.

7. gr.

Handhafar beingreiðslna.

Handhafi beingreiðslna er ábúandi lögbýlis eða einstaklingur/lögaðili sem stendur að rekstri garðyrkjubýlis. Á hverju garðyrkjubýli skal einungis vera einn handhafi beingreiðslna. Þó er heimilt þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör.

Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands án tafar um breytingar á handhöfum beingreiðslna.

Réttur til beingreiðslna er bundinn við handhafa. Honum er óheimilt að framvísa þeim beingreiðslum sem honum ber til annars aðila.

Bændasamtök Íslands halda skrá yfir handhafa beingreiðslna.

8. gr.

Gjalddagar beingreiðslna.

Gjalddagi beingreiðslna er 1. hvers mánaðar vegna sölu næstsíðasta mánaðar að því tilskildu að gögnum vegna sölu sé skilað á réttum tíma, sbr. 11. gr. Berist gögn síðar frestast afgreiðsla beingreiðslna til næsta gjalddaga.

9. gr.

Ofgreiddar beingreiðslur.

Framleiðendur sem hafa tekið við beingreiðslum á grundvelli vísvitandi rangrar upplýsingagjafar skulu endurgreiða ofteknar beingreiðslur með 50% álagi. Ef til þess kemur að úrskurða þurfi um rétt til beingreiðslna skulu Bændasamtök Íslands halda eftir af beingreiðslum til framleiðandans þeirri fjárhæð sem ágreiningur er um að viðbættu 50% álagi.

10. gr.

Viðskipti sem réttur til beingreiðslna takmarkast við.

Sala afurða veitir aðeins rétt til beingreiðslna sé kaupandi bókhaldsskyldur hvort sem um er að ræða kaup til eigin rekstrar eða til endursölu. Sömu reglur gilda um umboðssölu. Framleiðandi getur einungis öðlast rétt til beingreiðslna með sölu eigin framleiðsluafurða en ekki með sölu á afurðum sem hann hefur keypt af öðrum. Réttur framleiðanda til beingreiðslna fellur niður annist hann kaup á gúrkum, tómötum eða papriku til eigin rekstrar, endursölu eða umboðssölu.

III. KAFLI

Upplýsingar og gögn um sölu afurða o.fl.

11. gr.

Upplýsingar og gögn sem skila ber mánaðarlega.

Handhafar beingreiðslna skulu senda Bændasamtökum Íslands mánaðarlega eftirfarandi upplýsingar og gögn eigi síðar en 12. næsta mánaðar eftir að sala fer fram:

1. Nafn, heimilisfang og kennitölu handhafa beingreiðslna ásamt virðisaukaskattsnúmeri og landnúmeri garðyrkjubýlis.
2. Nafn, heimilisfang og kennitölu kaupanda ásamt virðisaukaskattsnúmeri.
3. Afreikninga eða sölunótur sem bera með sér tegund afurðar, selt magn í kg, skiptingu magns eftir gæðaflokkum, verð á kg fyrir hverja afurðaeiningu og verðmæti alls. Séu þessar upplýsingar sendar á rafrænu formi er ekki skylt að afreikningar eða sölunótur fylgi, aðeins að þau séu til staðar og aðgengileg sé eftir þeim leitað og að viðeigandi fylgiskjalsnúmer sé skráð og komi fram.

Þau gögn sem þannig eru frágengin skulu staðfest með undirritun eða á annan fullnægjandi hátt, af eða fyrir hönd viðkomandi handhafa beingreiðslna. Bændasamtök Íslands geta hvenær sem er óskað eftir aðgangi að frumgögnum til staðfestingar. Handhafa beingreiðslna er skylt að halda eftir afriti af gögnum sendum Bændasamtökum Íslands til að vinna lokauppgjör ársins eftir, sbr. 4. mgr. 3. gr. og 12. gr.

12. gr.

Staðfesting lokauppgjörs fyrir árið.

Bændasamtök Íslands skulu fyrir 1. mars 2004 ljúka uppgjöri fyrir árið 2003. Hver framleiðandi, sem hlotið hefur beingreiðslur á árinu skal senda Bændasamtökum Íslands fyrir 31. janúar 2004 heildaruppgjör fyrir árið staðfest af löggiltum endurskoðanda. Uppgjörið skal sýna selt magn af gúrkum, tómötum og/eða papriku eftir tegundum, afbrigðum og gæðaflokkum. Komi fram misræmi frá áður innsendum gögnum (afreikningum og sölnótum) skal leggja fram afrit af þeim bókhaldsgögnum sem standa þar að baki og gerð grein fyrir leiðréttingum.

Við lokauppgjör reikna Bændasamtök Íslands út og gera upp beingreiðslur á kg af gúrkum, tómötum og papriku, eftir seldu magni á árinu 2003. Þessir útreikningar skulu hljóta staðfestingu framkvæmdanefndar búvörusamninga áður en lokauppgjör fer fram.

Við lokauppgjör skal halda eftir fjárhæðum er svara til krafna vegna ágreinings sem vísað hefur verið til úrskurðar hjá úrskurðarnefnd, sbr. 13. gr.

IV. KAFLI

Málskot.

13. gr.

Málskot.

Ágreiningi um rétt til beingreiðslna er heimilt að skjóta til þriggja manna úrskurðarnefndar samkvæmt 49. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. desember 2002.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

REGLUGERÐ**um mjólk og mjólkurvörur.**

I. KAFLI

Gildissvið, markmið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um framleiðslu og dreifingu mjólkur og mjólkurvara.

2. gr.

Markmið þessarar reglugerðar er að vernda heilsu manna með því að tryggja að mjólk og mjólkurvörur séu heilnæmar.

3. gr.

Mjólk er samkvæmt reglugerð þessari kúamjólk sem fengin er við reglubundnar mjaltir og ætluð er til manneldis. Úr mjólki, sem lögð er inn í mjólkurstöð, má ekkert taka og engu í bæta. Um kapla-, geita- og sauðamjólki skulu gilda sömu reglur og um mjólki í reglugerð þessari. Þessar vörur eru ásamt broddmjólki og geldmjólki nánar skilgreindar í viðauka I með reglugerðinni.

Eftir hitun mjólkur, sem unnin er úr kúamjólki, skal mjólkin hafa frostmark ekki hærra en $-0,51^{\circ}\text{C}$ og hún ekki vega minna en 1.028 grömm [g] hver lítri mjólkur við 20°C , eða jafngildi þess fyrir fullkomlega fitusnauda mjólki við 20°C . Mjólki skal innihalda að minnsta kosti 28 grömm [g] af próteini í lítra sem fæst með því að margfalda hundraðshlutfall heildarinnihalds köfnunarefnis (N) í mjólki með 6,38, og auk þess að innihalda minnst 8,5% fitufrítt þurrefni.

Mjólkurvara er hver sú matvælategund sem eingöngu er unnin úr mjólki þar sem viðurkennt er að bæta megi við efnunum sem nauðsynleg eru við framleiðslu þeirra, að því tilskildu að þessi efni séu ekki notuð að hluta til eða alfarið í stað innihaldsefna mjólkur. Mjólkurvara skal aðeins innihalda efni sem eru hæf til manneldis.

Samsett mjólkurvara er hver sú matvælategund þar sem mjólki eða mjólkurvörur eru mikilvægur hluti annaðhvort að því er varðar magn eða einkenni vörunnar. Samsett mjólkurvara skal aðeins innihalda efni sem eru hæf til manneldis.

Ákveðnar mjólkurvörur og vöruheiti eru nánar skilgreind í viðauka I með reglugerð þessari. Framleiðsla og dreifing á mjólkurvörum með öðrum efnunum, tegundum eða tegundaafbrigðum örvera er ekki heimil nema að fengnu samþykki Hollustuverndar ríkisins.

Hitun mjólkur og mjólkurvöru skal gerð í þeim tilgangi að sneyða vöruna að nokkru eða öllu leyti lifandi örverum og fer fram með eftirfarandi hætti:

1. *Gerilskerðing* (forhitun) er hitun upp í $63-68^{\circ}\text{C}$ í 15 sek. án þess að fosfatasahvatinn í mjólkinni verði óvirkur.
2. *Gerilsneyðing* er hitun upp í $62-65^{\circ}\text{C}$ í 30 mín. eða $72-78^{\circ}\text{C}$ í 15-20 sek. Eftir gerilsneyðingu er fosfatasahvatinn í mjólkinni óvirkur en peroxydasahvatinn virkur. Við aðra samsetningu tíma og hitastigs skulu sömu áhrif koma fram.
3. *Hágerilsneyðing* er hitun upp í $81-95^{\circ}\text{C}$ í 15-20 sek. Eftir hágerilsneyðingu eru fosfata- og peroxydasahvatarnir í mjólkinni óvirkir. Við aðra samsetningu tíma og hitastigs skulu sömu áhrif koma fram.
4. *Leifturhitun* (UHT) er hitun upp í $135-150^{\circ}\text{C}$ í 2-6 sek. Mysupróteinin skulu haldast eðlileg (Aschaffenburg-próf jákvætt).
5. *Niðursuða* er hitun undir þrýstingi sem jafngildir 121°C í 2,5 mín. Við aðra samsetningu tíma og hitastigs skulu sömu áhrif koma fram. Mysupróteinið verður eðlissvipt.

Fituskert mjólki er mjólki þar sem frá mjólkinni hefur verið skilinn nokkur hluti fitunnar eða í mjólkina hefur verið blandað undanrennu sem svarar til skerðingarinnar.

Fitusprengd mjólki er mjólki sem hlotið hefur meðferð sem sprengir fitukúlur mjólkurinnar og dreifir fitunni þannig um mjólkina að hún sest treglega til aftur.

Mjólkurbúnaður er ílát, tæki, áhöld, vélar, leiðslur og aðrir hlutir sem mjólki og mjólkurvörur komast í beina snertingu við í framleiðslu og dreifingu.

Mjólkurstöð er matvælafyrirtæki sem tekur mjólki til gerilsneyðingar, framleiðslu og dreifingar.

Framleiðandi er sá aðili sem heldur eina eða fleiri kýr, sem notaðar eru til framleiðslu mjólkur sem ætluð er til dreifingar á almennum markaði. Framleiðandi er ábyrgur fyrir framleiðslu sinni til kaupanda og skal framleiðandi tryggja gæði, öryggi og hollustu hennar.

II. KAFLI

Leyfisveitingar og eftirlit.

4. gr.

Embætti yfirdýralæknis hefur eftirlit með mjólkurframleiðslu hjá framleiðanda og veitir framleiðsluleyfi, sbr. reglugerð nr. 438/2002 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra, með síðari breytingum. Embætti yfirdýralæknis hefur einnig eftirlit með töku sýna vegna eftirlits með mjólkurgæðum hjá framleiðanda.

Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með flutningi mjólkur eftir að henni hefur verið dælt á flutningageyma hjá framleiðanda og framleiðslu í mjólkurstöð, samanber ákvæði þessarar reglugerðar. Framleiðsla og dreifing á mjólk og mjólkurvörum skal einnig uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, með síðari breytingum, og ákvæði annarra reglna sem ná til þessara matvæla.

Hollustuvernd ríkisins og embætti yfirdýralæknis skulu hafa aðgang að mjólkurstöð, niðurstöðum eftirlits á hverjum tíma og öðrum þeim gögnum er varða heilnæmi mjólkur og mjólkurvara.

5. gr.

Afla skal starfsleyfis heilbrigðisnefndar áður en mjólkurstöð og tilheyrandi búnaður er tekinn í notkun, samanber ákvæði reglugerðar nr. 522/1994. Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd skal hafa samráð við Hollustuvernd ríkisins og embætti yfirdýralæknis um veitingu starfsleyfa fyrir mjólkurstöðvar.

III. KAFLI

Mjólkurflutningar.

6. gr.

Við flutning mjólkur milli geyma, t.d. dælingu úr geymi í mjólkurhúsi í flutningageymi og móttöku mjólkur í mjólkurstöð, mega aðeins þeir vinna sem fengið hafa tilsögn á námskeiðum um meðferð mjólkur, dælingu hennar, töku sýna og annað varðandi hreinlæti við flutning mjólkur. Námskeið þessi skulu viðurkennd af embætti yfirdýralæknis. Þeir sem annast mjólkurflutninga skulu klæðast heilum og hreinum hlífðarfatnaði.

7. gr.

Aðeins þeim aðilum sem hlotið hafa viðeigandi þjálfun er heimilt að taka sýni vegna eftirlits með mjólkurgæðum hjá framleiðanda. Mjólkursýni skulu tekin þannig að þau gefi rétta mynd af allri mjólkinni. Sýnin skulu geymd í kælikassa við 0-4°C.

8. gr.

Mjólk, sem kæld er í kæligeymi í mjólkurhúsi framleiðanda og ætluð er til manneðis, má ekki vera eldri en 78 klst. þegar hún berst mjólkurstöð. Ef gerilskerðing eða gerilsneyðing hennar dregst lengur en 4 klst. skal mjólkinn kæld niður fyrir 4°C strax og hún berst viðkomandi mjólkurstöð og skal það hitastig hennar haldast þar til hún verður gerilskert eða gerilsneydd.

Víkja má frá ákvæðum um hámarksgeymslutíma mjólkur þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna ófærðar og náttúruhamfara.

9. gr.

Á flutningageymum sem notaðir eru undir mjólk skal koma skýrt fram að aðeins megi nota þá fyrir mjólk, mjólkurvörur og neysluvatn.

10. gr.

Dæling og flutningur mjólkur frá framleiðanda til mjólkurstöðvar skal fara fram á svo hreinlegan og tryggilegan hátt að mjólkinn verði ekki fyrir mengun sem rýri gæði hennar og hollustu. Mjólk, sem hefur óeðlilegt útlit og/eða lykt, má ekki undir neinum kringumstæðum dæla í flutningageyma. Í vafatilfellum ber mjólkurbifreiðarstjóra að hafa samráð við mjólkurstöð.

Eigi má dæla mjólk úr geymi í mjólkurhúsi í flutningageyma nema hitastig hennar sé undir 6°C. Meðan á flutningi stendur má hitastig mjólkur ekki fara yfir 6°C í flutningageymum.

11. gr.

Dæluhús mjólkurbifreiðar skal vera eins þétt og frekast er unnt. Þéttingar á hurðum skulu ávallt vera heilar og þær endurnýjaðar eftir þörfum. Gæta skal þess vel að útblástursloft mjólkurbifreiðar berist ekki inn í fjós, mjólkurhús eða mjólkurstöð.

Mjólkurbifreiðum og tengivögnum þeirra skal haldið vel hreinum. Eftir notkun í lok hvers vinnudags skulu flutningsgeymar svo og allur dælubúnaður þveginn og sóttthreinsaður. Eigi má mjólkurbifreið flytja vörur sem lykt eða óþrifnaður stafar af heldur aðeins hreinlegan smávarning í traustum og vel merktum umbúðum og því aðeins að hann sé geymdur í sérstöku geymslurými.

IV. KAFLI

Framleiðsla og dreifing.

12. gr.

Mjólkurstöð er skylt að starfrækja innra eftirlit samkvæmt ákvæðum 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994, með síðari breytingum, og framkvæma gæðaeftirlit á vinnslu mjólkur og mjólkurvara. Ef gögn sem mjólkurstöðvar hafa undir höndum eða aðrar ástæður benda til hættu á heilsutjóni vegna neyslu mjólkur eða mjólkurvara skal tilkynna eftirlitsaðila um það.

Mjólkurstöðvar skulu hafa í þjónustu sinni mjólkureftirlitsmenn sem hafa aflað sér viðurkenndrar menntunar í meðferð mjólkur, mjaltavéla og kælubúnaðar á framleiðslustað. Þeir skulu ásamt héraðsdýralæknum stuðla að viðhlítandi hreinlæti í allri meðferð mjólkur og mjólkurbúnaðar. Landbúnaðarráðherra setur reglur um menntun þessa, að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið og samstarfsráð sem starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli.

13. gr.

Mjólkurstöð er óheimilt að taka við mjólk til framleiðslu og dreifingar frá framleiðanda nema fyrir liggja gilt framleiðsluleyfi. Afrit af framleiðsluleyfi skal liggja fyrir í mjólkurstöð.

Mjólk sem berst mjólkurstöð skal uppfylla lágmarkskröfur um mjólkurgæði, skv. viðauka III. Mjólkurstöðvar skulu senda einstökum framleiðendum niðurstöður mælinga á mjólkurgæðum þeirra, eins fljótt og verða má eftir að þær liggja fyrir. Uppfylli mjólk frá viðkomandi framleiðanda ekki lágmarkskröfur um mjólkurgæði er mjólkurstöð óheimilt að taka á móti mjólk frá viðkomandi framleiðanda fyrr en mjólkinn fullnægir fyrrnefndum kröfum á ný. Mjólkurstöðvar skulu þegar í stað tilkynna framleiðanda og viðkomandi héraðsdýralækni þegar mjólkinn uppfyllir ekki ákvæði viðauka III. Héraðsdýralæknir skal afturkalla framleiðsluleyfi framleiðanda mjólkurinnar, telji hann að hætta geti stafað af fyrir neytendur. Héraðsdýralæknir skal gefa viðkomandi mjólkurstöð upplýsingar um málið.

14. gr.

Mjólk, sem berst til mjólkurstöðva, skal rannsökuð með tilliti til efna- og lyfjaleifa (sýklalyf, sýklaeyðandi og sýklaheftandi efni). Að minnsta kosti einu sinni í mánuði, og

oftar ef þurfa þykir, skulu sýni af mjólk hvers framleiðanda, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum 7. gr., rannsökuð með tilliti til framangreindra efna.

Mjólk telst óhæf til manneldis og til fóðurs dýra sem nýtt eru til manneldis ef í henni mælast lyfjaleifar í meira magni en sem segir til um í reglugerð nr. 653/2001, um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk, með síðari breytingum. Mjólkurstöðvar skulu þegar í stað tilkynna framleiðanda og viðkomandi héraðsdýralækni þegar í mjólkinni mælast lyfjaleifar í meira magni en sem segir til um í reglugerð nr. 653/2001. Slíkri mjólk skal farga í samráði við eftirlitsaðila.

Viðkomandi mjólkurstöð eða framleiðandi geta óskað eftir staðfestingu á slíkum niðurstöðum frá rannsóknastofu sem uppfyllir ákvæði 21. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, með síðari breytingum.

Mjólkurstöð er óheimilt að taka á móti mjólk frá viðkomandi framleiðanda fyrr en hann hefur sýnt fram á að mjólkin sé laus við framangreindar leifar. Héraðsdýralæknir skal afturkalla framleiðsluleyfi framleiðanda mjólkurinnar, telji hann að hætta geti stafað af fyrir neytendur. Héraðsdýralæknir skal gefa viðkomandi mjólkurstöð upplýsingar um málið.

15. gr.

Mjólkurstöðvar skulu tvisvar á ári láta framkvæma sýklagreiningu á innleggsmjólk hvers framleiðanda í þeim tilgangi að leita að keðjusýklum af flokki B (*Streptococcus agalactiae*). Þegar þessi sýkill greinist í mjólk framleiðanda skal tilkynna það mjólkurframleiðanda og viðkomandi héraðsdýralækni og skulu gerðar sérstakar ráðstafanir til útrýmingar honum, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum embættis yfirdýralæknis.

16. gr.

Mjólk sem dreift er til neytenda, skal vera gerilsneydd, sbr. ákvæði 3. gr., og pakkað í neytendaumbúðir. Mjólkurvörur skulu unnar úr gerilsneyddri mjólk og er óheimilt að dreifa mjólk eða mjólkurvörum nema varan sé óskemmd og hafi eðlilegt bragð, lykt og útlit. Óheimilt er að dreifa mjólk og mjólkurvörum sem í eru efni eða sýklar hættulegir heilbrigði manna eða óeðlilega mikið af örverum sem rýra hollustu og gæði þeirra, sbr. II. og III. lið viðauka II.

Áður en mjólk er gerilsneydd í mjólkurstöð skal hún hreinsuð í hreinsiskilvindu eða síuð. Þá skulu mjólk, rjómi og undanrenna, sem flutt eru á milli mjólkurstöðva, ávallt gerilsneyðast í síðari stöðinni.

17. gr.

Óheimilt er að tvígerilsneyða mjólk sem selja skal sem neyslumjólk nema til komi sérstakt leyfi Hollustuverndar ríkisins. Heimilt er að tvígerilsneyða rjóma og undanrennu og skal síðari hitunin ávallt vera við hærra hitastig.

Heimilt er að gerilskerða mjólk í mjólkurstöð til þess að auka geymsluþol hennar ef geyma þarf mjólkina lengur en 48 klst. eftir móttöku áður en gerilsneyðing hennar, vinnsla og pökkun hefst. Strax að lokinni gerilskerðingu skal kæla mjólkina niður fyrir 4°C og geyma hana þannig. Þar sem gerilskerðingu verður ekki við komið er Hollustuvernd ríkisins heimilt að leyfa tvígerilsneyðingu ef geyma þarf mjólkina lengur en 48 klst. áður en síðari gerilsneyðing, vinnsla og pökkun hefst. Gerilskerðing eða gerilsneyðing skal fara fram í mjólkurstöð innan 48 klst. frá móttöku mjólkurinnar.

18. gr.

Óheimilt er að framleiða og dreifa endurunninni mjólk (nýmjólk, léttmjólk eða undanrennu), sbr. 5. t. l. B liðar viðauka I, nema sannanlegur skortur sé á mjólk og að fyrir

liggi heimild til þess frá Hollustuvernd ríkisins. Endurunna mjólk má aðeins framleiða og dreifa sem samsettri mjólk (nýmjólk, léttmjólk eða undanrennu), sbr. 6. tl. B liðar í viðauka I, eða hluta af samsettri mjólk og skulu umbúðirnar auðkenndar sérstaklega.

Óheimilt er að dreifa niðurseyddum mjólkurvörum og mjólkurdufti nema að þessar vörur uppfylli ákvæði í viðauka IV.

19. gr.

Hollustuvernd ríkisins, í samráði við embætti yfirdýralæknis, getur bannað notkun á tilteknum mjólkurbúnaði ef gildar ástæður eru fyrir hendi. Forráðamenn mjólkurstöðva skulu þegar í stað tilkynna Hollustuvernd ríkisins og hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd um allar meiri háttar bilanir í tækjabúnaði sem skert geta gæði, öryggi eða hollustu mjólkur og mjólkurvara. Mjólkurstöð skal fylgjast reglulega með virkni hringrásakerfa og skulu vélar og tæki tekin í sundur, ef við á, og yfirfarin a.m.k. einu sinni á ári og oftár ef þurfa þykir. Mjólkurstöð skal setja sér vinnureglur um þetta eftirlit.

20. gr.

Hollustuvernd ríkisins, í samráði við embætti yfirdýralæknis, getur ákvarðað hvaða tæki er heimilt að nota til að hita mjólk og mjólkurvörur og getur eftirlitsaðili krafist yfirlýsingar frá framleiðanda/söluaðila gerilsneyðingartækis og viðkomandi mjólkurstöð um að tækið sé búið:

- a. Sjálfvirkum hitastilli,
- b. síritandi hitamæli,
- c. sjálfvirkum öryggisbúnaði sem kemur í veg fyrir of litla hitun,
- d. viðunandi öryggiskerfi sem kemur í veg fyrir að mjólk sem ekki er nægilega hituð blandist saman við gerilsneydda mjólk,
- e. sírita fyrir öryggiskerfið sem um getur í lið d.

Ef beita á öðrum aðferðum en fram koma í 3. gr. þá skal leita samþykkis Hollustuverndar ríkisins. Skyld er að geyma hitastigsskráningarnar a.m.k. í 12 mánuði og framvísa þeim hvenær sem þeirra er krafist af eftirlitsaðilum.

21. gr.

Ógerilsneyddri broddmjólk, sbr. 1. tl. A liðar í viðauka I, er heimilt að dreifa að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. Í innleggsmjólk hafi ekki fundist sýklar hættulegir heilbrigði manna við reglubundið mjólkureftirlit,
- b. broddmjólkinn sé frá framleiðanda sem uppfyllir lágmarkskröfur um mjólkurgæði sbr. viðauka III og
- c. broddmjólkinn sé fengin úr heilbrigðum kúm sem ekki hafa verið meðhöndlaðar með lyfjum á/við geldstöðu.

Vottorð héraðsdýralæknis skal fylgja hverri sendingu og liggja fyrir á sölustað til staðfestingar. Broddmjólkinni skal pakka í nýjar einnota neytendaumbúðir, sem eru þannig gerðar að þær komi í veg fyrir að hún spillist með einhverjum hætti. Broddmjólkina skal frysta strax eftir pökkun og ber að tryggja að hún haldist frosin (við a.m.k. -18°C) frá því hún fer frá framleiðanda uns sala fer fram. Merkja skal umbúðir með pökkunardegi, „best fyrir“ dagsetningu, nafni framleiðanda, framleiðslustað, auk annarra merkingarskyldra atriða samkvæmt reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla.

22. gr.

Mjólk og mjólkurvörur skulu uppfylla kröfur um örverufræðileg viðmið í viðauka II. Í viðauka þessum koma einnig fram leiðbeiningar um eftirlit með vörugæðum. Auk þess skulu mjólk og mjólkurvörur uppfylla ákvæði viðauka IV og reglugerða sem fjalla um mat-

væli, s.s. reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla og reglugerðar nr. 586/1993 um merkingu næringargildis matvæla.

V. KAFLI Rannsóknir.

23. gr.

Hollustuvernd ríkisins og embætti yfirdýralæknis geta mælt fyrir um sýnatökur, örveru-, eðlis- og efnafræðilegar rannsóknaraðferðir, aðferðir við frumutalningu, mat á mjólk og mjólkurvörum og notkun efna og aðferða við hreinsun og sótthreinsun mjólkur- og kælíbúnaðar.

Við sýnatöku og rannsóknir (prófanir) á niðurseyddum mjólkurvörum og mjólkurdufti, sbr. D og E lið viðauka I, skal nota þær aðferðir sem fram koma í tilskipunum 79/1067/EBE og 87/524/EBE, sbr. og ákvæði 25. gr. þessarar reglugerðar.

VI. KAFLI Gildistaka og viðurlög.

24. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, samanber og VIII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum.

25. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig voru höfð til hliðsjónar ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í, 23. tl. XII. kafla, II viðauka (tilskipun 79/1067/EBE um greiningaraðferðir til prófunar á þessum vörum), 42. tl., (tilskipun 87/524/EBE um aðferðir við sýnatöku vegna prófana og eftirlits með þessum vörum) og tilskipun 2001/114/EB um tiltekna niðurseyddar mjólkurvörur og mjólkurduft. Reglugerðin er sett að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið.

Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2003, að undanskyldum ákvæðum um lágmarkskröfur til mjólkurgæða í viðauka III, sem koma til framkvæmda 1. júlí 2003. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 392/1997 um mjólk og mjólkurvörur, með síðari breytingum.

Reglugerð þessi skal endurskoðuð fyrir 1. júní 2009.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði í viðauka III mun koma til fullrar framkvæmdar 1. janúar 2006. Frá 1. júlí 2003 og til og með 31. desember 2005 gildir eftirfarandi um framkvæmd lágmarkskrafna um frumutölu mjólkur, sbr. 13. gr. og viðauka III:

Mjólkurstöð er heimilt að taka við mjólk framleiðanda, sem ekki uppfyllir lágmarkskröfur um mjólkurgæði, sbr. 1. tl. b-liðar viðauka III, svo fremi sem frumutala nýjustu sýnatökumælingar sé (400.000 og þrátt fyrir að rúmfræðilegt meðaltal frumutölu á 12 vikna tímabili sé enn yfir mörkum.

Umhverfissráðuneytinu, 12. desember 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

VIÐAUKI I Skilgreiningar á mjólk og ákveðnum mjólkurvörum.

A. Mjólk.

1. **Broddmjólk** er mjólk sem fengin er við mjaltir fyrstu 4 dagana eftir burð. Hún hleypur við upphitun.
2. **Geldmjólk** er úr kúm sem eru að verða geldar og mjólka minna en 4 lítra á sól-arhring. Enn fremur mjólk sem fellur til síðustu dagana fyrir burð.
3. **Sauðamjólk** er fengin við mjaltir á ám.
4. **Geitamjólk** er fengin við mjaltir á geitum.
5. **Kaplamjólk** er fengin við mjaltir á hryssum.

B. Nýmjólk, rjómi o.fl.

1. **Nýmjólk** er gerilsneydd mjólk.
2. **Léttmjólk** er gerilsneydd fituskert mjólk sem í eru 1%-2% af mjólkurfitu.
3. **Undanrenna** er sá hluti mjólkurinnar sem eftir verður þegar rjóminn hefur verið skilinn frá henni. Í undanrennu skal vera mest 0,2% af mjólkurfitu.
4. **Rjómi** er unninn úr mjólk og er mjólkurfítumagn rjómans haft mismunandi eftir því til hvers hann er ætlaður, en minnst 9%. Í kaffirjóma skal vera 9%-16% af mjólkurfitu en í þeytirjóma minnst 36%. Rjóma skal hágerilsneyða.
5. **Endurunnin nýmjólk, léttmjólk eða undanrenna** er gerilsneydd vara framleidd úr nýmjólkurdufti eða undanrennudufti að viðbættu vatni, undanrennu, nýmjólk, rjóma eða smjöri. Endurunnin nýmjólk skal innihalda minnst 3% af mjólkurfitu, endurunnin léttmjólk 1%-2% af mjólkurfitu og endurunnin undanrenna mest 0,2% af mjólkurfitu. Í þessum vörum skal vera 8,5%-9,5% af fitusnaudu mjólkurþurr-efni. Í endurunna mjólk má ekki nota önnur efni en þau sem finnast í mjólk.
6. **Samsett nýmjólk, léttmjólk eða undanrenna** er gerilsneydd vara sem að hluta til, mest 25%, er gerð úr endurunninni mjólkurvöru.
7. **Mjólkurdrykkir** eru gerðir úr nýmjólk, léttmjólk, undanrennu eða endurunninni mjólk og í þá má bæta öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.

C. Sýrðar mjólkurvörur.

Þær mjólkurvörur sem innihalda lifandi bakteríur og eru markaðssettar sérstaklega vegna þeirra skulu að lágmarki við lok geymsluþols innihalda 1 milljón (10^6) af hverri tegund í ml.

1. **Súrmjólk** er unnin úr nýmjólk, léttmjólk, undanrennu eða endurunninni mjólk. Mjólkin er sýrð með mjólkursýrubakteríum af tegundunum *Lactococcus lactis/cremoris*, *Lactococcus lactis* subsp. *Diacetylactis* og *Leuconostoc citrovorum*.
2. **Súrmjólkurréttir** eru unnir úr súrmjólk og í þá má bæta öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.
3. **Jógúrt** er gerð úr nýmjólk, léttmjólk eða undanrennu eða endurunninni mjólk. Mjólkin er sýrð með *Lactobacillus delbrueckii* subsp. *Bulgaricus* og *Streptococcus salivarius* subsp. *Thermophilus*. Í jógúrt skal vera minnst 8,5% af fitusnaudu mjólkurþurrrefni.
4. **Jógúrtréttir og jógúrtdrykkir** eru gerðir úr jógúrt og í þá má bæta öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.
5. **Sýrður rjómi** er rjómi sem sýrður hefur verið samkvæmt 1. tl.
6. **Sýrðir rjómaréttir** eru gerðir úr sýrðum rjóma og í þá má bæta öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.
7. **Sýrð mjólk og sýrðir mjólkurréttir** eru unnir úr nýmjólk, léttmjólk, rjóma eða undanrennu eða endurunninni mjólk. Mjólkin er sýrð með viðurkenndum mjólk-

ursýrubakteríum, öðrum en þeim sem skilgreindar eru í 1. og 3. tl., en má þó einnig innihalda þær bakteríur. Í sýrða mjólk og sýrða mjólkurrétti má bæta öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.

D. Niðurseyddar mjólkurvörur.

Niðurseydd mjólk er afurð, sem fengin er með því að fjarlægja hluta vatns úr nýmjólk, léttmjólk, undanrennu eða blöndu þessara vara, með hugsanlega íbættum rjóma eða mjólkurdufti eða hvorutveggja og má viðbæta mjólkurduftið ekki vera meira en 25% af mjólkurþurrefnum í fullunninni vöru. Eftirfarandi heiti skal einungis nota um þær vörur er hér eru skilgreindar og skulu þau notuð í viðskiptum til að lýsa þeim:

1. **Ósykrud niðurseydd nýmjólk** skal, miðað við þyngd, innihalda minnst 7,5% mjólkurfitu og 25% mjólkurþurrefni.
2. **Ósykrud niðurseydd undanrenna** skal, miðað við þyngd, ekki innihalda meira en 1% mjólkurfitu og ekki minna en 20% mjólkurþurrefni.
3. **Ósykrud niðurseydd léttmjólk** skal, miðað við þyngd, innihalda minnst 1% og ekki meira en 7,5% mjólkurfitu og ekki minna en 20% mjólkurþurrefni.
4. **Ósykrud niðurseydd fiturík mjólk** skal, miðað við þyngd, innihalda minnst 15% mjólkurfitu og 26,5% mjólkurþurrefni.
5. **Sykrud niðurseydd nýmjólk** skal, miðað við þyngd, ekki innihalda minna en 8% mjólkurfitu og 28% mjólkurþurrefni.
6. **Sykrud niðurseydd undanrenna** skal, miðað við þyngd, ekki innihalda meira en 1% mjólkurfitu og minnst 24% mjólkurþurrefni.
7. **Sykrud niðurseydd léttmjólk** skal, miðað við þyngd, innihalda minnst 1% og mest 8% mjólkurfitu og ekki minna en 24% mjólkurþurrefni.

Geymsluþol skal tryggt með hitun (s.s. leifturhitun, niðursuða) á vörum í 1.- 4. tl. og blöndun súkrósa í vörur í 5.-7. tl. Vörur í 5.-7. tl. mega innihalda að hámarki viðbættan laktósa sem nemur 0,03% af þyngd fullunninnar vöru.

E. Mjólkurduft.

Mjólkurduft er afurð sem inniheldur ekki meira en 5% vatn miðað við þyngd fullunninnar vöru. Varan er unnin og geymsluþol tryggt með því að fjarlægja vatn í þar til gerðum tækjum úr nýmjólk, léttmjólk, undanrennu og rjóma eða blöndu af þessum vörum. Eftirfarandi heiti skal einungis nota um þær vörur er hér eru skilgreindar og skulu þau notuð í viðskiptum til að lýsa þeim:

1. **Nýmjólkurduft** skal, miðað við þyngd, innihalda minnst 26% mjólkurfitu og ekki meira en 42% mjólkurfitu.
2. **Undanrennuduft** skal, miðað við þyngd, innihalda mest 1,5% mjólkurfitu.
3. **Léttmjólkurduft** skal, miðað við þyngd, innihalda meira en 1,5% mjólkurfitu og minna en 26% mjólkurfitu.
4. **Fituríkt mjólkurduft** skal, miðað við þyngd, innihalda minnst 42% mjólkurfitu.

F. Skyr og kvarg.

1. **Skyr** er framleitt úr gerilsneyddri og/eða enduruninni undanrennu sem hituð hefur verið upp í minnst 72-78°C í 15-20 sek. Undanrennan er sýrð með skyrþétti og jafnvel hleypt með ostahleypi. Mysan er skilin frá. Skyrhlaupið má hita í allt að 68°C í 15-20 sek. þannig að mestur hluti skyrbaktería lifi af hitunina (gerilskert skyr). Skyr skal innihalda minnst 16% af mjólkurþurrefni.
2. **Skyrréttir** eru gerðir úr skyri og í þá má bæta öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.
3. **Rjómaskyr** er skyr með auknu fituinnihaldi. Í því skal vera minnst 10% af mjólkurfitu miðað við heildarþurrefni.

4. **Kvarg** er framleitt úr gerilsneyddri og/eða endurunninni undanrennu sem hituð hefur verið upp í minnst 72-78°C í 15-20 sek. Undanrennan er hleypt með ostahleypi og/eða sýrð með hreinræktuðum mjólkursýrubakteríum. Mysan er skilin frá við síun, vélrænt eða á annan hátt. Í kvarg má bæta rjóma og öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.

G. Mýsa.

1. **Skymýsa** er mýsa sem fellur til við skyrgerð. Í henni skal vera minnst 1% af mjólkursýru.
2. **Mysudrykkir** eru gerðir úr skymýsu og í þá má bæta öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.
3. **Ostamýsa** er mýsa sem fellur til við ostagerð.

H. Smjör, smjörblöndur og áfir.

1. **Smjör** er unnið úr gerilsneyddum rjóma. Í smjöri skal vera minnst 80% og mest 90% af mjólkurfitu. Fitusnautt mjólkurþurrefni má ekki fara yfir 2% og vatnsinnihald ekki yfir 16%. Í smjör má bæta matarsalti, aukefnum og bragðefnum.
2. **Sýrt smjör** er eins og smjör nema það er framleitt úr sýrðum rjóma eða með því að bæta í það viðurkenndum lífrænum eða ólífrænum sýrum.
3. **Smjörólía** er unnin úr gerilsneyddum rjóma eða smjöri þannig að vatn og fitufrítt þurrefni hefur að mestu verið fjarlæggt. Innihald mjólkurfitu er að lágmarki 99,3% og innihald vatns að hámarki 0,5%.
4. **Smjörblanda** er smyrjanleg samsett mjólkurvara sem er mjúk ýra í föstu formi, að mestu leyti af gerðinni vatn í olíu, og hefur samsvarandi notkunargildi og smjör. Uppistaða próteinhlutans er mjólkurprótein. Fituhlutinn er að lágmarki 15% og að hámarki 80% mjólkurfita og þar fyrir utan önnur plöntu- og dýrafita. Í vöruna má bæta öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.
5. **Áfir** eru sá hluti rjómans sem eftir verður þegar úr honum hefur verið strokkað smjör. Í áfum skal vera minnst 8% af mjólkurþurrefni.

I. Ostar.

Ostum er skipt í tvo flokka, ostar úr hleyptri mjólk eru nefndir hleypostar og ostar úr niðurseyddri ostamýsu eru nefndir mysuostar.

1. **Hleypostar** eru gerðir úr nýmjólk með eða án íblöndunar rjóma, undanrennu, áfa eða vatns. Bæta má í þá öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum. Mjólkinn er sýrð með hreinræktuðum mjólkursýrubakteríum og/eða viðurkenndum lífrænum eða ólífrænum sýrum og hleypt með eða án ostahleypis. Mysan er skilin frá og osturinn mótaður. Hleypostum er skipt í eftirfarandi undirflokk:
 - a. **Gerjaðir ostar** eru hleypostar sem eftir mótun verða fyrir hægfara efnabreytingu og gerjun sem getur verið af völdum mjólkursýrubaktería, gersveppa og annarra örvera.
 - b. **Ferskir ostar** eru hleypostar tilbúnir til neyslu án gerjunar.
 - c. **Bræddir ostar** eru endurunnir hleypostar sem bræddir eru með viðeigandi söltum. Bæta má í þá smjöri, mjólk eða mjólkurdufti til stöðlunar á fitu og/eða þurrefni.
2. **Mysuostar** eru gerðir úr ostamýsu með því að seyða úr henni mikinn hluta vatnsins. Í mysuna má bæta öðrum mjólkurvörum til stöðlunar fitu, próteins og heildarþurrefnis. Í mýsing og rjómamýsing má nota jurtaolíu. Auk þess má bæta í mysuosta öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.

Mysuostar skiptast í fjóra flokka:

- Mysuosta** með minna en 20% fitu í þurrefni.
- Rjómamysuosta** með meira en 20% fitu í þurrefni.
- Mysing** með minna en 20% fitu í þurrefni.
- Rjómamysing** með meira en 20% fitu í þurrefni.

J. Ís og ísvörur.

Mjólkurís og rjómaís eru kældar eða frosnar mjólkurvörur sem þannig er dreift til neyslu. Í þeim skulu próteinin og fitan eingöngu vera úr mjólk en bæta má í vöruna öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum. Hundraðshlutar hráefna í þessum ístegundum miðast við þyngd. Einn lítri af mjólkurís eða rjómaís skal vega minnst 450 g. Ísblöndurnar skulu gerilsneyddar eða leifturhitaðar.

- Rjómaís** skal innihalda minnst 10% af mjólkurfitu og yfir 32% af þurrefni. Séu viðbætt hráefni svo föst í sér að unnt sé að skilja þau frá ísnum skal ísinn að þeim fráskildum fullnægja áðurgreindum ákvæðum. Blandist hráefnin svo vel í ísnum að þau verði ekki skilin frá má fitumagnið í ísnum vera 9%.
- Mjólkurís** skal innihalda minnst 4% af mjólkurfitu og yfir 30% af þurrefni. Fitumagnið má lækka niður í 3% vegna óaðskiljanlegra hráefna, sbr. 1. tl. Blandan ófryst er notuð sem hráefni í mjúkan ís og til framleiðslu ísrétta og drykkja.
- Rjóma- og mjólkurísbúðingar** (fromage, trifle) eru gerðir úr rjómaís- eða mjólkurísblöndu með auknu magni af bindiefnum. Í þeim eru minnst 4% af mjólkurfitu og þurrefni yfir 30%.

VIÐAUKI II

Örverufræðilegar viðmiðunarreglur.

Í töflunum hér að neðan eru notuð gildin n, m, M og c sem merkja eftirfarandi:

n = fjöldi sýnaeininga úr vörulotu

m = neðri viðmiðunarmörk fyrir fjölda örvera. Niðurstaðan er talin fullnægjandi ef fjöldi örvera í öllum sýnaeiningum er ekki yfir „m“.

M = efri viðmiðunarmörk fyrir fjölda örvera. Niðurstaðan er talin ófullnægjandi ef fjöldi örvera í einni eða fleiri sýnaeiningum er „M“ eða fleiri.

c = fjöldi sýnaeininga þar sem fjöldi örvera getur verið milli „m“ og „M“. Sýnið er viðunandi ef fjöldi örvera í hinum sýnaeiningunum er „m“ eða færri.

I. Ógerilsneydd mjólk.

Mörk í þessari töflu gilda fyrir líftölu örvera í mjólk eftir geymslu í mjólkurstöð.

Tegund mjólkur	Sýnataka	Líftala í ml við 30°C	BactoScan aðferð [einingar/ml]
Mjólk ætluð til framleiðslu á gerilskertri mjólk eða gerilsneyddri mjólk og sem er meðhöndluð síðar en 36 tímum eftir komu í mjólkurstöð	Strax fyrir gerilskerðingu eða gerilsneyðingu	< 300.000	< 3.000.000
Gerilskert mjólk sem ætluð er til framleiðslu á gerilsneyddri mjólk	Strax fyrir gerilsneyðingu	< 100.000	< 600.000

II. Tilbúnar mjólkurvörur.

Mörk í þessari töflu gilda fyrir tiltekna mjólkurvörur við flutning frá mjólkurstöð.

Vörutegund	Rannsóknabáttur	Viðmiðun
<i>A. Kröfur til gerilsneyddrar, leifturhitaðrar og dauðhreinsaðrar mjólkur</i>		
Gerilsneydd mjólk	<i>Salmonella spp.</i> <i>Listeria monocytogenes</i>	Má ekki greinast í 25 g, m = 0, M = 0, n = 5, c = 0
	Kólfbakteríur	m = 0 í ml, M = 5 í ml, n = 5, c = 1
	Líftala við 30°C	m = 10.000 í ml, M = 100.000 í ml, n = 5, c = 1
Leifturhituð mjólk (UHT) og niðursoðin mjólk	Líftala við 30°C (eftir ræktun í 15 daga við 30°C)	< 100 í ml
	Skyrmat (eftir ræktun í 15 daga við 30°C)	Eðlilegt
<i>B. Kröfur til mjólkurvara</i>		
Ostar, ekki fastir	<i>Listeria monocytogenes</i>	Má ekki greinast í 25 g ¹ , n = 5, c = 0
Aðrar mjólkurvörur	<i>Listeria monocytogenes</i>	Má ekki greinast í 1 g
	<i>Salmonella spp.</i>	Má ekki greinast í 1 g, n = 5, c = 0
Mjólkurduft	<i>Salmonella spp.</i>	Má ekki greinast í 1 g, n = 10, c = 0
Mjúkir ostar	<i>Staphylococcus aureus</i> ²	m = 100, M = 1.000, n = 5, c = 2
	<i>Escherichia coli</i> ³	m = 10, M = 100, n = 5, c = 2
Ferskostar, mjólkurduft, frosnar mjólkurvörur (m.a. ís)	<i>Staphylococcus aureus</i> ²	m = 10 M = 100 n = 5, c = 2
Leifturhitaðar mjólkurvörur (UHT) og niðursoðnar mjólkurvörur á fljótandi eða hlaup formi, sem eru m.v. órofnar umbúðir hæfar til geymslu við herbergishita	Líftala við 30°C (eftir ræktun í 15 daga við 30°C)	< 100 í ml
	Skyrmat (eftir ræktun í 15 daga við 30°C)	Eðlilegt

Vörutegund	Rannsóknabáttur	Viðmiðun
<i>C. Leiðbeiningar um eftirlit með vörugæðum.</i>		
Fljótandi mjólkurvörur	Kólfílbakteríur við 30°C	m = 0, M = 5, n = 5, c = 2
Smjör	Kólfílbakteríur við 30°C	m = 0, M = 10, n = 5, c = 2
Mjúkir ostar	Kólfílbakteríur við 30°C	m = 1.000, M = 10.000, n = 5, c = 2
Mjólkurvörur í duftformi	Kólfílbakteríur við 30°C	m = 0, M = 10, n = 5, c = 2
Frosnar mjólkurvörur (m.a. ís)	Kólfílbakteríur við 30°C	m = 10, M = 100, n = 5, c = 2
	Líftala við 30°C	m = 10.000, M = 100.000 n = 5, c = 2
Fljótandi mjólkurvörur, ósýrðar	Líftala við 30°C	m = 50.000 í ml M = 100.000 í ml n = 5, c = 2

- 1) Sýnið samanstendur af fimm 5 gramma [g] sýnaeiningum sem allar eru teknar frá mismunandi stöðum en úr sömu framleiðslueiningu.
- 2) Ef einhver niðurstaða er stærri en „M“ verður að gera athuganir á hvort um er að ræða örverur sem mynda eiturefni.
- 3) Ef einhver niðurstaða er stærri en „M“ verður að gera athuganir á hvort um sjúkdómsvaldandi örverur geti verið að ræða.

III. Aðrar tilbúnar mjólkurvörur

Mörk í þessari töflu gilda fyrir tilteknar mjólkurvörur á smásölustigi.

Vörutegund	Rannsóknabáttur	Viðmiðun [í ml]
<i>A. Leiðbeiningar um eftirlit með vörugæðum</i>		
Ís úr vél ¹ , mjólkurhristingur ¹	Líftala við 30°C	m = 100.000, M = 500.000
	Kólfílbakteríur	m = 10, M = 100
	Saurkólfílbakteríur	m = 0, M = 10
	<i>Bacillus cereus</i>	m = 1.000, M = 10.000

- 1) Á við um tilgreind matvæli án annarra hráefna. Ef öðrum hráefnum hefur verið blandað saman við skal taka tillit til þeirra við mat sýna.

VIÐAUKI III
Lágmarkskröfur um mjólkurgæði.

Sýni til rannsókna skulu vera af kældri mjólk, sem tekin hafa verið úr kæligeymi framleiðandans, samkvæmt ákvæðum 7. gr. Séð skal til þess að sýnin berist rannsóknarstofu eins fljótt og kostur er, að þau séu óskemmd og í þannig ástandi að gæðum mjólkurinnar sé rétt lýst.

1. Mjólk frá framleiðanda skal uppfylla eftirfarandi staðla:

- a) Líftala örvera með BactoScan aðferð eða líftölumælingu:
 BactoScan aðferð ≤ 600.000 einingar/ml
 Líftala í ml við 30°C í 72 klst. ≤ 100.000

Lágmarkskröfur um mjólkurgæði miðast við rúmfræðilegt meðaltal reglubundinna mælinga á 8 vikna tímabili með að minnsta kosti fjórum sýnum á hverju 8 vikna tímabili.

- b) *Frumutala með Fossomatic (eða aðrar aðferðir, sem eru sambærilegar og viðurkenndar)*
 Frumutala ≤ 400.000 frumur/ml

Lágmarkskröfur um mjólkurgæði miðast við rúmfræðilegt meðaltal reglubundinna mælinga á 12 vikna tímabili með að minnsta kosti þremur sýnum á hverju 12 vikna tímabili.

2. Viðmiðanir til aðstoðar við eftirlit með mjólkurgæðum:

- a) *Líftölumæling, hitaþolin líftala:*
 Líftala í 1 ml við 30°C í 72 klst. eftir hitun á mjólk við 62°C í 30 mín.
 1. fl. Líftala til og með 5.000
 2. fl. Líftala yfir 5.000 til og með 25.000
 3. fl. Líftala yfir 25.000
- b) *Líftölumæling, kuldaþolin líftala:*
 Líftala í 1 ml við 17°C í 16-20 klst. og síðan við 7°C í 72 klst.
 1. fl. Líftala til og með 25.000
 2. fl. Líftala yfir 25.000 til og með 100.000
 3. fl. Líftala yfir 100.000
- c) *Ákvörðun á magni dvalargróa loftfælinna baktería:*
 Hitun við 80°C í 10 mín. og síðan ræktun við 30°C í 72 klst. (eða aðrar aðferðir, sem eru sambærilegar og viðurkenndar).
 1. fl. Enginn vöxtur/ml eftir 72 klst.
 2. fl. Vöxtur eftir 48-72 klst.
 3. fl. Vöxtur á fyrstu 48 klst.

Formúla fyrir rúmfræðilegt meðaltal (GM) er eftirfarandi:

$$GM = \sqrt[n]{y_1 \cdot y_2 \cdot y_3 \cdot \dots \cdot y_n}$$

Dæmi: 3 mælingar; 300, 310 og 400 verða: $GM = \sqrt[3]{300 \cdot 310 \cdot 400} = 334.$

VIÐAUKI IV

Merking niðurseyddra mjólkurvara og mjólkurdufts.

Við merkingar á umbúðum mjólkurvara, sem skilgreindar eru í D og E lið viðauka I, skal farið að ákvæðum reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla auk eftirfarandi ákvæða. Merkingarnar skulu koma fram á umbúðum, viðföstum merkimiða eða viðskiptaskjölum sem fylgja hverri sendingu, eins og nánar er tilgreint í reglugerð 588/1993.

1. Merkja skal mjólkurfitu (%) fyrir fullunnar vörur í D og E lið, að frátöldum vörum í 2. og 6. tl. í D lið og 2. tl. í E lið. Merkingin skal koma fram í tengslum við vöruheiti.
2. Merkja skal fitufrítt þurrrefni (%) í vörum í D lið. Merkingin skal koma fram í tengslum við vöruheiti.
3. Ráðleggingar um þynningaradferð eða blöndunaraðferð skulu koma fram fyrir vörur í E lið, auk upplýsinga um fituinnihald hinnar tilbúnu vöru.
4. Merkja skal vörur í E lið með yfirlýsingu þess efnis að varan sé ekki ætluð sem matvæli fyrir börn yngri en 12 mánaða.
5. Þegar vörum í minna en 20 g einingum er pakkað saman í stærri umbúðir skal vöruheiti (skv. viðauka I D eða E lið) koma fram á umbúðum en áður taldar merkningar þurfa aðeins að koma fram á ytri umbúðum.

AUGLÝSING**um hækkun atvinnuleysisbóta.**

Með vísun til 7. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997 með síðari breytingum, og að fengnu samþykki ríkisstjórnar Íslands hefur félagsmálaráðherra ákveðið að hækka atvinnuleysisbætur um 5% frá 1. janúar 2003.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 2002.

Páll Pétursson.

Hermann Sæmundsson.

REGLUGERÐ**um daggjöld sjúkrastofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum.**

1. gr.

Daggjöld.

Samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, samanber og lög um málefni aldraðra, hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveðið daggjöld. Daggjöldum skv. 1. gr. og 2. gr. reglugerðarinnar er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2003.

A. Hjúkrunarheimili.

Stofn.	Viðf.	Hjúkrunarheimili	Rekstrardagjalld kr.
401	101	Grenilundur, Grenivík	11.914
401	101	Blesastaðir, Skeiðum	11.914
405	101	Hrafnista, Reykjavík	12.360
406	101	Hrafnista, Hafnarfirði	12.360
407	101	Grund, Reykjavík	12.732
408	101	Sunnuhlíð, Kópavogi	12.435
409	101	Hjúkrunarheimilið Skjól	12.435
410	101	Hjúkrunarheimilið Eir	12.435
411	101	Garðvangur, Garði	12.658
412	101	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	12.806
413	101	Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	12.732
414	101	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	12.732
415	101	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	12.212
416	101	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	12.137
417	101	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	12.806
418	101	Seljahlíð, Reykjavík	12.137
419	101	Sólvangur, Hafnarfirði	12.360
421	101	Víðines	12.212
423	101	Höfði, Akranesi	12.212
424	101	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	12.360
425	101	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	11.245
426	101	Fellaskjól, Grundarfirði	11.394
427	101	Jaðar, Ólafsvík	11.989
428	101	Fellsendi, Búðardal	11.766
429	101	Barmahlíð, Reykhólum	11.543
433	101	Dalbær, Dalvík	11.766
434	101	Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	12.360
436	101	Uppsalar, Fáskrúðsfirði	12.063
437	101	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu	12.509
438	101	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	11.840
439	101	Hjallatún, Vík	11.840
440	101	Kumbaravogur, Stokkseyri	12.435
441	101	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	11.766
442	101	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	11.766
443	101	Holtsbúð, Garðabæ	11.766

Daggjaldið fellur ekki niður ef vistmaður hverfur af heimilinu í stuttan tíma svo sem ef aðstandendur taka við vistmanni yfir helgi eða hátíðar, enda hafi heilbrigðisyfirvöld ekki aukakostnað af dvölinni. Fari vistmaður á sjúkrahús til skammtímainnlagnar verður greitt 70% af daggjaldi heimilisins í allt að 30 daga síðan fellur það niður. Við andlát vistmanns eða þegar vistmaður flytur fyrir fullt og allt af heimilinu er greitt fullt daggjald næstu 7 daga en síðan fellur það niður.

Daggjöld falla ekki niður hjá stofnunum vegna krónískra nýrnasjúklinga þegar þeir vegna blóðskilunar eru innritaðir á Landspítala háskólasjúkrahús. Landspítala háskólasjúkrahúsi ber að greiða kostnað vegna lyfjagjafar eins og fyrir aðra blóðskilunarsjúklinga sem skráðir eru inn á sjúkrahúsið.

Greiða ber 776 kr. á dag til viðbótar daggjaldataxta stofnunar fyrir hvern nýrnasjúkling sem dvelst á daggjaldastofnun og þarf að fara í blóðskilun á Landspítala.

B. Daggjöld á öðrum sjúkrahúsum samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

Stofn.	Viðf.	Hjúkrunarheimili	Rekstrardaggjald kr.
441	1.17	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	7.315
472	1.10	Hlíðabær, Reykjavík	7.036
473	1.10	Lindargata, Reykjavík	7.036
474	1.10	MS-félag Íslands, Reykjavík	6.419
475	1.10	Múlabær, Reykjavík	4.387
476	1.10	Fríðuhús, Reykjavík	7.036
470	1.10	Vesturhlíð, Reykjavík	7.349
434	1.15	Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu v/minnissjúka	7.036

2. gr.

Dvalarheimilisgjöld og gjöld fyrir dagvistun.

Samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og 3. gr. reglugerðar um dagvist aldraðra nr. 45/1990 hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveðið eftirfarandi gjöld til að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis:

- | | | |
|--------------------------------------------|-----|-------|
| 1. Vistgjald á dvalarheimili fyrir aldraða | kr. | 5.330 |
| 2. Gjald á dagvistun fyrir aldraða | kr. | 3.210 |

Innifalið í dagvistunargjaldinu er flutningskostnaður vistmanna ef með þarf. Samkvæmt 19. gr. laga um málefni aldraðra, greiða vistmenn sjálfir kr. 500 á dag af dagvistunargjaldinu.

Innifalið í daggjöldum skv. reglugerð þessari er hvers konar þjónusta, sem innlögðum vistmönnum er látin í té á sjúkrastofnunum.

3. gr.

Húsnæðisgjald vegna viðhalds.

Samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og 3. gr. reglugerðar um dagvist aldraðra nr. 45/1990 hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveðið gjald til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimili nýta við rekstur á dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarrýmum. Gjaldið árið 2003 er 2.000 kr. á m² á ári og reiknast að hámarki á 63 m² á hvert hjúkrunar- og vistrými að meðtöldu sameiginlegu rými og að hámarki 30 m² á dagvistarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en stærð húsnæðisins nemur.

Húsnæðisgjaldi er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis, en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2003.

Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 130/2002.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 19. desember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum.

1. gr.

3. tölul. 2. mgr. 14. gr. orðast svo:

Bifreið skal að jafnaði leigð út til þriggja vikna eða skemur vegna tímabundinna þarfa leigutaka, svo sem vegna ferðalaga eða tímabundins afnotamissis eigin bifreiðar. Bílaleigu er óheimilt að gera leigusamning við sama leigutaka, einstakling eða lögaðila, eða aðila tengdan honum, lengur en 45 daga af sérhverju 100 daga tímabili, hvort heldur sem um sömu bifreið er að ræða eða aðra bifreið, nema í eftirtöldum tilvikum:

- a) þegar leigutaki er váttryggingafélag, sem hefur starfsleyfi hér á landi og bifreið er tekin á leigu vegna tímabundins afnotamissis váttryggingataka af eigin bifreið.
- b) þegar leigutaki er lögaðili og bifreið er tekin á leigu vegna ferðalaga starfsmanna hans. Í þeim tilvikum sem um getur í a- og b-lið hér að framan skal tekið fram í leigusamningi að hann sé gerður í þágu tiltekins váttryggingartaka vegna tímabundins afnotamissis eigin bifreiðar eða tiltekins starfsmanns lögaðila vegna ferðalaga hans. Notkun hvers öku-manns skal háð skilyrðum 2. málsl. þessa töluliðs.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 14. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að flytja bílaleigubifreið, sem uppfyllir skilyrði fyrir lækkun vörugjalds skv. 1. mgr., varanlega úr landi innan 6 mánaða frá nýskráningu bifreiðar, án greiðslu eftirgefins vörugjalds. Sé bifreið flutt aftur til landsins skal greiða af henni vörugjald að nýju.

3. gr.

3. tölul. 15. gr. orðast svo:

Rétthafi skal hafa í tekjur að lágmarki 70% af reiknuðu endurgjaldi í staðgreiðslu eins og það er ákvarðað af ráðherra árlega, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, annað af næstu tveimur heilu almanaksárum eftir að eftirgjöf var veitt. Að loknum þremur árum frá eftirgjöf ber rétthafa að senda viðkomandi tollstjóra staðfest endurrit af skattskýrslum næstu tveggja heilu almanaksára eftir að eftirgjöf var veitt, til sönnunar á tekjum rétthafa. Berist tollstjóra ekki framangreind skattframtöl skal hann innheimta eftirgefið vörugjald að fullu.

4. gr.

Á eftir orðunum „heildartíma kvaðar“ í 2. mgr. 22. gr. kemur: , sbr. þó 3. mgr. 14. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi 1. janúar 2003.

Fjármálaráðuneytinu, 23. desember 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Lilja Sturludóttir.

REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum fyrir Vesturlandi.

1. gr.

Frá og með 2. janúar 2003 eru allar síldveiðar bannaðar á svæði úti fyrir Vesturlandi sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 42'00 N – 25° 30'00 V
2. 64° 42'00 N – 24° 11'00 V
3. 63° 50'60 N – 23° 35'90 V
4. 63° 56'40 N – 24° 01'40 V
5. 63° 20'00 N – 24° 33'00 V
6. 64° 10'00 N – 25° 37'00 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. desember 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 769/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

1. gr.

19. gr., *Varðveisla stofnfjár*, orðist svo:

Rekstraráætlun Nýsköpunarsjóðs skal miðast við að ekki sé gengið á eigið fé Stofnsjóðs. Að sjö árum liðnum frá stofnun Nýsköpunarsjóðs skal miða við að upphafleg krónutala stofnfjár sé óskert. Varðveisla stofnfjárins skal miðuð við vísitölu neysliverðs frá þeim tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 27. desember 2002.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Sveinn Þorgrímsson.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 679/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á rauðkáli og kínakáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9002	Rauðkál	30.12.02 - 30.06.03	ótilgr.	30	0
0704.9003	Kínakál	06.01.03 - 30.06.03	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. desember 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir raforku.

Samkvæmt lögum nr. 10, 19. mars 2001, vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir raforku, er taki gildi 1. janúar 2003.

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir raforku, nr. 703, 21. september 2001, breytist þannig:

Eftirfarandi nýir gjaldskrártaxtar gilda fyrir raforkusölu á orkuveitusvæði Hitaveitu Suðurnesja hf. í Vestmannaeyjum (ef annars er ekki getið gilda almennir taxtar):

A.0.V Verð á rafmagni til almennrar notkunar/hiti:

Orkugjald	4,03 (4,24) kr./kWst
Fermetragjald	109,70 (115,38) kr./m ²
Fastagjald	3.912 (4.870) kr./ár

A.1.V Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

Orkugjald	6,17 (7,68) kr./kWst
Fastagjald	2.575 (3.206) kr./ár

A.3.V Verð á rafmagni til endursölu í höfnum:		
Orkugjald	5,33	(6,64) kr./kWst
Fastagjald	2.575	(3.206) kr./ár
A.4.V Verð á rafmagni til notkunar í sumarþústöðum og sumarþúðum. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1.V ef hagkvæmara þykir:		
Orkugjald	4,60	(4,84) kr./kWst
Fastagjald	10.300	(12.824) kr./ár
A.5.V Verð á rafmagni til notkunar í brauðgerðum, tímaháður taxti. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1.V ef hagkvæmara þykir:		
Dagtími (kl. 10 – 22)		
Orkugjald	6,17	(7,68) kr./kWst
Fastagjald	10.300	(12.824) kr./ár
Næturtími (kl. 22 – 10)		
Orkugjald	3,48	(4,33) kr./kWst.
Fastagjald	10.300	(12.824) kr./ár
A.6.V Verð á rafmagni til samfelldrar notkunar, tímaháður taxti. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1.V ef hagkvæmara þykir:		
Orkugjald lágverð	3,82	(4,76) kr./kWst
Orkugjald miðverð	6,59	(8,20) kr./kWst
Orkugjald háverð	15,02	(18,70) kr./kWst
Fastagjald	10.300	(12.824) kr./ár
B.1.V Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:		
Orkugjald vetur	3,39	(4,22) kr./kWst
Orkugjald sumar	1,85	(2,30) kr./kWst
Fastagjald	10.300	(12.824) kr./kWst
Aflgjald	9.862	(12.278) kr./kWst
B.21.V Verð á rafmagni til úti- og götulýsingar innan sveitarfélagsins, samkvæmt uppsettu afli:		
Aflgjald	17.402	(21.665) kr./ár
Viðhaldsgjald	16.995	(21.159) kr./ár
B.22.V Verð á rafmagni til þjóðvegalýsingar Vegagerðar og önnur rofin útilýsing (t.d. bíla- stæði o.fl.) samkvæmt uppsettu afli:		
Aflgjald	21.331	(26.557) kr./ári
Viðhaldsgjald	0,00	(0,00) kr./kW/ár
B.23.V Verð á rafmagni, önnur rofin útilýsing (magnarar í fjarskiptakerfum, umferðarljós o.fl) samkvæmt uppsettu afli:		
Aflgjald	38.008	(47.320) kr./kW/ár
Viðhaldsgjald	0,00	(0,00) kr./kW/ár
B.24.V Verð á rafmagni, önnur rofin útilýsing, með viðhaldsgjaldi og samkvæmt uppsettu afli:		
Aflgjald	21.331	(26.557) kr./kW/ár
Viðhaldsgjald	20.600	(25.647) kr./kW/ár

C.0.V Verð á rafmagni til íbúðarhúshitunar:

Orkugjald	4,59	(4,69) kr./kWst
Fastagjald	3.912	(4.870) kr./ár
Niðurgreitt að 50.000 kWst	2,57	

E. Ótryggð orka

Keypt á háspennu

Ót.1.V	1,3807	(1,72) kr./kWst
Ót.2.V	1,7885	(2,23) kr./kWst
Ót.3.V	4,0078	(4,99) kr./kWst
Ót.123.V	180.250	(224.411) kr./ár
Ót.4.V	1,4935	(1,86) kr./kWst
Ót.5.V	1,9055	(2,37) kr./kWst
Ót.6.V	4,0685	(5,07) kr./kWst
Ót.456.V	180.250	(224.411) kr./ár

Mælaleiga.

Hitaveita Suðurnesja ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

D.1.V Einfasa kWh mælir	1.030	(1.174/1.282) kr./ár
D.2.V Þrífasa kWh mælir upp að 50 A	4.120	(4.697/5.129) kr./ár
D.3.V Af þrífasa mælum 50 A og ofar	6.180	(7.045/7.694) kr./ár
D.4.V Af álagsstýringarliðum	6.180	(7.045/7.694) kr./ár
D.5.V Af aflmælum	10.300	(11.742/12.824) kr./ár

Iðnaðarráðuneytinu, 18. desember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Borgarfjarðarsveit.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag garðyrkjubýlisins að Varmalandi, Reykholti.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fyrir hönd hreppsnefndar, 17. desember 2002.

Linda Björk Pálsdóttir, skrifstofustjóri Borgarfjarðarsveitar.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar landbúnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr./klst.
1. Rannsóknamaður	3.571
2. Sérfræðingur I	5.177
3. Sérfræðingur II	6.696
4. Sérfræðingur III	8.069

2. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að nauðsynleg sé vinna utan dagvinnutíma.

3. gr.

Stofnuninni er heimilt að veita afslátt af útseldri þjónustu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og öðlast gildi 1. janúar 2003. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast nr. 860, 6. nóvember 2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. desember 2002.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 141 – 2002

30. desember 2002

2309

Nr. 929

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 679/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á rauðkáli og kínakáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9002	Rauðkál	30.12.02. - 30.06.03.	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	06.01.03. - 30.06.03.	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. desember 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Niels Árni Lund.

STJÓRNARTÍÐINDI B 142 – 2002

Nr. 930

2310

23. desember 2002

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 572/2001.

2. mgr. 2. gr. orðist svo: Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 1.003.
Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr. og 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. desember 2002.

Páll Pétursson.

Gylfi Kristinsson.

Nr. 931

31. desember 2002

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 31. desember 2002 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

Orðin „að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs og“ og „Náttúruverndarráð og embætti veiðistjóra“ í 1. tölul. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 5/1990, 3. gr. auglýsingar nr. 77/1990 og 5. gr. auglýsingar nr. 27/1993, um staðfestingu reglugerða um breytingar á reglugerð þessari, falli brott.

2. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 2. tölul. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 5/1990, 3. gr. auglýsingar nr. 77/1990, 3. gr. auglýsingar nr. 103/1997 og 1. gr. auglýsingar nr. 157/2001, um staðfestingu reglugerða um breytingar á reglugerð þessari, komi: Umhverfisstofnunar.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi 1. janúar 2003.

Forsætisráðuneytinu, 31. desember 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð um jöfnun námskostnaðar nr. 576/2002.**

1. gr.

2. og 3. málslíður 3. mgr. 4. gr. fellur brott.

2. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Nemandi þarf að leggja fram staðfestingu skóla á greiðslu fyrir dvöl á heimavist eða í sambærilegu húsnæði á vegum skóla eða staðfestingu fyrir greiðslu á húsaleigu til að fá fullan dvalarstyrk.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. gr. laga nr. 23/1989 um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 30. desember 2002.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 143 – 2002

Nr. 933

2312

20. desember 2002

AUGLÝSING

um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.

Samkvæmt 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. desember 2002 staðfest svæðisskipulag Reykjavíkur 2001-2024.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Svæðisskipulag þetta öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 20. desember 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 934

20. desember 2002

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Búðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Búðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald

6.600 á hvert sorphlát.

Sorpeyðingargjald

5.500 á hvert sorphlát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Búðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2003. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 213/2002.

Fáskrúðsfirði, 20. desember 2002.

F.h. Búðahrepps,

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2018.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 19. desember 2002 staðfest aðalskipulag Súðavíkurhrepps 1999-2018.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Reykjanesskóla 1987-2007 frá 12. apríl 1988 og aðalskipulag Súðavíkur 1992-2012 frá 29. apríl 1994.

Umhverfisráðuneytinu, 19. desember 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 20. desember 2002 staðfest aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997 og aðalskipulag Kjalarness 1990-2010 frá 1. júní 1990.

Umhverfisráðuneytinu, 20. desember 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húsavíkurbæ árið 2003.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurbæ, sbr. 2. gr. c-staflið samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 9.975 á árinu 2003.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. maí, en eindagi er 31. maí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. grein sömu samþykktar, skal vera kr. 4.250 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 8.500, ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Húsavík, nr. 567 frá 21. nóvember 1991 og gildir fyrir árið 2003.

Húsavíkurbæ, 10. desember 2002.

Vigfús Sigurðsson deildartæknifræðingur.

REGLUGERÐ

um vörur unnar úr eðalmálmum.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til framleiðslu á vörum sem unnar eru úr eðalmálmum í atvinnuskyni og til innflutnings, kaupa og sölu á þeim.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari merkir:

1. *Ábyrgðarstimplar*: Stimplar sem eru notaðir til að auðkenna vörur unnar úr eðalmálmum. Greinast þeir í nafnastimpla, hreinleikastimpla, staðarmerki og ártöl.
2. *Nafnastimpill*: Stimpill sem er samþykktur, merktur og skráður hjá Löggildingarstofu og auðkennir framleiðanda eða innflytjanda vöru sem unnin er úr eðalmálmum þannig að hægt er að rekja uppruna hennar.
3. *Hreinleikastimpill*: Stimpill sem sýnir skýrlega hversu mikið magn af hreinu gulli, silfri, platínu eða palladíum er í viðkomandi vöru.
4. *Eðalmálmur*: Gull sem inniheldur 375 þúsundhluta eða meira af hreinu gulli, silfur sem inniheldur 800 þúsundhluta eða meira af hreinu silfri, platína sem inniheldur 850 þúsundhluta eða meira af hreinni platínu og palladíum sem inniheldur 500 þúsundhluta eða meira af hreinu palladíum.

II. KAFLI.

Stimplar.

3. gr.

Nafnastimplar.

Nafnastimplar skulu vera bókstafir eða tákn. Bókstafir skulu mynda nafn réttthafa nafnastimpils eða firmaheiti eða styttingu/skammstöfun þess. Löggildingarstofa skal ekki viður-

kenna tákn nema þau hafi verið viðurkennd af Einkaleyfastofu með skráningu í vörumerkjaskrá í nafni þess er óskar eftir skráningu nafnastimpils. Andmælafrestur vegna skráningar í vörumerkjaskrá skal vera liðinn. Tákn skulu vera á skrá skráð af réttthafa nafnastimpils í vörumerkjaskrá.

4. gr.

Umsókn.

Sækja skal um viðurkenningu og skráningu á nafnastimpli hjá Löggildingarstofu. Umsóknin skal vera á því formi sem Löggildingarstofa ákveður. Í henni skal koma fram:

1. Nafn, kennitala og heimilisfang umsækjanda.
2. Nákvæm lýsing á stimplinum á myndrænu formi.
3. Umsóknardagur.
4. Vottorð Einkaleyfastofu um skráningu í vörumerkjaskrá ef um tákn er að ræða.
5. Aðrar upplýsingar sem Löggildingarstofa telur nauðsynlegar svo hún geti sinnt eftirlits-
hlutverki sínu.

Löggildingarstofa skal taka umsóknir til afgreiðslu í þeirri röð sem þær berast og skal miða við þann tíma sem fullnægjandi umsókn liggur fyrir. Skal Löggildingarstofa afhenda umsækjanda staðfestingu á móttöku umsóknar þar sem fram kemur hvenær fullnægjandi umsókn var móttækin.

5. gr.

Nafnastimplaskrá.

Löggildingarstofa skal halda skrá yfir viðurkennda nafnastimpla. Skráin skal lýsa með skýrum hætti útliti stimpilsins. Þá skal koma fram nafn, kennitala og heimilisfang réttthafa. Skráin skal birt með rafrænum hætti auk þess sem hún skal vera öllum aðgengileg á skrifstofu Löggildingarstofu.

6. gr.

Skráning og afskráning.

Aðeins má skrá nafnastimpil sem uppfyllir kröfur 3. gr. og líkist ekki svo nafnastimpli sem er á skrá Löggildingarstofu að ruglingi geti valdið að mati Löggildingarstofu.

Hafi nafnastimpill verið tekinn af skrá Löggildingarstofu má ekki skrá samskonar nafnastimpil í þrjú ár frá því stimpillinn var tekinn af skránni nema sá sem skráður var fyrir stimplinum veiti samþykki sitt fyrir því.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um viðurkenningu á nafnastimpli skal Löggildingarstofa færa stimpilinn inn á skrá Löggildingarstofu og tilkynna umsækjanda um skráninguna. Ef skráningu er hafnað skal Löggildingarstofa tilkynna umsækjanda um það.

Löggildingarstofa skal taka stimpla af skránni fari sá sem skráður er fyrir nafnastimpli fram á það eða hann hættir starfsemi.

Sá sem skráður er fyrir nafnastimpli skal tilkynna Löggildingarstofu ef hann hættir starfsemi, eða flytur hana. Einnig skal Löggildingarstofu tilkynnt þegar fyrirtæki breytir um nafn. Skal Löggildingarstofa þá meta hvort að nafnastimpill getur áfram verið óbreyttur á skrá Löggildingarstofu.

7. gr.

Hreinleikastimplar.

Hreinleikastimplar skulu vera skýrir og læsilegir og hafa eftirfarandi gildi.

Gull: 916, 750, 585, 375.

Silfur: 800, 830, 925 eða 800S, 830S, 925S.

Platína: 950, 900, 850 eða 950Pt, 900Pt, 850Pt.

Palladím: 950, 500 eða 950Pd, 500Pd.

Ef silfurvara inniheldur a.m.k. 925 þúsundhluta af silfri er heimilt að auðkenna hreinleika hennar með orðinu „sterling“.

8. gr.

Erlendir stimplar.

Hreinleikastimplar, nafnastimplar og opinberir eftirlitsstimplar sem notaðir eru í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins eru jafngildir innlendum stimplum, enda sé opinbert eftirlit með hreinleika eðalmálma sambærilegt eftirliti hér á landi að mati Löggildingarstofu. Þegar um nafnastimpla er að ræða skal vera unnt að rekja hver framleiðandi vörunnar er og hann skal geta sýnt fram á rétt sinn til að nota stimpilinn.

Vörur sem fluttar eru inn frá öðrum löndum en viðurkennd eru samkvæmt 1. mgr. skulu bera íslenska stimpla.

III. KAFLI

Notkun ábyrgðarstimpla.

9. gr.

Merkingar á vörum.

Ábyrgðarstimpla má eingöngu nota á vörur sem unnar eru úr eðalmálmum.

Allar vörur unnar úr eðalmálmum í atvinnuskyni skulu bera hreinleikastimpil og nafnastimpil og er óheimilt að flytja slíkar vörur inn til landsins, selja þær eða bjóða til sölu nema þær beri slíka stimpla.

Vörur unnar úr eðalmálmum eða vörur sem líkjast þeim mega ekki bera stimpla sem líkjast svo stimplum samkvæmt reglugerð þessari að ruglingi geti valdið. Þó mega vörur ávallt bera stimpla sem heimilir eru á Evrópska efnahagssvæðinu.

Vörur sem ekki teljast unnar úr eðalmálmum skv. 4. tölul. 2. gr. má ekki markaðssetja sem slíkar eða sem vörur úr gulli, silfri, platínu eða palladíum. Ef hlutfall gulls, silfurs, platínu eða palladíums er lægra en fram kemur í 4. tölul. 2. gr. má markaðssetja vöruna sem vöru sem inniheldur gull, silfur, platínu eða palladíum, enda komi skýrt fram að hlutfall þessara málmna sé lægra en í eðalmálmum.

10. gr.

Undanþágur.

Eftirtaldar vörur eru undanþegnar ákvæðum 9. gr. um stimplanotkun.

1. Vörur sem eingöngu eru sýnishorn eða eingöngu eru ætlaðar til notkunar á vörusýningu.
2. Vörur úr gulli, platínu eða palladíum sem vega minna en 1 gramm og vörur úr silfri sem vega minna en 3 grömm eða vörur sem eru svo smáar að ekki er mögulegt að stimpla þær.
3. Vörur sem nota á til tannlækninga eða í öðru lækningaskyni.
4. Hljóðfæri.
5. Mynt sem er í fullu gildi.
6. Vörur sem óumdeilanlega geta talist fornmunir.
7. Úr og pennar.

Ef ekki er unnt að stimpla vöru án þess að skaða hana má staðfesta hreinleika hennar með vottorði sem Löggildingarstofa eða aðili á hennar vegum gefur út.

11. gr.

Vörur sem unnar eru úr fleiri en einum eðalmálmi.

Ef vara er unnin úr fleiri en einum eðalmálmi telst varan unnin úr þeim málmum sem er óæðstur og skal varan stimpluð í samræmi við það. Miða skal við eftifarandi flokkun:

1. Platína telst æðri en gull.
2. Gull telst æðra en palladíum.
3. Palladíum telst æðra en silfur.

Ef skilja má eðalmálmana í sundur eða skýrt er hvar skil þeirra liggja má þó stimpla hvern hluta vörunnar með þeim hreinleikastimpli sem við á.

12. gr.

Notkun annarra efna með eðalmálum.

Einungis er heimilt að nota önnur efni en eðalmálma í vörur unnar úr eðalmálum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Skil milli eðalmálms og annarra efna skulu vera greinileg og er ekki heimilt að nota málma sem líkjast svo eðalmálum að ruglingi geti valdið.
2. Ef notaður er annar málmur en eðalmálmur skal, þar sem því verður við komið, auðkenna þann hluta vörunnar með þeim hætti að ljóst sé að ekki er um eðalmálm að ræða.
3. Aðeins skal stimpla þann hluta vörunnar sem er úr eðalmálmi með hreinleikastimpli.

Vörur sem nauðsynlegt er að nota önnur efni en eðalmálma í svo þær þjóni tilgangi sínum, s.s. úr og pennar, falla ekki undir þessa grein.

13. gr.

Ábyrgð.

Framleiðandi vöru sem unnin er úr eðalmálum ber ábyrgð á að varan sé stimpluð í samræmi við reglugerð þessa. Ef um innflutta vöru er að ræða hvílir ábyrgðin á innflytjanda hennar.

IV. KAFLI.

Eftirlit og gjaldtaka.

14. gr.

Eftirlitsaðili.

Löggildingarstofa hefur eftirlit með framkvæmd laga um vörur unnar úr eðalmálum og reglugerðar þessarar.

Löggildingarstofu er heimilt með samningi að fela faggiltri skoðunarstofu, sem hlotið hefur faggildingu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa, að annast eftirlitið á sína ábyrgð.

15. gr.

Heimildir.

Löggildingarstofu og faggiltum skoðunarstofum sem starfa á vegum Löggildingarstofu er heimill aðgangur að starfsstöðvum framleiðenda, innflytjenda og seljenda vara sem unnar eru úr eðalmálum við eftirlitið.

Framleiðanda, innflytjanda og seljanda vöru er skylt að kröfu Löggildingarstofu og faggiltra skoðunarstofa að veita allar upplýsingar og afhenda vörur til skoðunar eða prófunar, svo og hluti eða gögn sem nauðsynleg eru til að staðreyna að fylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar og laga um vörur unnar úr eðalmálum.

Við eftirlitið skal þess gætt að sem minnst röskun verði á starfsemi eftirlitsskylds aðila.

16. gr.

Sýnataka.

Löggildingarstofu er heimilt að taka sýni hjá eftirlitsskyldum aðila til staðfestingar á árituðu hlutfalli eðalmálms í söluvöru. Nær heimild þessi eingöngu til varnings sem talinn er úr eðalmálmum og fellur undir reglugerð þessa, sbr. 2. gr. Sýni skulu greind hjá opinberum aðila eða faggiltri prófunarstofu og skal þess gætt að sýnið skemmist ekki við rannsókn, þess sé vel gætt og skilað til eiganda/umráðamanns að rannsókn lokinni. Þó er Löggildingarstofu heimilt að framkvæma frekari próf, s.s. sýrupróf, ef brýna nauðsyn ber til við viðbótarrannsókn vegna gruns um að vara uppfylli ekki skilyrði reglugerðar þessarar.

Rannsókn skv. 1. mgr. skal lokið svo fljótt sem unnt er. Löggildingarstofa skal beita hlutlægum viðmiðum við töku sýna og skal ekki taka fleiri sýni en nauðsynlegt er miðað við atvik hverju sinni.

Ef rannsókn á sýni leiðir í ljós að hlutfall eðalmálms er minna en áritun segir til um uppfyllir varan ekki kröfur reglugerðarinnar.

17. gr.

Úrræði Löggildingarstofu.

Komi í ljós að vara uppfyllir ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari og lögum um vörur unnar úr eðalmálmum getur Löggildingarstofa bannað sölu hennar. Sé um að ræða rökstuddan grun um brot getur Löggildingarstofa bannað sölu á viðkomandi vöru tímabundið.

Framleiðandi, innflytjandi eða seljandi, eftir því sem við á, skal bera þann kostnað sem hlotist getur vegna aðgerða Löggildingarstofu skv. 1. mgr.

Sé fyrirmælum Löggildingarstofu samkvæmt reglugerð þessari eða lögum um vörur úr eðalmálmum ekki hlítt getur Löggildingarstofa fylgt þeim eftir með ákvörðun um dagsektir sem lagðar skulu á viðkomandi framleiðanda, innflytjanda eða seljanda eða fyrirsvarsmenn hans. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 kr. á sólarhring. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir eru aðfararhæfar og renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

18. gr.

Gjaldtaka.

Fyrir viðurkenningu og skráningu á nafnastimpli skal greiða Löggildingarstofu 10.000 kr. Einstaklingar eða lögaðilar sem flytja inn, framleiða og/eða selja vörur sem falla undir reglugerð þessa skulu greiða Löggildingarstofu 12.000 kr. á ári vegna eftirlits stofnunarinnar, auk kostnaðar vegna sýnatöku og greiningar sýna. Ef sami einstaklingur eða lögaðili hefur fleiri en eina starfsstöð skal hann greiða gjald vegna hverrar starfsstöðvar. Gjaldið skal greitt 1. febrúar ár hvert fyrir síðasta almanaksár. Ef eftirlitsskyldur aðili hefur starfsemi á gjaldárinu skal gjaldið ákvarðað í hlutfalli við þann tíma sem starfsemin hefur varað á árinu. Aðför má gera til fullnustu kröfum vegna gjaldsins án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar.

Leiði eftirlit í ljós að vörur uppfylla ekki skilyrði reglugerðar þessarar greiðir viðkomandi framleiðandi, innflytjandi eða seljandi allan útlagðan kostnað sem hlýst af nauðsynlegri viðbótarrannsókn, svo sem kostnað við sýnatöku og greiningu sýna, ferðakostnað og annan kostnað sem er í beinum og efnislegum tengslum við eftirlitið.

Sá sem óskar staðfestingar á hreinleika málma, sbr. 2. mgr. 9. gr., skal greiða þeim er þjónustuna veitir gjald sem nemur þeim kostnaði sem felst í því að veita þjónustuna, svo sem vegna tækjakosts og mannafla.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Viðurlög.

Fyrir brot á reglugerð þessari skal refsa með sektum liggi ekki þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á reglugerðinni. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

20. gr.

Aðlögun.

Ákvæði reglugerðarinnar um stimpla og notkun þeirra taka ekki til vara sem framleiddar eru eða fluttar inn fyrir 15. apríl 2003. Heimilt er til 1. janúar 2006 að bjóða til sölu vörur sem framleiddar hafa verið eða fluttar inn fyrir gildistöku reglugerðarinnar og bera ekki nafnastimpla eða hreinleikastimpla. Eftir þann tíma á 2. mgr. 10. gr. reglugerðar þessarar við um slíkar vörur.

21. gr.

Reglugerðarheimild og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 77/2002 um vörur unnar úr eðalmálmum og öðlast gildi við birtingu hennar.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. desember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Atli Freyr Guðmundsson.

REGLUGERÐ
um innheimtu þinggjalda á árinu 2003.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 2002 sem ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2003. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánadagars nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Eindagi er einum mánuði síðar. Við skiptingu fyrirframgreiðslu og eftirstöðvar álagningar skal við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

2. gr.

Þar til álagning ársins 2003 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Hjá einstaklingum skal greiðslan á hverjum gjalddaga nema 5% en hjá lögaðilum 7% af þeim þinggjöldum, sbr. 1. gr. er greiða bar á árinu 2002. Þau þinggjöld sem lögaðilar skulu greiða eru tekjuskattur, eignarskattur og iðnaðarmálagjald. Að því er einstaklinga varðar er átt við önnur þinggjöld gjaldársins 2003 en tekjuskatt, þ.e. iðnaðarmálagjald og eignarskatt.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 2003 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra. Er úrskurður hans endanleg úrlausn málsins á stjórnisýslustigi.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um er að ræða hafi lækkað svo mjög milli ára 2001 og 2002 að þeir séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 2001. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 2003 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 19. desember 2002.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Jón Guðmundsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Kolkuós.

1. gr.

Stofnendur.

Valgeir Þorvaldsson, kt. 020760-5919 og Skúli Skúlason, kt. 111158-3559, stofna hér með sjálfseignarstofnunina Kolkuós.

2. gr.

Framlag stofnenda.

Stofnfé er 570.000 kr. sem lagt er fram af stofnendum. Stofnféð er óskerðanlegur höfuðstóll sem ávaxta skal með tryggilegum hætti.

3. gr.
Heimili.

Heimilisfang og varnarþing sjálfseignarstofnunarinnar er Kolkuós í Skagafirði.

4. gr.
Ábyrgð.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er óháð öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum.

5. gr.
Tilgangur og starfsemi.

Megintilgangur stofnunarinnar er að endurbyggja og eiga byggingar og land í Kolkuósi, halda til haga og gera aðgengilegar sögulegar minjar er tilheyra staðnum og setja af stað aftur skipulega ræktun hrossa af Kolkuósstofni.

6. gr.
Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Stjórnina skipa þau Vigdís Finnbogadóttir, Aragötu 2, Reykjavík, Skúli Skúlason, Prestssæti 12, Hólum í Hjaltadal og Valgeir Þorvaldsson, Vatni, Skagafirði. Stjórnarmenn sitja ótímabundið í stjórninni en segi þeir sig úr stjórn eða varastjórn skulu þeir tilnefna nýjan mann í sinn stað. Hverfi menn úr stjórn eða varastjórn án þess að tilnefna mann í sinn stað skulu þeir sem eftir sitja tilnefna nýjan stjórnarmann. Varamaður í stjórn er Anna Kristín Ólafsdóttir, Hamrahlíð 39, Reykjavík og tekur hún sæti í aðalstjórn í forföllum aðalmanna. Ákvarðanir stjórnar eru teknar með meirihluta atkvæða. Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun í neinu formi fyrir venjuleg stjórnarstörf.

7. gr.
Starfssvið stjórnar.

Stjórnin skal framfylgja meginmarkmiðum stofnskrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Hún skal taka allar meiriháttar ákvarðanir á vegum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður m.a. stefnu stofnunarinnar almennt og í einstökum málefnum, sér um bókhald og gerir rekstraráætlanir.

8. gr.
Stjórnarfundir.

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd stofnunarinnar nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

9. gr.
Skyldur stjórnar.

Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda eða annarra aðila.

10. gr.
Fjáröflun.

Stofnunin veitir viðtöku styrkjum og öðrum fjárframlögum til starfsemi sinnar. Henni er heimilt að taka lán til sérstakra verkefna.

11. gr.

Ráðstöfun eigna.

Stjórnin má ráðstafa tekjum og eignum stofnunarinnar, öðrum en óskerðanlegum höfuðstól, til uppbyggingar aðstöðu í Kolkuósi eða til menningarstarfsemi tengdrar staðnum enda samrýmist það megintilgangi stofnunarinnar, sbr. 5. gr.

Fasteignir stofnunarinnar má eigi selja eða veðsetja, nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

12. gr.

Breyting á skipulagsskrá.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef tveir af þremur stjórnarmönnum ákveða það.

13. gr.

Slit stofnunarinnar.

Stofnuninni verður slitið ef allir stjórnarmenn ákveða það. Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytis fyrir slitunum. Verði stofnunin lögð niður verða eignir hennar látnar ganga til Minningarsjóðs íslensku Vesturfara.

14. gr.

Reikningar.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal ganga frá reikningum stofnunarinnar fyrir 1. júní ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn stofnunarinnar ræður til eins árs í senn.

15. gr.

Reikningshald.

Um reikningshald fer eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

16. gr.

Breyting á formi.

Meirihluti stjórnar stofnunarinnar getur ákveðið að breyta formi hennar þannig að sjálfseignarstofnuninni sé heimilt að stunda rekstur samkvæmt lögum nr. 33/1999 og gera nauðsynlegar breytingar á stofnskrá þessari svo hún uppfylli ákvæði þeirra laga.

17. gr.

Staðfesting.

Leita skal eftir staðfestingu dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. desember 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um hollustuhætti.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

Markmið.

1. gr.

Markmið þessarar reglugerðar er að stuðla að framkvæmd hollustuverndar og samræma heilbrigðiseftirlit í landinu. Í reglugerðinni koma fram lágmarkskröfur til einstakra þátta sem þar er fjallað um.

Gildissvið.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um framkvæmd hollustuverndar og heilbrigðiseftirlit samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá gildir reglugerðin um vöktun og rannsóknir, eftirlit með meindýravörnum, gæludýrahaldi og opnum svæðum.

Skilgreiningar.

3. gr.

Eftirlit er athugun á vöru, þjónustu, ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.

Eftirlitsaðilar eru heilbrigðisnefnd og faggiltir skoðunaraðilar samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðisfulltrúi annast eftirlit í umboði heilbrigðisnefndar.

Fjallaskálar eru smáhýsi sem eru að jafnaði utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, s.s. skálar fyrir ferðamenn og veiðiskálar og sæluhús.

Frístundahús er hús sem ætlað er til tímabundinnar dvalar. Frístundahús þarf ekki að uppfylla skilyrði sem sett eru um íbúðarhús.

Fullbúin snyrting er sérstakt snyrtiherbergi með vatnssalerni og handlaug með heitu og köldu vatni, spegli, sápu og handþurrkum.

Gistirými er herbergi eða svefnskáli sem tilheyrir gististað og boðið er til gistingar.

Gististaður er hvert það hús eða húshluti þar sem dvalið er lengur eða skemur gegn greiðslu og telst ekki íbúð eða íbúðarherbergi.

Gæludýr er hvert það lifandi dýr sem haldið er til afþreyingar.

Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir eru sjúkrahús og aðrar sjúkrafstofnanir, lækna- og heilsugæslustöðvar og starfsemi þar sem tveir eða fleiri heilbrigðisstarfsmenn starfa saman, svo og stofnanir fyrir aldraða og fatlaða, áfangaheimili, hvers konar þjálfunarstofnanir, sjúkranuddstofur, meðferðar- og endurhæfingarstofnanir.

Heimili og stofnanir fyrir börn eru vistheimili, meðferðarheimili, hjálparstöðvar, neyð-arathvörf, sumardvalarheimili og sumaríbúðir og önnur heimili sem taka sex eða fleiri börn til uppeldis eða umönnunar til lengri eða skemmri tíma. Börn heimilisfólks 12 ára og yngri sem þar búa skulu talin með dvalarbörnum.

Hollustuvernd tekur til eftirlits með matvælum, fegrunar- og snyrtiefnum, eiturefnum og hættulegum efnum, húsnæði, öðrum vistarverum og umhverfi þeirra, öryggisþáttum þeim tengdum. Einnig tekur hún til sóttvarna og fræðslu í þessum efnum.

Íbúðarherbergi er herbergi sem er ætlað til daglegrar dvalar og svefnis fyrir fólk.

Íbúðarhúsnæði er varanlegt húsnæði sem ætlað er til svefnis, matar og daglegrar dvalar þeirra sem þar búa.

Innra eftirlit er eftirlit rekstraraðila með eigin starfsemi framkvæmt af starfsmönnum hans eða þjónustuaðila, í þeim tilgangi að tryggja að kröfur í starfsleyfi eða reglugerðum séu uppfylltar.

Matsölustaðir eru staðir þar sem framreiddur er matur og/eða drykkur til viðskiptavina án neyslu þeirra á staðnum.

Meindýr eru dýr sem valda eða geta valdið tjóni á eignum fólks eða sýkingarhættu.

Ónæði er veruleg og ítrekuð truflun eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir, s.s. vegna óþrifnaðar, ólyktar, hávaða, titrings, geislunar eða varmaflæðis.

Rannsóknir (prófanir) felast í greiningu sýna vegna eftirlits, eftirlitsverkefna, vöktunar og annarra þjónusturannsókna eða fyrirbyggjandi aðgerða á sviði hollustuhátta og mengunarvarna.

Rekstraraðili er einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi starfsemi.

Samkomustaðir eru staðir þar sem fer fram skemmtana- og samkomuhald, þar með taldir hljótleikasalir, söfn, leikhús, kvikmyndahús, kirkjur, markaðir og veitingastaðir.

Skólar taka til húsnæðis og lóðar svo sem leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og sérskóla, hvort sem um er að ræða einkaskóla eða skóla sem reknir eru á vegum opinberra aðila.

Starfsleyfi er ákvörðun heilbrigðisnefndar í formi skriflegs leyfis þar sem tilteknum rekstraraðila er heimilað að starfrækja tilgreinda starfsemi að því tilskildu að hann uppfylli viðeigandi ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis.

Starfsmannabúðir eru færanlegt húsnæði sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar starfsfólks til skamms tíma í senn vegna atvinnustarfsemi.

Starfsmannabústaður er varanlegt íbúðarhúsnæði sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar starfsfólks í tengslum við atvinnustarfsemi.

Tjald- og hjólhýsasvæði eru svæði á vegum sveitarstjórna, einstaklinga eða annarra aðila ætluð ferðamönnum til dvalar gegn gjaldi.

Útihátíð er samkoma sem haldin er utanhúss vegna hátíðahalda eða skemmtana fyrir almenning.

Veitingastaðir eru staðir þar sem framreiddur er matur og/eða drykkur til neyslu fyrir viðskiptavinum á staðnum, þar með talin mótuneyti, skyndibitastaðir og söluskálar.

Þynningarsvæði er sá hluti viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvæði starfsleyfis kveða á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum.

II. KAFLI

Umsjón og samræming.

Yfirstjórn.

4. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari.

Umhverfisstofnun.

5. gr.

Umhverfisstofnun skal vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með líkum hætti á landinu öllu og skal stofnunin koma á samvinnu þeirra er að málum þessum starfa.

Stofnunin skal hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi heilbrigðiseftirlit sem hún getur og aðstæður krefjast. Stofnunin gefur út fræðslufni, leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um heilbrigðiseftirlit og framkvæmd þess, svo og um samræmingu krafna um mælingar sem gerðar eru.

Umhverfisstofnun skal taka saman yfirlit yfir þær upplýsingar sem heilbrigðisnefndum ber að senda stofnuninni samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Heilbrigðisnefnd.

6. gr.

Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar.

III. KAFLI

Starfsleyfi.*Starfsleyfisskylda.*

7. gr.

Stofnanir, fyrirtæki og önnur starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali 1 hvort sem er á ábyrgð einstaklinga eða lögaðila skulu hafa gilt starfsleyfi gefið út af heilbrigðisnefnd.

Óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út.

Umsókn um starfsleyfi.

8. gr.

Umsókn um starfsleyfi skal senda heilbrigðisnefnd. Umsóknum skulu fylgja upplýsingar um rekstraraðila, lýsing á tegund starfseminnar, umfangi hennar og umfangi einstakra rekstrarþátta, uppdrættir af staðsetningu og önnur gögn ef þurfa þykir.

Útgáfa starfsleyfis.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi.

Í starfsleyfi skal tilgreina rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um eftirlit, umgengi, hreinlæti, öryggisráðstafanir, sóttvarnir, gæðastjórnun og innra eftirlit eftir því sem við á hverju sinni.

Gildistími.

10. gr.

Starfsleyfi skal gefa út til tiltekins tíma.

Ef starfsleyfi er gefið út til lengri tíma en fjögurra ára, er heimilt að endurskoða það að jafnaði á fjögurra ára fresti.

Innra eftirlit.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu í starfsleyfi um innra eftirlit í starfsemi þar sem smit-hætta er fyrir hendi eða sérstakra öryggisráðstafana er þörf.

Innra eftirlit skal taka mið af umfangi og stærð fyrirtækja. Í innra eftirliti felst að:

1. tilgreina áhættuþætti, fyrirbyggjandi aðgerðir og mikilvæga eftirlitsstaði, s.s. varðandi hitastig vatns og heilbrigðisvottorð starfsfólks,
2. gera skriflegar hreinlætisáætlanir sem fela í sér umgengnisreglur og áætlanir eftir því sem við á, s.s. um meindýravarnir, viðhald loftræstikerfa, þrif og gerileyðingu,
3. skilgreina viðeigandi þjálfun starfsfólks og gera grein fyrir starfsréttindum þeirra,
4. skrá óhöpp, slys og úrbætur,
5. skrá viðhald tækja og búnaðar eftir því sem við á.

Breytingar á starfsemi.

12. gr.

Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varða ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara.

Heilbrigðisnefnd metur upplýsingarnar, samkvæmt 1. mgr., innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi og ber þá umsækjanda að leggja fram umsókn þess efnis.

Umsókn um nýtt starfsleyfi vegna breytinga á rekstri skal berast til heilbrigðisnefndar. Í umsókn rekstraraðila skulu a.m.k. koma fram þær upplýsingar sem krafist er í 8. gr. eins og við á hverju sinni.

Handhafi starfsleyfis.

13. gr.

Starfsleyfi skal gefið út á rekstraraðila og á tiltekna staðsetningu viðkomandi starfsemi. Starfsleyfi skal hanga uppi á áberandi stað.

Taki nýr rekstraraðili við starfsemi sem hefur gilt starfsleyfi er heilbrigðisnefnd heimilt, að fenginni umsókn þar um, að færa starfsleyfið á nýjan rekstraraðila án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi enda verði engin önnur breyting á starfseminni. Með þessu færast öll réttindi og allar skyldur starfsleyfisins yfir á hinn nýja starfsleyfishafa.

IV. KAFLI

Almennt um húsnæði og lóðir.

Húsnæði og lóðir.

14. gr.

Húsnæði, þ.m.t. starfsmannabústaðir, starfsmannabúðir og húsnæði stofnana og fyrirtækja, sem fjallað er um í reglugerð þessari, skulu hafa hlotið samþykkt byggingarnefndar. Lóð í kringum húsnæði skal vera frágengin og henni haldið hreinni þannig að ekki berist að óþörfu óþrifnaður inn og valdi óþægindum fyrir þá sem þar dvelja eða leita þjónustu. Húsnæði skal vera þannig gert og viðhaldið, umgengið og þrifið að þeir sem þar dveljast, starfa, eða nálægir íbúar, hljóti ekki heilsutjón eða óþægindi af. Þar skal vera nægilegt heitt og kalt vatn og fullnægjandi frágangur fráveitu og sorpláta.

Húsnæði, sem fjallað er um í reglugerð þessari, skal í samræmi við eðli starfseminnar fullnægja almennum skilyrðum um rými, birtu, upphitun og loftræstingu. Eftir því sem við á skulu gólf, veggir, loft og húsbúnaður gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa. Forstofu og fatageymslum skal komið fyrir þar sem fólk dvelur í skemmri eða lengri tíma. Aðskilin fatageymsla skal vera fyrir viðskiptavinum og starfsfólki.

Húsnæði stofnana og fyrirtækja samkvæmt VI.–XIII. kafla skal haldið hreinum og snyrtilegum og ýtrasta hreinlætis gætt í samræmi við starfsemina. Loftræstikerfi skal halda við og hreinsa reglulega. Allsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum.

Fara skal að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um allt er varðar hreinlæti, hollustuvernd og öryggismál.

Húsnæði fyrirtækja og stofnana samkvæmt VI.–XIII. kafla skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúðarhúsnæði, nema annað sé sérstaklega tekið fram í reglugerð þessari.

Um framleiðslu og dreifingu matvæla fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Sérstakt loftræst rými skal vera fyrir ræstiáhöld og ræstilaug, þar sem það á við.

Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætta á húðbruna almenns notanda. Í skólum og öðrum kennslustöðum, leikskólum og daggæslu í heimahúsum, heilsuræktar- og íþróttastöðvum, íþróttahúsum, samkomustöðum, gístitöðum, heilbrigðis- og meðferðarstofnunum skal nota hitastýrð blöndunartæki í handlaugum og böðum til þess að vatnshiti við töppunarstað fari ekki yfir 43°C. Vatnshiti við töppunarstað í handlaugum og böðum skal ekki fara yfir 38°C á leikskólum, gæsluvöllum og í daggæslu í heimahúsum.

Aðgangur skal vera að neysluvatni í starfsemi sem fjallað er um í V.–XI. kafla, sbr. þó ákvæði 28. gr. Um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.

Við framkvæmdir og viðhald skal taka tillit til eðlis starfseminnar.

Salernisaðstaða.

15. gr.

Í eða við hverja byggingu, þar sem fólk hefst við að jafnaði, skal koma fyrir hæfilegum fjölda salerna og hreinlætistöckjum, sbr. ákvæði í fylgiskjali 2.

Salernisklefi skal vera a.m.k. 1,2 m² að stærð en salernisklefi sem fatlaðir geta notað, minnst 3,3 m² að stærð. Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera í kleanum eða við hann í sérstöku rými. Þá skal vera ruslafata með loki í hverjum salernisklefa. Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir konur og karla.

Salernisklefi og anddyri skulu vera úr eða klædd efni sem gott er að halda hreinu. Þar skal vera fullnægjandi loftræsting og birta.

Salernisklefi má ekki opnast beint út í rými þar sem matvæli eru meðhöndluð og hæfileg aðgreining skal vera þar sem fólk hefst við að jafnaði.

Gæði húsnæðis og umhirða.

16. gr.

Almenningur getur leitað til heilbrigðisnefndar ef leiguhúsnæði og annað íbúðarhúsnæði er ekki talið fullnægjandi m.t.t. hollustuhátta eða ef húsnæði er álitid heilsuspillandi.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð, byggð og viðhaldið þannig að heilsu manna sé ekki stefnt í hættu, m.a. vegna hita og raka, hávaða, fráveitu skólps, reyks, fasts eða fljótandi úrgangs, mengunar í lofti, jarðvegi, vatni, gasleka eða geislunar.

Byggingarefni mega ekki vera skaðleg eða gefa frá sér skaðleg efni eða gufur.

Hreinlæti og snyrtingar starfsfólks.

17. gr.

Starfsfólk sem vinnur við stofnanir eða fyrirtæki, sem um er fjallað í VII.–XIII. kafla, skal stunda persónulegt hreinlæti og klæðast hreinum vinnufatnaði við störf sín.

Starfsmenn stofnana eða fyrirtækja, samkvæmt VII.–XIII. kafla, mega ekki stunda vinnu sína séu þeir haldnir næmum sjúkdómi eða kvilla sem öðrum getur stafað hættu af.

Starfsfólk stofnana eða fyrirtækja, sem fjallað er um í reglugerð þessari, skal eiga greiðan aðgang að snyrtingum og öðrum búnaði samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins um húsnæði vinnustaða.

Hreinlæti og þrif mannvirkja.

18. gr.

Eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skal halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði.

Ekki má haga hreinsun húsa, húshluta og húsmuna þannig að leitt geti til óþrifnaðar eða ónæðis fyrir aðra.

Hreinlæti og dýr.

19. gr.

Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3. Heimilt er þó fötluðu fólki að hafa með sér hjálparhunda á gististaði, veitingastaði, í skóla, á snyrtistofur og hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþrótta- og baðstaði, fangelsi og samkomuhús, enda sé hinum fatlaða ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi.

Hundurinn skal merktur sem hjálparhundur og hinn fatlaði skal hafa leyfi fyrir honum í samræmi við ákvæði í samþykktum einstakra sveitarfélaga. Heilbrigðisnefnd er heimilt, að fenginni beiðni hlutaðeigandi stofnunar að veita undanþágu til að halda hunda, ketti og önnur gæludýr á heilbrigðis- og meðferðastofnunum.

Búpening má ekki hafa í híbýlum manna né í öðrum húsum nema sem til þess eru ætluð.

Hreinlæti á lóðum og opnum svæðum.

20. gr.

Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti.

Þeir sem annast flutninga á almannafæri, skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrifnaði.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja lausamuni, númerslaugar bifreiðar, bílflök og sambærilega hluti á almannafæri að undangenginni viðvörun, svo sem með álímingarmiða með aðvörunarorðum.

V. KAFLI

Hávaði.

Almennt um hávaða.

22. gr.

Skylt er að haga allri háværrí starfsemi þannig að ekki valdi ónæði. Að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum í reglugerð um hávaða.

Heilbrigðisnefnd getur gefið fyrirmæli vegna ónæðis af hávaða á skemmtistöðum, frá hljómflytningstækjum og öðrum tækjum á almannafæri, sem valdið geta ónæði með hávaða.

VI. KAFLI

Íbúðarhúsnæði, starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir.

Þynningarsvæði.

23. gr.

Íbúðarhúsnæði skal ekki vera á þynningarsvæði samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, þeirrar starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I með lögum um hollustuhætti og mengunarvarni.

Íbúðarhúsnæði.

24. gr.

Óheimilt er að leigja út íbúðarhúsnæði eða íbúðarherbergi nema húsnæðið hafi hlotið samþykki byggingarnefndar. Ekki má leigja út íbúðarhúsnæði eða íbúðarherbergi ef heilsu manna er stefnt í hættu, m.a. vegna hita og raka, hávaða, fráveitu skólps, meindýra, reyks, fasts eða fljótandi úrgangs, mengunar í lofti, jarðvegi eða vatni, gasleka eða geislunar.

Heilbrigðisnefnd getur bannað afnot íbúðarhúsnæðis ef hún telur húsnæðið hættulegt heilsu íbúanna. Þar skal sérstaklega tekið tillit til velferðar barna, sjúklinga og aldraðra.

Hús skulu vera meindýraheld sem og lagnir. Skólplögnum skal haldið við.

Óheimilt er að hafa loðdýrabú, alifuglabú og svínabú nær mannbústöðum, matvæla-fyrirtækjum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búsin en sem nemur 500 metrum. Á sama hátt skal vera hæfileg fjarlægð milli mannbústaða og matvælafyrirtækja annars vegar og starfsemi sem valdið getur samsvarandi óþægindum eins og sú sem talin er upp í 1. ml. hins vegar s.s. annað búfjárhald og mengandi atvinnustarfemi.

Starfsmannabústaðir.

25. gr.

Um starfsmannabústaði gilda sömu reglur og um íbúðarhúsnæði eftir því sem við á.

Um eldvarnir gilda ákvæði laga um brunavarnir og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Um veitingu starfsleyfis til reksturs starfsmannabústaða skal heilbrigðisnefnd hafa samráð við Vinnueftirlit ríkisins.

Í hverju rúmi svefnrýmis skal vera dýna, a.m.k. 2 metrar á lengd og 80 cm breið. Almenn lýsing skal vera góð.

Starfsmannabústaðir fyrir 4 aðila eða færri skulu fullnægja almennum kröfum um íbúðarhúsnæði samkvæmt byggingarreglugerð.

Þegar starfsmannabústaðir eru fyrir 5 eða fleiri skal að auki vera til staðar að minnsta kosti 18 m² herbergi til tómsunda og félagsstarfa. Sé ekki um íbúð að ræða skal handlaug vera í hverju herbergi ef ekki er snyrting þar. Þvottahús skal vera á staðnum. Íbúar skulu eiga greiðan aðgang að fullnægjandi búnings- og baðaðstöðu. Þar skal vera a.m.k. eitt salerni og einn baðklefi fyrir hverja 10 íbúa. Um salerni fer að öðru leyti samkvæmt fylgiskjali 2 ef slík aðstaða fylgir ekki hverju herbergi.

Starfsmannabúðir.

26. gr.

Starfsmannabúðir má ekki setja niður svo nærri ám, vötnum eða sjávarströnd að flæðihætta stafi af eða svo nærri klettum og skriðum, að grjóthrun eða ofanflóðahætta sé fyrir hendi eða þar sem þær geta mengað ár, vötn eða sjávarstrendur.

Um starfsmannabúðir gilda sömu ákvæði og um íbúðarhúsnæði að svo miklu leyti sem við á. Um eldvarnir gilda ákvæði laga um brunavarnir og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Um veitingu starfsleyfis til reksturs starfsmannabúða skal heilbrigðisnefnd hafa samráð við Vinnueftirlit ríkisins.

Frárennsli frá starfsmannabúðum skal leiða í viðurkennda rotþró eða safntank.

Eldhús skal fullnægja ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla eftir því sem við á.

Lofthæð í starfsmannabúðum skal vera minnst 2,2 m enda sé loftræsting fullnægjandi.

Gólfllötur skal vera minnst 4 m² á hvern íbúa í svefnrými. Í hverju rúmi svefnrýmis skal vera dýna, a.m.k. 2 metrar á lengd og 80 cm breið.

Almenn lýsing skal vera hæfileg. Greiður aðgangur skal vera að salerni, handlaugum og baðklefa með baðtækjum. Um salerni fer að öðru leyti samkvæmt fylgiskjali 2.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að semja við Vinnueftirlit ríkisins um að það taki að sér eftirlit með starfsmannabúðum.

VII. KAFLI

Gististaðir og samkomustaðir.*Gististaðir.*

27. gr.

Á gististöðum skal gæta fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku. Allur búnaður skal vera hreinn og heill.

Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, handklæðum og öðrum hreinlætisbúnaði áður en nýjum viðskiptavinum er vísað til gistiherbergis. Ef þvottur er þveginn á staðnum skal það gert við aðstaður sem heilbrigðisnefnd samþykkir.

Fullnægjandi baðaðstaða skal vera á staðnum ef ekki er snyrting með baðaðstöðu í gistiherbergi. Að jafnaði skulu ekki vera fleiri en 10 viðskiptavinir um baðaðstöðu með búningaklefa. Handlaug skal vera í herbergjum sé ekki sér snyrtiherbergi. Um salerni fer samkvæmt fylgiskjali 2.

Ákvæði 5. mgr. 14. gr. eiga ekki við um gistingu á einkaheimilum.
Um svefnpokapláss gilda framangreind ákvæði eftir því sem við á.

Fjallaskálar.

28. gr.

Fjallaskálar skulu hafa viðunandi salernis- og snyrtiaðstöðu. Þar sem því verður við komið skal vera vatnssalerni og handlaug. Að öðru leyti gilda um fjallaskála ákvæði um gististaði eftir því sem við getur átt, þar með talinn frágangur umhverfis, neysluvatns, sorps, snyrtinga og frárennslis. Þar sem þannig hagar til að ekkert vatn er að hafa frá náttúrunnar hendi skal viðhafa sérstakar ráðstafanir til að forðast mengun. Ákvæði 14. gr. um aðgengi að neysluvatni á ekki við um fjallaskála.

Frístundahús og frístundasvæði.

29. gr.

Við staðsetningu frístundahúsa skal þess sérstaklega gætt að þeir sem þar dvelja verði ekki fyrir hættu eða ónæði sem getur stafað frá umhverfinu, s.s. vegna umferðar, hávaða og ólyktar.

Í frístundahúsum sem ætluð eru til útleigu skal vera fullbúin snyrting með baðaðstöðu eða aðgangur að sérstöku húsi með snyrtingu og baðaðstöðu. Eldhús eða eldhúskrókur skal fylgja hverju húsi. Svefnherbergi skulu aldrei vera minni en 5 m².

Skólp skal leitt í viðurkennda rotþró eða aðra viðurkennda fráveitu.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fara fram á sérstakar ráðstafanir við frístundasvæði til að minnka slyshættu í umhverfinu.

Ferjur, farþegaskip o.fl.

30. gr.

Sækja skal um leyfi til heilbrigðisnefndar til að starfrækja sölu á veitingum og gistingu um borð í ferjum, farþegaskipum og öðrum skipum þar sem veitt er slík þjónusta.

Lofthæð skal vera a.m.k. 2,2 m í veitingasal og annars staðar þar sem viðskiptavinir eiga aðgang að. Það sama á við um lofthæð í eldhúsi.

Fjöldi snyrtinga skal vera í samræmi við fylgiskjal 2. Sérsnyrting skal vera fyrir starfsfólk.

Þar sem skipi hefur verið breytt í gististað skal vera handlaug á herbergjum sé ekki snyrting þar. Safngeymar skulu vera fyrir frárennslis. Loftgæði og loftræsting skal vera góð.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að setja í starfsleyfi ákveðnar kröfur um aðgengi og umhverfi til að minnka slyshættu.

Veitingastaðir.

31. gr.

Viðskiptavinir veitingastaða skulu eiga greiðan aðgang að salerni, sbr. fylgiskjal 2.

Á veitingastöðum skal starfsfólk hafa aðgang að sér snyrtingu.

Um salerni starfsfólks á veitingastöðum skal fara að ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla og reglum Vinnueftirlits ríkisins um húsnæði vinnustaða.

Tjald- og hjólhýsasvæði.

32. gr.

Við staðsetningu og rekstur tjald- og hjólhýsasvæða skal þess sérstaklega gætt að þeir sem þar dvelja verði ekki fyrir ónæði sem getur stafað frá umhverfinu. Enn fremur skal þess gætt að ónæði berist ekki frá svæðinu til nálægra íbúa.

Á tjald- og hjólhýsasvæðum skal gæta fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku.

Rekstraraðili svæðisins skal sjá um að það sé þrifið og að umgengni sé góð.

Á svæðinu skal vera nægilegt neysluvatn og aðstaða til uppþvotta.

Á svæðinu eða í námunda við það skal vera aðstaða til að tæma og hreinsa ferðasalerni. Rekstraraðili skal veita upplýsingar um og vísa á aðstöðuna.

Um snyrtingar fer samkvæmt fylgiskjali 2. Þess skal gætt við staðsetningu útisalerna að af þeim stafi ekki óhollusta eða óþrifnaður.

Útihátíðir.

33. gr.

Starfsleyfisumsókn fyrir útihátíðir ásamt fylgigögnum skal send heilbrigðisnefnd með minnst tveggja vikna fyrirvara. Með starfsleyfisumsókn skal fylgja eftirfarandi, eftir því sem við á.

1. Upplýsingar um áætlaðan fjölda samkomugesta.
2. Vottorð sem sýni gæði neysluvatns.
3. Upplýsingar um fjölda snyrtinga og fráveitu.
4. Greinargerð um þrif og losunarbúnað snyrtinga.
5. Áætlun um þrif á svæði meðan á samkomu stendur.
6. Áætlun um hreinsun svæðis að aflokinni samkomu.

Um fjölda snyrtinga fer samkvæmt fylgiskjali 2.

VIII. KAFLI

Kennslustaðir, gæsluvellir, leikvellir og daggæsla í heimahúsum.*Almenn ákvæði.*

34. gr.

Þess skal gætt við staðsetningu skóla, daggæslu í heimahúsum, gæsluvala og leikvala að ekki verði um að ræða ónæði vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi.

Við framkvæmdir og viðhald skal taka tillit til eðlis starfseminnar.

Fara skal að fyrirmælum heilbrigðisnefndar varðandi hreinlæti, hollustuhætti og öryggisþætti.

Ræsting skal fara fram samkvæmt hreinlætisáætlun.

Lóð, leiktæki og leikföng.

35. gr.

Litir og fönðurefni mega ekki innihalda skaðleg efni og skulu standast gildandi reglugerðir varðandi merkingar og innihald.

Um leikvallatæki og leiksvæði gilda ákvæði reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða.

Leikföng skulu hæfa aldri barna og þannig gerð og viðhaldið að þau skapi ekki hættu. Leikföng skulu þriffin reglulega.

Við eftirlit með loftræstingu, öryggi og slysavörnum skal farið að leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um öryggi og slysavarnir á leikskólum og leiksvæðum og ÍST-EN stöðlum þar sem við á.

Innra eftirlit.

36. gr.

Innra eftirlit skal að lágmarki felast í hreinlætisáætlun sem tekur til daglegra þrifa á húsnæði, þrifa á leikföngum og áhöldum. Þá skal innra eftirlit taka til skráningar á slysum og eftirlits með öryggisþáttum og búnaði.

Húsnæði.

37. gr.

Dagsbirta eða lýsing skal vera góð. Innanstokksmunir skulu vera við hæfi notenda. Hljómburður skal vera hæfilegur og hljóðeinangrun þannig að truflun verði ekki af ólíkri starfsemi innan skólans.

Þar sem aðstaða er til íþróttaiðkana skal vera fullkomin bað-, búnings- og salernis-aðstaða.

Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni. Rými á hvern nemanda í grunnskóla fer samkvæmt reglugerð um lágmarksaðstöðu í grunnskóla. Rými á hvern nemanda í leikskóla fer samkvæmt reglugerð um starfsemi leikskóla. Rými á nemanda í öðrum kennslustöðum skal vera að lágmarki 1,4 m² og a.m.k. 3 m² á hvert barn í leikstofum. Meta skal þörfina eftir aldri barna.

Öll hættuleg efni og tæki eins og ræstiefni, lyf, málningarvörur og hættuleg eða oddhvöss tæki skulu geymd þar sem börn ná ekki til svo sem í læstum lyfja- eða efnaskápum eða í annars konar læstri hirslu.

Starfsreglur, innréttingar og búnað skal miða við að auka öryggi og koma í veg fyrir slys og vera í samræmi við staðla.

Um fjölda salerna fer samkvæmt fylgiskjali 2.

Skólar.

38. gr.

Heimilt er að krefjast þess að skólalóð við leikskóla og grunnskóla sé girt af að öllu leyti eða hluta vegna slysaþættu í umhverfinu.

Í skólum skal vera aðstaða til aðhlyningar nemenda vegna skyndiveikinda. Skal þar vera að lágmarki legubekkur, stóll og handlaug. Þar sem heilsugæsla er starfrækt í skólum, skal hún fullnægja kröfum sem gerðar eru til lækningastofa.

Handlaug skal vera í hverri kennslustofu. Sé mötuneyti starfrækt í skóla skal nemendum séð fyrir sérstakri aðstöðu til að matast.

Um heimavist gilda almenn ákvæði um íbúðarhúsnæði og gistiheimili eftir því sem við á.

Leikskólar.

39. gr.

Salerni og handlaugar skulu vera við hæfi barna. Auk þess skal þar vera handlaug ætluð fullorðnum og skolvaskur. Þar sem við á skal vera aðstaða til að skipta á börnum.

Starfsfólk skal hafa sér snyrtingu samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins um húsnæði vinnustaða.

Húsakynni daggæslu í heimahúsum.

40. gr.

Eldhús skal búið fullnægjandi innréttingu og tækjum. Lágmarkstæki eru eldavél, kæli-skápur og uppþvottavaskur.

Leiksvæði fyrir hvert barn innandyra skal vera a.m.k. 3 m² að gólfleti á hvert barn. Leiksvæði og hvíldaraðstaða skal vera í fullnægjandi íbúðarherbergum.

Um leikvallatæki, leikföng og lóð gilda ákvæði 35. gr., eftir því sem við á.

Ákvæði 5. mgr. 14. gr. um aðskilnað á ekki við um starfsemi daggæslu í heimahúsum nema hvað svefnaðstaða heimilisfólks telst ekki til leikrymis barna.

Gæsluvellir.

41. gr.

Ef húsnæði er til staðar á gæsluvöllum skal það uppfylla lágmarkskröfur um húsnæði, sbr. ákvæði 1. mgr. 14. gr. Þar sem við á skal vera aðstaða til að skipta á börnum.

Starfsfólk skal hafa sér snyrtingu samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins um húsnæði og handlaug.

IX. KAFLI

Um heimili og stofnanir fyrir börn.

Húsnæði og aðstaða.

42. gr.

Á heimilum og stofnunum fyrir börn skulu ekki aðrar vistarverur en svefnherbergi eða svefnsalir notaðar til að láta börn sofa. Rúm og aðrir innanstokksmunir skulu hæfa aldri barna.

Í svefnsölum skal ætla hverju barni a.m.k. 4 m². Kojur mega aðeins vera tveggja hæða. Fara skal eftir ÍST-EN stöðlum.

Börn skulu sofa sér í rúmi. Í rúmum skal vera dýna, sæng, koddi og rúmteppi. Rúmföt skulu vera til staðar og skulu þau vera heil og hrein og skipt um a.m.k. vikulega þegar um lengri dvalartíma er að ræða en tvær vikur. Þegar um er að ræða sumarbúðir og skylda starfsemi og dvalartími er tvær vikur eða skemmri tími er heimilt að hafa svefnpoka í rúmum, enda sé í rúmum dýna og lak.

Fullbúin snyrting og baðaðstaða skal vera til staðar. Eitt bað skal vera til staðar fyrir 10 börn, þegar um er að ræða hóp barna í sumarbúðum eða sambærilega starfsemi. Á heimilum þar sem færri en átta börn eru vistuð til lengri eða skemmri tíma skal vera fullbúin snyrting með baðaðstöðu.

Aðstaða skal vera til tómsunda og innileikja.

Ákvæði 5. mgr. 14. gr. eiga ekki við þar sem börn dvelja á einkaheimilum.

X. KAFLI

Snyrtistofur, nuddstofur og önnur sambærileg starfsemi.

Almenn ákvæði.

43. gr.

Ávallt skal hreinsa, sóttgreinsa og dauðhreinsa tæki og búnað eftir því sem við á með viðeigandi efnum og aðferðum. Nota skal einnota dauðhreinsaðan búnað s.s. nálar þar sem því verður við komið. Hrein og sóttgreinsuð og/eða dauðgreinsuð áhöld og búnaður skal notaður við hvern viðskiptavin. Margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavinar skulu dauðgreinsuð og pökkuð á viðurkenndan hátt. Nota skal einnota áhöld þegar því er við komið. Skartgripir sem settir eru í nýgerð göt á húð, skulu vera dauðgreinsaðir og lausir við skaðleg efni.

Nauðsynlegur búnaður og aðstaða, s.s. borð og þvottalaug, skal vera til staðar til þvotta og sóttgreinsunar á áhöldum. Þar sem gerðar eru hvers konar stungur á húð skal sérstök smitgát viðhöfð. Góð aðstaða skal vera til handþvotta.

Upplýsa skal um hugsanleg ofnæmisviðbrögð af völdum nikkels, sbr. ákvæði reglugerðar um takmörkun á nikkeli í tilteknum vörum. Handklæði, ábreiður eða tauhlífar skal þvo og geyma í lokuðum skápum eða ílátum.

Ef upp kemur grunur um sjúkdóm meðal starfsfólks eða viðskiptavina sem ætla má að tengist starfseminni ber að tilkynna slíkt til heilbrigðisyfirvalda.

Nálum, öðrum hvössum hlutum, spilliefnum og umbúðum undan spilliefnum ber að safna og koma til viðeigandi förgunar.

Viðskiptavinir skulu eiga greiðan aðgang að snyrtingum.

Snyrtistofur.

44. gr.

Ætla skal a.m.k. 5 m² gólfrymi fyrir hvern aðgerðastól.

Sérstakar þvottalaugar skulu vera til hárvotta og til blöndunar efna. Á fótsnyrtistofu skal vera handlaug, vaskur til að þrifa áhöld og gott aðgengi að skolvaski.

Nota skal einnota áhöld ef hætta er á smiti eða sjúkdómi af einhverju tagi.

Nuddstofur og sjúkraþjálfun.

45. gr.

Baðaðstaða skal vera fyrir viðskiptavini þar sem við á. Vel staðsettar handlaugar skulu vera í vinnurými.

Sólbáðsstofur.

46. gr.

Baðaðstaða skal vera fyrir viðskiptavini.

Ljósabekkir skulu þannig staðsettir og varðir að aðrir en þeir sem nota bekkina verði ekki fyrir geislun. Hlífðargleraugu skulu vera aðgengileg fyrir viðskiptavini.

Á ljósastofum skal hengja upp á áberandi stað þær reglur sem gilda um notkun ljósabekkjanna.

Starfsfólk fyrirtækis skal þrifa og sótthreinsa sólbekki og hlífðargleraugu eftir hverja notkun.

Kröfum Geislavarna ríkisins um ljósabekki og ljósaperur, svo og upplýsingum og aðvör-
unum landlæknis til viðskiptavina skal fylgt við reksturinn.

*Húðflúrstofur og stofur sem framkvæma
húðgötun, nálarstungur, fegrunarflúr og hvers konar húðrof.*

47. gr.

Rekstraraðila ber að afla vottorðs frá landlækni.

Óheimilt er að flúra, húðgata eða beita nálarstungu á einstaklingi undir 18 ára aldri nema með skriflegu leyfi forráðamanns. Framvísa skal skilríkjum ef vafi leikur á um aldur. Engan má flúra, húðgata eða beita nálarstungu sem er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Viðskiptavinir og forráðamenn í viðeigandi tilvikum skulu fá munnlegar og skriflegar upplýsingar um húðflúr. Upplýsingarnar skulu m.a. fela í sér fræðslu um varanlega breytingu á húð, mögulega sýkingarhættu, eftirmeðferð á flúraða eða gataða húðsvæðinu og hugsanleg ofnæmisviðbrögð.

Gæta skal ýtrasta hreinlætis við starfið. Sá sem framkvæmir aðgerð skal þvo hendur sínar fyrir og eftir aðgerð. Hanskar skulu notaðir við húðflúr og húðgötun. Handlaug skal vera til staðar sem eingöngu er notuð til handþvotta.

Rekstraraðilar skulu hengja upp á áberandi stað þær reglur sem gilda um starfsemina.

XI. KAFLI

Dvalarheimili, heilbrigðis- og meðferðarstofnanir.*Sjúkraflutningar.*

48. gr.

Farartæki og búnaður sem ætluð eru til sjúkraflutninga skal vera hreinn og vel við haldið.

Tannlæknastofur, læknastofur, aðgerðastofur og aðrar sambærilegar stofnanir.

49. gr.

Ávallt skal hreinsa, sótthreinsa og dauðhreinsa tæki og búnað eftir því sem við á með viðeigandi efnum og aðferðum. Nota skal hrein áhöld og búnað við hvern viðskiptavin. Nota skal dauðhreinsuð tæki og áhöld í vefi fólks og einnota dauðhreinsaðan búnað, þar sem því verður við komið og viðhafa fyllstu smitgát.

Á tannlæknastofum, læknastofum, aðgerðastofum og öðrum þeim stöðum þar sem áhöld eru notuð á vefi fólks, skal sótthreinsa eins fljótt og auðið er menguð áhöld. Ílát undir blandað sótthreinsiefni skal vera með þéttu loki. Loftræsting skal vera góð þar sem notkun og blöndun fer fram.

Dauðhreinsibúnaðinn skal athuga reglulega.

Dauðhreinsuð áhöld skal geyma í lokuðum umbúðum eða ílátum og haldið aðgreindum frá óhreinum áhöldum. Aðstaða til almennrar hreinsunar áhalda og dauðhreinsunar skal vera vel aðgreind. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um sérstaka áhaldapvottavél.

Rými sem ætluð eru til aðgerða skulu vel aðgreind og þannig útbúin að ekki verði hætta á mengun frá öðru rými.

Í aðgerðarými fótaaðgerðastofa skal vera handlaug, vaskur til að þrifa áhöld og gott aðgengi að skolvaski.

Dvalarheimili.

50. gr.

Fullnægjandi baðaðstaða skal vera á staðnum sé snyrting með baðaðstöðu ekki inn af íbúðarherbergi. Skulu aldrei vera fleiri en 10 heimilismenn um baðaðstöðu með búningsklefa. Handlaug skal vera í herbergjum sé snyrtiherbergi ekki inn af því. Um salerni fer samkvæmt fylgiskjali 2.

XII. KAFLI

Vistarverur fanga.*Skammtímagæsla.*

51. gr.

Stærð klefa skal vera minnst 5 m². Fangi skal hafa aðgang að svefnbekk, kodda og teppi. Hann skal einnig hafa aðgang að snyrtingu og baði. Þrifa skal klefa eftir hverja notkun og sótthreinsa eftir þörfum. Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni.

Gæsluvarðhald.

52. gr.

Gólf og veggir klefa skulu klædd efnum sem auðvelt er að þrifa. Rúm skal vera minnst 2 m að lengd og 80 cm breitt með rúmfatageymslu. Fangi skal hafa sængurföt og teppi. Fata-skápur, borð og stóll skulu vera í klefa. Í honum skal vera ruslafata og spegill (álþynna). Fangi skal hafa aðgang að snyrtingu og baði. Aldrei skulu fleiri en 10 fangar nota sömu snyrtingu. Lýsing skal vera fullnægjandi. Jafnframt skal vera hægt að útiloka birtu frá gluggum.

Afplánun.

53. gr.

Ákvæði 52. gr. gilda og um húsnæði þar sem afplánun fer fram nema að í hverjum klefa skal vera salerni með handlaug skermað af frá svefnaðstöðu. Aðgangur skal vera að baði.

XIII. KAFLI

Heilsuræktar- og íþróttastöðvar og íþróttahús.

54. gr.

Rekstri starfseminnar skal háttað á þann veg að heilsa og öryggi þeirra sem þangað koma sé sem best tryggð.

Sérstaklega skal þess gætt að heilsuræktar- og íþróttastöðvar og íþróttahús verði ekki útbreiðslustaðir sjúkdóma. Leiki grunur á að um slíkt geti verið að ræða, skal þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd.

Rekstraraðili ber ábyrgð á að tæki og búnaður til íþróttaiðkana sé samkvæmt viðurkenndum öryggiskröfum. Fara skal eftir ÍST EN-stöðlum. Innra eftirlit skal að lágmarki felast í hreinlætisáætlun. Þar skal vera ákvæði um öryggiskerfi og neyðaráætlun ef slys ber að höndum. Skrá skal óhöpp, slys og úrbætur.

Starfsfólk heilsuræktar- og íþróttastöðva og íþróttahúsa skal hafa sér salernis- og baðaðstöðu samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins um húsnæði vinnustaða.

Viðskiptavinir skulu eiga greiðan aðgang að búningsherbergi með baði. Um salerni fer samkvæmt fylgiskjali 2.

Um setlaugar gilda ákvæði reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

XIV. KAFLI

Almenn samgöngutæki.

55. gr.

Öll almenn samgöngutæki skulu háð heilbrigðiseftirliti.

Rými sem ætlað er farþegum í almennum samgöngutækjum skal vera vel við haldið og því haldið hreinu. Farþega má eigi flytja svo marga eða á þann hátt að valdi þeim eða öðrum hættu. Dýr má ekki flytja í almennum farþegarýmum samgöngutækja. Þetta gildir þó ekki um hjálparhunda, sbr. 19. gr. Notkun almennra samgöngutækja skal þannig hagað að frá þeim stafi ekki hávaði eða loftmengun að óþörfu.

Um meðferð og eftirlit með matvælum, neysluvatni og hreinlætistækjum í samgöngutækjum gilda almenn ákvæði þessarar reglugerðar, reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, reglugerðar um neysluvatn og þar sem við á reglugerðar um veitinga- og gististaði.

XV. KAFLI

Hundar, kettir og önnur gæludýr.*Almennt um gæludýr.*

56. gr.

Þeir sem halda gæludýr í mannvirkjum á íbúðarlóðum í þéttbýli eða á heimilum sínum þurfa ekki að sækja um heimild til heilbrigðisnefndar eða sveitarstjórnar nema ákvæði samþykktá viðkomandi sveitarfélags kveði á um annað. Að öðru leyti gilda ákvæði 13. t. l. A liðar 1. mgr. 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

Gæludýr skulu þannig haldin að ekki valdi hávaða, ónæði, óhollustu eða óþrifnaði.

Að öðru leyti gilda ákvæði samþykktá einstakra sveitarfélaga um gæludýrahald.

Hundar.

57. gr.

Fyrirbyggja skal sýkingar hjá mönnum af völdum bandorma og spóluorma í hundum.

Til hreinsunar hunda gegn bandormum og spóluormum skal nota ormalyf sem Lyfjastofnun hefur viðurkennt til þeirra nota.

Eiganda eða umráðamanni hunds er skylt að láta ormahreinsa hund sinn árlega. Hann ber allan kostnað af hreinsun hundsins, nema að annað komi fram í samþykkt hlutaðeigandi sveitarfélags.

Skylt er að ormahreinsa alla hunda fjögurra mánaða og eldri. Þar sem búrekstur er skulu hundar ormahreinsaðir að liðinni aðalsláturtíð eða í síðasta lagi í desember ár hvert, nema að annað komi fram í samþykkt hlutaðeigandi sveitarfélags.

Nýgotnar tíkur og 3 – 4 vikna hvolpar skulu spóluormahreinsaðir sérstaklega samkvæmt leiðbeiningum dýralæknis. Hundaígandi skal framvísa vottorði um spóluormahreinsun við skráningu hundsins.

Ef ekki er kveðið á um annað í samþykkt viðkomandi sveitarfélags skal eigandi eða umráðamaður hunds geyma hreinsunrvottorð í þrjú ár og framvísa til eftirlitsaðila ef óskað er. Heilbrigðisnefnd getur í samráði við embætti yfirdýralæknis, heimilað að vottorð frá öðrum en dýralækni verði viðurkennd, ef sérstakar aðstæður krefjast þess.

Að öðru leyti gilda ákvæði samþykkt einstakra sveitarfélaga. Setji sveitarfélag sér samþykkt um hundahald skal í henni kveða á um hreinsun hunda, ábyrgðartryggingar og merkingu.

Kettir.

58. gr.

Fyrirbyggja skal sýkingar hjá mönnum af völdum spóluorma í köttum.

Til ormahreinsunar katta gegn spóluormum skal nota ormalyf sem Lyfjastofnun hefur viðurkennt til þeirra nota.

Eiganda eða umráðamanni kattar er skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hans, nema að annað komi fram í samþykkt hlutaðeigandi sveitarfélags.

Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri.

Ef ekki er kveðið á um annað í samþykkt viðkomandi sveitarfélags skal eigandi eða umráðamaður kattar geyma hreinsunrvottorð í þrjú ár og framvísa því við eftirlitsaðila ef óskað er. Heilbrigðisnefnd getur, í samráði við embætti yfirdýralæknis, heimilað að vottorð frá öðrum en dýralækni verði viðurkennd, ef sérstakar aðstæður krefjast þess. Óheimilt er að halda ketti í fjöleignarhúsum ef kattahaldið sannanlega veldur eða viðheldur sjúkdómum hjá íbúum.

Að öðru leyti gilda ákvæði samþykkt einstakra sveitarfélaga. Setji sveitarfélag sér samþykkt um kattahald skal í henni kveða á um hreinsun katta, ábyrgðartryggingar og merkingu.

XVI. KAFLI

Eftirlit og gjaldtaka.*Eftirlitsaðilar.*

59. gr.

Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á heilbrigðiseftirliti og framkvæmd þess.

Á varnarsvæðum ber utanríkisráðherra ábyrgð á heilbrigðiseftirliti og framkvæmd þess.

Umfang heilbrigðiseftirlits.

60. gr.

Heilbrigðiseftirlit nær m.a. til almennrar skoðunar á húsnæði, búnaði og umhverfi, töku sýna og skoðunar á skráðu og skjalfestu efni. Þá nær heilbrigðiseftirlit til eftirlits með snyrtivörum, eiturefnum og hættulegum efnum, fræðslu, samvinnu stofnana, úrvinnslu gagna, öryggisþátta og athafna einstaklinga eftir því sem við á. Eftirlitið felst jafnframt í því að framfylgja ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfa, sem heilbrigðisnefnd er falið.

Skráning.

61. gr.

Heilbrigðisnefnd ber að halda skrá um eftirlitsskylda starfsemi og skal a.m.k. skrá eftirlitin atriði:

1. starfsleyfi sem í gildi eru og eftirlitsaðili hefur eftirlit með,
2. staðsetningu starfsstöðvar,
3. nafn, lögheimili og kennitölu rekstraraðila,
4. niðurstöður einstakra þátta eftirlits,
5. til hvaða úrræða hefur verið gripið ef ekki hefur verið farið að ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfa,
6. kvartanir sem borist hafa vegna viðkomandi starfsemi,
7. önnur skyld atriði.

Skoðun og eftirlit.

62. gr.

Eftirlitsaðila er heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem reglugerð þessi, aðrar reglugerðir eins og við á hverju sinni og samþykktir sveitarfélaga ná yfir og er eftirlitsaðila heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Fulltrúum Umhverfisstofnunar ber að hafa samráð við heilbrigðisnefnd við töku sýna.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd reglugerðar þessarar, annarra reglugerða eins og við á hverju sinni og samþykktum sveitarfélaga og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits.

Reglubundið eftirlit.

63. gr.

Tíðni eftirlits skal háð mati eftirlitsaðila.

Eftirlit með starfsleyfisskyldri starfsemi skal vera reglubundið og eftir ákveðinni áætlun, eftir því sem kostur er.

Eftirlit skal að jafnaði framkvæmt í viðurvist fulltrúa rekstraraðila nema aðstæður krefjast annars. Eftirlitsaðili skal gera eftirlitsskýrslu og afhenda rekstraraðila. Ef fram kemur í eftirlitsskýrslu að ekki hafi verið farið að ákvæðum laga, reglugerða eða starfsleyfis, skal eftirlitsaðili að jafnaði gefa rekstraraðila kost á að tjá sig um efni eftirlitsskýrslu innan hæfilegs frests. Telji eftirlitsaðili, að liðnum þeim fresti, að ekki sé fylgt ákvæðum laga, reglugerða eða starfsleyfa getur eftirlitsaðili gripið til þvingunarúrræða, sbr. XVI. kafla.

Eftirlitsaðila er heimilt að fjölga tímabundið eftirlitsferðum ef nauðsyn krefur, t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekinn í notkun eða vegna kvartana. Hækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur.

Eftirlitsaðila er heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum og eftirlitsaðili hefur samþykkt.

Sé starfsemi starfrækt í a.m.k. fjögur ár í röð samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfis og sé hollustuvernd fullnægjandi er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur.

Tilfallandi eftirlit.

64. gr.

Auk reglubundins eftirlits skal eftirlit vera tilfallandi þegar aðstæður krefjast, svo sem vegna eftirfylgni, kvartana, óhappa, slysa, starfsemi utan hefðbundinna starfsstöðva, óreglu-legrar starfsemi, rekstrar og athafna sem ekki eru starfsleyfisskyld og þegar ástæða er til eftirlits með takmörkuðum þáttum starfseminnar.

Yfirlit um framkvæmd eftirlits.

65. gr.

Heilbrigðisnefnd skal fyrir 1. mars ár hvert skila til Umhverfisstofnunar yfirliti yfir framkvæmd og niðurstöður eftirlits á því formi sem stofnunin óskar eftir.

Gjaldtaka.

66. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa samkvæmt fylgiskjali 1 og fyrir eftirlit, aðra þjónustu og verkefni sem tengjast framangreindum þáttum í samræmi við 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Um gjaldtöku fyrir leyfi, leigu eða veitta þjónustu sem tengist ekki eftirlitsskyldri starfsemi fer samkvæmt 25. gr. framangreindra laga. Heilbrigðisnefnd skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

Gjöld samkvæmt 1. mgr. má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

XVII. KAFLI

Málsmeðferð og úrskurðir.

Úrskurðarnefnd.

67. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd reglugerðarinnar, heilbrigðissamþykktá sveitarfélaga um heilbrigðiseftirlit eða um ákvarðanir yfirvalda sem tengjast því er heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar umhverfisráðherra fer með úrskurðarvald, sbr. 68. gr.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnarsýslunnar.

Ágreiningur stjórnvalda.

68. gr.

Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd reglugerðarinnar eða heilbrigðissamþykktá sveitarfélaga skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda.

XVIII. KAFLI

Valdsvið, þvingunarúrræði og undanþágur.*Minniháttar athugasemdir.*

69. gr.

Ef eftirlitsaðili hefur einungis minniháttar athugasemdir við starfsemi rekstraraðila er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfur um úrbætur innan tiltekins frests í eftirlitsskýrslu.

Krafa um úrbætur.

70. gr.

Telji eftirlitsaðili eftir að rekstraraðila hefur verið gefinn kostur á að koma að andmælum sínum, sbr. 63. gr., að ekki sé fylgt ákvæðum laga, reglugerða eða starfsleyfis getur hann veitt rekstraraðila skriflega áminningu og krafist úrbóta innan tiltekins frests.

Eftirlitsaðili getur krafist tímasettrar áætlunar um úrbætur frá rekstraraðila. Telji eftirlitsaðili áætlun um úrbætur ekki fullnægjandi skal hann setja fram kröfur um frekari úrbætur og tímafresti.

Í áminningu skal sérstaklega geta afleiðinga sé úrbótum ekki sinnt innan tilskilins frests.

Áætlun um úrbætur.

71. gr.

Í áætlun um úrbætur skal m.a. koma fram hvernig fylgst verði með að úrbætur komist á.

Eftirlitsaðili getur tekið ákvörðun um að krefjast sérstakra úttekta á kostnað hlutaðeigandi rekstraraðila í samræmi við áætlun sem rekstraraðili gerir um úrbætur og eftirlitsaðili samþykkir.

Dagsektir.

72. gr.

Hafi rekstraraðili ekki fylgt kröfu um úrbætur, sbr. 70. gr., getur eftirlitsaðili ákveðið honum dagsektir þar til farið hefur verið að fyrirmælum sem fram koma í áætlun um úrbætur. Dagsektir renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits og er hámark þeirra 200.000 kr. á dag.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af heilbrigðiseftirliti en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi.

Pegar verk það sem eftirlitsaðili lætur vinna er komið til vegna vanhirðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

Stöðvun eða takmörkun starfsemi.

73. gr.

Verði aðili uppvís að því að stunda starfsleyfisskylda starfsemi án tilskilins leyfis ber að stöðva starfsemina verði ekki bætt úr innan tilskilins frests.

Ef brot á starfsemi með starfsleyfi er mjög alvarlegt eða úrbótum ekki sinnt innan tilskilins frests, sbr. 70. gr., er eftirlitsaðila heimilt að stöðva hana að hluta eða öllu leyti þar til úr hefur verið bætt.

Sé úrbótum ekki sinnt innan tiltekins frests eða um alvarlegri tilvik sé að ræða getur heilbrigðisnefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi reksturs. Meti eftirlitsaðili ástandið það alvarlegt er honum heimilt, þrátt fyrir 2. mgr., að afturkalla starfsleyfið án fyrirvara.

Heimilt er að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf til að stöðva starfsemi.

Undanþágur.

74. gr.

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og Umhverfisstofnunar að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum reglugerðarinnar.

XIX. KAFLI

Viðurlög.

75. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og samþykktum sveitarfélaga varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

76. gr.

Sektir má ákvarða lögaðila þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

XX. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

77. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laganna.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum, reglugerð um starfsmannabústaði og starfsmannabúðir nr. 84/1982, með síðari breytingum, og reglugerð um ormahreinsun hunda nr. 837/1999.

Reglugerðin skal endurskoðuð eigi síðar en 30. júní 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Starfsemi, sem fyrir gildistöku reglugerðar þessarar hefur gilt starfsleyfi en uppfyllir ekki ný ákvæði reglugerðarinnar, er veittur frestur til 1. janúar 2006 til að uppfylla þau ákvæði.

II.

Starfsemi sem er starfrækt við gildistöku reglugerðarinnar og gerð er starfsleyfisskyld, er veittur frestur til 1. júní 2003 til að sækja um starfsleyfi. Starfseminni er veittur frestur til 1. janúar 2006 að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Umhverfissráðuneytinu, 27. desember 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal 1.**Starfsleyfis skyld starfsemi.**

Akstursíþróttasvæði	Íþróttavellir
Almenningssalerni	Kirópraktorar
Baðstofur og gufubaðstofur	Leikskólar
Daggæsla í heimahúsum með 6 börn eða fleiri	Læknastofur
Dvalarheimili	Meindýravnir
Dýragæsla	Nálastungustofur
Dýralæknastofur	Nuddstofur
Dýrasnyrtistofur	Sambýli þar sem veitt er þjónusta allan sólarhringinn
Dýraspítalar	Samgöngumiðstöðvar og almenningssamgöngutæki
Dýragarðar og umfangsmiklar dýrasýningar	Samkomuhús
Fangelsi og fangagæsla	Sjúkrahús
Fjallaskólar, nema sæluhús	Sjúkrastofnanir
Fótaaðgerðarstofur og fót snyrtistofur	Sjúkraþjálfun
Fristundahúsasvæði, þar sem til staðar er sameiginleg þjónusta, s.s. vegna sorphirðu, vatnsveitu, leiksvæða eða sundlaugar	Skólar og kennslustaðir fyrir börn eða 6 eða fleiri fullorðna
Garðaúðun	Snyrtistofur
Gististaðir	Sólbaðsstofur
Gæludýraverslanir	Starfsmannabúðir
Gæsluvellir og opin leiksvæði sem almenningur hefur aðgang að. Leiksvæði á lóð fjöleignarhúss telst ekki opið leiksvæði	Starfsmannabústaðir
Götuleikhús og tívolí	Sundstaðir
Hársnyrtistofur	Tannlæknastofur
Heilsugæslustöðvar	Tjald- og hjólhýsasvæði
Heilsuræktarstöðvar	Útihátíðir
Heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga, með 6 börn eða fleiri	Veitingastaðir
Hestaleigur og reiðskólar	Verslunarmiðstöðvar
Húðflúrstofur, húðgötun, húðrof og fegrunarflúr	Verslun með fegrunar- og snyrtiefni
Íþróttahús	Verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni
Íþróttamiðstöðvar þar sem fram fer skipulögð starfsemi	Vöruflutningamiðstöðvar
	Önnur sambærileg starfsemi sem að mati Umhverfisstofnunar skal vera starfsleyfis skyld.

Fylgiskjal 2.**Salerni.****Veitinga- og samkomustaðir.**

Í veitinga- og samkomuhúsum skal fjöldi salerna að lágmarki vera eftirfarandi:

Fyrir 25 gesti, ein fullbúin snyrting þar sem tekið er tillit til þarfa fatlaðra.

Fyrir 26-100 gesti, 2 salerni og tekið sé tillit til þarfa fatlaðra a.m.k. varðandi annað þeirra.

Fyrir hverja 50 gesti umfram 100 komi eitt salerni.

Þar sem aðstæður leyfa geta þvagstæði komið að 1/3 hluta fyrir salerni karla. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna.

Tjaldsvæði.

Á tjaldsvæðum skulu vera a.m.k. tvær fullbúnar snyrtingar, þar af önnur ætluð fötluðum og ekki færri en eitt salerni fyrir hverja 200 gesti umfram fyrstu. Þvagstæði geta komið að 1/3 hluta fyrir salerni karla. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna.

Hafa skal til viðmiðunar eftirfarandi töflu:

≤ 200 gestir	2 salerni
201-400 gestir	3 salerni
401-600 gestir	4 salerni
o.s.frv.	

Útisamkomur.

Á mótssvæðum og útisamkomum skal fjöldi fullbúinna snyrtinga ekki vera færri en tvær, þar af önnur ætluð fötluðum. Fyrir hverja 200 gesti umfram 200 komi eitt salerni til viðbótar. Þvagstæði geta komið að 1/3 hluta fyrir salerni karla. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna. Salerni skulu eftir atvikum dreifð um útihátíðarsvæði.

Á mótssvæðum og við útisamkomur skal komið fyrir hæfilegum fjölda fullbúinna snyrtinga.

1. Útisamkomur, haldnar í dreifbýli. Taka skal mið af fjölda gesta og miða við kröfur um tjaldsvæði.
2. Útisamkomur, haldnar í þéttbýliskjörnum. Skipuleggjandi skal leggja fram áætlun um fjölda gesta og mögulegan aðgang þeirra að snyrtingum. Taka skal mið af dreifingu mótsgesta og tímalengd hátíðarhalda þegar fjöldi snyrtinga er ákveðinn.

Skólar og aðrir kennslustaðir.

Í skólum skulu vera aðgengileg salerni fyrir nemendur. Gæta skal ákvæða 15. gr. um hæfilegan aðskilnað þegar innangengt er í salernisklefa úr skólastofu. Við mat á fjölda salerna skal taka mið af fjölda nemenda, staðsetningu salerna í byggingunni og að þau þjóni vel þeirri starfsemi sem þar fer fram m.t.t. fötlunar og aldurs barna og nálægðar við leiksvæði, matsal, samkomusal og íþróttasal. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna. Sérstök salerni skulu vera í tengslum við böð og heilsugæslu þar sem slík starfsemi er í skólum.

Hafa skal til viðmiðunar eftirfarandi töflu:

25 nemendur	2 salerni	300 nemendur	8 salerni
50 nemendur	3 salerni	400 nemendur	10 salerni
100 nemendur	4 salerni	500 nemendur	12 salerni
200 nemendur	6 salerni	600 nemendur	14 salerni
og síðan eitt salerni fyrir hverja 60 nemendur umfram 600.			

Gæsluvellir.

Börn skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu. Ekki skulu fleiri en 25 börn vera um hverja snyrtingu.

Snyrtistofur og önnur sambærileg starfsemi.

Gestir skulu hafa aðgengi að fullbúinni snyrtingu.

Aldrei skulu fleiri en 25 gestir vera um hverja snyrtingu.

Gististaðir.

Þar sem því verður við komið skal fullbúin snyrting vera í beinum tengslum við gistiherbergi. Þegar fleiri deila með sér snyrtingu skulu aldrei fleiri en 10 gestir um hverja fullbúna snyrtingu

Starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir – heimili og stofnanir fyrir börn.

Greiður aðgangur skal vera að fullbúnum snyrtingum. Þegar fleiri en einn aðili er um sömu snyrtingu skal þess gætt að ekki verði fleiri en 10 íbúar (dvalargestir) um hverja snyrtingu.

Tannlæknastofur, læknastofur, aðgerðarstofur og önnur sambærileg starfsemi.

Gestir skulu hafa aðgengi að fullbúinni snyrtingu með aðgengi fyrir fatlaða.

Aldrei skulu fleiri en 25 gestir vera um hverja snyrtingu.

Dvalarheimili, heilbrigðis- og meðferðarstofnanir.

Þar sem fullbúin snyrting er ekki í beinum tengslum við íbúðarherbergi eða sjúkrastofu, skulu ekki fleiri en 10 heimilismenn (sjúklingar) vera um hverja snyrtingu. Jafnframt skulu gestir hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu. Aldrei skulu fleiri en 25 gestir vera um hverja snyrtingu.

Heilsuræktarstöðvar og íþróttahús.

Salerni skulu vera við bað- og búningsaðstöðu.

Gestir skulu hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu sem aðgengileg er fyrir fatlaða.

Í íþróttamannvirkjum, sem ætluð eru áhorfendum, skal fjöldi fullbúinna snyrtinga taka mið af kröfum á útihátíðum. Áhorfendur skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu. Miðað skal við að ekki verði fleiri en 200 áhorfendur um hverja snyrtingu og taka skal sérstakt tillit til fatlaðra.

Fylgiskjal 3.

Húsrými og lóðir sem ekki má hleypa hundum, köttum og öðrum gæludýrum inn á. Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir

Skólar

Lækna- og tannlæknastofur

Sjúkrahús og aðgerðarstofur

Vistarverur handtekinna manna

Heilsuræktarstöðvar

Íþróttastöðvar og íþróttahús

Gæsluvellir

Snyrtistofur

Nuddstofur og sjúkrapjálfun

Sólbaðsstofur

Húðflúrstofur

Samkomuhús s.s. kirkjur, leikhús, hljómleikasalir, söfn og kvikmyndahús

Gististaðir

Veitingastaðir

Sumarbúðir fyrir börn

Heimilt er þó að fara með gæludýr inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur og aðra starfsemi sem sérstaklega eru ætluð dýrum.

REGLUGERÐ

um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að öryggi barna og annarra með því að tryggja að leikvallatæki og leiksvæði séu hönnuð, frágengin og þeim viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin gildir um öryggi leiksvæða og leikvallatækja og eftirlit með þeim, hvort sem um er að ræða tímabundna starfsemi eða til frambúðar.

Um öryggi leiktækja sem ætluð eru til einkanota fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um öryggi leikfanga og hættulegra eftirlíkinga.

3. gr.

Skilgreiningar.

Aðalskoðun er skoðun með að hámarki 12 mánaða millibili sem ætlað er að staðfesta öryggi tækisins, undirstöðu þess og umhverfis.

Fallflötur er sá flötur sem notandi getur lent á eftir að hafa fallið í fallrýminu.

Fallrými er rými frá þeim hluta tækisins þar sem notandi getur fallið. Fallrýmið hefst þar sem um frjálst fall getur verið að ræða.

Innra eftirlit er eftirlit rekstraraðila með eigin starfsemi, framkvæmt af honum, starfsmönnum hans eða þjónustuaðila, í þeim tilgangi að tryggja að kröfur í starfsleyfi, lögum og reglugerðum séu uppfylltar.

ÍST EN staðall er staðall sem er samþykktur af evrópskum staðlasamtökum (CEN, CENELEC eða ETSI) og staðfestur af Staðlaráði Íslands sem íslenskur staðall.

Leiksvæði er svæði, hvort sem er innan dyra eða utan, skipulagt fyrir leik barna svo sem í eða við leikskóla, skóla, gæsluvelli og opin leiksvæði. Einnig leiksvæði annarra aðila þar sem börn eiga greiðan aðgang að eða ætlað börnum svo sem í eða við fjöleignarhús, frí-
stundahús, tjaldsvæði, verslunarhúsnæði og samkomustaði.

Leikvallatæki er þar til gert tæki eða mannvirki, þar með talið hlutar þess, sem börn leika sér í eða á utanhúss og innanhúss.

Reglubundin yfirlitsskoðun er skoðun sem ætlað er að greina augljósa hættu sem meðal annars má rekja til skemmda, notkunar eða veðurs.

Rekstraraðili er einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi rekstri.

Rekstrarskoðun er skoðun sem er ítarlegri en reglubundin yfirlitsskoðun og lýtur að virkni og stöðugleika leikvallatækisins og öryggi leiksvæðisins.

Yfirborðsefni eru þau efni sem notuð eru á yfirborði leiksvæða, svo sem gras, möl, sandur, hellur, malbik, timburpallar og samsvarandi. Einnig yfirborðsefni sem hafa eiginleika til dempunar falls eins og fín rúnuð möl, grófur sandur, trjákurl og öryggishellur, sbr. ÍST EN 1177.

4. gr.

Úttekt og starfsleyfi.

Áður en leiksvæði er tekið í notkun skal fara fram lokaúttekt byggingarfulltrúa skv. byggingarreglugerð.

Um starfsleyfi og starfsleyfisskyldu leiksvæða fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti.

5. gr.
Ábyrgð.

Rekstraraðili ber ábyrgð á að leiksvæði og leikvallatæki þess sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

II. KAFLI

Almenn ákvæði um leiksvæði.

6. gr.
Umhverfi.

Ekki má staðsetja leiksvæði þar sem ætla má að börnum geti stafað hættu eða ónæði af umhverfinu svo sem frá umferð, vegna fallhættu, hruns eða hættu á drukkun.

Aðkoma að svæðinu fyrir gangandi, hjólandi og eftir atvikum akandi vegfarendur skal vera þannig að ekki skapist óþarfa hættu á og við leiksvæðið.

Umferð vélknúinna farartækja er bönnuð á leiksvæðum utan þess sem nauðsyn krefur, svo sem vegna viðhalds eða endurnýjunar tækja og búnaðar.

Hindra skal að börn geti hlaupið beint út af leiksvæði þar sem umferð er.

Á leiksvæðum skal vera góð lýsing.

Þar sem grindverk og hlið eru á lóðum leiksvæða skal frágangi þeirra þannig hagað að börnum geti ekki stafað hættu af.

Við framkvæmdir og viðhald leiksvæða skal taka tillit til eðlis starfseminnar.

7. gr.
Hreinlæti.

Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

Á leiksvæðum skal gert ráð fyrir ruslabiðum og losun sorps eftir því sem við á.

Rekstraraðili leiksvæðis skal sjá um að rusl sé fjarlæggt reglulega, sbr. ákvæði reglugerðar um úrgang. Hættulegt rusl ber að fjarlægja jafnóðum.

III. KAFLI

Öryggi.

8. gr.
Öryggi leiksvæða.

Til að tryggja öryggi barna á leiksvæðum skal við hönnun og gerð leiksvæða fara eftir ákvæðum í viðauka II.

9. gr.
Öryggi leikvallatækja.

Þeir sem flytja inn, framleiða, markaðssetja, leigja eða dreifa leikvallatækjum hér á landi eða ætla að flytja þau út til annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu skulu geta sýnt fram á að viðkomandi tæki uppfylli kröfur sem fram koma í stöðlum um leikvallatæki og undirlag þeirra, ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177 sem taldir eru upp í viðauka I eða aðrar samþættilgar öryggiskröfur.

Með leikvallatækjum sem sett eru á markað skulu fylgja leiðbeiningar um uppsetningu og viðhald tækjanna svo og upplýsingar um þá staðla sem framleiðslan byggist á. Teikningar af tækinu fullbúnu skulu ennfremur fylgja með, upplýsingar um nauðsynleg verkfæri og önnur hjálpargögn við uppsetningu tækjanna.

Upplýsingar um ráðlagða notkun og fyrir hvaða aldurshópa tækið er skulu fylgja með leikvallatækjum. Ef tækið er eingöngu ætlað til notkunar innanhúss skal greint frá því sérstaklega með viðeigandi merkingum.

Leikvallatæki sem sett eru á markað hér á landi skulu merkt nafni framleiðanda, vörumerki hans eða öðru kennimerki. Ef um er að ræða erlenda framleiðslu skal nafn innflytjenda koma fram á leikvallatækinu.

Allar upplýsingar er varða rétta uppsetningu, viðhald og notkun leikvallatækja skulu fylgja með á íslensku.

10. gr.

Hönnun leikvallatækja.

Hönnun, framleiðsla, frágangur og viðhald leikvallatækis og fallflatar þess skal vera þannig að minnsta mögulega hætta sé á að börn verði fyrir slysi af leik í tækinu þegar það er notað eins og til er ætlast eða eins og búast má við að það sé notað.

Þar sem það á við skulu leikvallatæki sérstaklega merkt hvaða aldri barna þau eru ætluð.

Mörk, körfuboltaspjöld og samsvarandi búnað skal festa tryggilega niður. Að öðru leyti skal fara eftir stöðlum sem taldir eru upp í viðauka IV.

IV. KAFLI

Eftirlit með leikvallatækjum og leiksvæðum.

11. gr.

Eftirlit.

Eftirlit með leikvallatækjum og leiksvæðum skal vera í samræmi við kröfur samkvæmt staðlaröðinni ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177 sem taldir eru upp í viðauka I.

Löggildingarstofa hefur eftirlit með því að leikvallatæki á markaði uppfylli settar reglur um öryggi. Um málsmeðferð og réttarfarsúrræði fer eftir ákvæðum laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við á.

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar varðandi leikvallatæki í notkun og öryggi leiksvæða. Tíðni þess eftirlits er háð mati eftirlitsaðila og við slíkt mat skal tekið tillit til umfangs og innra eftirlits þess leiksvæðis sem um ræðir.

Heilbrigðisfulltrúi skal hafa aðgang að öllu skráðu og skjalfestu efni er eftirlitið varðar.

12. gr.

Innra eftirlit.

Heilbrigðisnefnd skal gera kröfu í starfsleyfi um innra eftirlit á leiksvæðum og með leikvallatækjum. Rekstraraðili ber ábyrgð á innra eftirliti. Ábyrgðaraðili skal vera að hverjum eftirlitsþætti innra eftirlits og skal hann gera rekstraraðila viðvart um það sem aflaga fer og benda á nauðsynlegar úrbætur. Rekstraraðili skal gera nauðsynlegar úrbætur eða taka leikvallatæki úr notkun.

Innra eftirlitið skal vera samkvæmt ákvæðum staðalsins ÍST EN 1176. Innra eftirlit skal framkvæma samkvæmt gátlista og í því skal vera slysaskráning. Í innra eftirlitinu skal tilgreina til hvaða úrbóta skal grípa þegar frávik verða frá ákvæðum reglugerðarinnar og hvenær úrbótum var lokið. Mælt er með að innra eftirlit sé hluti af gæðahandbók.

Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun, sbr. ákvæði í viðauka III. Aðalskoðun skal framkvæmd af hæfum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda leikvallatækja.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga um hollustu-hætti og mengunarvarnir.

14. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

Sektir má ákvarða lögaðila þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

15. gr.

Lagastof, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og lögum nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu að höfðu samráði við viðskiptaráðherra. Þá er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 2008.

Ákvæði til bráðbirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. er veittur frestur til 31. desember 2006 til að endurgera leiksvæði sem eru starfrækt við gildistöku reglugerðar þessarar þannig að þau uppfylli ákvæði reglugerðarinnar. Heilbrigðisnefnd skal þó heimilt að láta fjarlægja hættuleg leikvallatæki ef nauðsyn ber til. Ef ríkar ástæður mæla með er heilbrigðisnefnd heimilt að veita lengri frest en þó ekki lengur en til 31. desember 2010. Rekstraraðilar leiksvæða skulu setja fram tíma-setta áætlun um endurgerð leiksvæða og senda heilbrigðisnefnd til umsagnar fyrir 1. janúar 2005.

Eftir 1. janúar 2005 mega þeir einir framkvæma aðalskoðun sem hlotið hafa fag-gildingu til þess.

Umhverfísráðuneytinu, 27. desember 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

VIÐAUKI I

Staðlar um leikvallatæki og undirlag þeirra.

Eftirfarandi eru staðar úr staðlaröðinni ÍST EN 1176 að viðbættum ÍST EN 1177.

1. ÍST EN 1176-1: 1998 Hluti 1: Almennar öryggiskröfur og prófunaraðferðir.
2. ÍST EN 1176-2: 1998 Hluti 2: Rólur, sérkröfur um öryggi og prófunaaðferðir.
3. ÍST EN 1176-3: 1998 Hluti 3: Rennibrautir, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir.
4. ÍST EN 1176-4: 1998 Hluti 4: Hlaupakettir, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir.
5. ÍST EN 1176-5: 1998 Hluti 5: Hringekjur, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir.
6. ÍST EN 1176-6: 1998 Hluti 6: Rugguhestar, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir.
7. ÍST EN 1176-7: 1997 Hluti 7: Leikvallatæki, leiðbeiningar um uppsetningu, eftirlit, viðhald og rekstur.
8. ÍST EN 1176-8 Hluti 8: Leikvallatæki, uppsetning, eftirlit og viðhald.
9. ÍST EN 1176-9 Hluti 9: Leikvallatæki, rekstur.
10. ÍST EN 1177: 1997 Yfirborðsefni á leiksvæðum, öryggiskröfur og aðferðir við prófun.

VIÐAUKI II

Öryggi leiksvæða.

Um öryggi leiksvæða gildir eftirfarandi:

1. Leiksvæði skulu vera þannig hönnuð og frágengin að minnsta mögulega hætta sé á að börn verði fyrir slysi á svæðinu.
2. Séu hlutir úr náttúrunni notaðir sem leikvallatæki eða sem hluti þeirra gilda sömu kröfur um þau og önnur leikvallatæki, eftir því sem við á.
3. Yfirborðsefni á leiksvæðum skulu valin með tilliti til hálfu og falls og viðeigandi skil skulu vera á milli mismunandi yfirborðsefna.
4. Leiksvæði skulu hönnuð með vatnshalla, vera vel framræst og þess gætt að vatn safnist ekki fyrir þannig að hætta stafi af.
5. Gæta skal að því að á leiksvæðum sé ekki eitruður gróður. Umhverfisstofnun gefur út lista yfir varasaman gróður.
6. Sé hluti leiksvæðis náttúrulegt svæði skal það yfirfarið og gengið þannig frá því að minnsta mögulega hætta sé á að börn verði fyrir slysi á svæðinu.
7. Á svæðum sem ætluð eru til vatnsleikja skal þess gætt við hönnun og frágang og rekstur að ekki skapist hætta af.
8. Við hönnun sleðabrekku skal miða við að rennslið niður sé óhindrað og án hættulegrar fyrirstöðu. Við hönnun skal miða við að rennslisflöturinn sé með setflöt efst, hæfilegum halla og bremsuflöt neðst. Þar sem þörf er á skal koma fyrir bólstruðum stöðvunarhindrunum.
9. Staðsetja skal hjólastíga á leiksvæðum þannig að þeir liggi ekki um lágmarksrými leikvallatækja. Þeir skulu vera minnst 120 cm breiðir, halli skal vera hæfilegur og hafa skal hindranir meðfram þar sem hætta er á falli. Lágmarksrými er það rými sem þörf er á umhverfis tækið svo hættulaust sé að nota það.
10. Um hönnun sandkassa gilda sömu kröfur og um önnur leikvallatæki.
11. Um stoðveggi, verkfærageymslur og önnur mannvirki á leiksvæðum gilda eftir því sem við á sömu kröfur og um leikvallatæki.

12. Á leiksvæðum er óheimilt að nota efnavörur eða hluti sem valdið geta heilsutjóni vegna geislunar, inntöku, innöndunar eða upptöku um húð. Val á efnunum skal standast ákvæði laga um eiturefni og hættuleg efni og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Um aðra notkun efna og efnavara vísast til staðalsins ÍST EN 71 um öryggi leikfanga.

Um gerð leiksvæða vísast að öðru leyti til RB-blaðs (V6). 003: Leiktæki og annar búnaður á útileiksvæði m.t.t. barna.

VIÐAUKI III Innra eftirlit.

Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun:

1. Reglubundna yfirlitsskoðun getur þurft að framkvæma daglega allt eftir notkun og álagi á leiksvæðinu. Tilgangur hennar er að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun. Dæmi um þetta er hættulegt rusl, skemmd leikvallatæki, lausar festingar leikvallatækja og marka, slitnir hreyfihlutir, flísar, útistandandi naglar og skrúfur og óvarðar undirstöður. Reglubundin yfirlitsskoðun felst einnig í að jafna yfirborðsefni undir leikvallatækjum með því að raka til mól og sand og sópa lausu efni af stéttum eftir þörfum. Þá skal við reglubundna yfirlitsskoðun fjarlægja skemmd leikföng og gera viðeigandi ráðstafanir til að taka bilaðan búnað úr umferð.
2. Rekstrarskoðun felst í verklegri yfirferð, viðhaldi og viðgerðum og gæti þurft að framkvæma hana á 1-3 mánaða fresti eftir notkun og álagi. Skoðuninni er ætlað að ganga úr skugga um að leikvallatæki virki eins og til er ætlast, stöðugleiki og festingar þeirra séu tryggar, kanna slitfleti, gera við tæki og framkvæma nauðsynlegt viðhald, svo sem mála, skipta um slitfleti, festa tæki og jafna undirlag. Hér er bæði unnið eftir leiðbeiningum framleiðanda og ábendingum frá reglubundinni yfirlitsskoðun.
3. Aðalskoðun er ástandsskoðun sem ætlað er að gera heildarúttekt á öryggi leikvallatækja, yfirborðsefna, m.a. yfirborðsefna til dempunar falls, og undirstaða undir leikvallatækjum (stöðugleikapróf), til dæmis vegna áhrifa veðrunar eins og ryðs og rotnunar á leikvallatæki og á yfirborðsefni. Einnig allar breytingar er geta haft áhrif á öryggi leikvallatækja. Þar má nefna áhrif viðgerða eða ísetningu nýrra hluta og uppsetningu nýrra tækja á leiksvæðum. Staðallinn segir til um að aðalskoðun eigi að vera framkvæmd af hæfum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda. Hæfni aðila fer eftir eðli verkefnis.

VIÐAUKI IV Staðlar um fótbolta-, handbolta- og hokkímörk og körfuboltaspjöld.

Eftirfarandi staðlar gilda um fótbolta-, handbolta- og hokkímörk og körfuboltaspjöld:

1. ÍST EN 748 Playing field equipment – Football goals – Functional and safety requirements, test methods.
2. ÍST EN 749 Playing field equipment – Handball goals – Functional and safety requirements, test methods.
3. ÍST EN 750 Playing field equipment – Hockey goals – Functional and safety requirements, test methods.
4. ÍST EN 1270 Playing field equipment – Basketball equipment – Functional and safety requirements, test methods.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kosningu Æskulýðsráðs ríkisins nr. 11/1989.

1. gr.

2. málslíður 2. mgr. 1. gr. fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 11. gr. laga nr. 24/1970 um æskulýðsmál og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 30. desember 2002.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

1. gr.

Fyrir táknmálsnámskeið fyrir einstakling ásamt námsefni skal innheimta kr. 10.000 og er þá miðað við 20 stunda námskeið. Fyrir táknmálsnámskeið fyrir hópa skal innheimta kr. 65.000 og er þá miðað við 20 stunda námskeið. Fyrir námskeið af annarri lengd skal greiða hlutfallslega miðað við stundafjölda. Forráðamenn heyrnarlausra barna skulu þó ekki greiða námskeiðsgjöld.

2. gr.

Fyrir ráðgjöf og túlkun skal innheimta kr. 4.300 á klst.

3. gr.

Stjórn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra ákveði verð myndabanda og námsefnis hverju sinni.

4. gr.

Fjárhæðir skv. 1. og 2. gr. eru bundnar við launavísitölu októbermánaðar 2002 sem Hagstofa Íslands reiknar út og skulu uppfærðar 1. desember ár hvert.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 129/1990 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 303/1998 fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Menntamálaráðuneytinu, 18. desember 2002.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 638/2001.

Við samþykktina bætist nýr viðauki, svohljóðandi:

VIÐAUKI V

Um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra Leikskóla Reykjavíkur.

1. gr.

Framkvæmdastjóri Leikskóla Reykjavíkur afgreiðir, án staðfestingar leikskólaráðs, mál sem því berast og talin eru upp í 2. gr., sbr. heimild í 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1988 og 63. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001.

2. gr.

Framkvæmdastjóra Leikskóla Reykjavíkur er heimilt að afgreiða veitingu starfsleyfa til dagmæðra og lögbundið eftirlit með þeirri starfsemi eins og kveðið er á um í reglugerð nr. 198/1992 um daggæslu barna í heimahúsum.

3. gr.

Afgreiðslur framkvæmdastjóra skv. 2. gr. skulu lagðar fram á næsta reglulegum fundi leikskólaráðs.

4. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu framkvæmdastjóra Leikskóla Reykjavíkur er honum heimilt að skjóta máli sínu til leikskólaráðs.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. 10. gr. og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. desember 2002.

F. h. r.

Garðar Jónsson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hér birt yfirlit yfir götur og svæði þar sem 30 km hámarkshraði gildir í Kópavogi í samræmi við áður samþykktar tilögur bæjarráðs Kópavogs og ákvarðanir lögreglustjórans í Kópavogi.

Í eftirfarandi hverfum og götum gildir 30 km/klst. hámarkshraði:

A. Á svæði vestan Hafnarfjarðarvegur.

1. Í hverfi sem afmarkast af Urðarbraut, Borgarholtsbraut, Hafnarfjarðarvegi og Kópa-

vogsbraut. Umferðarmerki B28.30 verði sett á Skjólbraut og Meðalbraut við Kópavogsbraut.

2. Á Urðarbraut milli Borgarholtsbrautar og Kópavogsbrautar.
3. Í Holtagerði milli nr. 12 og 52.
4. Í íbúðarhverfum norðan Kársnesbrautar á eftirfarandi götum: Huldubraut, Marbakka-braut, Sæbólsbraut og Helgubraut.

B. Á svæði austan Hafnarfjarðarvegjar og norðan Kópavogslækjar.

1. Í öllum íbúðarhverfum norðan Nýbýlavegjar. Umferðarmerki verði sett ásamt hliði á Birkigrund, Furugrund og Ástún við Nýbýlaveg.
2. Í hverfi milli Digranesvegjar og Álfhólsvegjar austur að Meltröð á eftirtöldum götum: Álfhólsvegi milli Vallartraðar og Meltraðar, Digranesvegi milli Vallartraðar og Meltraðar, Fannborg, Hrímborg, Neðstutröð, Vallartröð, Skólatröð, Hávegi, Álfatröð, Meltröð og Hamraborg austan Skeljabrekku.
3. Í hverfi næst Digraneskóla og Hjallaskóla. Umferðarmerki B28.30 ásamt hliði verði sett á Heiðarhjalla við Hlíðarhjalla, Digranesheiði við Digranesveg, Álfhólsveg við Túnbrekku, Þverbrekku við Nýbýlaveg, Álfabrekku við Nýbýlaveg, Valahjalla við Nýbýlaveg, Álfabeiði við Hlíðarhjalla og Skálaheiði við Hlíðarhjalla. Nánar tiltekið verði 30 km/klst. hámarkshraði á eftirtöldum götum: Heiðarhjalla Digranesheiði, Gnitaheiði, Gnýpuheiði, Lyngheiði, Tunguheiði, Melaheiði, Skálaheiði, Álfhólsvegi austan Túnbrekku, Þverbrekku, Álfabrekku, Hlaðbrekku, Fögrubrekku, Álfabeiði, Engihjalla, Valahjalla, Efstahjalla, Stórahjalla, Grænahjalla, Rauðahjalla, Litlahjalla, Fífuhjalla, Furu-hjalla og Fagrahjalla.
4. Í Bræðratungu, Grænutungu og Hrauntungu. Umferðarmerki B28.30 verði beggja vegna götu á Grænutungu við Hlíðarveg og Digranesveg og á Hrauntungu við Vogatungu.
5. Í Lundarbrekku og Löngubrekku.
6. Á Skemmuvegi, svört gata.

C. Á svæði sunnan Kópavogslækjar.

1. Í Kópavogsdal, hverfi sem afmarkast af Hafnarfjarðarvegi, Kópavogslæk, Digranesvegi, Dalvegi og Fífuhvammsvegi. Umferðarmerki B28.30 verði sett á Dalsmára við Fífuhvammsveg og á Dalsmára við Dalveg.
2. Í Nónhæð, þ.e. hverfi sem afmarkast af Fífuhvammsvegi, Smárahvammsvegi og Arnarnesvegi. Umferðarmerki B28.30 ásamt hliði verði sett á Arnarsmára við Fífuhvammsveg, Gullsmára við Smárahvammsveg og Dalsmára annars vegar við Fífuhvammsveg og hins vegar við Smárahvammsveg.
3. Í Galtalind, aðalgata ásamt þvergötum. Umferðarmerki B28.30 verði sett á Galtalind við Hlíðardalsveg.
4. Í Lindum I, þ.e. hverfi sem afmarkast af Lindarvegi að vestan og Fífuhvammsvegi að austan. Umferðarmerki B28.30 ásamt hliði verði sett á Fitjalind annars vegar við Lindarveg og hins vegar við Fífuhvammsveg.
5. Á eftirtöldum götum í Lindahverfi: Núpaland, Múlaland, Melaland, Mánaland, Ljósaland, Laxaland, Laugalind, Kópalind, Krossaland, Köldulind, Jörfaland, Jöklaland, Ísalind, Iðaland og Geislaland.
6. Öllum götum í Salahverfi nema Salvegi og Hvammsvegi. Nánar tiltekið er um eftirfarandi götur að ræða: Ársali, Björtusali, Blásali, Dynsali, Fensali, Forsali, Glósali, Goðasali, Hásali, Hlynsali, Jórsali, Jötunsali, Kórsali, Logasali, Lómasali, Miðsali, Rjúpnasali, Roðasali, Skjólalsali, Sólarsali, Straumsali og Suðursali.

Að því marki sem ákvarðanir hér að framan hafi ekki áður verið birtar öðlast þær gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Lögreglustjórnin í Kópavogi, 27. desember 2002.

Þorleifur Pálsson.

AUGLÝSING

um yfirlit vaxta fyrir árið 2002.

Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, birtir Seðlabanki Íslands hér með töflu er sýnir vexti samkvæmt þessari málsgrein á hverjum tíma, tímabilið janúar til desember 2002, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

Reykjavík, 30. desember 2002.

Seðlabanki Íslands,

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Sveinn E. Sigurðsson
framkvæmdastjóri.

Tafla um vexti fyrir árið 2002.

Í töflunni eru sýndir vextir alls á ári sem birtir hafa verið samkvæmt 10. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.¹⁾

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní
I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum²⁾						
1. Grunnur dráttarvaxta	10,1	10,1	10,1	10,1	10,1	10,1
2. Vanefndaálag	11,9	11,9	11,9	11,9	11,9	11,9
3. Dráttarvextir.....	22,0	22,0	22,0	22,0	22,0	22,0
II. Almennir vextir³⁾						
1. Vextir óverðtryggðra lána	14,0	14,0	14,0	14,0	13,0	12,0
2. Vextir verðtryggðra lána	7,7	7,7	7,7	7,7	7,7	7,7
3. Vextir af skaðabótakröfum...	9,5	9,5	9,5	9,5	8,5	8,0
III. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendra mynt⁴⁾						
1. Bandaríkjadollurum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5
2. Sterlingspundum.....	7,5	7,5	7,5	7,5	7,5	7,5
3. Dönskum krónum.....	7,0	7,0	7,0	7,0	7,0	7,0
4. Norskum krónum.....	10,5	10,5	10,5	10,0	10,0	10,0
5. Sænskum krónum.....	7,0	7,0	7,0	7,0	7,0	7,0
6. Svissneskum frónkum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5
7. Japönskum jenum.....	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
8. Evrum	6,5	6,5	6,5	6,5	6,5	6,5

	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum²⁾						
1. Grunnur dráttarvaxta	8,8	8,8	8,8	8,8	8,8	8,8
2. Vanefndaálag	11,7	11,7	11,7	11,7	11,7	11,7
3. Dráttarvextir.....	20,5	20,5	20,5	20,5	20,5	20,5
II. Almennir vextir³⁾						
1. Vextir óverðtryggðra lána	12,0	12,0	11,5	10,5	10,0	9,5
2. Vextir verðtryggðra lána	7,7	7,7	7,7	7,7	7,5	7,1
3. Vextir af skaðabótakröfum...	8,0	8,0	7,7	7,0	6,7	6,3
III. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt⁴⁾						
1. Bandaríkjadollurum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5
2. Sterlingspundum.....	7,5	7,5	7,5	7,5	7,5	7,5
3. Dönskum krónum.....	7,0	7,0	7,0	6,5	6,5	6,5
4. Norskum krónum.....	10,0	10,0	10,5	10,5	10,5	10,5
5. Sænskum krónum.....	7,0	7,0	7,0	7,0	7,0	7,0
6. Svissneskum frónkum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5
7. Japönskum jenum.....	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
8. Evrum	6,5	6,5	6,5	6,5	6,5	6,5

¹⁾ Vextir taka gildi í upphafi mánaðar.

²⁾ Birt samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

³⁾ Birt samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. laga nr. 38/2001.

⁴⁾ Birt samkvæmt 3. mgr. 10. gr., sbr. bráðabirgðaákvæði III í lögum nr. 38/2001.

REGLUGERÐ

um uppruna og ræktun íslenska hestsins.

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til uppruna og ræktunar íslenska hestsins. Reglugerðin er sett til að fylgja eftir sameiginlegri yfirlýsingu landbúnaðarráðuneytisins og Alþjóðasambands Íslandshestafélaga (FEIF), sbr. yfirlýsingu í viðauka I.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Ættbók*, er skrá sem inniheldur upplýsingar um kynbótagripi í búfjárstofni.
2. *Upprunaættbók*, er ættbók sem inniheldur upplýsingar um þá gripi í búfjárstofni sem rekja má allan stofninn til.
3. *Fengur*, er upprunaættbók íslenska hestsins sem inniheldur upplýsingar og skrá um hross fædd á Íslandi.
4. *Hreinræktuð íslensk hross*, eru eingöngu þau hross sem fædd eru á Íslandi eða geta rakið alla ætt sína til hrossa í upprunaættbók íslenska hestsins.
5. *WorldFengur*, er alþjóðaskrá yfir íslensk hross sem inniheldur Feng auk upplýsinga um íslensk hross fædd erlendis.

6. *FEIF*, eru Alþjóðasamtök Íslandshestafélaga. Samtökin eru m.a. samstarfsvettvangur alþjóðasamfélagsins um hreinræktun íslenska hestakynsins.
7. *Fæðingarnúmer*, er einkvæmt númer sem hverju hrossi er gefið sem skráð er í Feng eða WorldFeng. Númerið fylgir hrossinu alla tíð þó svo að það sé selt eða flutt á milli landa.

3. gr.

Upprunalandið.

Ísland er upprunaland íslenska hestsins.

4. gr.

Ættbók og alþjóðaskrá.

Bændasamtök Íslands halda upprunaættbók íslenska hestsins (Fengur) og bera ábyrgð á að færa í hana upplýsingar um kynbótahross sem eru fædd og alin á Íslandi og uppfylla að öðru leyti skilyrði þessarar reglugerðar. Bændasamtök Íslands gefa út vottorð þar sem fram kemur að hross uppfylli skilyrði þess að geta talist hreinræktað íslenskt hross og gefa einnig út vottunarskjöl fyrir sæði, egg og fósturvísa þeirra.

Bændasamtök Íslands halda alþjóðaskrá yfir íslensk hross í samvinnu við Alþjóðasamband Íslandshestafélaga og aðildarfélög þess sem nefnist WorldFengur.

Einungis ræktunarfélögum íslenska hestsins sem fengið hafa viðurkenningu opinbers aðila í viðkomandi landi eða Alþjóðasambands Íslandshestafélaga er heimilt að halda ættbók um íslensk hross á félagssvæðum sínum. Öll hross sem skráð eru í þessar viðurkenndu ættbækur eða alþjóðaskrána skulu geta rakið alla ætt sína til upprunaættbókar íslenska hestsins (Fengur). Aðeins þau hross sem uppfylla þetta skilyrði teljast hæf til skráningar í WorldFeng.

Bændasamtök Íslands skulu standa fyrir náinni samvinnu við félög eða samtök sem færa ættbók íslenskra hrossa með það að markmiði að miðla upplýsingum og stuðla að lausn ágreinings sem upp kann að koma.

Við sölu á skráðum kynbótahrossum milli landa skulu upplýsingar um þau færð inn í ættbók viðtökulands undir sama heiti og fæðingarnúmeri og þau voru skráð í sölulandi, ásamt öðrum upplýsingum sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð. Heimilt er að gefa hrossum annað nafn í nýjum heimkynnum að því tilskildu að upprunalegt nafn sé skráð innan sviga í ættbók nýja landsins á meðan hrossið lifir. Sömu reglur skulu gilda um skráningu við sölu annarra hrossa.

5. gr.

Skilyrði skráningar.

Eingöngu er heimilt að skrá í WorldFeng hross sem uppfylla skilyrði 3. og 4. gr. reglugerðar þessarar.

Folald má færa í viðurkennda ættbók viðkomandi hrossaræktarfélags eða í WorldFeng að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Þegar bæði faðir og móðir eru skráð í viðurkennda ættbók eða WorldFeng.
2. Fyljunarvottorð hafi verið sent til Bændasamtaka Íslands eða FEIF eða aðildarfélags FEIF, eftir því sem við á, fyrir 31. desember árið sem hryssan festi fang.
3. Fang- og folaldaskýrsla hafi borist Bændasamtökum Íslands eða ræktunarfélagi í Alþjóðasambandi Íslandshestafélaga fyrir 31. desember ár hvert.
4. Vottorð um einstaklingsmerkingu hafi borist Bændasamtökum Íslands eða aðildarfélagi í Alþjóðasambandi Íslandshestafélaga fyrir 1. mars árið eftir að folaldið fæðist. Öll hross sem skrá skal í ættbók eða WorldFeng skulu einstaklingsmerkt með örmerki og/eða frostmerki.

Heimilt er að skrá öll önnur hross í viðurkennda ættbók eða WorldFeng, með fullgildum hætti, að undangenginni ætternisgreiningu með blóðflokkun eða DNA-greiningu.

6. gr.

Kynbótamarkmið, kynbótadómar og sýningar.

Varðandi kynbótamarkmið, -dóma og -mat, sýningahald og skipun dómnefnda skal farið eftir reglum sem birtar eru í viðauka II með þessari reglugerð.

7. gr.

Ráðgjafanefnd.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd til að vera ráðgefandi við mótun, framkvæmd og breytingar á þeim reglum sem getið er í viðauka II. Nefndin hafi það að leiðarljósi að tryggja fagleg vinnubrögð og alþjóðlega sátt um reglurnar. Nefndin er samráðsvettvangur íslenskra stjórnvalda, Bændasamtaka Íslands og alþjóðasamfélagsins um ræktun íslenska hestsins. Nefndin er einnig til ráðgjafar um önnur atriði sem tengjast reglugerð þessari. Í nefndinni eiga sæti; landsráðunautur í hrossarækt, ræktunarfulltrúi FEIF auk formanns sem landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar.

8. gr.

Upprunavottorð/hestavegabréf.

Hrossum sem flutt eru frá Íslandi skal fylgja upprunavottorð/hestavegabréf, frá Bændasamtökum Íslands er staðfesti uppruna, ætterni og hver sé eigandi þess við útflutning, sbr. reglugerð nr. 449/2002 um útflutning hrossa ásamt síðari breytingum.

Eftirfarandi upplýsingar skulu vera í upprunavottorðinu/hestavegabréfinu:

1. Fæðingarnúmer hrossins.
2. Nafn og uppruni hrossins.
3. Fæðingarár.
4. Merkingaraðferð og tegund merkis eða merkja (örmerki, frostmerki).
5. Upplýsingar um auðkenni og lit þ.m.t. teikning af hrossi frá báðum hliðum og séð bæði framan og aftan frá, einnig háls séður neðanfrá og granir. Á myndunum skulu koma fram litir, eyrna- og brennimörk svo og önnur sérstök auðkenni.
6. Foreldrar í fjóra ættliði með fæðingarnúmerum.
7. Nafn, kennitala og heimilisfang ræktanda.
8. Nafn, kennitala og heimilisfang eiganda við útflutning.

9. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða sektum. Með mál út af brotum á reglugerðinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 19. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og með vísan til III. kafla búnaðarlaga og öðlast þegar gildi. Reglugerðin er sett með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/427/EBE og ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar nr. 92/353/EBE, 92/354/EBE, 96/78/EB og 96/79/EB og öðlast þegar gildi.

Reglugerðinni fylgir viðauki I.

Samhliða gildistöku fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 613/2001.

11. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 1. janúar 2006 er heimilt að skrá í WorldFeng, hross sem fædd eru á Íslandi, og því sannanlega hreinræktuð, þ.e. uppfylla skilyrði 3. og 4. gr., þó svo þau uppfylli ekki öll skilyrði 5. gr. reglugerðar þessarar.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. desember 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

VIÐAUKI I

Ræktunarmarkmið og reglur um mat íslenskra kynbótahrossa.

I. Inngangur.

Opinbert ræktunarstarf í íslenskri hrossarækt á sér lagastoð í búnaðarlögum (nr. 70/1998) en þar kemur fram að Bændasamtök Íslands hafa á hendi faglega yfirlit með því starfi í umboði og samkvæmt samningi við landbúnaðarráðherra en hann hefur á hendi yfirstjórn allra mála sem lögin taka til.

Í búnaðarlögunum er kveðið á um að í hverri búgrein skuli starfa landsráðunautur en hann hefur landið allt sem starfssvæði og skal hafa yfirlit með leiðbeiningum, kynbótum og ræktun, þar með talið kynbótadómum og kynbótamati, í viðkomandi búgrein.

Í lögum er einnig kveðið á um að fyrir hverja búgrein skuli starfa svokallað fagráð. Fagráð móta stefnu í kynbótum og þróunarstarfi viðkomandi búgreinar, skilgreina ræktunarmarkmið og setja reglur um framkvæmd meginþátta ræktunarstarfsins. Enn fremur móta þau tillögur um stefnu í fræðslumálum og rannsóknnum búgreinarinnar og fjalla um önnur mál sem vísað er þangað til umsagnar og afgreiðslu. Í fagráðum skulu sitja menn úr hópi starfandi bænda. Þá skal landsráðunautur sitja í fagráði og jafnframt skulu sitja í fagráðum eða starfa með þeim sérfróðir aðilar. Fagráð skulu hljóta staðfestingu landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands. Samkvæmt búnaðarlögum er það í verkahring fagráðs hverrar búgreinar að meta þörf fyrir kynbótadóma og sýningar búfjár í viðkomandi búgrein og gera tillögur til Bændasamtaka Íslands og viðkomandi aðildarfélaganna um dómstörf og sýningahald. Þær reglur sem gilda um sýningar á íslenskum kynbótahrossum, og koma fram í þessum texta, eru unnar af landsráðunauti í hrossarækt í samvinnu við fagráð hrossaræktar og sérfræðinga á vegum þess auk fulltrúa ræktunarmála hjá alþjóðasambandi íslenskra hesta-eigenda (FEIF). Þessar reglur eru síðan staðfestar af landbúnaðarráðherra sem fer með yfirstjórn þeirra mála sem búnaðarlögin taka til.

Hið opinbera ræktunarstarf í hrossarækt byggist að stórum hluta á einstaklingssýningum kynbótahrossa og afkvæmasýningum þar sem um er að ræða árlegar héraðssýningar víðs vegar eftir þörfum auk landssýninga. Í köflum 1 til 5 hér á eftir eru settar fram þær reglur sem gilda hvað varðar slíkar sýningar og gilda almennt um kynbótadóma á íslenskum hrossum.

Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um uppruna og ræktun íslenska hestsins, sem staðfest hefur verið af ráðherra, mun sérstök nefnd hafa umsjón með reglum þessum sem tryggja skuli fagleg vinnubrögð og fjölbjóðlega sátt um reglurnar.

II. Ræktunarmarkmið fyrir íslenska hrossakynið.

Almenn ræktunarmarkmið.

Heilbrigði, frjósemi, ending.

Hið opinbera ræktunartakmark miðar að því að rækta heilbrigðan, frjósaman og endingargóðan hest – hraustan íslenskan hest.

Litir.

Hið opinbera ræktunartakmark er að viðhalda öllum mögulegum litaafbrigðum innan stofnsins.

Stærð.

Hið opinbera ræktunartakmark gefur færi á allmiklum breytileika hvað varðar stærð hrossanna. Almennt er talið að heppileg stærð sé á bilinu 135 til 145 cm á hæstar herðar mælt á stöng.

Sérstök ræktunarmarkmið.

Sköpulag almennt.

Almennt er stefnt að því að rækta hina léttbyggðari gerð íslenska hestsins með mikilli áherslu á styrk, skrokkmýkt og vöðvastælt líkamsbyggingu. Sköpulagið á að stuðla að mikilli ganghæfni og eðlisgóðum höfuðburði og á sama tíma að taka mið af almennt viðurkenndum fagurfræðilegum þáttum.

Sköpulag nánar.

Vísað til einkunnarinnar 10 fyrir eiginleikana höfuð, háls, herðar og bóga, bak og lend, samræmi, fótagerð, réttleika, hófa, prúðleika á fax og tagl.

Reiðhestshæfileikar almennt.

Almennt er stefnt að því að rækta fjölhæfan, taktfastan og öruggan, viljugan og geðprúðan hest sem fer glæsilega í reið - hinn íslenska gæðing.

Reiðhestshæfileikar nánar.

Vísað til lýsingar á einkunninni 10 fyrir eiginleikana tölt, brokk, skeið, stökk, vilja og geðslag, fegurð í reið og fet.

Vægi einstakra eiginleika:

Sköpulag		Reiðhestshæfileikar	
Höfuð	3%	Tölt	15%
Háls, herðar og bógar	10%	Brokk	7,5%
Bak og lend	3%	Skeið	9%
Samræmi	7,5%	Stökk	4,5%
Fótagerð	6%	Vilji og geðslag	12,5%
Réttleiki	3%	Fegurð í reið	10%
Hófar	6%	Fet	1,5%
Prúðleiki	1,5%		
Samtals:	40%		60%

III. Reglur um kynbótasýningar.

Starfsfólk og verkswið þess:

- Kynbótadómarar á Íslandi skulu hafa lokið framhaldsmenntun í búfjárfræðum og þurfa að hafa staðist sérstakt hæfnispróf Bændasamtaka Íslands. Hvað varðar kröfur til dómara á alþjóðavettvangi þá setur FEIF sérstakar reglur þar um.
- Á hverri kynbótasýningu starfa að jafnaði 3 dómarar og hafa samráð um einkunnir. Skipaður er formaður í hverri dómnefnd en hlutverk formanns er að sjá til að dómstörf gangi vel fyrir sig og að niðurstaða fáiast.
- Á stærri sýningum getur þurft að skipa sýningarstjóra, mælingamann, tölvara og þul allt eftir stærðargráðu mótsins.

Almennt verklag:

- Kynbótadómar fara þannig fram að fyrst koma hross til sköpulagsdóms en síðan til dóms á reiðhesthæfileikum. Þegar öll hross á sýningu hafa komið til dóms er haldin sérstök yfirlitssýning þar sem öll hæfileikadæmd hross eiga þátttökurétt. Á sýningum sem standa í viku eða lengur er heimilt að skipta yfirlitssýningum upp á fleiri daga.

Vellir og önnur aðstaða:

Fyrir sköpulagsdóm:

- Þar sem aðstæður eru fyrir hendi skulu mælingar og dómar á sköpulagsþáttum fara fram innandyra (reiðhöll). Við byggingardóm skal vera fyrir hendi 20-30 m löng og 2-3 m breið afmörkuð og slétt braut.

Fyrir hæfileikadóm:

- Hæfileikar skulu sýndir á beinni braut u.þ.b. 250-300 m langri og 4-6 m breiðri sem er vel afmörkuð en þó opin í báða enda.
- Yfirlag brautarinnar sé sambærilegt yfirlagi góðra keppnisvalla, þess skal gætt að yfirlagið sé slétt og vel valtað. Eins skal þess gætt eins og kostur er að brautin sé í sambærilegu ástandi út alla sýninguna. Þá skal þess gætt sem frekast er unnt að utanaðkomandi umferð trufli ekki.
- Brautin skal vera afmörkuð í tíma áður en dómstörf hefjast og aðstæður yfirfarnar af mótshaldara og fulltrúa dómnefndar.
- Dómarar skulu hafa góða vinnuaðstöðu og hindrunarlausa yfirsýn fyrir miðri braut í u.þ.b. 25-40 m fjarlægð.
- Við hæfileikadóm eru notaðar að hámarki 5 ferðir í hvora átt eftir brautinni til að sýna reiðhestkosti grípsins.
- Á yfirlitssýningu eru 2-4 hross í braut í einu allt eftir aðstæðum og fjölda hrossa og notaðar eru að hámarki 3 ferðir í hvora átt eftir brautinni. Þar er dómurum heimilt að hækka fyrri dóm á einstökum reiðhestkostum komi hrossið betur fyrir.

Um hestinn:

- Hross sem koma til kynbótadóms skulu vera vel undirbúin, hraust og ósár, vel fóðruð og hirt. Hross sem sýnd eru í reið skulu hafa náð 4 vetra aldri miðað við almanaksárið.
- Öll hross sem koma til kynbótadóms skulu vera grunnskráð í Feng og einstaklingsmerkt (örmerki/frostmerki). Starfsmenn sýningarinnar sjá um að samlesa einstaklingsmerkið við grunnskráningu.
- Allir stóðhestar sem koma til kynbótadóms skulu vera blóðflokkaðir eða DNA-greindir til staðfestingar á ætterni.

Járningar:

- Hross sem sýnd eru í reið skulu vera járnúð. Járningin skal vera vönduð sem kostur er, eðlilegt samræmi sé milli tálgunar fram- og afturhófa og hófhalli samsvari halla kjúkunnar. Hófar mega ekki vera lengri en 9,0 cm. Undantekningu frá þessari reglu má þó

gera þegar hæð á herðar mælist 137 cm eða meira, mælt með stangarmáli, en þá má hóflengdin vera allt að 9,5 cm. Ekki má muna meiru en 2 cm á lengd framhófa og afturhófa. Hámarksþykkt skeifna er 8 mm og hámarksbreidd 22 mm. Skeifurnar skulu vera samstæðar og úr samskonar efni. Efni skeifnanna hafi ekki meiri eðlisþyngd en hefðbundið skeifnajárn. Skeifurnar séu af hæfilegri stærð miðað við hófa og ekki má muna meiru í þykkt en 2 mm á fram- og afturfótaskeifum. Leyfilegt er að nota skafra, tvo í hverja skeifu, en þeir séu þá að hámarki (lengd*breidd*hæð) 15 mm * 15 mm * 12 mm. Afbriðileg járnung, s.s. uppsteyptir hófar, er óheimil. Pottun skeifna er óheimil.

Reiðtygi og annar búnaður:

Hnakkar: Heimilt er að nota alla hnakka og hnakkígildi sem ekki valda hrossinu óþægindum eða særindum og hæfa íslenskum hrossum.

Beislabúnaður: Hann skal fara vel, vera rétt stilltur og ekki valda hestinum eymslum eða særindum.

- **Beislismél:** Lengd þeirra skal vera jöfn eða allt að 1 cm lengri en munnbreidd hestsins. Þykkt að lágmarki 10 mm. Mélin geta verið heil (án liðamóta) eða með einum eða tveimur liðum. Yfirborð mélanna má ekki vera hrjúft eða gróft s.s. snúin mél, grófkorna eða ásoðin. Beislismél sem uppfylla framangreind skilyrði má nota við allar tegundir hringaméla, íslenskar stangir, hálfstangir og tvítaumsstangir (Pelhamstangir).
- **Íslenskar stangir:** Heildarlengd að hámarki 19 cm fyrir utan lausan hring.
- **Tvítaumsstangir (Pelhamstangir):** Hámarkslengd 16 cm fyrir utan lausan hring. Fyrir neðan mél allt að 12 cm og fyrir ofan mél að minnsta kosti 4 cm.
- **Hálfstangir (án keðju):** Heildarlengd allt að 14 cm.
- **Reiðmúlar:** Með hringamélum er heimilt að nota enskan múl (með eða án skáreima), þýskan múl, mexíkóskan múl og spangamúl. Með íslenskum stöngum, hálfstöngum og tvítaumsstöngum er heimilt að nota enskan múl (með eða án skáreima) eða mexíkóskan múl.
- Óheimilt er að nota beislabúnað sem ekki er í samræmi við framangreindar reglur. Dómnefnd getur veitt undanþágu á reglum þessum til notkunar á málalausum beislabúnaði ef ástæða þykir til.

Keyri: Leyfilegt er að nota písk, hámarkslengd 120 cm.

Fótahlífar: Þær séu að hámarki 120 gr. (samanlagður þungi á hvern fót þ.e. legghlífar og hófhlífar) og í dökkum lit, svartar eða dökkbrúnar. Ef hlífar eru notaðar í hæfileikadómi þá skal sami búnaður notaður út alla sýninguna. Ef hlíf dettur af þá skal henni komið fyrir aftur áður en lengra er haldið.

Um knapa og umráðamenn:

- Sami knapi sýni hrossin í einni og sömu sýningunni. Knapar skulu vera allsgáðir og sýni þrúðmannlega reiðmennsku og þeir ásamt umráðamönnum hrossins sýni einnig kurteisni og háttvísi í framkomu. Að öðrum kosti getur dómnefnd áminnt viðkomandi eða vísað frá sýningu.
- Verði knapi í kynbótasýningu uppvís af því að hestur hans greinist með ólögleg lyf, sbr. lyfjareglugerð (nr. 635/1996), hlýtur hann dóm samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðareglum þar um. Hafi knapi gerst brotlegur samkvæmt lyfjareglugerð Landsambands hestamannafélaga (LH) eða FEIF gildir sá dómur sem hann hlýtur einnig í kynbótasýningum.
- Notkun reiðhjálma er skylda.

IV. Reglur um afkvæmasýningar.

Sömu reglur um búnað og annað hvað varðar afkvæmasýningar og talið er upp fyrir kynbótasýningar hér á undan. Hvað varðar járnningar þá er heimild fyrir ákveðnu fráviki þegar um er að ræða afkvæmi sem tekur þátt í öðrum sýningaratriðum sama móts. Þá er heimilt að fara eftir reglum LH/FEIF um járningu en einungis ef sönnun liggur fyrir um þátttöku hrossins í gæðinga- eða íþróttakeppni á sama móti. Þetta á þó eingöngu við um þátttöku afkvæmis í afkvæmasýningunni sjálfri en ekki ef um er að ræða sýningu til kynbótadóms á afkvæminu sjálfu.

- Lágmörk til verðlauna fyrir afkvæmi eru sem hér segir:
-Stóðhestar 1. verðlauna fyrir afkvæmi: (annað tveggja eftirfarandi)
 120 stig í aðaleinkunn kynbótamats og a.m.k. 15 dæmd afkvæmi
 115 stig í aðaleinkunn kynbótamats og a.m.k. 30 dæmd afkvæmi
-Stóðhestar heiðursverðlaun:
 120 stig í aðaleinkunn kynbótamats og a.m.k. 50 dæmd afkvæmi
-Hryssur heiðursverðlaun:
 120 stig í aðaleinkunn kynbótamats og a.m.k. 5 dæmd afkvæmi
- Fjöldi afkvæma sem fylgja í sýningu skal vera sem hér segir: stóðhestar heiðursverðlaun 12; stóðhestar 1. verðlaun 6; hryssur heiðursverðlaun 4. Um útfærslu á sýningu skal samráð haft við sýningarstjórn og mótshaldara á hverjum stað.
- Öll afkvæmi sem koma fram í afkvæmasýningu skulu hafa hlotið kynbótadóm
- Afkvæmahross geta einungis komið einu sinni til þátttöku í hvert verðlaunastig á landsmótum þ.e. 1. verðlaun og heiðursverðlaun og þau þurfa að vera á lífi í viðkomandi landi. Eignarhald skiptir engu um þátttöku né verðlaunun.
- Dómnefnd skal að aflokinni afkvæmasýningu semja dómsorð er lýsi þeim meginþáttum sem einkenna afkvæmahópinn.

V. Skrokkmál.

Stóðhestar skulu mældir með bandi, stöng, boga og skíðmáli á eftirtalinn hátt: Bandmál öll, stangarmál öll og skíðmál. Hryssur skulu mældar a.m.k. eftirtöldum málum: bandmáli um framhné og legg og stangarmáli á hæstar herðar, lend, brjóstskýpt og lengd. Hófalengd skal mæld á öllum hrossum.

Stangarmál:

Hæð á hæstar herðar.

Hæð á lægst bak.

Hæð á hæsta lend.

Brjóstskýpt mæld frá hæsta punkti herðakambs á bringubein aftan armleggs.

Bollengd mæld frá bóghnútu og aftur á aftasta punkt vöðva aftan setbeins.

Bogmál:

Brjóstbreidd um bóghnútur.

Mjaðmarbreidd um mjaðmarhorn.

Mjaðmarbreidd um lærleggstoppa.

Bandmál:

Ummál um sverast framhné.

Ummál um grennstan framfótlegg.

Skíðmál:

Breidd leggs og sina á fótlegg neðan framhnés.

Vinstri framhófur frá hófhvarfi og fram í tá.

Vinstri afturhófur frá hófhvarfi og fram í tá.

VI. Stigunarkvarði einstaklingsdóma.

Höfuð.

9,5 - 10:

-Mjög frítt og fínlegt höfuð. Eyrn þunn og fínleg, hæfilega lokuð og vel sett. Stórt, opið og næmt, fjörlegt auga og falleg augnaumgjörð. Húðin þunn og fínhærð. Kjálkarnir þunnir og hæfilega grunnir og góð gleidd á milli þeirra. Neflína bein og nasir flenntar.

9,0:

-Frítt og fínlegt, gallalaust höfuð.

8,5:

-Mjög myndarlegt, svipmikið höfuð.

-Frítt, fínlegt höfuð.

8,0:

-Myndarlegt höfuð, svipmikið má vera nokkuð gróft eða hlutfallslega stórt ef það er að öðru leyti gallalítið.

-Svipgott höfuð, gallalítið.

-Mjög frítt höfuð en með einhvern galla í talsverðum mæli.

7,5:

-Þokkalegt gallalítið höfuð, hvergi gott.

-Góðir þættir í höfuðgerðinni geta vegið upp nokkur lýti.

7,0:

-Ófrítt svipljótt höfuð.

-Þungt (holdugt) höfuð.

-Djúpir, þykkir kjálkar.

-Smá augu sem sitja djúpt.

-Slæm eyrnastaða.

-Gróf eyru.

-Nokkurt frávik frá beinni neflínu.

-Mjög stutt munnvik.

Sambærilegar reglur gilda um einn galla eða fleiri og lýst er hér að neðan (einkunn 6,5 og lægra).

6,5 og lægra:

-Mjög gróft og hlutfallslega stórt höfuð.

-Mjög slæm eyrnastaða og illa gerð eyru.

-Mikið frávik frá beinni neflínu.

-Mikill ófríðleiki.

Einkunnin 6,5 eða lægri er gefin ef einn ofantalinna galla lýta höfuðið í afar ríkum mæli en mjög fátt prýðir. Einnig gæti einkunn á þessu bili komið til þótt gallarnir séu ekki í afar ríkum mæli hver og einn, séu þeir fleiri en einn og fátt prýði, sjá einnig í upptalningu við einkunn 7,0.

Háls, herðar og bógar.

9,5 - 10:

-Langur, háreistur, afar fíngerður háls, úrvalsgóð hnakkabeygja, hálsinn greinist fagurlega frá bolnum, háar og vel lagaðar herðar, bógar skásettir.

9,0:

-Langur, háreistur, fremur fíngerður háls en dýpt ívið of mikil um brjóst, úrvals góð hnakkabeygja, háar vel lagaðar herðar, bógar skásettir.

-Vel í meðallagi langur, vel reistur, þunnur og fíngerður háls, hnakkabeygja góð, háar og vel lagaðar herðar, bógar skásettir.

8,5:

-Háreistur, meðallangur og full sver en vel settur háls, hnakkabeygja góð, háar og vel lagaðar herðar, skásettir bógar.

-Langur, þokkalega reistur, fíngerður, bærilega settur háls, háar og vel lagaðar herðar, skásettir bógar.

-Langur, vel reistur, fíngerður háls, háar og vel lagaðar herðar, en full beinir bógar.

-Langur, vel reistur, fíngerður háls, rétt þokkalegar herðar, en vel skásettir bógar.

-Langur, vel reistur, fíngerður háls, en hnakkabeygja þó ekki nógu góð, háar og vel lagaðar herðar, bógar skásettir.

8,0:

-Reistur og mjúkur, þokkalega langur en djúpur og of sver háls, herðar háar, bógar skásettir.

-Langur grannur, vel settur háls, allgóð hnakkabeygja en herðar full lágar, bógsetning í lagi.

-Vel reistur háls en frambygging að öðru leyti í meðallagi.

7,5:

-Þokkaleg frambygging en hvergi góð.

-Reising í meðallagi, háls of stuttur, þykkur og/eða djúpur, herðar vellagaðar (háar og vel breiðar), bógar vel skásettir.

-Háls langur og vel gerður en of lágt settur, herðar lágar og bógar beinir.

-Reistur háls en áberandi mikill hjartarháls og/eða mikið taumaslöður, frambygging að öðru leyti þokkaleg.

7,0:

-Mikill hjartarháls.

-Holdfyllt kverk.

-Mikið taumaslöður.

Þetta þrennt er til viðbótar upptalningu fyrir einkunn 6,5 eða lægri. Sambærilegar reglur gilda um einkunn eins og lýst er hér að neðan (6,5 og lægra), þ.e. taka skal tillit til fjölda og eðlis lýta í sköpulagi frambyggingar.

6,5 og lægra:

-Háls er mjög lágt settur.

-Háls er mjög djúpur.

-Háls er mjög stuttur.

-Herðar eru mjög lágar og flatar.

-Bógar eru mjög beinir.

-Bógar eru mjög fast bundnir.

Einkunnin 6,5 eða lægri er gefin ef einhverjir gallar lýta frambygginguna í afar ríkum mæli en mjög fátt prýðir. Einnig gæti einkunn á þessu bili komið til þótt gallarnir séu ekki í afar ríkum mæli hver og einn, séu þeir margir og fátt prýði, sjá einnig skýringar við einkunn 7,0.

Kröfur um finleika hálsgerðarinnar eru ekki hinar sömu hvað stóðhesta varðar og hryssur eða gelta hesta.

Áður en einkunn fyrir háls, herðar og bóga er endanlega ákvörðuð skal dómnefnd skoða hvernig hrossinu nýtist frambyggingin í reið, hvað varðar fótburð, framtak, reisingu og hnakkabeygju.

Bak og lend.

9,5 - 10:

-Einstök úrvalsgerð yfirlínu: Bakið er mjúkt og fjaðurmagnað, hæfilega langt, vel breitt og vöðvað. Hrygglinan er mjúk aftur í krossbein. Lendin er fögur, löng, hæfilega brött, jafnvaxin, fyllt, lærin eru löng og hafa mikla og djúpa vöðvafyllingu. Taglið er fagurlega sett.

9,0:

-Mjög vel sköpuð yfirlína.

-Sérlega vel skapað bak eða lend getur vegið upp fremur gott sköpulag hins líkamshlutans ef samskeyti baks og lendar eru vel gerð.

8,5:

-Vel sköpuð yfirlína.

-Sérlega vel skapað bak eða lend getur vegið upp þökkalegt sköpulag hins líkamshlutans ef samskeyti baks og lendar eru góð.

8,0:

-Fremur gott sköpulag yfirlínunnar.

-Vel skapað bak; mjúkt, breitt og vel vöðvað, góð samskeyti baks og lendar. Lendin er þökkalega gerð en hvergi góð.

-Þökkalega gert bak; ekki mjög hart, söðulbakað, né stífleiki í spjaldi. Vel sköpuð lend; löng, hæfilega brött, jafnvaxin og fyllt.

7,5:

-Þökkalegt sköpulag baks, lendar og samskeyta þeirra en hvergi gott (þökkalega gerð yfirlína).

-Gott sköpulag baks og lendar getur náð að vinna upp nokkur lýti á yfirlínunni.

7,0:

-Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða.

6,5 og lægra:

-Kryppa í baki eða spjaldhrygg.

-Mjög mikið söðulbak.

-Mjög gölluð samskeyti baks og lendar.

-Mjög stutt bak eða mjög langt.

-Mjög mjótt bak, illa vöðvað.

-Mjög afturdregin lend.

-Afar grófgerð lend.

-Mjög stutt, grunn, flöt eða þúfulaga lend.

-Mjög framhallandi bak.

Við einkunnagjöf skal taka tillit til fjölda lýta og hversu stórfelld þau eru, sbr. fyrr.

Samræmi.

9,5 - 10:

-Glæst heildarmynd. Hrossið hafi lofthæð, sívalan, langan og léttan bol, það sé nægilega framhált og algerlega hlutfallarétt.

9,0:

-Mjög falleg heildarmynd. Hrossið hafi lofthæð, sívalan, langan og léttan bol, það sé nægilega framhált. Einungis sé um smávægilega samræmisgalla að ræða.

8,5:

-Falleg heildarmynd. Hrossið hafi lofthæð, sívalan, langan bol. Hryssur séu ekki afturháar en stóðhestar hærri á herðar en lend. Einungis um smávægilega samræmisgalla að ræða.

8,0:

-Fremur falleg heildarmynd.

-Mjög góðir þættir í samræminu geta vegið upp nokkur lýti.

7,5:

-Þökkalegt samræmi.

-Góðir þættir í samræminu geta vegið upp nokkur lýti.

7,0:

-Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða.

6,5 og lægra:

-Hrossið er mjög framlágt.

-Hrossið er mjög djúpybyggt; mjög djúpt um brjóst, bolmikið (miklar útlögur, flatar síður).

-Hrossið er mjög fótlaft.

-Hrossið er mjög stuttvaxið og/eða það er mikið ósamræmi í lengd, framhluta, miðhluta og afturbyggingar.

-Hrossið hefur mikið ósamræmi í fram- og afturhluta (breidd, dýpt) þar með talið að brjóstið sé of þunnt (samfallið).

Fótagerð.

9,5 - 10:

-Þurrar, mjög sterklegar sínar og mjög góð skil sina og leggja, traustlegir liðir og vel gerðar kjúkur, fótstaða mjög góð.

9,0:

-Þurrar, mjög sterklegar sínar og mjög góð skil sina og leggja, traustlegir liðir og allgóðar kjúkur.

8,5:

-Þurrar, sterklegar sínar og góð skil sina og leggja (mjög gott átak), þökkalegir liðir, kjúkur og fótstaða (útlit).

-Þökkalegt átak en mjög fallett útlit.

8,0:

-Allgóð fótagerð.

-Mjög góðir þættir í fótagerðinni geta vegið upp nokkra galla.

7,5:

-Þökkaleg fótagerð.

-Góðir þættir í fótagerðinni geta vegið upp nokkra galla.

7,0:

-Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða.

6,5:

- Mjög votar sínar á fram- og/eða afturfótum.
- Mjög lítil skil sína og leggja á framfótum.
- Mjög grannir liðir á aftur- og/eða framfótum (einkum skal litið á hæl og framhné).
- Mjög svög eða hörð fótstaða.
- Mikið frávik frá réttri fótstöðu þ.e. sverðfætt eða hafurfætt

Við einkunnagjöf skal taka tillit til fjölda galla og hversu miklir þeir eru.

Réttleiki.

9,5 - 10:

- Frábær réttleiki: Framfætur eru algerlega réttir og hæfileg gleidd er á milli framfóta sem og afturfóta. Afturfætur mega vera lítilla útskeifir.

9,0:

- Mjög góður réttleiki. Ekki er um neina eiginlega galla að ræða.

8,5:

- Góður réttleiki. Einungis er um smávægilegan galla að ræða, þó sé enginn vindingur í hækjum.

8,0:

- Fremur góður réttleiki fóta. Ekki um verulega galla að ræða.

7,5:

- Þokkalegur réttleiki. Liðir mega þó vera nokkuð snúnir ef hrossið er algerlega óagripíð og engin einkenni um óeðlilegt álag koma fram í fótum.

7,0:

- Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða.

6,5 og lægra:

- Mjög illa snúnir liðir fram- og/eða afturfóta.
- Mjög mikill vindingur í hækjum.
- Mjög mikil náengni.
- Mjög skæld fótstaða á fram- og/eða afturfótum; kiðfætt, hjólbeinótt, kýrfætt.

Við einkunnagjöf skal taka tillit til fjölda galla og hversu miklir þeir eru.

Við dóma á réttleika skal taka tillit til hvort hross grípi á sig eða einkenni um óeðlilegt álag komi fram.

Sú venja skal viðhöfð við dóma á nágengum hrossum að þau séu teymd á brokki auk þess sem þau eru teymd á feti eins og venja er. Mjög mikil gleiðgengni að aftan, svo að lýti sé af, getur haft áhrif á einkunnagjöf réttleika.

Hófar.

9,5 - 10:

- Mjög vel djúpir hófar og hvelfdur hófbotn, mjög vel lagaðir, kúptir og fallegir að sjá, efnispétir, einlitir og helst dökkir. Hóftunga er mikil og hælstoðir mjög traustlegar.

9,0:

- Vel djúpir, vel lagaðir og kúptir, sterklegir og efnismiklir hófar, hóftunga er góð og hælstoðir traustlegar.

8,5:

-Vel djúpir, vel lagaðir og sterklegir hófar. Aðeins er um fremur smávægilega galla að ræða hvað önnur atriði hófgerðar varðar.

8,0:

-Þokkalega vel djúpir hófar, þeir séu lausir við alla stórgalla.

-Meðaldjúpir hófar en mjög efnisgóðir og vel lagaðir.

7,5:

-Meðaldjúpir hófar en gallar og betri atriði geta náð til að vega hvort annað upp.

7,0:

-Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða.

6,5 og lægra:

-Mjög grunnir hófar, flatir, útflenntir eða hófbotn siginn.

-Mjög krappir (þröngir) hófar.

-Mjög lélegt efni í hófum (þ.m.t. afar ljótt yfirborð).

-Mjög efnislitlir hófar, nær enginn hóftunga eða nær engir hælur.

Við einkunnagjöf skal taka tillit til fjölda galla og hversu miklir þeir eru.

Prúðleiki á fax og tagl.

9,5 - 10:

-Einstakur prúðleiki á fax og tagl, þykkt og sítt fax með miklum ennistoppi.

9,0:

-Mjög góður prúðleiki á fax og tagl.

8,0 - 8,5:

-Allþykkt fax sem má auðveldlega skipta, ágætur vöxtur í ennistopp. Taglið þokkalegt.

7,5:

-Meðalprýði.

7,0:

-Sjá einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlegan galla að ræða.

6,5 og lægra:

-Mjög snoðið á fax og tagl.

Hryssur hafa að jafnaði fíngerðara fax og tagl en stóðhestar og þarf að hafa það í huga við mat á þessum þætti.

Tölt.

9,5 - 10:

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, glæstri lyftu og framgripi framfóta, mikið fjaðurmagn er í hreyfingum, töltferðin frábær.

9,0:

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, góðri lyftu og framgripi framfóta, fjaðurmagn er í hreyfingum, mjög ferðmikið.

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, glæstri lyftu og framgripi framfóta, mikið fjaðurmagn er í hreyfingum, dágóð ferð.

8,5:

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, meðalgóðri lyftu og framgripi framfóta en töltferðin er mjög góð.

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, góðri lyftu og framgripi framfóta en aðeins þokkalegri töltferð.

-Rúmt, afar lyftingar- og framtaksmikið tölt en skortir nokkuð á gott taktöryggi.

-Hrossið nær ekki góðu afturfótastigi en hreyfingar framfóta eru afar lyftingar- og framgripsmiklar, bærilægur taktur á hægu tölti, mjög ferðmikið.

-Hámarkseinkunn ef eingöngu er sýnt hægt tölt.

8,0:

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, lyfta og framgrip framfóta er ekki undir meðallagi, allgóð ferð.

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, góðri lyftu og framgripi framfóta en töltferð er í meðallagi.

-Rúmt lyftingargott, framtaksmikið tölt en um nokkra taktgalla er að ræða þegar komið er á ferð.

-Fremur stutt afturfótastig en lyfta og framgrip framfóta er mikið, hreinir taktgallar eru ekki til staðar, hrossið nær góðri töltferð.

-Hámarkseinkunn ef ekki er sýnt hægt tölt.

7,5:

-Taktgott tölt en nokkuð skortir á rými þess og glæsileik.

-Taktgott tölt, rúmt en reisnarlítið (lágengni).

-Rúmt, lyftingar- og framgripsmikið tölt en um talsverða taktgalla er að ræða á hægu- og milliferðartölti.

-Tölt með stuttu afturfótastigi en lyfta og framgrip fóta er mikið og allgóð ferð næst.

7,0:

-Þokkalegt tölt með köflum en ójafnt.

-Rýmislítið tölt eða mjög stutt afturfótastig.

-Brokkívaf en þokkaleg ferð.

-Bindingur þó að nokkur ferð og lyfta náist.

-Hopp upp á fótinn á venjulegri töltferð.

-Taktþreint tölt, milliferð næst en gangurinn er afskaplega lítilfjörlegur (mikil lágengni, stuttstigni).

6,5 og lægra:

-Töltir ekki (5,0).

-Mjög tregt tölt (klárgengni).

-Mjög bundið tölt (skeiðbindingur).

-Afar ferðlítið tölt.

-Mjög víxlað tölt.

-Típl eða mikið hopp upp á fótinn.

Mikilvægt er að sýna hægt tölt og greinilegar hraðabreytingar eigi hinar hærri einkunnir að nást. Hægt tölt er stigað sérstaklega og sýning þess er skilyrði þess að hærri einkunnir (8,5 og herra) fyrir tölt náist. Einkunn fyrir hægt tölt reiknast ekki sérstaklega inn í heildareinkunn en er hugsuð til að auka upplýsingargildi dómsins.

Hægt tölt.

9,5 - 10:

-Taktþreint tölt með góðu afturfótastigi, glæstri lyftu og framgripi framfóta, mikið fjaðurmagn er í hreyfingum.

9,0:

-Taktgreint tölt með góðu afturfótastigi, góðri lyftu og framgripi framfóta, fjaðurmagn er í hreyfingum.

8,5:

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, góðri lyftu og framgripi framfóta.

-Taktgott tölt, hrossið nær þó ekki góðu afturfótastigi en hreyfingar framfóta eru afar lyftingar- og framgripsmiklar.

8,0:

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, lyfta og framgrip framfóta er ekki undir meðallagi.

-Stutt afturfótastig en lyfta og framgrip framfóta er mikið, hreinir taktgallar eru ekki til staðar.

7,5:

-Taktgott tölt en fremur reisnarlítið.

7,0:

-Taktgreint tölt, en gangurinn er afskaplega lítilfjörlegur (mikil lággengni, stuttstigni).

6,5 og lægra:

-Mjög tregt tölt (klárgengni).

-Mjög bundið tölt (skeiðbindingur).

-Mjög víxlað tölt.

-Típl eða mikið hopp upp á fótinn.

-Sýnir ekki hægt tölt (5,0).

Brokk.

9,5 - 10:

-Öruggt brokk með rúmum og háum fjaðurmögnuðum, svífandi hreyfingum, brokkferðin einstök.

9,0:

-Öruggt brokk með rúmum og háum fjaðurmögnuðum, svífandi hreyfingum, ferðgott.

-Kappreiðabrokk, ekki kröfur um glæsileik.

8,5:

-Glæst og svífmikið brokk en skortir nokkuð á brokköryggi.

-Öruggt, létt, ferðgott og þokkalega fallett brokk.

-Öruggt brokk með háum og miklum hreyfingum, ferðmikið en gróft.

8,0:

-Skrefadrjúgt og fallett brokk en lítið brokköryggi.

-Öruggt, létt og sámilega ferðgott brokk en ekki fallett.

-Öruggt, ferðmikið en klúrt brokk.

7,5:

-Sýnir skrefadrjúgt brokk en óöruggt (lítið brokköryggi).

-Full lin og sveiflulítil brokkhreyfing en þokkalega ferðgott.

-Hreint og öruggt brokk en þung hreyfing og ekki ferðmikið.

7,0:

-Afar óöruggt brokk en sýnir á köflum gott brokk.

-Brokkar örugglega en lint og ferðlítið.

6,5:

-Mjög lint og óöruggt brokk, hoppar upp á fótinn.

-Öruggt típl.

5,5 - 6,0:

-Rétt aðeins tæpt á tilþrifalaus brokki.

5,0:

-Sýnir ekki brokk.

Við dóm á brokki er ætíð litið til hreinleika gangtegundarinnar ef hinar hærri einkunnir eiga að nást, þó eru ekki gerðar kröfur um fullkominn tvítakt á brokki.

Skeið.

9,5 - 10:

-Öruggt og glæsilegt skeið, taktgott, skeiðferðin frábær.

9,0:

-Öruggt og glæsilegt skeið, taktgott, góð skeiðferð.

-Kappreiðaskeið, ekki kröfur um glæsileik.

8,5:

-Öruggt og afar fallett skeið, taktgott, allgóð skeiðferð.

-Öruggt og snarpt skeið en ekki fallett.

-Glæsilegt og ferðmikið skeið en ekki full sprett lengd, - nær þó 90 til 100 m.

-Glæsilegt og flugrúmt skeið, óverulegir taktgallar, full sprett lengd, nær 150 til 180 m.

8,0:

-Öruggt og fallett skeið, taktgott, skeiðferð í meðallagi.

-Öruggt og rúmt skeið en ekki fallett.

-Fallett og ferðmikið skeið en ekki langir sprettir, nær þó 70 – 80 m.

-Fallett og mjög rúmt skeið en lítilla fjórtaktað á köflum.

7,5:

-Öruggt og þökkalega fallett skeið, taktgott en skortir á ferð.

-Öruggt, ekki fallett skeið en fremur ferðgott.

-Fallett og rúmt skeið en stuttir sprettir, - nær þó 40 til 60 m.

-Fallett og rúmt skeið en fjórtaktað á köflum.

7,0:

-Snerpu skeiðhrifsur en lítið skeiðöryggi.

-Skeið með allmiklum taktgöllum.

-Snerpu- og fegurðarlítið en öruggt skeið.

6,5 eða lægra:

-Engin vekurð (5,0).

-Stuttir snerpulitlir sprettir.

-Snerpulaust skeið þótt hrossið haldi sprettinn út.

-Skeiðhrifsur.

-Skeið með verulegum taktgöllum; flandur, fjórtaktur eða víxl.

Stökk.

9,5 - 10:

-Takhreint og afar fallett stökk; hrossið lyftir sér vel að framan og teygir vel á sér í mjúkum bogum, stökkferðin frábær.

9,0:

-Takhreint og afar fallett stökk; hrossið lyftir sér vel að framan og teygir vel á sér í mjúkum bogum, dágóð ferð.

8,5:

- Sniðgott stökk, allgóð stökkferð.
- Mjög ferðmikið stökk, snið í þokkalegu meðallagi.
- Kappreiðastökk, ekki kröfur um glæsileik.
- Hámarkseinkunn ef hægt stökk er ekki sýnt.

8,0:

- Sniðgott stökk, stökkferð í meðallagi.
- Ferðmikið stökk, snið í meðallagi.
- Hámarkseinkunn ef eingöngu er sýnt hægt stökk.

7,5:

- Þokkalegt stökk með sæmilegu sniði og stökkferð í meðallagi.
- Stökkferð og snið (taktur, svif og mýkt) geta vegið upp vankanta hvort á öðru.

7,0:

- Víxlar en sýnir gott stökk á milli.
- Stökk með óhreinum takti.
- Þungt stökk; svif- og ferðlítið.
- Þokkalegt snið en ferðlaust stökk.

6,5 eða lægra:

- Kýrstökk, víxl.
- Mjög óhrein taktur, ferðlaust.
- Mjög mikið ósamræmi í stökkhreyfingu, t.d. mjög há lendarhreyfing.
- Afar mikil þyngsli (svifleysi).
- Einvörðungu kýrstökk (5,0)

Stökksýning í kynbótadómi skal framkvæmd á þann veg að hleypt er af hægu stökki (það sýnt), stökkhraði síðan aukinn og ýrasta stökkferð hrossins sýnd. Sérstök einkunn er gefin fyrir hægt stökk og sýning þess er skilyrði þess að hærri einkunnir (9.0 eða herra) fyrir stökk náist. Einkunn fyrir hægt stökk reiknast ekki sérstaklega inn í heildareinkunn en er hugsuð til að auka upplýsingargildi dómsins.

Hægt stökk.

9,5 - 10:

- Mjúkt, þrítakta stökk með svifi; hrossið lyftir sér vel að framan, áreynslulaust en tilkomumikið.

9,0:

- Takthreint og afar fallett stökk; hrossið lyftir sér vel að framan með góðu svifi.

8,5:

- Sniðgott stökk.

8,0:

- Snið í meðallagi.

7,5:

- Þokkalegt stökk með sæmilegu sniði.
- Taktur, svif og mýkt geta vegið upp vankanta hvort á öðru.

7,0:

- Víxlar en sýnir gott stökk á milli.
- Stökk með óhreinum takti.
- Þungt stökk; svif- og ferðlítið.

6,5 eða lægra:

-Kýrstökk, víxl.

-Mjög mikið ósamræmi í stökkhreyfingu, t.d. mjög há lendarhreyfing.

-Afar mikil þyngsli (svifleysi).

-Einvörðungu kýrstökk (5,0).

Vilji og geðslag.

9,5 - 10:

-Fjörviljugur, glaður og kjarkaður en frábærlega þjáll og leitast sífellt eftir því að gera knapa sínum til geðs.

9,0:

-Ásækinn í vilja og þjáll en ekki fjörugur.

-Fjörviljugur en einungis meðalþjáll.

-Sýnir frábæran og hnökralausan samstarfsvilja í hvívetna en ekki fjörugur.

8,5:

-Mjög þjáll en ekki mikið ásækinn.

-Ásækinn í vilja en einungis meðalþjáll.

8,0:

-Reiðvilji.

-Ásækinn í vilja en óþjáll.

7,5:

-Þægð en framtaksleysi.

-Spennuvilji.

-Reiðvilji en viðkvæmni eða einbeitingarleysi.

7,0:

-Viljaleysi.

-Kergjuvottur.

-Taugaveiklun.

6,5 - 5,0:

-Kergja.

-Mikil leti og deyfð.

-Mikið ofríki (rokur).

Fegurð í reið.

9,5 - 10:

Hrossið er glæsilegt og aðsópsmikið í framgöngu:

-Hrossið er háreist, þjált í beisli, höfuð í lóð. Hreyfingar eru léttar, háar, fjaðurmagnaðar og samræmisgóðar, mikið framgrip og frábært fas, taglburður eins og best verður á kosið.

9,0:

Hrossið fer mjög fallega í reið:

-Reising er fögur og hrossið fer fallega í beisli. Hreyfingar eru léttar, háar, fjaðurmagnaðar og samræmisgóðar, mikið framgrip og mikið fas, taglburður með ágætum. Mjög góðir þættir geta vegið upp nokkru síðri þætti í fegurð hrossins í reið en ætíð eru gerðar miklar kröfur til fallegrar reisingar.

8,5:

Hrossið fer fallega í reið.

-Reising er góð og hrossið fer vel í beisli. Hreyfingar eru léttar og samræmisgóðar eða aðsópsmiklar. Góðir þættir geta vegið upp minniháttar galla í fegurð hrossa í reið.

8,0:

Hrossið fer vel í reið:

-Hrossið er hæfilega reist og heildarmynd þess í reið er laus við öll eiginleg lýti s.s. gan.

-Reising og höfuðburður aðeins sæmilegur en fallegar og verklegar hreyfingar.

-Reising og höfuðburður mjög góður en hreyfingar aðeins sæmilegar.

7,5:

Engir afgerandi gallar á heildarmynd hrossins í reið:

-Hrossið er meðalreist og fer þökkalega.

7,0:

-Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða.

6,5 og lægra:

-Mikil lággengni.

-Mikið mýktarleysi og þung hreyfing.

-Mikil lágreisni.

-Mikil ofreism, gan og gap.

-Mikill höfuðsláttur og skekking í beisli.

-Taglsláttur.

Einkunn 6,5 eða lægri getur komið til ef einn ofantalinnar galla nær til að stórskemma heildarmynd hrossins í reið. Hitt er þó algengara að fleiri galla þurfi til, svo að heildarmynd verði þetta lýtt. Einkunn fyrir fegurð í reið er, á hliðstæðan hátt einkunn fyrir vilja og geðslag, samnefnari fyrir eiginleikann eins og hann kemur fyrir hjá hrossinu í gegnum alla sýninguna.

Fet.

9,5 - 10:

-Hrossið fasmikið og fetar mjúkt í bol, með stöðugum jöfnum takti, meðalreist, nær framfótaspori vel, hreyfingar rösklegar og rúmar.

8,5 - 9,0:

-Gangurinn takthreinn og rösklegur en hreyfingarnar fasminni en undir einkunn 9,5 - 10.

7,5 - 8,0:

-Fetið takthreint en skortir röskleika.

6,5 - 7,0:

-Ójafn taktur eða fetið framtakslítið, afturfótur nær ekki framfótaspori.

5,5 - 6,0:

-Fetið mjög skrefstutt, tiplandi, eða mikil hliðstæð hreyfing.

5,0:

-Hrossið fetar ekki.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menntasjóðs Kaupþings banka hf.

1. gr.

Stofnaðild o.fl.

Sjóðurinn heitir Menntasjóður Kaupþings banka hf. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Stofnandi sjóðsins er Kaupþing banki, kt. 560882-0419, Ármúla 13, Reykjavík. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að efla menntun og rannsóknir á sviði fjármálafræði, stærðfræði og skyldra greina hérlendis og á starfssvæði bankans samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins hverju sinni. Tilgangi sjóðsins skal náð með beinum fjárframlögum og styrkjum eins og nánar er greint frá í skipulagsskrá þessari.

3. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, tilnefndir til 3 ára í senn. Stjórnarmenn og varamenn þeirra, sem skulu vera tveir, skulu tilnefndir af stjórn Kaupþings banka hf.

4. gr.

Stofnframlag.

Stofnfé sjóðsins eru verðbréf og peningar í vörslu Kaupþings banka hf. að upphæð kr. 20.000.000 tuttugu milljónir króna, þar af óskerðanlegt stofnfé að lágmarksfjárhæð kr. 700.000 að raungildi.

5. gr.

Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Arður, söluhagnaður og vextir.
2. Framlög og gjafir sem sjóðnum berast.
3. Aðrar tekjur.

6. gr.

Ráðstöfun fjár.

Framlög úr sjóðnum skulu veitt í samræmi við tilgang hans. Stjórnin ráðstafar fé sjóðsins og ákveður úthlutun í samræmi við starfsreglur sem stjórnin setur. Árleg framlög úr sjóðnum skulu að jafnaði ekki nema hærri fjárhæð en 10% höfuðstóls eins og hann var í árslok árið á undan. Óheimilt er að skerða óskerðanlegt stofnfé.

Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðbók um það sem gerist á fundum, um ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um starfshætti stjórnarinnar og úthlutun framlaga úr sjóðnum.

7. gr.

Ávöxtun og rekstur.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárreiðum sjóðsins og ávöxtun fjármuna hans. Kostnaður við rekstur sjóðsins greiðist af fjármunum hans.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og reikningar hans skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda. Reikningarnir skulu birtir með reikningum Kaupþings banka hf.

8. gr.

Breytingar og niðurlagning.

Allar breytingar á skipulagsskrá sjóðsins skulu samþykktar af meirhluta stjórnar. Þær skulu hljóta staðfestingu hluthafafundar Kaupþings banka hf. Ákvarðanir um niðurlagningu sjóðsins skulu teknar á sama hátt.

Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans ráðstafað til sambærilegrar starfsemi eða þær lagðar fram sem stofnfé í nýjan sjóð sem hefur skyld markmið.

10. gr.

Skráning sjóðsins.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. desember 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

ERINDISBRÉF**nemaleyfisnefnda.**

1. gr.

Nemaleyfisnefndir eru skipaðar til fjögurra ára af menntamálaráðherra og starfa í umboði hans. Nemaleyfisnefndir eru skipaðar að ósk starfsgreinaráðs sem gerir tillögu um fjölda nefndarmanna og tilnefnir jafnframt fulltrúa í hverja nefnd fyrir sig. Nemaleyfisnefndum ber að starfa í samræmi við lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um námssamninga og starfsþjálfun á hverjum tíma.

2. gr.

Nemaleyfisnefnd fjallar um umsóknir einstakra fyrirtækja eða meistara um heimild til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning í löggiltri iðngrein og afgreiðir þær. Menntamálaráðuneytið gefur út nemaleyfi á grundvelli afgreiðslu nemaleyfisnefndar. Nemaleyfisnefnd gengur úr skugga um að iðnfyrirtæki eða meistari er óskar eftir að taka nema á námssamning uppfalli skilyrði 11. gr. reglugerðar nr. 280/1997 um námssamninga og starfsþjálfun. Menntamálaráðuneytið, að fengnum tillögum starfsgreinaráðs, setur nánari reglur um hvaða aðstaða, búnaður og verkfæri þurfi að vera til staðar á vinnustað til þess að hann uppfylli framangreind skilyrði.

3. gr.

Menntamálaráðherra getur falið nemaleyfisnefnd önnur störf er lúta að starfsnámi á vinnustað, svo sem sérstökum úttektum á starfsþjálfun í einstökum fyrirtækjum ef grunur leikur á að henni sé ekki sinnt sem skyldi eða brotið sé í veigamiklum atriðum gegn lögum um framhaldsskóla og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

4. gr.

Erindisbréf þetta, sem sett er á grundvelli 9. gr. reglugerðar nr. 280/1997 um náms-samninga og starfsþjálfun og með skírskotun til 29. gr. laga nr. 80/1996 um framhalds-skóla, öðlast þegar gildi og gildir þar til annað verður ákveðið af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðuneytinu, 27. desember 2002.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

Nr. 951

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Eftirtaldir menn voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á árinu 2002:

I. Íslenskir ríkisborgarar.

1. janúar 2002:

Bjarnfríður Leósdóttir, Akranesi, riddarakross fyrir störf að verkalýðs- og félagsmálum.

Einar Már Guðmundsson rithöfundur, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskra bókmennta.

Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Reykjavík, stórriddarakross fyrir störf í opinbera þágu.

Guðfinna S. Bjarnadóttir rektor, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu háskóla-menntunar.

Gunnar Marel Eggertsson, skipstjóri og skipasmiður, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til kynningar á landafundum og siglingum til forna.

Gunnar Þórðarson tónlistamaður, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar tónlistar.

Hildur Hálfðanardóttir, Kópavogi, riddarakross fyrir störf að mannúðarmálum.

Ingibjörg Haraldsdóttir, þýðandi og rithöfundur, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu bókmennta.

Kári Stefánsson forstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu vísinda og viðskipta.

Matthías Andrésson, tollvörður og tréskurðarlistamaður, Kópavogi, riddarakross fyrir störf í þágu íslensks útskurðar.

Sigrún Oddsdóttir, Nýjalandi í Garði, riddarakross fyrir störf í þágu bindindis- og félagsmála.

Stella Guðmundsdóttir, fyrrverandi skólastjóri, Kópavogi, riddarakross fyrir störf í þágu mennta og fræðslu.

17. maí 2002:

Ásgeir Pétursson, fyrrverandi formaður orðunefndar, Reykjavík, stórriddarakross með stjörnu.

17. júní 2002:

Auður Guðjónsdóttir hjúkrunarfræðingur, Seltjarnarnesi, riddarakross fyrir störf í þágu mænuskaddaðra.

Auður Laxness húsfreyja, Mosfellsbæ, stórriddarakross fyrir framlag til íslenskrar menningar.

Guðrún Nielsen íþróttakennari, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu íþróttamála aldraðra.

Gunnsteinn Gíslason, oddviti í Árneshreppi á Ströndum, riddarakross fyrir störf að félag- og byggðarmálum.

Halldór Björnsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands, Kópavogi, riddarakross fyrir störf í þágu launafólks og verkalyðshreyfingar.

Haraldur Örn Ólafsson, Reykjavík, riddarakross fyrir afreksverk.

Ólafur Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri, Selfossi, riddarakross fyrir störf í þágu skógræktar.

Ólafur Jónsson, fyrrverandi bæjarfulltrúi, Kópavogi, riddarakross fyrir störf að félagsmálum.

Ríkharður Jónsson, fyrrverandi knattspyrnumaður, Akranesi, riddarakross fyrir störf í þágu íþróttar.

Sigríður Theódóra Sæmundsdóttir húsfreyja, Skarði, á Landi, riddarakross fyrir störf í þágu safnaðar- og félagsmála.

Tinna Gunnlaugsdóttir leikkona, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu menningar og lista.

Valdimar K. Jónsson prófessor, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu vísinda.

Valgeir Þorvaldsson, forstöðumaður Vesturfarasetursins, Hofsósi, riddarakross fyrir eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu.

Þórir Einarsson ríkissáttasemjari, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í opinbera þágu.

Óssur Kristinsson stoðtækjafraeðingur, Kópavogi, riddarakross fyrir tækninýjungar og frumkvöðulsstörf í atvinnumálum.

II. Erlendir ríkisborgarar.**12. febrúar 2002:**

Timo Ernamo útgáfustjóri, Helsinki, riddarakross.

17. apríl 2002:

Poul Christian Matthiessen framkvæmdastjóri, Kaupmannahöfn, stórriddarakross.

22. apríl 2002:

Hubert Seelow prófessor, Þýskalandi, riddarakross.

24. apríl 2002:

Valery Pavlovich Berkov prófessor, St. Pétursborg, riddarakross.

Bela Petrovna Karamzina ritari, Moskvu, riddarakross.

Olga Alexandrovna Smiritskaya prófessor, Moskvu, riddarakross.

23. maí 2002:

Anna Kisselgoff gagnrýnandi, New York, riddarakross.

7. júní 2002:

Susanne Folmer Hansen framkvæmdastjóri, Kaupmannahöfn, riddarakross.

8. júlí 2002:

Herman af Trolle sendiherra, Svíþjóð, stórkross.

29. júlí 2002:

Arne Holm ræðismaður, Bergen, stórriddarakross.

9. ágúst 2002:

Istaván Fluck læknir, Búdapest, riddarakross.

19. ágúst 2002:

Nand Lal Khemka aðalræðismaður, New Delhi, riddarakross.

24. september 2002:

Magnus Eliason, fyrrverandi borgarráðsmaður, Winnipeg, riddarakross.

3. október 2002:

Sheila B. Blume geðlæknir, Bandaríkjunum, riddarakross.

Terence T. Gorski áfengisráðgjafi, Bandaríkjunum, riddarakross.

John Wallace sálfræðingur, Bandaríkjunum, riddarakross.

10. október 2002:

Gerrard Nelson ættfræðingur, Kanada, riddarakross.

14. nóvember 2002:

Kjell Hanson vararæðismaður, Svíþjóð, riddarakross.

Thorsten Thörnblad vararæðismaður, Svíþjóð, riddarakross.

27. nóvember 2002:

Heinz Böcker, Þýskalandi, riddarakross.

27. nóvember 2002:

Oswald Dreyer-Eimbecke ræðismaður, Hamborg, stórriddarakross.

STJÓRNARTÍÐINDI B 144 – 2002

16. desember 2002

2381

Nr. 952

REGLUR

um framhaldsnám við heimspekideild Háskóla Íslands.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Námsleiðir.

Við heimspekideild Háskóla Íslands er hægt að stunda framhaldsnám til M.Paed.-prófs, M.A.-prófs og doktorsprófs á fagsviðum þar sem skor og deildarráð meta að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi.

2. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar, sé ætlunin að hefja nám að hausti, en til 15. september, ætli nemandi að hefja nám á vormisseri.

Öllum umsóknum um framhaldsnám við heimspekideild skal skilað til skrifstofu heimspekideildar. Nánari ákvæði um meðferð umsókna og efni er að finna í sérreglum um einstakar námsleiðir (M.Paed.-nám, M.A.-nám, doktorsnám).

3. gr.

Almenn umsjón, upplýsingar og aðstaða til framhaldsnáms.

Skrifstofa heimspekideildar heldur námsferilsskýrslu fyrir alla framhaldsnema í heimspekideild, fylgist með framvindu náms þeirra og veitir upplýsingar um nám og námsskipunarreglur. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands hefur umsjón með vinnuáðstöðu framhaldsnema og ber að sækja um slíka áðstöðu til stofnunarinnar.

Skrifstofa heimspekideildar aðstoðar framhaldsnema við umsóknir um styrki, rannsóknavinnu, aðstoðarkennslu og þess háttar, í samvinnu við skrifstofu rannsóknasviðs Háskólans og leiðbeinendur framhaldsnema.

4. gr.

Rannsóknanámsnefnd.

Vísindanefnd heimspekideildar gegnir hlutverki rannsóknanámsnefndar deildarinnar. Nefndin fylgist með því að hæfilegs samræmis sé gætt í meðferð umsókna um meistara- og doktorsnám, sem og skipulagi framhaldsnáms, inntökuskilyrðum og kröfum til nemenda. Vísindanefnd ræðir og mótar stefnu deildarinnar um framhaldsnámið eftir því sem deild felur

henni. Hún skal fjalla um gæði þessa náms og gera tillögur til deildarráðs um það hvernig rétt sé að meta það og styrkja.

5. gr.

Aðalleiðbeinandi.

Sérhver framhaldsnemi skal hafa aðalleiðbeinanda úr hópi fastra kennara (lektor, dósent, prófessor) í viðkomandi grein, sem er jafnframt umsjónarkennari hans. Skor getur veitt undanþágu frá þessari reglu en aðalleiðbeinendur meistaranema skulu ávallt vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði. Ef aðalleiðbeinandi er ekki fastráðinn kennari er nauðsynlegt að hann hafi sjálfur a.m.k. lokið meistaraþrófi á fræðasviðinu.

Við upphaf náms skulu skor og framhaldsnemi hafa samráð um val á aðalleiðbeinanda. Nemandi ráðfærir sig við aðalleiðbeinanda um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem tengist náminu. Aðalleiðbeinandi leiðbeinir stúdent í lokaverkefni.

II. KAFLI

Meistaránám fyrir kennara (M.Paed.).

6. gr.

Markmið.

Markmið M.Paed.-náms er að búa nemendur undir rannsóknir, kennslu og námsstjórn í kennslugrein á framhaldsskólastigi.

7. gr.

Tilhögun námsins.

Námið er skipulagt í samvinnu við félagsvísindadeild sem sér um námskeið í uppeldis- og kennslufræðum og eftir atvikum í samvinnu við aðrar deildir háskólans, aðra háskóla eða rannsóknastofnanir.

Hver kennslugrein tilnefnir einn umsjónarmann með M.Paed.-náminu, sem skipuleggur námið í umboði sinnar kennslugreinar. Umsjónarmenn mynda kennslunefnd námsins. Nefndin kýs tvo kennara úr sínum röðum sem forsvarsmenn þess til eins árs í senn. Hlutverk þeirra er m.a. að hafa með höndum kynningu fyrir nýja nemendur, boða fundi kennslunefndar og stuðla að kynningu út á við.

8. gr.

Meðferð umsókna.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu heimspekideildar. Umsókn skulu fylgja afrit af prófskírteinum og stutt greinargerð um markmið nemanda með náminu. Nám í uppeldis- og kennslufræðum í félagsvísindadeild er hluti náms til M.Paed.-prófs, en skrifstofa heimspekideildar sér um skráningu nemenda í það nám.

Deildarskrifstofa fer yfir og skráir umsóknir, athugar hvort tilskilin gögn fylgja og gengur eftir því sem á vantar. Umsóknirnar fara síðan til afgreiðslu í viðkomandi skor, með athugasemdum ef ástæða þykir til. Skor getur lagt til að umsókn sé hafnað. Sé það gert skal rökstuðningur fylgja.

Deildarskrifstofa tilkynnir umsækjendum um niðurstöður skora og sendir Hugvísindastofnun og nemendaskrá upplýsingar um nýja framhaldsnema. Deildarskrifstofa varðveitir og heldur utan um öll námsferilsgögn framhaldsnema.

Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. febrúar (vegna innritunar á haustmisseri) skal vera lokið og þeim svarað fyrir 15. mars. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. september (vegna innritunar á vormisseri) skal vera lokið og þeim svarað fyrir 15. október.

9. gr.

Inntökuskilyrði.

Stúdent sem lokið hefur B.A.-prófi með fyrstu einkunn frá viðurkenndum háskóla getur sótt um að innritast í nám til M.Paed.-prófs. Skorir geta veitt undanþágu frá kröfum um lágmarkseinkunn. Að jafnaði skal stúdent hafa lokið minnst 60e (einingum) á B.A.-stigi í þeirri grein sem hann hyggst innritast í til M.Paed.-prófs. Kennarar með B.Ed.-próf og tungumál sem valgrein geta hafið M.Paed.-nám að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Um nánari skilyrði vísast til námsskipunarreglna einstakra greina.

Ef stúdent ætlar að hefja meistaranám strax að loknu B.A.-prófi getur hann sótt um það áður en hann lýkur prófi, ef fyrir liggur staðfesting viðkomandi háskóladeildar um að hann muni væntanlega ljúka prófi með fullnægjandi árangri áður en meistaranámið hefst. Engum áfanga í meistaranámi má ljúka fyrr en inntökuskilyrðum hefur verið fullnægt til hlítar.

10. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Nám til M.Paed.-prófs er 45e hið minnsta og skulu minnst 15e vera úr námskeiðum sem félagsvísindadeild skipuleggur eða viðurkennir í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda og 20e að jafnaði úr fræðilegum námskeiðum í kennslugreininni sem sérstaklega eru ætluð verðandi kennurum eða þykja henta vel sem undirbúningur undir kennslu í framhaldsskólum. Lokaverkefnið er 15e, sbr. 11. gr. Náminu má ljúka á einu og hálfu til tveimur árum en að jafnaði skal það ekki taka lengri tíma en þrjú og hálf ár (sjö misseri). Ljúki nemandi ekki námi á sjö misserum getur hann sótt um undanþágu til skorar frá þessum tímamörkum. Sé undanþága veitt, ber nemanda að uppfylla þær kröfur sem þá eru í gildi um M.Paed.-nám þótt hann hafi hafið námið meðan aðrar reglur giltu. Skor er heimilt að veita undanþágu frá þessu.

11. gr.

Lokaverkefni og meistaraprófsnefnd.

Nemendur skulu ljúka 15e lokaverkefni. Lokaverkefni skal valið í samráði við aðalleiðbeinanda. Ekki síðar en í upphafi þriðja námsmisseris skipar skor meistaraprófsnefnd. Í henni skulu eiga sæti minnst tveir sérfróðir menn og er annar þeirra aðalleiðbeinandi. Nefndin fylgist með framvindu náms, einkum meistaraprófsverkefnis. Sérstakur prófdómari skal ávallt leggja mat á lokaverkefni meistaránema ásamt meistaraprófsnefnd.

12. gr.

Kröfur til leiðbeinanda.

Leiðbeinandi meistaránema er að jafnaði kennari (lektor, dósent, prófessor) í viðkomandi grein. Ef leiðbeinandi er ekki fastráðinn kennari er nauðsynlegt að hann hafi sjálfur a.m.k. lokið meistaraprófi á fræðasviðinu. Leiðbeinendur meistaránema skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði.

III. KAFLI

Meistaránám við heimspékideild (M.A.).

13. gr.

Markmið.

Markmið M.A.-náms er að veita nemendum vísindalega þjálfun og búa þá m.a. undir kennslustörf á framhaldsskólastigi, vísindastörf af ýmsu tagi og doktorsnám ef því er að skipta.

14. gr.

Meðferð umsókna.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu heimspekideildar. Umsókn skulu fylgja afrit af prófskríteinum og stutt greinargerð um áhugasvið nemanda. Deildarskrifstofa fer yfir og skráir umsóknir, athugar hvort tilskilin gögn fylgja og gengur eftir því sem á vantar, ef þörf krefur. Umsóknirnar fara síðan til afgreiðslu í viðkomandi skor, með athugasemdum ef ástæða þykir til. Skor getur lagt til við deildarráð að umsókn sé hafnað. Sé það gert skal rökstuðningur fylgja.

Deildarskrifstofa tilkynnir umsækjendum um niðurstöður skora og sendir Hugvísindastofnun og nemendaskrá upplýsingar um nýja framhaldsnema. Deildarskrifstofa varðveitir og heldur utan um öll námsferilsgögn framhaldsnema.

Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. febrúar (vegna innritunar á haustmisseri) skal vera lokið og þeim svarað fyrir 15. mars. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. september (vegna innritunar á vormisseri) skal vera lokið og þeim svarað fyrir 15. október.

15. gr.

Inntökuskilyrði.

Stúdent sem lokið hefur B.A.-prófi frá Háskóla Íslands með fyrstu einkunn, B.S.-prófi eða samsvarandi prófi frá öðrum háskóla með jafngildi fyrstu einkunnar getur sótt um að innritast í nám til M.A.-prófs í heimspekideild.

Skorir geta veitt undanþágu frá kröfum um lágmarkseinkunn. Að jafnaði skal nemandi hafa lokið minnst 60e á B.A.-stigi í þeirri grein sem hann hyggst innritast í til meistaraþrófs. Um nánari skilyrði vísast til námsskipunarreglna einstakra greina.

Ef stúdent ætlar að hefja meistaranám strax að loknu B.A.-prófi getur hann sótt um það áður en hann lýkur prófi, ef fyrir liggur staðfesting viðkomandi háskóladeildar um að hann muni væntanlega ljúka náminu með fullnægjandi árangri áður en meistaranámið hefst. Engum áfanga í meistaranámi má ljúka fyrr en inntökuskilyrðum hefur verið fullnægt til hlítar.

16. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Nám til M.A.-prófs er 60e. Náminu má ljúka á tveimur árum en að jafnaði skal það ekki taka lengri tíma en þrjú og hálf ár (sjö misseri). Ljúki nemandi ekki námi á sjö misserum, getur hann sótt um undanþágu til skorar frá þessum tímamörkum. Sé undanþága veitt, ber nemandi að uppfylla þær kröfur sem þá eru í gildi um M.A.-nám þótt hann hafi hafið námið meðan aðrar reglur giltu.

17. gr.

Kröfur til aðalleiðbeinanda.

Aðalleiðbeinandi meistaranema er að jafnaði kennari (lektor, dósent, próffessor) í viðkomandi grein og skal hann vera umsjónarkennari hans. Aðalleiðbeinendur meistaranema skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði. Ef aðalleiðbeinandi er ekki fastráðinn kennari er nauðsynlegt að hann hafi sjálfur a.m.k. lokið meistaraþrófi á fræðasviðinu.

Við upphaf náms skulu skor og framhaldsnemi hafa samráð um val á aðalleiðbeinanda. Nemandi ráðfærir sig við aðalleiðbeinanda um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem tengist náminu. Aðalleiðbeinandi leiðbeinir stúdent í lokaverkefni

18. gr.

Meistaraprófsnefndir.

Við upphaf náms skal skor skipa meistaraprófsnefnd. Í henni skulu eiga sæti minnst tveir sérfróðir menn og er annar þeirra aðalleiðbeinandi. Nefndin fylgist með framvindu náms, einkum meistaraprófsritgerðar.

19. gr.

Tilhögun náms.

Til M.A.-prófs við heimspekideild er krafist minnst 30e í námskeiðum. Þessi námskeið, m.a. þverfagleg, geta verið af ýmsu tagi, svo sem fyrirlestrar, semínör, einstaklingsverkefni og lesnámskeið. Meistaraneми skal þó ekki taka fleiri en 10e í lesnámskeiðum og ekki fleiri en 5e í lesnámskeiðum hjá aðalleiðbeinanda nema að fengnu samþykki skorar.

Heimilt er að meta framhaldsnámskeið á B.A.-stigi til eininga á M.A.-stigi. B.A.-stigs námskeið skulu þó ekki metin að fullu (þ.e., 5e námskeið skal ekki meta hærra en til 3,5e) nema meistaraneми vinni aukaverkefni í tengslum við þau.

Vægi lokaverkefnis (M.A.-ritgerðar) skal vera á bilinu 15e – 30e. Æskilegt er að nemandi fái formlegt tækifæri til að kynna rannsóknaverkefni sitt á vegum skorar áður en hann lýkur námi, svo sem með munnlegri vörn. Um nánari ákvæði um samsetningu náms vísast til námsskipunarreglna einstakra greina.

20. gr.

Námsmat.

Um leið og ritgerð er lögð fram skal leggja fyrir meistaraprófsnefnd staðfest námsferilsyfirlit stúdents. Skrifstofa heimspekideildar og nemendaskrá sjá um frágang og staðfestingu námsferilsyfirlits.

21. gr.

Prófdómarar.

Sérstakur prófdómari skal ávallt leggja mat á lokaverkefni meistaraneма ásamt meistaraprófsnefnd.

22. gr.

Lokafrágangur M.A.-ritgerðar og endanleg skil.

Ganga skal frá meistaraprófsritgerð í samræmi við viðurkenndar frágangsreglur á viðkomandi fræðasviði. Í lokagerð meistaraprófsritgerðar skal koma skýrt fram við hvaða deild Háskóla Íslands verkið var unnið, hvenær því var lokið, hver var leiðbeinandi og hverjir sátu í meistaraprófsnefnd. Ennfremur skal geta sjóða Háskóla Íslands sem styrktu verkefnið, ef því er að skipta.

Nemandi skal skila ritgerðinni fullfrágenginni í fimm eintökum til deildarskrifstofu. Skiladagar eru 15. ágúst, 1. desember og 15. apríl. Leiðbeinandi skilar einkunn fyrir 7. október, 14. janúar eða 1. júní.

Eitt eintak skal varðveitt hjá Hugvísindastofnun eða á bókasafni viðkomandi rannsóknastofnunar, tvö eintök á Háskólabókasafni, eitt fær aðalleiðbeinandi til eignar og fimmta eintakið fær nemandi aftur með athugasemdum.

IV. KAFLI

Doktorsnám við heimspekideild.

23. gr.

Doktorsnám við heimspekideild.

Við heimspekideild er unnt að stunda nám til doktorsprófs á fagsviðum þar sem skor og deildarráð meta að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi. Markmið doktorsnáms er að veita doktorsnemum vísindalega þjálfun og búa þá undir vísindastörf, t.a.m. háskólakennslu eða sérfræðingsstörf hjá vísindalegum rannsóknastofnunum.

24. gr.

Meðferð umsókna og efni.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu heimspekideildar. Umsókn skulu fylgja afrit af prófskírteinum og frumdrög að rannsóknaráætlun. Sé óskað eftir tilteknum leiðbeinanda þarf að fylgja samþykki hans til að taka leiðsögn að sér í samræmi við drög að áætlun. Hugvísindastofnun veitir aðstoð við gerð umsókna um styrki og námsaðstoð fyrir doktorsnema í samvinnu við rannsóknasvið Háskólans.

Skrifstofa heimspekideildar fer yfir og skráir umsóknir, athugar hvort tilskilin gögn fylgja og gengur eftir því sem á vantar. Umsóknirnar fara síðan til afgreiðslu í viðkomandi skor, með athugasemdum ef ástæða þykir til. Skor ber að hafa samráð við doktorsnema um val aðalleiðbeinanda. Skor getur hafnað umsókn ef rannsóknaráætlun umsækjanda þykir ófullnægjandi eða ef ekki er tiltækur sérfræðingur á viðkomandi rannsóknasviði. Sé umsókn hafnað skal rökstuðningur fylgja afgreiðslu. Afgreiðsla skorar er háð samþykki deildarráðs.

Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. febrúar (vegna innritunar á haustmisseri) skal vera lokið og þeim svarað fyrir 15. mars. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. september (vegna innritunar á vormisseri) skal vera lokið og þeim svarað fyrir 15. október. Deildarskrifstofa svarar umsækjendum eftir að deildarráð hefur samþykkt afgreiðslu skorar, varðveitir umsóknargögn og námsferilsgögn doktorsnema og tilkynnir nemendaskrá um afgreiðsluna.

25. gr.

Inntökuskilyrði.

Stúdent sem hefur lokið M.A.-prófi með fyrstu einkunn eða samsvarandi prófi getur sótt um aðgang að doktorsnámi.

Stúdent sem hefur lokið M.A.-prófi eða öðru samsvarandi prófi í annarri grein, frá annarri deild Háskóla Íslands eða öðrum háskóla með jafngildi fyrstu einkunnar, getur sótt um aðgang að doktorsnámi við heimspekideild. Eins getur stúdent sem hefur stundað doktorsnám við annan háskóla sótt um aðgang að doktorsnámi við heimspekideild. Í slíkum tilvikum skal meta gögn um nám nemanda og rannsóknir. Skorti á að undirbúningur hans sé jafngildur þeim undirbúningi sem ofangreind próf eiga að tryggja, má gera frekari námskröfur eftir því sem ástæða þykir til.

Ef stúdent ætlar að hefja doktorsnám strax að loknu M.A.-prófi getur hann sótt um það áður en hann lýkur prófi, ef fyrir liggur staðfesting viðkomandi háskóladeildar um að hann muni væntanlega ljúka náminu með fullnægjandi árangri áður en doktorsnám hefst. En doktorsnám getur enginn hafið fyrr en inntökuskilyrðum hefur verið fullnægt til hlítar.

26. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Doktorsnám er 120e og skiptist í tvo hluta, bóknám er svari til 20e og doktorsritgerð. Doktorsnám við heimspekideild getur að jafnaði ekki tekið skemmri tíma en fjögur ár að

loknu M.A.-prófi eða sambærilegum undirbúningi. Námið skal ekki taka meira en sjö ár, en sé það af einhverjum ástæðum ekki hægt getur nemandi sótt til skorar um undanþágu. Sé undanþága veitt ber nemanda að uppfylla þær kröfur sem þá eru í gildi um doktorsnám þótt hann hafi hafið námið meðan aðrar reglur giltu.

27. gr.

Aðalleiðbeinandi.

Doktorsnemi skal frá upphafi náms hafa aðalleiðbeinanda úr hópi fastra kennara í viðkomandi grein. Hann skal vera úr hópi fastra kennara á viðkomandi fræðasviði og hafa lokið doktorsprófi eða jafngildi þess. Skipan hans er háð samþykki vísindanefndar heimspekideildar. Vísindanefnd getur samþykkt, að tillögu viðkomandi skorar, að aðalleiðbeinandi sé ekki úr hópi fastra kennara en hann sé fræðimaður með doktorspróf á fræðasviði doktorsverkefnis.

Ef aðalleiðbeinandi telur að doktorsnemi standi ekki við þau fyrirheit sem hann hefur gefið má hann segja af sér leiðsögn. Þá skal doktorsnemi finna sér annan aðalleiðbeinanda, ef unnt er, með samþykki skorar og vísindanefndar deildar. Eins skal farið að ef doktorsnemi kys að skipta um aðalleiðbeinanda.

28. gr.

Doktorsnefnd.

Þegar umsókn doktorsnema hefur verið samþykkt skal vísindanefnd deildar skipa í doktorsnefnd, að höfðu samráði við hlutaðeigandi skor. Í doktorsnefnd sitja aðalleiðbeinandi og tveir til þrjú fastir kennarar deildarinnar eða viðurkenndir sérfræðingar á fræðasviðinu. Þeir verða að hafa lokið doktorsprófi eða áunnið sér jafngildi þess. Að minnsta kosti einn doktorsnefndarmanna skal vera utan kennarahóps viðkomandi skorar.

Aðalleiðbeinandi fylgist með vinnu doktorsnema og veitir leiðsögn þangað til hann telur að ritgerð sé tilbúin til varnar. Hinir nefndarmennirnir taka þátt í því að prófa bóknámshluta, leggja mat á námsáætlanir, gera athugasemdir við drög að doktorsritgerð, taka þátt í handleiðslu þegar ástæða þykir til og samþykkja að ritgerð sé tilbúin til varnar. Doktorsnefnd kveður doktorsnema á sinn fund eftir því sem þurfa þykir á meðan á náminu stendur. Áður en til doktorsvarnar getur komið skilar doktorsnefnd rökstuddu álitu til deildarforseta um það hvort veita skuli doktorsnema kost á að leggja ritgerðina fram til doktorsvarnar.

29. gr.

Tilhögun náms, námsframvinda og námskröfur.

Í lok fyrsta námsárs gerir doktorsnemi, í samráði við aðalleiðbeinanda, nákvæma áætlun um rannsóknarefni, námshraða og dvöl erlendis. Áætlunin skal lögð fyrir doktorsnefnd, viðkomandi skor og vísindanefnd heimspekideildar. Samþykkt áætlun skal send skrifstofu heimspekideildar þar sem hún verður hluti af námsferilsskrá doktorsnema. Breytingar á námsáætlun eru háðar samþykki skorar og vísindanefndar deildarinnar. Skipti doktorsnemi um rannsóknarefni, skal ný áætlun lögð fyrir skor og vísindanefnd.

Bóknám til doktorsprófs getur doktorsnemi stundað við Háskóla Íslands eða við erlenda háskóla og fengið það metið. Lesnámskeið hjá aðalleiðbeinanda mega mest nema 10e. Að jafnaði skal bóknámi lokið eftir annað námsár.

Mjög æskilegt er að bóknám, þjálfun til rannsókna og efnisöflun fari að hluta fram við viðurkennda erlenda háskóla eða stofnanir og fari dvöl erlendis sem næst einu ári.

Leitast skal við að veita doktorsnemum tækifæri til kennslu við Háskóla Íslands.

30. gr.

Kröfur til doktorsritgerða.

Doktorsnemi lýkur rannsóknnum sínum með því að semja ritgerð, að jafnaði um 80.000-130.000 orð. Í doktorsritgerð skal tekið til rannsókna afmarkað og samstætt viðfangsefni og það kannað rækilega með vísindalegum aðferðum. Í upphafi skal gera grein fyrir viðfangsefninu, þeim spurningum sem bornar verða upp og rannsóknaraðferðinni. Niðurstöður verður að setja fram skýrt og aðgengilega. Ef rannsóknin greinist í afmarkaða hluta sem ekki eru að öllu samstæðir skal gera grein fyrir stöðu einstakra hluta rannsóknarinnar innan heildarinnar og tengja meginniðurstöður einstakra hluta saman á einum stað. Almenn krafa til doktorsritgerða er að þar sé fylgt viðurkenndum vísindalegum rannsóknaraðferðum og að þær séu sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviði sínu.

Ef hluti verkefnis til doktorsprófs er nákvæm úrvinnsla eða útgáfa frumheimilda eða efnissöfnun af einhverju tagi, t.d. textaútgáfa eða orðfræðilegt viðfangsefni, verður verkefnið alltaf að hafa almennan hluta sem lýtur venjulegum kröfum til doktorsritgerðar að umfangi undanskildu, enda sé hann sprottinn upp úr frumvinnunni og gefi henni fræðilega dýpt eða dragi af mikilvægum þáttum hennar almennar ályktanir.

Í hverri doktorsritgerð skal vera útdráttur (summary) á íslensku og erlendu máli.

Þegar doktorsnemi hefur lokið ritgerð sinni skal senda hana í fjórum eintökum til deildarforseta með rökstuddu álitni doktorsnefndar um að henni sé lokið.

31. gr.

Tengsl meistara- og doktorsnáms.

Námskeið í grunnnámi (B.A.-námi eða samsvarandi námi) geta ekki verið hluti af bóknámi doktorsnema. Ekki er heimilt að nota meistaraþrófsritgerð sem uppistöðu í doktorsritgerð, en í ýmsum tilvikum getur verið æskilegt að halda áfram á sama eða svipuðu rannsóknasviði. Doktorsnema er heimilt að sækja námskeið á meistarastigi við Háskóla Íslands eða erlendan háskóla og fá þau metin sem hluta af bóknámi sínu, enda hafi þau ekki áður verið metin sem hluti af meistaranámi hans.

32. gr.

Dómnefnd og andmælendur.

Þegar doktorsritgerð hefur verið skilað til deildarforseta, skal hann leita ráða hjá viðkomandi skor um dómnefndarmenn og leggja síðan fram tillögu um þriggja manna dómnefnd í deildarráði. Aðalleiðbeinandi getur ekki átt sæti í dómnefnd, en annar doktorsnefndarmaður getur átt þar sæti. Þegar þess er kostur skal einn dómnefndarmaður vera kennari eða sérfræðingur við erlendan háskóla eða rannsóknastofnun. Ritgerðin skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskólans um doktorspróf. Ekki er heimilt að andmælendur við doktorsvörn hafi átt sæti í doktorsnefnd.

33. gr.

Mat á námsferli.

Um leið og doktorsritgerð er lögð fram skal leggja fram námsferilsyfirlit stúdents, sem skrifstofa heimspekideildar og nemendaskrá ganga frá og staðfesta.

34. gr.

Lokafrágangur doktorsritgerðar og endanleg skil.

Ganga skal frá doktorsritgerð í samræmi við viðurkenndar frágangsreglur á viðkomandi fræðasviði. Í ritgerðinni skal koma fram við hvaða deild Háskóla Íslands verkið var unnið, hvenær því var lokið, hver var leiðbeinandi og hverjir voru í doktorsnefnd. Ennfremur skal geta þeirra sjóða Háskóla Íslands sem styrktu verkefnið, ef því er að skipta.

Eigi síðar en fjórum vikum fyrir vörn skal skila 35 eintökum af doktorsritgerð á skrifstofu heimspekideildar, sem sér um að dreifa eintökum til kennara viðkomandi skorar, bókasafna rannsóknastofnana á fræðasviðinu og Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns (10 eintök). Doktorsefni ber kostnað af prentun doktorsritgerðar.

35. gr.

Lærdómstitill.

Doktorspróf við heimspekideild veitir lærdómstitilinn *doctor philosophiae* (dr. phil.)

36. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í heimspekideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur settar af háskólaráði þann 7. apríl 2000 um framhaldsnám í heimspekideild.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla heimspekideildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 16. desember 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um farandsölu í Sveitarfélaginu Hornafirði.

1. gr.

Öllum er heimilt að stunda farandsölu í Sveitarfélaginu Hornafirði, enda fullnægi þeir skilyrðum laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu til að stunda slíka starfsemi og þeim skilyrðum sem sett eru í reglum þessum.

2. gr.

Aðili sem vill stunda farandsölu í Sveitarfélaginu Hornafirði, skal tilkynna til sveitarfélagsins um komu sína með sannanlegum hætti með minnst einnar viku fyrirvara. Í tilkynningunni skal koma fram:

Nafn, kennitala og vsk-númer rekstraraðila.

Hvaða vörur viðkomandi hyggst selja. Hvar í sveitarfélaginu salan muni eiga sér stað.

Hvenær aðili hyggst halda úti versluninni.

Með tilkynningunni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn, þar á meðal staðfesting á skráningu rekstraraðila í firma- eða hlutafélagaskrá, eintak nafnspjalds skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 28/1998 og upplýsingar um fasta starfsstöð og prókúruhafa. Sveitarstjórn getur látið stöðva farandsölu, komi í ljós að upplýsingar um rekstraraðila standast ekki eða ranglega hefur verið greint frá því í tilkynningu, hvaða vörur selja á.

3. gr.

Haldin skal skrá yfir þá aðila sem tilkynnt hafa komu sína með farandsölu.

Sveitarfélagi er heimilt að synja aðila um leyfi til að stunda farandsölu á ákveðnum almennum viðurkenndum hátíðisdögum, svo sem frídegi verslunarmanna og helstu hátíðisdögum þjóðkirkjunnar. Synjunin skal vera skrifleg og rökstudd.

4. gr.

Að öllu jöfnu skulu engar húseignir í eigu eða umsjá Sveitarfélagsins Hornafjarðar leigðar eða lánaðar undir starfsemi, er tengist farandsölu, nema með sérstöku samþykki bæjarráðs.

5. gr.

Reglur þessar taka gildi við birtingu.

Samþykkt í bæjarstjórn Hornafjarðar, 12. desember 2002.

Albert Eymundsson bæjarstjóri.

BÆJANÖFN O.FL.

Árið 2002 tók örnefnanefnd – samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum – við tilkynningum um eftirgreind nöfn nýbýla og sendi nöfnin hlutað-eigandi þinglýsingarstjórum til þinglýsingar:

Árgerði. Úr landi Árbæjarhjáleigu I í Holta- og Landsveit / Rangárþingi ytra.

Berghóll. Úr landi Bergstaða í Biskupstungnahreppi / Bláskógabyggð. (Síðar Skógarberg.)

Dagmálaborg. Úr landi Skútustaða í Skútustaðahreppi.

Grænhólar. Úr landi Fljótshóla II og III í Gaulverjabæjarhreppi.

Gýgjarhólskot III. Úr landi Gýgjarhólskots II í Biskupstungnahreppi / Bláskógabyggð.

Hraunbrún. Úr landi Grásíðu í Kelduneshreppi.

Péturshólmi. Úr landi Búlands í Austur-Landeyjahreppi / Rangárþingi eystra.

Rjóður. Úr landi Köldukinnar í Holta- og Landsveit / Rangárþingi ytra.

Suðurgafll. Úr landi Haukadals II í Biskupstungnahreppi / Bláskógabyggð.

Svangrund. Úr landi Sölvabakka í Engihlíðahreppi / Blönduóssbæ.

Þjóðólfshagi III. Úr landi Þjóðólfshaga I í Holta- og Landsveit / Rangárþingi ytra.

Árið 2002 fjallaði örnefnanefnd enn fremur um og féllst á beiðnir um eftirgreindar breytingar á nöfnum býla og sendi hin nýju nöfn hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum, samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum:

Lerkihlíð. Áður Grýtubakki III, í Grýtubakkahreppi.

Mælifellsá. Áður Syðri-Mælifellsá II, í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Reykhóll. Áður Reykir II, í Skeiðahreppi / Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Skógarberg. Áður (2002) Berghóll, í Biskupstungnahreppi / Bláskógabyggð.

Örnefnanefnd, 31. desember 2002.

Ari Páll Kristinsson.

REGLUR

um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri.

Fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild miðast við grunntöluna 36 nemendur.

Reglur þessar, þannig samþykktar af háskólaráði 20. desember 2002, skv. lögum nr. 40/1999, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 20. desember 2002.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Hermann Óskarsson,
varaforseti háskólaráðs.*

STJÓRNARTÍÐINDI B 145 – 2002

2393

Nr. 956

EMBÆTTI, SÝSLANIR, LEYFI O.FL.

2001:

19. september lagði Sigurður Hallur Stefánsson inn lögmannsréttindi sín meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

21. september lagði Guðmundur L. Jóhannesson inn lögmannsréttindi sín meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

S.d. lagði Sonja María Hreiðarsdóttir inn lögmannsréttindi sín meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

3. október lagði Birgir Ísleifur Gunnarsson inn lögmannsréttindi sín meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

4. október lagði Bragi Hannesson inn lögmannsréttindi sín meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

9. október lagði Sigurjón Páll Högnason inn lögmannsréttindi sín meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

11. október lagði Brynhildur Georgsdóttir inn lögmannsréttindi sín meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

12. október lagði Georg H. Tryggvason inn lögmannsréttindi sín meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

15. október lagði Ragnar Arnalds inn lögmannsréttindi sín meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

S.d. lagði Stefán Már Stefánsson inn lögmannsréttindi sín meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

16. október lagði Jón Ingvarsson inn lögmannsréttindi sín meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

19. október lagði Þórður Ólafsson inn lögmannsréttindi sín meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

22. október lagði Stefán Hirst inn lögmannsréttindi sín meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

29. október lagði Eiríkur Tómasson inn lögmannsréttindi sín meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

30. október lagði Haukur Hafsteinsson inn lögmannsréttindi sín meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

15. nóvember lagði Lilja Ólafsdóttir inn lögmannsréttindi sín meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

30. nóvember var Roderick Ian Lahey veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður Íslands í Ottawa, Kanada.

S.d. lét Guðmundur A. Árnason af störfum sem kjörræðismaður Íslands í Edmonton, Alberta, Kanada.

14. desember var Ólafur Helgi Kjartansson skipaður sýslumaður á Selfossi frá 1. janúar 2002.

S.d. var Kjartan Þorkelsson skipaður sýslumaður á Hvolsvelli frá 2. janúar 2002.

S.d. var Anna Birna Þráinsdóttir skipuð sýslumaður í Búðardal frá 1. janúar 2002.

17. desember var Hrafnhildi Stefánsdóttur héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

18. desember lagði Gunnlaugur Claessen inn lögmannsréttindi sín meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

27. desember lagði Páll Þórhallsson inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

S.d. lagði Jón Óskarsson inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

27. desember var Jóhanni Svani Haukssyni veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur lagt inn réttindi sín meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

31. desember lagði Bjarnveig Eiríksdóttir inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

2002:

1. janúar lét Alf Skogly af störfum sem kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Drammen í Noregi.

3. janúar var Margréti Heinreksdóttur veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

10. janúar var dr. Sigrún Klara Hannesdóttir skipuð í embætti landsbókavardar frá 1. apríl 2002.

11. janúar var fellt úr gildi leyfi Sigurðar Eiríkssonar til að vera héraðsdómslögmaður.

14. janúar lagði Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

15. janúar var Gordon J. Reykdal skipaður kjörræðismaður Íslands í Edmonton, Alberta, Kanada.

17. janúar var Andrésí Valdimarssyni veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

18. janúar var Einari Jónatanssyni veitt viðurkenning til að vera kjörræðismaður Finnlands með ræðismannsstigi í Bolungarvík.

21. janúar var Þórunni Láru Þórarinsdóttur veitt leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi.

23. janúar lagði Eggert Bjarni Ólafsson lögfræðingur inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

28. janúar var dr. Erni Erlendssyni veitt viðurkenning til að vera kjörræðismaður Malasíu með ræðismannsstigi í Reykjavík.

30. janúar var Karli Frey Karlssyni veitt leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi.

1. febrúar var Per-Erik Anders Risberg skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Umeå í Svíþjóð.

6. febrúar var Kristinn Þorbergsson læknir og tannlæknir sviptur leyfi til þess að ávísa eftirritunarskyldum lyfjum.

S.d. var Þórarinn Baldursson læknir sviptur lækningaleyfi.

7. febrúar var Sigríður Björk Guðmundsdóttir skipuð sýslumaður á Ísafirði frá 15. febrúar 2002.

S.d. var Bjarni Stefánsson skipaður sýslumaður á Blönduósi frá 15. febrúar 2002.

14. febrúar var Áslaugu Guðjónsdóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

22. febrúar var Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

27. febrúar var gefið út leyfisbréf handa Eyþóri Eðvarðssyni, f.h. Útfararmiðstöðvar Íslands, til starfrækslu útfararþjónustu og gildir leyfisbréfið í fimm ár.

1. mars var Valgerði Dís Valdimarsdóttur veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

5. mars var Ásmundi Tryggvasyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Ólafi Stefáni Sigurðssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

6. mars var Jóhanni Ármanni Karlssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Áslaug Þórarinsdóttir skipuð sýslumaður á Hólmavík frá 15. mars 2002.

7. mars var Ragna Árnadóttir skipuð skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til fimm ára frá og með 15. apríl 2002.

S.d. var Andrésí Valdimarssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

1. mars lagði Sigurgeir A. Jónsson inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður, meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

17. mars var gefið út skipunarbréf handa sr. Gunnari Björnssyni sem sóknarpresti í Selfossprestakalli í Árneshöfðum. Skipunin gildir í 5 ár frá 1. júní 2002.

19. mars var Ragnheiði Bragadóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

20. mars lagði Ásmundur Tryggvason inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

21. mars lét Ingibjörg Benediktsdóttir af störfum sem kjöræðismaður Íslands með ræðisstigi í Jönköping í Svíþjóð.

S.d. var Lars-Áke Ruben Engblom skipaður ræðismaður í Jönköping í Svíþjóð.

S.d. var Ingibjörg Benediktsdóttir skipuð kjöræðismaður Íslands með vararæðisstigi við aðalræðisskrifstofuna í Malmö í Svíþjóð.

27. mars var Margréti Sigurðardóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

5. apríl var Ragnari G. Þórðarsyni afhent að nýju leyfi til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, útgefið 6. desember 2000.

S.d. var gefin út löggilding handa Presti Þórhallssyni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var Þóri Haraldssyni lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. skilaði Helga Leifsdóttir inn löggildingarskírteini sínu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

9. apríl var Margréti Kjartansdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindunum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

11. apríl lét William Withnell af störfum sem kjöræðismaður Íslands með vararæðisstigi í Lyon í Frakklandi.

16. apríl var Robert Anthony MacMillan skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðisstigi í Kingston, Jamaíka.

17. apríl var gefin út löggilding handa Páli Eiríkssyni hdl. til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

18. apríl var tilkynnt að Þóroddur Steinn Skaptason fullnægir ekki skilyrðum til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. Á meðan hefur leyfisbréf hans, útgefið 24. júlí 2000, ekki gildi.

24. apríl lagði Þorvaldur G. Einarsson inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmansstörfum.

29. apríl var Gunnari Þór Péturssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur lagt inn réttindin meðan hann stundar ekki lögmansstörf.

30. apríl var Þorbjörgu I. Jónsdóttur héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

S.d. skilaði Lárentsínus Kristjánsson inn löggildingarskírteini sínu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og féll því frá þeim tíma niður heimild hans til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

2. maí lét Jean Bengt Torvald Fröjd af störfum sem kjöræðismaður Íslands með ræðisstigi í Kotka í Finnlandi.

6. maí var Þóroddi S. Skaptasyni afhent að nýju leyfi sitt til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, útgefið 24. júlí 2000.

S.d. var Jóni Gunnari Zoëga hrl. veitt viðurkenning til þess að vera kjöræðismaður Úkraínu með ræðismannsstigi í Reykjavík.

10. maí var Jóni Auðunni Jónssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

12. maí skilaði Guðlaug Geirsdóttir inn löggildingarskírteini sínu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og féll því niður frá þeim tíma heimild hennar til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

17. maí lagði Lára Huld Guðjónsdóttir inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmansstörfum.

22. maí lagði Guðrún Margrét Eysteinsdóttir inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmansstörfum.

S.d. lagði Elín Smáradóttir inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmansstörfum.

S.d. skilaði Guðmundína Ragnarsdóttir inn löggildingarskírteini sínu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og féll því frá þeim tíma niður heimild hennar til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. lagði Harri Ormarsson inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmansstörfum.

23. maí var Arnínu Steinunni Kristjánsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Jóni Elvari Guðmundssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Einari Jónssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Guðrúnu Bergsteinsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur lagt réttindin inn meðan hún stundar ekki lögmansstörf.

S.d. var Páli Ólafssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

24. maí var Þóru Hallgrímsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Þorsteini Ólafssyni veitt viðurkenning til að vera kjöræðismaður Tyrklands með aðalræðismannsstigi í Reykjavík.

27. maí var Einari Þór Sverrissyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

28. maí var Kristínu Lindu Árnadóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur lagt réttindin inn meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

30. maí var Andra Óttarssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Eiríki Elís Þorlákssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

3. júní var Halldór Páll Halldórsson skipaður í embætti skólameistara Menntaskólans að Laugarvatni frá 1. september 2002.

4. júní var Einari Baldvin Axelssyni hrl. veitt leyfi til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

5. júní var Katrínu Helgu Hallgrímsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Pálínu M. Rúnarsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Rúnari Erni Olsen lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur lagt inn réttindi sín meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

7. júní var Ernu Gísladóttur framkvæmdastjóra veitt viðurkenning til þess að vera kjöræðismaður Suður-Kóreu með ræðismannsstigi í Reykjavík.

10. júní var Christiane Leonor Bahner lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Guðríði Önnu Kristjánsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

13. júní var Atla Birni Þorbjörnssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Gunnari Þór Þórarinssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Önnu Guðnýju Júlíusdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

14. júní var Finni Magnússyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

19. júní var gefin út staðfesting á því að Jón Ellert Lárusson fullnægi skilyrðum til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var Öldu H. Jóhannsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur lagt inn réttindin meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

21. júní var Friðriki Péturssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur lagt inn réttindin meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

27. júní var Ingibjörgu Halldórsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur lagt inn réttindin meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

28. júní var Stefanía Katrín Karlsdóttir skipuð í embætti rektors Tækniháskóla Íslands frá 1. júlí 2002.

2. júlí skilaði Valgeir Kristinsson hrl. inn löggildingarskírteini sínu til fasteigna- og skipasölu og féll því niður frá þeim tíma heimild hans til starfa sem fasteigna- og skipasali.

3. júlí lét Bogdan Gumkowski af embætti sem kjöræðismaður Íslands með ræðisstigi í Varsjá í Póllandi.

4. júlí var Soichoro Yoshida skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðisstigi í Nagano í Japan.

S.d. lét Robert S. Horowitz af störfum sem kjöræðismaður Íslands með ræðisstigi í Atlanta, Georgíu, Bandaríkjunum.

5. júlí lét Harry Gilbert af embætti sem kjöræðismaður Íslands með vararæðisstigi í Hong Kong.

S.d. var Katrín Hall skipuð í embætti listdansstjóra Íslenska dansflokksins frá 1. ágúst 2002.

10. júlí var Þórunni Önnu Árnadóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur lagt réttindin inn meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. var gefin út löggilding handa Þór Þorgeirssyni til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

12. júlí lagði Soffía Jónsdóttir inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

16. júlí var Elvu Ósk S. Wíium lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur lagt inn réttindin meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. var gefin út löggilding handa Berki Hrafnssyni hdl. til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var gefin út löggilding handa Magnúsi Inga Erlingssyni hdl. til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja og skipasali.

19. júlí var gefið út skipunarbréf handa Guðmundi Karli Brynjarssyni sem sóknarpresti í Lindaprestakalli í Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. júlí 2002.

24. júlí var gefin út löggilding handa Guðmundi St. Ragnarssyni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

25. júlí var Áslaugu Árnadóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Magnúsi Pálma Skúlasyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. lagði Pétur Örn Sverrisson inn leyfisbréf sitt til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. Fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

26. júlí var Ólafi Rúnari Ólafssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

30. júlí var Guy Chambon skipaður kjöræðismaður með ræðisstigi í Marseille í Frakklandi

S.d. lét Jeanne-Marie Gaudemar af störfum sem ræðismaður í Marseille í Frakklandi.

S.d. var António Carlos Vieira Ribau skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðisstigi í Aveiro í Portúgal.

31. júlí var Daða Bjarnasyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

1. ágúst lagði Jóhann Tómas Sigurðsson inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

6. ágúst var Þórólfi Jónssyni lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Mehdi Moattar skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðisstigi í Tehran, Íran.

13. ágúst lagði Ásdís J. Rafnar inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður og hæstaréttarlögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

15. ágúst var Hans-Peter Eichenberger skipaður kjöræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Kuala Lumpur, Malasíu.

19. ágúst var Kristínu Edwald lögfræðingi afhent leyfi hennar til málflytninga fyrir héraðsdómi útgefið 16. janúar 1998.

S.d. var dr. Nirði P. Njarðvík veitt viðurkenning til að vera kjöræðismaður Tógó með ræðismannsstigi í Reykjavík.

S.d. var dr. Margréti Jónsdóttur veitt viðurkenning til að vera kjöræðismaður Spánar með vararæðismannsstigi í Reykjavík.

20. ágúst lagði Björg Rúnarsdóttir lögfræðingur inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

21. ágúst var Ingibjörgu Elíasdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Davie Dominic Evans Mwale skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðisstigi í Lilongwe, Malavi.

29. ágúst var Bryndísi Guðmundsdóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Erich Eibl skipaður kjöræðismaður með aðalræðisstigi í Salzburg í Austurríki.

3. september var Guðrúnu Sesselju Arnardóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

5. september var gefið út skipunarbréf handa Carlos A. Ferrer sem sóknarpresti í Vallaprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. september 2002.

S.d. var Árni Arnason skipaður kjöræðismaður með aðalræðisstigi í Vilnius í Litháen.

6. september var Oddnýju Mjöll Arnardóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. lét Halfdan B. Jacobsen af störfum sem kjöræðismaður Íslands með ræðisstigi í Aabenraa í Danmörku.

11. september var Jóhanni Halldórssyni hrl. veitt leyfi til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

16. september var José Manuel Caldeira skipaður kjöræðismaður með ræðismannsstigi í Maputo í Mósambík.

17. september lagði Stefán Árni Auðólfsson lögfræðingur inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

18. september var Hauki Friðrikssyni veitt að nýju leyfi til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var Einari Þór Sverrissyni hdl. veitt leyfi til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

24. september var Þórarni V. Þórarinssyni lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

3. október skilaði Þórey Aðalsteinsdóttir inn löggildingarskírteini sínu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hennar til að starfa sem vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

4. október var Brynhildi G. Flóvenz lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var gefin út löggilding handa Brynhildi G. Flóvenz lögfræðingi til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

9. október var Guðrúnu M. Eysteinsdóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. lagði Páll Eiríksson lögfræðingur inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

S.d. skilaði Páll Eiríksson löggildingarskírteini sínu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

11. október var Sveinbjörgu Birnu Sveinbjörnsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

14. október var gefin út löggilding handa Sveinbjörgu Birnu Sveinbjörnsdóttur hdl. til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

15. október lagði Eva Margrét Ævarsdóttir lögfræðingur inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

16. október lagði Margrét Gunnarsdóttir lögfræðingur inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

17. október var gefin út löggilding handa Stanislaw Jan Bartoszek til að vera skjalapýðandi úr pólsku á íslensku og úr íslensku á pólsku.

S.d. var gefin út löggilding handa Niels Rask Vendelbjerg til að vera skjalapýðandi úr dönsku á íslensku og úr íslensku á dönsku.

22. október lagði Unnur Gunnarsdóttir lögfræðingur inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

23. október var Bergi Haukssyni lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var gefin út löggilding handa Bergi Haukssyni hdl. til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. lagði Stefán Pálsson lögfræðingur inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður og hæstaréttarlögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

24. október lagði Eyþór Þorbergsson lögfræðingur inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

30. október skilaði Bjarni Sigurðsson, löggildur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggildingarskírteini sínu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

31. október lagði Gísli Gíslason lögfræðingur inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum. Jafnframt lagði hann inn leyfisbréf sitt til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var Sveini Óskari Sigurðssyni framkvæmdastjóra veitt viðurkenning til þess að vera kjöræðismaður Namibíu með ræðismannsstigi í Reykjavík.

1. nóvember var Páli Jóhannessyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

4. nóvember var gefið út skipunarbréf handa séra Svavari Stefánssyni sem sóknarprestur í Fellaprestakalli í Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. janúar 2003.

8. nóvember var Ólafi Finnboga Haraldssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

S.d. var Sigurði Erni Guðleifssyni lögfræðingi afhent leyfi hans til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var gefin út löggilding handa Eiríki S. Svavarssyni hdl. til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

18. nóvember var gefin út löggilding handa Maríu Magnúsdóttur hdl. til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var gefið út leyfisbréf handa Útfararþjónustu Hafnarfjarðar slf. til starfrækslu útfararþjónustu og gildir leyfið til næstu 5 ára frá 18. nóvember 2002.

19. nóvember lét Arkadiusz Binek af störfum sem kjöræðismaður Íslands með ræðisstigi í Kaliningrad í Rússlandi.

20. nóvember var Bergþóru Eiríksdóttur dýralækni veitt leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi.

S.d. var Haukur Jónasson sviptur lækningaleyfi.

25. nóvember var Birgi Birgissyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. lagði Halla Bergþóra Björnsdóttir lögfræðingur inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

27. nóvember var gefin út löggilding handa Þórgunni Skúladóttur til þess að vera skjalabýðandi úr ensku á íslensku og úr íslensku á ensku.

S.d. var Jón Ragnar Johnson skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Toronto, Kanada.

S.d. var Gail Einarson-McCleery skipuð kjörræðismaður með ræðisstigi í Toronto, Kanada.

28. nóvember lagði Sigríður Eysteinsdóttir lögfræðingur inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

2. desember skilaði Ásmundur Skeggjason, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali löggildingarskírteini sínu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

5. desember var Ólafi B. Thors lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Péttri Leifssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur lagt réttindin inn til ráðuneytisins meðan hann gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt handhöfn lögmansréttinda.

S.d. var Svölu Hilmarsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

10. desember var Helgu Gunnarsdóttur dýralækni veitt leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi.

